Alþingistíðindi

1903

B.

UMRÆÐUR Í NEÐRI DEILD.

Reykjavík

Ísafoldarprentsmiðja

1903

Skammstafanir.

Alþ. = alþingi.
alþm. = alþingismaður.
alþt. = alþingistíðindi.
aths. = athugasemd.
atkv. = atkvæði.
atkvgr. = atkvæðagreiðsla.
breyt.till. eða brtill. eða brt. = breytingartillaga.
breyt.uppást. = breytingaruppástunga.
Ed. = efri deild.
e. hlj. eða e. h. = einu hljóði.
flutnm. eða flm. = flutningsmaður.
form. = formaður.
framsm. eða frsm. = framsögumaður.
frumv. eða frv. = frumvarp.
gr. = grein.
h. eða háttv. = háttvirtur eða hinn háttvirti.
hæstv. = hæstvirtur.
kgk. = konungkjörinn.
l. = lög (laga)
lagafrv. eða lfrv. = lagafrumvarp.
landsh. eða ldsh. eða lh. = landshöfðingi.
Nd. = neðri deild.
skrif. = skritari.
st. f. = staðinn fyrir.
stfl. = stafliður.
samþ. eða sþ. = samþykt.
till. = tillaga.
t. = til.
tl. = töluliður.
umr. = umræða.
uppást. = uppástunga.
uppástm. = uppástungumaður.
þingd. eða þd. = þingdeild.
þingdm. = þingdeildarmaður.
þingsál. = þingsályktun.
þm. = þingmaður.
þm. Árn. = þingmaður Arnesinga.
þm. A.-Sk. = þingmaður Austur-Skaftfellinga.
þm. Borgf. = þingmaður Borgfirðinga.
þm. Barðstr. = þingmaður Barðstrendinga.
þm. Dal. = þingmaður Dalamanna.
þm. Eyf. = þingmaður Eyfirðinga.
þm. G.-K. = þingmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu.
þm. Húnv. = þingmaður Húnvetninga.
þm. Mýr. = þingmaður Mýramanna.
þm. N.-Ísf. = þingmaður Norður-Ísafjarðarsýslu.
þm. N.-Múl. = þingmaður Norður-Múlasýslu.
þm. N.-Þing. = þingmaður Norður-Þingeyjarsýslu.
þm. Rangv. = þingm. Rangvellinga.
þm. Rvík. = þingmaður Reykvíkinga.
þm. Skagf. = þingmaður Skagfirðinga.
þm. S.-Múl. = þingmaður Suður-Múlasýslu.
þm. Snæf. = þingmaður Snæfellinga.
þm. Strand. = þingmaður Strandasýslu.
þm. S.-Þing. = þingmaður Suður-Þingeyjarsýslu.
þm. Vestm. = þingmaður Vestmannaeyjasýslu.
þm. V.-Ísf. = þingmaður Vestur-Ísafjarðarsýslu.
þm. V.-Sk. = þingmaður Vestur-Skaftafellssýslu.
þskj. eða þgskj. = þingskjal.

Þessar skammstafanir tákna og orðin í fleirtölu og í öllum beygingarföllum, og eins með ákveðna greininum.

FYRSTI FUNDUR, miðvikudag 1. júlí. Eftir að hið sameinaða alþingi hafði lokið störfum sínum, samkvæmt fyrirmælum þingskapanna, settist neðri deild alþingis að í þingsal neðri deildar og tók til starfa.

Þessir þingmenn áttu sæti í deildinni og voru allir viðstaddir:

1. Árni Jónsson, þm. N.-Þing.
2. Björn Bjarnarson, þm. Dal.
3. Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K.
4. Eggert Pálsson, 1. þm. Rangv.
5. Einar Þórðarson, 2. þm. N.-Múl.
6. Guðl. Guðmundsson, þm. V.-Sk.
7. Hannes Hafstein, 2. þm. Eyf.
8. Hannes Þorsteinsson, 1. þm. Árn.
9. Hermann Jónasson, 1. þm. Húnv.
10. Jóh. Jóhannesson, 1. þm. N.-Múl.
11. Jón Magnússon, þm. Vestm.
12. Jóhannes Ólafsson, þm. V.-Ísf.
13. Klemens Jónsson, 1. þm. Eyf.
14. Lárus H. Bjarnason, þm. Snæf.
15. Magnús Andrésson, þm. Mýr.
16. Magnús Stephensen, 2. þm. Rangv.
17. Ólafur Briem, 1. þm. Skagf.
18. Ólafur Ólafsson, 2. þm. Árn.
19. Ólafur Thorlacius, 1. þm. S.-Múl.
20. Pétur Jónsson, þm. S.-Þing.
21. Skúli Thoroddsen, þm. N.-Ísf.
22. Stefán Stefánsson, 2. þm. Skagf.
23. Tryggvi Gunnarsson, þm. Rvk.
24. Þórh. Bjarnarson, þm. Borgf.

Samkvæmt áskorun landshöfðingja gekk þá elzti þingmaður deildarinnar, Tryggvi Gunnarsson, þm. Rvk., til forsetasætis, og stýrði hann kosningu forseta og kvaddi sér til aðstoðar Jón Magnússon, þm. Vestm. og Árna Jónsson, þm. N.-Þing., sem skrifara.

Forsetakosning féll þannig, að Klemens Jónsson, 1. þm. Eyf. fekk fyrst 11 atkv. og Pétur Jónsson, þm. S.-Þing. 1. atkv. Fleiri atkvæði voru eigi greidd. Var þá kosið á ný, og hlaut þá kosningu *Klemens Jónsson* með 14 atkv.; Þórh. Bjarnarson, þm. Borgf., fekk 3 atkvæði. Fleiri atkvæði voru eigi greidd. Því næst var kosinn varaforseti *Magnús Andrésson*, þm. Mýr., með 13 atkvæðum. Skrifarar voru kosnir þeir Árni Jónsson, þm. N.-Þing., og Jón Magnússon, þm. Vestm., hinn fyrnefndi með 12 og hinn síðarnefndi með 13 atkvæðum. Hannes Hafstein, 2. þm. Eyf. fekk 1 atkv.

Landshöfðingi lagði fram frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874.

Forseti skýrði frá því, að hann hefði í dag meðtekið bréf frá landsh., þar sem hann segist hafa í hyggju, að leggja fram í deildinni á morgun ýms stjórnarfrumvörp.

ANNAR FUNDUR, fimtudaginn 2. júlí kl. 12 á hád.

Allir á fundi.

Landshöfðingi lagði fram eftirfylgjandi stjórnarfrumv. og var þeim útbýtt í deildinni:

1. Frv. til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905.
2. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1902 og 1903.
3. Frv. til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1900 og 1901.
4. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1900 og 1901.
5. Frv. til laga um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands.
6. Frv. til laga um gagnfræðaskóla á Akureyri.
7. Frv. til laga um sölu jarðarinnar Arnarhóls.
8. Frv. til laga um frestun á framkvæmd laga 25. okt. 1895 um leigu eða kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landssjóðs.

Breyting á stjórnarskránni.

FRUMVARP til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874. (C. bls. 1); 1. umr.

Hannes Hafstein: Jafnvel þótt segja megi. að mál þetta sé nú útrætt og menn geti haft von um að frumv. verði samþykt óbreytt á þessu þingi, þá finst mér þó, eftir atvikum, rétt að setja nefnd í málið, þar sem komið hafa fram annarlegar skoðanir um skilning á einu atriði í frumvarpinu, svo þingdeildinni gefist kostur á að láta í ljósi rökstudda yfirlýsing um það, hvern skilning hún leggur í þetta atriði, og það sjáist svart á hvítu eftir á, hverjar skoðanir og ástæður þingsins hafa verið. Eg skal því leyfa mér að stinga upp á 7 manna nefnd.

Guðl. Guðmundsson: Eg skal leyfa mér að taka í sama strenginn og 2. þm. Eyf. (H. H.) og mæla með því að 7 manna nefnd verði sett í málið, jafnvel þótt eg sjái ekki fyrir mitt leyti neina brýna nauðsyn til þess, þar sem málið mun þingmönnum yfirleitt gagnkunnugt. Þingsins vegna er þess vegna ekki ástæða til að setja nefnd. En hins vegar gæti það verið æskilegt að það kæmi fram í ítarlegu nefndaráliti, hvernig þingið lítur á það deiluatriði um skilning á nokkrum orðum í frumvarpinu, sem svo mikið hefir verið gert úr, og það jafnvel þótt það hafi verið nákvæmlega athugað í nefndinni 1902, og nefndin þá hafi gert sér ljóst, hvað í þeim orðum liggur.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Samþykt að kjósa 7 manna nefnd og þessir kosnir með hlutfallskosningu:

Hannes Hafstein
Guðl. Guðmundsson
Lárus H. Bjarnason
Hannes Þorsteinsson
Skúli Thoroddsen
Eggert Pálsson
Magnús Andrésson.

Onnur umr., 11. júlí (Frv. C. bls. 1; n. bls. 193).

Framsögumaður (Hannes Hafstein): Það hefir verið hægt starf, er stjórnarskipunarlaganefndin hefir haft af hendi að inna að þessu sinni, því að, eins og kunnugt er, var frv. rætt og athugað af nefndum í báðum deildum alþingis í fyrra, og því næst samþykt í einu hljóði. Og síðan hefir það verið efst á dagskrá bæði í blöðunum og í samræðum manna á milli; það hefir verið krufið til mergjar á undir-

búningsfundum, þingmálafundum og kjörfundum; og víðast hvar hafa allir verið á einu máli. Hingað munu og allir þingmenn vera komnir með þeim tilgangi að samþykkja það. Svo mætti því sýnast, sem óþarft hefði verið að skipa nefnd í þetta mál. En það var þó engu að síður gert, sérstaklega með tilliti til þess, að réttast þótti, að þingið léti skýrt í ljósi fyrir þjóðinni afstöðu sína gagnvart mótbárum þeim, er risið hafa gegn einu atriði frv. síðan á síðasta þingi. Nefndin hefir því talið það aðalhlutverk sitt, að skrásetja sem ljósast skilning þann, er vér leggjum í þetta atriði, ríkisráðsákvæðið, sem í þessu frv. stendur, svo að enginn vafi geti á því leikið, hvað það er, sem vér af vorri hálfu samþykkjum, er vér samþykkjum það. Nefndin, sem kosin er með hlutfallskosningu úr báðum flokkum þingsins, hefir orðið ágætlega sammála; hefði mér þótt það mikil fyrirsögn á þinginu í hitt eð fyrra, að þess mundi svo skamt að bíða að þessir háttv. nefndarmenn skrifuðu allir undir sama álit ágreiningslaust. Er mér það mikið gleðiefni, og skoða eg það sem góðan fyrirboða um friðsamlega samvinnu í skjóli hins nýja stjórnarfyrirkomulags.

Um skoðun nefndarinnar og ástæðurnar fyrir henni nægir að skírskota til nefndarálitsins á þingskj. 41. Því var útbýtt hér í deildinni þegar í fyrra dag, og má því ætla, að menn hafi getað kynt sér það, svo að þeir, sem kynnu að vera á öðru máli en nefndin um eitthvert atriði, geti komið fram með mótbárur sínar ef nokkrar eru.

Vér samþykkjum orð frumvarpsins eins og þau liggja fyrir, og beinast liggur við að skilja þau, og mótmælum því, að frekara sé lagt í orðin, en þau sjálf segja.

Vér samþykkjum það ákvæði, að ráðherrann beri upp fyrir konungi í *ríkisráðinu* mál þau, er hann hefir að flytja, af því að vér sjáum ekki, að annað fyrirkomulag á flutningi málanna sé hentugra. En vér samþykkjum *ekki* þar með, að aðrir ráðgjafar skuli hafa nokkurt atkvæði um sérmál Íslands. Vér samþykkjum þetta sem íslenzkt lagaákvæði um sérstaklegt löggjafarmálefni Íslands, en vissulega ekkert um gildi danskra grundvallarlaga. Vér mundum *ekki* samþykkja það, ef í því fælist *nokkur* uppgjöf á áðurfengnum réttindum eða kröfum.

Eins og sjá má í frv., er ákvæðið um flutning sérmála Íslands í ríkisráðinu öðruvísi úr garði gert og orðað en tilsvarandi ákvæði um dönsk málefni eða alríkismálefni í grundvallarlögunum dönsku. Í grundvallarlögunum stendur, að öll lög og mikilsvarðandi mál skuli »rædd« (forhandles«) í ríkisráðinu. Hér stendur, að ráðherrann skuli bera þess konar málefni *upp* fyrir *konunginum* í ríkisráðinu. Nú vitum vér að vísu, að það mun vera svo í framkvæmdinni, að dönsk mál eru ekki eiginlega »rædd« í ríkisráðinu sjálfu, heldur eru þau rædd á ráðgjafafundi (Ministerkonference) og síðan borin fram fyrir konung í ríkisráðinu.

Þessir ráðgjafafundir eru ekki ákveðnir í grundvallarlögunum. Þeir eru eins konar undirbúningsfundir, til þess að flýta fyrir ríkisráðinu, og þar fara þær umræður fram, sem grundvallarlögin gera ráð fyrir að fari fram í ríkisráðinu. Þetta er orðin venja, segi eg, en hve nær sem menn vilja hætta þessari aðferð, og ræða málin í sjálfu ríkisráðinu, þá er það lögmætt. En að því er sérmál Íslands snertir, gildir alt annað, eftir frumv. þessu.

Þau eiga *ekki* að »ræðast« í ríkisráðinu, sem, eins og kunnugt er, samanstendur af öllum ráðherrunum undir

forsæti konungs, og því eiga þau heldur ekki að ræðast á undirbúningsfundum undir ríkisráðið. Þau á að eins að bera upp *fyrir konungi* í ríkisráðinu, á sama hátt og mál, sem þegar eru rædd, og því á ráðherra Íslands alls ekkert erindi á ráðgjafafundi, (Ministerconference) með sérmál Íslands. Enginn annar en hann hefir rétt til að búa þau mál undir úrskurð konungs, og enginn annar en hann getur tekið ákvörðun um þau ásamt konungi. Í ríkisráðinu á hann ekki við neinn annan saman að sælda, að því er sérmálin snertir, en konung einan. Og hann getur hvergi annarsstaðar borið mál þessi fram en í ríkisráðinu. Það er því útilokað, að hann beri þau fram í ráðgjafasamkundu þeirri, (Ministerraad) sem grundvallarlögin gera ráð fyrir.

Þetta er eitt af þeim grundvallaratriðum, er marka sérstöðu Íslandsráðherrans í ríkisráðinu gagnvart öllum öðrum ráðgjöfum konungs; og þótt einhverjir hafi haldið því fram, að mál Íslands hafi hingað til verið borin upp í ríkisráðinu »í krafti danskra grundvallarlaga«, þá er þeim ómögulegt að segja slíkt um flutning þeirra hér eftir.

Þau önnur atriði, sem gera það að verkum, að ráðherra Íslands hefir sérstaka stöðu í ríkisráðinu, eru talin í nefndarálitinu, og læt eg mér því nægja að skírskota til þess. Að eins skal eg taka það fram, að þar sem stendur í nefndarálitinu, að ráðherrann »svari til sakar fyrir hæstarétti«, þá hefir fallið úr þar á eftir »eða innlendum dómstóli, er væntanlega verður settur á stofn«. Þetta, að ráðherrann á að svara til sakar fyrir íslenzkum dómstóli, er eitt af þeim verulegu atriðum, er gerir stöðu hans alt aðra en verið hefir til þessa.

Þeir, sem hafið hafa andmæli gegn orðunum »í ríkisráðinu«, leggja aðaláherzluna á það, hverja skoðun Danir hafi um það efni, eða hvernig ráðgjafinn núverandi líti á það. Þetta kveður við í blöðum þeirra og hvervetna má heyra það á orðræðum þeirra. Eg hefi heyrt að þeir leggi svo mikla áherzlu á skilning ráðgjafans, að þeir hafi sent mann rakleitt á fund hans til þess að spyrja, hvaða álit hann hafi um áhrif þessa ákvæðis á sérstöðu Íslands. Því fer fjarri, að eg vilji í neinu lasta þá menn, sem hafa látið þetta atriði til sín taka, og hafið hina svo nefndu »Landvarnarhreyfingu«. Það er eðlilegt að menn séu sárir á því, er þeir að einhverju leyti telja snerta landsréttindi fósturjarðarinnar. Landsréttindin verða allir að bera fyrir brjósti og hljóta að taka sér það nærri, ef á þau væri gengið. Það er eðlilegt um æskulýðinn, að hann sé viðkvæmur og heitur í þá átt, þó hann hafi ekki sem gleggsta dómgreind um málið. Það er ekki nema virðingarvert. Það er og afsakanlegt, þótt tilfinningamenn, sem lítt hafa gefið sig að landsmálum og ekki hafa haft tækifæri eða tilefni til að setja sig inn í málið til hlítar, villist á þessu ákvæði, og skilji það ranglega. En hitt er ekki afsakanlegt, ef satt skyldi vera, að sumir menn, sem í raun og veru leggja ekki trúnað á skaðsemi ákvæðisins, beiti sér í pukri til þess að róa undir hreifingunni og æsa lýðinn í þeim tilgangi, að spilla fyrir framgangi þeirrar stjórnarbótar, er nú er í boði. Eg veit ekki, hvort það er satt, heldur segi eg að eins, að ef svo er, þá er það illa gert og ekki bót mælandi.

Hina, sem landvarnarflokkinn fylla af sannfæringu, dettur mér ekki í hug að kasta neinni rýrð á að neinu leyti, þótt eg voni, að þeir innan skamms

komist að réttari skilningi og sjái og kannist við, að hræðsla þeirra og mótbárur eiga ekki við rök að styðjast.

Því fer svo fjarri, að eg telji hér um lítilvægt efni að ræða, að áliti eg skilning þeirra á þessu atriði réttan, og kenningar þeirra um það á rökum bygðar, þá teldi eg mikið í húfi. Eg mundi ekki vilja vinna til að kaupa hagfeldara stjórnarfyrirkomulag fyrir sjálfstæði landsins. Eg vil ekki nein hrossakaup, og mundi hafa fulla einurð til að greiða atkvæði móti ríkisráðsákvæðinu, ef eg áliti að það væri til hins verra.

Ef eg héldi að vér með samþykt orðanna »í ríkisráðinu« afsöluðum oss nokkru af landsréttindum vorum, þá mundi eg þegar hiklaust ganga í landvarnarflokkinn. En eg stend þar sem eg stend, af því að eg, eftir margítrekaðar íhuganir, hefi þá föstu sannfæringu, að að vér stöndum ekki *verr*, heldur *betur* að vígi, með því að taka þetta fyrirkomulagsákvæði upp í lög vor.

Af því, sem eg hefi sagt, er það ljóst, að mér er ekki hlátur í hug yfir þeim mótbárum, sem um er að ræða; en það verð eg þó að segja, að það getur ekki kallast annað en blátt áfram kýmilegt, að senda mann á fund ráðgjafans í Kaupmannahöfn, til þess að spyrja *hann*, hvort vér teflum ekki landsréttindum vorum í voða með þessu, biðja hann að segja okkur nú í einlægni, hvort það hafi ekki verið meining hans, að »narra« út úr okkur landsréttindin með þessu ákvæði! Og undarlegt þykir mér, að skynsömum mönnum skuli detta í hug, að ráðgjafinn svari nokkru slíkum spurningum, sem vissulega fela í sér ómaklega og ósæmilega getsök honum til handa. Eg tel það fjarstæðu eina, að gruna ráðgjafann um, að hann hafi haft nokkra undirhyggju með frv. eða ætlað með ákvæði þessu að lokka út úr okkur viðurkenningar um stjórnskipuleg deiluefni. En þó að nú svo hefði verið, að hann hefði *ætlað* að orða frumvarpið þannig, að í því væri fólgin einhver viðurkenning um »gildi grundvallarlaganna fyrir Ísland« eða annað því l., þá er það víst, að sú fyrirætlan hefir ekki tekist. Akvæði frv. eru þannig löguð, að engin ástæða er til þess að leggja í þau neinn annan skilning, en orðin leggja til, þann skilning, sem nefndin leggur í þau. Og gæti vafi verið á því, hvernig orðin ættu að skiljast, þá væri vissulega ekki vegurinn til að skýra þau rétt sá, að hnýsast eftir því, hvað undir muni hafa búið hjá þeim, sem frumvarpið samdi, heldur sá, að rannsaka, hvað löggjafarvaldið meinti, er það samþykti frumvarpið og gerði það að lögum. Það er vilji löggjafarvaldsins í ákvæðinu, sem þá er undir komið. — Vér höfum nú með nefndaráliti voru skýrt tekið fram, hverjum skilningi vér byggjum á, er vér samþykkjum ákvæðið um flutning mála í ríkisráðinu, svo enginn vafi getur leikið á vilja og tilgangi þess hluta löggjafarvaldsins, sem þingið hefir með höndum. Verði frumvarpið undirskrifað af konungi, án þess hann lýsi yfir öðrum skilningi af sinni hálfu, hefir hann samþykt einnig að sínu leyti ástæður vorar. En komi út konungsauglýsing um, að konungur sé á sömu skoðun og »landvarnarmenn« um það, hvernig skilja beri ríkisráðsákvæðið, þá standa hinir tveir hlutar löggjafarvaldsins hver á móti öðrum með sinn skilning, og spurningin er óafgjörð. Þingið verður aldrei undir neinum kringumstæðum talið hafa samþykt annað en bersýnilegt er, að það hefir meint, og samrýmanlegt er við orð laganna. Jafnvel þótt því svo óliklega færi, að síðar yrði álitið, að allri þjóðinni og öllu þinginu hefði skjátlast, en þessir fáu »landvarnarmenn«

einir haft réttan skilning, þá væri þó undir engum kringumstæðum neitt að orðið, annað en það, að lögtekið hefði verið ákvæði, sem aftur mætti breyta á stjórnskipulegan hátt, úr því það einu sinni er dregið inn undir löggjafarsvið landsins; en hitt yrði með engu móti sagt, að þingið hefði samþykt nokkra uppgjöf réttinda.

Skal eg svo ekki fjölyrða að sinni um frv., heldur að eins lýsa yfir þeirri von, að það verði samþykt með öllum atkvæðum hér í deildinni, nú eins og í fyrra.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg hefi ekki ástæðu til að bæta neinu verulegu við ræðu hv. framsögumanns. Við þau aðalatriði, er hann tók fram, hefi eg fátt að athuga. Eins og þskj. 41 ber með sér, hefi eg og þeir, sem sama flokki fylgja, skrifað undir nefndarálitið athugasemdalaust, og vil eg taka undir þau orð og vonir hv. frsm., að eindrægni flokkanna í þessu máli beri vott um góðan vilja og gefi góðan árangur, að þessi samvinna verði fyrirboði góðrar samvinnu í framtíðinni, þegar farið verður að beita því verkfæri, sem nú er verið að smíða. Það er vonandi, að þjóðin sé farin að láta sér skiljast, að nauðsynlegt er að sameina kraftana, ef vel á að vinnast.

Það eru að eins einstök atriði í ræðu hv. frsm., er eg vil minnast lítillega á. Þannig gat hann þess, að hann ímyndaði sér, að nokkrir væru þeir menn, er hefðu notað sér landvarnarsérkredduna til að æsa æskulýðinn. (*Hannes Hafstein*: Eg kvaðst *ekki* ímynda mér það!) Um það skal eg ekkert segja. En þó svo væri, þá er slíkt ekki svo nýtt í þessu máli, að eg fyrir mitt leyti kippi mér upp við það. Síðan 1895 er vikið var inn á þessa braut, er nú hefir leitt til heppilegra úrslita, hefir maður átt því að venjast, að ýmsu hafi verið slegið fram til að æsa þjóðina; það hefir fylgt baráttunni. Og ekki segi eg það neinum til lasts, heldur skoða eg það sem nauðsynlega afleiðing af því þroskastigi, er þjóðin stendur á í pólitísku tilliti. Eg vil ekki gera neinum þá getsök, að þeir hafi slegið fram þessari kreddu mót betri vitund í æsingaskyni. En hafi hún verið sannfæring þeirra, þá er engin ástæða til að kasta á þá steini, þótt þeir beittu öllum kröftum til að berjast fyrir henni. Eins og oft á sér stað í pólitískum málum, fá einstakir menn einhverjar þær hugmyndir í höfuðið. er meir taka til tilfinninga en skynsemi, og þá er hætt við að óljós tilfinningareykur glepji mönnum sýn, svo að þeir skilji ekki, sjái ekki hvað eru rétt rök. Þetta hlýtur að koma fyrir í öllum þjóðfélögum, sem eru ekki búin gegnum þrautir og reynslu að ná pótitískum þroska. Þannig skoða eg landvarnarkenninguna; hún á grundvöll sinn í óljósum tilfinningum, sem jafnan eru hættulegastar til að rugla hugsanir manna, gera menn blinda fyrir röksemdum. En það er engan veginn rétt að berja hana niður með valdi, heldur ber að mæta henni með skynsamlegum rökum. Svo hefir líka verið gert í nefndarálitinu um stjórnarskrármálið. Eg er ekki á þeirri skoðun, að orð frv. »í ríkisráðinu« feli í sér neina hættu fyrir sérmál Íslands; eg álít ekki að þau breyti að neinu leyti þeim grundvelli, er sérstaða landsins byggist á Ráðaneytið danska stendur ekki hóti betur að vígi eftir en áður. En hitt vita allir, að ætti afismunur að skifta rétti, þá hafa Danir alt í höndum við oss. Beitt þeim afismun geta þeir að vísu, en það væri brot á þjóðréttinum, jafnt eftir að frv. er samþykt sem áður.

Eg get því ekki látið mér detta í

hug, að á bak við frv. liggi nokkurt pólitiskt svikræði. Það hefði þó óneitanlega verið heppilegra, að stjórnin hefði ekki smeygt þessu ákvæði inn í frv. án þess þjóðin áður fengi nokkra bendingu um það. Eftir því sem konungsboðskapurinn var orðaður, var ekki hægt að búast við því, sérstaklega þar sem áður hafði verið tekið fram frá báðum hliðum, að heppilegast væri að halda þessu ákvæði fyrir utan málið. Eins og eg áður hefi tekið fram, álít eg að þetta atriði hafi nokkra teóretiska þýðingu, en enga praktiska. Fulltrúi stjórnarinnar hefir, þegar hann á þinginu 1899 svaraði fyrirspurnum mínum í þessu máli, tekið fram glögg mörk fyrir afstöðu ráðherra Islands, eins og hún hefir verið og mun verða. Á þetta atriði hafa hin nýju ákvæði frv. engin áhrif frá lagalegu sjónarmiði; sérstaðan er hin sama og engu minni en áður.

Að öðru leyti skal eg ekki fjölyrða um málið.

Lárus H. Bjarnason: Eg álít, að vilji maður friða þá öldu, sem upp hefir risið í landinu, eg hygg eg þurfi ekki að nefna hana, því allir muni skilja við hvað eg á, að þá verði að friða hana með röksemdum, en að það sé þýðingarlaust, þó fleiri fullyrðingar komi fram.

Því hefir verið haldið fram af þessari stefnu, að það, að samþykkja þetta frumv., sé sama sem að lögleiða grundvallarlögin dönsku; væri þetta rétt, þá væri um verulega hættu að ræða; en mér er gersamlega ómögulegt að skilja, hvernig nokkur hefir getað haldið þessu fram í alvöru.

Í fyrsta lagi eru hér að lútandi ákvæði alls ekki tekin upp úr grundvallarlögunum, og hefðu að sjálfsögðu verið tekin upp í stjórnarskrána, þótt engin grundvallarlög hefðu verið til.

Í öðru lagi gæti með þessum ákvæðum ekki verið lögleitt annað en reglur grundvallarlaganna um flutning mála í ríkisráðinu, en alls ekki öll grundvallarlögin. Og þó svo væri, að þessar reglur væru teknar upp úr grundvallarlögunum, þá gæti það engin áhrif haft á landsréttindin, því þessar reglur eru ekki annað en þingsköp fyrir ríkisráðið; það er formelt atriði, en ekki reelt.

Eg skal að öðru leyti ekki fara lengra út í röksemdaleiðslu þessa flokks, enda þykist eg áður hafa sýnt fram á það, að hún er ekki rétt. Að eins skal eg bæta því við, að þessir menn geta þegar af þeirri ástæðu verið kviðbogalausir fyrir gildi grundvallarlaganna, að þau hafa aldrei verið birt hér.

Annars stóð eg upp til annars en til að fara að jagast um ríkisráðið. Mig langaði til að beina einni fyrirspurn til hæstv. landsh. Raunar sé eg, að hann er genginn úr sæti sínu, en þar eð hann má heyra mál mitt, þá ætla eg samt að bera fyrirspurnina fram. — Mér finst sem sé rétt, að gera sitt til að friða þenna ónefnda flokk, og eg get hugsað, að flokkurinn friðaðist, ef hann vissi, hvernig stjórnin mundi taka undir það, ef þessi orð »í ríkisráðinu« væru feld úr frv. Eg vil þess vegna leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. landsh., hvort honum sé kunnugt um það, hvernig stjórnin mundi taka undir frumv., ef orðin »í ríkisráðinu« væru feld úr, en jafnframt vil eg geta þess, að eg býst ekki við, að það breytti afstöðu minni til í málsins, þótt stjórnin svaraði á þessa leið eða hina.

Landshöfðingi: Eg skal verða við tilmælum h. þm. Snæf. (L. H. B.) og leyfa mér að skýra háttv. þingdeildarmönnum frá því, að í vor þegar mestur

þytur var gerður út af þessum orðum: »í ríkisráðinu«, þá áleit eg það embættisskyldu mína, að fá yfirlýsingu stjórnarinnar um, hvernig hún mundi taka í það, ef þessi orð væru feld burtu í ár, þingið svo rofið og frumv. svo samþykt óbreytt á næsta þingi án þessara orða, hvort stjórnin þá sæi sér fært, að bera frv. fram fyrir Hans Hátign konunginn, og ráða til að staðfesta það. Þessu svaraði stjórnin þannig, að það væri svo langt frá því, að það gæti komið til mála, að stjórnin réði Hans Hátign til að staðfesta frv. þannig breytt, þar sem alt þingið hefði samþykt það í einu hljóði í fyrra, að hún þvert á móti yrði að líta svo á, að þingið með þessari breytingu hafnaði tilboði stjórnarinnar, og þar í virtist mér liggja það, að stjórnin áliti með því öllum samningum lokið.

Eg sé að það hafa komið fram raddir úr ýmsum áttum, sem hafa haldið því fram, að stjórnin mundi efalaust samþykkja frv., þótt þessi orð væru feld burtu. Þessum röddum verð eg nú að álíta fyllilega svarað með þessari yfirlýsingu ráðgjafans.

ATKV.GR.: 1. gr. frv. sþ. í einu hlj. að viðhöfðu nafnakalli skv. 37. gr. þsk.

2. gr. frv. var sþ. í e. hlj.

3. gr. frv. var sþ. í e. hlj.

4. gr. frv. var sþ. í e. hlj.

5.—13. gr. frv. sþ. í e. hlj.

Inngangur og fyrirsögn sþ. án atkv.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj. að viðhöfðu nafnakalli.

Þriðja umr., 14. júlí (frv. C. bls. 1., n. bls. 193).

Forseti: Um leið og eg bendi h. deild á, að lögð hefir verið fram á lestrarsalinn áskorun frá 159 kjósendum í Reykjavík um að fresta þessu máli, þá skal eg taka það fram, að eg *sem forseti* finn ekki ástæðu til að taka málið út af dagskrá og fresta því þannig, en ef einhver h. þm. vill stinga upp á því, þá er eg fús að bera það undir atkvæði deildarinnar. (Þögn). Úr því enginn vill stinga upp á því, byrja umræðurnar.

Framsögumaður (Hannes Hafstein): Sem frsm. nefndarinnar hefi eg engu við að bæta; en þótt fundur sé nú orðinn langur, og h. þm. líklega þreyttir, þá kann eg ekki við, að þetta mikla velferðarmál þjóðarinnar fari alveg umræðulaust út úr deildinni. Það er ekki tilgangur minn, að rekja hér sögu málsins eða að rifja upp síðustu orrahríðina, er leiddi til þessa frumv. Hér er eigi staður né tími til þess, enda gerist þess ekki þörf málsins vegna. — Eg ætla að eins að lýsa gleði minni yfir því, að málið er komið svo langt á veg, sem það er komið, og að vér höfum náð því marki, sem vér nú höfum náð. — Vissulega hefir þetta frv. orðið til á heillastundu, er það hefir borið giftu til að sameina um sig atkvæði allra fulltrúa þjóðarinnar, svo að þeir hafa allir fylkt sér undir þess fána. Það er naumast tilviljun, að sú heillastund kom einmitt á þeim tíma, þegar frjálslyndar mannréttishugmyndir og heilbrigð þingræðisstefna loks vann sigur hjá bræðraþjóð vorri, Dönum, og ný frjálslynd stjórn fekk tækifæri til að brjóta bág við gamlar kreddur, sem haldið hafa stjórnbótakröfum vorum niðri. Málstaður hinnar dönsku stjórnar að undanförnu gegn heimastjórnarkröfum vorum hefir átt rót sína í þeirri stjórnmálastefnu, sem ríkt hefir í Danmörku svo lengi, og vér höfum með þessu frumv. fengið vorn þátt í sigrinum yfir þeirri stefnu, og ávöxtum sigursins. Það er einkennilegt að taka eftir því, að stjórnarbót sú, er vér eigum nú í vændum, eftir svo langa baráttu, er nokkurn veginn hið sama,

sem vér hefðum fengið, ef fullnægt hefði verið, þegar eftir að Danmörk fekk stjórnarbót sína, kröfum Íslands, eins og þær komu fram fyrst hjá foringjum og frumherjum stjórnarbaráttu vorrar, í ritum Jóns Sigurðssonar og á þjóðfundinum 1851. Þá var það álitið nóg til þess, að fullnægt væri þjóðréttindum Íslands og jafnrétti við samþegnana, að vér fengjum innlenda ráðgjafastjórn með fullri ábyrgð fyrir alþingi. Og þetta stjórnarfyrirkomulag hygg eg að sé hið hagfeldasta, er enn sem komið er getur hlotnast þjóð vorri, þar sem það fullnægir heimastjórnarkröfunum, og er þó sniðið eftir kröftum vorum, að því er kostnaðinn snertir.

Þegar þetta nýja stjórnarskipulag er komið til framkvæmda, verður stjórnin í réttum skilningi starfsmaður þings og þjóðar, og við það breytist og lyftist hlutverk og afstaða þingsins og hvers einstaks þingmanns. Um leið og áhrifin aukast og valdið vex, vex einnig ábyrgðin, ábyrgðin, sem því fylgir, að fara með umboð þjóðar, er sjálf á að ráða högum sínum og skapa sér framtíð sína, veg eða vangengi, lán eða ólán. Stjórnarinnar ábyrgð verður ákveðin með lögum, og hennar ábyrgð getur orðið framfylgt til lagadóms. — En ábyrgð þingsins verður ekki með lögum fastsett eða dómi dæmd, og því meiri þörf er á því, er þingið tekur tögl og hagldir yfir stjórninni, að hver einstakur þingmaður geri sér ljóst, að hann á að framkvæma vald, sem þjóðin í heild sinni á, og hafi hugfasta ábyrgðina gagnvart ættjörðinni, hin óskrifuðu lög réttlætis, ósérplægni, mannúðar, vizku og manndáðar.

Jafnvel þótt ítrustu stjórnarkröfum þjóðarinnar sé ekki fullnægt með þessu frumvarpi, og meira hefði ef til vill getað fengist nú, ef öðru vísi hefði verið að farið, þá veit eg, að allri þjóðinni yfirleitt er það mikill léttir, að stjórnarskrárbaráttunni er nú lokið með svo góðum árangri. Öll þjóðin er samdóma um það, að búið sé að slíta kröftunum nógu lengi í baráttunni; hún er öll samhuga um, að nú eigi að fara að byggja upp landið í skjóli friðarins, og eg hygg því, að þeir menn séu ekki að vinna gott verk né heillavænlegt, sem eru að reyna að kveikja upp úlfúð og nýja óánægju með hið nýja stjórnarfyrirkomulag, enda býst eg við, að sú hreyfing muni skjótt hjaðna niður.

Frumv. verður nú sent háttv. Ed., og treystum vér því, að hún muni taka því eins og vér, og samþykkja það óbreytt, eins og hún gerði á síðasta þingi. Vér samþykkjum frv. í fullri vissu um það, að stórmikið spor er stigið með því í rétta átt: *að* engu af réttindum landsins er slept með því, en *að* miklu af því, er vér höfum barist fyrir, hefir þar með fengist framgengt. Vér verðum nú að fela háttv. Ed. að leggja á það fullnaðar samþykki þingsins, og þar með senda það af þingsins hálfu út í lífið. — Hitt verðum vér að fela guði og gæfunni, að láta sem mesta heill fyrir ættland vort stafa af þessari stjórnarbreytingu, er hún kemst til framkvæmda. — Það má ekki gera sér of miklar eða glæsilegar vonir, ekki búast við að alt sé fengið með nýrri stjórn, eða að hún geti út af fyrir sig hrundið í lag því, sem aflaga fer. Til þess að stjórnarbreytingin geti orðið að góðum notum, og til verulegra heilla, verða allir að leggja fram krafta sína með einlægum vilja, gleyma því, sem á undan er gengið, og fyrir aftan oss er, og hugsa að eins um það, sem fram undan er, takmarkið, sem að verður

að keppa: menning þjóðarinnar og farsæld fósturlandsins.

Lárus H. Bjarnason: Enda þótt eg hafi engu að bæta við það, sem h. framsm. (H. H.) sagði, þá langar mig þó, sem gamlan kunningja þessa frv., til að fylgja því úr hlaði með fáeinum orðum.

Það er engum vafa bundið, að frv. þetta hefði litið öðru vísi út, ef alþingi 1901 hefði alt staðið sem einn maður, en ekki tvístrað, eins og það stóð. — Það er þingslysinu 1901 að kenna, að fleiri gallar eru á frumv. en þurft hefði að vera.

En þótt gallar séu á frv., þá fylgja því þó stór miklir kostir. Eg á þar sérstaklega við búsetuna, og þá kosti, sem af henni leiða, bæði kunnugleika ráðherrans á þörfum þjóðarinnar og þau tök, er þingið fær á ráðherranum.

En það er ekki nóg, að lagabókstafurinn sé góður; það er ekki minna undir því komið, að stafur laganna sé brúkaður rétt í stríði lífsins, — svo eru lög, sem hafa tog. — En hvernig það tekst, fer mest eftir því, hvernig byrjað er. Byrjunin ræður alt af miklu um úrslitin. Því er sagt: »hálfnað er verk þá hafið er«, en einkum ræður þó byrjunin miklu um árangur allrar samvinnu.

Að hverju haldi þessi stjórnarskrárbreyting kemur, er því mikið undir samvinnu þingsins og hins væntanlega ráðherra komið; það fer að vísu aftur að nokkru leyti eftir því, hvernig ráðherravalið tekst, en fer þó sérstaklega eftir því, hve viturlega þingið fer með vald sitt.

Eg vona að þingið lofi nú stór-pólitíkinni að hvílast um stund og gæti nú jafnframt vandlega valdsviðs síns, fari ekki út fyrir sérmálasviðið, gefi með öðrum orðum dönsku ráðherrunum enga átyllu til þess að blanda sér í sérmál vor. En jafnframt vona eg, að þingið standi fast á sínum rétti, og vaki sérstaklega yfir því, að ráðherranum haldist ekki uppi, að brjóta aðallögmál þingsins, þingræðið. Það lögmál verður að innlífast svo hverjum þingmanni, að hann snúi strax baki við ráðherranum, þótt bróðir sé, ef ráðist er á það lögmál.

Það er líka sannarlega nóg fyrir okkur til að rífast um, þótt stór-pólitíkin gangi undan.

Atvinnumálin og mentamálin, sérstaklega verkleg fræðsla, liggja enn að miklu leyti í kalda kolum, og þau mál þurfa því í rauninni á öllum kröftum þings og þjóðar að halda.

Förum vér hyggilega að ráði voru út á við, og gætum þingræðisins inn á við, er eg viss um, að vér getum tekið undir með skáldinu og sagt: »Þá mun rísa brú til betri tíða, brú til vonarlanda frónskra lýða«, og ein af máttarstoðunum í þeirri brú verður nýja stjórnarfyrirkomulagið, ef rétt verður á því haldið.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg ætla eigi að bæta neinu verulegu við ræðu h. framsm., (H. H.), og eigi skal eg, heldur en hann, nú að þessu sinni ganga inn á það, að rekja sögu stjórnarskrármálsins. Í sjálfu sér væri talsverð ástæða til að gefa stutt yfirlit yfir sögu málsins og gang þess undanfarin ár, þar sem það fer nú út úr deildinni, væntanlega í síðasta skipti að þessu sinni. En eg lít svo á, að hin undanfarna baráttа síðan 1895, sem nú er á enda kljáð, að því er maður vonar, heyri sögunni til, og að vér, sem þessa báráttu höfum háð, stöndum enn of nærri henni til þess að vér getum litið á hana eða dæmt um hana með öllu hlutdrægnislaust, jafnvel þótt eg þykist fyrir mig sannfærður um, að eg geti og hafi getað litið á þessa baráttu með

köldum augum og rólegum hug. Eg vil sízt mæla lastyrði í garð þeirra, sem barist hafa á hverja hlið sem er, né leggja á vogarskálar meðul þau, sem við hafa verið höfð. En það skal eg taka fram, að þótt segja megi um þann leik, að »sumt var gaman, sumt var þarft, sumt vér ekki um tölum«, þá lít eg þó svo á, að frá hærra og æðra sjónarmiði skoðað, hafi þjóð vor haft gott af baráttunni, og það einmitt sérstaklega fyrir það, hvað hvöss hún hefir verið, og hve miklu afli hefir verið beitt í henni. Þetta hefir orðið til þess að vekja fleiri til að hugsa um almenn mál, og til að gefa sig fram til starfa fyrir þjóð sína. Eg lít svo á, að þjóð vor sé einmitt fyrir þetta betur vakandi nú, og betur fær um að taka á móti og færa sér stjórnarbótina í nyt, heldur en ef alt hefði gengið fram með þegjandi, sofandi samþykki. Eg vona að öldur þær, sem risið hafa ærið hátt nú hin síðari ár, muni bráðlega lægja, og að róleg samvinna geti þá byrjað. Ef vér hefðum náð því marki án baráttu, sem vér erum nú vonandi að ná, þá hefði áhuginn í landinu verið minni, og þeir menn færri, sem vit og vilja hafa til þess að taka þátt í málum þjóðarinnar. Eins vona eg með háttv. frsm. (H. H.), að þingræðishugmyndir þær, sem hann taldi rót þess, að stjórnarbótin er þó framleg, geti orðið oss að sönnu gagni, megi festa rætur hjá oss, og að hið mikið umrædda þingræði reynist annað og meira en orðin tóm. Eg neita því ekki, að frv. geymi í sér ýms viðsjárverð ákvæði, ekki sízt hvað þingræðið snertir, en eg hefi þá góðu von, að þjóðin taki móti stjórnarbótinni með vakandi áhuga, og jafnframt beiti henni með forsjá og gætni; þá efast eg ekki um, að þingræðið verði þjóðinni til gagns og góðs.

Það var eitt atriði í ræðu háttv. þm. Snæf. (L. H. B.), sem eg var honum ekki samdóma um; hann vildi taka þinginu vara fyrir að fást við þau mál nú fyrst um sinn, er mjög snertu afstöðu vora gagnvart Dönum, eða væru þess eðlis, að Danir gætu fengið ástæðu til að skifta sér af þeim, sem sameiginlegum málum. Eins og afstaðan er nú, álít eg það óheppilegt, ef þingið sýndi bilbug á sér í slíkum málum, eða hikaði nokkuð við þau. Eg álít, að vér eigum nú og ætíð að halda hiklaust fram þeirri skoðun og stefnu, að »Ísland er fyrir Íslendinga«. Eg álít það einkar þýðingarmikið, að vér gætum þessa einmitt nú, er vér leggjum á stað út á nýja stjórnarfars-braut, til þess að fulltrúar alríkisins fái ekki ert tilefni frá oss, til þess að færa landamærin inn á oss í þessum efnum; eg vildi heldur að takmörk sérmálanna gætu færst út á við, og eg vona, að sá sem fyrstur verður ráðherra hjá oss, taki þá stefnu. Vér getum þó víst allir orðið samdóma um það, að æskilegast sé, að Íslendingar hafi sitt sem mest fyrir sig, og takmörkin sem rýmst út á við. Hitt er alt annað mál hvernig menn líta á það, ef farið væri fram á að losa Ísland alveg úr sambandinu við Danmörk. Eg verð fyrir mitt leyti að álíta slíka stefnu miður hyggilega, þegar allar ástæður eru teknar til greina. Ennfremur skal eg taka það fram, að eg get ekki álitið meðferð málsins á þinginu 1901 neitt slys fyrir málið; það er, eins og eg áður hefi sagt, þvert á móti. Það er ekki slys fyrir neitt mál, þótt allir geti ekki orðið sammála, aðalatriðið er, að málunum sé fylgt með alvöru, af heilum hug, og með ró og stillingu.

Eg lýk svo þessum fáu orðum með þeirri ósk, að meðferð máls þessa og úrslit verði þingi og þjóð til sæmdar og heilla.

Árni Jónsson: Á þessu mikilvæga augnabliki hvarflaði hugur minn að því, að þeir eru fáir, sem nú sitja hér í deildinni, þeirra manna, er þing skipuðu 1886, þegar mál þetta var fyrst samþykt í annað sinn, og eftir þingrof. Það erum við 1. þm. Skagf. tveir einir. Eg ætla að vísu ekki að fara að rekja sögu stjórnarskrármálsins þennan 11 ára tíma, en margar myndir koma þó fram í huga mínum nú, og margt sé eg breytt frá því sem þá var. En eitt er þó óbreytt. Eins og vér, sem þá samþyktum stjórnarskrárfrumv., gerðum það í fullri trú og von um, að vér með því værum að skapa heillarika framtíð fyrir vora kæru ættjörð, eins er eg þess fullviss, að vér nú samþykkjum þetta frv. treystandi því, að það stjórnarfyrirkomulag sem það á að skapa, muni ala hagsbætur og fegra framtíð ættjarðarinnar, þótt eigi hafi það að geyma alt hið sama og fyrsta frumv. Eg var yngri og óreyndari 1886 en nú, og eg treysti því þá, að bæði eg og þjóð mín væri sterkari en raun hefir á orðið; eg skildi ekki í öðru, en að vér hlytum að sigra, og að vér hlytum að sigra fljótt, en það hefir komið hér fram, hið sama sem kemur fram í lífi hvers einstaks manns og í lífi þjóðanna, að byr hlýtur að ráða, þótt kongur vilji sigla; og að eigi fæst alt það, er hugurinn æskir, og æskuvonirnar telja trú um að auðfengið sé: reynslan kennir að einatt verður að slaka á klónni, og láta sér nægja, þótt alt fáist ekki í einu. Því segi eg það, að þótt vér með frv. þessu höfum ekki náð öllu því, er vér vildum ná og væntum að ná, þá greiði eg nú eins og áður atkvæði með því, með þeirri ósk og von, og í því trausti, að forsjónin gefi það verði okkar kæru fósturjörð til heilla og hagsælda, hamingju og blessunar í bráð og lengd, og að vegur hennar muni vaxa, hagur hennar þroskast og blómgast undir því stjórnarfyrirkomulagi, sem vér nú samþykkjumst.

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni samþ. með öllum atkv., að viðhöfðu nafnakalli.

Málið síðan afgreitt til Ed.

Verðlaun fyrir útflutt smjör.

FRUMVARP til laga um verðlaun fyrir útflutt smjör (C. bls. 201); 1. umr.

Þórhallur Bjarnarson: Þetta frv. er í fyrstu komið fram samkvæmt áskorunum og óskum fra rjómabúunum í Árnessýslu og Rangárvallasýslu, og var því af þeim beint til búnaðarfélags landsins; síðan hefir stjórn félagsins borið sig saman við þingmennina úr þessum tveim sýslum, og þaðan komst málið inn í landbúnaðarnefndina, og hún lagði síðustu hönd á það. Eftir þennan undirbúning er svo frv. borið fram.

Aðalbreytingin, sem frumv. fer fram á, er að miða eigi verðlaunin fyrir smjör, eins og núgildandi lög gera ráð fyrir, við það, að smjörið seljist á 75 a. pundið, heldur við það, hvernig danskt smjör selst í Englandi á hinum ýmsu árstímum.

Þegar verðlaunin eru föst, þá nær smjör vort stundum ekki verðlaunum, þótt það sé alveg jafngott og smjör, sem í verðlaun nær á öðrum tíma, af því einu, að þá er sjörverðið yfirleitt hærra í Englandi. Hámat það, sem smjörmatsnefndin danska (Smörnoterings-udvalgets Topnotering) kemur með á viku hverri á smjöri, eftir því sem það selst á Englandi, er svo breytilegt, að það getur munað á sama árinu 15 aurum eða meir milli þess, sem það er hæst og lægst. Í nóvember f.

á. var pundið t. d. yfir 100 a., og í ágúst aftur fyrir neðan 90 aura. Því miður getum vér varla vænst þess, að fá hærra verð fyrir smjör vort í Englandi en Rússar fá þar fyrir sitt smjör; fremur hætt við að það verði lægra; en rússneskt smjör var þar að jafnaði 17 aurum undir danska smjörinu árið sem leið. Alla þá mánuði, sem danskt smjör fer niður úr 90 aurum, getum vér því ekki vænt að fá verðlaun fyrir vort smjör, hvað gott sem það er, eftir núgildandi lögum, og þetta hefir leitt til þess, að smjörið er geymt hér margar vikur til að bíða hækkunarinnar, til að ná í verðlaunin, en með breytingunni fást verðlaunin jafnt á öllum tímum ársins.

En ef nú á að fara að breyta, þá er að athuga, hvar á að setja verðlaunamarkið, og um það geta að sjálfsögðu orðið misjafnar skoðanir. Verðlaunamark það, sem í frumv. er sett, er ekki sett þar eftir ágizkun einni eða af handa hófi, heldur beinlínis eftir útreikningi á verði á 13 sendingum frá 7 rjómabúum, sem á þrem mánuðum voru sendar til Englands í fyrra, samtals 33,000 pund. Eftir gildandi lögum fengu þessi rjómabú í verðlaun um 1400 kr., en eftir reglum þeim, sem settar eru í frumv., mundu þau hafa fengið um 2200 kr. eða rúmum þriðjungi hærri verðlaun. Þegar nú nokkuð af smjörinu á að vera verðlaunað með 5 aurum pundið, og nokkuð með 10 aurum, þá mætti gera meðaltal verðlaunanna á pund hvert um 7 aura. Eg vona, að vér getum næsta ár flutt út hátt upp í 100,000 pund af smjöri, og gæti þá verðlaunastyrkurinn úr landssjóði komist upp í 7000 kr., og vona eg að enginn telji eftir þá uppörfun til landbúnaðarins. Útreikningar þeir, sem eg hefi drepið hér á, eru til sýnis hjá landbúnaðarnefndinni, og geta h þm. kynt sér þá þar, ef þá fýsir.

Verðlaunin geta að vísu komið nokkuð misjafnlega niður, af því verðlaunastigin eru eigi höfð nema tvö, en það er gert til þess, að lögin verði sem einföldust.

Eftir útreikningum vorum hefðu öll þessi rjómabú, að einu undanteknu, grætt á hinum nýju ákvæðum; það eina bú hefði fengið 8 kr. minna en það fekk, og ein sending, sem seldist 26 aura undir hámati, hefði mist af verðlaunum eftir frumv., en fekk eftir lögunum 6 kr. 90 a., af því verðið var þá hæst á öllu smjöri.

Eg skal geta þess, að það hefir komið fram í nefndinni dálítill ágreiningur um niðurlagsatriði 1. gr., að verðlaunasmjörið verði að vera búið til á smjörbúi, sem forstaða er veitt af manni, er kann til smjörgerðar fyrir erlendan markað. Hér er farinn nokkurs konar millivegur; ákvæðið er ekki svo þröngt, að konan, er fyrir smjörbúinu stendur, þurfi að sjálfsögðu að hafa lokið námi, og tekið próf á mjólkurskóla. Það gæti orðið örðugt að fullnægja því skilyrði, ef smjörbúunum fjölgar ótt. Það lá við sjálft, að engin slík kona fengist núna, til að veita forstöðu einu smjörbúinu fyrir austan.

Eg fyrir mitt leyti legg áherzlu á, að svo sé um hnútana búið, að sem mest trygging sé fyrir, að smjörgerð vor geti orðið í sem beztu lagi; og að eigi berist illa verkað smjör frá oss á erlendan markað, eða smjör, sem ekki er að smekk kaupenda, og því er ekki lítið undir því komið með smjör það, sem vér seljum til Englands, að það sé búið til af þeim, sem kunna að búa það til á danskan hátt. Það ætti ekki að vera neinum sérlegum erfiðleikum bundið fyrir landsstjórnina, að skera

úr því, þó að þessum ákvæðum sé haldið, hvað af íslenzka smjörinu á að njóta verðlaunanna, og það er eigi heldur örðugt fyrir hana, að vita jafnan um verðsetningu danska smjörsins, því að hana má sjá á viku hverri í blöðum Dana.

Eggert Pálsson: Það er rétt frá skýrt hjá þm. Borgf. (Þ. B.), að það kom fram nokkur ágreiningur hjá nefndinni, sem flytur mál þetta inn á þing. Það er nokkur skoðanamunur hjá oss nefndarmönnum á því, og það var eg, sem vakti athugsemdir um það, í þeim búningi, sem það átti að koma fram í, og sem það að miklu leyti kemur fram í í frv. Eg er hlyntur frv. þessu, að því leyti sem stefna þess er sú, að styðja landbúnaðinn. En það eru þó einstök atriði í því, sem eg er mjög hikandi við að ljá fylgi. Þessi atriði eru fólgin í síðustu málsgrein fyrstu greinar og upphafi annarar greinar. Eg lít svo á, að það geti verið varúðarvert, að setja ákvæðin um verðlaun fyrir íslenzkt smjör í beint samband við verðmat dönsku smjörmatsnefndarinnar á dönsku smjöri. Það má búast við að á ýmsum tímum berist mikið af öðru smjöri en dönsku inn í England, þar sem eg býst við að íslenzka útflutta smjörið muni verða selt; því virðist verðið á dönsku smjöri eingöngu eigi fullgildur verðlaunamælikvarði fyrir vort útflutta smjör, og það því síður, sem búast má við, að verð á dönsku smjöri muni til lengstu laga halda sér í Englandi, þótt verð á öðru smjöri, miður geðfeldu Englendingum, falli, ef mjög mikið flyzt inn af því. Þegar svo stendur á, verður afleiðingin sú, af því að fara með verðlaunin eftir danskri toppnoteringu, að hætt er við, að íslenzkt smjör nái í engin verðlaun. Þetta ákvæði þykir mér þannig töluvert athugavert; en einkum get eg þó ekki felt mig við það, að skilyrðið fyrir verðlaunaveitingunni skuli vera það, að smjörið sé búið til á smjörbúi, sem forstaða sé veitt af manni, er kunni til smjörgerðar fyrir útlendan markað. Eins og h. þm. Borgf. (Þ. B.) tók fram, getur orðið harla erfitt að fullnægja þessu skilyrði, en fengist ekki lærð forstöðukona til að veita smjörbúi forstöðu, gæti svo farið, að það yrði fyrir þá sök af verðlaununum. Að vísu bætir orðalag greinarinnar nokkuð úr skák hér, og sé það skýrt tekið fram í umræðunum um málið, að það hafi alls eigi verið ætlan þingsins að binda verðlaunaveitinguna því fasta skilyrði, að fyrir smjörbúinu stæði kona, er lært hefði smjörgerð á mjólkurskóla, þá má betur við una, þótt eg hefði helzt viljað, að greinin væri öðru vísi orðuð en hún nú er.

Helzt hefði eg óskað þess, að mál þetta væri að öllu látið heyra undir Búnaðarfélagið, og því beint fengið verðlaunafé til umráða og útbýtingar. Ef svo hefði verið að farið, var meiri von til þess, að það hefði séð sér fært að greiða einnig verðlaun fyrir útflutt smjör, sem eigi væri búið til á smjörbúum, því að óneitanlega er það hart, að þeir, sem ekki geta náð með rjóma sinn til smjörbús, skuli alls eigi geta notið verðlauna fyrir smjör sitt, hversu gott sem það kann að vera.

Gætum vér komið á tolli á smjörlíki, þá væri miklu minna við það að athuga, þó verðlaunin væru bundin við smjörbúin ein. En þótt eg hafi flutt frv. það inn á þingið, og óski að það fái framgang, þá er eg þó hræddur um, að einhver kunni að verða til að slá á selshausinn, sem upp kvað hafa skotið hér í deildinni, og að frv. verði

felt. og fari svo, þá er eg engan veginn ánægður með þessi tvö atriði frv., sem eg hefi minst á.

Forseti: Umræður þær, sem orðnar eru um mál þetta, gefa mér tilefni til að minna h. þingd. á, að þetta er fyrsta umræða málsins, og að við hana má eigi fara út í einstök atriði þess.

Pétur Jónsson: Því miður verð eg að taka áminningu háttv. forseta til greina; því miður segi eg, af því það er örðugt að tala um efni málsins, án þess að tala um einstakar greinar, því efnið er í greinum þess, en slíkt er þó nauðsynlegt, ef umræður þessar eiga að geta undirbúið, að breyting sé gerð á frv. til 2. umr. Eg vil spyrja, hvernig á að fara að gera greinarmun á þeim, sem kunna að búa til smjör fyrir útlendan markað, og þeim sem ekki kunna það? Eftir hvaða reglum á landsstjórnin að fara þar? Mér finst það hljóta að verða lítt kleifum eða ókleifum örðugleikum bundið fyrir hana að fella úrskurð sinn um þetta, nema hún hafi einhverjar ákveðnari reglur að fara eftir en frumvarpsorðin; þau virðast mér alt of óskýr, og vildi eg því koma fram með brtl. um þetta atriði. Í sjálfu sér væri það einfaldast að binda skilyrðið við próf, sem sá hefði tekið, er smjörbúi veitti forstöðu, en aftur á móti gæti þó komið fram ranglæti við það, því að vel getur það verið, að sá búi til eins gott smjör, sem ekki hefir undir próf gengið í þeirri grein, og hinn, sem próf hefir staðist. Eg hygg að tilgangurinn sé sá með ákvæðinu, að varna því, að á útlenda markaðinn komi smjör héðan frá landi, er spilt geti fyrir sölu íslenzks smjörs þar. Það væri í sjálfu sér gott, að svo gæti verið, en frv. þetta fyrirbyggir alls eigi að slíkt smjör sé sent til útlanda; það fyrirbyggir ekki annað, en að *verðlaun* geti orðið veitt fyrir það. Mér finst smjörbúin geti haft önnur þýðingarmeiri ráð til þess að hamla því, að annara smjör spilli fyrir sér. Þau geta t. d. samið við umboðsmann sinn að taka ekki til sölu smjör af nokkrum öðrum; á þann hátt verða það kaupendur hjá honum, sem dæma um smjör smjörbúanna, í samanburði við annað smjör, sem þá aðrir hafa til sölu, og verð þess skapast á eðlilegan hátt, eftir gæðum þess og hvernig það fellur í smekk kaupenda. Þess er og að gæta, að hinir ýmsu seljendur hafa mjög sínir hvora kaupendurna, þannig hefir Garðar Gíslason sína kaupendur og Zöllner aftur sína. Viðvíkjandi smjörinu frá smjörbúunum, þá hefir það því miður þótt töluvert gallað. Aðfinningar þær, sem Garðar Gíslason birti í Ísafold á smjörbúasmjörinu, voru mjög svipaðar og engu minni en þær, sem Zöllner hafði fram að bera yfir smjöri, sem sent var út frá Kaupfélagi voru, og búið hafði verið til á einstökum heimilum.

Eg held að mjólkurbúin séu enn eigi komin öllu lengra í smjörgerð en góð heimili. Eg segi þetta eigi til að kasta rýrð á þau, eða í því skyni, að eg vilji ekki að þeim vaxi fiskur um hrygg, en það má ekki hlynna að þeim á kostnað heimila þeirra, sem eru fyrirmynd í smjörgerð; slíkt er ekki réttlátt; það þarf því að leita að ráðum, er sjái hvorutveggju jafnt borgið, smjörbúunum og hinum einstöku heimilum, sem ef til vill framleiða eins gott eða betra smjör en sjálf smjörbúin.

Þórhallur Bjarnarson: Að þessu sinni ætla eg að eins að minnast á eitt atriði í ræðu h. 1. þm. Rangv. (E. P.). Hann talaði um það, að ef mikið hlæðist á enska markaðinn af öðru smjöri en dönsku, þá mundi það hleypa

verðinu niður á voru smjöri, en verð á dönsku smjöri mundi eigi að síður geta staðið hér um bil í stað, og þá mundu Íslendingar standa ver að vígi, eftir því sem frumv. ákveður. En nú er þess að gæta, að aukist smjörflutningur að stórum mun til Englands, þá er sennilegast, að það verði frá Rússlandi og Síberiu, en þar vinna að smjörgerð hópum saman danskir smjörgerðarmenn, miklu betur launaðir en heima hjá sér, og er fyrirsjáanlegt, að það mundi verka á smjörverðið í heild sinni og á smjörnoteringuna dönsku á þann veg, að hægra verður fyrir íslenzkt smjör að ná í verðlaunin með breytingunni. Toppnoteringin var árið sem leið að meðaltali um 96 aura, og þá þurfti íslenzka smjörið ekki að seljast fyrir meira en 71 e. að meðaltali, til að ná í verðlaun eftir frumvarpinu, þar sem það eftir gildandi lögum þurfti að seljast fyrir 75 a. til þess að ná í þau.

Eg heyrði rödd kveða við um það, að smjörið frá smjörbúunum væri verra en frá sumum heimilum. Það kann að vera svo fyrir íslenzkan smekk, slíkt er undir tilfinning gómsins komið, en enginn fullgildur dómsúrskurður um gæði smjörsins í sjálfu sér; og hér dugar eigi að fara eftir smekk vor Íslendinga, heldur verðum vér að haga oss eftir smekk Englendinga, sem smjörið kaupa.

Eggert Pálsson: Eg vil fúslega taka bendingu háttv. forseta til greina, og leitast við að fara ekki um of út í einstök atriði málsins. Mér finst þó að málið snúist aðallega um þessi tvö atriði: 1. að verðlaunin skuli miðuð við hæsta verð smjörmatsnefndarinnar í Kaupmannahöfn, og 2, að smjörið sé búið til á smjörbúum, sem veitt sé forstaða af manni, er kann til smjörgerðar fyrir erlendan markað.

Eg hygg að flestir séu á móti því, að miða við smjörmatsnefndina dönsku. Fleiri hafa vit á að meta smjör en hún. Háttv. framsm. (Þ. B.) mintist á, að svo kynni til að bera, að mikið safnaðist af smjöri á enska markaði frá Rússlandi og Síberíu. Það mundi hæglega geta leitt til þess, að íslenzkt smjör næði ekki að fá verðlaun, því að danska smjörið mundi þola samkeppnina og ekki lækka í verði. Og ráðið til að bæta úr því, væri þá ekki að miða við verð hinnar dönsku smjörmatsnefndar, heldur að færa niður takmörkin fyrir verðlaununum, t. d. úr 75 a. niður í 70 a. Með því mætti synda fyrir, að fólk, er sendir út smjör til sölu, yrði af verðlaunum þótt mikið bærist að markaðinum.

Að því er hitt atriðið snertir, þá sé eg enga ástæðu til að setja það skilyrði með lögum fyrir verðlaunum á smjörgerð, að smjörbúinu sé veitt forstaða af manni, er beinlínis hefir lært til smjörgerðar og tekið próf í henni. Salan sjálf ber vott um það, hvernig smjörið er tilbúið. Kaupendurnir meta það. Seljist það smjör vel, er þessi og þessi hefir búið til, þá er þar með sannað, að hann kann að starfinu, enda þótt hann ekki hafi tekið próf í því. Og því síður virðist mér ástæða til að þetta ákvæði standi í þessu frumvarpi, þar sem vörumerkjalög liggja nú fyrir þinginu.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 14. júlí (C. bls. 201, 210, 213).

Eggert Pálsson: Brt. á þskj. 68, er nafn mitt stendur við, kemur sjáltsagt engum af háttv. þingd.m. á óvart, eftir því sem mér féllu orð við 1. umr. þessa máls. Hún fer fram á, að niðurlaginu af 1. gr., orðunum »enda sé

smjörið — erlendan markað«, sé slept.

Eg mintist á það við 1. umr., að eg væri hræddur um, að þetta ákvæði reyndist óheppilegt í framkvæmdinni, og gæti orðið til þess, að aðal tilgangi frumvarpsins yrði ekki náð, sem sé þeim tilgangi, að hlynna að góðri smjörgerð, og útflutningi smjörs til erlendra markaða. Því að vitanlega geta fleiri búið til gott smjör, en þeir, sem beinlínis hafa tekið próf í smjörgerð. — Eg þekki til þess, að mörg heimili hafa búið til ágætt smjör, sent það til Englands og Danmerkur, og fengið svo gott verð fyrir, að tekið hefir fram verði á smjöri frá rjómabúunum. Þess vegna álít eg eigi réttlátt, að útiloka einstaka menn eða heimili frá verðlaunum, sem hafa svo mikla kunnáttu í smjörgerð til brunns að bera, að þeir gætu fengið á erlendum markaði fult eins hátt eða jafnvel hærra verð fyrir smjör sitt en rjómabúin. Mér skilst, að kepni þeirra eftir verðlaunum hlyti að stranda á því, að þeir þyrftu að leggja fram eitthvert sérstakt skírteini fyrir því, að þeir hefðu lært til smjörgerðar. Salan ein virðist mér sanna það nægilega, hvort þeir hafa bessa kunnáttu til að bera eða ekki. Að vísu mætti segja, að þetta ákvæði væri nauðsynlegt, til að koma í veg fyrir, að einstakir menn gætu sent smjör til útlanda undir annara merki, t. d. rjómabúanna. En eg benti á það við 1. umr. málsins, að fyrir þessu þingi lægi frumv. til vörumerkjalaga, sem líklegt er til að ná samþykki. Í það mætti taka upp eitthvert verndarákvæði gegn þessari hættu, ef það er ekki þegar í því.

Eg get því ekki fundið annað en að sjálfsagt sé að sleppa niðurlagi 1. gr. frumv.

Háttv. aðal-flutningsm. (Þ. B.) hefir haldið því fram, að meiningin væri ekki sú, að forstöðumenn eða forstöðukonur rjómabúanna þyrftu að hafa tekið próf, eða þeir sem sendu smjör á erlendan markað, heldur væri sjálfsagt, að ákvæðið væri sem frjálslegast í framkvæmdinni. En eg hefði þó haldið, að úr því það stendur í lögunum, þá yrði þó naumast hjá því komist, að taka tillit til þess, og að raunin mundi vart verða svo frjálsleg, sem háttv. flutningsm. (Þ. B.) ætlast til. Eg hygg því ráðlegast, að sleppa ákvæði þessu algerlega.

Eg sé að einn háttv. þingdeildarm. hefir komið fram með breytt. öldungis samhljóða minni (þgskj. 69).

Þetta skil eg sem vott þess, að fleiri séu á sömu skoðun, og vona eg því, að h. háttv. deild verði breyt.till. minni meðmælt.

Pétur Jónsson: Háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) hefir að mestu tekið ómakið af mér, með því að bera fram breyt.till. á þskj. 69, sem er alveg samhljóða minni (þskj. 68), og mæla fram með henni. Eg skal að eins bæta því við, er eg benti á um daginn, að það mun hafa verið tilgangur h. flutnm. (Þ. B.), með ákvæðinu í niðurlagi 2. gr., að reyna að koma í veg fyrir, að útflutningur á slæmu smjöri spilti fyrir góða smjörinu, eða með öðrum orðum, að hinir og þessir köstuðu skugga á rjómabúin með illri smjörgerð. — Sá tilgangur er að vísu góður og eðlilegur, en honum verður ekki náð með þessu ákvæði, sakir þess, að það miðar einmitt til að útiloka frá erlendum markaði alt gott smjör, sem ekki er frá rjómabúum. Smjör frá góðum heimilum stendur oft smjöri rjómabúanna lítið eða ekkert að baki. Aftur á móti hamlar ákvæðið alls eigi því, að hið lakara smjör, sem enginn væntir verð-

launa fyrir, komi á útlendan markað til þess að spilla þar fyrir íslenzku smjöri. — Eg álít því að ákvæðið eigi að falla burt.

Að endingu skal eg lýsa því yfir, að eg tek breyt.till. mína aftur, úr því önnur samhljóða er komin fram.

Björn Kristjánsson: Eg á brt. á þskj. 75, þar sem óskað er að á eftir orðunum »og þyngd þess« í fyrri málsl. 3. gr. komi: »með umbúðum«. Þessi breyting miðar að eins til að skýra ákvæðið, og vona eg, að hún verði tekin til greina.

Þórhallur Bjarnarson: Mér skilst að undirtektirnar undir frv. séu mjög góðar. Eina atriðið, sem nokkur ágreiningur er um, er niðurlag 1. greinar. — Og þar sem 2 háttv. samnefndarmenn mínir í búnaðarnefndinni hafa komið fram með samhljóða breyt.till. um þetta atriði, þá skal eg ekki etja kappi um það. Það sem vakti fyrir okkur, er við settum þetta ákvæði í lögin, var að hlynna sem bezt að rjómabúunum, og töldum það mundi verða til tryggingar sölunni á Englandi, að hægt væri að vitna í svo lagað ákvæði í lögunum. — Eg get að vísu ekki kannast við, að ákvæðið yrði til þess, að útiloka frá Englandi smjör frá heimilum, er kunna að búa það til gott, úr því verðlaunin ekki eru beint bundin við rjómabúin ein. Samt sem áður vil eg ekki gera þetta að kappsmáli, enda kann vel að vera, að fleiri keptu eftir að flytja út smjör á erlenda markaði og leita verðlauna, ef þetta ákvæði stendur ekki í lögunum.

Að því er snertir breyt.till. á þskj. 75, þá skal eg ekki segja, hvort hún er nauðsynleg eða ekki. En hins vegar fæ eg ekki séð, að hún geti verið til spillis.

ATKV.GR.: Breyt.till. 68 við 1. gr. sþ. með 16 samhlj. atkv.

Brt. 69 tekin aftur.

1. gr. með áorðinni breytingu samþ. með 22 samhlj. atkv.

2. gr. óbreytt sþ. í e. hlj.

Brt. 75 við 3. gr. sþ. með 14 samhlj. atkv.

3. gr. með áorðinni breytingu samþ. í e. hlj.

4. og 5. gr. sþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.-greiðslu.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr. 16. júlí (C. bls. 220).

Þórhallur Bjarnarson: Eg vildi að eins minna á prentvilluna í upphafi 2. gr. frumv.: veðlaun fyrir: verðlaun, en sem skrifstofan leiðréttir, áður en frv. fer til Ed.

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni samþ. í e. hlj. og afgreitt til Ed.

Skifting Kjósar- og Gullbringusýslu.

FRUMVARP til laga um að skifta Kjósar- og Gullbringusýslu í tvö sýslufélög (C. bls. 190); 1. umr., 7. júlí.

Flutningsmaður (Björn Kristjánsson): Það er eftir beiðni Kjósarsýslubúa, sem eg hefi gerst flutningsm. þessa frv. Það er ekki í fyrsta sinn nú í ár, að mál þetta kemur fram hér í deildinni. Það eru 26 ár síðan eða árið 1877, að Þorarinn Böðvarsson bar málið fyrst fram hér í deildinni, og var það þá felt með 11 : 11 atkv. — Örsökin til þess að málið féll þá, var sú, að það hafði ekki verið borið undir sýslunefnd, þótt raunar á því sama þingi væru samþyktar tvær aðrar sýsluskiftingar, án þess að hlutaðeigandi sýslunefndir hefði nokkuð um þær

fjallað. Árið 1879 hefir málið aftur komið fyrir þingið, en ekki verður séð, hvað við það hefir verið gert. Þingtíðindin gefa engar upplýsingar um það. Þegar svo var komið, þá var farið að bera málið undir sýslunefndina, því að það þótti vonlaust, að það kæmist nokkurn tíma fram nema sýslunefndin gæfi samþykki sitt til skiftingarinnar. — Árið 1879 skipaði sýslunefndin svo nefnd til að undirbúa og atbuga málið, og komst sú nefnd að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að skifta sýslufélaginu í tvent, og færði ástæður fyrir þessari tillögu sinni. Árið 1880 var svo samþykt í sýslunefndinni í einu hljóði að leggja með skiftingu sýslunnar í tvö sýslufélög, þannig, að 3 efstu hreppar sýslunnar mynduðu sérstakt sýslufélag fyrir sig. Frv. kom svo fram á þinginu 1881, en raunar í nokkru öðru formi, sem sé því, að Seltjarnarneshreppi var bætt við sem 4 hreppnum í uppsýslunni; engu að síður var frv. samþykt hér í deildinni, en var felt í Ed. af þessari ástæðu. Frv. kom svo aftur til sýslunefndarinnar í sama formi og það kom til Ed. en var felt þar. Þetta er nú, í fám orðum sagt, gangur málsins. Það er innileg ósk Kjósarsýslubúa, að skiftingin fari sem fyrst fram. — Atvinnuvegir sýslubúa eru að heita má gagnstæðir, landbúnaður aðalatvinnuvegur uppsýslubúanna, en fiskiveiðar aðalatvinnuvegur þeirra, er eiga heima í syðri hluta sýslunnar, og hversu óheppilegt þetta fyrirkomulag er þar, sést bezt af því, að það voru aðallega Kjósarsýslubúar, sem réðu úrslitum um fiskiveiðasamþyktirnar, sem flestöllum kemur nú saman um, að hafi verið illa ráðið. Annarsvegar er þetta, sem sagt, innileg ósk uppsýslu- eða Kjósarsýslubúanna, en hins vegar hygg eg, að Gullbringusýslubúum standi alveg á sama um, þótt þessir 3 hreppar séu teknir og látnir mynda sérstakt sýslufélag. Eg átti tal um þetta við oddvita sýslunefndarinnar, og sagðist hann auðvitað ekki vita vilja sýslunefndarinnar í þessu efni nú, en að honum sjálfum stæði það á sama. Eg skal að öðru leyti láta mér nægja, að vísa til skjala þeirra, er liggja frammi á lestrarsalnum, ef einhverjir þingd.m. kynnu að óska fyllri upplýsingu í málinu; þar liggja frammi mjög glöggar og skilríkar upplýsingar, sem síra Þorkell heitinn Bjarnason hefir safnað, og með tilliti til þess álít eg alveg óþarft að setja nefnd í málið, en vona, að frumv. nái nú samþykki þingsins í ár, svo það þurfi ekki að fylla 3. tuginn, sem málið stendur yfir, ekki flóknara en það er.

Landshöfðingi: Eg get fyrir mitt leyti verið samþykkur því, að skifta Kjósar- og Gullbringusýslu í tvö sýslufélög, en verð hins vegar eindregið að hallast að því, sem flutningsm. (B. K.) vék að í ræðu sinni, að skiftingin, eins og hún kemur fram í frv., er mjög ójöfn. Það sýnist engin meining geta verið í því, að láta eina þrjá hreppa mynda annað sýslufélagið, en aftur níu hreppa hitt; samkvæmt því yrðu í sýslunefnd Kjósarsýslu einir þrír auk oddvita, en í sýslunefnd Gullbringusýslu aftur tíu með oddvita. Miklu eðlilegra sýnist það vera, að láta Seltjarnarneshrepp fylgja þessum þremur hreppum, og það því fremur, sem telja má þann hrepp öllu fremur landbúnaðar- en sjávarsveit; það yrði líka nær sanni, að láta sýslunefndarmennina vera fjóra í annari og átta í hinni sýslunefndinni. — Eg verð því að gera það að skilyrði fyrir samþykki mínu, að Seltjarnarneshrepp verði bætt við þessa þrjá hreppa, sem frumv. fer fram á, að verði látnir mynda sérstakt sýslufélag.

Flutningsmaður (Björn Kristjánsson): Eg fyrir mitt leyti hefi ekki neitt á móti því, að frv. verði breytt í þessa átt, ef það ekki verður því að falli í háttv. Ed. (*Landshöfðingi*: Það verður frv. ekki að falli í h. Ed. nú). Fyrst svo er, og ef þessi h. deild yrði því meðmælt, þá er eg fús á, að koma með breytingu um, að taka upp Seltjarnarneshrepp sem 4 hreppinn. — En hvað þá mótbáru hæstv. landsh. snertir, að sýslufélagið verði of lítið, þá hygg eg, að það sé alment álitið, að því minni sem t. d. hreppur er, því betur sé honum stjórnað; sé það, þá ætla eg að sama mundi gilda um smá sýslufélög.

Lárus H. Bjarnason: Eg vil leyfa mér að stinga upp á að 3 manna nefnd sé skipuð í málið.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hlj.

Þriggja manna nefnd samþykt í einu hljóði.

Að viðhafðri hlutfallskosningu hlutu sæti í nefndinni:

Hannes Þorsteinsson,
Björn Kristjánsson,
Jón Magnússon.

Önnur umr. 11. júlí. (C. frv. bls. 190; nefndarálit bls. 200.)

Framsögumaður (Björn Kristjánsson): Eins og sjá má á nefndarálitinu, hefir nefndin verið á einu máli um það, að rétt væri að verða við ósk sýslubúa um að skifta Kjósar og Gullbringusýslu í tvö sýslufélög, en hún kom sér saman um að fallast á, að hagkvæmara væri, að Seltjarnarneshreppur fylgdi með Kjósarsýslu, og hefir hún í því efni farið að tillögu hæstv. landsh. við 1. umr. þessa máls, og hefir hún því breytt 1. gr. frv. í samræmi við þetta. Annað fann nefndin ekki athugavert við frv.

Eins og eg tók fram við 1. umr., liggur ekki fyrir fult samþykki sýslunefndar um þetta atriði, eins og það nú er orðið, en það á ekki að hafa áhrif á framgang málsins, enda mundi breytingin þá ekki fást, þar sem hreppar nir eru 9 í Gullbringusýslu og að eins 3 í Kjósarsýslu.

Mér er kunnugt, að Suðursýslubúar eru ekki á móti sýsluskiftingunni, talaði eg síðast í gær við merkan mann þaðan, sem altaf hefir verið henni hlyntur. Eg vona að hin háttv. deild taki frv. vel og leyfi því framgang, er það hefir nú verið á dagskrá í 26 ár.

Skúli Thoroddsen: Eg skal leyfa mér að láta þá skoðun í ljósi, að mál þetta sé enn ekki svo undirbúið, að það eigi að fá framgang á þessu þingi. Eins og hv. frsm. tók fram, hefir sýslunefnd ekki samþykt þessa skiftingu, sem hér er farið fram á. Hún hefir að vísu samþykt fyrir 23 árum að skifta sýslunum; en að Seltjarnarneshreppur fylgdi Kjósarsýslu, því var nefndin algjörlega á móti 1896, í hið eina skifti, er nefndin hefir lýst skoðun sinni um það atriði; hér vantar einnig allar upplýsingar um það, hvort Seltjarnarneshreppur vill heldur fylgja Gullbringu- eða Kjósarsýslu, er skiftingin fer fram, og mér finst það réttast, að leitað sé álits hreppsbúa um það, enda fæ eg ekki séð, að þessu máli liggi svo mikið á, að ekki megi fresta því til næsta þings.

Það sem olli því áður, að þessi ósk kom fram hjá Kjósarsýslubúum, var það, að ástandið í suðursýslunni var all-bágt fyrir nokkrum árum, þegar aflabrögð á opnum bátum tóku að bregðast; en nú er ástandið í suðurhreppunum orðið mun betra, og þörfin á skiftingunni því engan veginn jafn brýn. — Eg fæ heldur ekki séð, að það verði rökstutt með ólíkum atvinnuveg-

um, að skilja Seltjarnarneshrepp frá Gullbringusýslu, því að því er Seltjarnarneshrepp snertir, þá er hann ekki landbúnaðarsveit; þvert á móti, er atvinnuvegum þar svo háttað, eins og í öðrum pörtum Gullbringusýslu; þar er stundaður sjávarútvegur, er styðst við landbúnað.

Eg verð líka að líta svo á, að hefði mönnum verið það áhugamál, að koma þessu máli fram nú á þessu þingi, þá hefði það verið borið upp í sýslunefnd í vetur; en það hefir ekki verið gert, enda sýnir öll meðferð sýslunefndarinnar, að áhuginn er ekki mjög vakandi í þessu máli, þar sem því er fyrst hreyft 1880, og svo líða 16 ár þangað, til því er hreyft aftur. Eg held því að réttara sé, að þingið fresti þessu máli, unz sýslunefndinni hefir gefist kostur á að íhuga það að nýju. Gæti eg trúað því, að sú yrði niðurstaðan, að skifta sýslunum, ef Kjósarsýslubúum er þetta enn áhugamál, og að Gullbringusýsla yrði þá sér, og Kjósarsýsla sér, en að ekki yrði farið að taka einn hrepp úr Gullbringusýslu og leggja við Kjósarsýslu, því það er eg hræddur um að fái ekki fylgi. Eg vil því ráða frá því, að þetta mál verði afgreitt af þinginu, eins óundirbúið og það er af hálfu sveitastjórnarvalda þeirra, sem um það eiga að fjalla.

Framsögumaður (Björn Kristjánsson): Hv. þm. Ísf. þótti málið ekki undirbúið, en það verður aldrei betur undirbúið, þar sem það nú hefir verið á dagskrá í 26 ár, enda getur maður aldrei búist við, að hinn veikari yfirbugi hinn sterkari. Þingið hefir heldur eigi haft þá stefnu, að samþykki sýslunefnda væri nauðsynlegt skilyrði fyrir að sýslum mætti skifta. Síðan 1877 hefir 3 sýslum verið skift, án þess að sýslunefndirnar samþyktu það, að undantekinni sýslunefnd Ísafjarðarsýslu. Barði þáverandi sýslumaður það fram í sýslunefndinni fyrir óvenjulegt fylgi, að samþykki sýslunefndarinnar fengist. Það getur aldrei komið til greina, að 3—4 atkv. megi á móti 9, en það á ekki að ráða úrslitunum hér í deildinni, heldur hitt, hvort það er sanngjarnt að lofa þeim að vera sér, sem vilja vera sér. Viðvíkjandi því, að ekki séu komnar sönnur á, að Seltjarnarneshreppur vilji fylgja Kjósarsýslu, þá er mér kunnugt um, að hann vill það, enda er það eðlilegt, þar sem atvinnuvegir þar eru yfirleitt hinir sömu og í öðrum hreppum sýslunnar. Í allri uppsveitinni er tómur landbúnaður, öldungis eins og í hinum hreppunum. Eg get ekki skilið, að ekki liggi á að koma þessu máli fram, þegar verið hefir reynt til þess að fá því framgengt í 26 ár. Og víst er, að þeim er bezt að búa saman, er saman vilja vera.

ATKV.GR.: Brtill. 51 sþ. með 17 samhlj. atkv. Þar með 1. gr. frv. fallin.

2. gr. frv. sþ. með 19 samhlj. atkv.

3. og 4. gr. hvor um sig sþ. með 19 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3 umr. með 19 samhlj. atkv.

Þriðja umr. 14. júlí. (C. bls. 209).

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni sþ. með 17 samhlj. atkv. og afgr. til Ed.

Aðflutningsgjald af smjörlíki o. fl.

FRUMVARP til laga um aðflutningsgjald af smjörlíki o. fl. (C. bls. 192). 1. umr. 7. júlí.

Flutningsmaður (Eggert Pálsson): Það má segja um frv. þetta, að það sé að nokkru leyti gamalt, sé uppvakningur frá fyrri þingum, að því er smjörlíkistoll snertir og toll á kartöfl-

um; aftur á móti er það nýgerfingur að því er til osttollsins kemur. Það má hugsa sér, að tilgangur frv. sé meðfram sá, að afla landssjóði tekna, þar sem tollurinn er ekki ákveðinn svo ýkja hár, að búast má við, að töluvert af vörum þessum flytjist inn í landið eftir sem áður. Frá þessu sjónarmiði er þá frv. alls eigi óþarft, því að ekki veitir landssjóði af tekjuauka. En eg verð að játa það, að aðaltilgangur minn með að koma með frv. þetta, er eigi sá, að auka tekjur landssjóðs, heldur er hann sá, að rétta landbúnaðinum mína veiku hjálparhönd, og þeirra, er mig vilja styðja að málum, honum til viðreisnar. Að undanförnu hefir stefna sú, sem kemur fram í frv. þessu, ekki átt upp á pallborðið hjá þinginu. Menn hafa gengið svo að segja með lokuðum augum fram hjá þörfinni á að rétta landbúnaðinum hjálparhönd. En nú sýnist vindur blása úr annari átt. Það hafa eigi ósjaldan nú á seinni tímum kveðið við þær raddir, að nauðsyn bæri til að styðja landbúnaðinn. Þessar raddir hafa komið bæði á fundum, í blöðum og í bókum. Vér sveitabændurnir metum nú mikils þann vilja og þá sanngirni, sem í þessu kemur í ljós, en vér getum ekki lifað eða blómgast af velvildarorðum tómum; framkvæmd þarf að fylgja orðunum, ef að haldi á að koma. En hvernig á sú framkvæmd að vera, hvernig á að reisa landbúnaðinn við? Sumir telja það nægja, að prédika kjark í bændur, prédika þeim það, að landbúnaðurinn hljóti innan skamms að komast í það horf, að hann veiti þeim, er hann stunda, sæmilega afkomu; það sé um að gera, að stunda búnaðinn af kappi og láta ekki hugfallast. Eg játa að þessar prédikanir geti verið fluttar af góðum hug, og séu í sjálfu sér þarfar og góðar, en einhlítar eru þær engan veginn. Sumir vilja kippa landbúnaðinum í lag með styrkveitingum eintómum af opinberu fé. Að vísu er mikils metandi sá velvildar og hjálparhugur, sem fram hefir komið í þessu, og án efa hafa slíkar styrkveitingar gert mjög mikið gagn. En eigi mun þó þetta heldur reynast einhlítt til að hefja landbúnaðinn upp úr niðurlæging þeirri, sem hann er kominn í; hún er meiri en svo, að það eina ráð dugi honum til viðreisnar. Í nálega hverri sveit er kvartað yfir megnri vinnufólkseklu, og bændur hlaupa jafnvel frá jörðum sínum, annaðhvort til sjávarins og kaupstaðanna, eða þá til Ameríku. Og er því eigi annað sýnna, en að blómlegustu sveitir muni leggjast í auðn; enda þegar farið að bóla allmjög á því. En af hverju kemur þá þetta? Ekki af öðru en því, að landbúnaðurinn, eins og hann er nú, er svo óaðvænlegur í augum fólks. Það dugar ekki að segja við fólkið: ræktið landið, ræktið landið. Það skellir að sjálfsögðu skolleyrum við þeim áminningum, þegar það finnur, að flest annað borgar sig betur að stunda.

En hvað er þá það, sem stendur landbúnaðinum mest fyrir þrifum? Eftir minni skoðun er enginn vafi á því, að það er einkum og sér í lagi hinn grimmilegi óhefti aðflutningur á útlendum vörum, sem íslenzkur landbúnaður getur þó vel framleitt; þessi aðflutningur, er þrýstir verðinu á afurðum sveitanna niður úr öllu hófi. Einkum nær þetta til þeirra þriggja vörutegunda, sem í frv. eru nefndar, og eg fæ því eigi betur séð, en að helzta ráðið til þess, að landbúnaðurinn geti náð nokkrum þrifum, sé það, að þingið stigi spor í þá átt, að hefja þessar vörur í verði fyrir hina íslenzku landbændur; en eini vegurinn til þess mun svo aftur vera sá,

að hefta með aðflutningsgjaldi innflutning þeirra vörutegunda, sem spilla verðmæti afurða landbúnaðarins.

Sumir halda því fram, að réttast muni að styðja landbúnaðinn eingöngu með því að verðlauna fleiri eða færri af afurðum hans. Eg játa það að vísu, að í því geti verið nokkur stoð, en hætt álít eg þó við því, að það muni verða nokkuð dýrt fyrir landssjóðinn, ef að fullum notum á að koma, og margur muni þá fara að kynoka sér við að greiða atkvæði með verðlaunununum.

Sem sagt, ef alt verður enn látið sitja við sama, og ekkert frekara verður gert fyrir landbúnaðinn nú en á undanfarandi þingum, þá tel eg það ekki vafa bundið, að landbúnaðarsveitirnar muni leggjast í auðn og það fyr heldur en seinna. En hvað tekur þá við? Ekki annað en það, að Ísland verður eingöngu fiskiver nærliggjandi þjóða, og íslenzkt þjóðerni þar með útdautt.

Það mætti nú segja að frv. þetta væri ósanngjarnt, ef eigi væri til gnægð í landinu sjálfu af vörutegundum þeim, sem farið er fram á að tolla, en fyrir því mun eigi þurfa að bera kvíðboga. Það mun vart verða með rökum sagt, að eigi sé nóg viðbit í landinu, enda gefur það að skilja, að svo muni hljóta að vera, þar sem landbúnaður, aðallega bygður á kúarækt og sauðfjárrækt, er enn þá annar aðalatvinnuvegur landsbúa. Hið sama má segja um ost; vér höfum ærið nóg efni í osta, og þarf ekki annað því til sönnunar en minna á hina miklu skyrgerð hér á landi. Það er því engin hætta á því, að landið geti ekki framleitt nægan ost handa íbúum sínum og meira en það, undir eins og landsmenn snúa sér fyrir alvöru að ostagerð, og það munu þeir gera jafnskjótt og þar skapast arðvænleg atvinnugrein fyrir þá; en af því að ostagerð er hér fremur lítil enn, þá hefi eg þó slegið þann varnagla, að setja tollinn á ostpundinu eigi hærri en 5 aura. Sá tollur er eigi hærri en svo, að eigi verður nein frágangssök að kaupa ost frá útlöndum, en eg vona þó nógu hár til þess að auka ostagerð í landinu sjálfu, og skapa þeirri vörutegund markað. Þá held eg og, að engum geti blandast hugur um það, að landið á að geta framleitt nægar kartöflur, og það mundi líka þegar gera það, ef nokkur veruleg uppörfun væri til þess veitt.

Að minsta kosti mundu menn á Suðurlandi ekki þurfa til lengdar að kvarta um kartöfluleysi. Tilgangur þessa frv. er þannig sá, að rétta landbúnaðinum hjálparhönd, honum til viðreisnar, og vona eg að hann eigi svo marga velviljaða styrktarmenn hér í deildinni, að þeir taki þessu frv. vel. En þar sem nú áður hefir verið skipuð nefnd í landbúnaðarmálið, þá virðist ekki ástæða til að skipa sérstaka nefnd í þetta mál, heldur mun það henta bezt, að vísa því til landbúnaðarnefndarinnar.

Björn Kristjánsson: Eg vil leyfa mér að stinga upp á sérstakri nefnd í þetta mál. Að minni skoðun er það fremur tollmál en landbúnaðarmál, og virðist mér því óviðeigandi að vísa því til landbúnaðarnefndarinnar. Eg sting upp á 5 manna nefnd.

Flutningsm. (Eggert Pálsson): Eftir þeirri stefnu, er vakir fyrir mér sem flutningsmanni, og sem er grundvöllur þessa frumvarps, verð eg að líta svo á, að málið heyri undir landbúnaðarnefnd en alls ekki tollaganefnd. Eg held því fast við uppástungu mína.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 20 atkv. gegn 1.

Tillaga um sérstaka nefnd feld með 11 atkv. gegn 10.

Málinu vísað til landbúnaðarnefndarinnar með 21 atkv. gegn 1.

Önnur umr., 14. júlí (C. bls. 192, n. bls. 209, brt. bls. 213).

Framsögum. (Eggert Pálsson): Hin háttv. deild hefir nýlega fengið í hendur nefndarálit í þessu máli. Að vísu er það ekki langt, en það nægir til að sýna að nefndin, er hafði landbúnaðarmálin til meðferðar, hefir að mestu leyti fallist á frumvarpið. Að eins einn af nefndarmönnunum hefir skrifað undir með athugasemd, og þykist eg vita, að hann muni gera grein fyrir henni. Hinir 4 skrifuðu allir undir athugasemdarlaust, og er mér kunnugt um, að þeir allir álitu þetta frv. vel fallið til að ná samþykki deildarinnar. Nefndin viðurkendi að grundvöllur frumvarpsins væri eðlilegur og réttmætur og að það aðallega miðaði til að rétta landbúnaðinum hjálparhönd. Eg tók fram við 1. umr. að margar raddir hefðu heyrst í þessa stefnu, en að alt minna hefði orðið um framkvæmdirnar. Með frumv. er gerð tilraun til að láta framkvæmd koma á eftir orðum. Landbúnaðurinn má ekki sökkva dýpra en hann þegar er sokkinn.

Líti maður á landshagsskýrslurnar fyrir árið 1900,—frá 2 síðustu árum hefi eg ekki getað fengið skýrslur, — sér maður, að á því ári fluttist inn í landið smjörlíki fyrir rúml. 100 þús. króna. Eg ímynda mér að enginn þingdeildarmaður sé í vafa um, að þessa vöru eigi landið sjálft að gefa af sér, þ. e. að skilja, jafngildi hennar í feiti. Árið 1900 voru flutt inn um 189,303 pd. af smjörlíki, er nam um 100,605 kr. Mér blöskrar — og svo vona eg að fleirum geri — að leggja út yfir 100 þús. kr. fyrir smjörlíki, að kaupa af útlendingum það, sem þetta land er eins vel lagað til að framleiða sem önnur lönd, því að því getur þó enginn neitað, að Ísland er sérstaklega vel til þess fallið að ala kvikfé, bæði kýr og sauðfé.

Það mætti segja að of frekt væri í farið með frv., ef þessi efni, sem jafngilda smjörlíkinu, væru eigi til í landinu sjálfu. Að vísu er ekki nóg að fullyrða að svo sé, heldur verður líka að sanna það. Í því skyni vil eg benda á, að sama ár og eg miðast á, árið 1900, fluttust út úr landinu 80,477 pd. af tólg. Eg segi ekki að það sé mikið á móti því, er innflyzt af smjörlíki; samt hefir tólg meira fitugildi en smjörlíki, eftir því sem búfróðir menn reikna. Enn fremur ber þess að gæta, að upp í hin áður töldu 189,000 pd. smjörlíkis mætti láta koma nokkra tugi þús. pd. af öllu því lýsi, er kaupmenn flytja úr landi. Og þannig mætti fá 160,000 pd. feitmetis. Ennfremur ber að gæta þess, að um þessar mundir flyzt afarmikið út af kjöti, er felur í sér mikið fituefni. Ef nú tollur væri lagður á smjörlíki, og smjör þar af leiðandi hækkaði í verði, þá mundi það leiða til meiri kjötnotkunar innan lands, því að þá færu menn að nota í stað smjörs, jafnframt kjötinu sjálfu, fituna sem rennur af kjötinu, er á íslenzku kallast flot. Jafnskjótt sem það sýndi sig, að smjörið hækkaði í verði, mundi líka framleiðslan aukast; það hefir reynslan sýnt, að því betur sem varan gengur út, því meira er framleitt af henni. Hér um árið, þegar sem mest fluttist út úr landinu af sauðfé, spáði eitt af vorum heldri blöðum því, að ekki mundu langir tímar líða, áður Ísland væri orðið gersamlega sauðfjársnautt. En hver varð raunin á? Sauðfjárstofninn hefir þvert á móti aldrei verið jafn mikill hér á landi, eins og um það leyti, er

sauðfé var í hæstu verði, á seinustu árunum áður en enska aðflutningsbannið skall á. Og sama mundi gilda um smjörið. Því hærra sem verðið er, þess meiri er framleiðslan.

Þegar mál þetta lá til umræðu fyrir deildinni um daginn, gerði enginn hinna háttv. þingdeildarmanna athugasemdir við þann lið frumv., er að smjörlíkistollinum lýtur. Aftur á móti var þessu frv. í einu af blöðum höfuðstaðarins líkt við það, að selshausi hefði skotið upp hér í deildinni. Það er öllum vitanlegt, hver er ritstjóri þessa blaðs. Mönnum getur því naumast komið á óvart, þótt hann rísi öndverður gegn slíkum tolli, sem hér er farið fram á. Það er eðlilegt, þótt hann og aðrir þeir, er skipa líkan sess í mannfélaginu, og ekkert framleiða sjálfir, taki hart á verndartollunum, er gera þeim lífið dýrara. Um þennan lið frv. hefi eg svo ekki meira að athuga að sinni, meðan engin andmæli eru hafin gegn honum í deildinni.

Þá kemur hinn 2. liður frumvarpsins, þar sem farið er fram á að leggja toll á ost, sem innfluttur er frá útlöndum. Eg mintist á það við 1. umr., að það mundi vera til hér í landinu sjálfu gnægð af því efni, sem notað er til ostagerðar, og til sönnunar því, minti eg á hinn makalausa og mikla skyrtilbúning í landinu, og að það væri öllum kunnugt, að í skyrinu eru einmitt sömu efni, sem notuð eru í osta. Það má búast við þeirri athugasemd, sem mótmælum gegn þessum tolli, að menn hér kunni ekkert til ostagerðar. Eg skal nú ekki segja neitt ákveðið um það efni, það hefir svo ákaflega lítið reynt á það enn, eins og skiljanlegt er, þar sem nú eru fluttir inn í landið ostar, sem seldir eru í verzlunum jafnvel á 25—30 a. pd. Og meðan svo gengur, er engin furða þó lítil reynsla sé fengin fyrir því, hvort menn kunni að búa til osta. Það mun enginn bóndi láta sér detta í hug, að það sé tilvinnandi verk, að búa til osta fyrir, við skulum segja, 30 aura pd., þótt það auðvitað sé of hátt sett, því fyrir þá osta, sem seldir eru í verzlunum fyrir 30 a. pd., fær bóndinn auðvitað ekki það verð.

Hvað annars ostagerðina hér á landi snertir, þá skal eg geta þess, þótt það kunni að þykja sjálfshól, að tilraun hefir verið gerð í þessa átt. Sá ostur hlaut viðurkenningu og lof hjá þeim mönnum, sem vit höfðu á að dæma um það. En þrátt fyrir það að tilraunin hepnaðist og osturinn þætti jafnvel taka fram útlendum osti, þá varð þó að hætta við söluna, vegna þess, að svo mikið berst að landinu af ódýrum osti frá útlöndum. Til upplýsingar um innflutninginn skal eg geta þess, að eftir landshagsskýrslunum fyrir árið 1900, þá voru flutt hingað inn í landið 32,995 pd. af osti, og var verðmæti hans í peningum 17,087 kr. Mér blöskrar að fleygja út úr landinu annari eins upphæð, þó eigi sé stærri, fyrir vöru, sem nóg efni eru til í í landinu sjálfu.

Þá kem eg að 3. lið frumv., þar sem farið er fram á að leggja 10 a. toll á hver 10 pund af aðfluttum kartöflum. Um þennan þriðja lið frv. hygg eg að eg þurfi ekki að vera eins langorður og hina liðina, vegna þess, að um hann ættu bæði sjávar- og landbændur að geta tekið höndum saman, því það er þeim báðum til jafnmikils hags, að stemt sé stigu fyrir, að flutt séu hingað til lands árlega mörg hundruð tunnur af þessari vöru. Eftir landshagsskýrslunum yfir aðfluttar vörur árið 1900, voru fluttar hingað til lands 4290

tn. og kostuðu 39725 kr., eða sem næst 40 þús. Mér óar hreint og beint við því, að kasta út þessari miklu upphæð, þar sem í landinu sjálfu, að minsta kosti á Suðurlandi, er mjög hægt að rækta meira en nægilegt handa öllum landsbúum af kartöflum. Megnið af strandlengju Suðurlandsundirlendisins má með mjög litlum kostnaði gera að frægasta kartöfluakri. Það sem þarf að gera, er að bera þangið frá sjónum upp í sandinn afgirtan, og láta það rotna í honum. Það er alt og sumt. Eftir nokkurn tíma er þar svo kominn upp bezti kartöfluakur. Þannig er það á Eyrarbakka. Sama má segja um Akranes og eg hygg einnig, að svo sé einnig víða vestur á Mýrum. Já, það er meira að segja nú sem stendur til meira en nóg af ræktuðum kartöflum handa öllum landsbúum. Eg þekki meðalheimili, sem hafa milli 20 og 30 tunna kartöfluuppskeru, og hve stórmikill hagur væri það ekki fyrir slík heimili, að geta flutt dálítið af uppskerunni til kaupstaðanna og komið á markað, til þess að fá sér ögn af annari fæðu í staðinn. Það væri ekki einungis efnalegur hagur, heldur einnig mjög gagnlegt fyrir heilsu manna, því það er mjög óholt, að lækna áliti, fyrir maga manna að neyta kartafla sem aðalfæðu. Menn munu nú segja, að það sé ekkert, sem meini bændum að selja sínar kartöflur. Þeir geti flutt þær hingað suður og komið þeim á markað, og þetta kann að virðast satt í fyrsta áliti. En hver verður reyndin á? Hvað skeður, ef einhver bóndi flytur kartöflur hingað? Hvaða svar fær hann þá hjá kaupmanninum, þegar hann fer að bjóða honum þær? Jú, hann fær það svar, að sem stendur hafi hann, kaupmaðurinn, nægar birgðir af kartöflum, og með næsta skipi eigi hann von á nýjum forða.

Það er alls ekki af því, að eg álíti eigi 8—10 kr. nægilegt verð fyrir kartöflutunnuna, að eg vil tolla aðfluttar kartöflur. Eg álít hvern bónda fullsæmdan af þeirri borgun, og eg hvorki býst við því, eða kem með þennan toll í því skyni, að hækka verðið á kartöflum, heldur eingöngu til þess, að hann verði hvöt fyrir bændur, til að gefa sig verulega að kartöfluræktog svo aðallega til þess, að beina verzluninni í rétta átt, því eg er hræddur um, að ef ekkert haft verður lagt á þennan aðflutning, þá haldist það óheppilega ástand við, að menn kaupa kartöflur sínar frá útlöndum, í stað þess að kaupa þær af innlendum sjávar- og sveitabændum.

Breyttill. hafa eigi komið fram nema ein, er fer fram á að færa tollinn á smjörlíkinu úr 10 aurum niður í 5 a., og færa 10 aura tollinn af hverjum 10 pd. kartafla niður í 5 aura. Eins og gefur að skilja, þá er eg mótfallinn báðum þessum breytingum á frv., en lýsi því þó yfir, að mér þykir betur hálfur skaði en allur, og að eg mun sætta mig við það, sem annan neyðarkost, ef breytingartillagan verður samþykt.

Jón Magnússon: Eg held að flm. (E. P.) geti ekki sagt um þingið, að það sé ófúst á að rétta landbúnaðinum hjálparhönd, þó þetta frumv. kæmist ekki í gegn. Frumv., sem samþykt var nú hér í deildinni næst á undan, (o: verðlaun fyrir útflutt smjör), sýnir það, að deildin er ekki ófús á að hlaupa undir bagga með landbúnaðinum, og þingið sjálft hefir áður sýnt hið sama.

Það er í raun og veru undarlegt, að enginn skyldi rísa upp á móti því við fyrstu umræðu þessa máls, þegar um það var að ræða, að koma á verndartollum. Það hefir þó yfirleitt verið ríkjandi skoðun til skamms tíma, að

verzlunin eigi að vera frjáls, og að engir verndartollar eigi að eiga sér stað. Eg fyrir mitt leyti vil nú alls ekki fara svo langt, en álít að skynsamlegir verndartollar geti verið gagnlegir, en þá verða að vera fyrir hendi þessi þrjú skilyrði:

1, að vara sú, sem vernda á, sé svo góð, að hún eigi verndun skilið.

2, að sú vernd, sem veitt er, komi vörunni að verulegum notum.

3, að tollurinn ofþyngi ekki einhverjum vissum hluta þjóðarinnar.

Eg skal nú ekkert segja um það, hvort það smjör sé þannig, að það eigi vernd skilið, sem ekki getur orðið selt á útlendum markaði og náð í verðlaunin. Það hefir áður verið sagt á þingi, að lítil ástæða sé til að vernda íslenzkt gráðasmjör, og að til þess stefni verndartollurinn, heldur eigi að hlaupa undir baggann, með því að verðlauna gott smjör, og þetta hefir þingið einnig gert. Eg ímynda mér, að eini árangurinn af þessu frumv. mundi verða sá, að smjörlíki það, sem inn yrði flutt, mundi verða enn verra en það, er nú er selt hér. Það mundi gera það að verkum, að ódýrasta smjörlíkið, sem nú er selt fyrir um 40 aura pundið, mundi hækka upp í c. 50 aura, og þannig einungis verða vernd fyrir lökustu tegund af íslenzku smjöri, en hafa lítil áhrif á söluverð betra smjörs. Eg vil þó ekki neita því, að þessi tollur gæti að einhverju leyti komið smjörverðinu að liði, en ostatollinum verð eg að vera algjörlega mótfallinn. Ostagjörð er sannarlega ekki á því stigi hér á landi, að þess vegna beri að vernda hana með verndartolli.

Að hækka verðið á kartöflum um 2 kr. tunnuna, er hið sama sem að útiloka menn frá því, að kaupa sér þá fæðu. Þær eru sem stendur í svo háu verði, að við það má ekki bæta.

Alt þetta er þó ekki sú verulegasta ástæða fyrir mig til að vera á móti frumv. Aðalástæðan fyrir mig er sú, að í frumv. er farið fram á, að leggja beinan skatt á nokkurn hluta þjóðarinnar, til gagns fyrir hinn; skatturinn er lagður á sjávarbændur og kaupstaðaríbúa, til gagns fyrir landbændur, en sjávarútvegurinn er ekki svo staddur, að hann sé fær um að bera öllu meiri gjöld, en hann ber, og hann hefir hinsvegar heldur ekki notið neinnar sérstakrar verndar hjá þinginu. Eða hvað hefir honum verið lagt af landsfé til móts við það, sem landbúnaðurinn hefir verið styrktur? Jú, það hefir verið lagður útflutningstollur á allan sjávarafla; það er, má heita, öll sú verndun, sem sjávarútvegurinn hefir notið.

Það er í sjálfu sér mjög vafasamt, hvort vér erum komnir á það stig verklegrar menningar, að verndartolla megi á leggja, og hvort yfir höfuð eigi að vernda landbúnaðarafurðir með tollum, en sé það gert, þá er það engum efa bundið, að það verður að ske með verndartollum, sem koma jafnt niður á allri þjóðinni, en ekki með tollum, sem hvíla eingöngu á vissum hluta hennar.

Hannes Þorsteinsson: Eg á hér ofurlitla breyt.till. á þingskj. 77, sem eg vildi minnast á fáum orðum.

Eg skal geta þess, að skoðanir okkar, 1. þm. Rangv. (E. P.) og mín, um þetta mál, falla ekki að öllu leyti saman, og skal eg leyfa mér að skýra frá því, af hverju eg hygg að þetta stafi. Eg ímynda mér, að það eigi helzt rót sína að rekja til þess, að þó að Árnes- og Rangárvallasýsla, sem við erum þingmenn fyrir, séu nærliggjandi nágrannahéruð, þá séu skoðanir manna

um þennan toll töluvert skiftar, og líklega talsvert ólíkar í sýslunum, sem mun stafa af því, að í Árnessýslu eru rjómabúin í mestum blóma hér á landi, en í Rangárvallasýslu eru þau aftur á móti mjög fá, enn sem komið er. Það var áður almenn skoðun í Árnessýslu, að smjörlíkistollur væri mjög nauðsynlegur, en nú er lögð mjög lítil áherzla á hann, síðan smjörið þaðan fór að seljast á útlendan markað. Það var ymprað á tillögu á öðrum þingmálafundinum í vor, um að leggja toll á smjörlíki, en það hafði svo lítið fylgi, að það var hætt við að bera upp nokkra ákveðna tillögu í þessa átt. Auðvitað voru sumir hlyntir sjörlíkistolli, en þetta varð þó að samkomulagi, og er það skiljanlegt, vegna þess, að tala þeirra, sem framleiða smjör utan rjómabúa, hefir minkað svo mikið, og þar af leiðandi tala þeirra, sem hafa hag af smjörlíkistollinum, því það er einungis smjörframleiðslunni utan rjómabúanna, sem smjörlíkistollurinn verður að liði. Að aðflutningur hingað af innlendu smjöri hafi að undanförnu verið enda meiri en áður fyr, kemur auðvitað af því, að hægra hefir verið að koma smjörinu á markað, og af því, að rjómabúin eru ekki orðin almenn enn þá; en að því mun koma áður en langt um líður, að allur þorri bænda verði með í rjómabúunum, og þá er hætt við, að í kaupstöðunum verði hörgull á smjöri, sem selt er utan rjómabúa, og þegar svo er komið, hefir smjörlíkistollurinn engan tilverurétt og er óheppilegur.

Til miðlunar millum þeirra, er smjörlíkistoll vilja hafa, og þeirra, er engan toll vilja, fer eg fram á í breyt.till. minni, að smjörlíkistollurinn verði færður niður í 5 aura á pundinu, og jafnframt vil eg færa kartöflutollinn niður í 5 aura á hver 10 pund, í staðinn fyrir í frumv. er smjörlíkistollurinn settur 10 aura pundið og kartöflutollurinn 10 á hver 10 pd.

Eg vildi ekki fara fram á að fella smjörlíkistollinn alveg burtu, en eg vil alls ekki hafa hann svo háan, að hann geti að neinu leyti skoðast sem verndartollur, heldur að eins reynslutollur, til að auka tekjur landssjóðs. Ef lagður væri 10 aura tollur á smjörlíkispundið, þá yrði það sama sem að hækka smjörlíkisverðið um 20—30 aura, því kaupmenn hækka ætíð þá vöru, sem tolluð er, um 2-falt til 3-falt verð tollsins. Þetta yrði því hreinn og beinn verndartollur, en eftir brtill. minni, yrði hækkunin ekki meiri, en sem nemur 10—15 aurum, og það yrði alls ekki ókleift, þótt lægsta smjörverð hækkaði um það, frá því sem nú er.

Auk þess er það við þennan toll að athuga, að þegar rjómabúunum fer að fjölga að mun, þá fara bændur sjálfir, sem í þeim eru, að kaupa sjörlíki til viðbits, því að það væri gróðahnykkur fyrir þá, eftir því verði, sem nú er á smjörlíki. Eg veit enda dæmi til þess, að slíkt hefir komið fyrir nú þegar. Auðvitað er þetta ekki alment enn þá, en eg hefi þó talað við einn útvegsbónda héðan af Seltjarnarnesi, sem segist hafa haft töluvert af smjörlíkispöntunum fyrir Árnesinga, og hann viti, að þessar pantanir muni aukast. Eg hefi enga ástæðu til að rengja frásögn þessa manns.

Menn kunna nú að segja, að verndartollur sé réttur, vegna þess, að það yrði til þess, að hér kæmi upp innlend sjörlíkisverksmiðja, og kann það vel að vera, að það væri heppilegt. En slíkar verksmiðjur eru mjög dýrar. Það hefir verið leitað upplýsinga um, hvað kosta mundi að koma á stofn slíkri verksmiðju hér á landi, og eftir þeim upplýsingum mundi það verða af-

ardýrt; tólgin okkar t. d. ofdýr, og ekki sem bezt fallin til notkunar við smjörlíkisgerð, svo að eg hygg, að það væri óráð fyrir landið, að ráðast nokkuð í slíka verksmiðjustofnun. Að vísu gætu auðvitað einhverjir auðmenn eða hlutafélög sett á stofn slíkar verksmiðjur, en yrðu það einstakir auðmenn, rynni ágóðinn í þeirra vasa, enda alveg ósagt, í hvaða landi þeir þá mundu eyða arðinum af þessari stofnun. Það er heldur ekki að vita, hvernig það smjörlíki yrði að gæðum til, sem innlend smjörlíkisverksmiðja framleiddi, mjög hætt við, að það yrði miklu lakari vara en hið erlenda smjörlíki. Nú hefir erlent smjörlíki stórbatnað hin síðustu ár, svo að nú má fá mjög gott smjörlíki fyrir 40—50 aura. Áður var það smjörlíki, sem fluttist hingað, mesti óþverri, naumast ætt, og mér finst einnig verða að taka tillit til þess, ef við ættum á hættu, að fá aftur sama óþverrann eða annan verri.

Hvað tollinn á kartöflum snertir, þá skilst mér meiningin með honum sé sú, að auka framleiðslu á þeim í landinu. Eg er alveg samdóma h. flutnm. (E. P.) um það, að við eigum að auka alla framleiðslu í landinu sjálfu, og þá sérstaklega kartöflufframleiðsluna, því hún er arðsamasta ræktun, sem hér er rekin, þar sem hún gefur $^1/_3$ meiri arð en gras ræktað á jafnstóru svæði, og gæti þessi tollur orðið til þess, þá skyldi eg óhikað verða með honum. En eg efast dálítið um, að þetta, sem frumv. fer fram á, sé ráðið til þess. Að minsta kosti gæti eg hugsað mér önnur ráð, sem betur ættu við, og kæmu að fult eins miklu haldi. Eg hefi ætíð verið þeirri aðferð fast fylgjandi, að hvetja menn með verðlaunum til aukinnar framleiðslu á hverri vöru sem er, og eg vildi feginn vera með til að gera eitthvað í þá átt, í þessu efni, því mér dylst það ekki, að það væri mikill vinningur fyrir þjóðina, ef kartöfluræktin ykist og batnaði að mun.

Mér er ekkert kappsmál um að fá mínar breyt.till. samþ., en mun þó greiða atkvæði móti 1. og 3. tölulið frumv. ef þær verða feldar, og sömuleiðis á móti 2. liðnum, um tollinn á ostinum. Það er þá bezt að þar fari saman karl og kýll.

Þórhallur Bjarnarson: Eg hefi skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara, að því er smjörlíkistollinn snertir. Það stendur auðvitað á sama um endanleg afdrif málsins, hvernig atkvæði falla hér í Nd. um smjörlíkistollinn, forlög hans eru viss í h. Ed. og fyrirsjáanleg, en samt verður hver hér að standa við sína skoðun.

Eg hefi áður verið fylgjandi smjörlíkistolli, allra helzt ef honum væri samferða útflutningstollur á tólg, með það fyrir augum, að smjörlíki yrði þá búið til í landinu sjálfu. Eg skil ekki hvaða grýla verndartollar eru í augum sumra háttv. þm., því eg hygg, að vér verðum í því efni að fara að dæmi annara stærri þjóða. Að eg er ekki nú með smjörlíkistolli, kemur af því, að kringumstæðurnar í landinu eru að breytast. — Eg hefi fasta von um það, að landbúnaðurinn komist bráðum í það horf, að flutt verði mikið smjör út úr landinu til Englands, og enda í hundruðum þúsunda punda — en þá mun bera að sama brunni hjá oss og hjá bændum í Danmörku, að bændur selji smjörið, en kaupi aftur smjörlíki til viðbits. — Það helzt ekki lengi þessi óbeit, sem margir hafa á smjörlíki. Ýmsir vísindamenn telja gott margarín miklu lausara við sótthættu en smjör, og hvað mig snertir, þá hefi eg borðað það með beztu lyst, þegar eg vissi ekki að það var smjörlíki. En hver skynsöm þjóð kemst fljótt út yfir slíkan til-

finningahégóma. Eg vil ekki draga úr þeim hagsmunum, sem smjörútflytjendurnir íslenzku geta haft af því, að skifta um margarín og smjör, þar sem smjörlíkið kostar 40—50 aura, en smjörið á með verðlaununum að seljast 80—90 aura. Þetta gerir, að mér virðist smjörlíkistollur horfa öðru vísi við nú en áður. Það kann að verða sagt, að enn séu ekki nema litlir hlutar af landinu smjörútflytjandi, en þeir verða fleiri og stærri, þó að auðvitað margar sveitir geti ekki orðið aðnjótandi þeirra hagsmuna.

Eg teldi smjörlíkistoll ekki nema góðan, og það þá líklega hærri en hér er farið fram á, ef full vissa væri fyrir, að upp kæmi hér í landinu jafn-harðan smjörlíkis-verksmiðja, sem gæti búið til gott og ódýrt smjörlíki úr okkar eigin innlendu fituefnum, og á eg þar sérstaklega við tólgina, sem gott væri að koma í betra verð. Hér í Reykjavík þykir það ekki líklegt, vegna þess hvað mjólkin er hér dýr, en benda mætti á stað eða staði með ódýrri mjólk og greiðum samgöngum hér nærlendis.

Frá fjárhagslegu sjónarmiði er smjörlíkistollurinn ekki sérlega þýðingarmikill. Þó að það liggi ekki hér fyrir, get eg skotið að þeirri athugasemd, að þegar farið verður í budduna að marki, til að ná tugum og hundruðum þúsunda til aukinna útgjalda landssjóðs, er vér verðum hraðstígari á framfarabrautinni, þá verður líklega að halda sér við hinar stærstu tollvörur, t. d. tvöfalda tóbakstollinn, og auka að mun kaffi og sykurtollinn, síður hitt, að fjölga að mun tollskyldum vörum.

Að því er kartöflu-tollinn snertir, þá er eg honum fullkomlega samþykkur. — Við sjávarsíðuna eru víða lönd, þar sem mætti plægja og girða land til kartöfluræktar með mjög ódýru móti, og eins fá ódýran áburð rétt á staðnum. Tollur á kartöflum mundi styðja að því, að kartöfluræktin yrði stunduð í stærri og myndarlegri stíl en áður.

Björn Kristjánsson: Eg hlíföi mér við að tala í þessu máli við 1. umræðu, og var svo sanngjarn að greiða atkvæði með því til nefndar, af því eg hélt, að ef til vill kynni þar að koma fram eitthvað því til stuðnings. — Eg var frv. upphaflega mótfallinn, og í nefndarálitinu hefir ekkert komið fram, er breytt geti skoðun minni á því. — Háttv. framsm. (E. P.) sagði, að nálega allir nefndarmenn hefðu verið á einu máli um það, að frumv. væri bygt á *réttum grundvelli*. En hvað er réttur grundvöllur í þessu efni? Mér virðist hann í fyrsta lagi sá, að tekið sé tillit til þess, hvort landssjóður þarfnast tekna, og í öðru lagi, að tollarnir komi sem jafnast niður á alla gjaldendur landsins. Tekjur landssjóðs fyrir síðasta fjárhagstímabil voru 74 þúsund krónur fram yfir útgjöld, og eignir í sjóði eru þá 1 miljón og 600 þúsund krónur. — Eg get því ekki séð, að brýn þörf sé á, að leggja toll á þessa vöru, án þess að íhuga, hvort ástæða er til þess frá landssjóðsins hendi. Hún kann að verða það í næstu framtíð, en nú liggur hún ekki fyrir. En þá kemur hin ástæðan til íhugunar, hvort tollurinn komi sanngjarnlega niður, en því verð eg að neita. Hann mundi hvíla aðallega á þeim, er stunda sjávarútveg, og þeim, sem búa í kaupstöðum. Sú ástæða, að hann hjálpi landbúnaðinum, er heldur ekki rétt, nema að því leyti, sem þessir menn, sem eg tók fram, væru látnir borga styrk til landbúnaðarins, því verðið á smjöri í landinu mundi tollurinn ekki hækka. Verðið á smjörlíki er venjulega 40—45 aura pundið, og með tollinum yrði það 50—55 aurar,

og eg veit, að sjómenn mundu heldur kaupa það, eftir sem áður, en það smjör, sem fæst fyrir það verð.

Árið 1890 voru flutt inn 189.303 pd. af smjörlíki, sem gæfi í toll 18,930 kr. Sama ár fluttist inn af kartöflum 39,725 tunnur, sem gæfu 79,450 kr. í toll samtals 98 þús. kr.

Á sjávarafla lifðu þetta ár (1890) 14,756 menn. Kæmi tollurinn mestmegnis til að hvíla á þeim — allur smjörlíkistollurinn og mikið af hinum — einmitt á *fátækustu* alþýðunni við sjóinn.

Ábúðartollurinn og lausafjárskatturinn 1890; var um 40 þúsund krónur, sem skiftast niður á 45,730 menn, er lifa á jarðrækt, og verða það 87½ eyrir á mann.

Fisk- og lýsistollur var 1890 krónur 30,111,00; þar af hvallýsistollur um 3,600 kr. Mismunur 26.511 kr., skiftist niður á 14,756 menn, og verður það kr. 1,79 á mann.

Ef frumv. þetta yrði að lögum og gert væri ráð fyrir, að helmingur kartöflutollsins kæmi til að hvíla á þeim, sem lifa á fiskiveiðum, og allur smjörlíkistollurinn, en hinn helmingur kartöflutollsins kæmi til að hvíla á öðrum kaupstaðarborgurum, sem sennilega er áætlað, þá mundi hvíla beinlínis skattur á sjávarútvegnum er næmi 5 kr. 76½ eyri á mann, en á landbúnaðinum beinlínis skattur, er næmi þessum sömu 87½ eyri á mann.

Eg fór að athuga þetta, þegar málið kom fram hér í deildinni, og vona, að það verði ekki vefengt. En ofan á þetta bætist svo kaffi og sykurtollur og aðrir tollar, sem hvíla eðlilega þyngra á sjávarútvegnum en landbúnaðinum, sem kemur af því, að mataræði er þar annað.

Ef menn líta á kringumstæður manna við sjóinn, þá mun það sjást, að þær eru ekki betri yfirleitt en í sveitunum. Háttv. framsm. (E. P.) hélt því fram, að nóg efni væri í smjörlíki hér á landi, og skaut því fram, hvort ekki mætti nota sauðatólg til þess. Um það skal eg gera þá athugasemd, að í fyrsta lagi er verð á tólg hér á landi eins hátt og á smjörlíki, og í öðru lagi notar engin smjörlíkis-verksmiðja sauðatólg; það er nautatólg, sem þær nota. — Í þessu landi er ekkert efni í smjörlíki. Það var með réttu bent á það af háttv. þm. Borgf. (Þórh. Bj.), að ef útflutningur á smjöri vex, mundu bændur verða að kaupa smjörlíki, og væri að því stór hagur fyrir þá; þetta gera Danir, og það ættum vér líka að gera.

Viðvíkjandi kartöflunum skal eg geta þess, að hið venjulega verð, er framleiðandi fær fyrir þær erlendis, er 3,50 kr. — 4,00 tunnan, en hér á landi fær framleiðandi 8 kr. fyrir tunnuna. Þetta virðist mér nógur verðmunur, til að hvetja menn til að stunda kartöfluræktina, og það því fremur, sem það hefir verið upplýst hér í deildinni, að kartöflurækt gefi ⅓ meiri ágóða en grasrækt. Ef þjóðin vill ekki vinna, þá dugir ekkert að yfirborga henni vinnuna, hún færi þá að eins og betlarinn, sem bað gefandann að stinga peningunum í vestisvasann sinn.

Eg hefi nú reynt að skýra málið eins og það liggur fyrir, og vona að hin h. deild felli það, þar sem engin ástæða er til að taka það til greina, og það því síður, sem tollar þeir, sem farið er fram á, koma ranglátlega niður á mönnum.

Björn Bjarnarson: Eg hafði búist við, að þetta frv. næði fram að ganga. Að vísu hefir það komið áður fram, að leggja toll á smjörlíki, en þá verið felt. En þá var ástand landbún-

aðarins ekki eins vont og það er nú. — Háttv. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) sagði, að það væri að breytast til batnaðar; en það er misskilningur, það breytist til hins verra. Þó nú sé farið að flytja út smjör, þá er það svo lítið, að það hefir aldrei víðtæk áhrif á hag landbúnaðarins. Vér getum ekki búist við að fá hátt verð fyrir smjörið, vegna þess, að vér framleiðum ekki nógu mikið til þess, og getum ekki sent það nógu oft. En reynslan hefir sýnt, að verðið verður því hærra, því meira sem kemur á markaðinn, og því oftar, sem það er sent. Smjör-útflutningur til útlanda er erfiður, nema frá þeim stöðum, sem eru rétt í nánd við Reykjavík, samgöngur eru illar, og því verður flutningurinn ekki eins tíður og þyrfti. Smjörbúin gera það að verkum, að framleitt verður meira smjör, en því meira, sem selt er af því, því meira verður framleitt; svo það smjör, sem eftir verður, verður jafn-mikið og hækkar ekki í verði, ef ekki er tekið til annara ráða. — Háttv. þm. Vestm. (J. M.) sagði, að varan ætti það ekki skilið, að hún væri studd. En hvernig má ætlast til, að góð vara verði framleidd fyrir 50—55—60 aura pundið, þar sem aðrar þjóðir verða að fá þriðjungi hærra verð fyrir það, til þess að það geti borgað sig. — Ástæðan til að landbúnaðinum hnignar er sú, að verðið á afurðum hans er svo lítið, og svo breytilegt; þar við bætist, að ómögulegt er að fá nægan vinnukraft, og að gjalda verður öll vinnulaun í peningum, þeirri vöru, sem landbúnaðurinn hefir ekki til. — Þarfirnar aukast, kröfurnar til lífsins hækka, bæði að því er snertir húsakynni, fatnað og fleira. Eg sé því ekki betur, en að ástandið versni. Ymsir h. þm. hafa talað á móti smjörlíkistollinum. Háttv. þm. Borgf. (Þórh. B.) af því að rjómabú fara fjölgandi, einkum í Árnessýslu, en þar eru samgöngur góðar. (*Hannes Þorsteinsson*: Þau geta líka verið í Dölunum). En það er tóm hreppapólitík hjá h. þm. Árn. (H. Þ.), að vera á móti þessum verndartollum, af því að bændur í Árnessýslu mundu með tímanum verða að kaupa smjörlíki. En landið er stærra en Árnessýsla, og það verður að taka tillit til fleira en Árnessýslu. H. þm. Vestm. (J. M.) talaði um, að þingið hefði rétt landbúnaðinum hjálparhönd, og vitnaði til frumv. þess, sem samþykt var næst á undan hér í deildinni, en það er sá agnúi á, að það kemur ekki að nógu fljótum notum, og er hætt við að landbúnaðurinn verði farinn um koll áður en það hefir verulegar verkanir. Landbúnaðurinn þarf fljótvirkari meðala við.

Af því að h. þm. Vestm. (J. M.) talaði um verndartolla, þá skal eg taka það fram, að eg er alls ekki með þeim verndartollum, sem styðja iðnað einstakra manna á kostnað annara, svo að einstakir menn geti stungið ágóðanum í vasa sinn, og svo eftir á, ef til vill, farið með hann út úr landinu. — En það er munur á verndartollum og verndartollum, og með tolli á kartöflum get eg verið, af því flestir geta framleitt þær sjálfir.

H. þm. Vestm. (J. M.) talaði um, að ekkert væri gert fyrir sjávarútveginn, og að hann bæri sig illa; en hve nær á hann að bera sig, ef hann hefir ekki getað það þessi ár. Fiskur hefir verið í afar-háu verði undanfarið og aflinn mikill. Sjávarútvegurinn hefir dregið vinnukraftinn frá sveitunum, vinnukraftinn, sem þær hafa upp alið á sinn kostnað, og væri því ástæða til, að hann borgaði það og rétti landbúnaðinum hjálparhönd.

Háttv. þm. Vestm. (J. M.) talaði um, að útflutningsgjald hvíldi á fiski, og er

oft verið að tala um það. Ef eg man rétt, þá er útflutningsgjald á saltfiski 32 aurar á skpd., og kemur það álíka þungt niður á sjávarútveginn, og það yrði fyrir landbúnaðinn, ef lagðir væru $^{3}/_{10}$ eyri á ullarpundið, og getur því þessi minitatur-útgáfa af útflutningsgjaldi enga þýðingu haft fyrir sjávarútveginn. Ábúðarskatturinn kemur aftur á móti ekki niður á sjávarbændum, sem ekki hafa landbúnað við hliðina á sjávarútveginum, og lausafjárskatturinn miklu minna. Eg vona að h. deild láti frumv. ganga í gegn. — Eg greiði atkvæði móti brt.till. á þskj. 77, um að færa tollinn niður í 5 aura. Hann hefir litla þýðingu eins og hann er í frumv., og enn þá minni, ef brt. næði fram að ganga. Það mundi hafa töluverða siðferðislega þýðingu fyrir sveitabúin, ef þessi lög væru samþykt. Þeir sæu þá, að þingið vildi hlaupa undir bagga með þeim, og mundu þeir þá fremur sitja heima en streyma til sjávarins, því að hjá þeim mundi glæðast von um betri tíma.

Hermann Jónasson: Það hafa komið fram dálítið einkennilegar skoðanir hjá þeim, sem hafa talað á móti frv.; þeir hafa í öðru veifinu haldið því fram, að margarintollurinn væri einungis til þess að íþyngja sjávarbændum, en af annari hálfu hafa þeir þó talið að hann mundi skaða sveitabændur, með því að þeir nú úr þessu mundu fara að kaupa smjörlíki, en selja sitt eigið smjör til útlanda. Í þessu kemur fram ósamkvæmni, sem eg veit eigi, hvernig þeir fara að réttlæta. Mín skoðun er sú, að tollur þessi muni reynast jafn fyrir þær sveitir, sem mest smjör framleiða á rjómabúum og kaupa margarine til heimilanna, og fyrir sjávarbændur. Hv. 1. þm G. K. (B. Kr.) sagði að kartöflutollurinn yrði eingöngu til að íþyngja þorpsbúum og kauptúnum. Eg er þar á gagnstæðri skoðun; og sé svo, að smjörlíkistollurinn íþyngi þeim að einhverju leyti, þá tel eg víst að kartöflutollurinn muni bæta þeim það upp.

Fólk streymir nú svo ört til sjávarins úr sveitunum, að sveitabændur geta ekki sint nema hinum allra nauðsynlegustu heimilisstörfum, svo að þó þeir sjái að garðrækt borgi sig víða vel, þá hafa þeir ekki tíma til að gefa sig við henni. Auk þess er garðrækt upp til sveita, að minsta kosti á Norðurlandi, stopulli en við sjávarsíðuna, það gera næturfrostin þar. Reyndar veit eg, að þessu hagar nokkuð öðru vísi til á Suðurlandi, og sumstaðar á Vesturlandi. Í sveitinni hefir hið fáafólk jafnan meir en nóg að gera; við sjóinn er atvinnan aftur á móti miklu stopulli; þar er að vísu nóg að gera með köflum, en svo koma landlegudagarnir og vinnuleysisdagarnir á milli, og þá er einmitt hinn hagkvæmi tími til þess að vinna að jarðræktarstörfum. Það er stórskaði, að eigi hefir verið unnið meira að garðrækt við sjávarsíðuna hingað til, og landlegudagarnir fremur notaðir til þess, en til þess að ganga í iðjuleysi. Það er víða við sjóinn auðveldara að afla áburðar í garða en til sveita. Þar sem ekki er nægt mótak, vill áburðarskortur tefja fyrir jarðræktinni, en við sjóinn er víða gnægð hins bezta áburðar látin ónotuð, þar sem er þang, fiskislóg og þess háttar. Þennan áburð mætti nota til að framleiða kartöflur svo þúsundum tunna skifti, væri að eins áhuginn á því nógu vakandi. Ótal staðir á Suður- og Vesturlandi liggja mæta vel við kartöfluræktina, og þótt land kunni að vera nokkuð dýrt í einstöku kaupstað, þá er það svo óvíða, að nóg er eftir af hinum stöðunum, þar sem fá má ódýrt land til ræktunar. Kæmist á félagsskapur með kartöfluræktina í sjávarsveitum, þá mætti

reka hana þar víða í stórum stíl, og gera sér mikla peninga úr landlegudögunum og áburðinum, sem nú liggur ónotaður.

Það er langt frá því, að eg vilji íþyngja þeim sem í sjávarsveitum búa og sjóþorpum, til þess að hlynna að sveitabændum, og að nauðsynjalausu; en eg skoða svo, að það sé ekki gert með þessum lögum. En þó svo væri, að nauðsyn knýði menn til þess, þá verða sjávarmenn vel að gæta þess, að það er lífsskilyrði fyrir þá, að sveitirnar blómgist, og að framtíðarhorfur þeirra eru hinar óglæsilegustu, ef sveitabúskapurinn fer í kalda kol. Nú er sá óhugur í sveitamönnum, að fjöldi þeirra leitar til sjávarins og til Ameríku, og enn fleiri hafa þó líklega hug á hinu sama. Vitanlega er fjöldinn allur af íbúum sjávarþorpanna alinn upp í sveit; sveitin er því einskonar uppeldisstofnun fyrir þorpabúana, og landsveitirnar eru líka nauðsynlegir bakhjarlar fyrir þá, þegar sjávaraflinn bregst. Þorpabúarnir lifa mest á daglegri atvinnu sinni, en hafa enga verulega eign við að styðjast; undir eins og atvinna þessi bregst, verða þeir því á flæðiskeri staddir, og þá er lífsnauðsyn fyrir þá, að sveitabúskapurinn sé í því horfi, að þeir geti leitað þangað til atvinnu á vandræðatímunum. En það er ekki einungis á vandræðatímanum að sjávarútvegurinn hefir verulegan stuðning af landbúnaðinum; hann á jafnan að hafa töluverðan markað fyrir afurðir sínar í sveitinni, og hann því meiri, því blómlegri sem sveitabúskapurinn er; sömuleiðis er það ekki lítill hagur fyrir sjávarmenn, að geta fengið keyptar afurðir sveitabóndans. Þeir findu það bezt, ef þeir þyrftu að kaupa t. d. kjöt sitt frá útlöndum. Þegar þessa er gætt, vona eg að eigi verði svo skoðað, að eg sé einhliða að líta á hag sveitabænda, er eg mæli með frv. þessu, eða sé að halda landbúnaðinum fram í því skyni að hnekkja sjávarútveginum, heldur geri eg það af því, að mér virðist það svo lífsnauðsynlegt, að hvor atvinnuvegurinn um sig styðji hinn, ef honum tekur að hnigna.

Það getur sannlega seinna komið sú tíð, að landbúnaðurinn þurfi alvarlega að hlaupa undir bagga með sjávarútveginum, og áríðandi er að hann geti það, án þess að stofna sjálfum sér í voða, og þá efast eg ekki um, að hann muni gera það.

Stefán Stefánsson: Eg er samdóma h. 1. þm. Húnv. (H. J.) um það, að það er áríðandi fyrir þjóðarheillina, að bæði landbúnaðurinn og sjávarútvegurinn blómgist, og það hlýtur að vera hlutverk þm., að vinna að því eftir megni, að eðlilegt jafnvægi geti haldist milli atvinnugreina þessara. Eg ímynda mér og, að það hafi ekki verið tilgangur h. flutnm. (E. P.) með frumv. þessu, að vilja íþyngja sjávarbændum og kauptúnabúum um of. Tilgangur hans hefir eflaust verið að gera tilraun til, að hjálpa landbúnaðinum úr niðurlægingu þeirri, sem hann er óneitanlega kominn í. En spurningin er, hvort hann hefir í frumv. hitt á rétt ráð til að hefja landbúnaðinn upp. Eg verð nú að vera á því, að það sé í mesta máta vafasamt. Reyndar verð eg að játa það, að eg er principielt móti verndartollum, en engu að síður játa eg það, að ef vér þurfum að bæta nýjum tollum á, til að útvega landssjóði tekjur, þá virðist mér, að vér ættum helzt að leggja tollinn á þær vörur, sem vér getum framleitt í landinu sjálfu. En þessi tollur, sem hér ræðir um, er ekki til að auka tekjur landssjóðs að neinum mun, hann mundi eigi nema meiru en 20—30 þúsund krónum á ári, og er það ekki meira

en kræikiber í ámu, þegar litið er til tekna landssjóðs yfir höfuð. Tollurinn yrði því enginn verulegur tekjuauki fyrir landssjóð. En hann yrði ekki heldur neinn fullnægjandi verndartollur.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) benti skýrlega á það, að 10 aura tollurinn á smjörlíkinu gæti ekki hækkað verð þess meira en upp í lágmark smjörverðs þess, sem nú er, eða upp í 50—60 aura pundið, svo að tollurinn getur vart orðið til að hækka verð á smjöri voru, og það því síður, sem margir kaupa sjálfsagt fremur smjörlíkið en lakara smjörið okkar, að jöfnu verði. Þessi tollur er hvorki fugl né fiskur, hann er nokkurs konar »bræðingur«. Ef vér á annað borð viljum leggja toll á smjörlíki, til að hækka verð á íslenzku smjöri, þá verður tollurinn að vera mun hærri en frumv. fer fram á, en eins og nú stendur á, álít eg ekki rétt að leggja slíkan toll á; það væri hér um bil hið sama, sem að veita þeim uppörfun og viðurkenning, sem vont smjör búa til; að því megum vér engan veginn stefna, heldur að hinu, að uppörfa menn til þess að búa til sem *mest* af sem *beztu* smjöri, og að því stefna einmitt verðlaunaveitingarnar, sem vér erum nýbúnir að samþykkja; í þá átt eigum vér að ganga áfram, en ekkert spor stíga í þá stefnu, að skapa vondu smjöri og óvandaðri smjörgjörð friðland hjá oss. Af þessum ástæðum get eg ekki greitt atkvæði með smjörlíkistolli frumv., því eg álít, að hann muni fremur gera landbúnaði vorum skaða en gagn.

Viðvíkjandi tollinum á osti verð eg að segja það, að mér þykir það hálfbroslegt, að fara að leggja toll á þessa vöru nú, sem varla má heita að byrjað sé á að framleiða í landinu; auk þess er tollur þessi svo lágur, að hvorki munar landssjóð um hann, né heldur eru líkindi til, að hann muni gera nokkuð til þess, að hvetja menn til ostagerðar.

Í sjálfu sér gæti og helzt verið með kartöflutollinum; hann mundi koma nokkuð jafnt niður, og gæti orðið til þess, að örfa sjávarbændur til þess að leggja meiri stund á kartöfluræktina. Í sjálfu sér getur þó kartöfluinnflutningurinn ekki hafa orðið til mikillar tálmunar innlendri kartöfluræktt, þar sem ekki eru fluttar meira en um 4000 tunnur til landsins, og hver tunna seld alt að 10 krónum. Það er annað, sem miklu fremur hefir tálmað framleiðslunni, og það er áhugaleysi og kunnáttuleysi landsmanna sjálfra.

Á Austurlandi er t. d. mjög lítið um kartöfluræktt, en líklega má finna einhverja heppilegri uppörfun fyrir Austfirðinga, til að leggja sig eftir henni, en þennan toll. Ef innflutningur á kartöflum eykst mjög, þá gæti verið tími til kominn að fara að íhuga, hvernig heppilegast mundi að minka hann, að svo stöddu gerist þess varla þörf.

Mér finst það yfir höfuð ekki rétt, að vernda svo eina atvinnugrein, að önnur bíði skaða af, það er að taka úr öðrum vasanum og láta í hinn. Aftur á móti tel eg það réttlátara, að verðlauna góða útflutta vöru, það kemur jafnara niður á alla landsbúa; bóndinn sem verðlaunin fær, keppist við að framleiða sem mesta og sem bezta vöru, og verðhækkunin á vöru hans er virkilegur gróði fyrir landið, þar sem verndartollar þeir, sem hér er farið fram á, miða að því, að taka fé frá sjávarmönnum, og láta það renna í vasa sveitamanna. Þar er því ekki um neinn gróða að ræða fyrir landið í heild sinni, heldur að eins fyrir vissan flokk manna í landinu, og það um

gróða, sem tekinn er úr vasa sjávarmanna.

Framsögumaður (Eggert Pálsson): Eg gekk út frá því sem vísu, er eg flutti frumv. þetta inn á þing, að það væri sama sem að slá eldi niður í þingið; mér kemur því í raun og veru ekki á óvart mótspyrna sú, sem málið mætir. Eg bjóst ekki við öðru, en að saman mundi lenda fulltrúum landbúnaðarins og fulltrúum sjávarútvegsins. Eg þóttist vita, að gripið mundi verða til björlunnar, til að hringja málið niður, og eg hefi ekki farið vilt í því. En þótt viðleitni hafi verið sýnd í þessa átt, þá hafa mótbárurnar ekki verið svo sterkar eða skýrar, sem eg þykist vita, að mótmælendurnir mundu hafa viljað geta haft þær, kólfarnir hafi verið annaðhvort biladir eða björlurnar brotnar, en samt hefir fyllilega mátt skilja tóninn, sem við hefir kveðið.

Mér þykir það eðlilegt, þótt sumir af mótmælendum frumv. hafi tekið til máls, sem fulltrúar sjávarútvegsins, svo sem h. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) og h. þm. Vestm. (J. M.). Aftur á móti finst mér það óeðlilegt, að h. 1. þm. Árn. (H. Þ.) skyldi rísa öndverður gegn málinu, hann, sem er þingmaður fyrir nær því eindregið landbúnaðarhérað. En enn þá óeðlilegra þótti mér þó, að háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) skyldi vera málinu móthverfur, þar sem það fer saman, að hann er þm. landbúnaðarhéraðs, og formaður Búnaðarfélags Íslands. Þótt ástæður mótmælendanna séu hvorki góðar né gildar í mínum augum, þá skal eg eigi að síður minnast nokkuð á hinar helztu þeirra.

Háttv. þm. Vestm. (J. M.) kvaðst mótfallinn grundvallarstefnu frv. Eg skal játa það, og fyrirverð mig ekki fyrir, að það fer í verndartollaáttina. Háttv. þm. Vestm. (J. M.) mælti sterklega á móti því, að sú stefna væri innleidd hér á landi. En eg skil ekki hvað hann hefir þar við að styðjast; eg veit ekki betur, en að flest mentalönd hafi neyðst til að ganga inn á þá stefnu, og það jafnvel þótt þau hafi verið principielt á móti henni. Það er samkepnin, sem hefir neytt þau inn á þessa braut. Svo það er líklegt, að vér verðum einnig þar, sem annarsstaðar, að lalla á eftir, og eins gott að gera það strax, eins og síðar, þá er það er um seinan, og alt er komið í kalda kol. Eg veit að það er að vísu eitt land, sem ekki hefir fyllilega gengið inn á þessa stefnu enn; það er England. En þess er að gæta, að Englendingar eiga hvaðanæfa nýlendur, verzla út um allan heim, og selja vörur sínar allsstaðar. Þeir hafa því minni hvöt en aðrir til þess að taka upp verndartolla. En vér vitum, að þeir hafa þó tekið upp aðrar aðferðir til að vernda sumar afurðir lands síns; þeir hafa innleitt hjá sér innflutningsbann, og eftir því hygg eg að flestir Íslendingar muni. Þeir hafa fengið svo á því að kenna. En þrátt fyrir það, þótt Englendingar standi sérstaklega vel að vígi í samkepninni, þá er þó verndartollastefnan farin að ryðja sér þar til rúms, og á hún ótrauðan forvígismann þar sem er Chamberlain ráðgjafi.

Vér þurfum ekki annað en að líta til Noregs, til þess að finna verndartollastefnuna. Vér vitum að Norðmenn hafa t. d. smelt tolli á innflutt kjöt, til að bækka verð á innlendu kjöti. Um þetta höfum vér fulla vitneskju, af því að það kemur óþægilega niður á sjálfum oss. H. þm. Vestm. (J. M.) þótti það eiga illa við, að gjalda bæði verðlaun fyrir útflutt smjör og leggja toll á innflutt smjörlíki, en eg fæ eigi séð að svo sé, með því að smjörútflutningur vor stendur að minni skoðun og

margra annara á mjög völtum fæti. Eg býst við, að verndartollastefnan muni sigra á Englandi, og hvað ætli þá verði úr smjörútflutningi vorum. Ræðumönnum hefir þótt það undarlegt, að farið skuli fram á, að tollur sé lagður á ost, með því að ostagerð sé nálega engin í landinu. Í fyrri ræðu minni sýndi eg fram á, af hverju svo væri; það væri af því, að það borgaði sig ekki fyrir bændur, að leggja sig eftir ostagerð, á meðan jafnódýr ostur flyttist til landsins, eins og nú, en undir eins og ostverðið hækkaði, þá væri eg viss um, að nægileg ostagerð mundi hefjast í landinu; efnið er nóg, og það hefir sýnt sig, að svo langt eru einstakir menn komnir hér í ostagerð, að þeir geta haft á boðstólum fullgildan og góðan ost; það þarf ekki svo mikið til þess.

Þá mintist h. þm. Vestm. (J. M.) á, að kartöflur mættu ekki vera dýrari en þær eru nú. Eg játa það, að verðið á þeim sé nægilegt, og að ekki borgi sig betur önnur atvinna í landinu, en einmitt kartöfluræktin, ef íslenzkir bændur fengju fyrir þær sama verð og nú er á þeim innfluttum. En eg tók það fram, að þeir mundu ekki eiga hægt með að halda því verði, nema með því að verzluninni væri beint í rétta átt með verndartolli. Það þarf að laða bændur til þess að flytja kartöflur sínar til kauptúnanna, og kaupstaðarbúa til að kaupa þær; komist sú regla á, þá mun kartöfluverð fremur lækka en hækka í framtíðinni og það er kaupstaðarbúunum eigi síður til góðs en bændunum, sem kartöflumarkaðurinn opnast fyrir. Það er nefnilega svo fjarri því, að nokkur skortur þurfi að verða á innlendum kartöflum í landinu, að eg er viss um, að á Suðurlandi einu má fá nógar kartöflur handa öllum landsbúum. Flestir mótmælendur, aðrir en h. þm. Borgf. (Þ. B.), hafa annars mælt á móti kartöflutollinum. En eg segi það, og held því föstu, að þeir sem ekki vilja styðja kartöfluræktina, þeir hinir sömu eru á móti ræktun landsins yfir höfuð.

H. 1. þm. Árn. (H. Þ.) talaði um hina nýju skoðun, sem væri að rísa upp í Árnessýslu, þá skoðun, að eigi sé rétt að leggja toll á smjörlíki. Eg er nokkuð kunnugur í þeirri sýslu, líklega fult svo kunnugur sem þingmaðurinn (H. Þ.) sjálfur, og hefi eg eigi orðið var við hana, sem ríkjandi skoðun. En það get eg skilið, að á sárfámennum þingmálafundi, kunni þessi skoðun að hafa orðið ofan á, eigi sízt, er fundarmenn urðu þess varir, hverja skoðun þingmaðurinn sjálfur hefir á málinu.

Mótmælendurnir hafa haldið því fram, að tollurinn á smjörlíkinu mundi alls eigi styðja að því, að upp kæmist smjörlíkisverksmiðja í landinu sjálfu; en eg verð aftur á móti að halda því fram, að þótt tollurinn sé ekki hærri, en gert er ráð fyrir í frv., þá muni hann þó geta orðið hvöt fyrir einhverja til að koma slíkri verksmiðju upp. H. þm. Borgf. (Þ. B.) sagði, að mjólk væri svo ónóg og dýr í Reykjavík, að ekki væri hugsandi til að koma upp slíkri verksmiðju þar. Þetta getur satt verið. En má hún þá hvergi annarsstaðar vera? Þarf alt að vera í Reykjavík? Ætli hún mætti t. d. ekki vera fyrir austan fjall eða nálægt kjördæmi þingmannsins sjálfs, í Borgarnesi, í námunda við Andakýlinn? Þar er þó mjólkin nóg, og eigi dýr. Þeir sem byggju til smjörlíki hér, gætu þó alt af, vegna tollsins, selt sitt smjörlíki 10 aurum dýrara en útlendingar fá hér fyrir sitt, og það ætti þó að muna drjúgum. Reyndar verð eg að segja það, að mig langar ekki mjög mikið til að hér komi upp smjörlíkisverk-

smiðja, en ef vér eigum endilega að hafa smjörlíki, þá vil eg heldur að það sé búið til í landinu sjálfu, en flutt inn í það frá útlöndum.

H. þm. Borgf. (Þ. B.) var hræddur um, að þessi tollur mundi leggjast þungt á bændur, með því að þeir mundu fara að kaupa töluvert af smjörlíki. En verði sú reyndin á, þá er ekki hægt að segja, að tollurinn sé lagður á, til þess að íþyngja eingöngu sjávarbændum, og þá fellur um leið sú mótbára burt, að tollurinn verði til að þröngva kosti einnar stéttar í landinu, og til að kreppa að öðrum aðalatvinnuvegi vorum.

Fleiri verulegar mótbárur gegn frv. hefi eg ekki nóterað hjá mér, og læt því hér staðar numið. Að endingu vil eg skjóta því til h. forseta, hvort hann vilji ekki láta greiða atkvæði um hina einstöku liði 1. gr. hvern út af fyrir sig, þar það verður að álítast við eigandi.

Þórh. Bjarnarson: Það er hvorttveggja, að háttv. þingdeildarmenn munu vera orðnir þreyttir á umræðunum, enda skal eg gera mér far um að vera stuttorður.

Eg vildi að eins gera mönnum sem skiljanlegast, hversu eðlilegt það er, þótt þeim héruðum, þar sem smjörbú eru komin á fót eða eru að koma á fót, þyki smjörlíkistollur viðsjárverður. Þar stendur svo á, að menn keppa að því, að flytja alt sumarsmjör sitt út til sölu á erlendum markaði; en eitthvað smjörgildi verða þeir þá að hafa í staðinn til heimilanna, og það fá þeir með því að kaupa smjörlíki. Það kemur hér fram sem oftar, að »örskamt er öfganna á milli«; fremstu landbúnaðarsveitirnar taka höndum saman við sjávarsveitirnar, að spyrna á móti verðbækkun á smjörlíki.

Eg vil halda því fast fram, að smjörgerð hér á landi, eigi mikla framtíð fyrir sér. Háttv. þm. Dal. (B. B.) gerði þá athugasemd, að illar samgöngur væru þeirri atvinnugrein til fyrirstöðu. En úr því verður þá að bæta. Það er og mönnum í lófa lagt, að koma sér upp íshúsum við rjómabúin, þar sem geyma mætti smjörið; þá væri engu spilt, þótt útflutningurinn drægist vegna strjálla ferða. Slíkur útbúnaður dálítilla ískjallara er mjög ódýr, eða hefir að minsta kosti reynst svo í Danmörku, og þarf nauðsynlega að komast hér á.

Að smjörbúunum verðum vér að styðja af fremsta megni. Þau gera ekki einungis að létta vinnu á heimilunum, sem hefir verulega þýðingu í fólksleysinu, heldur hafa þau uppalandi áhrif á þjóðina. Þau eru okkar fyrsti vísir til félagsvinnu; þau kenna okkur að taka höndum saman og reka atvinnu í stórum stýl.

Sama er að segja um það, ef hlynt væri að innlendri kartöflurækt; hún mundi vekja trú manna á að nota hestkraftinn til að rækta landið, og þess þurfum vér sérstaklega með.

Hannes Þorsteinsson: Háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) hefir að mestu tekið af mér orðið.

Eg skal því einungis geta þess, að h. flutnm. (E. P.) gleymdi að þakka h. 2. þm. Skagf. (St. St.) fyrir mótmælin gegn smjörlíkistollinum, því að þau voru einna ákveðnust hjá honum, svo að háttv. þm. hefði ekki átt að setja hann hjá, er hann var að víta okkur fulltrúa landbúnaðarhéraðanna. Það er heldur ekki rétt hjá h. flutnm., að eg hafi lagst á móti honum í þessu, þótt eg fari fram á, að tollurinn sé settur lægri en hann stingur upp á. Eg kom ekki fram með brt. mína í því skyni að spilla fyrir frumv., heldur einmitt

til að reyna að bjarga því. Þó efast eg nú um, að það geti orðið, því að verði brt. mínar feldar, mun eg greiða atkvæði á móti frumv.

Háttv. flutnm. kvað mig andæfa frv. eftir vilja bænda í Árnessýslu. Má vera að hann sé kunnugri vilja kjósenda minna en eg; þó leyfi eg mér að efast um það. Hitt veit eg, að þeir eru ekki mjög harðir á móti einhverjum smjörlíkistolli, láta það lönd og leið, eins og maður segir, hvort smjörlíkið er tollað eða ekki, eins og eg hefi áður tekið fram.

Háttv. þm. Dal. (B. B.) taldi mig fara með hreppapólitík. Eg tek mér ekki þau ummæli hans nærri. Sú pólitík, er eg fer með í þessu efni, er ekki hreppapólitík, heldur smjörbúapólitík, eða með öðrum orðum, framfarapólitík fyrir alt landið, og fyrir þá pólitík blygðast eg mín ekki. Eg vona líka um háttv. þm. Dal. (B. B.), að hann láti nú sjá, og komi upp innan skamms smjörbúum í Suðurdölum. Það er þéttbýl sveit, og vel til þess fallin og skamt til hafnar í Búðardal. Eg ímynda mér því að á næsta þingi hér frá, eða á 3. þingi að minsta kosti, þá verði hann búinn að fá réttari skilning á þessu efni. Þá mun hann skilja þessa smjörbúapólitík, er hann kallar hreppapólitík, þótt hann skilji hana ekki nú.

Framsögumaður (Eggert Pálsson): Háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.) var að finna að því, að eg hefði ekki tekið í lurginn á háttv. 2. þm. Skagf. (St. St.) En satt að segja fanst mér engin ástæða til þess, því að mér heyrðist slá úr og í fyrir honum, í ræðu hans, og hann vera eigi síður meðmæltur en mótmæltur frv. þessu. Í fyrri hluta ræðu sinnar virtist mér hann meðmæltur því, að hlynna að tollum á þeim vörum, er hagnaður væri fyrir landið að framleiða; að minsta kosti fanst mér andinn vera sá. (*Stefán Stefánsson*: Alveg rétt!). Og samkvæmt þeim anda gæti eg búist við að hann yrði með þegar til atkvæðagreiðslunnar kæmi, og vildi eg því ekki með óþörfum aðfinningum fæla hann frá því.

Í tilefni þess, að háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.) vildi gera sig að aðaltalsmanni rjómabúanna, skal eg geta þess, að í Rangárvallasýslu er líka rjómabú, og það hið stærsta allra þeirra, sem enn eru til. Og þar eru þó allir helztu bændur og hluthafar í rjómabúinu á þeirri skoðun, að nauðsynlegt sé að fá smjörlíki tollað. Ástæðan er sú, að þeir geta alls ekki selt smjör sitt til kaupmanna með nokkru viðunanlegu verði. Og fyrir hið útflutta smjör munu þeir eigi hafa fengið meira en 65 a. fyrir pundið hér um bil, að ófrádregnum daglegum heima- og flutningskostnaði á rjómanum, og gott hafi verðið orðið svo hátt.

Háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) taldi þennan kostnað lítilfjörlegan. Eg skal ekki deila um það. En kunnugt er mér um það, að töluverðum kostnaði er aðflutningur að rjómabúinu í Rangárvallas. bundinn. Það er t. d. ekki fyrir unglinga, að flytja rjóma yfir Rangá út í Holt; enda eru naumast nær ir unglingar til í sveitinni. (*Þórh. Bjarnarson*: Eru þeir þá hættir að eiga börn, þarna á Rangárvöllum?) Ekki er það; en sakir óarðsemis atvinnuvegarins þyrfti máske margur landbóndinn að takmarka sig, einnig í þeim efnum. Hluturinn er, að landbúnaðurinn stendur svo illa að vígi, að hver, sem treystir sér til að bjargast á annan hátt, flytur með unglinga sína, sem komnir eru af bernskuskeiði, annaðhvort í kaupstað eða til sjávar, eða fer til Ameríku.

Því Ameríkuferðirnar falla aðallega á landbúnaðarsveitirnar.

Eins og eg hefi tekið fram, verður að gera alvarlega tilraun til að hlynna að landbúnaðinum, og forða með því landinu frá að leggjast í auðn. Því fyr sem sú tilraun er gerð, því betra. Hún virðist hafa dregist alt of lengi.

Björn Bjarnarson: Háttv. 2. þm. Skagf. (St. St.) hafði þau orð um frv., að það væri hvorki fugl né fiskur. Í tilefni þess skal eg leyfa mér að gera þá athugasemd, að eg fyrir mitt leyti var óánægður með, að ekki var farið fram á hærra aðflutningsgjald en 10 a. Eg hafði hugsað mér 20 a. En eftir að eg hafði heyrt hljóðið í h. flutnm. (E. P.) og fleirum þingmönnum, þá sá eg að það mundi ekki vera til neins að koma fram með það. Hins vegar er eg á móti verndartollum; og ef 20 a. tollur væri lagður á smjörlíki, þá vildi eg um leið setja skatt á tilbúning smjörlíkis hér í landi, því að öðrum kosti yrði tollur þessi verndartollur á smjörlíki, og það þætti mér leitt.

Háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) talaði um eitthvert »afarhátt« verð, er hann ætlaði að útvega smjörinu, á erlendum markaði. Það væri gaman að heyra það verð. Eg vissi ekki betur en að smjörið, er sent var út í fyrra, seldist ekki fyrir afarhátt verð, og væri skemt er það kom til Englands, enda þótt það hefði verið geymt í íshúsi í Reykjavík. Það kemur ekki málinu við, þótt landssjóður bætti upp hallann, sú uppbót getur ekki talist með markaðsverðinu.

Háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.) neitaði að hann færi með hreppapólitík, heldur kvaðst hann fara með smjörbúapólitík. En hvað sem hann segir, þá er pólitík hans í þessu máli hrein og bein hreppapólitík; hann má gjarnan fegra hana með nýju nafni. Smjörbú eru, eins og kunnugt er, fá, nema í Árnessýslu, og það mun líða langur tími, áður en þau breiðast út um alt landið.

ATKVGR.: Brt. á þgskj. 77 (við 1. gr., 1. stafl.) feld með 21 gegn 2 atkv.

1. stafl., 1. gr. feldur með 13 gegn 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	nei:
Björn Bjarnarson	Árni Jónsson
Eggert Pálsson	Jón Magnússon
Guðl. Guðmundsson	Björn Kristjánsson
Hannes Hafstein	Einar Þórðarson
Herm. Jónasson	Hannes Þorsteinss.
Lárus H. Bjarnason	Jóh. Jóhannesson
Magnús Andrésson	Jóhannes Ólafsson
Magnús Stephensen	Ólafur Thorlacius
Ólafur Briem	Pétur Jónsson
Ólafur Ólafsson	Skúli Thoroddsen
	Stefán Stefánsson
	Þórh. Bjarnarson.

Tryggvi Gunnarsson greiddi eigi atkvæði og telst því til meiri hluta.

2. stafl. 1. gr. feldur með 17 gegn 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	nei:
Björn Bjarnarson,	Árni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Jón Magnússon,
Guðl. Guðmundss.,	Björn Kristjánsson,
Herm. Jónasson,	Einar Þórðarson,
Ólafur Briem,	Hannes Hafstein,
Þórh. Bjarnarson,	Hannes Þorsteinss.,
	Jóh. Jóhannesson,
	Jóhannes Ólafsson,
	Lárus H. Bjarnason,
	Magnús Andrésson,
	Magnús Stephensen,
	Ólafur Ólafsson,
	Ólafur Thorlacius,
	Pétur Jónsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,
	Tryggvi Gunnarss.

Brt. 77 við 1. gr. stafl. 3 feld með yfirgnæfandi atkvæðfjölda.

3. stafl. 1. gr. feldur með 12 gegn

11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	nei:
Björn Bjarnarson,	Árni Jónsson.
Eggert Pálsson,	Jón Magnússon,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson,
Herm. Jónasson,	Einar Þórðarson,
Lárus H. Bjarnason,	Guðl. Guðmundss.,
Magnús Stephensen,	Hannes Þorsteinss.,
Ólafur Briem,	Jóh. Jóhannesson,
Skúli Thoroddsen,	Jóhannes Ólafsson,
Stefán Stefánsson,	Magnús Andrésson,
Tryggvi Gunnarsson,	Ólafur Ólafsson,
Þórh Bjarnarson.	Ólafur Thorlacius,
	Pétur Jónsson.

Þar með frumv. alt fallið.

Sala Arnarhóls.

FRUMVARP til laga um sölu jarðarinnar Arnarhóls. (C. bls. 114). 1. umr. 4. júlí.

Hannes Þorsteinsson: Eg sting upp á því, að máli þessu sé vísað til nefndar þeirrar, sem nýkosin er til þess að íhuga frv. um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands, því að það á bezt við, að sú nefnd fjalli um þetta mál.

Þórhallur Bjarnarson: Eg vildi mega beina ofurlítilli athugasemd að hæstv. lh. um það, hvort eins mætti eigi fara með andvirði Arnarhólslóðarinnar og andvirði annara þjóðjarða, að það væri látið renna í Ræktunarsjóðinn. Það virðist eðlilegast að svo væri, og eg man ekki betur, en að þegar fyrir nokkrum árum síðan kom fyrir þingið beiðni um að fá til kaups skika af Arnarhólslóðinni, að þá væri því máli vísað til nefndar þeirrar, sem þá hafði þjóðjarðasölu til meðferðar. Af þessum ástæðum vildi eg leggja það til, að sérstök nefnd væri skipuð í mál þetta.

Landshöfðingi: Það er tekið fram af stjórninni, í ástæðunum fyrir frv. um aðra skipun á æðstu stjórn Íslands, að hún ætlist til þess, að fé því, sem fæst fyrir sölu Arnarhólslóðar, sé varið til að byggja fyrir hús handa ráðgjafanum. Þetta sýnist líka næsta eðlilegt. Jörð þessi hefir jafnan fylgt landshöfðingjabústaðnum, og því virðist það eiga næsta vel við, að andvirði hennar sé varið á þann hátt, sem stjórnin ætlast til. Lóðir eru nú í háu verði hér, og marga mun fýsa að byggja á Arnarhóli. Það má því vænta þess, að fyrir landið fáist nægilegt fé, eða því sem nær, til að byggja fyrir ráðherrabústað. Andvirðinu fyrir það, sem hingað til hefir verið selt af Arnarhólslóð, hefir verið haldið sérstöku, og sérstök grein gerð fyrir því.

Eg fæ ekki betur séð, en að alt öðru máli sé að gegna með Arnarhól, sem heyrt hefir til embættisbústað æðsta embættismanns landsins, en aðrar þjóðjarðir. Auk þess stendur Ræktunarsjóðurinn sig svo vel, að óhætt virðist, þótt andvirði þessarar lóðar sé eigi látið renna í hann. Af annari hálfu get eg vel skilið í því, að hv. þm. Borgf. (Þ. B.) vilji ná í fé þetta handa Búnaðarfélagi landsins, og að honum finnist það vera skylda sín, sem eins af stjórnendum þess, að auðga það, ef kostur er á.

Þórhallur Bjarnarson: Eg finn ekki ástæðu til þess nú, að gera athugasemdir við ræðu hæstv. lh., þó að skoðun mín á efnahag Ræktunarsjóðs sé töluvert önnur en hjá hæstv. lh., en vona að eins, að nefnd sú, sem hefir mál þetta til meðferðar, taki til íhugunar bendingu mína um, að andvirðið sé látið renna í Ræktunarsjóðinn. Eg verð að vera því mótfallinn, að máli þessu sé vísað til nefndarinnar, sem á að fjalla um aðra skipun á hinni æðstu stjórn Íslands, og held fast við tillögu

mína, að sérstök nefnd sé skipuð í málið.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj. Felt með 12 : 10 atkv. að skipa sérstaka nefnd í málið.

Samþ. með 12 atkv. að vísa málinu til nefndarinnar í málinu um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands.

Önnur umr. 23. júlí (C. n. 308).

ATKV.GR.: Stjórnarfrv. samþ. með 18 samhlj. atkv.

Viðaukatill. á þskj. 154 sþ. með 15 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frv. álitin samþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Þriðja umr.: 25. júlí. (C. bls. 332).

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Áfangastaðir.

FRUMVARP til heimildarlaga um áfangastaði. 1. umr. 8. júlí. (C. bls. 193).

Flutningsmaður (Hannes Þorsteinsson): Þetta litla frv. þarf ekki langra skýringa við. Það fer fram á að sýslunefndum veitist heimild til að greiða úr sýslusjóði hæfilegt árgjald fyrir áfangastaði í sýslunni, þar sem hún álítur þá nauðsynlega. Þetta er sérstaklega mikið áhugamál í mínu kjördæmi; og það ekki að ástæðulausu. Þar hagar víða svo til, að einstakir menn verða fyrir miklum usla og átroðningi af hestum ferðamanna, bæði á engjum og beitilöndum. Það er engin sanngirni í því, að menn þoli slíkan ágang bótalaust, og því eðlilegt, að þeir, sem fyrir honum verða, kvarti sáran. Nú kunna einhverjir að segja, að koma megi í veg fyrir slíkan átroðning með því að reka réttar síns. En það er hægra sagt en gert. Menn vilja gjarnan forðast úlfúð og illindi í lengstu lög, og það er eðlilegt, að menn vilji heldur fara aðra heppilegri leið; fyrst leita til þess valds, er næst stendur að kippa þessu í lag, en það eru sýslunefndirnar í hverri sýslu. Sýslunefndirnar eru sjálfar sínum hnútum kunnugastar. — Í sumum sýslum hagar svo til, að ekki þarf á neinum áfangastöðum að halda; þar kemur auðvitað þetta gjald, er frv. fer fram á, ekki til greina. Í hinum, þar sem brýn þörf er á þeim, er sýslunefndunum fullkomlega trúandi til að ákveða hvorki of marga eða óþarfa áfangastaði né setja gjaldið svo hátt, að það verði tilfinnanlegt fyrir sýslubúa. Auk þess mun einmitt þetta gjald mælast vel fyrir og verða fúslega greitt, að minsta kosti í mínu kjördæmi. Munu ferðamenn kunna því betur, að mega vera í friði og í fullri heimild með hesta sína, þar sem áfangastaðir verða ákveðnir, heldur en að þurfa að hafa þá í óþökk og heimildarleysi í landi bænda, eins og nú. — Eg tel það þarfleysu, að skipa nefnd í þetta mál; það er ofur einfalt og auðskilið, og vona eg að því verði vísað andmælalaust til 2. umr. og að það fái greiðan gang í gegnum deildina.

ATKV.GR.: Vísað til 2. umr. með 20 samhlj. atkv.

Önnur umr. 10. júlí. (C. bls. 193).

Ólafur Ólafsson: Hv. deild tók vel undir þetta mál við 1. umr. þess, og geri eg því ráð fyrir, að svo muni einnig verða við 2. og 3. — Af því eg er kunnugastur þessu máli allra manna hér í deildinni, þá vil eg þó fara örfáum orðum um það. Í frv. er farið fram á, að sýslunefndum veitist heimild til að greiða hæfilegt gjald árlega úr sýslusjóði fyrir áfangastaði í sýslunni. Þetta

er ekki svo að skilja, að engir séu áfangastaðir til áður í þeirri sýslu — Árnessýslu — er eg hefi sérstaklega fyrir augum. Jú, áfangastaðir eru þar til og hafa verið til frá ómunatíð. En meiningin er sú, að þeir, sem til eru, verða ekki lengur notaðir. Því valda ýmsar breytingar, er orðið hafa á umferðinni. Nú gerast dagleiðir lengri og verða því áfangastaðir aðrir en áður tíðkaðist; vegirnir eru orðnir greiðari, og við það sparast tími. Enn er það, að nú fara menn úr Árnessýslu aðra leið til Eyrarbakka en fyrir nokkrum árum. Til þess fyrir hér um bil 10 árum lá vegurinn með sjónum; nú gengur hann um miðja sýsluna, niður um Flóa. Af því leiðir, að gömlu áfangastaðirnir verða eigi notaðir, heldur þarf nýrra. Það er auðvitað, að ferðamenn þurfa af og til að staldra við og æja hestum sínum. Og það er ilt, að þeir verði að gera það í óleyfi. Eigendur jarðanna bíða af því usla og átroðning, og það er eðlilegt, að þeir geti ekki þolað endurgjaldslaust það tjón, er leiðir af að hestar ferðamanna leggjast á beitilönd þeirra og slægjulönd; hins vegar hika þeir sér við að standa í að reka ferðamenn upp dag eftir dag, og því hafa margir þeirra heldur kjörið þann kost, að snúa sér til sýslunefndarinnar með kvartanir sínar. Þess vegna hefir nú sýslunefndinni hugkvæmst það ráð, að leita heimildar til að mega greiða árlegt gjald úr sýslusjóði til ákveðinna áfangastaða, eins og óskað er hér í frv. þessu. Eg tel það engri hættu bundið að fá sýslunefndunum þetta vald í hendur. Allar sýslunefndir láta sér umhugað um að spara fé sýslunnar. Og hér er að eins farið fram á að verja litlu gjaldi til að leysa úr stórvandræðum.

Skal eg svo ekki fara fleiri orðum um þetta efni að sinni; eg vona að hin hv. deild sýni frv. velvild.

ATKV.GR.: Frumvarpsgreinin sþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin álitin sþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr. 14. júlí. (C. bls. 193).

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni sþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Viðauki við lög um tekjuskatt.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög 14. desbr. 1877 um tekjuskatt; 1. umr. 27. júlí. (C. bls. 352).

Ólafur Thorlacius: Eg vona að frv. þessu verði vel tekið af hv. d.; eg hefi því fremur ástæðu til að ætla þetta, sem hv. 2. þm. Skagf. (St. St.) kom með þá fyrirspurn í einni þingræðu sinni, hvort fiskveiðanefndin mundi eigi koma með frv. um að leggja tekjuskatt á hvalveiðamenn, og eg þykist hafa orðið þess áskynja, að fleiri hv. þm. muni óska hins sama.

Það verður ekki talið nema sanngjarnt, að hvalveiðamennirnir, sem reka hér einn hinn arðvænlegasta atvinnuveg, borgi tekjuskatt eigi síður en aðrir landsmenn, sem flestir munu hafa minna umleikis og minni arð af vinnu sinni. Reyndar má segja, að sennilegt sé, að hvalveiðamennirnir eigi eftir gildandi lögum að borga tekjuskatt, en stjórnin skilur lögin eigi á þann veg; því hefir frv. þetta komið fram, til að taka af allan vafa um spurningu þessa.

Eg býst við, að hér sé ekki um neinn verulegan tekjuauka að ræða fyrir landssjóð, enda er frv. fremur komið fram til að jafna misrétti það, sem nú á sér stað milli tekjuskattsgreiðenda, en til að auka landssjóðstekjurnar.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 18 samhlj. atkv.

Önnur umr. 29. júlí. (C. bls. 352).

ATKV.GR.: 1. gr. frv. sþ. með 19 samhlj. atkv.

2. gr. frv. sþ. með 20 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frv. sþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. með 20 atkv.

Þriðja umr. 30. júlí. (C. bls. 352).

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni sþ. með 21 samhlj. atkv. og verður sent Ed.

Samþ. á landsreikningnum 1900 og 1901.

FRUMVARP til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir 1900 og 1901. 1. umr. 3. júlí. (C. bls. 71).

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr.

Þriggja manna nefnd samþ. og í hana kosnir:

Ólafur Briem með 21 atkv.

Guðl. Guðmundsson með 19 atkv.

Ólafur Thorlacius með 12 atkv.

Önnur umr. 18. júlí. (C. bls. 71, n. bls. 232 og 236).

Framsögumaður (Ólafur Briem): Eins og nefndarálitið ber með sér, þá hefir nefndin ekkert að athuga við samþ. á landsreikningnum 1900 og 1901 annað en það, að hún óskar að 4. liðurinn gjaldamegin sé borinn sérstaklega undir atkvæði. Ástæðan til þess er sú, að þar eru færðar til reiknings 2 upphæðir, sem hafa verið borgaðar út, án þess að full lagaheimild hafi verið fyrir því.

Önnur upphæðin, 491 kr. 68 aur., er fólgin í því, að 9 héraðslæknum, sem fengu veitingu eftir nýju læknalögunum 6. apr. 1900, hafa verið borguð laun frá 1. þess mánaðar í staðinn fyrir að þau, samkv. opnu bréfi 31. maí 1855 3. gr., áttu að byrja með fyrsta degi næsta mánaðar, nfl. 1. maí. En það stendur þó svo sérstaklega á, að flestir þeirra gegndu sömu störfunum áður sem aukalæknar, og því mælir öll sanngirni með því, að þeir fái að halda þessum launum, Í annan stað sýnist það einnig vera að bíta sig of fast í bókstafinn, að draga af launum þeirra fyrir aprílmánuð, eingöngu af því, að veitingarbréfin voru ekki útgefin fyr en 6. dag mánaðarins, enda hefir það líka komið fram, að það lágu sérstakar ástæður að því, að veitingin var ekki dagsett fyrri.

Hin upphæðin er borgun til héraðslæknisins, sem var í Stykkishólmi 1901. Þessi læknir hefir nfl. fengið full laun, 250 kr., fyrir að þjóna Stykkishólmshéraði í 2 mánuði, júlí og ágúst 1901, þótt hann um leið hafi notið fullra launa sem skipaður héraðslæknir í Ísafjarðarhéraði, en í launalögunum 15. okt. 1875, 4. gr., er svo ákveðið, að þegar einhver embættismaður gegnir tveim embættum í senn, þá skuli, auk launa þeirra, sem lögð eru embætti sjálfs hans, veita honum þóknun, sem þó ekki megi fara fram úr $^1/_2$ launum þess embættis, sem hann gegnir um stundarsakir. Samkvæmt þessu var hin lögskipaða þóknun fyrir þjónustu Stykkishólmshéraðs, umrædda tvo mánuði, að eins 125 kr., og eftir því bæri læknunum að endurgreiða landssjóði 125 kr. Nefndin hefir þó ekki viljað fara fram á þetta, af tilhliðrunarsemi við landsstjórnina, því það eru óþægindi því samfara að þurfa að fara að heimta þetta inn aftur.

Till. nefndarinnar, að bera þennan 4. gjaldlið sérstaklega undir atkvæði, er því ekki gerð í því skyni, að hún ætlist til, að sá liður verði ekki samþyktur eins og hann er, því þá hefði nefndin komið fram með brt. viðvíkjandi honum, heldur einungis að vekja athygli þdm. á honum, ef einhver þeirra hefði

viljað koma fram með brt., en það hefir enginn þeirra gert, svo eg býst við, að enginn hafi þess vegna neitt á móti því, að hann sé samþyktur eins og hann liggur fyrir.

Landshöfðingi: Eg er nefndinni og frmsm. hennar (Ól. Br.) þakklátur fyrir undirtektirnar undir þetta frv.; en sérstaklega er eg þakklátur h. hv. framsm. (Ól Br.) fyrir það, hve vel hann mælti fram með þessum tveimur umframgreiðslum til læknanna. Mér fyrir mitt leyti fanst alveg sjálfsagt, að þessir læknar fengju full laun frá 1. apr., þótt veitingin af sérstökum ástæðum væri eigi dagsett fyr en 6. s. m., einkum þegar litið er á það, að þeir voru allir búnir að þjóna þessum embættum frá 1. jan. eður í 3 mánuði, án þess að fá launaviðbótina.

En svo var það annað atriði, sem eg vildi minnast á viðvíkjandi 7. liðnum tekjumegin, um húsakaupin á Meiðastöðum.

Nefndin segir, að það verði ekki séð, að leiguliðinn hafi sjálfur lagt neitt til þeirra kaupa, en að landshöfðingi hafi skýrt frá því, að leiguliðinn hafi boðist til að fullgera húsið, en að það vanti upplýsingu um, að nokkur skoðun hafi farið fram á húsinu. Eg skal í tilefni af þessu skýra frá því, að húsið var alls ekki í byggilegu ástandi þegar kaupin fóru fram og þurfti mikillar viðgerðar. Leiguliðinn skuldbatt sig að gera þetta, og hefir sú viðgerð kostað hann um 1000 kr., en umboðsmaður stjórnarinnar skoðaði húsakynnin á Meiðastöðum eftir viðgerðina, og voru þau í góðu standi.

Viðvíkjandi athugasemd nefndarinnar við 6. tekjulið landsreikninganna 1901, um að það séu neyðarúrræði, að þurfa að hafa slíkan kostnað við innheimtu á eftirstöðvunum af árgjöldum brauða, þá skal eg taka það fram, að það var eftir beinni ályktun frá alþingi, að stjórnin áleit sér skylt að senda málaflutningsmenn til þess að innheimta þessar eftirstöðvar hjá prestunum, vegna þess, að þingið hafði beinlínis skorað á stjórnina, að heimta afgjöldin inn. En árangurinn hefir, eins og sést, reynst fremur lítill, en það er ekki stjórnarinnar sök.

ATKV.GR.: Tekjul. 1—24 sþ. í e. hlj.
Gjaldl. 1—3 sþ. í e. hlj.
—— 4 — með 21 atkv.
—— 5—11 sþ. í e. hlj.
Niðurlagið sþ. í e. hlj.
Fyrirsögnin sþ. án atkvgr.
Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr. 21. júlí. (C. bls. 71, 232, 236).

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni sþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Þjóðjarðasala.

FRUMVARP til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (C. bls. 211), 1. umr., 15. júlí.

Flutningsmaður (Guðl. Guðmundsson): Eg hefi ekki ástæðu til að vekja umræður um málið á þessu stigi, því eg vona, að sett verði nefnd til að íhuga líkar beiðnir, sem eg veit að muni koma fram, og verða þá þessar athugaðar, er teknar eru í frumv. Það er von mín, að h. deild taki þessari málaleitan vel. Það voru þeir tímar, að menn voru sannfærðir um, að þessi aðferð, að selja þjóðjarðir, væri holl bæði fyrir bændur og landssjóð.— Það er svo sem sjálfsagt, að landssjóður fái fult verð fyrir jarðir sínar, og fer enginn fram á annað. En á hinn bóginn getur mönnum ekki blandast hugur um, að þjóðjarðasalan miðar að

því, að auka sjálfseign í landinu, en við það vex þjóðareignin, og sparsemi og sjálfstæði eflist. Og eftir þeim kvörtunum og vili, sem nú heyrist um landbúnaðinn, get eg ekki efast um, að menn vilji leita þessara ráða, sem eru betra eðlis en flest önnur, þar sem þau eru hvorki styrkur né ölmusugjöf, heldur alt annað.

Eg skal geta þess, að prentvilla er í frumv., þar stendur: Hraunbæjarkot, á að vera Hraukbæjarkot.

Eg skal svo ekki orðlengja þetta, en stinga upp á, að sett verði 5 manna nefnd á sínum tíma, til að íhuga málið.

Pètur Jónsson: Eg vil stuttlega gera grein fyrir því, að eg get ekki fremur nú en áður greitt atkvæði með þjóðjarðasölu, án þess eg ætli mér að gera ástæður mínar að þrætumáli.

Tilgangur þjóðjarðasölunnar er, eins og menn vita, að efla sjálfsábúð í landinu, og svo framarlega sem vissa væri fyrir því tvennu, að sjálfsábúðin yrði á hinum seldu þjóðjörðum til frambúðar, og í öðru lagi, að hún reyndist betri en leiguábúð, þá væri auðvitað ekki ástæða til að hamla sölunni, og það því síður, sem andvirði þjóðjarðanna rennur í Ræktunarsjóðinn. En eg álít, að tilgangurinn náist alls ekki. Það er undir hælinn lagt, hvort hlutaðeigandi kaupandi verður ábúandi nema í bráðina, eða að nafninu til, og eins hvort sjálfseignar-ábúðin gengur í ættir. — Eftir okkar erfðalögum ganga óðalseignir til skifta milli erfingjanna eins og aðrar eignir. Sá sem búið hefir á sjálfseign, skilur öllum erfingjunum jafnt eftir eigu sína, en ekki einum þeirra, og kemst hún því oft í hendur annara. Og þess vegna er það efamál, hvort tilgangurinn, að auka sjálfsábúðina, næst til muna.

Þá er aftur á hitt að líta, hvað um jarðirnar verður. Verði þær leigujarðir fyr eða síðar, þá er ólíku saman að jafna, hve miklu hægra er að gera leiguliðum á landssjóðsjörðum ábúðina þægilegri, og hvetja þá til jarðabóta, heldur en leiguliðum á jörðum einstakra jarðeigenda.

Því er haldið fram, að með sjálfsábúðinni batni meðferð á jörðunum; það er ekki ólíklega til getið; helmingurinn af sjálfseignarjörðum mundi innan skamms verða leigujarðir, er einstakir menn þá ættu, og yrðu þær þá þeim mun ver farnar eftir en áður, sem hinar kynnu að vera betur farnar. Það verður og að líta á það, hvernig sjálfsábúð væri í samanburði við leiguábúð, ef vér hefðum góð ábúðarlög, því það er órétt, að bera sjáltsábúð saman við þá leiguábúð, sem vér nú höfum, vegna þess, að ábúðarlög vor hafa verið og eru mjög ófullkomin, og geta staðið til bóta.

Enn er á það að líta, að þeir, sem kaupa landssjóðsjarðir, verða venjulega að verja öllu því fé, sem þeir geta mist, til að greiða þann hluta andvirðisins, sem jörðin stendur eigi að veði fyrir, og verða auk þess fult eins hart á sig að leggja með afborganir og vaxtagreiðslur, sem leiguliðar að gjalda leigu af jörðum, og eru því ver farnir til að gera umbætur á jörðinni.

Þegar erfingjar taka við jörð, er það stundum, að einn þeirra tekur að sér að innleysa þær skuldir, sem á henni hvíla, og verður þannig ófær um að hafa á henni fullkomna ábúð, því síður gera jarðabætur. Eg álít því, að það sé í eins mörgum tilfellum, að sjálfsábúðin gerir menn jafn-ófæra til að bæta jarðirnar, eins og leiguábúðin. — Eg hefi verið á móti sölu þjóðjarða síðan eg kom á þing, vegna þess, að

eg hefi viljað, að ábúðarlögin kæmust í það horf, að þau gæfu leiguliðum upphvatningu til jarðabóta. Álít eg því rétt að fresta sölu þjóðjarða, þangað til búið er að gera tilraun til, að bæta ábúðarkjör leiguliða með hagkvæmri ábúðarlöggjöf. Þess ber líka að gæta, að það verður ekki aftur tekið, ef þjóðjarðir eru seldar, en þó því sé frestað, má gera þær falar seinna.

Enn ein hlið málsins hefir áður verið tekin fram, sem sé sú, að þær jarðir, sem seldar eru, það eru úrvals-jarðirnar, því það liggur í hlutarins eðli, að jörðin er því að eins föluð, að hún sé góð; en landssjóður losnar ekki við lakari jarðirnar. En það er auðsætt, að þetta verður ekki hagkvæmt fyrir landssjóð, því hann verður að setja eftirlit með jörðum sínum, en þetta eftirlit verður því dýrara í hlutfalli við arðinn, sem jarðirnar eru strjálli og lakari.

Alþingi — að undanteknum þingunum 1897 og 1899 — hefir verið með þjóðjarðasölunni, og eg geri því ekki ráð fyrir, að tillögur mínar verði teknar mikið til greina.

Engu að síður vildi eg mótmæla sölunni, og greiði atkvæði móti málinu og móti því, að nefnd sé sett í það.

Flutningsmaður (Guðl. Guðmundsson): Eins og eg tók fram áðan, er það ekki ætlun mín, að vekja langar umræður á þessu stigi málsins. — Eg finn enga ástæðu til að ganga inn á einstök atriði í ræðu h. þm. S.-Þing. (P. J.), enda verðum við hvort eð er varla sammála. Eg lít öðrum augum á málið en hann, og get ekki felt mig við, að hans skoðun sé rétt. Og eg býst heldur ekki við, að hann láti sannfærast af mér.

Þau rök, er háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) færði fram gegn sölu þjóðjarða, hafa oft kveðið við áður. Hins vegar er eg honum samdóma í því, að þeim tilgangi, að auka sjálfsábúð, yrði bezt náð með því, að tryggja betur rétt leiguliða gagnvart landsdrotnum, sérstaklega ef það væri leitt í lög, að leiguliðar, er gerðu miklar jarðabætur, skyldu hafa sérstakan kauprétt; með öðrum orðum, að landsdrotnar væru skyldir að selja þeim jarðirnar undir vissum skilyrðum.

Hitt, að veita leiguliðum rétt til endurgjalds fyrir jarðabætur, hefir oft verið borið fram áður, en það er viðsjált, að því verði svo fljótt fyrir komið, að réttur landsdrotna verði ekki borinn fyrir borð. Það er yfir höfuð erfitt í þessu efni að finna réttan og tryggan mælikvarða. Á því hefir málið strandað um mörg ár. Hins vegar hefir kauprétti leiguliða ekki verið hreyft.— En eg býst við að sagt verði, að hann hlyti að fara í bága við rétt landsdrotna. Réttur grundvöllur mun naumast verða fundinn, nema að einhvers staðar sé komið við. Þetta mál er þannig vaxið, að maður getur ekki með bollaleggingum og »teoríum« í lausu lofti læknað meinsemdirnar.

Eg fyrir mitt leyti álít, að vilji menn gera heppilegar endurbætur á landbúnaðarlöggjöfinni, þá verði þær að ganga í þá stefnu, er frumv. fer fram á, sem sé, að hlynna að því, að sjálfseign og sjálfsábúð aukist í landinu.

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) bjóst við því, að jarðirnar mundu seldar aftur, og ganga úr sjálfsábúð, en svo getur farið um allar bændaeignir. Nokkrar mundu þó ávalt verða eftir í sjálfsábúð. Það er heldur engin mótbára, að þessar jarðir, er þær væru orðnar prívateign, mundu fremur partast í sundur við arfaskifti; það er engin mótbára á móti þessu frumvarpi; svo er um allar

sjálfseignir. Þetta eru því ekki mótbárur gegn þessu frumv., né á móti þjóðjarðasölu, það eru mótbárur gegn allri sjálfseign.

Hitt er víst, að jafnvel þótt leiguliðar hafi lífsábúð, þá eru þeir all-flestir tregir til að gera jarðabætur. Enda liggur það í hlutarins eðli; menn vilja eðlilega síður leggja mikið verk í endurbætur á annara eign en sjálfs sín. Það er líka af eðlilegum ástæðum, að umboðsstjórnin er treg að svara bótum fyrir jarðabætur, því að væri hún fús til þess, mundi hætt við, að oft yrði svikið út úr henni fé með ónýtum jarðabótum.

Að svo mæltu óska eg að málinu verði vísað til 2. umræðu, og nefnd sett í það.

Pétur Jónsson: Eg skal ekki fara langt út í þetta mál nú að þessu sinni, og það því síður, sem ræða háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) var svo laus við að ýfa mig. Eg skal fúslega kannast við, að eg hafi þá skoðun, að það muni reynast örðugt, að gera með lögum þær umbætur á kjörum leiguliða á privatmanna eignum, að þeir fái borgaðar, svo sem vera ber, jarðabætur þær, sem þeir kunna að gera. Enginn hefir enn fundið viðunandi ráð til að leysa þann hnút. Þetta kemur mjög til af því, að leigumáti er svo lágur, og á hinn bóginn eigi hægt að hækka eftirgjald jarðanna að mun, þótt jarðabætur séu gerðar, eða húsabætur, því að enginn getur vænst þess, að jarðareigandi leggi kapítal í jarðabætur eða til jarðarhúsa, nema það renti sig. — Þetta gerir það að verkum, að eg er nokkuð vondaufur um, að hægt sé að bæta, að mjög miklum mun, kjör leiguliða á *einstakra manna* eignum. — En *þetta* er eitt af því, sem gerir það, að eg er mótfallinn þjóðjarðasölu, því að eg býst við, að mikill hluti hinna seldu þjóðjarða verði brátt einstakra manna eign.

Aftur hefi eg þá skoðun, að löggjafarvaldið bæði geti bætt og vilji bæta kjör leiguliða á sínum jörðum; vér verðum að gera ráð fyrir því, að það hafi víðari sjóndeildarhring en þorri einstaklinganna, og það er ekki eins bundið við stundarhaginn eins og einstaklingurinn.

Það er mín grundvallarskoðun, að þjóðin eigi að eiga sem mest af jarðeignum landsins, því að á þann hátt komist meiri festa á allar jarðabætur, og að kjör leiguliðanna verði miklu tryggari, er þeir hafa löggjafarvaldið fyrir landsdrottinn, heldur en ef þeir eru háðir dutlungum einstakra landsdrotna, og verða jafnan að vera við því búnir, að skifta um húsbændur.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 18 samhlj. atkv.

Tillaga um 5 manna nefnd samþ.

Hlutfallskosning við höfð og hlutu þessir kosningu:

Tryggvi Gunnarsson,
Árni Jónsson,
Ólafur Briem,
Ólafur Ólafsson,
Hannes Hafstein.

Önnur umr. 28. júlí (C. frv. bls. 211; n. bls. 315, brt. 353, 373).

Framsögumaður (Ólafur Briem): Eins og háttv. þingdm. muna, kom fram við 1. umr. nokkur ágreiningur um aðalstefnu málsins, um það, hvort rétt væri að gefa þjóðjarðir falar eða eigi. Það er því eðlilegt, að sams konar skoðanamunur kæmi fram í nefndinni, sem hefir haft mál þetta til meðferðar. Þó hafa allir nefndarmenn unnið að því, að meta jarðirnar til verðs.

Nefndin hefir lagt á móti, að 6 af jörðum þeim, sem um er beðið, séu seldar að svo stöddu. Viðvíkjandi 3

af jörðum þessum nægir í sjálfu sér að vísa til nefndarálitsins. Nefndin fann eigi annað varhugavert við að selja Reykhús, en að þar eru laugar og jarðhiti, sem gerir það að verkum, að jörð þessi er sérlega hagkvæm til garðræktar. En þar sem það er tekið fram í nefndarálitinu, að jörðin muni vera mjög vel löguð til ræktunarstöðva, þá er það sjálfsagt naumast rétt, ef þar með er átt við tilraunastöð, því að slíkar stöðvar þurfa að vera á almennri jörð, en ekki þar sem eins sérstaklega hagar til eins og í Reykhúsum.

Hraukbæjarkot vill nefndin ekki láta selja, af því að það er hjáleiga, og á óskift land með annari jörð, sem er eign landssjóðs. Það hefir komið fyrir á þingi áður, að synjað hefir verið um að selja hálflendu, og hér stendur svipað á; nefndinni finst það óeðlilegt, að landssjóður eigi óskift land með einstökum jarðeigendum, og því sé réttast, þar sem eins stendur á og hér, að selja annaðhvort alt eða ekkert.

Viðvíkjandi Berunesi vantar skýrslu umboðsmanns, og í annan stað er ekki farið fram á að fá jörðina keypta, heldur í skiftum fyrir aðra jörð.

Þá eru hinar þrjár jarðirnar, sem nefndin álítur sérstaklega athugavert að selja. Þær jarðir eru Böggversstaðir í Eyjafjarðarsýslu, Munaðarhóll á Hjallasandi í Snæfellsnessýslu og 1/2 Vattarnes í Suður-Múlasýslu. Það stendur svipað á með allar þessar jarðir, að þær eru sérlega vel lagaðar til fiskiúthalds, og á þeim eru bygðar þurrabúðir. Á tveim þeirra er fyrirkomulagið þannig, að landssjóður fær hálft lóðargjaldið eftir þurrabúðirnar, en leiguliðarnir hálft; á hinni þriðju, Munaðarhóli, fær leiguliðinn alt lóðargjaldið.

Spurningin um, að selja jarðir þær, sem eins stendur á og með þessar, hefir áður komið fram á þingi; mun það fyrst hafa verið 1891, þegar það kom til tals að að selja Ólafsvík. Nefnd sú, sem þá fjallaði um málið, var á móti sölunni, bæði af því, að Ólafsvík var löggiltur verzlunarstaður, og sérstaklega þó af því, að þar voru þurrabúðir og líkleg þurrabúðastæði; hún áleit, að salan gæti leitt af sér réttarskerðing fyrir þurrabúðarmenn, að hættara væri við að kosti þeirra yrði þrengt, er jörðin væri orðin einstaks manns eign, og að mönnum mundi jafnvel geta orðið settur stóllinn fyrir dyrnar með að byggja nýjar þurrabúðir. Þessari skoðun hefir síðan verið fylgt á þingi, og nefndin hefir aðhylst hana, og það af tveim ástæðum; fyrst af því, að búast má við að jarðir þessar hækki í verði, eftir því sem þurrabúðir byggjast og lóðargjöld vaxa, og því sé vandasamt að ákveða hæfilegt verð fyrir jarðirnar, þannig að landssjóður skaðist ekki. Þetta sýnir sig á Böggversstöðum; fyrir nokkrum árum var gefinn kostur á þeim til kaups fyrir 6500 kr., en nú metur sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu þá á 8000 kr.

Í öðru lagi lítur nefndin svo á, að hér sé þriðji hlutaðeigandinn, sem þingið eigi að taka tillit til, þurrabúðarmennirnir, sem á jörðum þessum búa. Það sýnist rétt, að þingið tryggi þeim þurrabúðir og skipauppsátur fyrir sanngjarnt verð. Þessi trygging hverfur, ef jarðirnar eru seldar. Eigendurnir geta sett þeim þá kosti, sem þeim sýnist, bæði með lóðargjald og eins synjað þeim um land til ræktunar, ef þeim býður svo við að horfa, eða þá skamtað það úr hnefa. En það liggur þó í augum uppi, hvílíka þýðingu það hefir fyrir þurrabúðarmenn, ekki síst þó fyrir þá, sem ekki geta náð í

atvinnu, líkt og í kauptúnum, að hafa jarðarblett til ræktunar með viðunandi kjörum. — Reyndin hefir orðið sú fyrir þurrabúðarmönnum á sumum stöðum, að landeigendur hafa sett þeim svo harða kosti, að þeir hafa ekki séð sér fært að ganga að þeim. Þetta virðist mér þingið þurfa að hafa fyrir augum.

Viðvíkjandi verðinu á jörðunum er þess að geta, að nefndin hefir hækkað það á þeim flestum, frá því sem var í frumv. Þar var það tekið beint eftir mati sýslunefndanna, en venjulega er mismunur á því verði, er þær setja, og mati umboðsmanns. Sem dæmi upp á þetta má nefna jarðir þær, sem nefnd. in hefir lagt til að eigi séu seldar, og svipað er um hinar að segja. Munaðarhól hefir sýslunefnd metið 2800 kr., en umboðsmaður 4000 kr.; 1/2 Vattarnes hefir sýslunefndin metið 3290 kr. en umboðsmaður 6000—6500 kr. Um hinar jarðirnar er það að segja, að nefndin hefir yfir höfuð farið milliveg á milli mats sýslunefndar og umboðsmanns, og er hækkunin víðast að eins fá hundruð krónur. Skal eg minnast ofurlítið á ástæður nefndarinnar fyrir hækkuninni, að því er sumar jarðirnar snertir. Hún hefir hækkað verðið á Grund í Svarfaðardal úr 2500 kr. upp í 3200 kr. eða um 700 kr., og verðið á Ytra Holti í sömu sveit úr 2000 kr. upp í 2400 kr. eða um 400 kr. Jörðin Ytra-Holt liggur nálægt hinum svo kallaða Böggversstaðasandi, og á þar ókeypis búðarstæði og uppsátur, og metur umboðsmaður það 50 kr. en sýslunefnd 15 kr. árlega. Um Grund er það að segja, að eftir lýsingunni er hún góð heyskaparjörð, einkum þó að því er útheysskap snertir. Möðruvelli í Hörgárdal hefir nefndin hækkað um 2000 kr. frá mati sýslunefndarinnar, eða upp í 11,000 kr., og er verð það, sem nefndin leggur til að þeir séu seldir fyrir, meira en 4000 kr. hærra en því sem svarar afgjaldinu 25 földu; afgjaldið er nálægt 270 kr., og sé miðað við meginreglu þá, sem fylgt hefir verið að undanförnu, að miða söluverðið við afgjaldið 25 falt, þá ætti söluverðið að vera 6750 kr. Ástæðan til þessarar miklu verðhækkunar hjá nefndinni er sú, að þessi jörð er eitt af höfuðbólum landsins, og kostajörð, einkum að því leyti hvílík fyrirtaks heyskaparjörð hún er, þar sem hún gefur af sér um 2000 hesta af heyi, 600 af töðu og 1400 af útheyi, og getur hún þó tekið miklum bótum enn, sérstaklega engjarnar. Eitt er það enn, sem dálítil áhrif hefir á verðhækkunina, og það er það, að fyrir nokkrum árum var keypt hús til jarðarinnar fyrir landsfé á 4000 kr., og fylgir það hús með í sölunni. Nefndin hefir lagt það til, að landssjóður áskildi sér forkaupsrétt á jörðu þessari, ef hún yrði seld. Ástæðan fyrir þessu er sú, að með því að jörðin er kostajörð og liggur nálægt höfuðstað Norðurlands, Akureyri, þá getur það hugsast, að seinna meir kunni það að þykja hagkvæmt að fá hana til einhverrar opinberrar noktunar. Enn fremur hafði nefndin það fyrir augum, að hálf óviðkunnanlegt væri að mestu vildisjarðir gengju úr eign landssjóðs, þannig, að hann ætti ekki kost á öðrum fremur að eignast þær aftur, ef svo byði við að horfa.

Þá hefir nefndin leyft sér að koma með viðaukatill. um að stjórninni veitist heimild til að selja Kirkjubæjarklaustur í Vestur-Skaftafellssýslu fyrir 4500 kr. Eftir skýrslum þeim, sem nefndin hefir haft í höndum, er afgjald jarðar þessarar 340 álnir, en er þó nú sett niður í 330 álnir; en jörðinni fylgir fjara, sem er leigð sérstaklega fyrir 30 kr. á ári. Afgjald jarðarinnar, met-

ið eftir verðlagsskrá, nemur 177 kr., og svarar það til 4425 kr. söluverðs, en nefndin hefir leyft sér að hækka það dálítið, bæði af því, að hún vildi ekki miða verðið við núverandi afgjald, sem er dálítið lægra en sá leigumáli, sem ákveðinn er á jörðinni, því að hún býst við, að afgjaldið muni hækka við næstu ábúandaskifti, og svo sérstaklega af því, að jörð þessi hefir frá fornu fari verið stórbýli og í miklu áliti.

Eftir skýrslum þeim, sem nefndin hafði fyrir sér, er heyskapur þar 6—800 hestar á ári í heimalandi, og jafnvel alt að 1000 hestum, ef heiðarland er notað með.

Þá skal eg víkja að viðaukatill. á þgskj. 209, um sölu á jörðunni Ægissíðu í Húnavatnssýslu. Nefndin í heild sinni hefir ekki átt kost á að kynna sér þau skjöl, sem snerta þessa jörð, og því ekki getað athugað nákvæmlega verð það, sem stungið er upp á, að hún sé seld fyrir; en eftir þeim skilríkjum, sem fyrir liggja, virðist ekki ástæða til að synja um sölu á þessari jörð fremur en öðrum, sem falar hafa verið látnar. Mun því réttast að samþykkja till. nú, eins og hún liggur fyrir; getur svo nefndin athugað málið milli 2. og 3. umr., og komið þá fram með brtill, ef henni sýnist ástæða til. Viðaukatill. á þskj. 217, snertandi Munaðarhól í Snæfellsnessýslu, þarf eg í raun og veru fátt um að tala, með því hv. forseti hefir lýst yfir því, að hún komi eigi til atkv. að þessu sinni. Það stendur líkt á með jörð þessa og hinar aðrar útræðisjarðir, sem nefndin leggur á móti að seldar séu, nfl. Böggversstaði og $^1/_2$ Vattarnes, og af því að ástæðurnar eru hér um bil hinar sömu móti sölu allra þessara jarða, þá býst eg við, að þingið láti hið sama yfir þær allar ganga, og selji annaðhvort allar eða enga.

Að eins skal eg geta þess, að nefndin hefir fengið upplýsingar um, að það sé ekki fullnákvæmt í nefndarálitinu, að löggiltur verzlunarstaður sé í landi Munaðarhóls, og að fremur lítil líkindi séu fyrir því, að hann muni koma þar upp, enda lagði nefndin ekki sérlega áherzlu á þetta, heldur á hitt, að þar er útræði og þurrabúðastæði.

Lárus H. Bjarnason: Eg stend ekki upp til þess að mæla fram með brt. á þgskj. 217, heldur lýsi eg því yfir, að eg tek hana aftur. (*Forseti*: Háttv. þm. þarf ekki að lýsa því yfir; tillagan er svo öldungis tilgangslaus, að hún er sjálftekin aftur!) Hún er þó að því leyti skýrari en hinar, að hún tiltekur þó, í hvaða sýslu jörðin liggur, og er því ekki með öllu þarflaus. (*Forseti*: Alveg ómöguleg!) Eg skal ekki þrátta um það; það er tilgangslaust héðan af.

Það eru nokkur atriði málsins, er eg vildi taka lítið eitt til íhugunar, með því að eg hefi ekki átt kost á að bera mig saman við nefndina.

Það gleður mig að sjá, að meiri hluti nefndarinnar er með þjóðjarðasölunni, og það því fremur, sem þar á meðal er einn af umboðsmönnum þjóðeignanna. Hitt gleður mig minna, að sjá að menn, eins og háttv. þm. Rvík (Tr. G.) og háttv. þm. N.-Þing. (Á. J.) eru á móti þjóðjarðasölunni. Hvers vegna þeir eru á móti henni, verður ekki séð af nefndarálitinu. Eg vona að þeir geri grein fyrir því nú. Eg fyrir mitt leyti álít, að hver einasta landssjóðsjörð ætti þegar að hafa verið seld. Við söluna komast jarðirnar í sjálfsábúð; og það er gefinn hlutur, að meiri hvöt er fyrir ábúandann til að bæta jörðina ef hann á hana sjálfur, og getur trygt árangurinn af vinnu sinni konu og börnum, heldur en þegar hann er leiguliði, og því ekki annars að vænta, en

að erfiði hans kæmi öðrum en börnum hans að notum. Auðvitað er þó leigulíðaábúðin mikið undir því komin, hvernig landsdrottinn er. En nú getur vart verri landsdrottin, en landssjóður reynist sumstaðar, og það er að kenna eftirlitinu. Það er sumstaðar sama og ekki neitt. Eg veit að sönnu, að umboðsmennirnir eiga að líta eftir jörðunum einu sinni á ári, vera sjálfir viðstaddir við úttektir o. s. frv. En þessi skylda þeirra er sumstaðar einungis pappírsskylda. Að minsta kosti er mér kunnugt um, að í einu umboðinu hefir þessi skylda ekki verið rækt í mörg ár. Það hefir enda komið fyrir, að umboðsmaður hefir brugðið fyrir sig mönnum, sem þegið hafa af sveit. Enda eru úttektirnar eftir því. Jarðarbúsin hafa stundum verið afhent gluggalaus og þiljulaus. Og þetta eftirlit kostar 16% af umboðstekjunum. Það er sannarlega of dýrt.

Eg sagði að það gleddi mig, að einn af umboðsmönnum þjóðjarðanna væri svo sanngjarn, að vera með sölunni. (*Landshöfðingi*: Eru nokkrar af þeim jörðum í Skagafirði, sem farið er fram á að seldar séu?) Eg efast ekki um, að háttv. 1. þm. Skagf. (O. Br.) hefði verið jafn fús að fylgja þessu máli, enda þótt einhverjar jarðir í hans umboði hefðu verið með. Enda býst eg við, að Eyjafjarðarsýsla njóti eins mikils réttlætis í þessu efni, og þjóðjarðasölumálið yfirleitt hefir notið hjá háttv. 1. þm. Skagf. (O. Br.) (*Landsh.*: Af hverjum?)

Þá er að víkja að Munaðarhól. Nefndin hefir felt þessa jörð úr tölu þeirra jarða, er selja skuli, að minni hyggju af ókunnugleik. Nefndin ber það fyrir, að þar sé löggiltur verzlunarstaður, og allmargt af þurrabúðum. Að vísu er eg ekki nákunnur þessum stað, en það veit eg þó, að hinn svonefndi Sandur, sem löggiltur er sem verzlunarstaður, er miklu stærri um sig en Munaðarhóll; eg held enda, að verzlunarstaðurinn sé ekki í landi Munaðarhóls, enda þykist eg mega spá því, að Sandur muni seint stækka svo, að nokkru muni, þar sem Ólafsvík er í nándinni.

Þá er hitt atriðið í ástæðu nefndarinnar, sem sé þurrabúðirnar, og hygg eg þar sé blandað málum. Eg þekki þar enga þurrabúð, enda mun það, sem nefndin kallar þurrabúð, ekki vera annað en svo kölluð uppsátur, það er búðir eða kofar, sem bóndinn á Munaðarhóli leigir utansveitarmönnum, er sækja þangað til róðurs. Mér er sagt að slík uppsátur séu 3, og að bóndinn taki 12 kr. fyrir hvert.

Hvað verðið snertir, vænti eg þess, að menn líti á, að þessi jörð er verðsett hærra en aðrar. Nefndin kveðst hafa fylgt þeirri meginreglu, að láta verðið til jafnaðar samsvara 25 faldri upphæð afgjaldsins, eftir 5 ára meðaltali. Eftir því ætti Munaðarhóll, sem er leigður fyrir 107 kr., að kosta 2675 kr., en er þó í frumvarpinu settur á 2800 kr. Og það er sannarlega nóg fyrir rúml. 14 hndr. jörð í fátæku héraði. Nokkra kosti mun jörðin hafa, einkum þann, að hún er heldur góð sjávarjörð. En eftir kunnugra manna sögn hefir hún líka marga ókosti. Nákunnugur maður jörðinni, verzlunarstj. Guðjón Þorsteinsson í Ólafsvík, hefir lýst jörðinni þannig, að þar sé ekkert mótak, ekkert vatnsból, engin torfrista, enginn útengjaheyskapur. Þar er nú 3 kúa fóður; en um þær mundir, er bóndinn, sem nú situr jörðina, kom þangað, fekst að sögn að eins 1 kýrfóður af túninu. Hann hefir bætt jörðina mikið, og hús eru þar nú orðin sæmileg. Nú er hann orðinn roskinn, og af því að hann á börn, er honum

hugleikið að þau og kona hans megi njóta ávaxtanna af erfiði hans.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Það var ekki nema eðlilegt, að háttv. þm. Snæf. (L. B.) risi upp, til að andmæla nefndinni, viðvíkjandi þeirri jörð, sem hann er sérstaklega talsmaður fyrir, sem sé Munaðarhól í Snæfellsnesssýslu.

Hinar almennu athugasemdir hans um umboðsmenn og ólag það, er sé á stjórn þjóðjarða, skal eg ekki dæma um. Má vera að hann hafi nokkuð til síns máls. En til að ráða bót á því, liggja önnur ráð beinna við, og sérstaklega koma þessar athugasemdir h. þm. ekki í bága við álit meiri hluta nefndarinnar, er einmitt vill selja jarðirnar, og það meðfram af þeirri ástæðu, að ekki er trygging allsstaðar fyrir eins góðri stjórn og ætti að vera.

Að því er Munaðarhól snertir, gat háttv. þm. þess, að engar líkur væru til, að þar mundi koma upp verzlunarstaður. Um það get eg ekki sagt; verð eg að játa, að hann er mér færari að dæma um það. En á það lagði nefndin líka litla áherzlu, heldur lagði hún aðaláherzluna á þurrabúðirnar. Umboðsmaður segir í lýsingu sinni á jörðinni, að nú sem stendur séu þar margar þurrabúðir. En eftir sögn háttv. þm. Snæf. (L. B.) er ástandið þannig, að ábúandinn leigir út verbúðir fyrir ákveðið gjald, en þurrabúðarmenn hafa eigi fengið lóðir útmældar. Ástæðan til að ekki hafa fengist útmældar lóðir undir þurrabúðir, er þá ef til vill sú, að leiguliðinn hefir sett sig á móti því. Hitt getur naumast átt sér stað, að umboðsstjórnin hafi verið því mótfallin. Leiguliðinn hefir þá notað sér þetta, til þess að hafa meira upp úr jörðunni. Það leit út fyrir að háttv. þm. þætti þetta fyrirkomulag eðlilegt og heppilegt. Nefndin leit öðru vísi á. Henni þótti nauðsyn bera til að úthaldsmenn fengi keyptar og útmældar lóðir undir byggingar sínar og til garðræktar. (*Lárus H. Bjarnason*: Þar er ekkert ræktanlegt land, eintóm hraun!). Það má mikið vera, ef ekki er hægt að fá þar smábletti til garðræktar.

Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) minti enn fremur á, að jarðarverðið væri sett hærra en svo, að það samsvaraði þeirri meginreglu, að miða við 25 falda upphæð jarðarafgjaldsins. En þess ber að gæta, að þótt afgjald það, sem landssjóður hefir nú eftir jörðina, sé ekki hærra en 107 kr. að meðaltali, þá hefir ábúandi, eftir skýrslu umboðsmanns, eins mikið upp úr lóðargjöldum, uppsátursgjöldum o. fl., eins og hann borgar í jarðarafgjald. Ef jörðin væri metin með tilliti til þessa, þá er það verð, sem í frumvarpinu er sett á hana, mikils til of lágt.

Yfirleitt get eg ekki séð, að háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) hafi með rökum sýnt fram á, að rétt sé að selja jörðina, og sérstaklega þegar tekið er tillit til þess, að þær skýrslur, er fyrir liggja, eru ekki sem ljósastar, eða sem fullkomnastar, þá væri að minsta kosti heppilegra, að ekki væri hrapað að því, að selja jörðina í þetta sinn, eða fyr en ítarlegri og áreiðanlegri skýrslur væru fengnar.

Landshöfðingi: Eg vil láta í ljósi þá skoðun mína, að eg er samþykkur minni hluta nefndarinnar. Eg hefi ætíð verið öndverður þjóðjarðasölu; get eg ekki séð, að rétt sé að kasta burtu stórum hluta af höfuðstól landssjóðs og fá ekkert í staðinn. Hamingjan hjálpi eftirkomendunum, sem eiga að taka við því fjárhagsástandi, sem verður með þessum aðförum. Sérstaklega er eg þó á móti sölu höfuðbólanna, Möðruvalla og Kirkjubæjarklausturs.

Að því er Möðruvelli snertir, þá skil

eg ekki, hvers vegna meiri hluti nefndarinnar vill selja þá jörð, úr því það þó á hinn bóginn er gert að skilyrði, að landssjóður skuli hafa forkaupsrétt að henni. Þá hefði verið réttara að gera hana alls eigi fala. Svo er enn að gæta þess, að á klaustrinu hvílir prestsmata, er nemur 1080 álnum, þ. e. 540 kr. á ári. Ef nú margar af Möðruvallaklausturs jörðum væru seldar, þá á landssjóður að borga svo og svo mikla prestsmötu á hverju ári, einungis fyrir að hafa eitt sinn verið eigandi jarðarinnar.

Þá leyfi eg mér að mótmæla ræðu háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) Eg get ekki verið samþykkur neinu af því, er hann sagði, og allra sízt þeim ummælum hans, að landssjóður væri verstur landsdrottinn á landinu. (*Lárus H. Bjarnason*: Sumstaðar!) Það skyldi þá vera í umboði háttv. þm. Snæf. (L. H. B.). En þá er það líka annaðhvort orsök hans eða umboðsmannsins. Væri þó sízt ástæða til kvartana úr því umboði, því að engu umboði á landinu hefir verið veittur jafn mikill styrkur til jarðabóta sem Arnarstapaumboði. Hvaða privat landsdrottinn mundi veita fé til jarðabóta? Eg vil því víkja við ummælum háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) og segja, að enginn landsdrottinn á landinu sé eins góður og landssjóður. — Yfir höfuð er mér óskiljanlegt, hvers vegna menn vilja vera að brjótast í að kaupa jarðirnar, til þess svo að verða að hröklast burt af þeim aftur.

Hermann Jónasson: Eg hefi leyft mér að koma fram með viðaukatill. á þskj. 209, þótt eg sjái margt athugavert við þjóðjarðasöluna yfirleitt. — Það er mín skoðun, að þjóðjarðasala auki ekki eða tryggi sjálfsábúð, eins og margir hafa gert sér vonir um, og að landssjóður ætti að vera og geti verið fyrirmyndar-landsdrottinn. Auk þess hefi eg veitt því eftirtekt, að margar af þessum þjóðjörðum, sem seldar hafa verið, eru kostajarðir eða einkum frambúðarjarðir, sem landssjóður venjulegast skaðast við að selja fyrir það verð, sem boðið hefir verið í þær. — Og þetta er eðlilegt, því menn sækjast auðvitað helzt eftir þeim jörðum, sem eitthvað hafa til síns ágætis, og sem einhver framtíðarvon er í að eiga, en það geta þeir bezt dæmt um, sem næstir eru, og þess vegna getur leiguliðinn vel séð það, að jörðin feli í sér stóra kosti í framtíðinni, þótt það sé alveg ókunnugt þeim, sem jörðina þekkja eingöngu af afspurn, eins og t. d. þinginu.

Af þessum ástæðum er eg því alveg mótfallinn allri þjóðjarðasölu á þeim jörðum, sem liggja nálægt verzlunarstöðum. — Í öðru lagi á móti sölu þeirra jarða, sem auðsætt er, að þurrabúðir rísi upp á, áður en langt um líður, eða sem liggja svo vel í sveit, að þar geta myndast smá-þorp með litlum grasbýlum, strax og landið er ræktað upp í grend við þær. Eins er eg einnig móti sölu þeirra jarða, sem liggja fyrir auknum umbótum af náttúrunnar hendi, án þess mannshöndin þurfi nokkuð að vinna þar að, t. d. þeirra jarða, sem eru að gróa upp, eða þar sem stórt vatn er að þorna upp, svo þar kemur í staðinn fyrirtaks engi, eða þar sem sérstök hlunnindi eru að myndast; en það eru slíkar jarðir, sem menn sækjast helzt eftir.

Það eru mörg dæmi þess, að þeir sem heita kaupendur að þessum jörðum, kaupa þær alls ekki handa sjálfum sér, heldur standa aðrir bak við þá, og hér er þá alls ekki um neina sjálfsábúð að ræða, og þess vegna engin ástæða til að selja jarðir, þegar svo

er ástatt. Eg er algerlega mótfallinn því, að selja gömul og góð, forn höfuðból landsins og þær jarðir, sem er vel í sveit komið, og mikið graslendi fylgir; því eins og er hagað þessari sölu, þá má heita, að graslendið sé ekki metið neitt, heldur sé að eins í söluverðinu tekið tillit til þessara mannvirkja, sem hafa verið gerð á jörðinni, og svo þessara túnskækla, sem flestum jörðum fylgja.

Aftur á móti álít eg að til séu jarðir, sem geti verið rétt að selja. Til þeirra tel eg þær jarðir, sem liggja afsíðis og hafa ekki neinar framtíðarhorfur, nema því að eins, að mannshöndin leggi þeim liðsinni sitt, og sem full vissa er fyrir, að ábúandinn geti keypt sjálfur til eigin ábúðar. Einmitt þannig er ástatt með þessa jörð, Ægissíðu í Þverárhreppi í Húnavatnssýslu. Jörðin er afskekt og erfið, en nokkuð víðáttumikið land, og hefir því haft álit á sér, og þess vegna alt af hátt metin eftir landgæðum. Engjarnar eru erfiðar, og svo slæmar, að ekki er hægt að slá þær nema annaðhvort ár. Túnið liggur í halla, er raklent, þýft og svo óholl taða af því, að hún þykir lítt kýrgæf. Það er því svo langt frá því, að það sé farið rétt með hjá umboðsmanninum, að hey á þessari jörð séu holl, að það er alveg öfugt við það, sem satt er. — Vetrarríki er þar all-mikið, og þess vegna er þar eins og svo víða annarsstaðar, sem vetrarríki er mikið, allgott sumarland. Svo hefir umboðsmaður talið það hlunnindi, er jörðinni fylgdu, að þar væri silungsveiði, en eg er sjálfur svo kunnugur þessari jörð, að eg get fullyrt það, að það sé ekki hægt að telja þá veiði, sem þar er, sérstök hlunnindi; silungsveiðin er ekki meiri en svo, að það má segja, að hún sé að eins til gamans, og til lítilfjörlegra

þæginda fyrir ábúandann. Það er annars dálítið einkennilegt, hvað umboðsmaðurinn hefir metið þessa jörð hátt, nefnilega á 3,500 kr. Það er þó ekki langt á að minnast, að þegar jörð þessari síðast var sagt lausri, þá var talað mikið um, að það mundi verða örðugt að fá jörð þessa bygða aftur með sama leigumála og verið hefði. — Eg skal geta þess til samanburðar, að næsta jörð fyrir innan, jörðin Kista, sem hefir mjög lík landgæði, en er þó heldur betri jörð, var nýlega seld, og var hundraðið í henni selt á 100 kr., og skal eg taka það fram, að þetta var engin neyðarsala. Eg var sjálfur viðstaddur, þegar jörðin Ægissíða var til umræðu á sýslufundi; eg hlustaði á umræðurnar. Sumir af þeim, sem möttu jörðina, voru henni gagnkunnugir, og fanst mér þeir vera mjög sanngjarnir í mati sínu, sem var 2,700 krónur. — Það kann nú sumum að þykja þetta lágt, þegar litið er á mat umboðsmannsins og á eftirgjaldið, sem er 180 álnir og 60 pund af smjöri, en hvað það seinna snertir, þá er verðið, 2,700 kr., nógu hátt, til að landssjóður skaðist ekki, því eg verð að minna menn á, að í umboðslaun gengur $^1/_6$ af eftirgjaldinu frá fyrir landssjóð, sem borgun til umboðsmannsins.

Hvað ábúandann á jörðinni snertir, þá er það duglegur maður, sem óskar eftir að fá hana keypta, sökum þess, að hann hefir sterka löngun eftir að bæta jörðina, og það er eingöngu þess vegna, sem hann hefir farið fram á þessi kaup. Eg get fullyrt, að hér er ekkert á bak við. Ábúandinn ætlar að kaupa hana handa sjálfum sér, og engir aðrir eru hér með í spilinu. — Eg treysti því þess vegna, að nefndin taki þessa viðaukatillögu mína til at-

hugunar, og hafi hliðsjón af því, sem eg hefi sagt hér.

Tryggvi Gunnarsson: Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) sagði, að það væri líklegt, að minni hluti nefndarinnar gerði grein fyrir, hvers vegna hann hefði skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara, og er eg fús til þess, því eg hafði ætlað mér það, áður en hann mintist á það. Fyrirvarinn þýðir það, að eg nú, eins og undanfarin 25 ár, er algerlega mótfallinn allri þjóðjarðasölu; en undirskrift mín undir nefndarálitið þýðir það, að eg sé samþykkur því verði á jörðunum, sem þar er tiltekið, ef á annað borð á að selja jarðirnar.

Að eg er á móti þjóðjarðasölu er af ýmsum ástæðum, en það er þó einkum af tveimur ástæðum. Það eru erfðalögin okkar og ábúðin á jörðunum.

Meðan erfðalögin okkar eru svo úr garði gerð, að engin trygging er fyrir því, að jörð, sem seld er í dag, verði ekki að tveim dögum liðnum komin í alt aðrar hendur, þá get eg ekki verið meðmæltur þjóðjarðasölu. Það hefir klingt stöðugt um eyrun, að það eigi að vera til að auka sjálfsábúð, en fjölda margar af þeim jörðum, sem seldar hafa verið, eru nú ekki lengur sjálfsábúðarjarðir. Í öðru lagi er það ábúðin. Eg hefi ekki séð það, að sjálfsábúðarjarðir séu alment betur setnar en aðrar jarðir. Eg hefi ferðast um mest alt Norður- og Austurland, en eg hefi ekki getað sagt, þegar eg hefi riðið fram hjá einhverjum bæ, þarna er sjálfsábúð og þarna er leigujörð. Ef erfðalögunum væri breytt, og ef sjálfsábúandinn færi betur með jörðina en leiguliðinn, þá skyldi eg vera meðmæltur þjóðjarðasölunni, en meðan þetta er ekki gert, þá get eg ekki verið með henni.

Það hefir verið sagt, að það sé enginn verri landsdrottinn til en landssjóður, en reynslan neitar því að svo sé, og er það nægilegt.

Það hefir komið fram tillaga um, að landssjóður ætti að gera meira fyrir sínar jarðir en gert hefir verið, og því skal eg fúslega vera með.

Þegar eg sá þetta frumv. um gaddavírsgirðingar, þá datt mér í hug, að það væri nokkru nær að veita nokkur þúsund krónur fyrir landssjóð til þess, að girða og bæta sínar eigin jarðir, því þá mundu fleiri læra af því, og taka þær upp, ef þær reyndust gagnlegar.

Einkanlega er eg þó algerlega mótfallinn því, að selja höfuðból. Það fer svo með því lagi, sem undanfarin ár hefir verið á, að landssjóður missir allar beztu jarðirnar, en heldur eftir kotunum. — Sérstaklega tæki mig þó sárt til Möðruvalla, ef þeir hætta að vera eign landsins.

Hvað makaskifti á jörðum snertir, þá skal eg geta þess, að mér hefir ætíð þótt það dálítið skrítilegt, að menn skuli eiga að vera að biðja um þau skifti sjálfum sér í óhag fremur en önnur skifti, og þess vegna hefi eg ætíð verið þeim mótmæltur, enda hafa þau ætíð verið landinu í óhag.

Þegar við sitjum hér á þingi, þá verðum við að gæta þess, að við erum hér til að ráðstafa fé landsins, og að við þess vegna megum ekki líta á hag einstakra kjósenda okkar, og ef því einhverjar jarðir standa í lágu verði, þá ber okkur að geyma sölu á þeim, þangað til þær komast í betra markaðsverð. Nú er alment klagað yfir því, að landbúnaðurinn standi illa, og þess vegna hlýtur það að vera mjög óheppilegur tími til að selja jarðir á. — Eg býst við því mér verði svarað því, að það sé meira um það vert, að landið verði betur ræktað, og fari meira fram; en hvaða sönnun er fyrir því,

að svo verði, þó fáeinar jarðir séu seldar.

Eg hefi skrifað hér upp á miða úr skjölum, sem nefndin hafði fyrir sér, dálítið, sem sannar bezt þetta, sem eg hefi haldið fram. Jörðin, sem um er að ræða, heitir Hrísnes. Þessi jörð var seld 1891 fyrir 1400 kr., og var þá landsskuldin um 43 kr. Nú er jörðin komin úr sjálfseign og setin af leiguliða. Nýlega var þessi jörð seld fyrir 2100 kr., en eftirgjaldið af henni er nú 68 kr. Hvað hefir nú landbúnaðurinn grætt á þessari sölu? Og hvað hefir landssjóður grætt? Sá eini, sem hefir grætt, er auðvitað kaupandinn af landinu. Eg get einnig bent á aðra jörð, það eru Eyjar í Strandasýslu. Þessi jörð var seld fyrir 2000 kr.; svo dó eigandinn, sem keypti jörðina af landssjóði, og var jörðin þá metin milli 10 og 20 þús. kr., en eftirgjaldið var 240 kr. Náttúrlega hefir bú mannsins stórgrætt, en almenningur hefir ekki grætt einn einasta eyri.

Að endingu skal eg taka það fram aftur, að ef almenningi liði betur við það, þá skyldi eg ekki einungis vera með því að selja, heldur hreint og beint gefa þjóðjarðir, með því skilyrði, að lofað væri að bæta þær. En eins og nú stendur á, þá verð eg að vera mótfallinn allri þjóðjarðasölu, en aftur vera með því, að landssjóður leggi fram fé til að bæta sínar eigin jarðir, svo þær geti orðið til fyrirmyndar öðrum.

Þórhallur Bjarnarson: Því skal ekki neitað, að ýmsir agnúar geta verið á þjóðjarðasölu, t. d. að einhver leppur sé notaður til kaupanna, og eins er það sjálfgefið, að jarðir geta eftir á gengið úr sjálfsábúð. Stundum hafa líka jarðirnar verið seldar of lágt, og fleira kunna menn að vilja nefna.

En eitt ætla eg þó að öllum sé ljóst, og það er, að jarðir þær, er landssjóður heldur áfram að eiga, komast á meðan ekki í sjálfsábúð. Eg er eindregið með þjóðjarðasölu yfirleitt. Jarðir, sem eru í leiguábúð, hafa ekki í 9 tilfellum af 10 jafna mögulegleika til umbóta, á við þær, er eigandi sjálfur situr, og getur bætt sem honum býður hugur um. Það hefir sýnt sig á þeim þjóðjörðum, er seldar hafa verið. Þær hafa stigið og eru nú sumar í margfalt hærra verði. Svo er t. d. um Víkurnar í Mýrdal. Hefðu þær eigi komist í sjálfsábúð, mundu þær ekki hafa stigið það í verði, sem raun hefir orðið á.

Mér þykir þingið helzt til andhverft þjóðjarðasölunni. Það var í fyrra að bollaleggja einhverjar þvinganir gagnvart landsdrotnum, sumpart til þess að tryggja leiguliðaábúðina sem bezt, og sumpart til þess að gefa leiguliðum rétt til að kaupa. En er það þá ekki ósamkvæmni, að vilja ekki hlynna að því, að þær jarðir komist í sjálfsábúð, sem landssjóður sjálfur á? Ef það væri víst, að landssjóður gæti verið og vildi vera fyrirmyndar landsdrottinn, þá væri ekki ástæða til að selja jarðirnar, heldur vísast til að kaupa enn fleiri. En það getur hann naumast orðið. Háttv. þm. verða að athuga, hversu mikið fé það kostar, að vera slíkur fyrirmyndar landsdrottinn. Menn vita, að þeir, er leggja fé í jarðir sínar, bera sjaldnast jafn mikið úr býtum, ef þeir ætla sér að selja. Og auk þess er það ólíkt hægra fyrir einstaka menn, er kosta vilja upp á umbætur ábýlisjarða sinna, að gera það með meiri hagsýni, en unt er fyrir hið opinbera, er það leggur fé í slík fyrirtæki.

Flest, sem hið opinbera rekur á þann hátt, verður dýrt, og ábúendur kunna að stofna til margs, bjóðist þeim

féð ríkulega, meir til þess að fá peninga milli handa, heldur en af brýnni nauðsyn og hagsýni.

Eg þykist því ekki segja of mikið, þótt eg kveði svo að orði, að landssjóður leggur aldrei fram það fé, sem til þess þarf, að bæta þjóðjarðirnar að marki, og sízt svo að vel verði með farið; með öðrum orðum, hann verður aldrei fyrirmyndar landsdrottinn, hvorki vill það né getur. Það er ekki vert að vera að hampa loforðum, sem aldrei verða efnd.

Það er ýmislegt í þeim ræðum, sem haldnar hafa verið í þessu máli, sem ástæða er til að athuga. Þannig hefir því verið haldið fram, að höfuðbólin mætti sízt selja.

En mér er hvað annast um að stóru jarðirnar komist í sjálfsábúð. Hér á landi verður enginn verulegur gangur, fyrr en kominn er upp höfuðbólabúskapur. Þá fyrst yrði búskapurinn rekinn í stórum stýl, með vinnuvélum og öllum nauðsynlegum tækjum. En ekki get eg ímyndað mér, að slíkur búskapur rísi upp á jörðum landssjóðs. Alt aðra trú hefi eg á því, ef jarðirnar kæmust í eign einstakra framtakssamra manna.

Dæmi sem bendir í þessa átt, er t. d. Kaldaðarnes hér austan fjalls, en auðvitað vantar húsmenskubýlin í kring, til þess að framtíðarhöfuðbólið sé fengið.

Hæstv. landsh. mintist á prestsmötuna af Móðruvallaklaustri, sem eftir stendur, er jarðirnar eru seldar. Það virðist mér fara fyrir ofan garð og neðan. Hinn einvaldi konungur lagði fram á sínum tíma þetta fé úr sínum eða landsins sjóði, til uppbótar prestaköllum, og sú veiting helst, þó að sá höfuðstóll, sem þá var tekið af, breytist í peninga, í staðinn fyrir jarðeign. Það getur því ekki komið þessu máli við.

Eg tala hér um málið að eins frá almennu sjónarmiði. Mér er ekki svo kunnugt um hinar einstöku jarðir, að eg geti lagt þar nokkuð verulegt til mála. Yfirleitt virðist mér þó nefndin hafa farið of hátt í mati sínu. Mér skilst það vera miðað bæði við landsskuld og leigu. Er það rétt? (*Framsögum.*: Já!) Þar sem mörg kúgildi eru og reyndar víðar, held eg það sé sjaldgæft, að landsdrottinn fái við sölu 25 falda upphæð afgjaldsins. Á einu jörðina get eg minst, sem sé Grund í Svarfaðardal, af því að maður þar í bygðinni hefir skrifað mér lýsing á henni. Mér er sagt að fé, er lagt var fram af landssjóði til bóta á engjum, komi ekki lengur að neinu haldi. (*Klemens Jónsson*: Það var ekki til engja heldur til að varna læk, er vofði yfir túninu!) Til hvers sem það hefir nú verið, þá er svo mikið víst, að það á ekki nú að færa fram jarðarverðið. Þarna höfum við annars eitt dæmi þess, hvernig fer, þegar það opinbera er að gera jarðabæturnar, og ábúendurnir geta sótt peningana í vasa þess. Þarna liggja 600 kr. til einskis! Vildi eg beina þessu að háttv. framsm. (Ó. Br.) til athugunar undir 3. umr. Eins get eg skotið því til nefndarinnar, að mér virðast ástæður hennar fyrir, að eigi skuli selja þessar og þessar jarðir, ekki sérlega sannfærandi. Tel eg þá framfaramögulegleika, er hún bendir á við sumar jarðirnar, betur komna í höndum sjálfseigenda.

Klemens Jónsson: Eg get ekki verið sérlega þakklátur nefndinni, er fjallað hefir um þetta mál, sízt minni hlutanum. Það hefir alt af verið mín skoðun, að selja beri allar þjóðjarðir, hvort sem þær eru höfuðból eða ekki, hvort heldur þær liggja nálægt kaupstað eða ekki. Eg sé enga ástæðu til að gera greinarmun á slíku. Þetta

byggist á því, að eftir minni skoðun, eru allar jarðir miklu betur komnar í sjálfsábúð en í leiguábúð.

Eg get heldur ekki verið samþykkur meiri hluta nefndarinnar, enda þótt hann ráði til að selja sumar jarðirnar, þar sem hann á hinn bóginn ræður frá að selja aðrar, án þess að greina fullnægjandi ástæður fyrir.

Af því að sumar þessara jarða eru í mínu kjördæmi, skal eg fara um þær nokkrum orðum.

Fyrst er að minnast á Böggversstaði. Nefndin ræður frá að selja þessa jörð, af þeirri ástæðu, að útlit sé fyrir, að í landi jarðarinnar geti myndast sjóþorp, á svo nefndum Böggversstaðasandi, og ef til vill verzlunarstaður. Þessi ástæða nefndarinnar byggist aðallega á umsögn umboðsmanns. Ef eg vissi ekki að svo samvizkusamir menn skipa nefnd þessa, þá mundi mig hafa furðað það mikillega, að einungis er farið eftir áliti umboðsmanns, en ekkert tillit tekið til skoðunar hlutaðeigandi sýslunefndar um þetta efni, er hefir þó líka legið fyrir nefndinni. Sýslunefndin álítur, að ekki geti komið til mála, að Böggversstaðasandur verði gerður að verzlunarstað, Að vísu væri hyggilegt að þar væri verzlunarstaður, og eg fyrir mitt leyti skyldi með ánægju hafa flutt frv. um löggilding hans, ef eg hefði séð mögulegleika í þá átt; en sakir illrar lendingar og hafnleysis, einkanlega í norðan og austanátt, tel eg lítt mögulegt að verzlunarstaður geti risið þar upp, og á sömu skoðun eru Svarfdælingar, því eg bar þetta löggildingarmál undir þá á fundi í vetur, og var þá allur þorri á því, að ekki bæri að löggilda Sandinn eða Dalvík, eins og það venjulega er kallað.

Þessi ástæða nefndarinnar er því hrein og bein fjarstæða.

Aftur á móti er þar sjóþorp, með því að talsvert útræði er þar úr dalnum. En hvort það eitt er næg ástæða gegn sölunni, er álitamál. Eg fyrir mitt leyti mundi greiða atkvæði móti brt. nefndarinnar, þrátt fyrir hana, ef eg hefði atkvæðisrétt.

Eftir því sem mér skildist á ræðu h. framsm. (Ól.Br.), hélt hann því fram, að nauðsyn bæri til að landssjóður ætti slíkar jarðir, þar sem útræði er, til þess að sjómenn ættu hægt með að fá lóðir undir búðir sínar. Eg er gagnstæðrar skoðunar; það er engin ástæða til að ætla landssjóð betri viðureignar í því efni fyrir sjómenn en sjálfseignarbændur.

Mér þykir mjög leitt að hæstv. landshöfðingi er ekki viðstaddur, því að eg vildi gjarnan víkja að mótbárum hans gegn þeim ummælum háttv. þm. Snæf. (L. H. B.), að landssjóður reyndist víðast hvar versti landsdrottinn á öllu landinu. Þótt hér sé að vísu hart til orða tekið af háttv. þm., þá hygg eg þó, að meiri hlutinn mundi verða á hans máli, ef atkvæða væri leitað, þar sem þjóðjarðir eru. Og þar sem hæstv. landsh. kvað landssjóð beztan landsdrottin, þá leyfi eg mér að mótmæla því algerlega að svo sé. Eg hefi enga trú á, að sjómönnum væri betur borgið, þótt Böggversstaðir væri framvegis eign landssjóðs. Eða — með leyfi að spyrja — ætlar háttv. nefnd sér að gera nokkuð í því efni? Ætlar hún að knýja landsstjórnina til að tryggja sjómönnum þetta? Henni liggur þó næst að framfylgja ástæðum sínum. Því eg er sannfærður um, að landsstjórnin mun ekki gera neitt í þá átt, — ef dæma má eftir því, er hingað til hefir verið, og það hygg eg að megi.

Um hinar aðrar jarðir í Eyjafirði, sem hér er um að ræða, má geta þess, að þær eru allar metnar af sýslunefndinni á 100—135 kr. hundraðið, að einni

undantekinni, sem se Grund í Svarfaðardal. Nú ber þess að gæta, að hundraðamat í Eyjafirði er annað en víða annarsstaðar á landinu, að minsta kosti á Vesturlandi og Austurlandi. Tuttugu hundraða jörð þar er oft og einatt ekki nema á við 10 hundraða jörð annarsstaðar.

Það er algengast um sölu jarða í Eyjafirði, að hundraðið sé ekki selt fyrir meira en 85—100 kr. Af þeim jörðum, er þar hafa verið seldar á síðastliðnum 12 árum, þekki eg að eins 3, er selst hafa á meira en 100 kr. hundraðið, og það einungis af þeirri ástæðu, að þær liggja nálægt Akureyri. Jafnvel höfuðból, sem nú er alt af verið að vitna í, hafa selst langt fyrir neðan það. Eg vil tilnefna Hóla í Eyjafirði, sem margir munu kannast við, og er fornt höfuðból; sú jörð var í fyrra metin til skifta á 75 kr. hundraðið. Samt sem áður hefir sýslunefndin gert matið svona hátt, 100—135 kr. hundraðið; með öðrum orðum, hún hefir hækkað það langt fram úr því, er jarðir alment ganga kaupum og sölum. Það er því langt frá því, að hún hafi viljað draga taum þeirra manna, er kaupa vilja. Þegar því um það tvent er að ræða, hvort réttara sé álit og skýrsla umboðsmanns eða sýslunefndar, þá er umboðsmaðurinn líklegri til að hafa rangt fyrir sér en sýslunefndin, því að hér er um hans hag að tefla, en sýslunefndinni verður engan veginn ætlað, að hún vilji hafa í frammi fjárdrátt við landið; í henni sitja 10 menn, er naumast mundu verða sammála um slíkt. Auk þess skal eg benda á, að innan sýslunefndarinnar var kosin sérstök nefnd, til þess að meta jarðirnar. Í henni voru 2 menn, er uppaldir eru í Svarfaðardal, og því þekkja þar mjög vel til. Eg verð þess vegna að halda því fast fram, að því er matið snertir, að sýslunefndin hafi réttara fyrir sér og að hún hafi jafnvel sett matið heldur hátt.

Samt sem áður hefir hin háttvirta þjóðjarðasölunefnd hækkað jarðarverðin að mun. Eftir hennar mati er hvert hundrað í sumum jörðunum komið upp í 150 kr. Eg vil nefna t. d. verðlagning hennar á Hrísum og Skáldalæk, sem er heldur léleg jörð í samanburði við aðrar.

Eg skal játa, að allar þessar jarðir í Svarfaðardalnum eru góðar og hagsælar jarðir, einkum þær, sem eru nálægt sjó. Það má því vel vera, að ástæða sé til að selja þær dálítið dýrara, en alment gerist. En að spenna þær svona hátt, það er ástæðulaust.

Eg skil ekki háttv. meiri hluta nefndarinnar, er kveðst vilja selja þjóðjarðirnar, en metur þær þó jafnframt svona óhæfilega hátt. Það lítur svo út, sem það sé gert í þeim tilgangi, að bæla með því frumv. niður.

Þá vil eg minnast sérstaklega lítið eitt á Grund í Svarfaðardal. Háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) hefir talað um þessa jörð, og get eg skrifað undir það, er hann sagði. En af því að eg þekki þar betur til en hann, get eg bætt nokkru við. Nefndin hefir fært verðið, er sýslunefndin hafði metið þessa jörð til, upp um 700 kr., og gat háttv. framsögum. þess, að það hefði verið gert með tilliti til þess, hversu vel henni væri í sveit komið, að hún lægi nálægt Böggversstaðasandi. Eg get nú frætt háttv. framsm. um, að hún liggur einmitt einna lengst frá sjó, allra þeirra jarða í Svarfaðardal, sem beðið er um sölu á. Úr því háttv. framsm. fanst ástæða til að taka þetta fram, svo sem til að auka verðmæti þeirra, þá á það sízt við um Grund. Hann tók það fram, sem rétt er, að Grund sé mikil hlunnindajörð. En hitt tók hann ekki

fram, er þó jafnframt bar að minna á, að þar vofa yfir miklar skemdir. — Landslagi er þar svo háttað, að fyrir ofan bæinn er vatn eða tjörn, og úr því vatni rennur lækur, er hætta stafar af fyrir túnið. Fyrir nokkrum árum voru veittar úr landssjóði 600 krónur, til að varna skemdum, er lækurinn olli. — Það leit út fyrir, að þetta ætlaði að leiða til góðs árangurs. En í vor kom það í ljós, að erfiði og fé hafði líklega verið til einskis eytt. — Það er af nákunnugum mönnum talið alveg víst, að lækurinn þá og þegar breyti farveg sínum, og vofi þá yfir bæjarhúsum og túni, enn meira ógnandi en áður.

Ymsir hafa minst á Möðruvelli í Hörgárdal, og talið það óviðurkvæmilegt, að þetta forna höfuðból væri selt. — Eg læt mér nægja um þetta að að skírskota til þess, er eg áður hefi sagt, að tillitið til þess, hvort jörðin er höfuðból eða ekki, á alls ekki að raska sölunni, ef menn að öðru leyti eru sannfærðir um, að hún sé heppileg og rétt.

Mig furðaði á því, er hæstv. landsh. setti prestsmötuna í samband við þetta mál. Hún er greidd af öllu Möðruvallaklaustursumboði en ekki af jörðinni einni. Er því ástæðulaust að vitna í hana hér. — Eg vil enn fremur benda á, að eftir till. nefndarinnar er verðið á þessari jörð sett 4000 kr. hærra en umráðamaður hefir matið hana. — Og verð eg þó að halda því fram, að lýsing og mat umráðamanns sé svo óhlutdrægt og nákvæmt, að það væri vel þess vert, að aðrir umboðsmenn tækju það til fyrirmyndar. Ef ábúandi því vildi ganga að því, að kaupa hana fyrir þetta verð, þá fengi landssjóður sannarlega fult verð fyrir. En eg er hræddur um, að það fari með þessa jörð eins og um Kaldaðarnesið — eitt gamla hefðarbólið — hér um árið. — Þá var hún gerð föl af þinginu fyrir 17000 kr., sem var það geypiverð, að kaupandi gaf sig frá; hann vildi ganga að 15000 kr. En fám árum síðar var þessi jörð seld fyrir 10,000 kr. Þingið verður því algerlega að gæta þess, að spenna ekki bogann svo hátt, að menn verði að hverfa frá kaupunum.

Háttv. þm. Rvík. (Tr. G.) talaði sérstaklega um það, og hafði það á móti þjóðjarðasölunni, að þetta væri gert til þess, að einstakir menn gætu eignast jarðir, og að á þann hátt mundu jarðirnar safnast saman á eina hönd; og hann bæði gat þess þá, og hefir sagt það endrarnær iðulega, að þjóðjarðasalan muni ekki verða eins mikið til að fjölga sjálfseignarbændum, eins og menn jafnan geri ráð fyrir; og setti hann þetta í samband við erfðalögin. — Eg skal geta þess, að af öllum þeim jörðum, sem hafa verið seldar í Eyjafjarðarsýslu, hefir ein einasta verið seld aftur, og hún var seld manni, sem býr á henni. — Eru því allar þær jarðir, er seldar hafa verið í Eyjafjarðarsýslu, í sjálfsábúð. Eg þekki ekki dæmi til, að ábúendur hafi verið brúkaðir sem leppar; svo að hvað Eyjafjarðarsýslu snertir, er í öllu falli ekki minsta ástæða til að ætla, að það liggi hér nokkuð á bak við. — Mig furðar alls ekki á því, þó menn vilji fá keyptar ábýlisjarðir sínar, einkanlega, þar sem við hver ábúendaskifti er verið að hækka afgjöldin af jörðunum, svo að úr því verður stundum hér um bil reglulegt uppboð, sem oft og einatt leiðir til þess, að það verða lélegir ábúendur á landssjóðsjörðunum. — Enda er það alkunnugt, að ábúð á landssjóðsjörðum er engin fyrirmynd, og stendur talsvert á baki sjálfsábúð. Eg skal nefna til dæmis jörðina Hlaði í Glæsibæjarhreppi, sem seld var 1893. Það er stórkostlegur munur að sjá þá jörð, eftir að hún er komin í sjálfsábúð,

heldur enn hún var, áður en hún var seld, eða meðan hún var undir landssjóðnum.

Eg vænti þess fastlega, að allir, sem hlyntir eru þjóðjarðasölunni, verði með þessu frumv. — Enda þótt búast megi við, að h. Ed. finni ástæðu til að fella þetta frv., skeri það niður, eins og svo mörg góð og þarfleg frv., sem koma frá þessari deild, þá vona eg samt, að þessi deild samþykki það, og helzt greiði atkvæði á móti brt.till. nefndarinnar, sem fara fram á það, að fella burtu einstakar jarðir.

Árni Jónsson: Eins og háttv. framsögum. (Ól. Briem) tók fram, og nefndarálitið ber með sér, þá gat nefndin ekki orðið samdóma um meginstefnu þessa frv. — Af því vinur minn, háttv. þm. Snæf. (L. H. B.), óskaði skýringa um afstöðu minni hlutans, þá skal eg leitast við að gera frekari grein fyrir henni, en gert er í nefndarálitinu. — Að við höfðum þetta ekki fyllilegar orðað þar, það var meðfram af því, að það voru teknar fram við 1. umr. ýmsar af ástæðum þeim, er menn bera fyrir sig, sem ekki eru með þjóðjarðasölunni; enda hefir það verið svo á hverju þingi, þegar þjóðjarðasalan hefir komið fram, að hún hefir ekki haft svo eindregið fylgi, að ekki hafi einhverjir komið fram með hina gagnstæðu skoðun, og gert grein fyrir henni; svo að háttv. þm. hlýtur að vera vel kunnugt, hvað fyrir þeim vakir.

Eg skal taka fram, að það er mín skoðun, að þjóðjarðasalan geti verið varhugaverð jafnvel fyrir kaupandann sjálfan. Þó ábúandann langi eðlilega til að fá ábýlisjörð sína keypta og hyggi sig færan um það, þá getur það komið til greina í því sem öðru, að maður ætli sér meira en góðu hófi gegnir; ábúandinn getur ætlað sér meira en hann er maður fyrir, bundið sér of þungan bagga, svo að hann verður að standa mörg ár í skuld fyrir jarðakaupin; og hvílir sá skuldaþungi á honum og hans; getur sá baggi orðið svo þungur, að hinn svo kallaði sjálfseignarbóndi verði ekki fær um að bœta jörðina að mun.

En eg álít, að þjóðjarðasalan geti líka verið varhugaverð fyrir landssjóðinn. — Að vísu mun mega œtla, að það sé ekki meining þeirra, sem halda fram þjóðjarðasölunni, að selja nokkra jörð nema fyrir sanngjarnt verð — eða »fult verð«, eins og stendur í nefndarálitinu; en eigi að síður, þó landssjóður aldrei nema fái svo kallað »fult verð« fyrir hverja jörð, mun þó mega leiða rök að því, að hann geti skaðast á sölunni.

Enn fremur er það, að við erum ekki eins sannfærðir um, að þjóðjarðasalan hljóti að verða til þess, bæði að auka sjálfsábúð í landinu og eins til þess, að jarðirnar verði bættar. — Eg ber hreint ekki á móti því, að það séu einstakar jarðir, sem hafa verið bættar mikið, en eg vil halda hinu fram, að landssjóðurinn stæði næstur og væri færastur til að bæta jarðirnar, og geri líka töluvert í þá átt í sumum umboðum.

Viðvíkjandi verðlaginu á þessum jörðum, sem hér ræðir um, kom það fram hjá háttv. 1. þingm. Eyf. (Kl. J.), að nefndin hefði gengið feti framar en rétt væri, í að hækka verðlag jarðanna, og að hann fengi ekki séð, á hverju það væri bygt. Gagnvart þessu skal það tekið fram, að umboðsmaður hefir sýnt reikningslega, hvaða verð á að vera á jörðunum eftir afgjaldinu. — Jarðarafgjöldin eru tiðast í tvennu lagi, sem sé landskuld og leigur, og er landskuldin reiknuð í álnum eftir meðaltali meðalverðs, sem fyrir 5 síðustu ár er

í Eyjafjarðarsýslu 48 aurar alinin. — Þegar eg minnist á meðalalin, get eg ekki að mér gert að gera útúrdúr og láta það í ljósi, að mér virðist undarlegt, að við skulum ekki fyrir löngu vera hættir þessum landaurareikningi; mér virðist það vera orðið á eftir tímanum, að miða landskuldir og svo mörg önnur gjöld við landauraverð. — Eins og allir vita, er verðlagsskráin og meðalalinin svo mismunandi á ýmsum stöðum; hún getur verið þriðjungi hærri í einni sýslu en annari; þannig er meðalalinin nú í Skaftafellssýslu 43 aurar, en í Ísafjarðarsýslu 63 aurar. Er þetta réttur mælikvarði fyrir söluverði þjóðjarðanna?

Auk þessa tvenns konar afgjalds, landskuldar og leigna, sem verð jarðanna er miðað við, þá má í þriðja lagi taka til greina skylduvinnu að jarðabótum. Þessar jarðabætur hefir umboðsmaðurinn tekið fram, að hann hafi skoðað sem nokkurs konar afgjald. — Þetta álít eg líka í alla staði rétt; segjum: að maður bygði öðrum manni jörð, og léti hann borga 5 sauði í landskuld, en gerði honum auk þess að skyldu, að vinna 5 dagsverk á ári að jarðabótum; mundi það ekki vera sama sem 6 sauðagjöld? Eg fæ ekki betur séð, en að þessi skylduvinna sé eitt atriði í leigumálanum, sem rétt sé að taka tillit til; afgjaldið sé í raun og veru þeim mun hærra. Þetta hefir ekki verið gert í Eyjafjarðarsýslu, og lítur út fyrir, að sýslunefndin þar hafi annan skilning á þessu. (*Klemens Jónsson*: Já). En eg álít það ekki rétt; álít, sem sagt, að þessar áskildu jarðabætur eigi að telja sem einn hluta afgjaldsins. Þótt þær séu máske ekki miklar á hverju ári, þá má segja um það, að safnast þegar saman kemur, hvort sem það er að hlaða svo og svo marga faðma af garði eða grafa svo og svo langan skurð, eða slétta ákveðna faðmatölu árlega í túninu.

Sýslunefndin virðist hafa haft annan mælikvarða, o: hv: ð hvert hundrað gangi kaupum og sölum. En þess ber að gæta, að jarðamatið er orðið mjög gamalt, yfir 40 ára; margt hefir breytst í landi voru síðan, og jarðamatið getur ekki lengur verið sá grundvöllur, sem gott sé að byggja á. Auk þess er mjög mikill munur á, hvar jarðir liggja, upp á það, hvers virði þær eru. — Hundrað hvert í jörðinni Hólum í Eyjafirði hlýtur eðlilega að vera í lægra verði en á jörðum í Svarfaðardal. — Hólar liggja fram til dala, en Svarfaðardalur til sjávar, þar sem bæði eru fiskiveiðar og meiri framfara von, og hægra með aðdrætti. Það er eðlilegt, að jörðin til fjalla, með öllum þeim erfiðleikum, sem þar eru, falli í verði og jafnvel leggist í eyði, meðan hin, sem við sjó liggur, heldur áfram að blessast og blómgast.

Jarðir þær, sem nefndin hefir lagt til að neitað verði að selja, eru kostajarðir við sjó, svo sem Böggversstaðir og Munaðarhóll, þar sem ábúendurnir geta tekið afgjaldið á þurru landi hjá vermönnum og þurrabúðarmönnum, eins og sýslunefndinni hlýtur að vera kunnugt. Enda hefir umboðsmaður skýrt tekið það fram um Munaðarhól, að ekki sé hægt að meta þessa jörð, svo og hitt, að tekjur landssjóðs af henni hljóti að hækka við ábúendaskifti; en á það lít eg ekki eins mikið eins og hitt, að það sé ver farið hag þeirra manna, sem þurfa að reisa þar verskála eða þurrabúðir, ef jörðin væri einstaks manns eign, heldur en meðan hún er landssjóðseign.

Eg skal með leyfi háttv. forseta lesa upp nokkur orð úr skýrslu umboðs-

mannsins viðvíkjandi Munaðarhóli. — Hann segir svo: »Nú sem stendur eru margir þurrabúðarmenn búsettir á jörð þessari, sem viðurhlutamikið er að láta að öllu leyti vera komna upp á góðsemi eins einstaks eiganda, og allar líkur eru til, að þeim fjölgi en ekki fækki, ettir reynslu síðustu ára«. — Og í niðurlagi skýrslunnar getur hann um umkvartanir út af aðgerðum útvegsbænda gagnvart formönnum og öðrum, er þar reki atvinnu.

Í þessu sambandi skal eg vitna í, hvernig gekk með Ólafsvík á sínum tíma; þar var mjög erfitt að láta menn njóta réttar síns, meðan jörðin var í ábúð leiguliða; en einmitt þegar hún var komin í hendur landssjóðs, þá tók mönnum þar að farnast vel og hagur þeirra að blómgast.

Af þessari ástæðu hefir nefndin verið eindregið á móti að selja þessar jarðir. Að vísu sagði háttv. þm. Borgf. (Þ. B.), að ástæður nefndarinnar væru ekki sannfærandi, en þær eru það einmitt frá okkar sjónarmiði. Í Munaðarhólslandi er þegar löggiltur verzlunarstaður, og þó háttv. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) segi, að ekkert útlit sé fyrir, að það verði nokkurn tíma á Böggversstaðasandi, þá getur hann alls ekki séð það, né sagt um það, hvað verða kann og hvað breytast kann á 30—40 árum. — Það getur jafnvel eftir skemri tíma verið komin blómleg bygð, þar sem við nú höfum ekki yfir annað að líta en auðn. (*Stefán Stefánsson*: Væri það þá voðatjón?). Nei; það er aldrei nema gott, að einstakir menn græði, og eg get skilið að sumir segi, að það geri ekki til, þó þeir græði á landssjóðs kostnað. En við verðum þó líka að hugsa um landssjóðinn; hann hefir í mörg horn að líta, og finst mér vorkunn, þó sumir hafi þá skoðun, að bíða með að selja slíkar jarðir sem þær, sem hér ræðir um.

Eg skal líka taka það fram um Böggversstaði, að nú sem stendur koma strandbátarnir við á »Dalvík«, og eg veit ekki betur en hún sé fyrir Böggversstaðalandi. Mig skyldi ekki undra, þótt það yrði bráðum beðið þar um löggiltan verzlunarstað, einkum ef jörðin verður seld, og eg álít þá stórum verr farið fyrir þeim mönnum, sem þurfa að fá þar útmældar lóðir, ef jörðin er eigi lengur landssjóðseign.

Viðvíkjandi því, sem sagt hefir verið um Kaldaðarnes, þá fanst mér það ekki svo sannfærandi. Getur vel verið, ef landssjóður ætti Kaldaðarnes nú, að hann gæti selt það fyrir 17,000 krónur eða meir. Til hvers eru þá vegirnir, er lagðir hafa verið austur, ef það eykur ekki verð þeirra jarða, sem hægast eiga með að nota þá.

Mér er líka væntanlega leyfilegt að koma með dæmi. Ein af þeim jörðum, sem farið er fram á að selja í frumv., eru Þórustaðir í Kaupangssveit, fyrir 2,600 kr. — Í skýrslu umboðsmanns um þessa jörð stendur, að hún sé þannig orðin eign landssjóðs, að hún hafi verið látin í makaskiftum fyrir Ytri-Bakka með Hjalteyri. Nú er verzlunarstaður á Hjalteyri, og eg heyrði það fyrir nokkru síðan, að hún hefði ekki verið látin föl fyrir 30,000 krónur. — Ekki hefir landssjóður grætt á þeim skiftum.

Það sem hefir verið vikið að umboðsmönnum, skal eg ekki taka að mér að verja þá fyrir; en eftir því, sem eg þekki til, verð eg að segja, að eg álít það ekki rétt, sem um þá hefir verið sagt. En það verð eg að segja, að þar sem eg þekki til, eru landssjóðsjarðir ekki ver setnar né bygðar en alment gerist.

Lárus H. Bjarnason: H. framsögum. nefndarinnar gat þess til, að það mundi vera að kenna leiguliða jarðarinnar Munaðarhóls, að ekki hefðu fleiri sótt eftir þurrabúðum þar, en raun hefði orðið á. En eg verð að segja, að eg ætla, að sú tilgáta muni vera röng, enda ekki skynsamleg. Eg er að vísu ekki gagnkunnugur þar, en byggi á umsögn manns þess, er eg gat um áðan. Sé það satt, að þurrabúð sé þar ekki annað en svo kallað uppsátur, og sé það enn fremur rétt, að þessir uppsátursmenn séu flestir utanhrepps menn og utanhéraðsmenn, — þeir eru víst flestir svokallaðir Vestureyingar úr Barðastrandarsýslu, — þá er ekki við því að búast, að þeir muni fara að sækjast eftir að fá útmælt til ræktunar. Enda hagar svo sérstaklega til á þessu nesi, að það er líklega því nær ómögulegt að rækta jörðina, án efa örðugra en víðast annarstaðar. Það er nærri því óslitið hraun frá Hellum inn að Sandi. Þá er mér og sagt, að áburður sé þar ekki til. Af þessum ástæðum hygg eg ekki sé gjörandi mikið úr þessari hræðslu við að skaða landssjóðinn með sölu þessarar jarðar, eða að búast megi við miklum áhuga á að stofna þar þurrabúðir, ef jörðin sé ekki seld. Enda eru þetta ekkert annað en spár, og mætti eins vel spá því, að það mundu finnast gull og gimsteinar þar í landinu, og að fyrir þá sök dygði ekki fyrir landssjóð að selja jörðina.

Háttv. framsm. tók fram, að verðið væri of lágt, og að umboðsmaðurinn hefði metið hana á 4000 kr. En eins og háttv. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) tók fram, þá er umboðsmönnum hættara til að hækka jarðirnar um of en sýslunefndunum að draga verðið niður. Jörð þessi er fullseld á 2800 kr.; hún er metin að hundraðatali 14,7, og verður þá hundraðið nærri því 200 kr. Bjarnarhöfn með Hafnareyjum, Hrútey og fleiri jörðum, og sem metin er um 120 hndr., var nýlega seld fyrir 8500 kr. eða c. 70 kr. hundraðið. og er þar þó bæði æðarvarp, kofnatekja og fleiri hlunnindi. En Munaðarhóli fylgja engir kostir.

Háttv. framsm. endaði ræðu sína með því, að eg hefði fremur með ástæðum mínum styrkt það, að selja ekki jörðina; en eg skil ekki að honum, jafn skýrum manni, hafi verið alvara. Eg hygg helzt að hann hafi verið að gjöra að gamni sínu.

Þá vildi eg víkja nokkrum orðum að háttv. landshöfðingja. Eg sé hann er ekki í deildinni, og þykir það leitt; en hann mun hafa farið að gegna fulltrúastörfum sínum í Ed. Hann byrjaði með því að segja, að kapp mitt í þessu máli mundi vera nokkuð að kenna værum milli mín og umboðsmanns. Eg veit ekki af neinum værum milli mín og umboðsmanns, enda finst mér fara fremur illa á slíkri aðdróttun, og ekki hefði eg búist við henni frá hæstv. stjórnarfulltrúa. Slíkar aðdróttanir eru líka alt af hættulegar. Þær eru tvíeggjað sverð, sem snúa má móti þeim, sem þær brúkar. Það mætti t. d. ættfæra kapp sumra móti þjóðjarðasölunni til góðvildar eða skyldeika við einhvern umboðsmanninn. Hann sagði enn fremur, að ekkert umboð hefði beðið um og fengið eins mikið fé úr landssjóði eins og Arnarstapa- og Skógarstrandarumboð. Það kann vel að vera; h. landsh. er það auðvitað miklu kunnugra en mér, hve mikið umb. hefir beðið um og fengið. En meðan eg heyri ekki annað sagt, en að það hafi beðið um meira og fengið meira en önnur umboð, þá álít eg það litla sönn-

un. Þess sjást að minsta kosti sáralítil merki. — Það er mér persónulega kunnugra en h. landsh. Eg hygg það séu um 100 jarðir í umboðinu, en eg man ekki í svipinn nema eftir 3 hlöðum og nokkrum járnþökum á umboðsjörðunum; og að menn eru ekki ánægðir, það sýnir bezt það, sem hæstv. landsh. sagði sjálfur, að menn eru að keppast eftir að fá jarðirnar keyptar. Er það af því, að mönnum líki svo vel við landssjóðinn, sem landsdrottin sinn? Nei, það sýnir að menn eru sáróánægðir, að menn vilja losna við landssjóð sem landsdrottinn.

Þá skal eg víkja nokkrum orðum að háttv. vini mínum þm. Rvk. (Tr. G.). Aðalástæðan, sem hann bar fram fyrir því, að það væri ekki rétt að selja þjóðjarðir, var sú, að hann hefði verið á þessari skoðun í 25 ár.

Eg get ekki mikið fyrir þessa ástæðu; hún sýnir ekki annað en íhaldsemi þm. í þessu efni. Þá sagði hann og, að vegna erfðalaganna væri ekki mikil trygging fyrir því, að þær jarðir, sem væru seldar, héldu áfram að vera eign einstakra manna eða héldist í sjálfseign. Þetta kann að vera, en það gildir ekki sérstaklega um landssjóðsjarðirnar, og ætti því eftir hans kokkabók að afnema alla sjálfseign í landinu. En eg verð að mótmæla því, sem hann sagði, að margar jarðir af þeim, sem upphaflega hefðu verið landssjóðsjarðir, væru aftur komnar úr einstakra manna eign. Eg þekki ekki eitt einasta dæmi í þeim héruðum, þar sem eg er kunnugur.

Þá drap hann á ábúðarlögin, sem sönnun fyrir sínu máli; en hann kastaði því bara fram og rökstuddi það ekkert; enda mun það vera erfitt að réttlæta afstöðu hans með þeim. Ábúðarlögin eru þannig, að eg efast um að nokkur maður sé viss um að halda ábúð sinni, ef landsdrotnar vildu ganga hart að.

Þá kvað hann reynsluna hafa sýnt, að landssjóður væri ekki vondur landsdrottinn; en einnig þessu kastaði hann fram órökstuddu. Eg þykist hafa fært fram talsverð rök fyrir því, að landssjóðsjarðir séu að minsta kosti sumstaðar illa bygðar og því ver setnar en aðrar jarðir á sömu stöðvum, nema ef til vill sumar kirkjujarðirnar. Get eg þessu til sönnunar vitnað í skýrslur, sem hreppstjórum var skipað að útvega; eg man ekki betur en að þeir bætti því við í flestum skýrslunum, að sjálfsábúðarjarðir séu bezt setnar, enda þurfum við ekki annað en að líta á opinberar byggingar og bera þær saman við prívathúsin, til að sjá, að þær eru að jafnaði ver hirtar en þau.

Þá hélt hann því fram, að það bætti ekki landbúskapinn að selja jarðirnar. Það er alveg rétt; það út af fyrir sig, að selja jarðirnar, bætir ekki búskapinn; en af því að sjálfsábúð er vænlegri til þess en leiguábúð, að jarðirnar verði vel setnar, þá hefir það bætandi áhrif á búnað landsins. Aðalatriðið er að auka búnaðarframfarir landsmanna, hvort sem hinn beini ágóði rennur í landssjóðinn eða í vasa einstakra manna. Það er ofmikið þröngsýni að hugsa einungis um landssjóðinn, hvort hann muni tapa eða ekki. Mér þykir reyndar ekki kynlegt, þó sá hugsunarháttur komi fram í þessu máli hjá háttv. þm. Rvk. (Tr. G.). Mér virðist hann koma víðar fram hjá honum; því að án þess eg ætli mér að fara að finna að því, hvernig hann stjórnar bankanum, sem hann víst yfir höfuð gjörir vel, þá verð eg þó að segja, að mér finst hann einnig þar líta helzt til mikið á hag bankans; það er auðvitað, að öll varasemi er góð, en

það má þó ekki blína eingöngu á aðra hlið málsins, það getur beinlínis orðið málinu til skaða.

Til að bera af mér væntanlegan áburð hæstv. landsh. eða annara, skal eg taka fram, að fylgi mitt með þessu máli er ekki fremur sprottið af góðvild til ábúandans en af óvild til umboðsmanns. Eg skal t. d., til að slá niður allar dylgjur, geta þess, að ábúandinn hefir aldrei kosið mig til þings. Eg fylgi þessu máli, eins og hverju öðru máli, af sannfæringu, og enn ljúfara og eindregnara er eg með þjóðjarðasölunni síðan Ræktunarsjóðurinn var stofnaður. Fénu úr þeim sjóði er sumpart varið til lána, sumpart til verðlauna fyrir jarðabætur. Enn sem komið er, hefir sá sjóður of lítið fé með höndum, og eg sé ekki að við getum betur efit búnaðarframfarir í landinu með neinu öðru móti en því, um leið og við eflum sjálfsábúð, að auka Ræktunarsjóðinn sem mest má verða.

Pétur Jónsson: Það hefir verið sagt, að landssjóður væri einhver hinn versti landsdrottinn og að ef leitað væri atkvæða um það út um landið, mundi fást mikill meiri hluti með því. Í þessu er fólgin þung sakargift á hendur þeim, sem umsjón landssjóðsjarðanna hafa á hendi; því ef umboðsmaður gerir skyldu sína, og það sem hann getur og honum er heimilt, þá verður landssjóður með betri landsdrotnum.

Eg hefi nú ekki mikla ástæðu til að taka þetta að mér, þar sem eg hefi svo stuttan tíma haft umboð á hendi, en hins vegar væri mér skylt að taka svari fyrirrennara minna í mínu umboði í þessu máli. Skal eg geta þess, að eg hefi eitt hið víðlendasta umboð á landi, og þekki hvernig að minsta kosti 3 fyrirrennarar mínir hafa komið fram þar, og um þá á þessi sakargift ekki heima. Að því leyti verð eg að mótmæla því, að þetta sé alment, eða, það væri undarlegt, ef það umboð er undantekning. Mér mun og óhætt að skírskota til skýrslna þeirra, er liggja nú fyrir frá hreppstjórum úr Þingeyjarsýslu um leiguábúðina, máli mínu til sönnunar. Eg þykist vera kunnugur leiguábúð, en ekki síður sjálfsábúð, því það vill svo til, að í minni sveit er sjálfsábúð ýmist að miklu eða öllu leyti á flestum jörðum. Og þó eg sé enginn stórbóndi, hefi eg sjálfur verið sjálfseignarbóndi, og eg er einmitt einn af þeim fáu, sem eru það hér í deildinni. Eg get því dæmt um sjálfsábúð af eigin reynslu. Menn tala um hana sem eitthvert hnoss og tala um þær tilfinningar og hvatir, er vakni hjá mönnum við að verða sjálfseignarbændur. En er þá ómögulegt að vekja þær sömu hvatir hjá neinum öðrum? Eg veit ekki betur en að tilfinningin fyrir þeim bletti, sem maður er fæddur og uppalinn á, sé einhver hin sterkasta, og að menn hafi að jafnaði meiri elsku á þeim bletti en öðrum, hvort sem menn eiga hann eða ekki. Það er afnotarétturinn, sem mest er undir komið. (*Lárus Bjarnason*: Fyrir sig og sína). Hv. þm. Bf. (Þ. B.) taldi það ekki gefið, að allar jarðir, sem seldar væru, yrðu í sjálfsábúð. En hann sagði að þjóðjarðasalan fjölgaði möguleikunum til þess. Eg hefi fært rök fyrir því áður, að það reki að því innan skamms, að jarðirnar fari margar úr sjálfsábúð aftur. Það er ekki að marka, þó ekki séu komin fram mörg dæmi enn, því ástæðurnar liggja dýpra en svo, að það sýni sig á 20 árum. Það er ekki heldur aftur tekið, þegar búið er að selja þjóðjarðirnar. Að vísu veitir þjóðjarðasalan möguleika til sjálfsábúðar, en það eru fleiri möguleikar, sem hún hefir í för með sér, og það er t. d. sérstaklega varhugavert að selja jarðirnar, þar sem

þorp geta myndast, hvort heldur til sjávar eða sveita, svo menn þurfa að fá lóðir. Því hver er hentugri til að miðla lóðum en einmitt landssjóðurinn? Það er *mögulegt*, að jörðin komist í hendur hins versta manns, svo að það, sem dýrmætast er af jarðneskum hlutum, jörðin og loftið, verði meinað einstaklingunum, og að þeir megi ekki um frjálst höfuð strjúka. Hv. þm. Borgf. (Þ. B.) hélt því fram, að það yrði dýrt fyrir landssjóð að vera fyrirmyndarlandsdrottinn. Það er auðvitað, ef hann vill að jarðirnar verði bættar; en hvers vegna skyldi það verða dýrara fyrir landssjóð en aðra? Og landssjóður kostar til þess hvort eð er. Eg veit ekki betur en að landssjóður eftir fjárlagafrv. nú eigi að verja vel eins miklu til jarðabótafélaganna og tekjurnar af landssjóðsjörðum nema. Með því að landssjóður yrði fyrirmyndar landsdrottinn, væru möguleikar til að bæta leiguábúðina. (*Stefán Stefánsson*: Það er búið að segja þetta í 20 ár). Já, og okkur hefir farið fram á þeim árum. Ef landssjóður á margar jarðir og er góður landsdrottinn, þá er það aðhald að öðrum landsdrotnum til að gera leiguábúðina sem bezta, því eins og allir skilja, yrði þá meiri aðsókn að jörðum landsajóðs en annara. Þetta gæti að miklu leyst þann vanda, hvernig eigi að fá kjör leiguliðanna bætt á eðlilegan hátt. Þessi áhrif væru farsælli en nokkur löggjöf í því efni. (*Lárus Bjarnason*: Skýjaborgir!) Ef það eru skýjaborgir, þá er alt, sem við erum að gera á þessu þingi í framfaraátt, skýjaborgir. Eg held því þessu tvennu fram, að landssjóður geti verið hinn bezti landsdrottinn, og með því að vera það, neyði hann aðra landsdrotna til að bæta sig.

Guðlaugur Guðmundsson: Þetta mál er gamalt þrætuefni hér í deildinni. Mig rekur minni til umræðanna hér á þinginu 1897, og eg get ekki neitað því, að mér þykir gaman að sjá nú vegið á báðar hliðar, með sömu vopnum eins og þá. En þótt umræðurnar séu sviplíkar, þá lítur út fyrir, að þingið ætli nú að fara að halda í rétta stefnu í málinu, þá stefnu, sem þá var frá horfið, til mikils tjóns. Eg ætla því að víkja að því, og halda því fast fram, að það sé rétt stefna að gefa leigulið um kost á að kaupa ábúðarjarðir sínar, ekki að eins landssjóðsjarðir, heldur og kirkjujarðir, og jafnvel jarðir einstakra manna, að svo miklu leyti sem hægt væri að finna einhverja reglu, er ekki traðkaði um of eignarréttinum. Hæstv. landsh. valdi þjóðjarðasölunni það nafn, að hún væri að fleygja burt höfuðstól landssjóðs. Þetta væri rétt, ef jarðirnar væru gefnar. En það er ekki farið fram á annað, en að landssjóður fái fult verð fyrir jarðir sínar. (*Landshöfðingi*: Landssjóður fær engan eyri). Eg verð að líta svo á, að Ræktunarsjóðurinn sé ein grein af landssjóðnum. Honum er svarað til almennra þarfa, þar sem fé hans gengur til að styrkja menn og örfa til að rækta landið. Landssjóður á að fá fult verð fyrir jarðir sínar, og fái hann það, þá vinst við það tvent; í fyrsta lagi fá þeir, sem jarðirnar kaupa, sterkari hvatir til að bæta jörðina og á þann hátt auka þjóðareignina, með því að framleiða ný peningavirði, því að jörðin verður betur setin og betur ræktuð í sjálfsábúð; og í öðru lagi losnar það kapital, sem liggur fast í jarðeignunum, til að auka grasrækt og jarðabætur annars staðar í landinu. Og þetta get eg ekki séð að sé að fleygja fé landssjóðs burt; eg get ekki annað séð en að það sé að breyta fé landssjóðs í betri og meir arðberandi eign, til góðs fyrir landið. Það hefir verið tekið fram, að mörgum jörðum

væri svo háttað, að kringumstæðurnar gerðu það að verkum, að þær hækkuðu í verði á stuttum tíma. Þetta á sér stað þar sem kauptún myndast, og er sjálfsagt að taka tillit til þess. En hitt, að vilja engar jarðir selja, sem mögu leikar eru fyrir að hækka kynnu í verði einhvern tíma langt inni í framtíðinni, eins og hv. þm. N.-Þ., eða gera ráð fyrir að kauptún myndist langt uppi á fjöllum, það er að færa regluna út í staðlausar öfgar. Eins og eg álít, að landssjóður eigi að fá fult verð fyrir jarðir sínar, eins álít eg líka að það sé ósæmilegt, að hann sé jarðeignaspekúlant; það liggur langt fyrir utan verkahring hans. Væri það rétt hermt, að landssjóður væri bezti landsdrottinn, þá væri það vitanlega sterk ástæða til að selja ekki jarðirnar. En nú segja sumir, að hann sé versti landsdrottinn, og er það líka of mikið sagt. Hann er góður að því leyti, sem á jörðum hans er víðast lífstíðarábúð, en vondur að því leyti, að hvergi er ógreiðara að fá hluttöku í bótum fyrir jarðabætur eða minni hvöt til að gera jarðabætur, en á hans jörðum. Eg skal taka það fram gagnvart hv. þm. S.-Þ. (P. J.), að þótt fundið sé að stjórn og umsjón landssjóðsjarða, þarf það ekki að vera ákúrur til umboðsmannanna. Það liggur í fyrirkomulaginu. Því hvar er ábyrgðin? Hún á að vera hjá umboðsmanninum, en þegar farið er að rannsaka það, þá er það ekki umboðsmaðurinn, sem ber ábyrgðina, heldur yfirboðarar hans.

Að mínu áliti græðir landssjóður tvent við að selja jarðirnar. Jörðin verður betur setin og framleiðsla meiri, svo að ábúðin verður til styrktar fyrir landið. Annað það, að grasræktin er aukin og fénaðinum fjölgar, svo að lausafjártíundir hækka, svo að beinar tekjur landssjóðs aukast við það. Með aukinni jarðrækt vex landsmönnum magn og þeir geta keypt meira. Mönnum vex bæði löngun og máttur til að afkasta meiru, þegar efnahagurinn batnar. Eg álít, að með því að selja þjóðjarðirnar sé stórt spor stigið til þess að bæta efnahag leiguliðanna, og þar að auki til þess að auka tekjur landssjóðs. Það er því hagur en ekki skaði að selja þjóðjarðirnar, hvernig sem á er litið. Þar sem menn koma fram með það, að hættan sé mikil fyrir landssjóð og sjálfsábúðin sé ekki betur trygð fyrir því, þótt menn geti keypt þjóðjarðirnar, þá álít eg að þetta sé högg út í loftið, og rétt skoðað sé sönnun slíkra manna fjarstæða, og sanni of mikið og þar af leiðandi ekki neitt, nefnilega, að engin sjálfsábúð ætti að vera til í landinu, en sú fjarstæða getur ekki myndast nema í höfðum hásocialistiskra idealista, sem sjá alt í einhverjum þoku- og reykjarmyndum.

Þá hafa menn enn komið fram með þá mótbáru gegn þjóðjarðasölunni, að af henni stafi sú hætta, að jarðirnar safnist í einstakra manna hendur, sumir einstakir menn muni kaupa þær upp og halda þeim undir sér. En það hlýtur hver heilvita maður að sjá, að sú mótbára hefir engin rök við að styðjast. Það væri í öllu falli ekki til að græða á, að spekúlera í jarðakaupum, þar sem jarðarafgjöldin eru 4 og upp í $4^1/_2$ % af söluverði jarðanna, auk þess sem afgjald jarðanna er goldið í landaurum, og með því má óhætt draga 10 % frá jarðarafgjaldinu. Hvaða vit væri þá í að setja peninga í fasteign, og fá ekki nema 4—5 % af henni, með áhættu, eins og nú er ástatt hér á landi, þegar menn fyrirhafnarlaust geta fengið $4^1/_2$ % af peningunum? Það er nú sem stendur ekkert útlit fyrir að jarðarafgjöldin hækki verulega, eða að

peningaafgjald komi í stað landauraafgjaldsins í bráðina, svo að eg skil ekki að það sé nein hætta frá þeirri hlið.

Stefán Stefánsson: Eg gæti vel fallið frá orðinu, því 1. þm. Eyf., og eigi síður þm. Borgf., sem hefir óbilandi traust á landbúnaðinum, tóku svo vel fram margt af því, sem eg vildi hafa sagt. Eg skal lýsa því yfir í fám orðum, að eg álít, að landssjóður eigi að selja jarðir sínar, því enginn vafi leikur á því, að við það eykst stórum sjálfseign í landinu. Að því er snertir sölu jarðanna í Svarfaðardal, þá skal eg taka það fram, að einmitt í þeirri sveit er vaknaður lifandi áhugi á jarðabótum, og mun mér óhætt að segja, að jarðabótafélagið þar sé eitt af þeim lang beztu. Hafa sumir leiguliðar unnið þar ágætlega, t. d. sumir einyrkjar 100 dagsverk á ári. Og þá mundi þingið bregðast illa vonum manna, ef það kipti úr þeim áhuga, sem er vaknaður. Jarðir þessar eru líka metnar af sýslunefnd Eyfirðinga svo sanngjarnlega, sem unt er, en nefndin hefir sett jarðirnar upp, án þess að færa rök fyrir því. Nefndin ætti að koma með brt. við sína eigin breyt.tillögu hvað jörðina Grund snertir, því ekki dugir að vitna í að Grund sé góð jörð, því eins og 1. þm. Eyf. tók fram, þá hefir hún legið og liggur undir stórskemdum. Eg tek það fram, að það er fjarstæða, sem hæstv. landsh. sagði, að eign landssjóðs rýrist við þessa sölu. (*Landsh.*: Tekjustofn landssjóðs). Nei, einmitt tekjustofninn eykst fremur en minkar við þjóðjarðasöluna. Vaxtatekjurnar af verði jarðanna eru hærri en eftirgjöldin, og þar við bætast umboðslaunin, er sparast algerlega. Landsh. lítur hornauga til Ræktunarsjóðsins, en þó er engin stofnun vinsælli eða heppilegar fyrir komið heldur en honum. Og það er sannfæring mín og margra fleiri, að hann muni verða öflug lyftistöng fyrir landbúnaðinn. Eða með öðrum orðum, styðja að því beinlínis, og óbeinlínis, að auka landstekjurnar og almenna velmegun. Viðvíkjandi því, sem landhöfðingi tók fram um prestsmötuna í sambandi við Möðruvelli í Hörgárdal, þá skal þess getið, að hún er goldin ekki af Möðruvöllum, heldur af umboðinu í heild sinni, ætti það því að deilast niður á allar jarðir umboðsins hlutfallslega. En hvar eru nú annars allir þessir miklu kostir við Möðruvelli, sem talað er um. Eg þekki þá ekki, og umráðamaður jarðarinnar, sem þekkir hana allra manna bezt og hefir búið þar lengi, er mér að öllu leyti sammála. Enda hefir hann gefið svo réttorða lýsingu á jörðinni, og metið hana svo sanngjarnlega, að bæði sýslunefnd Eyfirðinga og h. 1. þm. Eyf. þótti ástæða til að benda á þetta sem hreina fyrirmynd. Jörðin er stór að nafninu en lítil í reynd. Að vísu er engið stórt, en bregzt mjög oft, þar sem það liggur undir skemdum af Hörgá. Tún er í mikilli órækt, þó það hafi batnað nokkuð hin síðari árin fyrir aðgerðir skólastjóra og þess ábúanda, sem þar er nú.

Þætti mér það sanngjarnt, að hann fengi að kaupa sínar eigin jarðabætur fyrir sanngjarnt verð. Einum ókosti má heldur ekki gleyma við þessa jörð; hún útheimtir feikilega mikinn vinnukraft, eins og sjá má af því að í fyrra gekk 20 manns þar til heyskapar og eftirtekjan varð ekki nema um 1400 hesta af öllu heyi. Þætti það lítið í Skagafirði og miðri Húnavatnssýslu, að eg ekki nefni Árnessýslu. Eg vil sérstaklega tala um eitt atriði, sem snertir mig persónulega. Fyrir nokkrum árum keypti landssjóður af mér hús, sem var metið á 6000 kr., fyrir 4000 kr. Þessa hefir oft verið getið mér til ámælis, og þótt óhæfa að þingið skyldi ganga inn á slíkt.

En á síðustu fjárlögum var því slegið föstu, að leiguliðar á landssjóðseignum ættu heimtingu á $^2/_3$ úr landssjóði af því, sem húsabætur á ábýlisjörðum þeirra kosta. Hér stóð líka alveg sérstaklega á. Á ábúanda Möðruvalla hvíldi sú kvöð að hafa pilta í kosti og þjónustu. Til þess útheimtist auðvitað mikið húsnæði fram yfir það, sem ábúð jarðarinnar útheimtir. Nú var bærinn gjörfallinn þegar eg kom þar, svo ekki var um annað að gera en byggja hann upp, og þá miklu stærri en jörðin þarfnaðist. Í samráði við skólastjóra bygði eg því allstórt timburhús, í þeirri von að landssjóður myndi taka einhvern þátt í kostnaðinum. Samtímis var fyrirkomulaginu með kosthald piltanna breytt í þá átt, að þeir legðu sjálfir á borð með sér, til þess að gera skólaveruna sem ódýrasta og reyna þar með að auka aðsóknina, sem engin var um það leyti, sem eg kom að skólanum. Árið sem eg kom að skólanum kom þangað að eins einn piltur. — Þingið gekk svo inn á að kaupa húsið fyrir $^2/_3$ verðs en eg tók við bænum, sem metinn var með álagi á 700 kr. Skal eg sýna, að þetta hefir vel borgað sig. Þegar fyrirkomulaginu á kosthaldinu var breytt, fór aðsóknin að vaxa. Seinustu 10 árin hafa verið 30 piltar á skólanum að meðaltali, eða meir. Við kostsöluna, eins og hún er nú, sparar hver þeirra 100 kr. á ári, frá því sem var. Þá sparast eftir því 300 kr. á ári. Slíkur sparnaður hefir, eins og nærri má geta, stór áhrif á aðsóknina, og landið eða landsmenn hafa á þessu hagkvæma fyrirkomulagi í 10 ár grætt 30,000 kr., og skólinn komið að svo góðum notum sem unt var. Þetta hefir alt svo unnist við það, að leggja einar 4000 kr. til byggingar. Hefði það ekki verið gert, mundi eg ekki hafa tekið jörðina. Nú vill nefndin selja Möðruvelli fyrir eftirgjaldið margfaldað með 25, og þar að auki bætir hún við 4000 kr. Eftir því á að selja jörðina *húsalausa* eins og hinar jarðirnar *með húsum*. Þetta er mjög ósanngjarnt, enda mun enginn kaupa jörðina svo dýrt. Því 5% rentur af verðinu (11000), er 550 kr., en eftir uppástungu amtsráðsins er afgjaldið nú 270 kr.

Háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) vill styðja höfuðbólabúskap. Það er mín sannfæring, að það sé rétt. En ef sölunni á Möðruvöllum verður hagað eins og nefndin vill, þá er fyrirmyndarbú þar óhugsandi, því þó ábúandinn hefði viljann til þess að koma því upp, þá vantar hann bolmagn til þess hvorstveggja, að kaupa jörðina með slíkum afarkostum, langt fram yfir það sem hún rentar sig, og koma upp fyrirmyndarbúi á henni. Enda mun það ekki verða reynt. Eg hefi ýmislegt að athuga við ræðu háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) en sleppi því, af því að eg sé að hann er ekki við.

Hannes Hafstein: Eg er samþykkur sölu þjóðjarðanna til ábúenda, og álít að verð þeirra eigi að fara eftir tilsvarandi gangverði bændaeigna í hverri sveit, en ekki eftir því, hvað eftirgjaldið er mikið. Því síður eftir eftirgjaldinu að viðlögðum væntanlegum gróða af áskildum jarðabótum. Sýslunefndirnar munu hafa bezt vit á því, hvað samskonar jarðir seljast manna á milli, hver í sinni sýslu, og hefi eg því haldið því fram í nefndinni, að fylgja því verði, sem sýslunefndirnar hafa sett á jarðir þær, sem hér er um að ræða. En meiri hluti nefndarinnar hefir aðhylst hærra verð. Eg sé ekki neina ástæðu fyrir landssjóðinn, til þess að vilja halda í þjóðjarðirnar. Þjóðarinn-

ar framtíðarvon er það, að landið verði ræktað, og það eru meiri líkindi til þess, að sjálfseignarbændur rækti jarðir sínar, heldur en landsetar, hve góður sem landsdrottinn er. Eftir gildandi lögum á auk þess andvirðið að renna í Ræktunarsjóðinn. Hver sá, sem greiðir atkvæði á móti sölunni, greiðir atkvæði móti því, að afla fjár til þess að rækta upp landið. En þó svo væri nú, að öðru vísi yrði fyrirskipað um þessar tekjur, og þær væru látnar renna beint í landssjóð, þá er salan arðvænlegri en það að eiga jarðirnar. Lán, sem landssjóður væntanlega verður að taka innan skamms, fæst ekki undir 4%, en þjóðjarðirnar, sem hæzt eru metnar eftir 25 földu afgjaldi, gefa ekki af sé 4%, því umboðslaun, 1/6 hluti afgjalds, gengur frá.

Af þeim jörðum, sem hér er um að ræða, hefir helzt verið ágreiningur um þær jarðir, þar sem bátaútræði er, og menn búast við verstöðum eða verzlunarstæði. Þar á meðal er jörðin Munaðarhóll. Nú sé eg að 12 h. þm., þ. e. meiri hluti deildarinnar, hefir komið fram með tillögu um sölu á þessari jörð. Eg geng því út frá því sem vísu, að sú sala verði samþykt. En verði það, þá væri ósamkvæmni að greiða ekki atkvæði með hinum jörðunum líka, sem eins stendur á með.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Í þessum löngu umræðum hafa komið fram margar skýringar, bæði viðvíkjandi þjóðjarðasölunni í heild sinni og einstökum atriðum frumv. þessa. — Eg býst við að háttv. þingm. hafi allir myndað sér ákveðna skoðun viðvíkjandi þjóðjarðasölunni yfir höfuð, og að ekki þýði að tala um þá hlið málsins frekara nú, og skal eg því snúa mér að hinum einstöku atriðum þess.

H. þm. Snæf. (L. H. B.) gaf ýmsar upplýsingar um Munaðarhól, og kvaðst hann hafa þær eftir áreiðanlegum manni, sem eigi væri ástæða til að rengja. Eg sagði heldur ekki neitt í þá átt, en að eins hitt, að nefndin þyrfti að hafa fyrir sér meira en frásögn eins manns, þar sem hún kæmi í bága við skýrslu umboðsmannsins, sem telja má sjálfsagt, að legið hafi fyrir sýslunefnd, en hún hefir engar athugasemdir gert við þá skýrslu. Nefndin gat því ekki annað en bygt á skýrslu þessari, og eins og sakir standa, þá verður að telja það réttast, að geyma sölu jarðar þessarar, þangað til frekari skýringar koma fram í málinu en nú eru fyrir hendi.

H. þm. Borgf. (Þ. B.) talaði um málið mest megnis frá almennu sjónarmiði; hann gerði meðal annars lítið úr ástæðum nefndarinnar fyrir því, að vilja ekki ráða til, að selja nokkrar tilteknar jarðir. — Nefndin getur tekið sér það ofurlétt, þótt háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) geri lítið úr ástæðum þessum; hún er ekki ein um að bera þær fram né hefir fundið þær fyrst; hún fylgir að eins sömu grundvallarreglu, sem fylgt hefir verið síðan 1891, þeirri reglu, að selja eigi jarðir, sem liggja í nánd við kauptún, eða þar sem fiskiver eru, eða einhver sérstök hlunnindi önnur.

H. þm. Borgf. (Þ. B.) hélt því fram, að ekki væri verra að eiga við einstaka menn en landssjóð fyrir þurrabúðarmenn. Eg er ekki á sömu skoðun; háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) verður að færa dæmi máli sínu til sönnunar; dæmi hins gagnstæða hafa verið sýnd; það hefir verið sýnt fram á, hvernig einstakir menn hafa staðið í vegi fyrir því, að þurrabúðarmenn fengju útmælt land til ræktunar með aðgengilegum kjörum, eða að öðru leyti þröngvað kosti þeirra. Það hefir oft verið mint á það, hvernig leiguliði landssjóðs í Ólafsvík, er hafði ótakmarkað vald yfir

jörðinni, stóð þar sum eitt skeið í vegi fyrir lóða-útmælingu undir þurrabúðir, nema með sannköllurum afar-kostum, og mundi hann að líkindum eigi síður hafa beitt valdi sínu, ef hann hefði verið eigandi jarðarinnar. Fleiri dæmi mætti til nefna í líka átt. En þar á móti hefir ekki verið bent á neitt dæmi þess, að umboðsstjórnin hafi synjað um slíkar útmælingar, þar sem hún hefir haft frjálsar hendur, eða sett mönnum svo harða kosti, að frágangssök hafi þótt. Að minsta kosti þekki eg ekkert slíkt dæmi.

Annað það, sem h. þm. Borgf. (Þ. B.) fann nefndinni til foráttu, var það, að þegar hún miðaði tillögur sínar um verðið við afgjaldið 25 falt, þá tæki hún kúgildaleigurnar með í reikninginn, en slíkt væri eigi rétt, með því að kúgildaleigurnar byggðust á öðrum grundvelli en landskuldin, og svöruðu ekki til höfuðstóls þess, sem í jörðinni sjálfri lægi. — Eg játa það, að þetta er rétt út af fyrir sig, en hér á það ekki við, því að kúgildaþungann á þjóðjörðunum er einmitt tekinn til greina. Ef gengið er í gegn um skýrslur þær, sem sýslu nefndir gáfu árið 1878, um ásigkomulag þjóðjarða og hæfilegan leigumála þeirra, þá sést það, og er beinlínis tekið fram, að þar sem kúgildaþungi sé, þar sé og landskuld lægri. Eg man eftir, að um eina jörð er lagt til, að annaðhvort sé þar fækkað einu kúgildi eða landskuldin færð niður að því skapi. — Það mun óhætt að segja, að þegar eftirgjald þjóðjarðanna hefir verið ákveðið, þá hefir verið tekið tillit til kúgildanna, og landskuldir mundu hærri á þeim, ef eigi fylgdu kúgildin; fyrir því er það ekki rétt, að sleppa kúgildaleigunum, þegar meta skal eftirgjald jarðanna til verðs. Því hefir verið hreyft, hvort rétt væri að telja jarðabótakvaðir með eftirgjaldi jarðanna eða ekki, þegar ætti að fara að meta þær til verðs. — Það er auðséð á nefndaráliti þjóðjarðasölunefndarinnar 1891, að hún hefir gert það. Þetta atriði kom og til tals í nefndinni að þessu sinni, en niðurstaðan varð sú, að sleppa þeim, en taka að eins til greina eftirgjaldið sjálft, landskuld og leigur.

Þá skal eg snúa mér að ræðu h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.); hann hafði ýmislegt við gerðir nefndarinnar að athuga, og var það eðlilegt, að því leyti, að jarðir þær, sem hér ræðir um, eru tiltölulega flestar í hans kjördæmi. Hann benti á það, að nefndin hefði í breyt.till. sinni hækkað mjög verð jarðanna frá því verði, sem sýslunefnd hefði álitið sanngjarnt, og benti á í því sambandi, hve óeðlilegt það væri, að fara einungis eftir áliti umboðsmanns. Nefndin er þar á sömu skoðun, og í tillögum sínum hefir hún því farið milliveg, og þó allvíða farið nær mati sýslunefndar en umboðsmanns. En það, sem hún bygði aðallega á, var eftirgjaldið, því að hún áleit það réttastan grundvöll, til að byggja jarðarverðið á; þó hefir hún ekki alstaðar miðað við 25 falt, eftirgjaldið, og einmitt í Eyjafirði hefir hún sett verðið á 4 jörðum lægra en 25 falt eftirgjald. Ein þessara jarða er Skáldalækur, sem háttv. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) kvað ekki mikið varið í; þessa jörð hefir nefndin í mati sínu verðlagt á annað hundrað króna fyrir neðan þennan mælikvarða.

Sérstaklega mintist h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) á eina jörð, Grund í Svarfaðardal, sem nefndin hafði hækkað frá mati sýslunefndarinnar; hann gat þess, að framsögumanni hefði láðst að geta þess, að jörð þessi lægi undir skemdum, um leið og hann hefði verið að telja upp kostina, og gaf jafnvel í skyn, að hann

hefði ekki verið þar sem vandaðastur í frásögninni. Það er rétt, að jörð þessi lá undir skemdum; en það voru veittar 600 kr. úr landssjóði, til að ráða bætur á skemdum þessum, og það liggur fyrir skýrsla frá umboðsmanni um, að viðgerð þessi hafi komið að góðum notum, og á þessu þóttist nefndin hafa rétt að byggja. Að vísu hefir sýslunefnd tekið það fram, að jörð þessari geti verið hætta búin á öðrum stað af læk, sem liggur að túninu, og að það muni þurfa að kosta að nýju fé til að bæta úr þessu. Þetta kemur nokkuð í bága hvað við annað, og var nefndin því í vanda stödd, og átti erfitt með að komast að fastri niðurstöðu. — Ef hún hefði verið viss um, að 600 kr. fjárveitingin hefði komið að fullum notum, þá hefði átt að hækka eftirgjaldið, og þá um leið verð jarðarinnar; en af því, að hún var ekki viss um það, þá tók hún hvorugt til greina. — Það hefði verið lang-réttast af sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu, að gefa leiguliðanum bendingu um, að útvega vottorð skilvísra manna um það, hvernig skemdunum væri háttað.

Það er langt frá því, að nefndin geri lítið úr áliti sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu, og komist hún til fullrar sannfæringar um, að jörðin sé í áframhaldandi hættu, þá mun hún sýna þá sanngirni, að koma með tillögu um að lækka verðið.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) lagði mikla áherzlu á dýrleika jarðanna, og leit út fyrir, að hann teldi réttara, að miða söluverðið fremur við hann en við eftirgjaldið. Mig furðaði á þessu, því að það er öllum vitanlegt í hve litlu samræmi hundraðatal jarða stendur við gæði þeirra.

Jarðamatið þótti ekki áreiðanlegt, þegar það var samið upphaflega fyrir rúmum 50 árum, og hvað mun þá nú mega um það segja?

Það sem meðal annars mælir með því, að taka til greina afgjald þjóðjarða, þegar ákveða skal verð þeirra, er það, að afgjaldið er að minsta kosti víðast hvar miðað við tillögur sýslunefndanna. — Eins og kunnugt er, var á árunum 1877—78 leitað álits sýslunefnda um byggingu þjóðjarða og hæfilegan leigumála þeirra; síðan voru tillögur sýslunefndanna bornar undir amtsráðin, og samþyktu þau þær alveg óbreyttar í mörgum sýslum. (*Guðlaugur Guðmundsson*: Þeim var breytt mikið). Það má sjá það af Stjórnartíðindunum 1878 bls. 112, að amtsráðið í Vesturamtinu hefir á fundi sínum 11.—13. júlí sama ár lýst því yfir, að það hefði ekki kunnugleik til að hagga tillögunum um leigumála hinna einstöku jarða, heldur yrði að halda sér til þeirra uppástungna, sem komið hefðu fram frá sýslunefndunum. Um Norður- og Austuramtið er hið sama að segja, að þar voru tillögur sýslunefndanna fullkomlega teknar til greina; um Suðuramtið skal eg aftur á móti ekki segja, mér er ekki kunnugt um það, hvernig amtsráðið þar tók í málið.

Þessum leigumála, sem þannig var ákveðinn eftir tillögum sýslunefnda og með samþykki amtsráða, hefir verið svo vandlega fylgt, að minsta kosti í sumum umboðum, að út af honum hefir ekki verið brugðið, og jarðirnar einungis verið bygðar þeim, sem líklegastir hafa þótt að sitja þær bezt, án þess að það hafi komið til tals, að hækka eftirgjaldið. — Hafi yfirboð átt sér stað í einhverju umboði, þá getur öðru máli verið að gegna um það, hve réttmætur mælikvarði eftirgjaldið sé fyrir jarðarverðinu. — En þar sem eftirgjaldið er miðað við það, sem sýslunefndir hafa lagt til, og amtsráð samþykt, þá verð eg að á

líta það góðan grundvöll fyrir söluverðinu. Yfir höfuð hefir þingið ekki þann kunnugleik, að það geti bygt á öðrum vissari grundvelli.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) tók það fram viðvíkjandi þessum jörðum, sem mest hefir verið talað um, Böggvelsstöðum, Munaðarhóli og ½ Vattarnesi, að fyrst nefndin teldi sig hafa rétt til að ráða frá sölu þeirra, af umhyggju fyrir þurrabúðarmönnunum, þá hefði hún og skyldu til að koma fram með tillögur í þá átt, að koma góðu skipulagi á um útmælingar handa þurrabúðarmönnum og um tryggingar á hag þeirra að öðru leyti. — Þetta er alveg óskylt því máli, sem nú er til meðferðar, þótt það í sjálfu sér sé gott og nauðsynlegt, og allrar íhugunar vert.

Eg skal annars geta þess, að til eru reglur um slíkar útmælingar, t. d. á Sauðárkrók; þar getur hver fengið útmælt land fyrir 25 aura gjald eftir hverjar 100 ferh.álnir, og efast eg um, að það sé lægra annarstaðar.

Eg skal vera fáorður um það, sem h. 2. þm. Skagf. (St. St.) tók fram. — Eg játa það, að hækkunin á verðinu á Möðruvöllum, um fram hinn almenna mælikvarða, 25-falt afgjald, gengur langt fram yfir hækkunina á verði allra hinna jarðanna, sem hér er um að ræða, og stendur það að nokkru leyti í sambandi við kaup á húsi, sem fyrir nokkrum árum var lagt til jarðarinnar á kostnað landssjóðs, að upphæð 4,000 kr.

H. 2. þm. Skagf. (St. St.) kom fram með ýmsar skýringar viðvíkjandi því, að eigi væri ástæða til, að hækka svo mjög jarðarverðið fyrir húskaup þessi. — Eg skal ekki reyna að hrekja það, sem háttv. 2. þm. Skagf. (St. St.) færði fram þessu til sönnunar; það getur verið álitamál. En efast ekki um, að nefndin muni vera fús á, að taka alt þetta til nánari athugunar.

ATKV.GR.: 1. breyt.till. (166) við 1. gr. frumv. 1. tölul. samþ. með 11 : 1 atkv.

2. breyt.till. (166) við 1. gr. frumv. 2. tölul. sþ. með 14 samhlj. atkv.

3. breyt.till. (166) við 1. gr. frumv. 3. tl. sþ. með 13 samhlj. atkv.

4. breyt.till. (166) við 1. gr. frumv. 4. tl. sþ. með 15 samhlj. atkv.

5. breyt.till. (166) við 1. gr. frumv. 5. tl. sþ. með 13 samhlj. atkv.

6. breyt.till. (166) við 1. gr. frumv. 6. tl. sþ. með 14 samhlj. atkv.

7. breyt.till. (166) við 1. gr. frumv. 7. tl. sþ. með 14 samhlj. atkv.

8. br.till. (166) við 1. gr. frv. 8. tl. sþ. með 11 : 8 atkv.

9. br.till. (166) við 1. gr. frv. 9. tölul. sþ. með 12 : 8 atkv.

10. br.till. (166) við 1. gr. frv. 10. tl. samþ. með 11 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, vegna ógreinilegrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

já:	nei:
Árni Jónsson,	Björn Bjarnarson,
Jón Magnússon,	Björn Kristjánsson,
Hannes Hafstein,	Einar Þórðarson,
Hannes Þorsteinss.,	Guðl. Guðmundsson,
Magnús Stephensen,	Herm. Jónasson,
Ólafur Briem,	Jóhannes Ólafsson,
Ólafur Ólafsson,	Lárus H. Bjarnason,
Ólafur Thorlacius,	Magnús Andrésson,
Pétur Jónsson,	Þórh. Bjarnarson.
Skúli Thoroddsen,	
Tryggvi Gunnarss.	

Stefán Stefánsson greiddi ekki atkvæði, og var afsökun hans tekin gild.

11. br.till. (166) við 1. gr. frv. 11. tl. sþ. með 13 samhlj. atkv.

12. br.till. (166) við 1. gr. frv. 12. tl. sþ. með 12 : 1 atkv.

13. br.till. (166) við 1. gr. frv. 13 tl. feld með 11 : 10 atkv., að viðhöfðu

nafnakalli, vegna óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

já:	nei:
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Herm. Jónasson,	Björn Bjarnarson,
Magnús Andrésson,	Björn Kristjánsson,
Magnús Stephensen,	Einar Þórðarson,
Ólafur Briem,	Guðl. Guðmundss.,
Ólafur Ólafsson,	Hannes Hafstein,
Ólafur Thorlacius,	Hannes Þorsteinss.,
Pétur Jónsson,	Jóhannes Ólafsson,
Skúli Thoroddsen,	Lárus H. Bjarnason,
Tryggvi Gunnarss.	Stefán Stefánsson,
	Þórh. Bjarnarson.

14. br.till. (166) við 1. gr. frv. 14. tl. sþ. með 13 samhlj. atkv.

1. viðaukatill. (166) við 1. gr. frv. sþ. með 12 samhlj. atkv.

2. viðaukatill. (209) við 1. gr. frv. sþ. með 15 samhlj. atkv.

3. viðaukatill. (166) við 1. gr. frv. sþ. með 15 samhlj. atkv.

1. gr. frv. með áorðnum breytingum sþ. með 11 : 5 atkv.

2. og 3. gr. frv. sþ. með 12 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.-greiðslu.

Málinu vísað til 3. umr. með 16 : 1 atkv.

Þriðja umr.: 31. júlí. (C. bls. 381, 394, 399).

Framsögumaður (Ólafur Briem): Af því að brt. hafa komið fram viðvíkjandi 4 af þeim jörðum, er taldar eru í 1. gr. frv., þá vil eg leyfa mér að fara um þær nokkrum orðum.

Fyrst er Grund í Svarfaðardal (1. gr. frv. tölul. 5.). Verðið á þessari jörð var eftir frv. 2500 kr.. en nefndin lagði til, að það væri fært upp í 3200 kr. og var sú tillaga samþykt. Nú hafa við 2. umr. komið fram nýjar upplýsingar á þá leið, að jörðinni sé hætta búin af læk, er liggur að túninu, og að þær 600 kr., er á sínum tíma voru veittar úr landssjóði til varnar gegn skemdunum, hafi ekki komið að fullu haldi. Er því viðbúið að kaupandi jarðarinnar hljóti að verja nokkru fé til að afstýra hættunni, og rýrir það skiljanlega verð hennar. Með tilliti til þessa hefir nefndin gengið inn á brt. á þskj. 249, að verðið skuli fært niður í 3000 kr.

Þá eru Möðruvellir. Eftir tillögu nefndarinnar var verð þessarar jarðar fært úr 9000 kr. upp í 11000 kr. En brt. á þskj. 249 fer fram á, að það skuli fært niður í 10000. Eg gat þess við 2. umr., að aðalástæðan fyrir því, að nefndin hækkaði verðið á jörð þessari um 2000 kr., frá því sem stóð í frv., og setti það fullum 4000 kr. hærra en sem svaraði 25 földu eftirgjaldi, hefði verið sú, að fyrir nokkrum árum var á kostnað landssjóðs keypt timburhús, er stóð á jörðinni, og lagt til hennar. Þess skal þó getið, að bæjarhúsin, er áður fylgdu jörðinni, voru þá lögð niður, er þetta hús var keypt, og verð þeirra og álag, er þeim fylgdi, látið ganga upp í kostnaðinn við húskaupin. Þetta hús kom þannig í stað hinna. En þrátt fyrir það heldur meiri hluti nefndarinnar við till. sína.

Þá er Munaðarhóll í Snæfellsnessýslu. Um þessa jörð var mikið talað við 2. umr.; skýrði nefndin ítarlega frá, að hér stæði sérstaklega á, og að því leyti, sem hér væri vikið frá þeirri meginreglu, er þingið hefir fylgt, þá hlyti sú breyting einnig að ná til annara jarða, er líkt stæði á um. Nefndin áleit rétt að fylgja þeirri meginreglu undanfarinna þinga, að selja ekki þær jarðir, þar sem þurrabúðir eru og menn því þurfa að fá útmældar lóðir undir hús sín, og það af tveim ástæðum. Í fyrsta lagi er lóðargjaldið tekjuauki fyrir eiganda jarðarinnar er hlýtur að auka verðmæti hennar. Og í öðru lagi mun þeim, er vilja fá útmæling á lóðum, almennt bet-

ur borgið, að eiga samninga við landsstjórnina en einstaka menn. — Enn er það að athuga, viðvíkjandi þessari jörð, að skýrslur þær, er fyrir liggja um hana, fullnægja ekki þeim skilyrðum, er alþingi hefir sett, sem nauðsynleg til undirbúnings á sölu þjóðjarða. Í auglýsingu landshöfðingja 12. nóvbr. 1879 er heimtað, að jafnframt áliti umboðsmanns fylgi einnig álit sýslunefndar. (*Lárus Bjarnason*: Það fylgir!). Það er álitamál, hvort svo megi segja. Hér liggur að eins fyrir vottorð um, að sýslunefndin í Snæfellsnessýslu sé því meðmælt, að leiguliðinn á Munaðarhóli fái jörðina keypta fyrir ákveðið verð, en enginn stafur í þá átt, að gefa upplýsingar um jörðina eða verðmæti hennar; en á því hefði þó engin vanþörf verið, ef sýslunefndin hefði viljað hnekkja skýrslu umboðsmanns, eins og hv. þm. Snæfellinga (L. H. B.) hefir leitast við að gera. — Þá er í þriðja lagi verðsetning jarðarinnar. Í frv. er hún verðlögð á 2800 kr. Brt. á þskj. 233 fer fram á, að hún sé færð upp í 3500 kr. og brt. á þgsj. 249 að hún sé færð upp í 3200 kr. Samkv. skýrslu umboðsmanns er afgjaldið af jörðinni nú sem stendur um 107 kr., og heldur hann því fram, að þær tekjur, er ábúandi hefir af lóðargjöldum, uppsátursgjöldum o. fl., séu eins miklar. Ef nú væri gert ráð fyrir, er leiguliðaskifti yrðu, að leiguliði gyldi sama afgjald sem nú, en aftur á móti rynni helmingurinn af lóðatekjunum, sem sé 53 kr., í landssjóð, þá fengi landssjóður árlega 160 kr. af jörðinni. Og miðað við þá upphæð 25 falda, yrði verð jarðarinnar 4000 kr. eða nálægt uppástungu umboðsmanns.

Eftir þessum málavöxtum verð eg að lýsa því yfir, fyrir hönd nefndarinnar, að hún telur ráðlegast að fresta sölu þessarar jarðar að svo stöddu. Og í þessu efni vil eg benda á, að það sýnist vera eðlilegt frá sjónarmiði þeirra þingmanna, er hlyntir eru sölu þjóðjarða, að leiða ekki inn í málið nýtt ágreiningsefni. Það hefir verið mikill ágreiningur um aðalstefnuna í því máli, og því er rétt að koma sér fyrst niður á hana, áður en menn fara að ráða nokkru til lykta um vafasöm ágreiningsatriði í málinu.

Þá er að minnast á jörðina Ægissíðu í Húnavatnssýslu. Í frv. er hún verðsett á 2700 kr. Nefndin hefir komið fram með brt. um að færa verðið upp í 2900 kr. og við hana hefir svo hv. þm. Húnv. (H. J.) komið fram með brt., þar sem verðið er sett mitt á milli, sem sé 2800 kr. Ástæða nefndarinnar fyrir brt. sinni var, að afgjaldið er nú 240 álnir í landsskuld og leigur. Þó meðalalin sé ekki sett hærra en 50 aur., þá er afgjaldið 120 kr., eða svarar með öðrum orðum til 3000 kr. jarðarverðs. Samt sem áður vildi nefndin ekki halda því fram, að jörðin yrði seld á 3000 kr., af því að hún þóttist sjá af skýrslunum, að afgjaldið væri heldur hátt, enda mun hún ekki gera það að neinu kappsmáli, hvor brt. er samþykt.

Þá liggur fyrir till. um að bæta tveim jörðum, Böggversstöðum og Reykhúsum, inn á frv.

Um Böggversstaði er það að segja, að meiri hl. nefndarinnar leggur til, af sömu ástæðum og tekið var fram um Munaðarhól, að jörð þessi sé eigi gerð föl. En svo framarlega sem jörðin verður seld, þá hefir nefndin stungið upp á, að verðið sé fært upp í 10000 kr. Eftir skýrslu umboðsmanns er nú sem stendur afgjaldið til landssjóðs í landskuld og leigur nálægt 160 kr. og auk þess hálft lóðargjald 55 kr., eða alls 215 kr. En jafnframt hefir umboðsmaður skýrt frá, að önnur lóðagjöld, uppsátursgjöld o. fl., nemi um 160 kr., þannig að allar tekjurnar af jörðinni

fari nálægt 370 kr. Þessi afgjaldsupphæð svarar þó ekki til hærra verðs en rúmlega 9000 kr., eftir mælikvarða nefndarinnar. En með því að útlit eða jafnvel vissa er fyrir, að aukatekjur af jörðinni haldi áfram að aukast, þá hefir meiri hluta nefndarinnar komið saman um brt., er fer fram á að setja verð jarðarinnar 10,000 kr.

Hin jörðin, sem brt. fer fram á að sett sé inn á frv., er Reykhús, og söluverðið sett 1050 kr. Við það hefir nefndin í rauninni ekkert að athuga; þó hefir hún stungið upp á, að verðið sér fært upp í 1100 kr. Núverandi afgjald svarar til 1200 kr. verðs. En með því nefndin telur ekki Reykhús neina kostajörð, að öðru leyti en því, að þar er jarðhiti og heitar laugar, þá hefir hún ekki viljað halda fram frekari hækkun á verðinu en farið er fram á í brt. hennar. Að öðru leyti setur nefndin sig ekki á móti, að jörðin sé seld við því verði.

Björn Bjarnarson: Þó nafn mitt standi við breyttill. á þingskjali 249, þá er það ekki af því, að eg sé samþykkur þeim öllum; eg skrifaði nafn mitt við þær, að eins til þess að þær gætu komist að, en skýrði flutningsmanni þeirra um leið frá því, að eg mundi greiða atkvæði á móti flestum þeirra.

Á þingskjali 233 á eg, ásamt nokkrum fleirum háttvirtum þm., breytingart. um að hækka söluverðið á Munaðarhóli upp í 3500 kr. eða um 700 kr., og skal reyna að færa rök fyrir þessari verðhækkun.

Munaðarhóll er að mörgu leyti góð jörð, og liggur auk þess mjög nærri eða svo að segja fast við verzlunarstaðinn á Sandi; frá Munaðarhóli og ofan á Sand er líkt langt og hér upp fyrir læk, eða lítið eitt lengra. Þessi staður er bæði verzlunarstaður og útræði mest á Íslandi, og fóksfjöldi eykst þar, svo þar mun nú vera um 3—400 manns. Fólkinu hefir fjölgað hin síðari ár og má ætla að sú fjölgun haldi áfram. Munaðarhóll er ekki nema steinsnar frá Sandi, eins og eg hefi sagt, og líklegt er að hann muni einmitt eiga nokkuð af Sandinum. Það hefir verið sagt, að jörð þessi væri tómt hraun og grjót, en í þessu hrauni eru margar góðar gjótur, sem eru beztu kálgarðstæði, því að í hraungjótunum er skjól fyrir öllum áttum, auk þess er þar hægt að fá góðan áburð í garða, bæði fiskiúrgang og þara. (*Lárus H. Bjarnason*: Hefir þm. nokkurn tíma komið að Munaðarhóli?) Eg hefi komið þangað tvisvar. (*Lárus H. Bjarnason*: Hvenær kom þm. þangað?) Seinast í vor. (*Forseti*: Ekki samtal!) Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) hefir skýrt frá því, að jörðinni fylgja búðartollar, nú að upphæð 36 kr., og mér þykir líklegt, að þeim muni smámsaman fjölga. Það er einnig mjög líklegt, að tómthúsmenn muni fara að byggja á jörðinni, og munu þá tekjur af jörðinni aukast til muna. Eg hygg, að við næstu ábúendaskifti mundi afgjaldið verða fært upp um að minsta kosti þær 36 kr., sem ábúandinn nú án eigin verðleika hefir í búðartolla. Mér virðist sjálfsagt, að tekið sé tillit til alls þessa, fremur en að fara eftir afgjaldinu sem nú er, þegar jörðin er verðlögð. Eg vildi leggja til, að hún yrði ekki seld fyrir minna en 3500 kr.

Eg ætla mér svo í stuttu máli að fara nokkrum orðum um alt málið í heild sinni. Við 1. og 2. umræðu málsins greiddi eg atkvæði móti sölu þjóðjarðanna, og eg þykist hafa fulla ástæðu fyrir því. Að vísu skil eg vel ástæðu þeirra, sem mæla með sölunni, og gæti fallist á þær, ef eg héldi að það yrði nokkur framtíð fyrir sjálfs-

eignarábúð á jörðum þessum, Það er fyrirsjáanlegt, að eftir nokkurn tíma, verða allflestar hinar seldu þjóðjarðir aftur komnar í leiguliðaábúð privatmanna. Því verður ekki neitað, að það er ekki alt af ábúandi, sem kaupir jörðina, heldur einhver annar, sem kaupir jarðir fyrir lága rentu, með vægum afborgunarskilmálum, og fær svo ábúandann til að ljá nafn sitt. Eins og kunnugt er, geta enn fremur fjöldamargir leiguliðar ekki haldið jörðinni nema stuttan tíma, og neyðast til að selja hana aftur sökum fátæktar. Það verða því að eins efnamennirnir, sem kaupa, og geta haldið eignarréttinum. En þegar þeir svo falla frá, geta erfingjar verið margir, og svo skiftast jarðirnar í marga parta, og eru þá komnar í leiguliðaábúð privatmanna. Afleiðingin af sölunni verður því sú, að jarðirnar komast annaðhvort strax eða innan skamms í leiguliðaábúð aftur, en þá eru privatmenn landsdrotnar en ekki landssjóður.

Eg leit nýlega í leiguliðaskýrslurnar sem landbúnaðarnefndin hefir til meðferðar, og sá í þeim, að t. d. skiftist ein jörð í Ísafjarðarsýslu í 8 parta, og svo er um margar fleiri jarðir. Þegar eigandinn deyr, skiftist jörðin, og engin von er til að þær komist í sjálfsábúð á eftir fyrst um sinn, þegar erfingjarnir eru margir. (*Stefán Stefánsson*: það má lagfæra það með löggjöf). En þá þarf að athuga það, hvort betra er að hafa landssjóð fyrir landsdrottinn eða privatmann. Einstakir menn kaupa jarðirnar til þess að hafa hag af þeim, en landssjóður hefir ekki þann tilgang, eða ætti að minsta kosti ekki að hafa. Eg hefi heyrt að sumstaðar ætti sú venja sér stað, að umboðsmenn landssjóðs bjóði jarðirnar upp við leiguliðaskifti. Ef þetta væri rétt, þá álít eg að landssjóður sé farinn að okra með jarðirnar, og það væri ekki heppilegt, og mætti alls ekki eiga sér stað. Ef mikil eftirsókn væri eftir landssjóðsjörð, þá ætti að láta þann eftirsækjanda hafa hana til ábúðar, sem byðist til að gera mestar jarðabætur á henni, og hafa síðan eftirlit með, að hann gerði þær.

Yfirleitt er óhætt að fullyrða, að landssjóður sé betri landsdrottinn en privatmenn, enda bæði getur hann og ætti að vera það.

Menn hafa viljað sanna það af ástandinu í Arnarstapaumboði, bæði að leiguliðaábúð á landssjóðsjörðunum væri verri en á öðrum jörðum, og eymdin meiri á þeim jörðum en öðrum. En þetta er alls eigi rétt. Þar er almenningur sokkinn í eymd og niðurlægingu, og jafnvel sjálfseignarbændur sjálfir, og stafar það líklega af kúgun þeirri, sem fyrrum átti sér stað þar, fremur en annarsstaðar. Ef menn vildu gera nokkuð til þess að koma þeim upp og bæta ástandið, þá álít eg eina ráðið að fá menn úr öðrum héruðum til þess að flytja þangað, og veita þeim góð skilyrði, svo mundu þeir með eftirdæmi sínu leiða hina til framkvæmda, og framtakssemi. Með því móti fengju íbúar héraðsins eftirmynd, og þá mundu þeir komast fljótt upp, með því að eg álít, að héraðið eigi að mörgu leyti góða framtíð. Hvað sem þessu líður, getur það verið, að landssjóður sé ekki ætíð eins góður landsdrottinn og hann gæti verið, en landssjóður getur verið bezti landsdrottinn, og það er hægt að bæta úr því, sem ábótavant kann að vera, svo að ábúendurnir mundu alls ekki sækjast eftir að fá jarðirnar keyptar. Eg ímynda mér að það hefði góð áhrif, ef það væri gert að lögum, að ef einhver ábúandi á landssjóðsjörð hefði

gert þar miklar jarðabætur, að þá hefði einhver erfingi hans rétt til að fá jörðina til ábúðar eftir hans dag, og njóta umbótanna, sem hann hefir gert á jörðinni, án þess að eftirgjaldið væri hækkað við hann. Eg skil ekki annað en að þetta hefði góð áhrif, og gæti orðið til mikils góðs, og mundi mörgum geðjast vel að því.

Eg tók það fram áðan, að privatmenn eiga jarðir þær, sem þeir búa ekki á, að eins til þess að hafa sem mest afgjald af þeim, en landssjóður á ekki jarðirnar í þeim tilgangi. Privatmenn vilja síður binda jarðirnar með langri ábúð, ef vera kynni að þeir þyrftu að selja þær, en landssjóður byggir ætíð með lífstíðarábúð.

Í ábúðarskýrslu þeirri, sem landbúnaðarnefndin hefir með höndum, hefi eg veitt því eftirtekt, að í einni sýslu, þar sem eru um 130 leigujarðir einstakra manna, eru að eins 5 bygðar með lífstíðarábúð, en aftur á móti 17 með 1 árs ábúð, 7 með 2 ára, 6 með 3 ára, 22 með 5 ára, og 27 ábúendur hafa ekkert byggingarbréf. Þetta sýnir áþreifanlega, hvor er betri landsdrottinn, landssjóður eða einstaklingurinn.

Það verður því mín tillaga í þessu máli, að þetta frumv., sem hér liggur fyrir, verði felt nú við 3. umr., og þingið reyni heldur að sjá svo til, að ástandið verði bætt með einhverju, sem engan tilkostnað hefir í för með sér fyrir landssjóð, og er hægt að benda á marga hentugri vegi til þess, heldur en að selja þjóðjarðirnar.

Lárus H. Bjarnason: Það er þegar orðinn svo langur lestur um vesallings Munaðarhól, að hann ætti upp frá þessu miklu heldur að heita Hörmungarhóll.

Það er altaf verið að klifa á sömu ástæðunum móti því að selja Munaðarhól, sem sé þeim, að þar sé löggiltur verzlunarstaður, og að þar séu margar þurrabúðir. En eins og eg hefi tekið fram, mun hvorugt vera rétt.

Það er Hjallasandur en ekki Munaðarhóll, sem er löggiltur.

En hvað seinni ástæðuna snertir, þá er hún sprottin af þeim misskilningi, að menn blanda saman þurrabúðum og uppsátrum. Háttv. framsm. sagði, að skýrsla sýslunefndarinnar væri ekki fullnægjandi. Þar til svara eg honum, að eg þekki ekkert form fyrir slíkum umsögnum. Sýslunefndin hefir vottað, að hæfilegt verð á jörðinni væri 2800 kr., og það er nóg.

Háttv. framsm. taldi þurrabúðarmönnum betur borgið, ef landssjóður væri landsdrottinn, og get eg játað, að það *ætti* svo að vera, en því miður er það ekki svo, sízt alstaðar.

Hvað verð jarðarinnar snertir, verð eg að halda því fram, að hún sé fullseld fyrir 2800 kr., eins og í frumvarpinu stendur, og get eg þar borið sjálfa nefndina fyrir mig.

Hún álítur, að eftirgjaldið margfaldað með 25 eigi að vera mælikvarði fyrir verði þjóðjarða, en eftir því ætti Munaðarhóll að kosta 107×25 eða 2675 kr., og væri það í rauninni nóg verð, því ekki fást nema 3 kýrfóður af jörðinni, og allir þessir miklu tollar, sem er verið að tala um, eru stripaðar 36 kr.

Eg get vel skilið, að umboðsmaður leggi til, að jörðin verði seld á 4000 kr., því það er umboðsmönnunum í hag, að jarðir ekki verði seldar. Umboðsmaður er því hér dómari í sinni eigin sök, og þykir mér því eðlilegt, að meira sé tekið tillit til þess, sem sýslunefndin segir.

Annars þykir mér sá hugsunarháttur undarlegur, að vilja láta landssjóð halda beztu jörðunum, en fleygja horskrokkunum í leiguliða. En svona er þessi aurahugsun, þessi dæmalausa hræðsla

við að pumpa landssjóðinn lens. Menn vilja halda í dauð kapitöl, í staðinn fyrir að láta þau fara út í hringiðu lífsins. En með þjóðjarðirnar er því auðvitað eins farið, og með önnur kapítöl, — þær eiga að ganga kaupum og sölum. Það er betra að selja þær með litlu verði, þó það kosti landssjóð nokkra aura, heldur en að þær séu illa setnar og niðurníddar af óhæfum leiguliðum. Að því er snertir þá mótbáru gegn þjóðjarðasölunni, að þeirri sjálfseign, sem við það skapast, sé hætta búin af erfðunum, þá gildir þessi mótbára jafnt alla sjálfseign, og ekki sérstaklega þessa. Annað er það eftirtektavert, að þeir háttv. þingmenn, eg á við sjálfseignarmennina, sem allra bezt ættu að kunna og meta sjálfseignina, eru harðastir á móti þjóðjarðasölunni. Eg vil spyrja háttv. þm. Dal. (B. B.), sem er alþektur búforkur, hvort hann mundi hafa gert eins mikið fyrir jörðina sína, ef hann ekki hefði átt hana. Eg veit að hann er ekki eigingjarn, en eg vona samt að hann kannist við, að hann mundi þá hafa setið hana töluvert öðruvísi.

Að því er snertir lýsingu háttv. þm. Dal. (Bj. Bj.) á Munaðarhóli, þá hygg eg, að eg muni þeirri jörð kunnugri en háttv. þm. (Bj. Bj.). Hann segist að vísu hafa komið þangað tvisvar sinnum, en það mun hafa verið í bæði sinnin að vetrarlagi, og í öðru skyni en því að skoða jörðina.

Hann sagði, að jörðin lægi eigi steinsnar frá löggiltum verzlunarstað; þetta er ekki rétt, verzlun sú, sem nú er komin á Sandi, hófst fyrst í vor, og er að minsta kosti 10 mínútna gangur þangað frá Munaðarhóli. H. þm. (Bj. Bj.) sagði, að á jörðu þessari væru 3—400 manns; þar mun háttv. þm. hafa orðið mismæli; hann mun hafa átt við Sand; en þar er eins og í öðrum verstöðum mjög mismunandi fólksfjöldi á hinum ýmsu árstímum; þar eru langflestir menn um vertíðina; það fellur þar að um vertíðarbyrjun, en fellur aftur út um vertíðarlok.

Það mun ekki heldur rétt, að jörð þessi liggi vel við kartöfluræktt. Þar eru uppblásin holt og dældalaus hraun, og fremur stórgerð möl en ekki fínn sandur.

Þegar því er nú slegið föstu, að jörðin gefur af sér ein 3 kýrfóður og 36 kr. í lóðargjöld, og að hún hefir engin sérstök hlunnindi til að bera önnur en þau, að hún liggur nærri sjó, eins og aðrar jarðir þar á nesinu, þá skil eg ekki í öðru, en að flestum muni hljóta að þykja 2,800 kr. vera fullhátt verð fyrir hana. Annars hygg eg, að lýsing þeirra, sem hafa verið að gylla jörð þessa, sé nokkuð lituð — auðvitað óviljandi, en af því að þeir hafa bygt á annara sögusögn.

Svipað má segja um lýsing formanns Búnaðarfélagsins í búnaðarritinu, á Snæfellsnesi; hann hefir að vísu komið þangað, en hefir orðið að fara þar nokkuð fljótt yfir, og byggja margt á annara sögusögn, enda má sjá þess merki, því að inn í frásögnina hafa slæðst ýmsar villur, sem eg að vísu skal ekki þreyta menn á að telja hér upp; en eg vildi þó vekja máls á þessu hér, til þess að fyrirbyggja það, að héraðið yrði öðruvísi eða svartara í augum manna en það er í raun réttri.

Háttv. þm. Dal. (Bj. Bj.) sagði, að landssjóður væri sízt lakari landsdrottinn en hver annar. Þetta er í sjálfu sér satt, að landssjóðsjarðirnar eru ekki illa setnar af því landssjóður eigi þær, en þær verða það engu að síður, vegna þess, að eftirlitið með þeim er ónógt. Svo er um umboð það, sem

jörð þessi liggur í, og svo mun vera um önnur, að umboðsmaðurinn hefir umboðsstörfin í hjáverkum; eg veit ekki til að hann ferðist um umboðið til að líta eftir jörðunum. Það er satt, að það má bæta ábúð þessara jarða með nýrri löggjöf; en það hefir nú ekki verið gert í þessi hundruð ára, sem umboðin hafa verið til, og hver má vita hvenær það verður gert, ef landssjóður heldur í jarðirnar. Það er meira en kominn tími til að bæta úr göllum þeim, sem loða við umsjón þjóðjarðanna, á hinn eina eðlilega hátt, á þann hátt, að gefa þær ábúendunum falar.

Hannes Hafstein: Eg stend fremstur á breyt.till. á þgskj. 249, og mun það þykja hálfundarlegt, þar sem sumt í henni er í beinni mótsögn við tillögur nefndarinnar í máli þessu; en það stendur svo á því, að eg var ekki viðstaddur, er nefndin samdi tillögur sínar, eg var þá á öðrum nefndarfundi, og gat ekki borið mig saman við hana áður en hún sendi frá sér brey.till. sínar.

Eg tók það fram við 2. umr., að eg sæi enga ástæðu gegn því, að ábúendur þjóðjarða fengju jarðir sínar keyptar. Það gæti þó verið nokkur ástæða til að selja eigi eina af jörðum þeim, sem falaðar hafa verið, það er hjáleigan Hraukbæjarkot; hún á óskift land saman við aðra jörð, sem einnig er þjóðjörð, og sýnist þar viðkunnanlegast að selja þar annaðhvort alt eða ekkert. Það kann því að vera ástæða til að fresta sölu jarðar þessarar nú að þessu sinni. Aftur á móti sé eg enga ástæðu til að fresta sölu Böggversstaða og Reykhúsa í Eyjafirði. Ástæðurnar gegn sölu Böggversstaða eru þær, að þar sé útræði, og að þurrabúðarmönnum geti orðið íþyngt, verði jörðin einstaks manns eign, og að þar geti myndast kauptún. En þess er að gæta, að höfnin er þar eigi betri en svo, að lítil líkindi eru til, að þar komi upp kauptún.

Að því er það snertir, að hér sé veiðistöð, þá þekki eg margar slíkar veiðistöðvar við Ísafjarðardjúp, og er enginn þeirra þjóðareign, en þar fer þó vel á öllu, og eigi heyrast þar kvartanir yfir því, að þurrabúðarmönnum sé íþyngt, frekar en verða mundi þótt landssjóður væri landsdrottinn. Það má og með lögum tryggja rétt þurrabúðarmannanna, og fyrirbyggja það, að þeim verði synjað bústaða í veiðistöðum, með því að taka upp í lögin ákvæði um, að land megi *expropriera* handa þeim, er þörf gerist.

Jörðin Böggversstaðir er að vísu góð jörð, en hún er það meðfram fyrir það, að þar hefir búið sami bóndinn nú um 40 ár, alkunnur heiðursmaður og framkvæmdarmaður, sem hefir setið jörðina ágæta vel. Nú á hann uppkomna sonu, er hann langar til að geti notið jarðarinnar eftir sig.

Sýslunefndin hefir matið jörðina 8000 kr., en umboðsmaður álitið það of lágt. Eg hefi því komið fram með tillögu um að hækka verðið um 500 kr. eða upp í 8500 kr., hærra tel eg eigi fært að fara, hvorki þegar litið er á jörðina út af fyrir sig, né heldur í samanburði við Möðruvelli í Hörgárdal.

Eg sé enga ástæðu til þess að gefa ekki kost á Reykhúsum til kaups; það eru ekki líkindi til að þá jörð muni þurfa að nota í opinberar þarfir. Þar eru að vísu heitar laugar, og jörðin fyrir það dável fallin til jarðeplaræktar, en það eru líka einu hlunnindin við hana, hún að öðru leyti kosta lítil. Eg álít því, að 1050 kr. sé fullnóg verð fyrir hana, en eg sé að háttv. nefnd

vill gefa hana fala fyrir 1100 kr., og um þessar 50 kr. má segja, að þær geri ekki mikið, hvorki til né frá.

Þá skal eg minnast á Munaðarhól. Við síðustu umræðu var samþ., að selja þá jörð fyrir 2800 kr., en nú er komin fram breyt.till. um að selja hana fyrir 3500 kr., og er það tiltölulega miklu meiri hækkun frá mati sýslunefndar en með hinar jarðirnar; aftur á móti höfum vér komið fram með þá breyt.till., að söluverðið skuli vera 3200 kr., og mun það fullhátt verð, miðað við eftirgjaldið og sveitina, sem jörðin liggur í. Það upplýstist við síðustu umræðu, að Grund í Svarðardal væri óhæfilega hátt sett á 3200 kr., meðal annars af því, að hún lægi undir skemdum; vér höfum því komið með tillögu um að lækka hana ofan í 3000 kr., og er það þó sjálfsagt í allra hæsta lagi.

Um Möðruvelli í Hörgárdal er það að segja, að ef á annað borð á að selja þá, þá tel eg það í sjálfu sér minstu varða, hvort þeir eru seldir 1000 kr. meira eða minna, að öðru leyti en því, að eg tel það ekki rétt, að sprengja svo upp, að frágangssök verði fyrir hinn núverandi ábúanda þeirra að kaupa þá; hann hefir setið jörðina með sæmd og prýði, og þegar bætt hana stórum, og er hann manna líklegastur til að gjöra það þó enn meir, ef hann verður eigandi hennar. Það sem mér þykir mest um vert, er það, að landssjóði sé trygður forkaupsréttur að jörðinni, ef hún gengur úr eign núverandi ábúanda, og fyrst svo er gert, þá sé eg ekki ástæðu fyrir, að setja sig móti sölu hennar.

Hermann Jónasson: Eg hefi leyft mér að koma fram með breyt.till. viðvíkjandi jörðinni Ægissíðu í Húnavatnssýslu, sem samþykt var við síðustu umræðu með miklum atkvæðafjölda, að selja með því verði, sem sýslunefnd setti á hana, og sem mun hafa verið nægilega hátt. Nú hefir þjóðjarðasölunefndin komið fram með þá breyt.till., að hækka verð jarðarinnar um 200 kr. Eg játa það með nefndinni, að þessi hækkun hefir ekki við ósennileg rök að styðjast, þegar litið er á eftirgjaldið; en hins vegar verður h. nefnd að játa, eftir upplýsingum þeim, sem fram eru komnar, að eftirgjald þetta er ósanngjarnlega hátt, enda gerir hún það að nokkru leyti, með því að háttv. framsm. hefir lýst því yfir, að nefndin mundi hallast að breyt.till. á þskj. 263.

Eg skoða það svo, að ef þjóðjarðir eru seldar á annað borð, þá eigi ekki að okra á þeim. Hitt getur verið mikið álitamál, hvort það sé yfir höfuð rétt, að landssjóðsjarðirnar séu seldar, en hinu verð eg að halda föstu, að eigi sé rétt að selja þær sem seldar eru, fyrir hærra verð en samsvarandi jarðir ganga kaupum og sölum í héraðinu, en að jarðamatið sé alls eigi réttur mælikvarði til að miða verðið við. Eins og vér vitum, er mat þetta fullra 40 ára, og hefir margt breyzt á þeim tíma, auk þess sem töluverð missmíði þóttu á matinu þegar í upphafi.

En þótt eg sé þessarar skoðunar, að eigi sæmi að bjóða þjóðjarðir fram fyrir ósæmilega hátt verð, þá er eg hins vegar á því, að sumar þjóðjarðirnar eigum vér alls eigi að selja, og skal eg nefna af þeim, sem nú hefir verið gefinn kostur á, og eigi er þegar búið að fella úr frumv., jarðirnar Munaðarhól og Möðruvelli.

Eg er á sama máli sem h. frmsm. (Ól. Br.), að óheppilegt sé að selja þær jarðir, sem líklegt sé að bygð muni aukast á, því að eg er á því, að landssjóður muni reynast betri lánardrottinn smábændum og þurrabúðarmönnum, en hver einstakur jarðeigandi. (*Lárus H.*

Bjarnason: Því leggur h. þm. þá til, að Ægisiða sé seld?). Eg þarf ekki að taka það fram, hve nauðalítil líkindi eru til þess, að þar muni nokkru sinni aukast bygð eða koma upp sveitaþorp, meðal annars af því, að jörðin liggur afskekt eða á útkjálka. Það eru miklu meiri líkindi til, að þessi stóri og fólksfreki jarðarskrokkur muni leggjast í eyði.

ATKV.GR.: 1. br.till. á þskj. 249 sþ. með 12 : 5 atkv.

2. breyt.till. á þskj. 249 samþ. með 14 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei*:
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Bjarnarson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Jóhannes Ólafsson,
Einar Þórðarson,	Magnús Stephensen,
Guðl. Guðmundsson,	Ólafur Thorlacius,
Hannes Hafstein,	Pétur Jónsson,
Hannes Þorsteinss.,	Tr. Gunnarsson.
Jóh. Jóhannesson,	
Lárus H. Bjarnas.	
Magnús Andrésson,	
Ólafur Briem,	
Skúli Thoroddsen,	
Þórh. Bjarnarson.	

Hermann Jónasson greiddi ekki atkvæði, og telst með meiri hlutanum.

Stefán Stefánsson greiddi eigi heldur atkvæði, og var afsökun hans tekin gild.

1. breyt.till. á þskj. 264 samþ. með 15 : 4 atkv.

2. breyt.till. á þskj. 264 samþ. með 16 : 1 atkv.

3. breyt.till. á þskj. 249 með áorðinni breytingu samþ. með 13 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Björn Bjarnarson,
Eggert Pálsson,	Herm. Jónasson,
Einar Þórðarson,	Magnús Stephensen,
Guðl. Guðmundss.,	Ólafur Briem,
Hannes Hafstein,	Ólafur Thorlacius,
Hannes Þorsteinss.,	Pétur Jónsson,
Jóh. Jóhannesson,	Skúli Thoroddsen,
Jóhannes Ólafsson,	Tryggvi Gunnarss.
Lárus H. Bjarnason,	
Magnús Andrésson,	
Stefán Stefánsson,	
Þórh. Bjarnarson.	

4. breyt.till. á þskj. 249 samþ. með 13 : 5 atkv.

1. breyt.till. á þskj. 263 feld með 12 : 9 atkv.

1. breyt.till. á þskj. 233 samþ. með 13 : 1 atkv.

5. breyt.till. á þskjali 249, þar með fallin.

Breyt.till. á þskj. 275 við 2. breyt.till. á 263 feld með 13 : 6 atkv.

2. breyt.till. á þskj. 263 samþ. með 17 samhlj. atkv.

Frv. með áorðnum breytingum samþ. með 15 : 7 atkv., og verður sent efri deild.

Einumr. 25. ágúst (C. bls. 774, n. 779.).

Framsögumaður (Ólafur Briem): Nefndin hefir leyft sér að koma fram með breyt.till. við frumv, sem fara í þá átt, að taka upp aftur flestar þær jarðir, sem h. Ed. hefir felt burt úr því. Og ástæðan til þess, að nefndin hefir komið með þessar breyt.till., er sú, að æfinlega, þegar þetta mál hefir verið til meðferðar á þinginu, þá hafa ekki verið farnir nema tveir vegir, annaðhvort að neita alveg, þegar sú stefna hefir orðið ofan á, eða þá að gefa kost á þeim jörðum, sem um hefir verið sótt, undantekningarlaust, nema þar sem sérstakar ástæður hafa verið á móti. — Í frumv., eins og það kemur frá h. Ed., eru að eins 5 jarðir eftir standandi, en 10 hefir verið slept. Nefndin viður-

kennir, að það séu sérstakar ástæður til, að selja ekki tvær af jörðum þessum, sem sé Böggversstaði og Munaðarhól; en að því er allar hinar snertir, fær hún með engu móti séð, að nokkur ástæða sé á móti sölu þeirra jarða fremur en hinna, sem háttv. Ed. hefir látið standa. Nefndin getur ekki skilið, að það sé rétt, að láta nokkurt manngreinarálit koma fram í máli þessu, nema ef ábúendurnir hefðu einhverjir setið jarðir sínar sérstaklega vel og lengi. — Nefndin kannast við, að ábúendur þeirra jarða, sem í frumv. eru nefndir, hafi setið jarðir sínar með heiðri og sóma; en að því er hinar jarðirnar snertir, er á breyt.till. standa, má segja slíkt hið sama, svo að frá þeirri hlið er ekkert á móti sölu þeirra.

Það vill nú svo óheppilega til, að afleiðingin af því, ef breyt.till. verður samþykt, er sú, að málið verður ekki útrætt á þessu þingi; og játa eg, að það er mikið mein; en eg fæ þó ekki séð, að það verði lögð sú merking í það, að þingið hafi verið á móti sölu þjóðjarða yfir höfuð, úr því að báðar deildir hafa samþykt sölu á nokkrum jörðum, og eigi get eg heldur eða nefndin séð, að það ríði svo mikið á að þessar jarðir, sem samþyktar hafa verið, verði seldar einmitt nú en ekki að 2 árum liðnum.

Lárus H. Bjarnason: Þegar frumv. þetta fór héðan frá deildinni, var með því gefinn kostur á sölu 15 jarða; en af þeim hefir háttv. Ed. felt burtu 10. Þar á meðal Munaðarhól. — Eg vona nú, að háttv. þingdeildarmenn greiði eins atkvæði eins og þeir gerðu fyrir nokkrum dögum, og það hið sama mun eg gera. En þó breyt.-till. nefndarinnar falli, mun eg samt greiða atkvæði með frumv.; því að eg vil helzt að allar þjóðjarðir séu seldar, og þá auðvitað næst helzt, að svo margar séu seldar, sem menn geta komið sér saman um.

Þórhallur Bjarnarson: Eg kannast við, að það er ekki ástæða til að fella 10 jarðir burt, en halda hinum 5; það er ekki jöfnuður. En sá ójöfnuður verður hæglega bættur á næsta þingi; hitt aftur á móti ekki, að ábúendur þessara 5 jarða hljóta að bíða eftir því, að fá jarðirnar keyptar, og sérstaklega verður það ekki bætt, ef úrslit málsins nú skyldu verða til að stemma stigu fyrir þeirri stefnubreyting, sem á er að komast, að því er snertir sölu þjóðjarða.

Háttv. framsögum. (Ó. Br.) kannaðist við, að afleiðingin af að samþykkja breyt.till. nefndarinnar væri sú, að málið yrði ekki útrætt á þessu þingi; það er áreiðanlegt, og vér vitum vel, hvernig stendur á því, nefnilega, að nefndin í háttv. Ed. lá með málið í 17 daga, frá því hún var skipuð og til þess er hún lagði fram nefndarálitið, sem þó væntanlega hefir náð því, að vera í 17 línum.

Það er ekki áhugamál fyrir mér, að jarðirnar séu seldar við of lágu verði, heldur hitt, að þær séu seldar með góðum kjörum, að því er afborganir snertir -- fáist keyptar og það aðgengilega. Eg vildi að allir hefðu eins næma tilfinningu fyrir því, sem eg, hvað það hefir að segja, að meina ábúanda að fá jörð sína keypta. Þeir, sem eiga land, stunda land, rækta land, hafa af því ánægju eigi all litla, og ekki sízt þá, að eiga bundnar við jörð sína þær vonir, sem þeir gera sér um landið í heild sinni. Það, sem þeim tekst að framleiða þar, hlýtur að mega framleiða annarsstaðar. Eg segi fyrir mig, að mér mundi falla það ákaflega sárt, ef eg væri leiguliði, og byðist til að borga eigandanum það verð fyrir jörðina, að hann fengi mun hærri vexti

af kaupverðinu, heldur en afgjaldinu næmi, en mér væri samt neitað, og það er nú einmitt verið að gera hér á þinginu.

Til þess að fá það skýrt viðurkent, að alþingi sé ekki lengur á móti þjóðjarðasölunni yfir höfuð, legg eg áherzlu á og vona fastlega, að frumv. háttv. Ed. verði samþykt óbreytt.

Árni Jónsson: Eg get ekki lagt eins mikla áherzlu eins og háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) á þýðingu þá, sem það hafi fyrir ábúandann, hvort hann á jörðina eða ekki. Það er eins og vér vitum, að það getur víða ekki átt sér stað, að ábúandinn sitji á sjálfseign; og þarf ekki annað en minna á prestsetrin.

Háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) hefir sjálfur alist upp á einum slíkum stað, og ætla eg, að hann muni bera hlýjan hug til hans; og svo mun vera um fleiri, að þeir munu bera hlýjan hug til þess staðar, þar sem þeir hafa alist upp, og hafa vilja á, að leggja rækt við hann, honum til gagns og góða, þótt þeir eigi hann ekki.

Hið sama sýna einnig breytingar þær, sem hafa átt sér stað í seinni tíð; menn hafa engu síður flutt í aðrar sveitir eða af landi frá sjálfseignarjörðum eða öðrum jörðum.

Að öðru leyti hefir verið rætt svo mikið um þetta mál, þegar það var hér áður fyrir deildinni, að ekki virðist ástæða til að ræða það meira að þessu sinni.

En eg vildi taka fram, að eg get ekki sannfærst um, að sjálfsábúðin, út af fyrir sig, sé eins þýðingarmikil og margir halda fram.

ATKV.GR: 1. breyt.till. á þskj. 619 sþ. með 13 samhlj. atkv.

2. breyt.till. á þskj. 619 samþ. með 13 samhlj. atkv.

3. breyt.till. á þskj. 619 samþ. með 12 samhlj. atkv.

4. breyt.till. á þskj. 619 samþ. með 12 samhlj. atkv.

5. breyt.till. á þskj. 619 samþ. með 12 samhlj. atkv.

6. breyt.till. á þskj. 619 samþ. með 12 samhlj. atkv.

7. breyt.till. á þskj. 619 samþ. með 12 samhlj. atkv.

8. breyt.till. á þskj. 619 samþ. með 12 samhlj. atkv.

Breyt.till. á þskj. 632 við 619 samþ. með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Árni Jónsson,
Einar Þórðarson,	Jón Magnússon,
Guðl. Guðmundss.,	Björn Bjarnarson,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson,
Hannes Þorsteinss.,	Jóh. Jóhannesson,
Herm. Jónasson,	Magnús Stephensen,
Jóhannes Olafsson,	Ólafur Briem,
Lárus H. Bjarnas.	Olafur Thorlacius,
Magnús Andrésson,	Pétur Jónsson,
Ólafur Ólafsson,	Skúli Thoroddsen,
Stefán Stefánsson,	Tr. Gunnarsson,
	Þórh. Bjarnarson.

Frumv. í heild sinni með áorðnum breytingum samþykt með 18 samhlj. atkvæðum, og verður á ný afgreitt til Ed.

Skipun hinnar æðstu umboðsstjórnar,

FRUMVARP til laga um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands; 1. umr. 4. júlí. (C. bls. 115, stj.frv.).

Landshöfðingi: Eg býst við, að engum blandist hugur um að þetta frv., sem hér er lagt fyrir hv. d., sé eitt af hinum allra þýðingarmestu frv., sem

fyrir þing eru lögð, næst á eftir stjórnarskránni, því að í því er skipað fyrir, hvernig hinni æðstu stjórn landsins skuli hagað undir hinu nýja stjórnarfyrirkomulagi. Það er gerð allítarleg grein fyrir því, hvernig stjórnin hugsar sér hina nýju tilhögun, bæði í frv. og ástæðunum, sem því fylgja, og sleppi eg því að útlista það hér. Að eins skal eg leyfa mér að þessu sinni að fara fám orðum um fjárspursmálið. Það er gert ráð fyrir að ráðgjafinn hafi svipuð laun og landshöfðingi nú, og auk þess sé honum lagður til leigulaus bústaður, því að eigi verður það heimtað af hverjum ráðgjafa sem er, að hann eigi bústað þann, er stöðu hans sæmir, eða geti útvegað sér hann, því að þess er að gæta, að hann verður oftlega að taka á móti útlendum höfðingjum og yfir höfuð koma hér í stað (representera) konungs. Þess er getið í ástæðunum fyrir frv., að lagt muni verða fyrir þingið kostnaðaráætlun og uppdráttur af hinum fyrirhugaða ráðgjafabústað. Eg hefi enn ekki getað fengið þetta, en vona að það komi innan skamms, og þá mun eg afhenda það nefnd þeirri, er væntanlega verður skipuð í málið. Það er ætlast til í frv., að ráðgjafinn fái 2000 kr. á ári til risnu, en ekkert er minst á það, hvort hann eigi einnig að halda risnufé því, sem landshöfðingja er ætlað þau ár, er þing kemur saman. Eg vona að hv. nefnd taki það atriði til íhugunar.

Laun þau, sem landritaranum og skrifstofustjórunum eru ætluð, kunna í fljótu bragði að virðast nokkuð há, en við vandlegri íhugun vona eg að hv. deild muni komast að þeirri niðurstöðu, að svo sé eigi í raun og veru, því að meining stjórnarinnar er sú, að þeir hafi svo mikið að starfa, að þeir verði að gefa sig alla við embættisstörfum sínum, og hafi engan tíma til að fást við önnur störf. Hingað til hafa sum embætti verið svo lágt launuð, að embættismennirnir hafa orðið að gefa sig við fleiru en embætti sínu, en það er óheppilegt að svo skuli þurfa að vera. Það er áríðandi að embættin séu svo vel launuð, að þeir, sem í þau eru skipaðir, geti unnið af alhug og með ánægju að embættisstörfunum. Eg skal svo ekki fjölyrða um málið að þessu sinni, því að eg vænti, að nefnd muni verða skipuð í það, en fús er eg að gefa nefnd þessari hverjar þær upplýsingar, er hún óskar eftir og eg get veitt.

Lárus H. Bjarnason: Eg stend upp nánast sem aðalframsögumaður stjórnarskrárnefndarinnar hér í deildinni í fyrra, að færa stjórninni verðugar þakkir fyrir það, hve liðlega hún yfirleitt hefir tekið í bendingar nefndarinnar.

Stjórnin fer eigi að eins fram á, að lögð verði niður þau embætti, sem neðrideildarnefndin í fyrra lagði til að yrðu lögð niður, heldur fer hún jafnvel feti framar, þar sem farið er fram á það í frv., að endurskoðunarsýslanin verði lögð niður. Það hefir nú að vísu ekki mikla þýðingu, með því að í hennar stað þarf að stofnsetja endurskoðunarskrifstofu í ráðaneytinu, en sýnir þó, að stjórnin er ekki hrædd við breytingar. Að öðru leyti má segja að bendingar nefndarinnar séu þræddar, því að það er ranghermt í athugasemdum stjórnarinnar við frv., að neðrideildarnefndin hafi verið mótfallin því, að amtmannaembættin væru þegar í stað lögð niður. Það var efrideildarnefndin, sem var því mótfallin. Neðrideildarnefndin lagði þvert á móti til, að þau yrðu lögð niður sem bráðast.

Það er altaf álitamál, hve hátt skuli

launa hin og þessi embætti. Það kann að vera, að sumum þyki laun nýju stjórnarembættismannanna fullhá, en eg verð að segja, að þau eru svo hófleg, sem eg gat búist við af stjórninni, enda þótt því skuli eigi neitað, að hægt muni vera að gera þau enn aðgengilegri fyrir þjóðina.

Þá verð eg sérstaklega að lýsa gleði minni yfir því, að stjórnin hefir fallist á bendingu nefndarinnar um það, að komast megi af með lítils háttar afgreiðslustofu í Kaupmannahöfn, sem á að lúta beint undir stjórnarskrifstofuna í Reykjavík. Það sýnir, að stjórnin ætlast engu síður en þingið til þess, að þungamiðja nýju stjórnarinnar eigi að vera í Reykjavík, og ætti þetta að vera góð bending til þeirra manna, sem óttast, eða þykjast óttast, að stjórnin vilji mýla oss með heimastjórnarfrv. frá 1902.

Eg hefi þá talið kosti stjórnarfrv. og vík þá að ókostunum, sem eg tel vera á frv.

Eg er stjórninni sammála um að leggja megi þau embætti niður, sem nefnd eru í frv., en eg vil leggja fleiri embætti niður. Þetta land er svo útbúið af náttúrunnar hendi, það er svo víðáttumikið og svo strjálbygt, að það útheimtir hlutfallslega líklega fleiri embættismenn en nokkurt annað land, en einmitt þess vegna er hin ríkasta hvöt til þess að halda ekki í ónauðsynleg embætti. Vér eigum að minsta kosti eitt slíkt embætti og það meira að segja hálaunað embætti.

Eg á við biskupsembættið. Það kostar oss árlega, að skrifstofukostnaði meðtöldum, 8000 kr. og kostar framvegis 7000 kr., lifi það hinn núlifandi biskup, Hins vegar er mér ekki kunnugt um, að biskupinn hafi nokkurt það verk á hendi, er ekki mætti fela öðrum embættismönnum, annaðhvort án kostnaðarauka eða að minsta kosti án mikils kostnaðar.

Þegar tímar líða fram, og alþýða mentast betur, mundi og vafalaust verða hægt að fela ólögfróðum mönnum sum verk sýslumanna, en það mundi aftur leiða til þess, að fækka mætti þeim.

Í öðru lagi finn eg það að frv., að ráðherranum eru ætluð eftirlaun, en það var við því að búast, úr því að honum voru ætluð eftirlaun í stjórnarskrárfrv. Hins vegar er það nokkur bót í máli, að ætlast er til, að eftirlaun ráðherrans fari eftir almennu eftirlaunalögunum. Ráðherraeftirlaunin eru víða látin vera helmingur launanna, hvort sem maðurinn situr lengi í embættinu eða skamt, og verða, þar sem svo á stendur, venjulega miklu hærri en þau myndu hafa orðið eftir almennum eftirlaunareglum. Því er bót að því, að þau skuli reikna sem annara embættismanna eftirlaun, en sá galli er aftur á, að konungi er í frv. veitt vald til að fara fram úr venjulegum eftirlaunum, og með því er opnuð snuga til að hækka þau, fái það ákvæði að standa.

En þriðji og mesti gallinn á frv. er sá, að það virðist alt lúta að því, að hlaða sem mestu valdi niður á stjórnarstofunni, og það tel eg stóran agnúa margra hluta vegna.

Þetta land er allra landa verst fallið fyrir valdasamdrátt (Centralisation). Það gerir víðátta landsins og strjálbygð. Það er óhæfilega umfangsmikið og útdráttarsamt að þurfa að sækja til Reykjavíkur utan af yztu landshornum lof og leyfi til nálega hvers smáræðis.

Það á illa við lunderni þjóðarinnar, að bæla hana undir oft og einatt smámunasamt embættiseftirlit.

Og seinast en ekki síst heftir slíkt fyrirkomulag framför og þroska þjóðarinnar, þar sem á hinn bóginn ekkert framar þjóðina betur en hófleg sjálf-

stjórn. Það má að vísu búast við, að þjóðin sæki sig aftur á fyrst í stað, alveg eins og hætt er við að það barnið, sem höndunum er snemma slept af, detti oftar en hitt, sem lengi er leitt, en þjóðin lærir líka fyrir bragðið fyr en ella, að standa á eigin fótum. Göngustóllinn er með réttu genginn úr móð.

Loks tel eg þann fjórða galla á frv., að stjórninni er ætlað að gera út um það einni, hvernig fara skuli með verk þeirra embætta, er lögð verða niður. Eg gæti vel skilið, að þingið vildi eiga atkvæði um það að einhverju leyti.

Það má vel vera, að fleiri séu kostir og ókostir í frv., en bæði er málið nú til fyrstu umræðu og því óheimilt að fara út í einstök atriði og svo býst eg við, að sett verði nefnd í það, og skal eg því ljúka máli mínu, um leið og eg tek það upp aftur, að það er allrar virðingar vert, hve óeigingjarna og víðast hvar heppilega viðleitni stjórnin hefir sýnt af sér með frv., til þess að sníða stjórnarstakkinn eftir vexti þjóðarinnar.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

7 manna nefnd sþ. í e. hlj.

Að viðhafðri hlutfallskosningu voru þessir kosnir í nefndina:

Ólafur Ólafsson,
Skúli Thoroddsen,
Jón Magnússon,
Hannes Hafstein,
Björn Kristjánsson,
Lárus H. Bjarnason,
Jóhannes Ólafsson.

Önnur umr. 24. júlí (C. bls., n., 304; 307, 330).

Framsögumaður (Hannes Hafstein): Skoðun nefndarinnar á þessu máli er allgreinilega tekin fram í nefndarálitinu á þgskj. 151, og álít eg því ekki ástæðu til að fara út í einstök atriði, sem þar eru rökstudd, áður en mótmæli eru hafin gegn þeim. Nefndin hefir aðhylst stjórnarfrumv. í öllum verulegum atriðum, eftir að hafa rætt það og athugað vandlega, með það mark fyrir augum, að leggja alla stund á, að hafa fyrirkomið sem ódýrast og sem einfaldast.

Það var ekki af fordild, að vér óskuðum að fá stjórn vora inn í landið, og það var ekki af því, að vér vissum ekki hvað vér ættum að gera með peninga vora, að vér kröfðumst þess, að hin æðsta landsstjórn væri launuð af landssjóði, heldur var hvorttveggja af nauðsyn sprottið, til að fullnægja þjóðréttindakröfum vorum og þjóðernistilfinningunni. Eins rangt eins og það er, að sýta yfir því, þótt einhver aukinn kostnaður verði við hið nýja stjórnarfyrirkomulag, eins ástæðulaust væri að berast mikið á, eða kosta miklu til viðhafnar, þótt vér höfum fengið þessum réttarkröfum vorum framgengt. — Jafnvel þótt nefndin viðurkenni, að stjórnin hefir farið hóflega í kostnaðinn, hefir hún þó lagt það til, að lækkuð séu laun ráðgjafans, landritarans og aðstoðarmannanna frá því, sem var í stjórnarfrumv. Líka leggur hún það til, að frestað sé að byggja embættisbústað handa ráðherranum; hún áleit það ekki aðalatriðið að koma upp þegar dýrðlegri ráðherrahöll, því að hún óskaði þess, að ráðherrann gerði landið fremur frægt með öðru en viðhöfn og veizluhöldum. En þótt nefndin hafi komist að þeirri niðurstöðu, að fresta byggingu ráðherrahallarinnar, þá hefir hún þó aðhylst þá skoðun stjórnarinnar, að eigi muni verða til langframa komist hjá því, að byggja ráðherranum embættisbústað. Það hagar hér

svo til, að varla er gerandi ráð fyrir, að ráðherrann eigi jafnan kost á leigubústað, er hæfur sé til að taka á móti gestum þeim, sérstaklega útlendum, er ráðherrann heimsækja, eða samboðinn sóma landsins. Því gerir nefndin ráð fyrir, að ráðherrabústaður muni verða bygður síðar meir, þegar hægra er um fé en nú, og málið betur undirbúið. Það vakir nefnilega fyrir nefndinni, að hyggilegra sé að byggja úr endingarbetra efni en tré, úr steini eða steinsteypu, en nú sem stendur eru engar áætlanir fyrir hendi um slíka byggingu.

Þá skal eg minnast á eftirlaun ráðherrans. Eins og vér vitum, þá hefir spurningin um það, hvort ráðherrann ætti að hafa eftirlaun eða ekki, verið talsvert brennandi hjá þjóðinni, og skoðanir um það verið nokkuð skiftar. Eftir ákvæðum stjórnarskrárfrumv. er ekki hægt að komast hjá því, að veita ráðherranum eftirlaun, svo að spurningin verður um það eitt, hve há þessi eftirlaun eigi að vera. I stjórnarfrv. eru eftirlaun ráðherrans ákveðin samkvæmt eftirlaunalögum þeim, er gilda í konungsríkinu, frá 24. febr. 1858, þó þannig, að konungi skuli heimilt að hækka þau, þó eigi meira en svo, að eigi nemi þau meiru en eftirlaun geta hæst verið samkvæmt hinum almennu eftirlaunalögum; en eftir þeim gætu eftirlaunin orðið alt að 3000 rd. eða 6000 kr. Þetta þótti nefndinni of hátt, einkum er hún hafði fært laun ráðherrans niður, og hefir hún því lagt það til, að konungur geti eigi hækkað þau meira en upp í 4000 kr.; yrðu eftirlaunin þá helmingur launanna, og er það hlutfallslega eins og í Danmörku, þar sem ráðherrarnir hafa í laun 12,000 kr. en fá venjulega 6000 kr. í eftirlaun. Eg sé að komin er fram breyt.till. á þskj. 176, um að eftirlaunin skuli eigi vera hærri en 3000 kr., og mun nefndin ekki gera það atriði að kappsmáli. Það getur að vísu verið álitamál, hvort ekki sé rétt, þingræðisins vegna, að hafa einmitt þessi eftirlaun tiltölulega há, svo að fjárspursmálið verði síður hvöt fyrir ráðherrann til að reyna að halda í embættið til lengstra laga, og jafnvel móti vilja þings og þjóðar. En hins vegar verður að ganga út frá því, að þingið hafi ráð til þess að losna við ógeðfeldan ráðherra, hvort sem honum er ljúft eða leitt, og verður hver að ráða áliti sínu um þetta atriði. Nefndin felst á þann tilgang breyt.till., að spara útgjöld til eftirlauna að föngum, og er því ekki tillögunni mótfallin.

Eins og sést á nefndarálitinu, þá hefir nefndin í flestum greinum fallist á tillögur landsh., um skiftinguna á störfum amtmannanna og stiftsyfirvaldanna milli stjórnarráðsins og annara stjórnarvalda; hún álítur, að að því eigi að stefna, að dreifa, eins mikið og unt er, valdinu, sérstaklega í sveitarstjórnar- og héraðsmálum, án þess að raska þeirri heild og einingu, sem verður að vera á fyrirkomulagi og framkvæmd valdsins. Þetta kemur að vísu ekki svo mjög fram í þessu tilfelli, þar sem að eins er að ræða um hina æðstu umboðsstjórn, en þetta princip ætti að hafa fyrir augum sérstaklega þá, er farið verður að aðskilja hið óæðra umboðsvald frá dómsvaldinu, en það hygg eg að innan skamms muni komast á dagskrá þjóðar og þings.

Eg finn ekki ástæðu til að telja upp það, er nefndin álítur að fela megi sýslumönnum og bæjarfógetum af störfum amtmanna og stiftsyfirvalda, fram yfir það, sem landsh. leggur til; það sést í nefndarálitinu. Þó skal eg geta þess, að eg hefi orðið var við, að sumum muni þykja það varahugavert, að

leggja undir héraðsdómara, að úrskurða sektir samkvæmt 300. gr. hinna almennu hegningarlaga. En eg get ekki séð, að það sé að neinu leyti varhugaverðara en að fela þeim það vald, sem þeir hafa í almennum lögreglumálum, til þess að ákveða sektir eða taka sektarframboðum, og láta þar með málsóknir niður falla.

Vér höfum tekið það fram í nefndarálitinu, að laun skrifstofustjórans í Kaupmannahöfn muni ákveðin heldur lág af stjórninni. Það sem fyrir nefndinni vakti var það, að skrifstofa þessi ætti að vísu að vera algerlega undir stjórnarráðinu hér, og ráðherranum háð, og að skrifstofustjórinn ætti ekki að hafa konunglega veitingu fyrir starfa sínum; en þó duldist oss það eigi, að á þeirri skrifstofu mundu ýms áríðandi störf hvíla, er þyrftu að vera leyst af hendi vel og vandlega. Vér hugsuðum oss, að skrifstofustjórinn yrði að geta verið trúnaðarmaður ráðherrans, að því er ýmsar framkvæmdir snertir og ýmsar upplýsingar, er hann gæti útvegað honum. Ráðgjafinn mundi senda skrifstofu þessari ýms skjöl, contrasigneruð hér heima, til að koma þeim á framfæri og fá undirskrift konungs undir þau, o. s. frv. Starf skrifstofustjórans mundi því verða bæði áríðandi og vandamikið, og afar mikilsvarðandi að í það fáist vel hæfir kunnugir og valinkunnir menn. Nefndin áleit, að ekki væri næg trygging fyrir því, að maður, sem væri öllum þeim hæfileikum búinn, sem staðan útheimtir, gæti fengist í Kaupmannahöfn fyrir 2400 kr. laun, nema alveg sérstaklega stæði á. Að öðru leyti álítum vér stefnu stjórnarinnar alveg rétta, að því er skrifstofu þessa snertir, og höfum að eins lauslega bent á það, hvort launin mundu ekki vera of lágt sett.

Einn nefndarmanna hefir gert ágreining út af þessu atriði, en um það mun eg ekkert segja að sinni, geri ráð fyrir, að hann muni gera grein fyrir skoðan sinni; að eins skal eg geta þess, að ágreiningsatkvæðið er nú nokkuð öðruvísi orðað, en þegar það fór í prentsmiðjuna. Annað er og við ágreiningsatkvæði þetta að athuga. Eg hefi alt af álitið, að nefndirnar væru til þess settar, að láta þingdeildinni í té sitt eigið álit á málunum, en ekki til þess að láta uppi álit þingsins fyrirfram. En hér sé eg að út af þessu er brugðið, þar sem því er lýst yfir, hvað *þingið* áliti um þetta atriði, og má vera, að með þessu þyki vilji þingsins nægilega til kynna gefinn. Eg leyfi mér þó fyrst um sinn að vera á annari skoðun um það, hversu þingið mundi taka í þetta atriði, ef um það væri atkvæða leitað. En það liggur ekki fyrir, og skal eg því ekki fara frekar út í þetta, enda er langt frá því, að hér sé um nokkurt kappsmál að ræða.

Landshöfðingi: Eg get verið ánægður með undirtektir háttv. nefndar undir þetta mál. Uppástungur hennar um breytingar á frv. eru hvorki margar né miklar, og ganga allar í sparnaðaráttina; þeim tilgangi er eg samþykkur. Um eiginlegar efnisbreytingar er eigi að ræða.

Að því er snertir þá tillögu nefndarinnar, að færa laun ráðherrans úr 9000 kr. niður í 8000 kr., þá finst mér honum eigi ætluð eins glæsileg kjör, sem búast hefði mátt við. Laun hans verða á þann hátt jafnvel minni en hins núverandi landshöfðingja, þegar öll kurl koma til grafar, eins og líka nefndin virðist vikja að í áliti sínu.

Sama er að segja um niðurfærsluna á launum landritarans úr 6000 kr. niður í 5000 kr. Það er vandasöm staða, er vel ætti að launa. En hver hefir

auðvitað sinn smekk í því efni. Enda get eg ekki ímyndað mér, að stjórnin hafi neitt við það að athuga.

Að því er eftirlaunum ráðherrans við kemur, þá er það að minsta kosti ekki rétt, að færa þau meira niður en nefndin hefir gert, og það af ýmsum ástæðum. Fyrst og fremst getur þá verið freisting fyrir ráðherrann að halda lengur í embættið en þinginu væri ljúft. Enn fremur miða lág eftirlaun til að fæla færustu mennina frá að gefa kost á sér í embættið. Því að hugsast gætu menn, er ekki vildu yfirgefa góða stöðu, er þeir ættu eigi von á eftirlaunum eða þeim litlum. Er það mjög þýðingarmikið atriði, að hæfir menn séu ekki fældir frá ráðherrastöðunni.

Að byggja eigi bústað handa ráðherranum geri eg ráð fyrir sem sjálfsögðu, enda heyrðist mér á háttv. frmsm. að nefndin ætlaðist svo til, en þó ekki á þessu fjárhagstímabili. Eg hafði hugsað mér, að fé því, er kemur inn fyrir Arnarhól, yrði varið til embættisbústaðar fyrir ráðherrann, og að þess vegna þyrfti eigi að draga að reisa bygginguna. Hús, er honum sæmdi að búa í, er naumast fáanlegt hér í Reykjavík.

Í því er eg öldungis samdóma nefndinni, að 2400 kr. laun séu óhæfilega lág fyrir forstöðumann skrifstofunnar í Kaupmannahöfn. Minni en 4000 kr. mega þau naumast vera, því að nauðsynlegt er að fá duglegan mann í það embætti, og þarf hann að geta haldið sig til jafns við aðra skrifstofustjóra. En reyndar hefir litla þýðingu að tala um það hér; þess er getið í frv., að það sé alt komið undir hinum væntanlega ráðherra, hvernig skrifstofu þessari skuli hagað, og hversu forstöðumaður hennar er launaður. Skoðun þingsins eða einstakra þingmanna um það efni stendur því á litlu.

Hefi eg svo ekki fleira að athuga að sinni, en óska frumv. með breytingum nefndarinnar góðs framgangs.

Jóhannes Jóhannesson: Eg hefi leyft mér, ásamt samþingismanni mínum, að koma fram með brt. á þingskj. 176, þess efnis, að hámark eftirlauna þeirra, er konungur má ákveða ráðherranum, sé sett 3000 kr. í stað 6000 kr., eins og frv. fer fram á, eða 4000 kr., eins og háttv. nefnd hefir stungið upp á. Vil eg því í stuttu máli leitast við að færa ástæður fyrir þessari breytingartillögu.

Það, sem aðallega vakti fyrir okkur, var sparnaðarhugmyndin, bygð á þekkingunni á hinum bágbornu ástæðum landsmanna og þeirri niðurlægingu, sem atvinnuvegir landsins eru í, og þar af leiðandi sannfæringu um, að spara verður hver þau útgjöld úr landssjóði, sem eigi verða talin bráðnauðsynleg, þar til búið er að koma atvinnuvegunum í betra horf. Sumir kunna nú að segja, að hér sé ekki um mikla fjárupphæð að ræða, að eins 1000 kr. meira mundi sparast á ári, en eftir uppástungu nefndarinnar. En 1000 kr. eru líka peningar, enda getur upphæðin vel orðið meiri, því vel má svo fara, að við höfum fleiri en einn ráðgjafa á eftirlaunum í einu.

Önnur ástæða, er vakti fyrir okkur, var sú, að ef hámarkið er sett 3000 kr., kemst meira samræmi á eftirlaunalöggjöfina. Fyrir þinginu liggur, og hefir þegar verið samþykt í Ed., og mun eflaust verða samþykt hér, frv. til laga um breyting á núgildandi eftirlaunalögum. Í þessum nýju eftirlaunalögum er upphæð eftirlaunanna reiknuð þannig, að sá, er fengið hefir lausn frá embætti, fái í eftirlaun 1/4 þeirrar embættislaunaupphæðar, er hann hafði þegar hann fekk lausn, og auk þess 20 kr. fyrir hvert ár, sem

hann hefir þjónað embætti með eftirlaunarétti, alt að 35 þjónustuárum. Með öðrum orðum, eftirlaunin eru lækkuð að miklum mun frá því er þau eru, samkvæmt núgildandi lögum. En við þau virðist tillaga nefndarinnar miðuð. Hún lítur svo á, að sé hámarkið fyrir eftirlaunum ráðherrans sett 4000 kr., samsvari þau hálfum launum hans, og þar sem embættismenn, sem þjónað hafa embætti 10 ár eða lengur, fá eftir núgildandi eftirlaunalögum þá upphæð í eftirlaunum, sem nemur hálfum launum þeirra, þá hefði 4000 kr. hámarkið eigi orðið talið ósanngjarnt eða verulega of hátt, ef þau lög hefðu átt að halda áfram að vera í gildi. Öðru máli er að gegna þegar hin nýju lög koma í gildi. Þá lækka eftirlaunin mjög, og eftir þeim ætti ráðherrann eigi heimtingu á 3000 kr. eftirlaunum, fyr en eftir 30 ára þjónustu, nefnilega $^1/_4$ af embættislaununum að viðbættum húsaleigustyrk, 9,600 kr., = 2400 kr., og 20 kr. fyrir hvert af 30 þjónustuárum = 600 kr., samtals 3000 kr. Þannig finst mér meira samræmi koma á eftirlaunalögin, ef hámarkið fyrir eftirlaunum ráðherrans væri sett niður í 3000 kr.

Í þriðja lagi fæ eg ekki betur séð, en að þetta séu hæfileg og nægileg eftirlaun. Eg get ekki hugsað mér að ráðherrarnir verði ordnir svo örvasa, er þeir fara frá embættinu, að þeir gætu eigi haft neitt annað fyrir stafni, en að lifa á eftirlaununum. Ráðherraembættið er vandasamt embætti, og mundu því í það veljast menn, er til margs væru hæfir, og hægt væri um að leita sér annarar atvinnu á eftir; og ekki munu þeir geta annað ráðherrastörfunum, þangað til þeir eru ordnir ófærir til allra starfa. Það má því ganga að því vísu, að þeir muni innvinna sér álitlega upphæð í viðbót við eftirlaunin. En þó svo væri ekki, eru 3000 kr. sæmileg upphæð til að lifa af. Loks væri, ef hámarkið væri sett 3000 kr., meiri líkur til að ráðherrann eftir á færi í annað embætti, og létti þannig eftirlaununum af landssjóði. Þess verður ekki langt að bíða, að ein 2 embætti verða hér á landi með yfir 4000 kr. launum, og maður því gæti búist við, að ex-ráðherra vildi nýta, sem sé ráðherraembættið og landritaraembættið. Ef nú eftirlaun ráðherrans yrðu að eins lækkuð niður í 4000 kr., þá mundi eftirlaunabyrðin á landssjóði verða töluvert þung.

Annars er eg háttv. nefnd þakklátur fyrir þá stefnu, er hún hefir tekið í þessu máli, og háttv. framsm. hennar sérstaklega fyrir það, hve hógværum og velviljuðum orðum hann fór um breyttill. mína. Úr því háttv. nefnd ætlar ekki að gera breyttill. mína að kappsmáli, tel eg víst, að hún nái fram að ganga.

Hæstv. landsh. hreyfði þeirri mótbáru, ef að eftirlaun ráðherrans væru sett lág, þá mundi freisting fyrir hann að sitja í embætti í trássi við þingið. Þessi mótbára finst mér satt að segja heldur léttvæg. Annaðhvort er, að vér fáum þingræði eða ekki. Fáum vér þingræði, þá er víst að hann verður að víkja, er hann hefir ekki meiri hluta þingsins með sér, en fáum vér ekki þingræði, yrðum vér að veita ráðherranum full laun, sem eftirlaun, ef vér vildum losa hann við þessa freistingu, til þess að sitja í trássi við meiri hluta þingsins.

Hæstv. landsh. gat þess einnig, að með þessum launakjörum yrði ráðherraembættið ekki eins glæsilegt og við hefði mátt búast, og gæti það orðið til þess, að vér fengjum ekki hæfustu mennina í embættið. Eg er þeirri skoðun samdóma, að nauðsyn beri til,

að embættið sé svo ákjósanlegt, að beztu menn þjóðarinnar kynoki sér ekki við að takast það á hendur. En til þess að afstýra þeirri hættu, álít eg að réttara væri, að láta launin heldur halda sér, en að ætla há eftirlaun.

Skal eg svo ekki fjölyrða meira um þetta efni, en eg vona að háttv. deild taki vel brt. minni.

Ólafur Ólafsson: Eins og hin hv. deild sér, hefi eg fyrirvaralaust skrifað undir nefndarálitið. Ekki af því, að eg væri nefndinni að öllu samdóma, en eg áskildi mér rétt til að gera grein fyrir því við umræðurnar, að mér þættu eftirlaun ráðherrans heldur há, og að eg mundi greiða atkv. með brt. í þá átt, að færa þau niður. Nú er komin fram brt. í þessa átt og mun eg því greiða atkv. með henni. — Síðan nefndarálitið kom út, hafa heyrst raddir um að laun ráðherrans væru nokkuð lág. Það finst mér ekki á rökum bygt. Eg álít að sú uppbæð, er nefndin fer fram á, sé mjög hæfileg, er litið er til þess, hve landið okkar er fáment og fátækt. Þó við fáum ráðherra í stað landshöfðingja, þá stendur þó flest við hið sama hér á landi, atvinnuvegirnir breytast ekki við það og álögurnar mega ekki aukast meira en gjaldþol alþýðunnar leyfir. Eg álít því að vér verðum að sníða launastakk hinnar nýju stjórnar eftir gjaldþoli þjóðarinnar. Og við get um það því fremur, sem við vitum að í fjölbygðari löndum, t. d. í Sviss, hefir forsetinn ekki nema 6000 kr. árslaun. Þá ætti ráðherrann okkar að komast af með 8000 kr. hér. Eg álít ekki að við eigum að seilast eftir því, að stjórnarbreytingunni verði samfara prjálsemi, er íþyngi landsmönnum og fari djúpt í buddu þjóðarinnar, enda hefir nefndin fylgt þeirri stefnu, að auka byrði landssjóðs sem minst með þessari stjórnarbreyting. Eg álít ekki að embættisdugnaður ráðherrans eða nokkurs manns fari eftir því, hvort launin eru lítið eitt hærri eða lægri. Eg mun því greiða atkv. með þeirri breytingu, að hámark eftirlaunanna verði 3000 í stað 4000, sem stendur í nefndarálitinu. Eg áleit nauðsynlegt að gera grein fyrir þessu, sérstaklega vegna þess, að eg skrifaði fyrirvaralaust undir nefndarálitið.

Guðlaugur Guðmundsson: Það er að eins lítilvægt atriði, er eg vil gera að umtalsefni í nefndarálitinu. Skal eg fyrst taka það fram, að yfir höfuð get eg mjög vel aðhylst tillögur nefndarinnar. Það var sjálfsagt aldrei tilgangurinn, með því að fá ráðherrann launaðan af landssjóði, að smíða landinu nokkurs konar glæsilega gullhúfu, er brygði ljóma yfir það, þó það gæti nú verið æskilegt, heldur að smíða sér stakk eftir vexti, og það hefir nefndin gert. En á hinn bóginn verður að leggja mikla áherzlu á það, að skrifstofan, sem fær svo mikið að starfa, verði vel mönnuð, og fyrir því hefir nefndin séð. Ef til vill hefði ekki verið ástæða til að færa laun landritarans niður í 5000 kr., en verulega þýðingu hefir það ekki. En það er annað atriði, sem nefndin hefir annaðhvort ekki athugað, eða þá athugað mjög óljóst. Nefndin ætlast til, að ráðherrann hafi 8000 kr. laun, auk embættisbústaðar og 2000 kr. risnufjár, en svo bætir hún þeirri athugasemd við, að talsverður aukakostnaður verði við ferðir ráðherrans til Khafnar, dvöl »og risnu þar«, sem búist er við að borguð verði eftir reikningi af landssjóði. Það er nú sjálfsagt, að landssjóður borgi kostnaðinn við ferðir ráðherrans, en viðkunnanlegra hefði það þó verið, að setja einhver takmörk fyrir því. Hugsum okkur, að ráðherrann dveldi helming ársins eða meira í

Khöfn. Á hann þá að hafa óbundnar hendur? Getur hann skapað sér þessa upphæð eftir geðþótta? Eg geri ráð fyrir að svarið verði það, að honum skuli borgað eftir reikningi og reikningurinn verði úrskurðaður af þinginu. En ef þingið leggur engan hemil á það, getur ráðherrann á löglegan hátt skapað sér aukatekjur upp á 10—20 þús. Að því er risnu ráðherrans í Khöfn snertir, þá veit eg ekki hvernig nefndin hugsar sér hana. Eg veit ekki til að risna hvíli á neinum ráðgjafa nema utanríkisráðgjafanum. Og þó ráðherrann vildi hitta kunningja sína við drykkju eða við matborðið, á þá landssjóður að borga það? Eg sé ekki að það sé rétt hjá nefndinni, að ganga út frá því, að ráðherrann hafi á hendi neina officiella risnu í Khöfn, og vildi eg heyra álit nefndarinnar sérstaklega um það atriði.

Háttv. framsögum. vék að því í byrjun ræðu sinnar, að það væri mikið undir því komið, að þeim störfum, er snerta innl. landstjórnarmál, væri dreift milli héraðanna, að sem sé »autonomi« héraðanna væri aukin; yfir höfuð í all-flestum þeim störfum væri það haft fyrir augum að »decentralisera«. Eg get tekið öldungis í sama streng, og það sérstaklega af þeirri ástæðu, að þetta stjórnarfyrirkomulag, sem hér er gert ráð fyrir, er í raun og veru »centralisation«. Það er sjálfsagt mikilsvert, að það komi fram bendingar í þá átt nú á þinginu, og eg sé, að það hefir vakað fyrir nefndinni; en það hefði þó að líkindum ekki verið skaði, þó hún hefði gengið nokkuð ítarlegar inn á, hvernig hún hugsar sér fyrirkomulag hinnar lægri umboðsstjórnar eftir að lögregla og dómsvald verður skilið frá hinu eiginlega umboðsvaldi.

Lárus H. Bjarnason: Eins og háttv. framsögum. vék að, þá var það ákveðið í nefndinni, að hver nefndarmaður skyldi eiga sitt atkvæði frjálst um það, hvort eftirlaun ráðherrans skyldu vera 4000 kr. eða lægri. — Eg hefi hingað til haldið því fram bæði í ræðum og ritum, að ráðherrann ætti engin eftirlaun að fá. En eins og háttv. framsögum. tók fram, þá var það eigi gerlegt að fara því fram, af því að stjórnarskrárbreytingarfrumv. gerir ráð fyrir, að hann fái eftirlaun. En af því eg hefi haldið því fram, að ráðherrann ætti engin eftirlaun að hafa, þá er eg að sjálfsögðu með því, að hann hafi sem minst eftirlaun; og mun eg því greiða atkvæði með breyt.till. á þingskj. 176.

Eg geri sem sé ekki mikið úr þeirri hættu, sem h. framsögum. og hæstv. landsh. færðu fram; þeirri hættu, að ráðherrann kynni að sitja lengur, ef hann ætti von á minni eftirlaunum, heldur en ef þau væru hærri. — Eg geri þá ekki mikið úr þingræðinu, ef það vegur ekki upp á móti einum 1000 kr., sérstaklega 1000 kr. í seðlum; það kalla eg ekki mikið þingræði.

Úr því eg fór að minnast á launin, þá skal eg líka geta þess, að það var eins og nefndarálitið ber með sér, með fullu samþykki nefndarmanna, að laun ráðherrans skyldu færast úr 9,000 kr. í 8,000 kr. Eg get heldur ekki gert mikið úr því, sem hæstv. landsh. sagði, að það mundi ekki fást jafn-góður maður fyrir lægri launin, sem fyrir hin hærri; eg býst við að góður maður líti meira á það, hvað hann kann að geta útverkað, heldur en á hitt, hvort hann á að fá 1000 króna hærri eða lægri laun.

Ágreinings-atkvæði mitt hljóðar um tvö atriði; það fyrst, að eg álít það sé nóg, að húsaleigustyrkurinn sé á ári 1200 kr., en meiri hlutinn hélt fram, að hann þurfi að vera 1600 krónur. — Þetta er mér ekkert kappsmál, og þess vegna hefi eg ekki komið með breyt.-tillögu um það. En sé á annað borð kostur á hæfilegum bústað handa ráðherranum, sem eg efa, þá er eg viss um, að það má fá hann fyrir 1200 kr. á ári. Eg hefi farið til manna, sem hafa þannig löguð hús, sem líklegt er að ráðherrann mundi leita sér bústaðar í, og hefi fengið þá upplýsingu, að þeirra hús mundu fráleitt kosta meira en 1000 kr. á ári. En sem sagt er mér þetta ekkert kappsmál, og skal eg ekki fara lengra út í þá sálma.

En það er annað atriði, sem háttv. framsögum. fór nokkrum orðum um, og sem eg bjóst ekki við að mundi verða flutt inn í þessa deild, þegar af þeirri ástæðu, að það er ekki hægt að greiða atkvæði um það, eins og það liggur fyrir. Það er viðvíkjandi launum forstöðumanns skrifstofunnar í Kaupmannahöfn, sem meiri hluti nefndarinnar vildi að væru ákveðin hærri; en minni hlutinn hélt fram, að það væri hvorki viðeigandi né í sjálfu sér rétt, að *þingið* færi, *að svo stöddu*, að fara fram á hækkun þeirra launa. — Framsögum. meiri hlutans fann ástæðu til að taka þetta fram, og lýsti jafnframt yfir, að ágreinings-atkvæði mitt væri nú öðruvísi orðað en þegar eg hefði komið fram með það, og mundi eg án efa gera grein fyrir, hvernig á því stæði. Þá fann hann og ástæðu til að fara nokkrum dómsorðum um spá mína viðvíkjandi vilja þingsins um þetta efni.

Mér er ljúft að verða við þessum tilmælum háttv. framsögum., enda þótt eg geti ekki skýrt eins nákvæmlega frá þessu, eins og hann kynni að óska, vegna þess, að tunga mín er bundin við það tillit, sem eg að sjálfsögðu skulda leynilegum umræðum á nefndarfundum og flokksfundum. Eg álít, að við eigum að gera sem mest úr valdinu í landinu, en sem minst úr valdinu utanlands, draga sem mest undir ráðherravaldið, en draga sem mest úr skrifstofuvaldinu. Eg hafði búist við, að hver maður úr Heimastjórnarflokknum mundi vilja halda heimastjórnarvaldinu sem hæst á lofti, og allra helzt háttv. sendiherra okkar heimastjórnarmanna á þinginu 1901. — Eg skal játa, að það er engin ástæða til að gera veður út af þessu, eins og það *nú* er orðað; hitt hefði verið dálítið íhugunarverðara, ef nokkrum hefði komið það til hugar, að gera konunglegt embætti úr þessari skrifstofustjórastöðu, en það liggur ekki fyrir eins og nefndarálitið er prentað. — Það, sem vakti fyrir mér, var það, að það væri í *fyrsta* lagi slettirekuskapur af þinginu, að fara að blanda sér inn í þetta mál; slettirekuskapur, af því að eg lít svo á, að þessi skrifstofa í Kaupmannahöfn sé skrifstofa ráðherrans, og þess vegna beri þetta undir ráðherrann en ekki þingið. — Í *öðru* lagi álít eg spursmálið of snemma upp borið; það er óþarfi fyrir okkur, að fara að heimta hærri laun til þessarar stöðu heldur en þau, sem stjórnin, sem kunnug er lifnaðarháttum í Kaupmannahöfn, álítur viðunanleg, — fyr en sést, hvort ekki fæst hæfur maður fyrir þau laun. — Í *þriðja* lagi finst mér það óviðfeldið, að þetta þing, sem færir niður laun flestra þeirra manna, sem það á sjálft að launa, sé að fara fram á hækkun þeirra launa, sem önnur þjóð á að borga. — Það er hálf-undarlegt, að taka því ekki einungis með þökkum, að láta útlenda þjóð launa þessa stöðu, heldur

jafnvel fara fram á, að hún leggi fram hærri laun. Eg hefði skilið það betur, ef þingið hefði ákveðið, að laun þessi skyldu goldin úr landssjóði. Og það er því undarlegra, að fara fram á þetta, sem stjórnin lýsir því yfir í ástæðunum við frumv., að hún sé fús á að hækka laun þessa manns, ef þau skyldu reynast of lítil. — Það mun nú heldur ekki vera þetta, sem hefir sært háttv. framsögum. meiri hlutans og kannske aðra, heldur hinn meinlausi hali aftan við ágreiningsatriði mitt — spá mín um það, að meiri hluti þingsins mundi vera á minni skoðun. — Eg skal játa það, að orðin lágu nokkuð öðru vísi, er eg í flýti skrifaði þau upp eftir seinasta nefndarfund, heldur en þau nú liggja fyrir. En mér er ekki kunnugt um, að nefndarálitið hafi síðan gengið milli nefndarmanna; og eg veit ekki betur, en að minni hluti nefndar hafi rétt til að skrifa fyrir sinn reikning og upp á sína ábyrgð, hvað sem hann vill. — Á þinginu 1901 skrifuðum við, minni hlutinn, okkar stjórnarskrár-nefndarálit, og meiri hlutinn vissi ekkert, hvað í því nefndaráliti stóð; og eg get jafnvel bent h. framsögum. á, að hann hefir sjálfur gert slíkt hið sama. En af hverju særir þetta? Af því að það er satt. — Háttv. framsögum. fann ástæðu til að benda á, að orð mín sönnuðu ekki annað en að eg vilji það einn. — En mér er ljúft að geta sagt, að spá mín *hefir* ekki einungis verið rétt, heldur *er* það líka enn. Og eg er albúinn að telja upp nöfn þingmanna úr báðum flokkum — án nokkurs tillits til flokkaskiftingar — sem mundu telja það rétt, að við hefðum ekkert farið að skifta okkur af þessu, enda er mér það alveg óskiljanlegt, að það skyldu ekki allir vera á sama máli um þetta. — Frá *almennu* sjónarmiði var alls engin ástæða til þess; frá *sérmennu* sjónarmiði getur verið að það hefði verið ástæða til þess, ef um það hefði verið að ræða, að stofna launahátt embætti með konunglegri útnefningu.

En eins og þetta liggur fyrir í nefndarálitinu, er það hræmeinlaust, og engin þörf á að fara að flytja það inn í deildina.

Framsögumaður (Hannes Hafstein): Hv. þm. V.Sk. gat þess, að það væri ekki nægilega tekið fram í nefndarálitinu, hvernig menn hugsuðu sér greiddan aukakostnaðinn við siglingar ráðherrans og dvöl hans í Kaupmannahöfn; mér skildist á honum, að hann vildi slá föstu, hve hátt kostnaðurinn mætti fara eður fastsetja *maximum* fyrir dvöl ráðherrans, sem ekki mætti fara út fyrir, og æskti hann upplýsinga um, hvernig nefndin hugsaði sér »risnu« hans utanlands. Eg skal viðvíkjandi þessu taka fram, að í stjórnarskrárfrv. er með berum orðum ákveðið, að greiða skuli af landssjóði eigi að eins kostnaðinn við ferðir ráðherrans til Kaupmannahafnar, heldur og kostnaðinn við dvöl hans þar, án nokkurrar tímatakmörkunar. Öll nefndin leit svo á, að reikningarnir yfir þennan kostnað lægi undir úrskurð þingsins, er mundi hafa eftirlit með því, að hófs væri gætt, en að öðru leyti ekki hægt að setja takmörk fyrirfram, sérstaklega væri ómögulegt að fastsetja fyrirfram hve lengi ráðherrann mætti dvelja í Kaupmannahöfn til lögboðinna starfa sinna, með því það gæti komið í bága við skyldu þá, sem stjórnarskrárfrv. leggur honum á herðar. Að því er snertir »risnu« ráðherrans í Kaupmh., sem gert er ráð fyrir í nefndarálitinu, þá var það ekki meining nefndarinnar, að hann ætti að vera skyldur til að

halda þar veizlur í embættisnafni, en vitanlega verður hann hvervetna að koma fram sómasamlega fyrir Íslands hönd. Nefndin gerði t. d. ráð fyrir, að þar sem hann býr, sem sjálfsagt verður á »Hótelli«, mundi hann verða oftlega að taka á móti ýmsum mönnum, er kæmu að finna hann sem ráðherra Íslands, og oss þótti sennilegt að kostnaður, er af því kynni að leiða, yrði einnig færður á þann reikning, sem síðan yrði lagður fyrir þingið. Enn fremur telur nefndin sennilegt, að hann fengi endurgoldinn kostnað við þjónustu, akstur o. fl., sem staða hans hefði í för með sér. Í orðum nefndarálitsins liggur því að eins það, að nefndin telji sjálfsagt, að ráðherrann fái endurgoldinn hótelskostnað og þau önnur útgjöld, sem af utandvöl hans stafi, auk ferðakostnaðar báðar leiðir, en þingið hefir töglin og hagldirnar og úrskurðar reikninginn. Það getur auðvitað orðið óþægilegt fyrir hann að eiga þannig undir högg að sækja. En eg býst þó ekki við, að brögð verði að misklíðum út af slíku, enda sé eg ekki, að hægt sé að koma þessu fyrir öðruvísi. Það kann að vera, að það væri réttara að taka einnig upp í þessi lög ákvæði stjórnarskrárfrv. um, að kostnaður þessi, sem eg gat um, greiðist af landssjóði, annaðhvort ákvæðið orðrétt, eða með nánari skýringu á því, hvað til kostnaðarins teljist. Eg álít fyrir mitt leyti, að það sé skýrt, að alt það sem eg nefndi og annað slíkt, falli undir orðin »kostnaður við dvöl hans þar«, og því væri nóg að taka hér upp orðin úr stjórnarskrárfrv. eins og þau liggja fyrir, og bæta þeim aftan við 2. gr.; mun eg sem formaður nefndarinnar bera það undir hana, hvort hún vill koma fram með einhverja brtill. eða viðaukatillögu hér að lútandi.

Hv. þm. V.Sk. (Guðl. Guðm.) gat þess líka, að það væri of lítið gengið inn á það í nefndarálitinu, hvernig hinni lægri umboðsstjórn yrði fyrirkomið eftir að skilnaður væri gjör milli umboðsvalds og dómsvalds. En eg verð að segja, að eg álít það liggja algjörlega fyrir utan verkahring nefndarinnar; hún var skipuð eingöngu til að íhuga fyrirkomulag hins æðsta umboðsvalds, en alls ekki til hins; þegar til þess kemur, að aðskilja dómsvaldið frá umboðsvaldinu, verður vissulega sett ný nefnd, og hún fær erfitt og vandasamt starf. Eg hefi því ekkert um þetta að segja sem framsögumaður nefndarinnar; en eg get sagt fyrir mig sjálfan, að eg álít, að hér um bil öll umboðsleg störf, sem sýslumenn hafa nú, og auk þess uppboðsstörf, tollheimtu o. fl. megi fela mönnum, er haft hafa miklu minni kostnað við nám og undirbúningsmentun og geta því verið launalægri en sýslumenn. Vitanlega yrði að setja á stofn íslenzkan lagaskóla, þar sem þeir gætu fengið nægja þekking á almennum íslenzkum lögum. En eins og menn vita eru flest af þessum störfum ekki þess eðlis, að þörf sé á að vera mörg ár á háskóla til að geta leyst þau af hendi.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Snæf. (L. H. B.) tók fram, hefi eg lítið að athuga. Eg skil að eins ekki, hvernig hann getur sagt, að þessi meinlausa ósk um að forstöðumaður skrifstofunnar í Khöfn hafi meiri laun heldur en 2400 kr., miði að því að flýtja *valdið* út úr landinu! Þessi maður á *alls engin* völd að hafa. Hann á að eins að vera ýmislegt, hjálparmaður ráðgjafans og framkvæma tiltekin milligöngustörf í umboði hans, og hefir ekki vald yfir öðru en skrifstofunni, sem undir hann er sett. Það er því óþarft fyrir hv. þm. að vera að blanda þessu saman við »heimastjórnarvald« eða bera þetta saman við stefnu heimastjórnar-

flokksins, því að þetta snertir alls ekki að neinu leyti þá stefnu. Hér er eingöngu um það að ræða, að fá sem áreiðanlegastan, kunnugastan og hæfastan mann til að vera verkfæri ráðherrans í þjónustu landsins; annað ekki.

Hinu er eg samdóma hjá hinum hv. þm. Snæf. (L. H. B.); það er vissulega ekki viðkunnanlegt, að skrifstofustjórinn skuli vera launaður af ríkissjóði; en við höfum ekki þorað að koma fram með tillögu um að breyta því, vegna þess sparnaðaranda, sem er og verður að vera ríkjandi, og af því svo mikið hefir verið talað í blöðum, ræðum og ritum um kostnaðinn við hina nýju innlendu stjórn. Þetta tilboð, um að kostnaðurinn við skrifstofu þessa skuli greiddur úr ríkissjóði, stendur væntanlega í einhverju sambandi við ákvæði stöðulaganna um, að gjöldin til hinnar »æðstu stjórnar íslenzkra mála í Kaupmannahöfn« skuli greidd úr ríkissjóðnum. En vel getur verið, að ekki verði langt þess að bíða, að þing og þjóð óski að þessu verði breytt, og kostnaðurinn lagður á réttan aðila, nfl. landssjóðinn. Hv. þm. Snæf. (L. H. B.) sagði, að við mundum hafa særst af þessari »spá«, sem hann hefði komið með í ágreiningsatkvæði sínu, af því hún væri sönn. Eg ætla nú ekki að fara að þrátta við hann um þetta; en mín sannfæring er, að ef hægt væri að ganga til atkvæða um þessa staðhæfing hans – eg kalla það ekki spá —, þá mundi það koma fram, að þeir væru sárfáir, sem fylgdu honum í þessu. Eg skal ekki um það segja, hvað hv. þm. hefir meint með viðbótinni. Það væri aldrei nema meinlaust, þó að það hefði vakað fyrir honum eitthvað í þá átt, að koma í veg fyrir það, að þeir, sem lesa kynnu nefndarálitið, tækju of mikið mark á því, sem við 6 nefndarmenn segjum um þetta atriði, — og fyndu, að til væru aðrir, sem vissu betur hvað til þingsins friðar heyrði. (*Lárus Bjarnason*: Með öðrum orðum: »þingsins herra?«) Nei, ekki voru það mín orð; h. hv. þm. skjátlast, ef hann heldur að nefndin eða eg hafi stygst við hann á nokkurn hátt út af þessu, sem hann prjónaði neðan við nefndarálitið. Eg tók aðeins fram, að það væri nokkuð óvenjulegt, að einn einstaklingur slái því föstu fyrir þingsins hönd, hver sé vilji þess, áður en það hefir látið nokkurn vilja í ljósi. Ef hægt væri að vita vilja meiri hluta þingmanna fyrirfram á þennan hátt, þá væri hreinn óþarfi að vera að ræða málin og leita atkvæða um þau; því síður þyrfti þá að vera að setja nefndir, til þess að láta uppi álit sitt.

Lárus H. Bjarnason: Eg hefi í sjálfu sér enga ástæðu til að standa upp; því að hv. frmsm. (H. H.) tók að efninu til svo liðlega í mál mitt. Hann sagði það væri óskiljanlegt, að eg væri að tala um valdaflutning út úr landinu. Eg hefi aldrei kallað það atriði, að skrifstofustjórnin í Khöfn fengi nokkrum hundruðum krónum meir, valdaflutning út úr landinu. En hitt sagði eg, að það sæti illa á heimastjórnarmönnum að hlaða undir útlenda skrifstofuvaldið, og við það stend eg. En það var ekki eina ástæðan, sem kom mér til að gera ágreiningsatkvæði mitt, heldur hið undarlega kapp, sem beitt var, og það sem var ótrúlegast, að sá maðurinn skyldi beitast fyrir því, sem hefir svo vel barist fyrir heimastjórnarkröfum okkar.

Þá kvaðst hann ekki hafa særst af spá minni, er hann vildi kalla staðhæfing. Það *var* spá, en engin fullyrðing, eins og hver maður getur gengið úr skugga um, sem er læs. Þar stendur: »enda *muni* etc.«; hér er ekki að tala um fullyrðing, heldur spá, sem stendur og fellur fyrir minn reikning; spá, sem eg er reiðubúinn að leita atkvæða um,

og eg skal benda á veg til þess. Það er ekki annað en að bera upp þingsályktunartillögu um að skora á stjórnina að launa betur þetta embætti. En vilji hv. þm. leita fyrir sér um þetta, þá skal eg honum til hægðarauka og svo hann þurfi færri sporin að hlaupa, lesa honum í þeim sporum, sem eg stend nú í, nokkur nöfn, sem honum er ekki til neins að fara í, og það úr báðum flokkum, alveg án nokkurs tillits til flokkaskiftingar; áður var þetta spá mín, en *nú er það fullkomin vissa*. Eg skal kannast við, að hv. frmsm. (H. H.) talaði rólega *nú*, og ekki líkt því að hann hefði særst; en tíminn kann að hafa sefað sársaukann, enda er ekki langt á það að minnast, að bæði hann og aðrir tóku öðruvísi í strenginn.

Framsögum. (**Hannes Hafstein**): Eg skal ekki lengja umræður út af þessu lítilvæga atriði, sem engum ágreiningi ætti að geta valdið. Eg vil að eins taka það fram, að ef það hefir verið meining hv. þm. Snæf. (L. H. B.), að gefa í skyn, að eg hefði viljað gera þetta skrifstofustarf að stóru konunglegu embætti, þá er það ekki rétt hermt, því að það hefir mér aldrei komið til hugar.

Hv. þm. segist geta talið upp mörg nöfn, mér til hægðarauka, og til að spara mér ómak. En það er óþarfi, enda væri það naumast sem allra þinglegast. Hann þarf ekki að vera hræddur um, að eg fari að »hlaupa í« neinn; það er öðrum lægnara en mér.

ATKV.GR.: 1. gr. samþ. í einu hlj.

1. breyt.till. (152) við 2. gr. frumv. samþ. með 17 samhlj. atkv.

2. breyt.till. (152) við 2. gr. frumv. samþ. með 19 samhlj. atkv.

2. gr. með áorðinni breyt. samþ. í einu hlj.

Breyt.till. (176) við 3. gr. samþ. með 21 : 2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Björn Bjarnarson,	Magnús Stephensen.
Björn Kristjánsson,	
Eggert Pálsson,	
Einar Þórðarson,	
Guðl. Guðmundss.,	
Hannes Hafstein,	
Hannes Þorsteinss.,	
Hermann Jónasson,	
Jóh. Jóhannesson,	
Jóh. Ólafsson,	
L. H. Bjarnason,	
Magnús Andrésson.,	
Ólafur Briem,	
Ólafur Ólafsson,	
Ólafur Thorlacius,	
Pétur Jónsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Tryggvi Gunnarss.,	
Þórh. Bjarnarson.	

Breyt.till. (152) við 3. gr. þar með fallin.

3. gr. frumv. með áorð. breyt. samþ. með 22 atkv.

Fyrri breyt.till. við 4. gr. (152) samþ. með 17 samhlj. atkv.

Síðari breyt.till. við 4. gr. (152) samþ. í einu hlj.

4. gr. með áorð. breyt. samþ. í einu hljóði.

5. gr. frumv. óbreytt samþ. í e. hlj.

Fyrri breyt.till. við 6. gr. (152) samþ. án atkv.

Síðari breyt.till. við 6. gr. (152) samþ. með 21 atkv.

6. gr. frv. með áorð breyt. samþ. í einu hlj.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hlj.

Þriðja umr. 27. júlí (C. bls. 346, 356).

Framsögumaður (Hannes Hafstein): Nefndin hefir komið fram með dálitla breyt.till. eða öllu heldur við aukatill. við 2. gr. frumv., sem er samkvæm því, er kom fram í umr. um þetta mál við 2. umr. Viðaukatill. hefir ekkert inni að halda annað en það, sem stendur í stjórnarskráfrumv. og nefndin hafði álitið óþarft að taka hér upp, sem sé það, að landssjóður eigi að borga allan kostnað við embættisferðir ráðherrans til Kaupmannahafnar, og dvöl hans þar. Það er víst rétt athugað, að það sé formlegra, að það standi beint í þessum lögum. Það hefir verið tekið fram áður, hvað nefndin álítur að felist í orðunum »kostnaður við dvöl hans þar«, og hefi eg engu við það að bæta. Það er auðvitað, að af dvöl hans getur leitt kostnað, sem ekki er beinlínis greiddur fyrir hann sjálfan, og sem á skylt við ristnukostnað, þótt ekki sé ætlast til, að hann haldi »*repræsentativ*« veizlur eða slíkt; það var það, sem nefndin átti við með þeim orðum, sem háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.) mintist á við 2. umr., en annað ekki.

ATKV.GR.: Viðaukatill. á þskj. 213 við 2. gr. samþ. í einu hlj.

Frumv. í heild sinni samþ. í einu hlj., og verður afgreitt til Ed.

Ein umr. 17. ágúst (C. bls. 615, n. 639; 659).

Framsögumaður (Hannes Hafstein): Nefndin hefir tekið til athugunar breytingar þær, sem hv. Ed. hefir gert á frv. Þær eru að eins tvær. Hin fyrri er sú, að uppbótin, sem ráðherranum er ætluð fyrir embættisbústað, er færð úr 1600 kr. upp í 2000 kr., og hin sú, að laun landritarans eru hækkuð úr 5000 kr. upp í 6000 kr.

Öll nefndin er samdóma um, að þessi tvö atriði hafi verið viðunanleg eins og þau voru ákveðin í frumv., þegar það fór hér frá deildinni. En þó hefir meiri hluta nefndarinnar þótt hv. Ed. hafa við nokkur rök að styðjast, er hún breytti þessu. Því eftir skilningi meiri hluta nefndarinnar, er hér ekki að ræða um hækkun á húsaleigustyrk, heldur hitt, hve mikið eigi að meta leigulausan bústað í húsi því, sem ætlast er til að verði bygt síðar handa ráðherranum, og verði það bygt fyrir 50—60 þús. kr., þá yrði leiga af því meira en 2000 kr. á ári. Frá því sjónarmiði skoðað virðast 2000 kr. í uppbót ekki vera of hátt sett.

Og að því er snertir laun landritarans, þá felst nefndin á, að hér sé um mjög mikilsvarðandi embætti að ræða, embætti, sem á að vera hinn fasti og stöðugi þáttur í æðstu stjórn landsins, og að það því eigi vel við, að það sé launahæsta embættið á landinu, næst eftir ráðherraembættinu. En nú eru tekjur sumra sýslumannsembætta ofnar um og yfir 5000 kr. Meiri hluti nefndarinnar vill því ráða háttv. deild til að samþykkja frumv. óbreytt, eins og það er komið frá Ed., því það er ástæða til að óttast, að yrðu hér gjörðar á því breytingar, þá mundi háttv. Ed. gjöra enn meiri breytingar á því, og eru nógu mörg ágreiningsatriðin milli deildanna, þó þetta verði ekki að deiluefni. Eg hefi ekki ástæðu til að halda, að þeir háttv. nefndarmenn, sem skrifað hafa undir nefndarálitið með fyrirvara, séu móti því, að frv. gangi í gegn með þeim breytingum, sem háttv. Ed. hefir gjört á því, heldur ímynda eg mér, að »fyrirvari« þeirra stafi helzt af því, að þeim hafi þótt Ed. nokkuð nærgöngul í þessu máli, ekki síður en í öðrum fjármálum. Fleira hefi eg svo ekki að athuga.

Hannes Þorsteinsson: Eg á tvær breyt.till. á þgskj. 523, sem fara fram á að frumv. verði fært í sama horf og það hafði, er það fór héðan frá deildinni. Það var þá samþ. með öllum atkv., og veit eg ekki betur, en að allir deildarmenn væru ánægðir með það. Nú hefir háttv. Ed. fært uppbótina fyrir leigulausan bústað handa ráðherranum upp um 400 kr., og laun landritarans upp í 6000 kr.

Að því er fyrri breytinguna snertir, þá sé eg ekki að ástæðurnar í nefndaráliti Ed. séu á rökum bygðar. Fyrst er sú, að ráðherrann geti ekki fengið hæfilegt húsnæði leigt á einum stað og yrði því að leigja á tveim stöðum, en að 1600 kr. yrðu þá eigi nægileg fjárveiting. En eg skil ekki, að ráðherrann þyrfti að leigja nema á einum stað, og þá væri hann fullsæmdur af 1600 kr. Hin ástæðan, að það verði kostnaðarmeira fyrir landssjóð að halda sérstakan ráðherrabústað, sem mundi kosta 50—60 þús. kr., en að borga 1600 kr. í húsaleigu, kemur ekki þessu máli við. Það er sjálfsagt, að landssjóðurinn græði á því, að bústaðurinn er ekki bygður strax, og eg hygg, að kostnaðurinn við að koma hinni nýju stjórn á, verði nógur fyrir því, þó sparað sé það, sem hægt er.

Eg sé ekki betur en að 5000 kr. séu fullsæmileg laun handa landritaranum. Það má ekki miða við launalögin frá 1875, sem voru mikils til of há og alt af hafa verið mjög óvinsæl. Það mætti þá eins vel, ef mönnum þætti ástæða til, hækka þessi laun seinna, veita persónulega uppbót.

Eg sé því ekki, að ástæða sé til að fara að ráðum Ed. að þessu sinni, og mér finst ekki að vér eigum að fylgja þeirri reglu, að Ed. ráði í fjármálum. Með þessu vil eg þó ekki ala á ágreiningi milli deildanna, heldur taka það fram, að mér finst ekki sjálfsagt, að Nd. fari að »lúffa« fyrir Ed. Það er eins og það liggi í loftinu, að ef Nd. samþykkir ekki þessar tillögur Ed., þá muni Ed. gera enn fleiri breytingar á frv., en eg get ekki gert mikið úr þeirri ástæðu Sama var sagt um eftir launamálið, sem var hér fyrir um daginn; það mundi verða felt í Ed., ef ekki yrði samþykt frv. hennar óbreytt, en deildin hefir ekki felt það, svo sá ótti var ekki á rökum bygður. Nú vil eg að vísu ekki stofna frv. í hættu með þessu. En eg kann ekki við að Nd. láti heykjast á réttu máli, fyrir ógnunum frá Ed. Það hefir verið sagt, að tíminn væri ekki nægur, ef frumv. væri nú breytt, en eg hygg hann sé það. Ef Ed. gengur ekki að frumv. breyttu, þá getur það komið í sameinað þing, og eg er ekkert hræddur um að það feldi frumv. Samt skal eg gera deildinni það til geðs, að heimta ekki *nafnakall* um brt. *mínar*, en að eins láta þá von mína í ljósi, að hún samþykki þær.

Lárus H. Bjarnason: Eins og háttv. deild sér, höfum við 3 skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara. Fyrirvarinn þýðir það, að við erum ekki sannfærðir af ástæðum Ed., um að nauðsyn sé á breytingum þeim, sem hún hefir gert. Við vildum þvert á móti gjarnan samþykkja brt. á þingskj. 523, en nú er svo áliðið tímans, að telja má efasamt að hann endist til að etja kappi við Ed., enda hefir það heyrst, að Ed. mundi ekki að eins færa upp aftur bústaðaruppbótina og landritaralaunin, heldur jafnvel líka ráðherralaunin og laun aðstoðarmanna á skrifstofunni. Eg hygg því að við fyrirvaramenn verðum að fylgja dæmi háttv. þm. Rvík (Tr. G.), að við séum

svo «bundnir í báða skó«, að við sitjum fyrir brt. á þingskj. 523.

ATKVGR.: Samþ. með 12 samhlj. atkv. að brt. á þgskj. 523 væru bornar undir atkv.

Brt. á þingskj. 523 við 2. gr., feld með 13 atkv. gegn 7.

Brt. á þingskj. 523 við 4. gr., feld með 14 gegn 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	nei:
Einar Þórðarson,	Arni Jónsson,
Hannes Þorsteinss.,	Jón Magnússon,
Herm. Jónasson,	Björn Bjarnarson,
Magnús Andrésson,	Björn Kristjánsson,
Ólafur Briem,	Guðl. Guðmundsson,
Ólafur Thorlacius,	Hannes Hafstein,
Pétur Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Þórh. Bjarnarson.	Jóhannes Ólafsson,
	Lárus H. Bjarnason,
	Magnús Stephensen,
	Ólafur Ólafsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,
	Tryggvi Gunnarss.

Frv. í heild sinni, óbreytt, samþykt í einu hljóði, og verður afgreitt til landshöfðingja *sem lög frá alþingi.*

Ráðherraábyrgð.

FRUMVARP til laga um ráðherraábyrgð 1. umr. 6. júlí (C. bls. 182).

Flutningsm. (Guðl. Guðmundsson): Það hefir ætíð verið föst venja, að þannig löguð lög hafa fylgt sjórnarskrárfrumvörpunum á hinu síðara þingi, sem þau hafa legið fyrir; svo var það bæði 1886 og 1894, og tel eg því sjálfsagt, að slík lög komi einnig fram á þessu þingi. Frumv. þetta kemur fram í líku formi og frv. 1894, að eins með þeim einum breytingum, sem nauðsynlegar voru vegna þess, að það ábyrgðarlagafrumv. var miðað við eitt ákveðið stjórnarskrárfrumvarp; frv. var afgreitt sem lög frá þinginu s. á., þ. 25. ágúst. Um málið sjálft álít eg enga þörf að fara mörgum orðum. Vitaskuld væri það æskilegast, að lög eins og þessi væru með öllu óþörf, að þjóð, þing og stjórn hefði náð þeim pólitískum þroska, hvort um sig, og að sambandið milli þeirra væri svo vaxið, að slík lög væru algerlega óþörf; en eg þykist sannfærður um, að hjá því verði ekki komist, að setja slík lög, og það því fremur, sem sérstakar ástæður eru til þess, að því er Ísland snertir. Hin sérstaklega pólitiska afstaða landsins, þar sem vér ekki höfum algert fullveldi yfir öllum okkar málum, heldur að eins yfir ákveðnum flokki þeirra, og takmörkin hvergi nærri fullskír, þar sem vér eigum rétt vorn undir þá þjóð að sækja, sem er okkur máttugri og meiri að afli, en þó framar öllu öðru það, að við eigum mál þessi að sækja undir fagdómstól, sem á sæti í öðru landi en ráðaneyti það, sem dæma á, gerir það að verkum, að slík lög eru hér sérstaklega nauðsynleg, og þau skír og glögg. Eg get búist við því, að sumum kunni að þykja nokkuð langt farið í einstökum atriðum í þessu frv., og enda þótt engin nefnd væri sett í málið 1894, býst eg ekki við að svo verði nú; það var með þetta mál, eins og svo margt annað, sem stjórnarskrármálið snerti áður fyr, meira í orði, en á borði, gert meir til þess að sýnast en af alvöru.

Lárus H. Bjarnason: Það er mér sérstaklegt gleðiefni að sjá, að frumv. þetta er framkomið, og ekki einungis mér einum, heldur og þeim flokki, sem eg tel mig til. Hann hefir sett þetta mál einna efst á dagskrá sína. Og

það er því fremur gleðiefni, sem það er borið fram af mönnum úr þeim flokki, sem ekki hefir haft það ofarlega á dagskrá sinni hingað til. Það hefir meira að segja heyrst rödd úr þeim flokki í þá átt, að ekki væri vert að flýta þessu máli; eg man ekki betur en að eg læsi eitthvað í þá átt í Eimreiðinni í vetur. Þetta frumv. er mér því meir gleðiefni, sem eg af því sé, að Heimastjórnarflokknum hefir nú tekist að sannfæra okkar heiðraða mótflokk í þriðja stórmáli þjóðarinnar. Mótstöðumenn okkar hafa gengið inn á sömu skoðun og vér í stjórnarskrármálinu, í bankamálinu, að því leyti sem þeir nú vilja lofa landsbankanum að lifa, og nú síðast í þessu þriðja máli, ábyrgðarmálinu, því mér dettur ekki í hug að væna þá þess, að þeir hafi komið þessu máli inn á þing, einungis til þess að verða fyrri til, til þess að hafa það til að flagga með framan í þjóðina. Eg trúi því heldur ekki, að þeir dansi hér nauðugir, eða þeir hafi tekið það upp á arma sína af sömu ástæðu sem kjóinn tekur síldina af lundanum.

Eins og háttv. þm. V.-Sk. (G. G.) gat um, þá er þetta mjög merkilegt mál, og af þeirri ástæðu einni er það þess vert, að það sé sett í nefnd og vel athugað; má búast við því, að ráðherrann verði seldur undir sama breiskleika og aðrir. Það má búast við því, að í það sæti fáist ekki englar, og lögin eiga þá að vera til þess að varna því, að þeir stjórni illa. Þetta er næg ástæða til að athuga þessi lög rækilega; en jafnframt gæti verið ástæða til að athuga það í nefnd, hvort ekki bæri að setja inn í þetta frv. ákvæði um stofnun sérstaks pólitísks dómstóls fyrir Ísland. Vera kann þó, að heppilegra væri að koma fram með sérstakt frumv. um þetta atriði, vegna þess, að það er lítt hugsandi, að ábyrgðarlögin sæti neinni mótspyrnu af stjórnarinnar hendi, en ekki óhugsanlegt að öðruvísi kynni að fara um stofnun hins sérstaka dómstóls. Eg get þessa ekki af því, að eg væni hæstarétt um nokkra hlutdrægni, heldur af því, að hann er ekki lagaður til að rannsaka mál; því til stuðnings get eg vísað í orð hæstaréttarmálaflutningsmanns Octavíusar Hansens. Hér við bætist, að enginn Íslendingur á sæti í hæstarétti, hvorki sem dómari né málsfærslumaður. Enn fremur á þessi dómstóll sæti í öðru landi, langt fyrir handan höf, og er því gersamlega ókunnugur landi og lýð, enda er það brot á öllum varnarþingsreglum, að draga menn fyrir dómstól í fjarlægum löndum.

Þessar ástæður, er eg hefi talið, eru nægar til að setja nefnd í málið, en auk þess hefi eg aðra ástæðu til þess, og hún er sú, að frv. þessu er fleygt inn í deildina algerlega ókörruðu, enda hlýtur svo að vera, þar sem flutnm. hefir legið svo mikið á að verða fyrri til, að koma þessu máli inn, að þeir hafa ekki einu sinni gefið sér tíma til að skrifa það upp, heldur rifið upp blað úr þingtíðindunum 1886 og sent í prentsmiðjuna. Svo séð verði, hve mjög hefir verið hrapað að frumvarpinu, skal eg benda á, að sum ákvæði í því eiga alls ekki við stjórnarástandið, eins og það verður eftir stjórnarskrárfrv. (*Guðl. Guðmundsson*: Þetta er ekki rétt!) Jú, því hér í þessu frv. er gert ráð fyrir fleirum ráðherrum, en eftir stjórnarskrárfrumv. getur ekki verið nema um einn að ræða. Frv. má heita alveg óbreytt frá frv. 1886, en það frumv. var tekið upp úr norskum lögum. Það er að vísu satt, að frv. hefir skift um flutnm., sem og varð að vera, þar sem annar flutnm. er nú dauður, en hinn á ekki sæti á

þinginu. Eg hygg og, að 9. gr. geti ekki staðist. Það væri að vísu æskilegt, að landritarinn bæri pólitiska ábyrgð, en hún verður varla lögð á hann eftir því sem stjórnarskrárfrumv. er orðað. Eg gæti einnig búist við, að ráðherranum kynni að þykja það nokkuð hörð meðferð, að fá alt að 5000 kr. sekt fyrir hvert smáatriði sem honum yfirsést í, t. d. að fá 5000 kr. sekt fyrir það, að einhver landseti landssjóðs níddi niður kotið sitt. Og hvernig á svo að fara, ef ráðherrann yrði svo fátækur, að hann gæti ekki borgað sektina? Á hann þá að »brumma« hana af, sem kallað er? Þar mun og vera blandað saman málum, er frv. dæmir ráðherrann sekan fyrir að synja »alþingi« um skjöl, skilríki eða skýrslur. Eg veit ekki til að alþingi sjálft hafi neinn slíkan rétt, en hitt er mér kunnugt, að nefnd, sem þingið hefir sett til að rannsaka eitthvert mál, hefir rétt til að heimta slíkt. Loks mætti benda á, að orðið »landráðasök« er lítt ákveðið. Eg veit ekki til að þetta orð tákni neitt lögfræðislegt hugtak, eða sé notað í hegningarlöggjöfinni á einum einasta stað, nema hvað orðið »landráð« stendur sem yfirskrift yfir 9. kap. hegningarlaganna. Eg hefi tekið þessi atriði fram, einungis til þess að sýna fram á, að það er ekki að óþörfu, að eg legg til að nefnd sé sett í málið.

Flutningsmaður (Guðl. Guðmundsson): Eg ætla mér ekki að fara að flytja langa ræðu, til að svara háttv. þm. Snæf. (L. H. B.); eg skoða mig ekki hingað kominn á þingbekkinn til þess að jagast við þann mann; eg hefi og fulla reynslu fyrir því, hvaða árangur það hefir, að svara háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) með rökum, skynsemd og stillingu: eg hefi þrautreynt það áður.

Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) vék því, að vorum flokki, að hann hefði eigi ráðgjafa-ábyrgðina ofarlega á »dagskrá« — háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) á þar líklega við stefnuskrá. — En eg verð að segja, að eg sé enga ástæðu til, að það mál væri talið sérstaklega upp í stefnuskránni. Það hefir að undanförnu verið talið svo sem sjálfsagður dilkur stjórnarskrárfrumv., og svo teljum vér það enn vera.

H. þm. Snæf. (L. H. B.) taldi framkomu frumv. þessa gleðilegan vott um samdrátt milli flokkanna hér á þingi; getur verið að svo sé. Að minsta kosti skoða eg þessi orð h. þm. Snæf. (L. H. B.), sem gleðilegan vott um lífsmark heilbrigðrar skynsemi hjá honum.

H. þm. Snæf. (L. H. B.) vildi reyna að halda því fram, að vor flokkur væri að ganga yfir á skoðun hans flokks í ýmsum málum. En sannleikurinn er sá, að það var einmitt hans flokkur, sem á þinginu 1902 aðhyltist vora skoðun, sérstaklega í stjórnarskrármálinu, að þiggja það bezta sem í boði væri.

H. þm. Snæf. (L. H. B.) var að vitna í það, sem hann segir, að einn úr vorum flokki hefði í riti einu sagt um ráðgjafa ábyrgðarlögin. Mér er það alls eigi kunnugt, hvort þetta er satt, en þó svo væri, þá vona eg að öllum sé það auðskilið, að heill flokkur getur ekki borið ábyrgð á hverju því, sem einstakur maður í flokknum kann að segja í eigin nafni.

Hér bregður annars fyrir hinu sama og því miður hefir alt of oft brunnið við, að hent eru á lofti orð einstakra manna, þau rangfærð, aukin og afbökuð og rangfærslan svo notuð til svívirðingar flokk vorum. Þetta er það,

sem eg hér á þingi hefi kallað óheiðarlega aðferð.

Annars verð að telja það mjög óþarft verk af h. þm. Snæf. (L. H. B.), að vera að reyna að kveikja eld og stælur í máli þessu.

Þar sem h. þm. Snæf. (L. H. B.) bar það fram, að við flutningsmenn frumv. hefðum farið svo hroðvirknislega að, og flýtt málinu svo mikið, að við hefðum rifið blað upp úr »Tíðindum þingsins frá 1886«, og sent frumv. það, sem þá var samið, óbreytt í prentsmiðjuna, þá fer h. þingm. Snæf. (L. H. B.) þar með ósatt mál. (*Lárus H. Bjarnason*: Eg hefi séð það sjálfur). Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) getur ekki hafa séð það, því að blað það, sem hann mun eiga við, var úr skjalapartinum 1894 en ekki 1886. Alþingi átti heldur ekki skjalapart þann, er blaðið er tekið úr, heldur eg. Skjalavörður *þingsins* getur borið vitni þess, að eg keypti þingtíðindi þess árs, og liggja þau heima hjá mér til sýnis, en h. þm. Snæf. (L.H.B.) hefir aldrei skoðað þá bók.

Eg skil ekki í því, að það geti talist hroðvirknisvottur hjá okkur, þótt við legðum frumv. frá 1894, sem þá hafði gengið gegnum 6 umræður, til grundvallar fyrir frv. okkar nú, og eg skil ekki heldur í, að það geti talist höfuðsök, þótt vér til hægðarauka tækjum prentað frumv., sem við þóttumst geta hagnýtt okkur að miklu leyti, og skrifuðum inn í það breytingar okkar.

Það er annars dæmafá ósvífni, sem háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) sýnir með þessum áburði sínum á mig. Endurtaki hann ósannindi sín eftir það, að hann hefir heyrt skýringar mínar, þá hljóta allir að sjá, að hann fer með þau gegn betri vitund.

Eg sé ekki ástæðu til að fara langt út í einstök atriði málsins; að eins skal eg drepa á það, er h. þm. Snæf. (L. H. B.) bar okkur það á brýn, að við hefðum sýnt svo mikla hroðvirkni við samning frumv., að við hefðum ekki tekið tillit til þess stjórnarfyrirkomulags, sem nú er í vændum.

Þetta er alls eigi rétt hermt. — Frumv. fer hvergi í bága við nein ákvæði í stjórnarskipunarlögum, en við rígbundum okkur ekki við þetta eina fyrirkomulag, heldur hugsuðum við dálítið fram í tímann, og um það fyrirkomulag, sem líklegt er að á muni komast síðar.

Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) var að reyna að benda á einstök atriði, er honum þótti fara í bága við hið væntanlega stjórnarfyrirkomulag, og mistókst það algerlega. Það var alt misskilningur og hártoganir. En hann hefir vitaskuld ekki tekið eftir því eina atriði, sem hann hefði getað nefnt, þar sem gert er *ráð fyrir* ákvæði, sem ekki er í stjórnarskránni, það er að segja, því atriði, að gert er ráð fyrir því, að leyst sé upp önnur deild þingsins, en hin ekki. Þetta er með vilja gert, því að verði ný breyting á stjórnarskránni, má búast við, að hún gangi einmitt í þá átt, og þá er gott að ábyrgðarlögin grípi einnig yfir það, svo að ekki þurfi þá að sjóða þau upp.

H. þm. Snæf. (L. H. B.) vildi halda því fram, að orðið »landráðasök« fyndist ekki í lagamálinu, en segir þó einmitt í sömu andránni, að 9. kafli hegningarlaganna hafi þetta orð að yfirskrift. — Hvernig á að skilja annað eins og þetta?

Það hneykslaði h. þm. Snæf. (L. H. B.) að gert er ráð fyrir, að ráðgjafinn geti sætt 5000 króna sektum fyrir það, að þjóðartekjum sé í einhverjum smámunum ótilhlýðilega varið eða stjórnað. — Eg verð nú að ætla, að h. þingm. hafi lesið hér nokkuð fljótfærnislega, því að í frumv. stendur: *alt* að 5000 kr. —

Sektirnar geta því orðið miklu lægri, ef sakir eru smáar, máske ekki hærri en 2 krónur.

Eg hefi enn ekki komið fram með neina beina tillögu um, að nefnd sé skipuð í málið, en eg kvaðst búast við að það yrði fengið nefnd til meðferðar, hvort sem það svo verður fengið stjórnarskrárnefndinni eða sérstök nefnd verður skipuð í það.

Lárus H. Bjarnason: Það er nú eins um þessa ræðu háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) eins og um aðrar ræður hans, að hún er fremur smíðuð fyrir eyrun en skynsemina. Það er hljómurinn, sem alt er undir komið hjá honum. — Eg hafði að eins sagt, að mótflokkur vor hefði ekki gert ráðgjafa-ábyrgðarlögum hátt undir höfði.

H. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) gerði meira en staðfesta þessa staðhæfing mína, þar sem hann játaði, að þau væru alls eigi nefnd á nafn í stefnuskrá flokksins. — Mér þykir og þingm. gera helzt til lítið úr gamla foringjanum sínum, 2. þm. G.-K.; þar sem hann sagði, að ekki mætti saka flokkinn fyrir það, sem flokksmenn kynnu að skrifa.

Og það var meira en broslegt, að heyra þingm. verja ákvæði frumv. um fleiri ráðherra, og önnur atriði, sem ekki eiga við hið væntanlega stjórnarfyrirkomulag, sem framsýni. Trúi því aðrir en eg.

Eg skal annars ekki fullyrða það, að frumv. þetta hefði ekki komið fram nú frá h. flutningsmönnum, ef mótflokkur vor hefði verið í meiri hluta á þingi, en tvísýnt má það telja.

Það eru dæmafá hausavíxl að segja annað eins og að Heimastjórnarflokkurinn hafi á þingi 1902 horfið yfir að stefnu mótflokksins. Það er að snúa því niður, sem upp veit, sama sem að ganga á höfðinu í stað fótanna.

Allur hvellurinn, sem háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) gerði út af því, að blaðið hefði verið tekið úr Þingtíðindunum 1894 en ekki 1886 er bara hlægilegur. — Frumv. 1894 og 1885 er sem sé *orði til orðs samhljóða*, og eg skýt því þess vegna glaður undir heilbrigða skynsemi manna, hvort það hefir nokkra þýðingu í sjálfu sér, hvort heldur verið hefir, enda er ekki hægt að sjá það á frumv., hvort það hefir heldur verið rifið upp úr Þingtíðindunum 1886 eða 1894.

Það atriðið, sem þýðingu hefir í þessu máli, er það, að málinu var flaustrað af og sent ókarrað í prentsmiðjuna. — Annars játa eg, að það er allrar virðingarvert, að blaðið var rifið úr Þingtíðindum háttv. þm. (Guðl. G.) sjálfs, en eigi þingsins eða bókasafnanna.

Eg stend á því, að orðið landráðasök sé bæði ópekt og óákveðið í lagamálinu. Mér þótti þó rétt að benda jafnframt á það, að orðið »landráð« fyndist á einum stað, enda þótt eg ekki þyrfti að vera hræddur um, að háttv. flutningsmaður mundi muna eftir því. — Eg vildi skýra það atriði rétt sem annað.

Háttv. flutningsm. gat þess, að lágmark sektarinnar væri ekki tiltekið, af því að ætlast væri til, að hún gæti farið eftir vanalegu lágmarki, en það væri þó sannarlega hlægilegur selbiti, að sekta mann, sem á að hafa 9000 kr. í laun, um 2 kr.

Eg held eg hafi nú athugað flest í ræðu h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), og vil eg enda ræðu mína með því að segja, að eg hvorki fann né finn nokkra ástæðu til að skjalla frumv., sem jafnhroðvirknislega er af hendi leyst, sem þetta frv.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hlj.

Stungið upp á 5 manna nefnd, og hún samþ. í einu hlj.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og hlutu þessir kosningu:

Guðlaugur Guðmundsson,
Lárus H. Bjarnason,
Hannes Hafstein,
Skúli Thoroddsen,
Hermann Jónasson.

Önnur umr. 24. júlí (C. bls. 182; n. 311).

Framsögum. (Lárus H. Bjarnason: Eg finn ekki ástæðu til að halda langa tölu við þessa umr. Eg læt mér nægja að vísa til þess, sem eg sagði við 1. umr., og til nefndarálitsins, enda liggur engin breyt.till. fyrir. Að eins skal eg geta þess, að nefndin samþ. að hætta við að telja upp brot þau, er hugsanlegt væri að ráðherrann yrði sekur um, bæði vegna þess, að slík upptalning hefði aldrei orðið tæmandi, og vegna þess, að það hefði orðið of mikið vandaverk að leggja hæfilega refsingu við hverju broti. Hins vegar hefir nefndin skift brotunum niður í flokka, og reynt að gjöra þá svo viðtæka, að engin brot falli undan. Flokkarnir eru 3. Í fyrsta flokki eru stjórnarskrárbrot, í öðrum flokki önnur lagabrot, og í þriðja flokki brot á góðri ráðsmensku. Innan þessara þriggja aðalflokka er aftur skilið milli framkvæmdarbrota og vanrækslubrota.

1. gr. hefir inni að halda almenn ákvæði um ábyrgð ráðherrans á stjórnarathöfninni, og kveður jafnframt á um, að einungis ásetningsbrot og stórkostleg gáleysisbrot skuli vera hegningarverð.

2. gr., 3. gr. og 4. gr. lýsir brotum þannig, að hver þessara greina ræðir um einn af aðalflokkum brotanna, 5. og 6. gr. tekur fram hegningu þá, er við brotunum liggur, og hversu varahegningunni skuli háttað. Þá hefir og verið bætt við 7. gr., er ákveður að ráðherrann skuli vera skaðabótaskyldur, og að gjört skuli út um skaðabótaskyldu hans, ef þess verður krafist, jafnframt hegningunni, og er það ákvæði einkum sett til hægðarauka fyrir einstaklinga, er kynnu að þykja hallað á sig af ráðherranum.

Í 9. gr., sem nú verður 8. gr., þótti okkur rétt að taka það fram með berum orðum, að hæstiréttur skyldi til bráðabyrgða hafa dómsvald í málum móti landritaranum, af því að vafi gat verið á því, að hæstiréttur tæki við málum gegn honum án sérstakrar heimildar.

Að svo mæltu skal eg að eins óska þess, að málið fái fram að ganga.

ATKV.GR. Breyt.till. við 1. gr. (á þgskj. 162) samþ. í einu hlj.

1. gr. frumv. þar með fallin.

Breyt.till. við 2. gr. frumv. samþ. í einu hlj.

2. gr. frumv. þar með fallin.

Breyt.till. við 3. gr. frumv. samþ. í einu hlj.

3. gr. frumv. þar með fallin.

Breyt.till. við 4. gr. frumv. samþ. í einu hlj.

4. gr. frumv. þar með fallin.

Að 5., 6., og 7, gr. frumv. falli burt samþ. í einu hlj.

Breyt.till. við 8. gr., er verður 5. gr., samþ. í einu hlj.

8. gr. frumv. þar með fallin.

Viðaukatill.: Ný gr., er verður 6. gr., samþ. í einu hlj.

Viðaukatill.: Ný gr., er verður 7. gr., samþ. í einu hlj.

Breyt.till. við 9. gr. frumv., er verður 8. gr., samþ. í einu hlj.

10. gr. frumv., er verður 9. gr., samþ. í einu hlj.

Breyting á fyrirsögninni samþ. í einu hljóði.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hlj.

Þriðja umr. 27. júlí (C. bls. 346).

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni sþ. í einu hlj., og verður afgreitt til Ed.

Ein umr. 17. ágúst (C. bls. 623; n. 639; 644).

Framsögum. (Lárus H. Bjarnason): Eins og sjá má af áliti nefndarinnar á þgskj. 501, þá hefir nefndin, sem skipuð var í þetta mál, er það var hér fyrir deildinni, haft frv. eins og það kom frá h. Ed. til íhugunar, en ekkert fundið við þær breytingar að athuga, sem h. Ed. hefir gert á frv., enda eru það óverulegar orðabreytingar, en þó fremur til bóta en hitt.

Þegar nefndin fór betur að athuga frumv., tók hún eftir því, að úr frv. hafði fallið ein grein, sem nefndin ætlaðist til að þar stæði, og hefir því, til að ráða bót á þessu, leyft sér að koma fram með breyt.till. á þgskj. 512., um að á eftir 7. gr. komi ný grein svo hljóðandi: »Málshöfðun eftir lögum þessum getur eigi átt sér stað, ef 5 ár líða frá því er brot var framið, án þess að alþingi hafi tekið ályktun um málshöfðun«.

Hér er að eins að tala um fyrning á *pólitiskum* brotum ráðherrans en ekki almennum, er hann kynni að gera sig sekan í, og með því að endir verður að vera á allri þrætu, og þá líka á pólitískri þrætu, þá treysti eg því, að háttv. deild muni samþ. breyt.till., og síðan frumv. þannig breytt.

ATKV.GR: Breyt.till. á þgskj. 512 samþ. í einu hlj.

Frumv. í heild sinni þannig breytt samþ. í einu hljóði, og sendist á ný til Ed.

Fjáraukalög 1900 og 1901.

FRUMVARP til fjáraukalaga fyrir árin 1900 og 1901; 1. umr. 3. júlí. (C. bls. 69).

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. Málinu vísað til reikningslaganefndarinnar.

Önnur umr. 18. júlí. (C. bls. 69, n. 236).

Framsögumaður (Ólafur Briem): Nefndin hefir leyft sér að koma fram með 2 brt.

Fyrri brt. miðar að því, að taka upp í aukafjárlögin 1900—1901 eftirstöðvar af útgáfukostnaði við Stjórnartíðindin og Landshagsskýrslurnar 1899, að upphæð 826 kr. 90 a., en orsökin til þess, að þennan kostnað þarf að taka upp í fjáraukalögin er engin önnur en sú, að upphæðin hefir komið til útborgunar eftir að fjárlögin 1898 og 1899 voru gengin úr gildi. Það er því að eins formsins vegna, að við óskum þessa breytingu tekna upp.

Hin brt. miðar einungis til þess, að lagfæra misprentun á ártali (1900 í staðinn fyrir 1901).

Eins og h. hv. þgdm. munu hafa tekið eftir, þá lúta umframgreiðslurnar á fjáraukalögunum mest að samgöngumálum og er aðalútgjaldaliðurinn þar af til vegabóta. Nefndin játar að vísu, að fé það, sem gengur til vegabóta, komi að góðum notum, sé því að öðru leyti vel varið, en áleit þó að þessi útgjöld yrðu að hafa föst takmörk, og að þessi takmörk væru einmitt þær upphæðir, sem veittar væru á fjárlögunum, þannig að stjórnin væri að jafnaði bundin við þær. En hins vegar viðurkennir nefndin, að svo geti staðið á, að það sé ekki einungis haganlegt, heldur geti jafnvel verið nauðsynlegt að brúka meira fé en veitt er, til þess að ljúka

við ákveðna vegabót, þegar svo er ástatt, að það er skaði að láta hana bíða til seinni tíma. Nefndin þóttist vita, að svo mundi vera ástatt hér, og hefir því mælt með að umrætt fé verði veitt.

ATKV.GR.: 2. gr. frv. sþ. í e. hlj.

1. brt. á þgskj. 96 við 2. gr. frv. sþ. í e. hlj.

2. brt. á þgskj. 96 við 3. gr. frv. sþ. án atkvgr.

3. gr., með áorðinni breyt., sþ. í e. hlj.

4. gr. sþ. í e. hlj.

1. gr. frv., breytt, sþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin sþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr.: 21. júlí. (C. bls. 276).

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni sþ. í hlj. og afgreitt til Ed.

Fjáraukalög 1902 og 1903.

FRUMVARP til fjáraukalaga fyrir árin 1902 og 1903. 1. umr. 3. júlí. (C. bls. 63.)

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. Málinu vísað til fjárlaganefndarinnar.

Önnur umr. 20. júlí. (C. bls. 63, n. bls. 272).

Framsögum. (Pétur Jónsson): Vonandi þarf ekki langrar framsagnarræðu við um þetta mál, því að nefndin hefir tekið fram í áliti sínu alt, er hún vildi sagt hafa.

Í rauninni er það að eins ein breyting, er nefndin hefir stungið upp á við stjórnarfrv., og er hún sú. að fella burt 3. gr. frv. Í nefndarálitinu er gerð nægileg grein fyrir þessari tillögu. Stjórnarráðinu hefir fundist sanngirni mæla með að borga nokkrum Færeyingum alt að 5000 kr. úr landssjóð sem uppbót á fé, er þeir mistu við gjaldþrot tveggja manna hér, sakir þess að hér eiga í hlut fátækir og ólögfróðir sjómenn, er hafa treyst því, að sýslumaður mundi framkvæma störf sín við þrotabúið á þann hátt, að rétti þeirra yrði borgið. En hins vegar ber þess að gæta, að gjaldþrot þau, sem um er að ræða, hafa, eins og kunnugt er, orðið svo mörgum öðrum að tjóni, að yrði hér farið að ríða á vaðið með að veita uppbót, þá hlytu margar sams konar bænaskrár að koma á eftir. Nefndinni virðist því ekki ástæða til að sinna þessari »sanngirniskröfu«, og það því síður, sem ekki er — eins og stjórnarráðið tekur fram — um lagalega kröfu að ræða.

Að öðru leyti eru uppástungur nefndarinnar eingöngu viðaukatillögur, og finn eg ekki ástæðu til að flytja langt erindi til stuðnings þeim, með því að nægileg grein er gerð fyrir þeim í nefndarálitinu.

Þess má geta um málaleitan hr. héraðslæknis Björns Blöndal, um launauppbót, að hún hefir að sönnu komið áður fyrir þingið, en þá mun ekki hafa verið gerð jafn rækilega grein fyrir henni sem nú. Nefndinni fanst ekki ástæða til, að láta þenna eina lækni, sem ekki var svo heppinn að fá veitingu fyrir héraði því, er hann þjónaði, strax eftir að læknalögin nýju gengu í gildi, sitja á hakanum fyrir öðrum aukalæknum, og hefir því lagt til, að hann fengi fullkomin héraðslæknislaun frá sama tíma og aðrir. En hins vegar áleit nefndin, að ekki gæti komið til greina að miða árslaunin við laun þess læknishéraðs, er hann þá gegndi, heldur taldi hún réttara, að miða við árslaunin í því héraði, er hann fekk veiting fyrir.

Að því er kemur til brt. 3, viðvíkjandi Elliðaeyjarvitanum, þá eru auð-

vitað aðrir færari um að skýra það mál en eg. Þó get eg ekki ímyndað mér, að neinn ágreiningur verði um það efni, vegna þess, að hér er að eins að ræða um upphæð, er samsvarar þeirri, sem látin var ónotuð af fjárveitingunni til vitans á fjárlögunum 1901. En hitt má þykja kynlegt, að fara þarf að flytja vitann eftir ein 2 ár. Hverjum er það að kenna? Nefndin vissi, að sökin hvílir eigi á þeim, er vitann bygðu; þeir settu hann á þeim stað, er vitastjórnin danska vildi. Henni mætti því fremur um kenna. Nú gæti það verið álitamál, hvort ekki ætti að fara fram á við vitastjórnina, að hún borgaði einhverja uppbót fyrir þetta. Um það vildi nefndin þó ekki gera neina tillögu.

Tillaga nefndarinnar um fjárveitingu til ekkju Jóns heitins vitavarðar Gunnlaugssonar vona eg að sæti góðum undirtektum. Eg man, að fyrir tveim árum lá fyrir fjárlaganefndinni beiðni frá Jóni heitnum um uppbót fyrir túnrækt og aðrar umbætur, er hann hafði gert á lóð vitans; þá var það hugsun nefndarinnar, að hann hlyti að fá slíka uppbót er hann færi frá vitanum. Það er því í samræmi við þá hugsun, að nú sé ekkjan látin njóta uppbótarinnar.

Sama er að segja um húsaleigustyrksumsókn Möðruvallaskólapilta. Það er hart að láta þá nemendur, er ráðist höfðu á skólann sem heimavistaskóla áður en brann, gjalda þessa óhapps; enda fanst nefndinni rétt að veita þennan styrk, og það því fremur, sem upphæð sú á fjárlögunum, er ætluð var til heimavista við skólann, sparaðist við brunann. Eg finn einnig ástæðu til að minna á, að fyrir kennarana við skólann hefir líka stafað mikið tjón af brunanum, þar sem þeir meðal annars hafa orðið að leita sér húsnæðis á Akureyri með lakari kjörum. Sérstaklega hefir óhapp þetta haft í för með sér bein útgjöld fyrir 2. undirkennara, útgjöld, er hann algjörlega hefði sloppið við, ef hann hefði getað setið kyr á heimili sínu að Möðruvöllum. Þó hefir nefndin ekki tekið upp brt. um þetta efni, með því að hún taldi það öðrum skyldara.

Að því er snertir fjárveitingartillögurnar til útrýmingar fjárkláðanum, læt eg mér nægja að skírskota til álits fjárkláðanefndarinnar. Það er og kunnugt, að það mál hefir fengið hinar beztu undirtektir hjá þingmönnum á almennum privatfundi þeirra hér í salnum.

Landshöfðingi: Eg vil leyfa mér að þakka nefndinni fyrir hinar góðu undirtektir hennar undir frv. stjórnarinnar. Hún hefir engar breytingar við það gert, nema þá eina, að fella burt 3. gr. þess, er mér fyrir mitt leyti aldrei hafði dottið í hug að þingið mundi samþykkja; enda lagði eg á móti þessu atriði. En samt hefir stjórnin tekið það inn í frumv. Eg hafði, satt að segja, heldur ekki búist við, að þingið mundi vilja veita styrk þann, er farið er fram á í 2. gr.

Viðaukatillögum nefndarinnar get eg verið samþykkur, og finnast mér þær á góðum rökum bygðar. Þó er þar eitt atriði, er mér þykir athugavert. Eg á við 4. liðinn, þar sem farið er fram á að veita skuli 22,800 kr. til kláðalækninga í Norður- og Austuramtinu. Eg skil ekki hvernig þessi upphæð kemur út, því að ekki sé eg að heimild sé til að telja kensluna með. Mér hefir skilizt, að hr. Myklestad hafi kent kláðalækningar í Norður- og Austuramtinu jafnótt og hann kendi mönnum að þekkja kláðann. Því fæ eg ekki betur séð, en að 1000 kr. eigi að dragast frá upphæð þeirri,

er hér er tiltekin, þannig að hún færist niður í 21,800 kr. Annars vil eg skjóta þessu til fjárkláðanefndarinnar.

Stefán Stefánsson: Til skýringar því atriði, er hæstv. landshöfðingi mintist á í niðurlagi ræðu sinnar, skal eg geta þess, að hugsun nefndarinnar var, að til kláðalækninga í Austuramtinu gengi á komanda ári 500 kr., því að þar hefir engin kensla farið fram enn, og að öðrum 500 kr. væri varið til að kenna mönnum úr Mýra- og Borgarfjarðarsýslum kláðalækningar. Var það ætlan vor nefndarmanna, að hr. Myklestad færi síðari hluta vetrar suður um heiðar til kláðakenslu, er hann hefði lokið störfum fyrir austan og norðan land. Það er ekki meiningin að Myklestad fái þessar fjárupphæðir, heldur eru þær ætlaðar til styrks þeim er læra. Í fyrra fekk hver þeirra 1 kr. á dag. Ef til vill væri ástæða til að lækka liðinn um 500 kr., og færa þann hluta upphæðarinnar yfir á næsta ár.

ATKVGR.: 2. gr. frv. óbreytt samþ. með 21 samhlj atkv.

1. brt. á þgskj. 118, að 3. gr. frumv. falli burt, sþ. í e. hlj.

4. gr. frv. óbreytt sþ. í e. hlj.

2. brt. á þgskj. 118, (við 4. gr. frv., sem verður 3. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

5. gr. frv. óbreytt samþ. með 20 atkvæðum.

Viðbót við 5. gr., 5. tölul., samþ. með 22 atkv.

Viðbót við 5. gr., 6. tölul., samþ. með 22 atkv.

3. brt. á þgskj. 118 (við 6. gr. frv., sem verður 5. gr.) samþ. með 22 atkvæðum.

6. gr. frv. með áorðnum breyt. sþ. í e. hlj.

4. brt. (118) ný gr., sem verður 6. gr., samþ. með 21 atkv.

1. gr. frv. með áorðnum breyt. sþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frv. álitin samþ. án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 22. júlí (C. bls. 282, 288).

ATKVGR.: Viðaukatill. á þgskj. 140 samþ. í e. hlj.

Frumv. í heild sinni samþ. í e. hlj. og verður afgreitt til Ed.

Ein umr., 13. ágúst (C. bls. 436; n. 607).

Framsögumaður (Pétur Jónsson): Eg ætla ekki að ræða langt um þetta mál; frv. þetta hefir verið athugað hér áður, og nú hefir nefndin gert grein fyrir skoðun sinni í nefndarálitinu út af breytingum háttv. Ed. Viðvíkjandi 1. lið við 2. gr., þá hefir Ed. gert þá tillögu, að aðflutningsgjald af tollskyldum vistaforða, sem landmælingadeild hins danska herstjórnarráðs hefir flutt inn 1902—03, til nota við störf sín hér á landi, falli burtu sem tekjugrein. Mér og nefndinni hefir verið sýndur reikningur fyrir þessu og þótti nefndinni að vísu álitamál, hvort rétt mundi vera að undantaka þennan toll, en samt félst hún á það, að gera enga breytingu í þessu efni. Að því er 3. liðinn snertir við 6. gr., þá hefir háttv. Ed. gert þá breyting, að hún hefir ákveðið 500 kr. uppbót til hvors af kennurum Möðruvallaskólans, fyrir húsaleigukostnað þeirra á Akureyri, frá 1. okt. 1902 til 31. des. 1903. Áleit nefndin þetta sanngjarnt og hefir fallist á það. Aftur gæti verið meiningamunur um 4. lið við 8. gr., hvort það er sanngjarnt, að sú uppgjöf sé gefin eftir, sem þar er farið fram á, nefnilega að forstöðumanni Möðruvallaskólans sé gefnar upp eftirstöðvar af

láni, sem hann tók til vegagerðar í skólans þarfir, frá Gásum að Möðruvöllum. Nefndinni var ekki vel kunnugt um þetta, og sízt að fyrir lægju reikningar um þetta. En aftur á móti þótti nefndinni eðlilegt, þar sem þetta embætti, sem skuldin hvíldi á, var flutt frá Möðruvöllum og skólinn var fluttur þaðan líka, að þessari skuld væri létt af, einkum þar sem svo virðist, sem það hafi verið borgað reglulega af þessu láni eftir samningi á skuldabréfinu. En eg vænti að hæstv. landsh. geri grein fyrir þessu máli, og eg fer því ekki frekar út í það.

Það er eitt atriði í breytingum háttv. Ed., sem nefndin leggur til að falli burtu. Það er 2. liður; að í 5. gr. bætist greiðsla á eftirstöðvum skulda fyrir brúargerð yfir Laxá, á þjóðveginum meðfram Hrútafirði að vestanverðu. Nefndin hefir álitið að þetta gæti leitt til þess, að fleiri sýslufélög færu að krefjast fyrir fjárframlög til sýsluvega, er seinna hafa orðið þjóðvegir, og lagðir voru á meðan enn þá var ekki fast ákveðin lega sumra þjóðvega. Vegarkafli sá, sem þessi brú er á, var áður sýsluvegur, en hefir nú verið gerður að þjóðvegi. Þetta var það sem vakti fyrir nefndinni, ekki að þessi uppgjöf væri í sjálfu sér ósanngjörn, heldur mætti búast við, að með því að gefa þetta upp, mundu með tímanum koma fram fleiri svona lagaðar kröfur en holt væri.

Landshöfðingi: Út af ummælum þeim, sem koma fram í nefndarálitinu, skal eg geta þess, að orsökin til þess að eg kom ekki fram með mína brt. við 8. gr., fyr en til 3. umr. í Ed., var sú, að beiðnin um þessa uppgjöf á eftirstöðvum lánsins til forstöðumanns Möðruvallaskólans kom ekki til mín fyr en frv. hafði verið afgreitt frá þessari deild. En hvað sem því líður, var háttv. fjárlaganefnd vel kunnugt um það lán, sem Jón A. Hjaltalín fekk til þess að leggja veg frá Gásum að Möðruvöllum, til þess að geta flutt kol og fleiri nauðsynjar til skólans meðan hann var þar. Hvort þessum 1000 kr. hefir öllum verið varið í brautina, er mér ókunnugt um, en eitt er víst, að hann er nú búinn að borga auk vaxta 553 kr. 43 a. En nú þegar hann er farinn frá Möðruvöllum og skólinn er fluttur þaðan, þá er hart að hann sé að borga þetta lán; mér að minsta kosti finst það ósanngjarnt, og því kom eg fram með þessa brt. Háttv. Ed. félst á hana, og vona eg að þessi háttv. deild geri slíkt hið sama.

Lárus H. Bjarnason: Það sem kemur mér til að standa upp, er það, sem háttv. nefnd hefir lagt til viðvíkjandi 5. gr. Hún leggur til að greiðsla á eftirstöðvum skuldar fyrir brúargerð á Laxá í Hrútafirði falli burt. En eg er hér á öðru máli; mér finst engin ástæða til, þegar deildin hér fyrir skemstu er búin að gefa Árnesingum upp lánið Ölfusárbrúarinnar, að þá sé feld sams konar beiðni frá Strandamönnum. Eg sé ekki betur en Strandamenn hafi fulla heimting á, að þeim sé gefið upp þetta lán eins og Árnesingum. Strandamenn hafa ekki notið eins mikils styrks til vegagerða eða annars eins og Árnesingar. Þessi brú á Laxá var bygð 1895, en árið eftir, 1896, brotnaði hún og var þá bygð upp aftur. Í fyrra skiftið var hún bygð fyrir kringum 1000 kr., en fyrir hér um bil 2000 kr. í seinna skiftið. Eg sé ekki betur en það sé rétt og sanngjarnt að láta sama ganga yfir Strandamenn og Árnesinga, einkum þar sem vegur þessi er með lögum 10. jan. 1900 gerður að þjóðvegi.

Framsögumaður (Pétur Jónsson): Eg ætla ekki að taka svari deildarinnar með uppgjöf lánsins til Ölfusárbrúarinnar, því að eg greiddi atkvæði á móti því, en þrátt fyrir það sé eg ekki annað en hér sé nokkur skilsmunur. Ölfusárbrúin var bygð á þjóðvegi en brúin á Laxá á sýsluvegi, og er sýslunni því skylt að bera kostnaðinn, úr því brúin var bygð áður en vegurinn var gerður að þjóðvegi.

Stefán Stefánsson: Það sem eg ætla að segja, er að eins viðvíkjandi uppgjöf lánsins til vegagerðarinnar frá Gásum að Möðruvöllum, sem forstöðumaður Möðruvallaskólans tók. Mér er kunnugra um þetta en flestum öðrum. Eg veit reyndar ekki, hversu mikið fé hefir farið til vegarins, en það getur varla hafa verið minna en það, sem nú stendur eftir af skuldinni. Hafi þessu fé verið varið til þessarar vegagerðar, sem engin ástæða er til að efast um, þá er ekki nema sanngjarnt að það sem eftir stendur, sé gefið upp, þegar hvorki skólastjóri, sem þegar hefir endurborgað 600 kr. af láninu, eða skólinn hafa lengur not af þessum vegi, það er ekki einungis sanngjarnt, heldur sjálfsagt.

Þórh. Bjarnarson: Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) sagði að það væri mótsögn í því hjá deildinni, að samþykkja uppgjöf lánsins til Ölfusárbrúarinnar, en fella það, að lánið væri gefið upp til brúarinnar á Laxá í Hrútafirði. Eg kannast ekki við að nokkur mótsögn sé í þessu. Eg vil benda á þann verulega mun, að lánið til Ölfusárbrúarinnar hvílir að hálfu á jafnaðarsjóði og sýslur hafa því greitt það og greiða, sem hvorki hafa haft eða munu hafa minsta gagn af láninu. Það frv. á líka eftir að vera fyrir Ed., og er tvísýnt um það þar. Nú er rétt að lofa Ed. að átta sig aftur á Laxárbrúaruppgjöfinni, þá hefir deildin í senn fyrir báðar uppgjafirnar, og lætur væntanlega eitt ganga yfir báðar, en ef við samþykkjum þetta frv. óbreytt frá Ed., þá er það orðið að lögum, en svo gæti farið, að hin uppgjöfin félli í Ed., og væri það mikill ójöfnuður. Þetta finst mér mæla með því að deildin samþykki tillögu fjárlaganefndarinnar að fella þessa uppgjöf á láninu til Laxárbrúarinnar burt að svo stöddu.

Lárus H. Bjarnason: Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) sagði, að sá væri munurinn á þessu máli og frv. um uppgjöf eftirstöðva á Ölfusárbrúarláninu, að Ölfusárbrúin væri bygð á þjóðvegi, en Laxá ekki. Þetta er enginn munur. Brúin á Laxá við Hrútafjörð er nú á þjóðvegi engu síður en Ölfusá, og það er því siðferðisleg skylda landssjóðs að gefa þetta lán upp, engu síður en það er lagaleg skylda landssjóðs að byggja brúna upp ef hún nú brotnaði niður. Það er sömuleiðis óþarfi fyrir háttv. sama þm. (P. J.) að vera að bera svo mikinn kvíðboga fyrir þeim afleiðingum, sem af þessari uppgjöf mundi leiða fyrir landssjóð; eg man ekki til þess, að þingið hafi gert nokkurn sýsluveg að þjóðvegi núna upp á síðkastið annan en þenna Hrútafjarðarveg, sem brúin liggur á.

Mér þótti nokkuð kynlegt að heyra, að atkvæði háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) í málinu um uppgjöf á eftirstöðvum á láni til Ölfusárbrúarinnar, sem samþykt var í deildinni í morgun, var miðað við það, að frv. mundi verða felt í háttv. Ed. (*Þórh. Bjarnarson:* Þetta er rangfærsla á orðum minum; lánið hvílir jafnframt á jafnaðarsjóði Suðuramtsins, og það ranglæti vil eg afnema). Ekki bætir það heldur úr skák, hafi þm. greitt atkvæði sitt með málinu, af því að um uppgjöf á láni til jafnaðarsjóðs Suðuramtsins var að ræða,

því þá hefir atkvæði þm. stjórnast af hreppapólitík, og hún á ekki við fremur í þessu máli en öðrum. (*Þórhallur Bjarnarson*: Ekki meiri hreppapólitík hjá mér en þm. Snæf.)

ATKV.GR.: Brt. á þingskj. 464, við 5. gr. frv., samþ. með 14 gegn 7 atkvæðum.

Frv. í heild sinni þannig breytt sþ. með 19 samhlj. atkv. og verður á ný sent til Ed.

Alþingiskosningalög.

FRUMVARP til laga um kosningar til alþingis.

Fyrsta umr. 23. júlí (C. bls. 293).

Björn Kristjánsson: Eg vil leyfa mér að stinga upp á að skipuð verði 5 manna nefnd í þetta mál.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hljóði.

5 manna nefnd samþykt í einu hljóði.

Viðhöfð hlutfallskosning og í nefndina kosnir:

Jón Magnússon,
Björn Kristjánsson,
Hannes Þorsteinsson,
Árni Jónsson,
Jóhannes Jóhannesson.

Önnur umr. 5. ágúst (C. bls. 293; 345; n. 441).

Framsögumaður (Árni Jónsson): Eins og nefndarálitið ber með sér, þá hefir nefndin ráðið háttv. deild til að samþ. frumv. óbreytt. —

Nefndin hefir í áliti sínu leyft sér að vitna til nefndarálits háttv. Ed., þar sem tekið er ítarlega fram í hverju frumvarp þetta sé frábrugðið frumv. því, er samþ. var á síðasta þingi, en sem stjórnin sá sér ekki fært að staðfesta vegna nokkurra smágalla, er henni þótti vera á frumv. — Nefndin hefir tekið þetta alt til rækilegrar íhugunar, og þrátt fyrir nokkur smáatriði, sem henni hefði þótt mega betur fara á frumv., eins og það kom frá h. Ed., þá varð niðurstaðan samt þessi, að hún ræður deildinni til að samþykkja frumv. óbreytt. Eg skal þess vegna ekki fara neitt út í þessi atriði yfirleitt, en að eins geta um eitt einasta af þeim, sem stendur í sambandi við ákvæði 34. gr., um að sá, sem sýnir vottorð sýslumanns fyrir því, að hann hafi afsalað sér konsingarrétti í því kjördæmi, sem hann stendur á kjörskrá í, geti neytt kosningarréttar síns innan þess kjördæmis, þótt hann hafi flutt sig á milli hreppa.

Nefndin, sem fjallaði um þetta mál hér í deildinni í fyrra, óskaði að þetta ákvæði næði ekki einungis til þeirra, sem væru búsettir í kjördæminu, heldur einnig til þeirra, sem flyttust milli kjördæma, og sömu skoðunar var einnig nefndin í ár, en vildi þó hins vegar ekki vera að fara fram á þessa breytingu, og tefja með því framgang málsins.

Það hefir komið fram ein breyt.till. frá háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.) á þgskj. 194. Nefndin hefir haft tækifæri til að íhuga þessa breyt.till., en hefir ekki getað ráðið h. deild til þess að fallast á hana, eins og tekið er fram í nefndarálitinu. Breyt.till. er þess efnis, að þóknun til undirkjörstjóra falli burt. Nefndinni virtist ekki vera ástæða til að álíta, að undirkjörstjórar væru fremur skyldir til að vinna þessi verk borgunarlaust en yfirkjörstjórarnir, bæði vegna þess, að þetta eru menn, sem mörg störf hvíla á, sem þeir fá enga borgun fyrir, og svo einnig vegna þess, að það er stöðugt að fara í vöxt, að borga fyrir slík op-

inber störf, eins og líka er mjög eðlilegt, þar sem vinnukrafturinn í landinu fer stöðugt minkandi, og því eðlilega verður dýrari, svo menn í sveitum hafa ekki, fremur en aðrir, ráð á að eyða tíma sínum endurgjaldslaust til opinberra þarfa. Eins má líka benda á það, að í núgildandi lögum er ákveðin borgun til allrar kjörstjórnarinnar. Það sýnist heldur ekki vera neinn jöfnuður eða sanngirni í því, að borga einungis þeim opinberum starfsmönnum, sem hæst eru launaðir, fyrir aukastörf, sem á þá eru lögð, en láta þá, sem eru minni máttar, framkvæma sömu eða lík störf endurgjaldslaust, og láta þá litla eða næstum enga þóknun fá fyrir þau opinber störf, sem þeim er ætlað að inna af hendi. — Nefndin óskar því að þingd. samþ. frumv. óbreytt.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg stend upp að eins til þess að lýsa því yfir, að mér dettur ekki í hug að gera þessa breyt.till. mína að neinu kappsmáli; en vegna þess að það var látið í ljósi í mínu kjördæmi, að með því að borga undirkjörstjórum dagpeninga væri lagður óþarfa kostnaður á hreppana, þá vildi eg gefa háttv. þingdm. tækifæri til að greiða atkvæði sérstaklega um þetta atriði. — Hvað kostnaðinn annars snertir, þá er einnig þess að gæta, að það er ekki nema um eins dags kaup að ræða að jafnaði 6. hvert ár, svo hér getur ekki verið að tala um neinar sérlega þungar byrðar á þessum starfsmönnum.

Að öðru leyti hefi eg ekki neitt verulegt að athuga við frumv., nema mér finst það hefði ekki verið úr vegi að taka ákvæði um skarpara eftirlit með samning kjörskráa en gert hefir verið; en auðvitað mætti þá síðar, ef reynslan staðfesti þessa nauðsyn, breyta þessum ákvæðum með sérstöku frumv.

ATKV.GR.: 1. kafli (1.—6. gr.) sþ. í einu hlj.

2. kafli (7.—9. gr.) samþ. í einu hlj.

3. kafli (10.—18. gr). samþ. í einu hljóði.

4. kafli (19.—22. gr.) samþ. í einu hljóði.

5. kafli (23.—24. gr.) samþ. í einu hljóði.

6. kafli (25. gr.) samþ. í einu hljóði.

7. kafli (26.—28. gr.) samþ. í einu hljóði.

8. kafli (29.—45. gr.) samþ. í e. hlj.

9. kafli (46.—52. gr.) samþ. í einu hljóði.

10. kafli (53. gr.) samþ. í einu hljóði.

11. kafli (54.—56. gr.) samþ. í einu hljóði.

1. breyt.till. á þgskj. 194 feld með 14 : 2 atkv.

2. breyt.till. á þgskj. 194 þar með fallin.

12. kafli (57. gr.) samþ. í einu hljóði.

13. kafli (58.—63. gr.) samþ. í einu hljóði.

Ákvæði um stundarsakir samþ. í einu hljóði.

Fyrirsögnin samþ. án. atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Þriðja umr. 8. ágúst (C. bls. 193).

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni samþ. með 18. samhlj. atkv., og verður afgreitt til landsh., *sem lög frá alþingi.*

Bráðabirgðaþingsköp fyrir alþingi.

FRUMVARP til laga um þingsköp til bráðabirgða fyrir alþingi 1. umr. 12. ágúst (C. bls. 572).

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 20 samhlj. atkv.

Onnur umr. 14. ágúst (C. bls. 572).

ATKV.GR.: Frumv.gr. samþ. í einu hljóði.

Fyrirsögnin talin samþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Þriðja umr. 17. ágúst (C. bls. 572).

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni samþ. með 20 samhlj. atkv., og verður afgreitt til. landsh., *sem lög frá alþingi.*

Kosning 4 nýrra þingmanna.

FRUMVARP til laga um kosning fjögurra nýrra þm.; 1. umr. 25. júlí (C. bls. 330).

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hlj.

Málinu vísað til nefndarinnar í kosningalagamálinu í einu hljóði.

Önnur umr., 31. júlí (C. bls. 330; n. 406).

Framsögumaður (Árni Jónsson): Nefndin, sem sett var í kosningarlagamálinu, og sem frumv. þessu var vísað til, áleit það vera rétt ráðið af háttv. Ed., að taka mál þetta út úr kosningarlagafrumv., og taka það upp í sérstakt frumv.

Sú eina breyting, sem orðið hefir á efni málsins, er innifalin í því, að þar sem í frumv., eins og það kom frá stjórnarinnar hendi, var ákveðið, að tveir af þessum 4 nýju þingmönnum, sem bæta á við, ef frumv. það um breyting á núgildandi stjórnarskipunarlögum, sem fyrir þinginu er, verður að lögum, skyldu kosnir í Reykjavík, þá hefir Ed. samþykt að skifta þeim jafnt niður á alla 4 kaupstaði landsins, þannig að Reykjavík kýs ekki nema einn þingmann í viðbót við þann, sem hún hefir, Ísafjörður kýs einn, Akureyri einn og Seyðisfjörður, sem enginn sérstakur þingmaður var ætlaður eftir stjórnarfrumv., sömuleiðis einn.

Að vísu komu fram í Ed. ýmsar aðrar tillögur um, hvernig setja skyldi niður þessa nýju þingmenn, en niðurstaðan varð þó þessi.

Eins og sést af nefndarálitinu, þá hefir nefndin hér í deildinni einnig álitið þetta heppilegustu leiðina, og því ráðið deildinni til að samþykkja frv. óbreytt, en eg skal jafnframt taka það sérstaklega fram, að nefndin er öll samdóma um það, eins og nefndarálitið einnig ber með sér, að hún álítur þetta fyrirkomulag alls ekki geta verið til frambúðar, eða myndað nokkurn grundvöll fyrir því, hvernig þessum kosningum, eða kjördæmaskipun og þingmannatölu eftir landsfjórðungum, verður hagað eftirleiðis.

Nefndin öll var á sama máli um það, og þó sérstaklega óskaði formaður nefndarinnar þess getið, að með þessu væri gengið fram hjá landssveitunum, sem hefðu fullan rétt til að fá einn eður fleiri af þessum þingmönnum, en það sem olli því, að nefndin samt ræð ur háttv. deild til að samþykkja frv. óbreytt, er það, að nefndinni virtist þessi skipun vera í svip lang brotaminst og haganlegust, og svo hitt, að hér er að eins um kosningu til tveggja þinga að ræða.

Þetta voru þær ástæður, sem vöktu fyrir nefndinni, enda líka tvísýnt hvaða fyrirkomulag mundi verða ofan á, ef farið væri að breyta frv.

Eg skal að lokum taka það fram, að nefndin fann ástæðu til að geta þess, beint í nefndarálitinu, að hún álíti rétt landssveitanna með þessu fyrirkomulagi fyrir borð borinn, með fram vegna þess, að formaður nefndarinnar mun hafa

haft beinar áskoranir frá kjósendum sínum um að vinna að því, að að minsta kosti einn þessara nýju þingmanna kæmi á landssveitirnar, sem einnig er eðlilegt, þar sem Árness- og Suður-Þingeyjarsýsla, og þó sérstaklega Árnessýsla, hafa lang-flesta kjósendur miðað mið þingmannatölu þeirra héraða.

Þar sem engar breyt.till. hafa komið fram, þá finn eg ekki ástæðu til að fjölyrða meira um málið að sinni.

Hannes Þorsteinsson: Eins og h. framsögum. nefndarinnar (Á. J.) tók fram, og einnig nefndarálitið ber með sér, þá hefi eg samkvæmt áskorunum frá kjósendum mínum, viljað látið þess getið, að eg álít það hefði verið miklu réttara, að þessi viðauki fjögurra nýrra þingmanna hefði að mestu leyti eða að minsta kosti að einhverju leyti verið látinn lenda hjá landssveitunum en ekki allur hjá kaupstöðunum. Eg veit ekki hvort fleiri þingmenn hafa fengið líkar áskoranir frá sínum kjósendum, en eg veit það með sönnu, að eystra, í mínu kjördæmi, er töluvert almennur vilji í þessa átt, og það á ekki rót sína að rekja til neinnar eigingirni eða hlutdrægni, heldur er það fullkomin sanngirniskrafa, sakir þess, að Árnessýsla er lang-fjölmennasta sýslan á landinu, og ætti að réttu lagi að hafa 3 þingmenn, ef miðað er við kjósendafjölda.

Þegar miðað er við mannfjölda og viðáttu kjördæmisins, þá stendur því Árnessýsla miklu nær til að fá þingmanns viðbót, heldur en bæði Akureyri og Ísafjörður, en þó einkanlega Seyðisfjörður. Það er ekki neinn samanburður á því.

Eg hefi þó ekki svo mjög mikið á móti því, að viðbótin sé látin lenda bæði á Akureyri og Ísafirði, af því að þessi skipun að eins er til bráðabirgða, og ætti því ekki að verða til þess, að þessi nýju bráðabirgðakjördæmi stæðu nær til að halda þingmanni sínum, þá er ný kjördæmaskipun verður gerð, og á það vil eg leggja sérstaka áherzlu. — En hvað Seyðisfjörð snertir, þá hefir hann meðal kaupstaðanna lang-minstar kröfur til að fá sérstakan þingmann, enda þótt ekki sé nema til bráðabirgða. Bæði er það, að bærinn sjálfur er mjög fámennur og lítill, lítlu mannfleiri en t. d. Eyrarbakki einn, og svo er sýslan, Norður-Múlasýsla fremur fámenn í samanburði við önnur kjördæmi, sem kjósa 2 þingmenn, svo það er ekki nokkur sanngirni í því, að sýslan hafi 3 talsmenn á þingi. Aftur á móti er Árnessýsla engu betur sett en Reykjavík verður eftir þessa viðbót. Auk þess verður að taka tillit til þess, er um Reykjavík er að ræða, að margir af þingmönnum þeim, sem ætíð eiga sæti á þingi, eru einmitt Reykvíkingar. — Nú sem stendur eru 14 þingmenn á þingi, sem eiga heimili í Reykjavík, og það má þá búast við, að þeir allir til samans bæti það upp, þótt Reykjavík hafi ekki nema 2 fulltrúa á þingi. — Af þessari ástæðu þótti mér ekki brýn þörf á, að koma fram með breyt.till. um að 2 af þessum 4 nýju þingmönnum skyldu kosnir í Reykjavík.

En þrátt fyrir þessa galla álít eg engu að síður það fyrirkomulag, sem farið er fram á í frumv., vera það heppilegasta eins og á stendur til bráðabirgða; því það fyrirkomulag, sem stungið var upp á í efri deild, að skifta þessum nýju þingmönnum niður á ömtin, það er að mínu áliti fjær öllum sanni; það er bæði óhentugt og alveg ógerlegt, þegar til framkvæmda kemur. —

Eg skal ekki að svo stöddu máli fara neitt í út það, hvernig heppilegast væri

að kjördæmaskiftingin yrði framvegis. Það er vandamál, sem ekki verður ráðið fram úr í einu kasti. Hvort heppilegast sé að fara eftir staðháttum einum eða fólksfjölda einum eða jafnvel hvorutveggju, um það skal eg ekkert fullyrða, en að eins geta þess, að það mun víða þykja óviðkunnanlegt að hluta í sundur sýslufélög, og láta hreppa úr einni sýslu fylgja annari sýslu að kosningu; enda getur það einnig oft verið mjög óheppilegt, því »interresser« sýslanna geta oft verið næsta ólíkar, þótt nábúasýslur séu.

Eg hefði helzt óskað að Árnessýsla hefði fengið strax 3 þingmenn, því að hún hefir fullan rétt til að fá þá eftir mannfjölda, en það mundi ekki þýða neitt, þótt komið væri með breyt.till. um það á þingi nú. Eg vona fastlega að Árnessýsla verði ekki afskift, þegar að því kemur, að regluleg kjördæma skifting kemst á, og þá geng eg út frá því sem gefnu, að Seyðisfjörður falli, að sjálfsögðu burtu sem sérstakt kjördæmi.

ATKV.GR.: Frumv. gr. samþ. með 20 : 1 atkv.

Fyrirsögnin samþykt án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað til 3. umræðu með 19 samhlj. atkv.

Þriðja umr. 7. ágúst (C. bls. 330; 406).

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni samþ. með 17 samhlj. atkv., og verður afgreitt til landshöfðingja, *sem lög frá alþingi.*

Landsdómur.

FRUMVARP til laga um landsdóm. 1. umr. 13. ágúst. (C. bls. 576).

Flutningsmaður (Hannes Hafstein: Mér hefir af hv. meðflutningsmönnum mínum verið falið að segja nokkur orð við þessa umr. og get eg verið stuttorður. Eins og kunnugt er, hefir það vakað fyrir öllum, síðan endurskoðun stjórnarskrárinnar var tekin upp, að koma á innlendum landsdómi, er rannsaki og dæmi um mál þau, er alþingi lætur höfða á hendur ráðherranum. Eins og stjórnarskrárfrv. nú hefir verið sþ., er það ákveðið til bráðabirgða, að hæstiréttur skuli dæma í þeim málum, sem þingið höfðar gegn ráðherranum. En þetta er ekki næg trygging, þar sem hæstiréttur er fagdómstóll, og það er engin trygging fyrir því, að nokkur Íslendingur sitji í þeim dómi, og nú er þar enginn íslenzkur maður, svo að engar líkur eru til að í þeim dómi sitji menn, er hafa þá sérstöku þekkingu, sem þarf til þess að geta dæmt í politiskum málum Íslands. Það er því ekki af vantrausti til hæstaréttar, að hér er farið fram á að stofna landsdóm, heldur vegna þess, að hæstarétt brestur aðalskilyrði til þess að geta dæmt í þessum málum, kunnugleik á landsháttum og málefnum þjóðarinnar. Þegar t. d. er að ræða um conduitebrot, hvort ráðherrann hafi vanrækt eitthvað, sem af honum hefði mátt heimta, eða farið óhyggilega að, þá er ekki von að útlendur dómstóll geti dæmt um það. Nú hafa menn áður gert ráð fyrir því, að nota mætti aðra deild þingsins sem dómara, og í frv. minni hlutans 1901 var ákæruvaldið fengið neðri deild einni, einmitt í því skyni, að meiri eða minni hluti efri deildar gæti gengið í landsdóm, en það fekk, eins og kunnugt er, ekki framgang. Nú er ekki hægt að fá efri deild dómsvald í þessum málum, þar sem alþingi í heild sinni, og þá jafnframt

Ed., hefir ákæruvaldið. Verður því að finna aðra leið. Það hefir nú verið stungið upp á ýmsu, og skal eg sérstaklega benda á ritgjörð í Andvara 28. ár, »Horfurnar«, eftir hv. þm. Snæf. (L. H. B.), sem og á mikinn þátt í tilbúningi frv. þessa. Þar er meðal annars bent á, að fela mætti yfirréttinum dómsvald í málum móti ráðherranum, ef þeim yfirdómendum, sem kynnu að sitja á þingi, væri bannað með lögum að taka þátt í ályktun þingsins um ákæruna, eða skipaðir væru launalausir varadómarar í yfirréttinn, og þeir látnir fara með mál ráðherrans í stað þeirra aðaldómara, er kynnu að eiga sæti á þingi. Enn fremur er bent á þá leið, að láta amtsráðin kjósa dómendur, þannig að kjörfrelsið væri nokkuð við borð bundið, t. d. heimtuð lagaþekking af nokkrum o. s. frv., eða þá viðhafa tvöfaldar kosningar þannig, að sýslunefndir kysi kjörna enn, er aftur ætti að velja dómendur.

Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er þó engin þessara leiða farin, heldur er stungið upp á því, að myndaður verði dómur, eins konar búakviður, ef eg mætti svo að orði kveða, og er reynt að fá sem óhlutdrægastan dómstól með því að hafa sem breiðastan grundvöll undir honum, en sigta vel úr hinum völdu dómendaefnum, bæði með ruðning og hlutkesti, og sjá um, að dómendur hafi fast sæti í dómnum, meðan þeir fullnægja kjörgengisskilyrðum.

Við hugsum okkur að kosinn sé af sýslunefndum og bæjarstjórnum tiltekinn fjöldi manna, 6 tylftir alls, síðan nefnir hvert hinna fjögurra amtsráða 3 menn frá; þá nefnir sameinað þing 1 tylft frá. Svo eru með hlutkesti teknar 2 tylftir frá af þeim 4 tylftum, sem eftir eru, og skipa þá 2 tylftir dóminn. Verða dómendur að uppfylla ákveðin kjörskilyrði, t. d. mega þeir ekki vera yngri en 40 ára og ekki eldri en 60 ára. Þegar mál er höfðað, skal ákærði ryðja 12 úr dómi svo að aldrei dæmi meira en ein tylft auk forseta. Forstjóri landsyfirréttarins er forseti landsdómsins, eða, ef hann er þm., þá 1. yfirdómari, en sé hann einnig þm., þá 2. yfirdómari. En eigi allir dómarar landsyfirréttarins sæti á þingi, kýs dómurinn sér forseta úr sínum flokki. Þetta er skipun dómsins í fyrsta sinn. En í lögunum eru settar reglur fyrir því, hvernig dómurinn fær nýja menn inn, ef einhver dómendanna deyr, missir kjörgengi eða forfallast á annan löglegan hátt.

Í 7. gr. frv. eru prentvillur, »28« fyrir 24 og »5. hvert ár« fyrir 6. hvert ár.

Þetta fyrirkomulag, sem eg nú hefi bent á, hefir ekki verið sett eftir neinni sérstakri fyrirmynd, enda býst eg við að ýmislegt megi að því finna, sérstaklega það, að ekki er full trygging fyrir því, að menn með lögfræðislega eða pólitiska sérþekking verði til í dómnum. En það er ekki auðið að sjá um það með grundvelli þessarar dómssamsetningar. — Síðari hluti frv., er lýtur að meðferð málanna, er heldur ekki sniðinn eftir neinu vissu, helzt hefir þó verið tekið til fyrirmyndar tilsvarandi ákvæði úr lögum fyrir Niðurlöndin frá 5. ág. 1850 og 29. apr. 1855 um ráðherraábyrgð.

Eg skal ekki fjölyrða um einstök atriði í þessu hugsaða fyrirkomulagi, heldur verður það að bíða 2. umr. að gera grein fyrir einstöku atriðum. Eg skal að eins geta þess, að hér er fylgt þeirri meginkröfu, að rekstur málsins sé í heyranda hljóði og málfærsla fari fram munnlega, og að reglur um vitnaskyldur eru og nokkuð frábrugðnar almennum lögum.

Það er vandaverk að semja slík lög,

og hefir tími verið naumur og mikið annríki, svo að það er naumast við öðru að búast, en að frv. þurfi mikillar athugunar og breytinga. Vil eg því stinga upp á að sett sé nefnd í málið.

Jón Magnússon: Eg leyfi mér að stinga upp á að málinu verði vísað til ráðherraábyrgðarnefndarinnar.

Björn Kristjánsson: Eg leyfi mér að stinga upp á 5 manna nefnd.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Till. um sérst. 5 manna nefnd feld.

Málinu vísað til ráðherraábyrgðarnefndarinnar með 18 atkv.

Önnur umr. 21. ágúst (C. bls. 576; n. 683).

Frams.m. (Lárus H. Bjarnason): Nefndin er samdóma flutningsmönnum um að rétt sé að setja landsdóm hér á landi sem fyrst, en býst þó hins vegar ekki við, að málið geti orðið útrætt. Aftur á móti vonast nefndin eftir því, að hin nýja stjórn taki málið upp og bindi sem fyrst enda á það.

Krafan um landsdóm er jafngömul kröfu þjóðarinnar um innlenda stjórn, og hún er svo réttmæt sem mest má verða. Það er ekkert last um hæstarétt, þó maður treysti honum ekki til að dæma um pólitisk íslenzk mál. Hann er skipaður ókunnugum, útlendum mönnum, og að öðru leyti svo fyrir komið, að hann á erfitt með að standa fyrir upplýsingu mála, og þær upplýsingar veitir honum því erfiðara að ná, sem búast má við að mörg brotin færi fram hér á landi.

Stjórnin hefir líka fullkomlega kannast við þetta, með því að dómsvald hæstaréttar í stjórnarskránni og hinu nýsamþykta stjórnarfrumvarpi að eins er ákveðið til bráðabirgða. Nefndin hefir kannast við, að hér sé um mikið vandamál að ræða. Og sérstaklega er mér, sem samið hefi frumvarpið að mestu leyti, ljúft að játa þessu.

Nefndin hefði helzt kosið að Ed. hefði átt dómsvald í málum móti ráðherranum, annaðhvort ein eða öllu heldur í samráði við yfirdóminn, en á því var enginn kostur, úr því að alþingi alt átti að ákæra hann.

Og þegar til þessa er litið, játar nefndin því með flutningsm., að heppilegra fyrirkomulag hefði eigi verið auðfundið en það, sem hér er farið fram á.

Að vísu er engan veginn full trygging fengin fyrir því, að kosningarnar fari ávalt vel, þar sem sýslunefndir og bæjarstjórnir eiga að útnefna þá menn, er taka á dómendurna úr, og það úr flokki innanhéraðsmanna, en úr því er reynt að bæta sem bezt, þar sem amtsráð og alþingi, ákærði og sóknari ryðja dóminn. Kjörgengið í dóminn er auk þess nokkuð bundið, því ekki mega sitja í honum yngri menn en 40 ára, og ekki eldri en 60 ára, sem svo skulu skipa dóminn meðan þeir eru kjörgengir. Nefndinni þykir það helzt ábótavant, að lítil trygging er fyrir því, að í landsdóminum verði löglærðir menn, en hjá þeim vandkvæðum var erfitt að sneiða, þar sem dómurinn er skipaður kjörnum mönnum og ekki þótti takandi í mál, að heimta lögfróðleik. Þó býst eg við að sum héruð, eins og t. d. Reykjavík, muni eiga völ á nægum slíkum mönnum, en vitanlega gefur það enga fulla tryggingu, því lögfróðu mennirnir kynnu að verða dregnir úr með hlutkesti.

Þá eru nokkur nýmæli um réttarfarsreglurnar. Dómsvaldið er stranglega skilið frá ákæruvaldinu.

Sókn og vörn fer fram munnlega og í heyranda hljóði. Skyldfólk og

venzlafólk er undanskilið frá hinni almennu vitnaskyldu. Og loks er heimtað kvalificeruð majoritet, til að sakfella ákærða. Það er heimtað með sérstöku tilliti til þess, að dómurinn er skipaður kjörnum mönnum. Nefndin hefir yfir höfuð gert sér sem mest far um, að dómurinn yrði sem réttlátastur. Það má að vísu altaf búast við því, að pólitík kunni að hafa áhrif á slíkan dómstól, en það hefir verið reynt að veikja þau sem mest með ákvæðum þeim, sem eg hefi nefnt og öðrum fleirum. Þannig á verjandi altaf að tala síðast og fá jafna borgun og sækjandi.

Nefndin hefir komið með fáeinar breytingar við frumvarpið.

1. brt. við 1. gr., er að eins orðabreyting.

2. brt. er aftur á móti efnisbreyting, og hún fer því fram, að sækjandi skuli ryðja 3 en ákærði 9, þar sem ákærði eftir frumvarpinu átti einn að ryðja 12. Minni hluta nefndarinnar þótti rétt að fara hér eftir fyrirmynd landamerkjalaganna. Breyttill. við 5. gr. er að eins orðabreyting.

4. brt. við 7. gr. er líka orðabreyting, að eins til skýringarauka. 5. brt. er aftur á móti efnisbreyting. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að einn maður sé útnefndur sem sækjandi, en meiri hluta nefndarinnar þótti vissara að útnefna varamann líka. 6. brt. og 7. brt. a er leiðrétting á prentvillum.

7. brt. b, c og d, eru orðabreytingar.

8. brt. fer því fram, að tekið verði skýrt fram, að þar, sem ekki séu ákveðnar nýjar réttarfarsreglur, gildi hinar almennu reglur um einkamál.

Loks er 9. brt., og það er efnisbreyting, sú sem sé, að til þess að hægt sé að uppkveða dóm, skuli 9 dómendur að minsta kosti vera við og taka þátt í dómnum. Með þessum orðum fel eg fyrir nefndarinnar hönd deildinni frv. til fyrirgreiðslu.

ATKV.GR.: 1. gr. frv. samþ. í einu hljóði.

2. gr. frv. sþ. í e. hlj.

1. Brt. (560) við 3. gr. samþ. án atkvæðagr.

2. brt. (560) við 3. gr. samþ. í e. hlj.

3. gr. frv. með áorð. brt. samþ. í einu hljóði.

4. gr. frv. óbreytt samþ. í e. hlj.

Brt. (560) við 5. gr. samþ. án atkvæðagreiðslu.

5. gr. frv. með áorð. breyt. samþ. í einu hljóði.

Breytt. (560) við 6. gr. frv. samþ. í einu hljóði.

6. gr. frv. með áorð. breyt. samþ. í einu hljóði.

Breytt. (560) við 7. gr. sþ. í e. hlj.

7. gr. frv. með áorð. breyt. samþ. í einu hljóði.

8. gr. frv. óbreytt sþ. í e. hlj.

9. gr. frv. sþ. í e. hlj.

Viðauki (560) við 9. gr. samþ. í e. hlj.

10.—12. gr. frumv. samþ. í einu hljóði.

Brt. (560) við 13. gr. samþ. án atkvæðagreiðslu.

13. gr. frv. með áorð. breyt. samþ. í e. hlj.

Brt. (560) við 14. gr. samþ. án atkvæðagreiðslu.

14. gr. frv. með áorð. breyt. samþ. í einu hlj.

15. gr. frv. óbreytt samþ. í einu hljóði.

Viðbót (560) við 15. gr. samþ. í einu hljóði.

Brt. (560) við 16. gr. sþ. í e. hlj.

16. gr. frv. með áorð. breyt. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 24. ágúst (C. bls. 754, 774).

Framsm. (Lárus H. Bjarnason): Eg stend að eins upp til að vekja athygli háttv. deildar á viðaukatill. vorri á þingskjali 612; að öðru leyti þarf eg ekki að mæla með henni, því að hún er bein afleiðing af breytingu þeirri, sem nú er orðin á hinu upphaflega frv., þeirri breyting, að sóknara skuli heimilt að ryðja 3 mönnum úr dómi, en ákærða 9, þar sem svo var fyrst ákveðið, að ákærði skyldi ryðja úr dóminum tylftinni heilli.

Jón Magnússon: Það sýnist svo, sem það hafi verið ástæða til að ræða frv. þetta dálítið meira, en gert hefir verið, því að málið er mikils vert. Frv. er efalaust gott að mörgu leyti, en eins og háttv. framsm. (L. H. B.) tók fram, var það samið í allmiklum flýti, og málið þó vandasamt og örðugt viðfangs; má því búast við að vansmíði kunni að finnast nokkur á því. Háttv. framsm. tók það sjálfur fram, að sá væri galli á frv., að það veitti eigi trygging fyrir því, að menn með lög fræðisþekking sætu í landsdóminum, og er eg þar á sama máli. En úr þessum höfuðgalla frv. hefði mátt bæta, með því að ákveða, að yfirdómararnir allir skyldu eiga sæti í réttinum. Eg er ekki eins hræddur við það eins og háttv. nefnd í máli þessu virðist vera, þótt einhver alþingismaður kynni að eiga sæti í dóminum. Skipun slíkra dóma er með ýmsu móti; sumstaðar er forðast að hafa þingmenn í honum og sumstaðar ekki, jafnvel ekki úr þeirri deild þingsins, sem hefir ákæruvaldið. Væri dómurinn t. d. skipaður 12 mönnum, er ekki ættu sæti á þingi, og yfirdómurunum þrem að auki, eða 15 manns alls, þá gæti varla stafað veruleg hætta af því, þótt einhverjir af yfirdómurunum kynnu að vera alþingismenn. Eg skal játa það, að líklegt er að eitthvað muni verða kosið af lögfræðingum í dóminn. En það getur vel komið fyrir, að þeir verði teknir burtu með hlutkesti, og þá er í fult óefni komið með dóminn, ef forstjóri landsyfirréttarins verður líka að víkja úr honum, og hvorugur yfirdómarinn getur tekið hans sæti. Þannig yrði engin trygging fyrir því, að nokkur maður með lögfræðisþekking sæti dóminn, og sjá allir, hvert slíkt mundi stefna.

Þetta er annað höfuðatriðið við skipun slíkra dóma, sem hér er um að ræða, nefnilega að fulltrygt sé, að einhverjir menn með lögfræðisþekkingu sitji jafnan í dóminum. Hitt aðalatriðið er, að fá pólitíska þekkingu inn í dóminn. En fyrir því er heldur ekki vel séð. Að vísu verður maður að játa það, að þar sem af litlu er að taka, þar er ekki mikið að fá. Þó hefði máske mátt finna einhver ráð til að tryggja það dálítið betur, að menn með pólitískri þekkingu og viti sætu í dóminum.

Þá er frv. sumstaðar í sjálfu sér ósamkvæmt. Þannig segir t.d. á einum stað í því, að dómurinn eigi að rannsaka kærurnar, en annarsstaðar, að hann eigi ekki að gera það, og er það að sjálfsögðu meiningin. Þá er ekki heldur góð samræmi milli hinnar upphaflegu kosningar og kosningar varamannanna eftir á. Það er reglan að forseti sameinaðs þings láti taka með hlutkesti tvær tylftir af fjórum, til að eiga setu í landsdóminum, en síðan á forseti landsdómsins að taka með hlutkesti það sem þarf af varamönnum, til að sitja í dóminum í stað aðaldómara þeirra, er á einhvern hátt hafa forfallast. Það sýnist réttast að alþingi tæki og með

hlutkesti varamennina alla. Þá hygg eg að ekki sé sem heppilegast ákvæðið um vitnaleiðslu utan Reykjavíkur.

Eitt mikilsvert atriði er það, hvernig réttarrannsóknin skuli fara fram, hvort eigi sé réttara að henni sé lokið áður en landsdómurinn er kallaður saman, og hann hlýði að eins á sókn og vörn.

Eg hefi komið nú með þessar athugasemdir, af því að mér er ant um málið, og í því trausti, að þær verði teknar til íhugunar síðar við meðferð málsins, þótt eigi kæmu þær fyrri en þetta.

Það eru fleiri einstök atriði, sem eg hefði viljað minnast á, en af því að þetta er þriðja umræða, þá er ekki heimilt að fara út í þau, og skal það því eigi gert að þessu sinni.

Framsögumaður (Lárus H. Bjarnason): Nefndin má vera háttv. þm. Vestm. (J. M.) þakklát fyrir bendingar hans, en öllu þakklátari mundi hún þó hafa verið, ef þær hefðu komið fyrri.

Mér kom það ekki á óvart, þótt háttv. þm. Vestm. þætti það viðsjárvert, að eigi væri fengin full trygging fyrir því, að eitthvað af lögfræðingum sæti í landsdóminum. Þetta atriði var rætt mjög rækilega í nefndinni, og þóttist hún sjá, að þessi trygging gæti ekki fengist til fullnustu eftir því principi, sem frv. er bygt á. Það kom til tals í nefndinni, hvort ekki skyldi ákveðið, að allur yfirdómurinn ætti sæti í landsdóminum, en það þótti ekki tiltækilegt, af því að við mætti búast, að yfirdómararnir ættu einhverjir eða allir sæti á alþingi. Ef þeir ættu að vera sjálfkjörnir í dóminn, mundi verða að útiloka þá frá þingsetu, að öðrum kosti gæti svo farið, að sömu mennirnir yrðu bæði kærendur og dómendur. Háttv. þm. Vestm. (J. M.) fann líka að því, að eigi væri það trygt, að landsdómurinn hefði pólitíska þekkingu. Eg veit ekki, hvernig á að tryggja þetta að fullu með lögum. Annars má búast við, að sýslunefndirnar og bæjarstjórnirnar velji yfir höfuð beztu mennina, sem völ er á, og að amtsráð og alþingi ryðji síðan dóminn viturlega.

Að öðru leyti get eg fallist á að sumt af því, sem háttv. þm. Vestm. (J. M.) mintist á, var á góðum rökum bygt. Eg játa það t. d., að það er ekki fyllilega samkvæmni milli kosningar aðaldómendanna og varamannanna, og mundi eg fyrir mitt leyti hafa viljað haga þeim ákvæðum öðru vísi en ráð er gert fyrir í frv.

En eg vona að háttv. Ed. taki bendingar háttv. þm. Vestm. og málið alt til rækilegrar íhugunar.

ATKVGR.: 1. brt. á þgskj. 612 sþ. í e. hlj.

2. brt. á þgskj. 612 samþykt í einu hljóði.

Frv. í heild sinni, með áorð. breyt., samþ. í einu hljóði og verður sent til Ed.

Lántaka fyrir landssjóð.

FRUMVARP til laga um heimild til lántöku fyrir landssjóð, 1. umr. 14. ág. (C. bls. 622)

Flutningsmaður (Pétur Jónsson): Eg vona, að eg þurfi ekki að mæla fram með þessu frumv. Það kemur fram samkvæmt umræðum þeim, sem urðu um fjárlögin, og frumv. er svo stutt og greinilegt, að það þarf ekki skýringar við. Það er ekki ólíklegt að taka þurfi allmikið lán, til að geta fullnægt kröfum þingsins eins og þær koma fram á fjárlögunum. En nefndin álítur þetta nægilegt, til að fullnægja

þeim kröfum, og vonar því að frumv. verði samþykt óbreytt.

Landshöfðingi: Eg vildi vekja máls á því, hvort alt að 500,000 kr. mundi verða nóg lán, og hvort það mundi veita af að hafa það 1 miljón, ef nú gaddavírs-frumvarpið næði fram að ganga.

Flutningsmaður (Pétur Jónsson): Nefndinni er ekki kunnugt um, hvað verða kann um frv. um túngirðingar, og getur því ekki gert ráð fyrir því. — En eins og frumv. liggur fyrir, þá kæmu ekki nema 100 þús. kr. til útborgunar á næsta fjárhagstímabili, svo ekki þyrfti heila miljón þess vegna. — Enda býst eg við, að gaddavírsfrumv. verði komið hér til 2. umr., áður en þetta frumv. fer upp í Ed., og má þá bæta við ef sýnist.

Að því er það snertir, hvort þetta verði nægleg fjárhæð, þá veit eg, að sumum háttv. þingmönnum virðist, að stjórnin gæti komist af án þess að taka nokkurt lán, og býst eg við, að þeir þingmenn vilji ekki fara að taka meira lán en þetta.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hlj.

Önnur umr. 17. ágúst (C. bls. 622).

ATKV.GR.: Frumv.gr. samþ. með 19 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umræðu með 18 samhlj. atkv.

Þriðja umr. 19. ágúst (C. bls. 622).

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni samþ. í einu hljóði, og verður afgreitt til Ed.

Ellistyrkur embættismanna.

FRUMVARP til laga um skyldu embættismanna til að safna sér ellistyrk eða kaupa sér geymdan lífeyri; 1. umr. 28. júlí (C. bls. 317).

Lárus H. Bjarnason: Eg vil leyfa mér að stinga upp á, að fimm manna nefnd sé kosin til að athuga frv.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 samhlj. atkv.

Samþykt í einu hljóði að kjósa 5 manna nefnd.

Kosningu hlutu:

Jón Magnússon	með 12	atkv.
Jóhannes Ólafsson	— 12	—
Eggert Pálsson	— 10	—
Magnús Andrésson	— 10	—
Ólafur Briem	— 9	—

Önnur umr. 7. ágúst (C. bls. 317; n. 481).

Framsögumaður (Ólafur Briem): Nefndin í þessu máli hefir verið frv. þessu hlynt, enda er sú stefna, sem liggur til grundvallar fyrir því, áður þekt í gildandi lögum hér á landi. — Í opnu bréfi 31. maí 1855 eru embættismenn skyldaðir til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eftir sinn dag; hér eru þeir skyldaðir til að sjá sjálfum sér fyrir framfærslu, eftir að þeir eru komnir á gamals aldur. — Og nú er einmitt sérstök ástæða til að samþykkja þetta frumv., þar sem annað frumv. er til meðferðar á þinginu um lækkun eftirlauna. Eftirlaun eru bygð á þeirri skoðun, að þjóðfélaginu sé skylt að sjá embættismönnum fyrir sómasamlegu lífsuppeldi, einnig eftir að þeir eru farnir úr embættunum. — Þegar nú farið hefir verið fram á, að lækka eftirlaunin, hafa jafnan heyrst raddir í þá átt, að þau eftirlaun, sem stungið hefir verið upp á, væru ekki

fullnægjandi nema þau væru bætt upp á einhvern hátt.

Frumv. það, er hér liggur fyrir, fer fram á það, að embættismönnum sé gert að skyldu að tryggja sér ellistyrk eða lífeyri, án þess að þessi kvöð leggist á landssjóð.

Ef spurt er um, hvort embættismenn séu yfirleitt svo vel launaðir nú, að sanngjarnt sé, að þessi byrði verði lögð á þá, þá er það auðvitað álitamál. — En kvöð sú, sem hér er farið fram á, er tiltölulega heldur væg, því sá embættismaður, sem hefir 1500 kr. laun, borgar að eins 30 kr. á ári, sem iðgjald fyrir ellistyrkinn, og ekki nema 20 kr. árlegt iðgjald fyrir geymdan lífeyri; sá sem hefir 5000 kr. laun, þarf þó ekki að borga yfir 100 krónur á ári.

Háttv. efri deild hefir haldið því fram, að þetta frumv. væri nauðsynlegt, til þess að bæta embættismönnum það upp, sem frumv. um lækkun eftirlauna tæki frá þeim, því ef þetta ákvæði ekki væri tekið, en eftirlaunin væru færð niður, mundi það verða til þess, að þinginu bærust bænir frá uppgjafa-embættismönnum um eftirlaunaviðbót, og ef það yrði regla, að slíkum bænum væri sint, yrði fjársparnaðurinn ef til vill minni en enginn.

Nefndin ætlast ekki til að þetta frv. gangi fram nema því að eins, að frv. um eftirlaun verði samþykt, og vill því ekki að þetta mál verði tekið fyrir til 3. umr., fyr en vissa er fengin fyrir því, að eftirlaunafrumv. nái fram að ganga.

Forseti: Eg vil leyfa mér að geta þess, að nafnakalls hefir verið óskað um 1. og 2. gr. frv.

ATKV.GR.: 1. gr. samþ. með 15 atkv. gegn 8, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Árni Jónsson,	Björn Bjarnarson,
Jón Magnússon,	Guðl. Guðmundss.,
Björn Kristjánsson,	Hannes Hafstein,
Eggert Pálsson,	Jóh. Jóhannesson,
Einar Þórðarson,	Lárus H. Bjarnas.
Hannes Þorsteinss.,	Magnús Stephensen,
Herm. Jónasson,	Skúli Thoroddsen,
Jóhannes Olafsson,	Stefán Stefánsson.
Magnús Andrésson,	
Ólafur Briem,	
Ólafur Ólafsson,	
Olafur Thorlacius,	
Pétur Jónsson,	
Tr. Gunnarsson,	
Þórh. Bjarnarson.	

2. gr. samþykt með 15 atkv. gegn 8 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Árni Jónsson,	Björn Bjarnarson,
Jón Magnússon,	Guðl. Guðmundsson,
Björn Kristjánsson,	Hannes Hafstein,
Eggert Pálsson,	Jóh. Jóhannesson,
Einar Þórðarson,	Lárus H. Bjarnas.
Hannes Þorsteinss.,	Magnús Stephensen,
Herm. Jónasson,	Skúli Thoroddsen,
Jóhannes Ólafsson,	Stefán Stefánsson.
Magnús Andrésson,	
Ólafur Briem,	
Ólafur Ólafsson,	
Ólafur Thorlacius,	
Pétur Jónsson,	
Tr. Gunnarsson,	
Þórh. Bjarnarson.	

3.—6. gr. frumv. samþyktar með 15 atkv.

Fyrirsögn frumv. samþykt án atkv.-greiðslu.

Málinu vísað til 3. umr. með 15 atkv. gegn 8 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Árni Jónsson,	Björn Bjarnarson,
Jón Magnússon,	Guðl. Guðmundss.,
Björn Kristjánsson,	Hannes Hafstein,

já:	*nei*:
Eggert Pálsson,	Jóh. Jóhannesson,
Einar Þórðarson,	Lárus H. Bjarnason,
Hannes Þorsteinss.,	Magnús Stephensen,
Herm. Jónasson,	Skúli Thoroddsen,
Jóhannes Ólafsson,	Stefán Stefánsson,
Magnús Andrésson,	
Ólafur Briem,	
Ólafur Ólafsson,	
Ólafur Thorlacius,	
Pétur Jónsson,	
Tryggvi Gunnarss.,	
Þórh. Bjarnarson.	

Þriðja umr. 26. ág. (C. bls. 317; n. bls. 481).

ATKV.GR.: Frumv. samþykt með 16 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Árni Jónsson,	Björn Bjarnarson,
Jón Magnússon,	Hannes Hafstein,
Björn Kristjánsson,	Jóh. Jóhannesson,
Eggert Pálsson,	Lárus H. Bjarnas.,
Einar Þórðarson,	Skúli Thoroddsen,
Guðl. Guðmundss.,	Stefán Stefánsson.
Hannes Þorsteinss.,	
Herm. Jónasson,	
Jóhannes Ólafsson,	
Magnús Andrésson,	
Magnús Stephensen,	
Ólafur Briem,	
Ólafur Ólafsson,	
Ólafur Thorlacius,	
Tryggvi Gunnarss.,	
Þórh. Bjarnarson,	

Pétur Jónsson var fjarverandi.

Frumv. afgreiðist til landshöfðingja *sem lög frá alþingi.*

Eftirlaun.

FRUMVARP til laga um eftirlaun, 1. umr., 28. júlí; (C. bls. 317).

Hannes Þorsteinsson: Eg vil leyfa mér að stinga upp á, að frumv. þessu sé vísað til nefndarinnar, sem kosin var í næsta máli á undan.

ATKV.GR: Frumv. vísað til 2. umr. með 19 samhlj. atkv.

Vísað til nefndarinnar, sem kosin var til að athuga frumv. um skyldu embættismanna til að safna sér ellistyrk o. s. frv., í einu hljóði.

Önnur umr. 7. ág. (C. bls. 317; n. 480; 530, 536.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Þetta frumv. er gamall gestur hér á þingi, því hefir stöðugt verið haldið fram í 14 ár. Fyrst kom frumv. á þinginu 1889 um afnám allra fastra eftirlauna, en gekk þó ekki fram, en í þess stað var borið upp á því þingi annað frv., sem fór í líka átt og það, sem hér liggur fyrir. Þar var svo ákveðið, að eftirlaunin skyldu vera sumpart $^1/_5$ af launaupphæðinni í staðinn fyrir $^1/_4$ eftir eftir þessu frumv., og sumpart $^1/_{20}$ af launum í staðinn fyrir 20 kr. fyrir embættisár, eins og hér er gert ráð fyrir. Sama frumv. kom fram 1891, og var bæði þá og 1889 samþ. í Nd., en í hvorugt skiftið var málið útrætt á þinginu. Málið var síðan tekið fyrir á þingunum 1893, 1895 og 1899, og á öllum þessum þingum voru frumv. afgreidd sem lög, en ávalt hefir þeim verið synjað staðfestingar þegar til stjórnarinnar hefir komið. Á þinginu 1897 voru aðalákvæðin í eftirlaunafrv. tekin upp í frumv. til laga um læknaskipun, en afleiðingin varð sú, að lögin náðu ekki staðfestingu. Á þinginu 1901 var frumv. til laga um lækkun eftirlauna felt í efri deild, en það lítur svo

út, sem háttv. Ed. hafi viljað bæta upp þau mistök, með því að gerast frumkvöðull málsins bæði á aukaþinginu í fyrra og nú á þessu þingi. Það, að frv. skuli koma svona fram hvað eftir annað, sýnir, að þingið heldur fast við sína skoðun á þessu áhugamáli þjóðarinnar, þrátt fyrir mótstöðu stjórnarinnar, enda er það engin furða, þar sem eftirlaunin nú nema 93,000 kr., og hlýtur upphæð þeirra að verða meiri þegar fram líða stundir, af því embættum hefir í seinni tíð verið fjölgað. Nefndin álítur nú tíma til að afgreiða mál þetta til fulls, og er ant um að það fái fram að ganga. En hún vill ekki gera lögin svo úr garði, að þau geti ekki nokkurn veginn fullnægt sanngjörnum og réttmætum óskum og kröfum þjóðarinnar. Nefndin hefir því lagt til að lækka hinn fasta hluta eftirlaunanna úr 1/4 í 1/5 af upphæð embættislauna. Eftir þeirri tillögu yrði sá hluti eftirlaunanna minst 300 kr., þegar miðað er við 1500 kr., sem lægstu embættislaun, og mest 1000 kr., ef hæstu embættislaun eru talin 5000 kr.

Aðrar breyt.till. nefndarinnar standa í sambandi við þessa uppástungu, og ganga í sömu átt, sem sé, að færa niður eftirlaun ekkna úr 1/8 í 1/10 af launum mannsins, sem nefndin álítur fullsæmilegt, þegar tekið er tillit til þess, að samkvæmt opnu bréfi 31. maí 1855 hefir hver embættismannsekkja tryggingu fyrir fjárstyrk frá lífsábyrgðarstofnun ríkisins, er nemi að minsta kosti 1/5 af launum mannsins, og þar að auki fá ekkjur samkvæmt þessu frumv. sérstakan styrk, ef þær eiga óuppkomin börn, alt að 100 kr. fyrir hvert þeirra til 16 ára aldurs.

Forseti, Eg skal leyfa mér að geta þess, að á meðan stóð á ræðu háttv. flm., kom fram breyt.till. á þgskj. 384, og vil eg leyfa mér að bera undir deildina, hvort sú tillaga geti komist að.

ATKV.GR.: Samþ. í einu hlj. að breyt.till. megi komast að við 2. umr.

Björn Kristjánsson: Eg hefi leyft mér að koma með breyt.till. á þgskj. 384; hún stafar af því, að mér finst óviðfeldið að embættismaður, sem slasast á fyrsta embættisári sínu, skuli eiga rétt til hærri eftirlauna en embættismaður, sem setið hefir í embætti alt að 35 árum. Maður, sem slasast eftir 1/2 árs embættisþjónustu og hefir 3000 kr. laun, fær eftir frumv. 2000 kr. í eftirlaun; en ef sami maður hefði sagt af sér embættinu eftir 35 ára þjónustu, fengi hann í eftirlaun 1/4 af launum sínum . . . . . 750 kr.
og 20 kr. fyrir hvert embættisár . . . . . 700 —
eða samtals 1450 kr.
Þessi munur er því óviðfeldnari, þar sem frumv. stefnir alt í þá áttina að lækka eftirlaunin yfir höfuð.

Læknir, sem hefði 1500 kr. laun og slasaðist eftir 1/2 árs embættisþjónustu, fengi í eftirlaun 1000 kr., en ef hann segði af sér eftir 30 ára þjónustu, þá fengi hann 1/4 hluta úr 1500 kr. 375 kr.
og 20 kr. fyrir hvert embættisár 600
eða samtals: 975 kr.
Það er með öðrum orðum, að hann fær 75 kr. lægri eftirlaun en hann mundi fá, ef hann slasaðist á fyrsta embættisári. Þriðja dæmið skal eg nefna: Embættismaður með 6000 kr. launum fengi eftir 1/2 ár 4000 kr. í eftirlaun, en ef hann segði af sér eftir 30 ára þjónustu, fengi hann 1/4 hlut úr 6000 kr. eða . . . . . 1500 kr.
að viðbættum 30×20 kr. eða 600 —
og verður það samtals að eins 2100 kr.
Það er alkunnugt, að menn eru stund-

um skipaðir í embætti hér á landi, sem ekki eru reglumenn, og getur það vel komið fyrir, að slíkir menn t. d. detti af baki og slasist svo, að þeir verði að láta af embætti, einmitt fyrir þá sök, að þeir voru eigi algáðir, og er það meira en óviðkunnanlegt, að þessir menn fái hærri eftirlaun en menn, sem gegnt hafa sams konar embættum með heiðri og sóma í 30 ár. Í tillögu minni er farið fram á að embættismaður, er slasast svo að hann verður að láta af embætti, fái ávalt hin hæstu eftirlaun, sem honum gætu borið samkvæmt lögum þessum, miðað við embættistekjur hans og 35 ára þjónustu. Þetta er hið lengsta, sem hægt er að ganga með sanngirni, til að tryggja honum eftirlaun. Mér fanst það rétt, að koma fram með tillögu þessa, til þess að gefa háttv. deild tækifæri til að athuga hana, og greiða atkv. um hana.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Þótt nefndin hafi að vísu ekki átt kost á að bera sig saman um breyt.till. h. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) á þgskj. 384, þá skal eg geta þess, að þetta atriði kom einmitt til tals í nefndinni, og lýsti það sér fullkomlega, að nefndarmenn voru á sömu skoðun og flm. breyt.till., að því er snertir eftirlaun embættismanna, er slasast við það að gegna embætti sínu. En ástæðan fyrir því, að nefndin sjálf kom ekki með breyt.till. í þessa átt, var fyrst og fremst sú, að hér er um heldur fágæt tilfelli að ræða, og í annan stað var nefndinni kunnugt um, að svipuð breyt.till. hafði verið feld í háttv. Ed.; en það vakti fyrir nefndinni að koma með sem minstar breytingar við frumv., svo að því meiri von væri um, að málið næði samþykki beggja deildanna að þessu sinni. En fyrst nú þessi breyt.till. er komin fram, þá mun mér þó óhætt að lýsa yfir því, að nefndin, eða meiri hluti hennar, muni aðhyllast hana, af því að hún telur hana í sjálfu sér eðlilega.

Þórhallur Bjarnarson: Eg hefi ekki enn heyrt glögga yfirlýsing frá hv. frmsm. (Ól. Br.) um það, hvort nefndin hafi vitneskju um það, hvort brt. hennar muni verða frv. að falli í hv. Ed., eða ekki. Sé ekki vissa fyrir því, að hv. Ed. gangi að breytingunum, þá eru þær frá mínu sjónarmiði allviðsjárverðar. Mér sýnist niðurfærsla hv. nefndar á eftirlaununum ekki svo þýðingarmikil, að takandi sé í mál, að stofna frv. í hættu hennar vegna. Það hefir að undanförnu, er mál þetta hefir verið til meðferðar, leikið á því, hvort eftirlaun skyldu vera $^1/_4$ eða $^1/_5$ launaupphæðarinnar; stendur það ekki á svo sérlega miklu, niðurfærslan mikil frá því sem nú er, alténd á hærri laununum, hvort sem verður ofan á.

Í hinum núgildandi eftirlaunalögum eru eftirlaun embættismannsekkju ákveðin $^1/_8$ af launum manns hennar, og hefir það verið látið halda sér í frv. þeim um eftirlaun, sem undanfarandi þing hafa haft til meðferðar, og hinu sama er haldið í frv. h. Ed. Það er því nokkuð viðsjárvert að vera nú að breyta þessu, og gæti eitt með öðru orðið málinu til falls.

Loks er það 3. brt., og er það víst í sjálfu sér hér um bil sama, hvort ákveðið er að eftirlaun ekkju megi ekki stíga yfir 1200 kr., eins og er í frv. hv. Ed., eða ekki yfir 1000 kr., eins og hv. nefnd hér í deild vill hafa það; engin ekkja er sem stendur á eftirlaunum, sem ná 1000 kr., og þetta sem deildirnar greinir á, er í raun réttri ekki nema á pappírnum. Eg vil því helzt greiða frv. þessu atkvæði óbreyttu eins og það kom frá hv. Ed.; eg álít að málinu mundi þá ráðið þann-

ig til lykta, að þjóðin mundi allvel við una, og að minsta kosti mun betur en við það, að alt haldist í sama horfinu. (*Lárus H. Bjarnason*: Mundi hv. þm. Borgf. þó ekki heldur vilja, að eftirlaun væru 1/5 en 1/4 af launununum?) Mér hefir í dag í ellistyrksmálinu heyrst vera sá þytur hér í deildinni, að fullkomin hugur sé í ýmsum til að eyðileggja eftirlaunamálið, og teldi eg það illa farið, því að það, að greiða atkvæði móti ellistyrknum er í raun réttri sama sem að vilja fella eftirlaunamálið.

Framsögum. (**Ólafur Briem**): Eg skal geta þess, út af orðum hv. þm. Borgf. (Þ. B.), að nefndin getur ekki ábyrgst, hverjar undirtektir málið fær í hv. Ed., ef það verður samþykt hér í deild með brt. nefndarinnar. Það sem nefndin lagði áherzlu á var þetta, að oftast, er málið hefir verið áður til meðferðar hér í deild, þá hefir það verið samþykt, að hinn fasti hluti eftirlaunanna skyldi vera 1/5 af launununum; hið sama hefir og verið samþykt oftar en einu sinni í hv. Ed., og því ekki örvænt um, að svo kynni enn að verða. Auk þess gat nefndin ekki viðurkent það, að hv. Ed. ætti að hafa töglin og hagldirnar í máli þessu; það stæði öllu nær að neðri deildin hefði það, því að hér er mál sem snertir útgjöld landssjóðs, og í fjármálunum er það viðurkent, að þungamiðjan eigi að liggja hjá neðri deild.

Nefndin gerði sér það ljóst, að hún vildi heldur að málið gengi ekki fram á þessu þingi en að þurfa að ganga að frv. h. Ed. óbreyttu; hún vill heldur bíða betri tíma, sem hún er sannfærð um að innan skamms muni koma. En að öðru leyti vonar nefndin fastlega að hægt muni verða að miðla málum, og ná samkomulagi milli deildanna í málinu.

Guðl. Guðmundsson: Hv. þm. Borgf. (Þ. Bj.) sagðist álíta að atkv.gr. um ellistyrkinn stæði í föstu sambandi við atkvæðagreiðsluna um þetta mál. Eg stóð upp til að mótmæla þessu. Að minsta kosti gerði hún það ekki að því er mig snerti. Eg greiddi atkvæði gegn því frv. af því að eg álít enga knýjandi ástæðu til þess að semja skyldulög til að safna sér ellistyrk fyrir þessa einu stétt manna hér í landinu, þar sem vér vitum að er í aðsigi lagafrv. um almenna ellistyrksskyldu frá nefndinni í fátækramálinu. Auk þess er það ekki gefið, að eftirlaunafrv. nái samþykki nú á þinginu, hitt getur vel orðið, að það verði að bitbeini milli deildanna, og hvaða meining er þá í, að vera að semja lög um ellistyrksskyldutrygging, er byggist á lögum, sem eigi eru orðin til.

Annars býst eg við, að mál þetta verði alt að þýðingarlausu káki, eins og svo margt annað á þessu þingi.

Þórhallur Bjarnarson: Eg stend við það, sem eg sagði áðan, að þessi mál, ellistyrksmálið og eftirlaunamálið, eru náskyld; þau eru borin fram af sömu mönnunum, í þessari sömu röð, sem þau standa hér á dagskranni, athuguð bæði í sömu nefndunum, og sett í óslítanlegt samband hvort við annað. Það er þess vegna enginn efi á því, að verði ellistyrksfrv. eigi samþ. hér í þessari deild, þá verður þetta frv. felt í hv. Ed., og hefi eg óræka vissu um það.

Það sem að minni hyggju aðallega kemur til athugunar í þessu máli er það, að nú standa til á þessu þingi miklar breytingar á embættaskipun landsins, og væri þá heppilegra að búið væri að gera þessar breytingar á eftirlaunalögunum, áður en skipað væri í þessi nýju embætti. Þetta er mergurinn málsins og frá sjónarmiði þjóðar-

innar yfirleitt og hag hennar, er þetta einnig fullkomlega nægileg ástæða fyrir því, að draga ekki þetta mál fram yfir þetta yfirstandandi þing.

Brt. hv. 1. þm. G. K. (Bj. Kr.) finst mér vera til lagfæringar og bóta, og eg mun því gefa henni atkvæði mitt, með því að eg get heldur ekki ímyndað mér, að hún geti á nokkurn hátt orðið frv. að falli hjá hv. Ed. Aftur á móti treysti eg mér ekki til að gefa brt. nefndarinnar atkvæði mitt, því mér þótti svar hv. frmsm. (Ól. Br.) ekki vera svo glögt, að hægt væri að byggja á því neina vissu eða traust til þess, að þingið afgreiði eftirlaunalögin að þessu sinni, ef þær breytingar yrðu á því gerðar, sem nefndin fer fram á, en það er mér mest um hugað, að frv. nái að ganga fram einmitt á þessu þingi, jafnvel þótt það yrði ekki alveg í því formi, sem eg hefði helzt kosið.

Stefán Stefánsson: Eg stend upp í sama tilgangi og hv. þm. V.-Sk. (G. G.) til þess að mótmæla því eindregið, að atkvæði mitt í ellistyrksmálinu eigi eða *geti* bent á, að eg einnig muni greiða atkvæði á móti eftirlaunalögunum. Mér er einmitt áhugamál að það frv. komist fram, og það einmitt í því formi, sem nefndin hefir stungið upp á. Eg mun því greiða atkvæði með brt. nefndarinnar, og vona að þingið samþykki frv. einmitt í þeirri og engri annari mynd.

Eg mun sömuleiðis greiða atkvæði með brt. hv. 1. þm. G. K. (B. Kr.) því hún er til bóta. Eg rak strax augun í þetta ákvæði frv., að sá embættismaður, sem slasast þegar hann er að gegna embætti sínu, svo að hann verður að fá lausn frá embætti, skuli ávalt fá $^2/_3$ tekna sinna sem eftirlaun. Þetta er alveg ósamrýmanlegt við princip það, sem frv. að öðru leyti fylgir. Slíkt ákvæði gat staðist eftir hinum núgildandi eftirlaunalögum, en alls ekki eftir frv. því, sem hér liggur fyrir. Eg hafði því einnig ásamt öðrum hv. þm. sent brt. í prentsmiðjuna, sem fer fram á, að eftirlaunin nemi hálfum tekjunum í stað $^2/_3$. Raunar veit eg ekki hvort þessi brt. mín getur komist að til atkvæðagreiðslu, enda gerir það ekki svo mikið til, því tillaga hv. þm. G. K. (B. Kr.) er í meira samræmi við aðalstefnu frv., þar sem hún fer fram á, að eftirlaunin séu reiknuð eftir sömu reglu og annara embættismanna, en þannig að eftirlaunin séu miðuð við 35 ára þjónustu, eða með öðrum orðum, að þeir fái þau fylstu eftirlaun, sem þeir gætu fengið eftir frv. Eg mun því, er til atkvæða kemur, taka tillögu mína aftur, en greiða brt. þm. G. K. (B. Kr.) atkvæði mitt.

Hannes Hafstein: Eg hefi ekki annað að segja en hv. þm. V.-Sk. (G. G.) og 2. þm. Skagf. (St. St.). Eg mótmæli algjörlega að atkvæðagreiðslan um ellistyrksfrv. standi í nokkru sambandi við afstöðu mína til eftirlaunamálsins. Eg skil ekki hvað hefir getað komið svo greindum og gætnum manni og hv. þm. Borgf. (Þ. Bj.) til að halda fram því, er hann gerði, og því síður skil eg þann ákafa, sem á honum var. Hann sagði að það væri banatilræði við eftirlaunamálið, að hafna ellistyrksfrv., af því að þau væri svo nátengd hvort öðru að efni, og bygði það á því, að það væru sömu mennirnir, sem flyttu þau bæði. Eg held einmitt að þetta atriði, að það eru sömu mennirnir, sem flytja bæði frv., bendi fremur í gagnstæða átt, að minsta kosti hafa höfundar frumvarpanna ekki álitið efni þeirra svo náskylt, að hægt væri að setja það í eitt frv., heldur hafa þeir skoðað það svo sundurleitt, að það yrði að vera sjálfstætt, hvað út af fyrir sig.

Hvað ellistyrksfrv. annars snertir, þá get eg ekki litið á það öðru vísi en sem hreinan og beinan aukaskatt á embættismönnum, og mér finst það hefði verið miklu hreinna að segja það beint út, að meiningin væri að skerða embættislaunin um það, sem ellistyrknum nemur, heldur en að »markera« þetta sem hjálp þeim til handa. En sé sú stefna, sem kemur fram í því frv., holl og rétt, þá á að gera ákvæði frv. svo víðtæk, að þau nái til almennings yfir höfuð, en eg get ekki verið með því, að taka eina einstaka stétt út úr og leggja þannig lagaða skyldukvöð á hana.

Hvað aftur á móti eftirlaunalögin snertir, þá get eg lýst því yfir, að eg mun fylgja því að binda sem fyrst enda á það mál, og greiða atkvæði með brt. nefndarinnar, um að færa þau niður í 1/5 hluta.

Lárus H. Bjarnason: Eg vil að eins leyfa mér að benda hv. þm. Borgf. (Þ. Bj.) á, að það er sitt hvað ellistyrkslögin og eftirlaunalögin. Ellistyrkslögin fara í vasa embættismannanna, þar á meðal hv. þm. sjálfs, en eftirlaunalögin fara í vasa alþýðu.

Annars þótti mér undarlegt að heyra hv. þm., sem er þjóðkjörinn þm., vera að mótmæla niðurfærslu á eftirlaunum embættismanna, og er það því kynlegra, þar sem nú er sérstök ástæða til að færa eftirlaunin niður, þar sem í ráði er, að stofna mörg ný embætti.

Að það geti orðið frv. að falli í hv. Ed., að eftirlaunin séu færð úr 1/4 niður í 1/5 af árstekjunum, get eg ekki hugsað, en enda þótt svo væri, þá verð eg að gefa brt. nefndarinnar atkvæði mitt. Eg heilsa með gleði því lögmáli, sem hv. framsm. (Ól. Br.) nefndarinnar nefndi, því sem sé, að Nd. eigi að hafa meira atkvæði um fjármál þjóðarinnar en Ed., og eg vil ekki, hvað sem í veði er, gefa þann rétt eftir.

Jón Magnússon: Það er bæði víst og satt, sem hv. þm. Borgf. (Þ. B.) tók fram, að þessi frv. um ellistyrk og eftirlaun eru svo náskyld, og svo bundin hvort öðru, að það má telja líklegt, að verði annað þeirra ekki sþ., þá nær hitt ekki fram að ganga. Og einmitt af þessari ástæðu hefir nefndin farið þess á leit við hv. forseta, að taka ekki frv. um ellistyrk á dagskrá fyr en séð væri fyrir um endalok eftirlaunafrv. í hv. Ed., vegna þess, að það væri meiningarleysa að láta það frv. fara sem lög frá þinginu, ef frv., sem þau lög eru bygð á, væri svo felt.

Það hefir verið sagt, að það mundi vera nokkuð óvíst, hvort þetta frv. yrði sþ. óbreytt í Ed. ef brt. nefndarinnar væru sþ. hér í þessari deild. Eg held að það sé alls ekki óvíst, heldur full vissa fyrir því, að verði það ofan á hér að breyta eins og nefndin hefir farið fram á, þá verði frv. felt í hv. Ed. eða því að minsta kosti breytt í samt lag aftur. Nefndin gekk líka út frá þessu, en vildi samt sem áður halda fast við það princip, sem hún hefir tekið í eftirlaunamálinu. Frv. var sþ. í Ed. með 7 : 4, en það má búast við að 2 af þeim 7 snúist á móti frv. þannig breyttu, og að minsta kosti er það alveg víst um annan þeirra, því eg hefi átt tal við hann um það, og sagði hann mér, að hann tvímælalaust mundi greiða atkvæði móti breytingunum, ef þær næðu fram að ganga. Hvað snertir brt. 1. þm. G. K. (B. Kr.), þá er það ekki alveg rétt eins og gert hefir verið, að jafna henni saman við núgildandi lög, því ef embættismaður slasast á fyrsta ári, þá verður hann eftir frv. ver settur ettir núgildandi lögum, vegna þess, að hann getur ekki verið búinn

að safna sér neinum ellistyrk, og það mun einmitt hafa verið þessi skoðun, sem hv. Ed. gekk út frá. Annars er þetta ekkert aðalatriði, að þessi brt. ein geti orðið frv. að neinu falli hjá hv. Ed.

Árni Jónsson: Það hafa margir háttv. þm. mótmælt því, sem h. þm. Borgf. (Þ. B.) sagði, um að þessi tvö frv., um eftirlaun og ellistyrk, standi í nánu sambandi hvort við annað. — En h. þm. hafa þó vonandi lesið nefndarálitið, því þar stendur: að nefndin álíti »ákvæði frumv. um upphæð eftirlaunanna vel viðunandi frá sjónarmiði embættisstéttarinnar með hliðsjón þeirrar viðbótar, er embættismenn afla sér, með því að safna sér ellistyrk eða kaupa sér geymdan lífeyri, samkvæmt því frumv., sem jafnhliða er til meðferðar á þinginu«.

Og í upphafi nefndarálitsins, um skyldu embættismanna að safna sér ellistyrk, segir svo: »Mál þetta stendur í beinu sambandi við þá breytingu á eftirlaunalögunum, sem þingið hefir til meðferðar«.

Þessir menn álíta þá, að frumv. séu náskyld og standi í sambandi hvort við annað. (*Stefán Stefánsson*: En það er ekki okkar skoðun). En það er þó skoðun að minsta kosti 5 manna hér í deildinni, og þó leit út fyrir, að þessir háttv. þingm., sem talað hafa, hefðu ekki vitað það fyr en h. þm. Borgf. (Þ. B.) kom fram með hana. Það lítur út fyrir, að þeir hafi ekki lesið nefndarálitið. — Eg lít á þetta mál eins og háttv. þm. Borgf. (Þ. B.). Þessi 2 frumv. hafa alt af orðið samferða og staðið saman. — Og þó einhverjir þykist nú hafa aðra skoðun, þá hafa þó þeir, sem hafa flutt frumv. og barist fyrir þeim frá upphafi, skoðað það svo, að þau stæðu í sambandi hvort við annað og hlytu að standa og falla hvort með öðru.

Viðvíkjandi breyt.till., þá hallast eg að skoðun h. þingm. Borgf. (Þórh. Bj.). Málið er búið að vera svo lengi fyrir þinginu, að eg vildi heldur stuðla að því, að það yrði nú afgreitt, en að það lenti í handaskolum, eins og háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) tók fram.

Eg held að þjóðin yrði ánægðari með það, að endi yrði bundinn á þetta mál nú af þingsins hálfu, og hefði eg því viljað óska, að deildin samþykti ekki aðrar breyt.till. en þær, sem ekki stofna því í hættu, að frumv. gangi í gegn.

Ólafur Ólafsson: Eg vil gera grein fyrir skoðun minni á þessu máli, áður en eg greiði atkvæði um það. — Eg skal ekki taka þátt í umræðunum um sambandið milli hinna tveggja frv., heldur um þetta mál út af fyrir sig. — Mér er það mikið áhugamál, að þetta mál nái fram að ganga, því ekkert er þjóðinni annað meira áhugamál en að eftirlaunin séu minkuð. En eins og nú stendur blæs byrlegar fyrir þessu máli en að undanförnu, og vantar ekki nema snertimuninn. Eg er í raun og veru samþykkur bæði breyt.till. nefndarinnar og háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.), en samt sem áður mun eg greiða atkvæði móti þeim, af því eg álít að kringumstæðurnar bjóði það. Því verði breyt.-till. samþyktar, er málinu stofnað í beina tvísýnu. Málinu yrði þá að vísa aftur til Ed., og það mundi að líkindum lenda á hrakningi milli deildanna. — Eru þá vandsén forlög þess. Eg álít því, að það sé skylda þeirra, sem vilja að málið gangi fram, að samþykkja frumv. óbreytt.

Eg lýsi með þessu engu vantrausti á háttv. Ed., en bendi að eins á, að málinu getur verið búin hætta frá henni; það sýnir reynslan.

Guðlaugur Guðmundsson: Það er klifað mikið á því af h. þm. Borgf.

(Þ. B.) og h. þm. N.-Þing. (Á. J.), að ellistyrksfrumv. og eftirlaunafrumv. hangi saman. Ef eg gef einhverjum kristnum náunga á kjaftinn og hann höfðar mál á móti mér, þá heyrir höggið og málið saman, annað er orsök en hitt er afleiðing. En ef maður höfðar mál á móti mér fyrir kjaftshögg, sem eg ætlaði að gefa honum, en gaf honum ekki, þá er það barnaskapur. — En alveg eins er það að samþykkja ellistyrkslögin á undan eftirlaunalögunum, það er að taka afleiðinguna á undan orsökinni, og það er alveg ný filosofi.

Það hefir verið sagt, að krafa þjóðarinnar væri að lækka eftirlaun. — Eg hefi skilið hana á annan veg; eg hefi skilið svo, að þjóðin vildi afnema öll lögboðin eftirlaun, og það er principspursmál. Það var tilgangurinn þegar þetta mál kom fyrst fram 1887, og því var haldið fram lengi eftir það. — Það er fyrst nú á síðustu árum að farið er að rifa seglin, láta sér nægja lítilfjörlega lækkun. En hvort sem þetta frumv. verður samþykt óbreytt eða með breytingum, þá verður þjóðin samt óánægð með úrslitin. Hitt getur haft pólitiska þýðingu.

Björn Kristjánsson: Eg er háttv. þm. þakklátur fyrir undirtektir þeirra undir breyt.till. mína. Háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.) og háttv. þm. Vestm. (J. M.) bera að eins kvíðboga fyrir því, að Ed. muni fella frumv., ef gerðar yrðu á því breytingar. En eg hygg, að meiningamunur hafi verið svo lítill um þetta atriði í Ed., að þessi breyting yrði ekki málinu að falli. Annað mál er um niðurfærsluna á 2. og 8. grein. — Eg vil ekki stofna þessu máli í voða, og greiði því ekki atkvæði með þeim breytingum, sem nefndin hefir farið fram á.

En eg skil ekki, að háttv. efri deild eyðileggi svo mikilsvert mál, þó mín breyt.till. yrði samþykt.

Árni Jónsson: Eg get ekki verið samdóma háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), að það hafi verið stefna þingsins um þetta mál, að vilja afnema eftirlaunin. (*Guðlaugur Guðmundsson*: Þar til á síðari árum!). Það er stefna þings og þjóðar, að vilja gera þau lægri. Og eg álít, að vér förum að vilja þjóðarinnar fremur með því, að greiða atkvæði með frumv. óbreyttu, heldur en með því að vera að eltast við þær meginreglur, er h. þm. talaði um.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þskj. 390 tekin aftur.

Breyt.till. á þskj. 384 samþ. með 17 samhlj. atkv.

1. gr. frumv. samþ. með 22 samhlj. atkv.

Breyt.till. 1. (360) við 2. gr. samþykt með 18 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, eftir ósk nokkurra þingmanna, og sögðu

já:	*nei*:
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Bjarnarson,	Björn Kristjánsson,
Eggert Pálsson,	Ólafur Olafsson,
Einar Þórðarson,	Olafur Thorlacius,
Guðl. Guðmundss.,	Þórhallur Bjarnars.
Hannes Hafstein,	
Hannes Þorsteinss.,	
Herm. Jónasson,	
Jóh. Jóhannesson,	
Jóhannes Olafsson,	
Lárus H. Bjarnason,	
Magnús Andrésson,	
Magnús Stephensen,	
Olafur Briem,	
Pétur Jónsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Tr. Gunnarsson.	

2. gr. frv. með áorðnum breytingum sþ. m. 21 shlj. atkv.

3.—7. grein frumv. samþyktar í einu hljóði.

Breyt.till. 2 (360) við 8. gr. feld með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, eftir ósk nokkurra þingmanna, og sögðu

já:	*nei*:
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Björn Bjarnarson,
Einar Þórðarson,	Björn Kristjánsson,
Hannes Þorsteinss.,	Guðl. Guðmundss.,
Herm. Jónasson,	Hannes Hafstein,
Jóhannes Olafsson,	Jóh. Jóhannesson,
Lárus H. Bjarnas.,	Magnús Stephensen,
Magnús Andrésson,	Olafur Olafsson,
Olafur Briem,	Olafur Thorlacius,
Stefán Stefánsson,	Pétur Jónsson,
Tr. Gunnarsson.	Skúli Thoroddsen,
	Þórh. Bjarnarson.

3. breyt.till. á þskj. 360 samþ. með 14. samhlj. atkv.

8. gr. frv. með áorðnum breytingum sþ. með 22 samhlj. atkv.

9.—12. gr. samþyktar með 22 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. álitin samþykt án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr. 12. ág. (C. bls. 540).

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni sþ. með 21 samhlj. atkv., og endursent Ed.

Ein umr., 22. ág. (C. bls. 667; n. 685.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Frumv. þetta er nú að mestu leyti í sömu mynd og það var, er það fyrst kom hingað til deildarinnar. Háttv. Ed. hefir sem sé ekki getað gengið að þeirri aðalbreytingu, sem samþ. var hér í deildinni fyrir skemstu, að sá hluti fastra eftirlauna, sem miðaður er við upphæð embættislaunanna, væri lækkaður úr 1/4 niður í 1/5. Engu að síður verður nefndin á ný að ráða deildinni til að samþ. þessa lækkun. Líklega eru flestir háttv. þingdm. ráðnir í því, hvernig þeir eigi að taka í þetta mál. Síðast er frumv. var hér fyrir deildinni, var þessi breyting samþykt með nafnakalli með 18 atkvæðum á móti 5, og þessi 5 atkv. féllu aðallega eða eingöngu svo, af ótta við það, að Ed. mundi fella málið ef það kæmi aftur til hennar þannig breytt. Nú hefir það sýnt sig, að ekki þurfti að óttast það, svo eg geri ráð fyrir því, að nú geti einnig þessir 5, eða flestir þeirra, samþykt þessa breyt.till. nefndarinnar.

2. breyt.till., um að færa eftirlaun ekkna úr 1/8 af launum mannsins niður í 1/10, lá einnig hér fyrir deildinni fyrir skemstu, en var þá feld, að eg held sömuleiðis af þessum sama kvíða fyrir því, að háttv. Ed. kynni að fella málið. Það sem aðallega vakir fyrir landsmönnum með niðurfærslunni á eftirlaunum embættismanna, er það, að koma í veg fyrir, að eftirlaunabyrðin, sem á landssjóði hvílir, aukist stórkostlega í framtíðinni við það, að embættum hefir á seinni árum verið fjölgað að mun, sérstaklega læknaembættum, enda er það fyrirsjáanlegt, að útgjöld landssjóðs til eftirlauna hljóta að fara vaxandi, ef það fyrirkomulag helzt, sem nú er. En þessar ástæður ná alveg eins til eftirlauna embættismannaekkna, og með tilliti til þessa er þessi 2. breyt.till. nefnd. fram komin. Hér er heldur ekki að ræða um neina tilfinnanlega lækkun fyrir hvern einstakling. Eftirlaun ekkju eftir embættismann með lægstu launum, 1500

kr., yrði þannig eftir frumv. kr. 187,50, en eftir breyt.till. nefnd. 150 kr. Ekkja embættismanns með 6000 kr. launum, sem yrðu hæstu laun er til tals gætu komið, að undanskildum ráðherralaunum, fengi eftir frumv. 750 kr. í eftirlaun, en eftir breyt.till. nefnd. 600 kr. Hér er því, sem sagt, ekki um mikla lækkun að tala fyrir einstaklinginn, þó landssjóð muni það talsverðu.

Enn fremur vakti það fyrir nefndinni, að enn er allmikill hluti embættismanna, sem engra eftirlauna nýtur, sem sé læknar í 4. og 5. flokki, en gera má ráð fyrir, að innan skamms komi fram uppástunga um að gera þessa menn, sem eru 22 að tölu, jafn réttháa og aðra embættismenn landsins, annaðhvort með sérstökum lögum, eða með því að setja eftirlaun handa þeim inn á fjárlögin. Nefndinni fanst því eðlilegt, að það sem sparaðist við þessa fyrnefndu breyt.till., yrði varið til að bæta upp þessum mönnum, og að það sem sparaðist við síðari breyt.till. nefnd., yrði varið til þeirra ekkna embættismanna, sem nú eru eftirlaunalausar. Eftirlaun embættismannaekkna eru nú 12000 kr., en yrðu eftir breyt.till. 9600 kr. Munurinn er þá 2400 kr., sem ó hætt er að gera ráð fyrir að hækka muni bráðlega upp í 3000 kr. Ef við setjum að þessar embættismannaekkjur, sem nú hafa ekki rétt til eftirlauna, séu milli 10 og 20, og þessum 3000 skift á milli þeirra, þá verður 150—300 kr. á hverja þeirra. Með þetta fyrir augum álítur nefndin því æskilegt, að 2. breyt.till. hennar næði einnig fram að ganga.

Tvær síðustu breyt.till. eru að eins smábreytingar. Sú fyrri eða 3. br.till. nefnd. gengur út á það, að eftirlaun ekkju megi aldrei fara fram úr 600 kr., og leiðir hún nokkurn veginn af sjálfu sér, þar sem ekki getur verið að tala um hærri eftirlaun handa nokkurri embættismannsekkju, ef 2. br.till. nefndarinnar verður samþykt, nema eins einasta embættismanns, sem sé ráðherrans, er varla þarf að taka tillit til í þessu sambandi.

4. breyt.till. er að eins til að taka burtu ákvæði í frumv., sem miðuð eru við hin eldri eftirlaunalög, en sem nú hafa enga þýðingu, því það getur aldrei komið fyrir, að ekkja embættismanns geti fengið hærri eftirlaun en laun manns hennar voru, er hann dó. Hér að lútandi orð frv. eru því nú alveg óþörf, og hafa að eins verið látin standa af óaðgæzlu.

Jón Magnússon: Af því að eg gat ekki orðið fyllilega samdóma háttv. meðnefndarmönnum mínum, og hefi þess vegna orðið að skrifa undir nefndarálitið með fyrirvara, þá finn eg mér skylt að gera stuttlega grein fyrir atkvæði mínu og skoðun, að þessu leyti.

Aðalástæðan fyrir mér til að greiða atkvæði móti breyt.till. nefnd. er sú sama, sem kom fram hér við umr. í deildinni um daginn, að eg vil ekki stofna öllu frumv. í hættu í sameinuðu alþingi með því að setja þessa umþrættu breytingu, 1/5 í stað 1/4, inn aftur, einkanlega þar sem eg álít frumv. yfirleitt mjög aðgengilegt eins og það er.

Skúli Thoroddsen: Þegar þetta mál var síðast hér fyrir deildinni, þá greiddi eg atkv. með þessari breyt.till. nefnd., að færa eftirlaunin úr 1/4 niður í 1/5. — Ed. hefir nú breytt frv. aftur og fært það í samt lag. — Þar eð eg síðast, sem sagt, greiddi atkv. með þessari lækkun, en nú hefi í hyggju að greiða atkv. móti henni, þá finn eg mér skylt að gera grein fyrir atkvæði mínu.

Eg get ekki séð annað en að það sé alveg rétt hjá háttv. þm. Vestm. (J.

M.), að málinu sé stofnað í hættu, ef breyt.till. nefnd. er samþ. nú. Til þess að málið nái fram að ganga í sameinuðu alþingi þarf kvalificeraða majoritet, $^2/_3$ allra atkv., en svo stóran meiri hluta geng eg út frá að ekki sé hægt að fá fyrir frumv., og þess vegna mun eg greiða atkv. móti öllum eða að minsta kosti fyrstu breyt.till. nefnd., og eg vil ráða öllum háttv. þingdm. til að gera hið sama.

Háttv. framsm. (Ól. Br.) gat þess, að það væri sérstaklega þýðingarmikið, að lög þessi næðu nú fram að ganga, þar sem í ráði væri að stofna mörg ný embætti, og er það alveg rétt athugað. En einmitt með það fyrir augum væri þá líka rétt að samþ. ekki breyt.till. nefndarinnar nú, því afleiðingar þeirra gætu hæglega orðið þær, að málið næði ekki fram að ganga fyr en á næsta þingi, og áhrif breytinganna gætu þá ekki náð að verka á þá embættismenn, sem kæmust í embætti á milli þinganna.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Mótmæli háttv. þm. N. Ísf., (Sk. Th.), snerust eingöngu um það, að hætt væri við að málið næði ekki fram að ganga ef það kæmist í sameinað þing. Þetta er auðvitað spádómur einn, er ekkert verður um sagt með neinni áreiðanlegri vissu, og verður því ekki dæmt um það nema eftir líkum. En eftir því að dæma, hvaða fylgi málið hefir haft í báðum deildum þingsins, með hvað miklum áhuga þjóðin hefir fylgt þessu máli, og þegar jafnframt er haft tillit til þess, að hér er ekki um stórmikið fé að ræða fyrir hvern einstakling, og að lokum þegar þess er gætt, að breyting sú, sem hér er farið fram á, er í fullu samræmi við gjörðir undanfarndi þinga í þessu máli, þá skil eg ekki, hvers vegna meiri hluti, nægilega stór, ekki ætti að fást fyrir frumv. Hér í deildinni greiddu 18 atkv. síðast með þessari breyt.till., og flestir þeirra 5, sem á móti henni voru, lýstu því yfir, að það væri einungis af ótta fyrir því, að málið yrði felt í Ed., ef breytingin yrði samþ. Eg þykist mega fulltreysta því, að allir þessir menn muni greiða frumv. atkv. sitt í sameinuðu þingi. Í háttv. Ed. eru einnig nokkrir þm. fylgjandi þessari breytingu. Fyrst og fremst þeir 2 þm., sem þar fluttu breyt.till. í þessa sömu átt, og enn fremur má gera ráð fyrir því, að hinn upphaflegi flutnm. frumv. (G. Guðl.), sem flutti frumv. í þessu formi í byrjuninni, fari nú ekki að greiða atkvæði á móti sinni eigin tillögu. Eg sé því ekki, að það geti verið minsta ástæða til að bera kvíðboga fyrir því, að málið falli í sameinuðu alþingi þó frumv. sé breytt, þótt hins vegar sé auðvitað ekki hægt að fullyrða neitt um það fyrirfram með óyggjandi vissu.

ATKV.GR.: 1. breyt.till. nefnd. á þgskj. 561 (við 2. gr.), samþ. m. 14 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei*:
Björn Bjarnarson,	Árni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Jón Magnússon,
Einar Þórðarson,	Björn Kristjánsson,
Hannes Þorsteinss.,	Hannes Hafstein,
Herm. Jónasson,	Magnús Stephensen,
Jóh. Jóhannesson,	Pétur Jónsson,
Jóhannes Ólafsson,	Skúli Thoroddsen,
Lárus H. Bjarnas.	Þórh. Bjarnarson.
Magnús Andrésson,	
Ólafur Briem,	
Ólafur Ólafsson,	
Ólafur Thorlacius,	
Stefán Stefánsson,	
Tr. Gunnarsson,	

2. breyt.till. nefnd. á þgskj. 561 (við

8. gr.) samþ. með 14 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei*:
Eggert Pálsson,	Árni Jónsson,
Einar Þórðarson,	Jón Magnússon,
Guðl. Guðmundsson,	Björn Bjarnarson,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson,
Hannes Þorsteinss.,	Herm. Jónasson,
Jóh. Jóhannesson,	Magnús Andrésson,
Jóhannes Ólafsson,	Tr. Gunnarsson,
Lárus H. Bjarnas.,	Þórh. Bjarnarson.
Ólafur Briem,	
Ólafur Ólafsson,	
Ólafur Thorlacius,	
Pétur Jónsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson.	

3. breyt.till. á þgskj. 561 (við 8. gr.) samþ. með 13 samhlj. atkv.

4. breyt.till. á þgskj. 561 (við 8. gr.) samþ. með 14 samhlj. atkv.

Frumv. í heild sinni með áorðnum breyt. samþ. með 21 : 1 atkv, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Árni Jónsson,	Magnús Stephensen.
Jón Magnússon,	
Björn Bjarnarson,	
Björn Kristjánsson,	
Eggert Pálsson,	
Einar Þórðarson,	
Hannes Hafstein,	
Hannes Þorsteinss.,	
Hermann Jónasson,	
Jóh. Jóhannesson,	
Jóh. Ólafsson,	
L. H. Bjarnason,	
Magnús Andréss.,	
Ólafur Briem,	
Ólafur Ólafsson,	
Ólafur Thorlacius,	
Pétur Jónsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Tryggvi Gunnarss.,	
Þórb. Bjarnarson.	

Frumv. verður afgr. til forseta sameinaðs þings,

Fjárlög 1904 og 1905.

FRUMVARP til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905.

Fyrsta umr., 3. júlí (C. bls. 4).

Lárus H. Bjarnason: Eg leyfi mér að stinga upp á því, að 7 manna nefnd sé skipuð í málið, og jafnframt að fyrstu umræðu sé frestað.

Landshöfðingi: Eins og háttv. þingdm. gefst kostur á að sjá, er í fjárlagafrumv. þessu gert ráð fyrir talsvert miklum tekjuhalla á næsta fjárhagstímabili, eða alls 218,555 kr. 41 e. Þetta er allmikil upphæð, og vona eg að meðferð þingsins á fjárlögunum verði þannig, að hún færist heldur niður á við en upp á við.

Það hefir að vísu hingað til orðið sú reyndin, að breytingin hefir fremur gengið í hina áttina, en fyrir það er ekki loku skotið fyrir, að nú geti farið á hinn veginn.

Hér er að vísu sú bót í máli, að þótt nú sé áætlaður töluverður tekjuhalli, að þá er fjárhagur landsins undir góður að heita má. Í lok síðasta fjárhagstímabils var í viðlagasjóði rúm miljón króna, og í Ræktunarsjóðnum, sem í raun réttri er einn hluti landssjóðs, þótt ákveðið sé að verja honum í sérstöku augnamiði, eru fullar 150,000 kr. Auk þessa var í sjóði af landsfé, við lok síðasta fjárhagstímabils, rúm hálf miljón króna. Að vísu er ekki hægt að segja, hvernig árangurinn muni verða af yfirstandandi fjárhagstímabili, og eg get meira að segja ekki sagt með fullri vissu um, hvernig niðurstaðan muni verða árið 1902, því að enn er ekki hingað komið eftirrit af reikningsbók ráðgjafans; en nú er þó hægt

að segja það, að tekjurnar hafa orðið 125,000 kr. meiri árið 1902, en á var ætlað. Það má því gera ráð fyrir nokkrum tekjuafgangi það ár. Um yfirstandandi ár er auðvitað enn eigi hægt að segja neitt með vissu. Mér þykir vænt um að hin núverandi stjórn getur skilað fjárhag landsins í góðu lagi, og að eigi verður henni með rökum borið á brýn, að hún hafi sóað ráðlauslega landsfé.

Af því stungið hefir verið upp á nefnd, finn eg ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið að þessu sinni.

Forseti: Eg verð yfir höfuð að telja það góða og gilda reglu, sem tekin var upp hér í deildinni fyrir tveimur árum, að láta fyrstu umræðu lokið, áður en nefnd sé skipuð í mál, en af því þetta mál er svo mikilsvert og umfangsmikið, og af því að eg geri ráð fyrir, að háttv. þm. Snæf. (L. H.B.) ætlist ekki til að það sé gert að almennri reglu framvegis, að mínu áliti einnig ekki í fullu samræmi við þingsköpin, að fyrstu umræðu sé frestað, þá er nefnd er skipuð í mál við þá umræðu, þá er eg fús á að bera tillögu háttv. þm. Snæf. um nefnd nú þegar undir atkvæði deildarinnar og fresta síðan umræðum.

Lárus H. Bjarnason: Eg skal þegar lýsa yfir því, að það vakti eigi fyrir mér að víkja frá þeirri reglu, sem hér var sett fyrir tveim árum, þegar um almenn lagafrumvörp er að ræða. En um fjárlögin virðist mér nokkuð öðru máli að gegna. Þar virðist mér mjög hagkvæmt og jafnvel nauðsynlegt, að fyrsta umræða fari fram í tvennu lagi. Eg lít svo á, að það sé gott og gagnlegt, að »eldhúsdagurinn« haldist við. Eg tel það æskilegt, að þingmönnum gefist kostur á að bera það fram, sem þeir telja stjórninni til saka, og eg tel það einnig æskilegt fyrir stjórnina, að henni gefist kostur á, að bera opinberlega hönd fyrir höfuð sér. Nú sem stendur munu hvorki háttv. þingdm. vera við því búnir að bera fram fyrirspurnir sínar og aðfinslur, né fulltrúi stjórnarinnar búinn til að svara þeim, þótt þær kæmu fram. Því óska eg að fyrstu umr. sé frestað.

ATKVGR.: Nefndarkosning samþ. í e. hlj.

Að viðhafðri hlutfallskosningu voru þessir kosnir í nefndina:

Þórhallur Bjarnarson,
Tryggvi Gunnarsson.
Pétur Jónsson,
Stefán Stefánsson,
Hermann Jónasson.
Árni Jónsson,
Jóhannes Jóhannesson.

Fyrstu umr. frestað.

Framh. fyrstu umr., 30. júlí (C. bls. 4, n. 357; 380).

Framsögumaður (Pétur Jónsson): Það fyrsta sem mér dettur í hug, þegar eg á að hefja máls um nefndarálitið, er það sem draugurinn sagði um árið: »Þú ert ekki búinn að bíta úr nálinni«, og eg býst við að þegar til atkvæða kemur um tillögur nefndarinnar, þá muni það sýna sig, að hún er ekki búin að bíta úr nálinni. Um leið og eg nú tek fram stefnu þá, er nefndin hefir viljað fylgja, skal eg benda á þá stefnu, er átt hefir sér stað í fjármálum á undanfarandi þingum. Það hefir mikið verið um það talað í blöðunum og annarsstaðar, að þetta þing ætti að marka þá stefnu, sem endurbætt stjórn ætti að fylgja, það væri hlutverk þessa þings, og fyrir því væri svo mikið undir þessu þingi komið. Eg get að vísu fallist á, að þetta þing eigi miklu að ráða um stefnuna, en undanfarandi þing eiga líka að

réttu lagi að eiga atkvæði um hana. Það eru ekki eingöngu flokksnöfn né stefnuskrár, þótt prentaðar séu, er skýra bezt frá vilja þjóðarinnar, eða um stefnu þá, er nýja stjórnin eigi að fylgja, til þess að gerast fulltrúi og frömuður þjóðviljans, heldur sá vilji þjóðarinnar, sem komið hefir fram í atgjörðum undanfarandi þinga og þá hvað skýrast í fjárlögunum, þar sem vér höfum haft fullkomnast sjálfsforræði. Þess vegna ætla eg að koma með lauslegt yfirlit yfir stefnu þá, er ráðið hefir í fjármálum vorum um síðustu 20 ár. Tekjur og gjöld hafa mikið aukist á þessum 20 árum, og það er gaman að sjá, til hvers hinum auknu tekjum hefir verið varið. Eg hefi skift útgjöldunum á fjárlögunum niður í 10 flokka og vildi benda á hvernig vöxtur hvers þessa flokks um sig hefir verið um undanfarin 20 ár, með 10 ára millibili, og tek eg því fjárhagstímabilin 1882—'83, 1892—'93 og 1902—1903. Fyrsti flokkurinn er þing og landsstjórn, og hefir hann því sem næst staðið í stað. Annar flokkur er eftirlaun og styrktarfé, og hefir hann hækkað um tæpan helming, úr 50,000 kr. upp í 99,000 kr. Þriðji flokkur, kirkjan og hin andlega stétt, stendur því sem næst í stað. Fjórði flokkur, læknaskipun og heilbrigðismál hefir vaxið þannig:

Það voru veittar til hans:

1882—83 hér um bil 80,000 kr.
1892—93 hér um bil 105,000 —
1902—03 hér um bil 230,000 —

Fimti flokkur er æðri skólar, og teljast þar til latínuskólinn, prestaskólinn, og læknaskólinn. Til þessa flokks hefir verið varið því sem næst sömu upphæðinni á öllu þessu tímabili. Þá kemur alþýðufræðslan, og tel eg til hennar gagnfræðaskóla og styrk til barnakenslu og annarar alþýðufræðslu, en ekki sjómannaskólann og búnaðarskólana, sem taldir eru undir fjárveitingu til atvinnuvega. Voru veittar til alþýðufræðslu:

1882—83 hér um bil 36,000 kr.
1892—93 hér um bil 62,000 —
1902—03 hér um bil 104,000 —

og hefir sú fjárveiting því sem næst þrefaldast. Þá koma vísindi og bókmentir. Til þeirra voru veittar:

1882—83 hér um bil 15,000 kr.
1892—93 hér um bil 26,000 —
1902—03 hér um bil 51,000 —

og fjárveitingin því rúmlega þrefaldast.

Til skáldskapar og lista var ekkert veitt 1882—83, en 1892—93, 2,200 kr. og 1902—1903, 7,000 kr. Þá koma póstmál og samgöngur á sjó og landi. Til þeirra voru veittar:

1882—83 hér um bil 119,000 kr.
1892—93 hér um bil 250,000 —
1902—03 hér um bil 517,000 —

Hefir sú upphæð því fjór- til fimmfaldast. Þá eru atvinnuvegir: landbúnaður, sjávarútvegur og iðnaður.

Til þeirra voru veittar:

1882—83 hér um bil 8,000 kr.
1892—93 hér um bil 59,000 —
1902—03 hér um bil 162,000 —

Útgjöldin alls voru 1882—83 eitthvað milli 800 og 900 þús. kr., eftir 10 ár voru þau orðin rúm ein miljón, og nú 1,668,000 kr.

Eg vona að af þessum tölum sjáist það fljótt, að aðalaukning útgjaldanna hefir verið til framfaramálanna, til læknaskipunar, alþýðufræðslu, vísinda og bókmenta, skáldskapar og lista, samgöngumála og atvinnuvega.

Þegar nú talað er um, að vér þyrftum, og þetta þing eigi að stuðla að því, að vér fáum framfarastjórn, þá er auðsætt, að undanfarandi þing hafa engu síður krafist þess. Stefna þeirra hefir verið glögg í þessa átt, og þar sem fjárlaganefndin í einstökum efnum

ef til vill virðist hafa farið nokkuð freklega, þá hefir hún í því efni haldið í sömu stefnu og undanfarandi þing. En þess ber jafnframt að gæta að fjárhagurinn um undanfarin 20 ár hefir þrátt fyrir alt haldist í góðu horfi. Á þessu tímabili hefir viðlagasjóður og peningaforði landsins til samans aukist um helming. Í þessu sambandi skal eg benda á atriði, sem að vísu öllum mun ljóst, og það er að viðlagasjóðurinn stendur næstum allur fastur, og hefir það nokkur áhrif á atgjörðir þingsins, hvernig og hvar hann stendur. Um 800,000 kr. eru í útlánum, og í konunglegum skuldabréfum rúmar 200 þús. kr. Eins og eg benti á, er það ekki ný stefna hjá fjárlaganefndinni, að fara nokkuð freklega í eyðsluáttina, en hitt er ef til vill nýtt, hvernig fjárhagsútlitið er. Eg skal benda á hvernig því víkur við eftir tillögum nefndarinnar og stjórnarfrumv. Tekjuhallinn á stjórnarfrv. er 218,000 kr. og er það ekki þægilegt fyrir nefndina, sem fær svo margar bænarskrár í hendur, að sinna þeim mikið, þegar svo mikill tekjuhalli er á frv. til að byrja með. Hækkun útgjalda hjá fjárlaganefndinni er 195,000 kr. en aftur hefir hún hækkað tekjuáætlunina um c. 62,000 og lækkað útgjöldin á frv. um 35,000 kr. Það verða samtals 97,000 kr., svo tekjuhallinn vex að eins um 98,000 kr. eða verður samtals 316,000 kr. og í raun og veru meiri, ef áætlunin er ekki rétt. Eg þori ekki að ábyrgjast að hún sé rétt, en þó mun hún ekki vera fjarri sanni. En nú hefir þessi deild samþykt tvenn skólalög, er heimta 110,000 kr. fjárveiting. Fjárkláðinn og fjáraukalögin 1902—1903 taka um 97,000 kr., stjórnarskiftin um 15,000 kr. Og verður þá tekjuhallinn alls um 540,000 kr. Og þar fyrir utan er Lagarfljótsbrúin, sem er óútreiknanleg. Þá eru lánsheimildirnar, sem nefndin ræður til að skeyta við 19. gr. Upp í þetta geta svo gengið afborganir af viðlagasjóðslánum, er geta orðið um 100,000 kr., ef athugasemdir nefndarinnar við 4. gr. verða samþyktar.

Eg hefi gert þetta yfirlit, ekki til þess að draga hug úr mönnum, heldur til þess að benda á, að fjárlaganefndin hefir farið í líka átt og undanfarandi þing með að hækka kröfurnar, og þó hún hafi farið nokkuð freklega, hefir hún þó reynt á hinn bóginn að fara svo varlega, að hún ekki stofnaði fjárhag landsins í neina ófæru. — En eg býst líka við, að þeir verði fleiri, sem hefir þótt nefndin heldur gjörn til að klípa af í sumum greinum.

Það er nú auðsætt, að þingið er á þeim vegi með fjárveitingar, og þær sjálfsögðu kröfur til fjárveitingarvaldsins fara svo mjög vaxandi, að landssjóður þarf meiri tekjur. Það er ómögulegt að stöðva þann straum nema með því að gera sig sekan í sterku afturhaldi. Útgjöldin hljóta að fara sí hækkandi, en tekjurnar geta ekki aukist að sama skapi. Það hefir líka verið stefna þingsins að undanförnu, að auka tekjurnar til móts við útgjöldin. — Það fór að koma tekjuhalli milli 1880 og 1890, og þá var farið að auka tekjurnar með tollum; átti alþingi sjálft frumkvæðið þar. Og einmitt við það, að þessar tekjur fengust, fóru menn að verða djarfari og færast meira í fang. — Þá komu brúargerðirnar og vegirnir austur um sýslurnar. En nú rekur að því sama, eftir nærfelt 20 ár. Það verður að auka tekjurnar, til að geta fullnægt framfarahug þjóðarinnar. — Það getur ekki verið rétt búskaparlag, að taka lán til árlegra þarfa, það getur staðist að taka lán, eins og góðir búmenn gera, til að standast aukakostnað í svipinn eða stór fyrirtæki. —

Ef t. d. er tekið lán til að útrýma fjárkláðanum til fulls, þá hlýtur það að borga sig á fáum árum. Það má líka hugsa sér, að það borgaði sig að taka lán til að taka fyrir alla verstu farartálmana á vegum landsins í einu, en auðvitað þarf þá að áætla með ársútgjöldum æði-mikið fé til afborgunar slíkra lána. Í stuttu máli: alt stefnir að því, að tekjurnar verði að auka; að minsta kosti þarf þegar á næsta þingi að auka tekjurnar verulega. Eg hefi ekki komið auga nema á einn gjaldstofn, er svarað gæti tekjuhallanum, það er að leggja skatt á verzlanirnar í heild sinni, þar er gjaldstofn sem um munar, og hinn lang-stærsti, sem hægt er að benda á. En út í þetta skal eg ekki fara meira að þessu sinni, því eg tala hér að eins í nafni fjárlaganefndarinnar, sem hefir athugað það vandlega, að hér þarf aðgerða við.

Landshöfðingi: Eg er sparsamur maður, og mér er vel við að sé sparað, en eg hygg, að sú meðferð á fé landsins, sem nefndin vill við hafa, sé mjög svo illa til fallin, og margt af því, sem hin háttv. nefnd stingur upp á, vona eg að verði felt hér í deildinni. — Eftir því sem hinn háttv. framsögum. (P. J.) tók fram, þá mun, ef allar fjárveitingar nefndarinnar ná fram að ganga, verða 540,000 króna sjóðþurð í landssjóði. Hann tók það og fram, að tekjubálkurinn þyrfti að aukast og þingið mundi þurfa að finna ráð til þess að auka tekjurnar. En nú er mér spurn: Þegar hallinn nemur í alt um 540,000 kr., hvar á þá stjórnin að taka það fé, sem ætlað er til þeirra fjárveitinga, sem um fram eru? Eg veit að nefndin ætlast til, að þá verði hlaupið í ríkissjóð, en eg tel það alveg óvíst, að slíkt fáist nú. Eg tel það miklu fremur líklegt, að stjórnin vilji það ekki og leggi enga peninga til. Eg játa það, að það er nauðsynlegt að auka tekjur landssjóðs og reyna að útvega nýjar tekjur, og eg er hræddur um, að ekki tjái að geyma það til næsta þings, þegar svona er að farið. Hvernig skyldi stjórnin eiga að framkvæma það, sem þingið samþykkir, ef engir peningar eru til? Mér er það með öllu óskiljanlegt, hvernig stjórnin getur farið að í því efni. — Eg álít, að fjárhagur landsins hljóti að ráða hve miklu fé er varið til útgjaldanna. Og það sem eg aðallega finn að gerðum nefndarinnar er það, að það dugir ekki að taka alt, heldur að eins það, sem mest ríður á. Það tjáir ekki að verja eins miklu og nefndin gerir af útgjöldunum til samgöngumálanna; eg held að þau þyldu uppihald að minsta kosti meðan verið er að útrýma fjárkláðanum, sem mestu varðar nú í svipinn. Eg hygg að hægt væri að komast af með minni fjárveitingu til þeirra í þetta skifti, það er alt af hægt að veita meira til þeirra, þegar fjárhagurinn er góður. Þá er fjárveitingin til landbúnaðarins. Að vísu vil eg ekki draga úr því, að fé sé veitt til hans; en fjárveitingin til hans nú er ómöguleg, þegar svona stendur á, og í annan stað, þegar svo há fjárveiting er lögð til þess að útrýma fjárkláðanum. — Það dugar ekki að taka nema 1 eða 2 mál fyrir, en láta útrýming fjárkláðans ganga fyrir öllu í þetta sinn, og þegar búið er að útrýma honum, fellur eðlilega sú fjárveiting burtu. En svo ofan á alt þetta á að lána stórfé úr landssjóði. — Reyndar mun það vera ætlunin, að fá þetta lán úr ríkissjóði, en eg held að danska stjórnin kæri sig ekki mikið um það, og láni það alls ekki. — Eg ímynda mér að hún þakki fyrir það, að hlaupið sé í ríkissjóð, þegar sjóðþurð er gerð í landssjóði.

Eg vona því að menn hugsi um þetta, að það er ekki hægt að veita sér alt, þegar fjárhagurinn er svona þröngur, og því verður ekki neitað, að hann er nú sem stendur mjög bágur.

Þórhallur Bjarnarson: Það var eitt atriði viðvíkjandi landsbúskapnum, sem eg vildi tala um nú við framhald 1. umr., og það eru afskifti landsstjórnarinnar með tilliti til þjóðjarðanna. — Tekjugreinin af jörðunum fer lækkandi og það af fleirum ástæðum en sölu jarðanna. Nýskeð hafa verið gerðar ráðstafanir með nokkuð af tekjunum handa ábúendum til húsabóta, svo að ekki er hægt að segja, að stjórn og þing hafi látið það atriði afskiftalaust, en efasamt er, að hve miklum notum það hefir komið. Eg er mjög eindreginn með þjóðjarðasölu, og álít, að það sé mjög þýðingarmikil stefnubreyting, sem eg vona að sé að verða í þinginu í því máli. Og af því að mér getur ekki skilist annað en að fulltrúi stjórnarinnar hér á þinginu væri andmæltur þjóðjarðasölunni, þá vil eg árétta það fastlega, sem eg nýskeð talaði í þjóðjarðasölumálinu. Vér kom umst í ógöngur með þjóðjarðirnar. — Þó að stórfé væri lagt fram til að bæta þær, er hæpið, að slíkar ráðstafanir ofan frá kæmu að verulegum notum, og slíkur búskapur reynist jafnan afardýr. Eina ráðið er að hjálpa ábúendum að kaupa. Umboðið, sem nú er í lakasta ástandi, er Arnarstapa- og Skógarstrandarumboð í Snæfellsnessýslu með sínar 100 jarðir, og er það sérstaklega kunnugt úr þingsögunni milli 1880 og 1890. Um það skeið var það visast í enn meiri niðurlægingu en nú, og má þó vart á bæta; eg hefi sjón og sögu af því, hvað það er illa komið. — Það hefir líka verið lánað þar til húsabóta, og eg hefi komið þar að eyðijörð með 2 járnþöktum húsum, og ber sá styrkur úr umboðssjóði litla vöxtu. — Þessar umbætur verða til þess að hækka kröfurnar til ábúandanna, og má segja hið sama um það og prestakallalánin, að þótt það þyki gott í svipinn að geta fengið lánið, þá er lántakandinn eða að minsta kosti eftirmaðurinn ekki þakklátur fyrir kröfurnar eftir á.

Umboðsmaður Arnarstapaumboðs, sem var hér á ferðinni fyrir skömmu, vakti máls á því, að borga mætti jarðabætur á þjóðjörðum með eftirgjöt á landskuld, og stakk upp á að meta dagsverkið á krónu. Það yki auðvitað nokkuð jarðabótavinnu, en hitt er meira efamál, hvort slíkt væri hyggilegur landsbúskapur, og hvaða eftirlit yrði á slíku? Eina bótin í þessu efni er það, að láta jarðirnar falar með alveg sérstökum vildarkjörum. Salan hefir ekki verið nein vildarkjör undanfarið; fyrst hefir orðið að borga 1/4 verðs, og síðan 6% árlega í 28 ár. Landbúnaðurinn hér þolir það ekki. Í Danmörku er varið stórfé til húsmannabýlanna. Kjörin eru þar þau, að lántakandi borgar aldrei meira á ári í afborganir og vexti en $3^1/_2$ % á 115 árum, sem hann er að borga skuldina til fulls. Kjörin hér verða að vera stórum betri en þau nú eru, svo að menn geti keypt og klofið fram úr vöxtum og afborgunum. — Eg veit að við mig verður sagt: Hvað er mætara að borga vextina og afborgunina en landskuldina? Er það ekki jafn-þungt? Geti kjörin verið svo góð, að upphæðin á ári verði lítið sem ekki meiri til vaxta og afborgana en eftirgjaldið er nú, þá er munurinn ákaflega mikill. Viljinn er þá orðinn allur annar hjá ábúandanum.

Í Snæfellsnessýslu er svo ástatt, að mikill hluti jarða-afgjalda fer út úr

bygðinni, og það er hið mesta drep fyrir hverja sveit, þar sem svo hagar til. Það er alræmda írska ástandið. — Eg þekki sveitir hvora við hliðina á annari, þar sem jarða afgjöldin í annari lenda rétt öll hjá mönnum innansveitar en í hinni fara þau rétt öll út úr sveitinni, og er þar afar-mikill munur á velmegun og framtakssemi.

Mér virðist að hér sé stór-mikið athugamál fyrir þing og stjórn, og sé eg ekki annað ráð, en að nú sé algerlega horfið frá hinni fornu villu í þessu máli og í stað þess · taka upp dæmi annara þjóða, og selja þjóðjarðirnar með alveg sérstökum nýjum vildarkjörum. — Opinberar ráðstafanir og framlög bæta eigi kjörin að gagni, sízt í hlutfalli við kostnaðinn. Það er alveg að sínu leyti, að eg hefi ekki mikla trú á, að löggjöfin geti að marki bætt hag leiguliða á einstakra manna jörðum, alt slíkt rekur sig á eignarréttinn; eina ráðið verður það líka, að veita ábúendum vildarlán til að geta keypt og komist í sjálfsábúð. Spurningin er um það: Hvað vill hið opinbera leggja í sölurnar til þess að koma leiguliðunum í sjálfsábúð? Það er að minni hyggju ekki nema um þann eina veg að ræða, því að alt annað verður vandræði. — Það sem eg því í þessu efni hefi helzt að athuga við stjórnina er það, að hún hefir hvorki sýnt framtak í því, að reyna að bæta þessar þjóðeignir í leiguábúðinni, og eigi heldur stuðlað að því, að leiguliðarnir fengju þær keyptar.

Hér hafa heyrst raddir um það, að eitt mesta meinið væru Vesturfarirnar, og yfir höfuð fólksleysið í landinu, samfara margs konar losi. Vér erum hér á þinginu líka með vel-meintar óskir og tilraunir í þá átt, að fólksstraumurinn komi inn í landið. Það er nú mín sannfæring, að ekkert haldi fólkinu betur í landinu en það, að sem flestir geti fengið að eiga blettinn, sem þeir sitja á.

Andróðurinn gegn þjóðjarðasölunni stafar mest frá sjálfum umboðsmönnunum. Ymsar athugasemdir hafa komið fram um það, að þeir mundu ekki allir fara vel með vald sitt yfir þjóðjörðunum, en eg er því ekki kunnugur og get því ekkert um það sagt. — Eg óska þess að eins, að þeirra dagar væru sem fyrst taldir. (*Margir*: Heyr!) — Eg sé, að háttv. framsögum. (P. J.) brosir, en orð mín taka að eins til umboðsmenskunnar, en ekki til mannanna.

Þing og stjórn verður að vera vandlátara og kröfuharðara, vilja meira og gera meira eins í þessu máli sem öðrum. — Hæstv. landsh. sagði, að vér þyrftum eitthvað til að gera þetta alt með, sem vér viljum gera, og það er dagsatt, en með orkunni og viljanum vaxa efnin.

Háttv. framsögum. (P. J.) vék að því, hvaða óskir og vonir vér hefðum til hinnar nýju stjórnar, og eg vil sérstaklega undirstrika þessi orð, að vér treystum því og vonum það, að hin nýja stjórn fylgist betur með og hafi betur vakandi auga á öllum vorum þjóðarmeinum, en stjórnin hefir hingað til gert. — Og þjóðarmein getur það heitið eitt með fleirum, ástandið í Arnarstapaumboði.

Eg hefi þá von, að þegar sá mikli sigur er unninn, að vér höfum fengið hingað manninn, sem ábyrgðina ber á stjórnarfarinu, að hann lifi með í öllu, og hafi vilja á að bæta úr meinunum, hver helzt sem þau eru, og leiða sem flestar umbætur í framkvæmd, þó að þær kosti fyrirhöfn og fé.

Yfirleitt get eg sagt það, að eg vil heldur stjórn, sem vill enda of mikið, og sem þingið jafnvel þyrfti að halda aftur af, heldur en stjórn, sem er bæði

aðgerðahæg og viljalítil. (*Stefán Stefánsson*: Heyr!).

Ólafur Briem: Eg ímynda mér að fleirum hafi orðið það sama sem mér, þegar þeir fyrst sáu fjárlagafrv. stjórnarinnar, að þeim hafi orðið á, að líta á öftustu síðuna og gá að, hvort þar væru tilteknar nokkrar sérstakar fjárhæðir til að lána til framfarafyrirtækja hér á landi. Því víkur svo við, að stuðningur sá, sem fjárveitingavaldið á kost á að veita framfarafyrirtækjum, liggur í tvennu, sumpart í fjárstyrk, sem ekki er ætlast til að sé endurborgaður, og sumpart í lánum til stærri fyrirtækja, sem út lítur fyrir að muni borga sig, bæði fyrir einstaklinginn og þjóðina í heild sinni. Mér varð hverft við, er eg leit á stjórnarfrv., og sá að enginn eyrir var ætlaður í þessu skyni. Og því fremur þótti mér þetta undarlegt af því, að í síðustu fjárlögum var *einmitt* ætlað talsvert fé til útlána í þessu skyni. Vil eg að eins minnast á eina fjárveiting, 50000 kr. til að stofna klæðaverksmiðju, sem ekki hefir verið notuð eða komið til útborgunar, en mjög sennilegt er, að hefði þurft að ætla fé til aftur á þessum fjárlögum. Að minsta kosti telur fjárlaganefndin víst að það verði leitað til stjórnarinnar um lán til slíks fyrirtækis. Maður hefði getað búist við, að stjórnin mundi fylgjast svo vel með því, sem um þetta mál hefir verið ritað, að hún gerði ráð fyrir fjárveiting í þessu skyni; og það því fremur sem hún hefir orðið að gangast fyrir því, að þetta mál væri rannsakað og undirbúið. — Ur þessu er auðvitað bætt að nokkru leyti með tillögum fjárlaganefndarinnar, ef þær ganga fram, þar sem hún vill veita 160000 kr. til ýmsra framfarafyrirtækja, og þar á meðal 50000 kr. til klæðaverksmiðju; efast eg ekki um, að þessum tillögum verði vel tekið, ekki einungis hér af þinginu, heldur og að landsmenn verði þinginu þakklátir fyrir að það vill leggja stórfé til framfarafyrirtækja og kljúfa til þess þrítugan hamarinn að styrkja þau. — En svo þegar kemur til stjórnarinnar kasta að framkvæma það, sem felst í tillögum þessum, þá renna menn nú nokkuð blint í sjóinn viðvíkjandi því, hvaða árangur þessar ályktanir hafa. Það er mikið gott að hafa þær svart á hvítu á fjárlögunum, en betra er þó að hafa þær í framkvæmdinni þannig, að fyrirtækin komist á. En hvern árangur þessar ályktanir muni hafa og hverjar líkur séu til að þeim verði framgengt, er til stjórnarinnar kasta kemur, geta menn markað af því, hvernig fulltrúi stjórnarinnar tók undir þær, er hann taldi þær fjarstæðu, bar fyrir sig fjárhagsástandið og að fyrst þyrfti að útvega fé. En ef landið skortir fé og útvega þarf landssjóði tekjur, hverjum stendur þá nær að bera upp fyrstu tillöguna í því efni, heldur en einmitt stjórninni? Það er ekki einstakra þingmanna, nema ef til vill fjárlaganefndarinnar, en allra helzt stjórnarinnar, að finna gjaldstofna og koma fram með tillögur um, hvað á þá megi leggja. — En það eru ekki einungis undirtektir stjórnarfulltrúans, sem vakið geta kvíðboga í þessu efni, heldur líka reynsla undanfarandi ára. Eg skal taka til dæmis fjárhagstímabilið 1900–1901. Það voru á þinginu 1899 ætlaðar 80000 kr. á þessu tímabili til framfarafyrirtækja, en 4. nóv. s. á. var það samþykt af ráðgjafanum að veita ekkert af þessu fé fyrst um sinn. Afleiðingin af því var sú, að landsmönnum féll allur ketill í eld, og álitu ekki til neins að fara fram á, að fá neitt af þessum fjárveitingum; enda býst eg við, að þeim bónum, sem fram

hafi komið, hafi ekki verið sint; enda hefir árið 1900 ekki verið veittur einn eyrir, en 1901 að eins rúmar 27000 kr. — Það eina sem gæti verið til að réttlæta þetta, er það, að ekki hafi verið til fé í landssjóði, því það er auðvitað, að stjórnin getur ekki tekið það sem ekki er til. En nú hagar svo til, að stjórnin hafði í hendi sinni ýms landssjóðslán til einstakra manna, sem hún hefði getað að einhverju leyti fengið inn; að vísu þætti það má ske hart að segja upp lánunum, meðan hinir upphaflegu lántakendur halda þeim, en þegar eigandaskifti verða að veðunum, þá hafa hinir nýju eigendur engan rétt til að halda lánunum með sömu kjörum. — Enn má taka það fram, að við byrjun þessa fjárhagstímabils var peningaforði landssjóðs . . 271 þús. kr. og við lok þess . . . . 375 — — Er það nú líklegt, að af þessum peningaforða, sem jókst svona mikið á fjárhagstímabilinu, hefði ekki verið hægt að lána út frekara en gert hefir verið? — En sérstaklega vil eg athuga eina upphæð í landsreikningnum fyrir árin 1900 og 1901, það er seinasti liðurinn, 120 þús. kr. á hlaupareikningi landsbankans, og sem upplýst er að stendur þar enn; þessi sama upphæð hefir og staðið 31. des. 1899 og 31. des. 1897; hún hefir því staðið óhreyfð frá árinu 1897, eða á 6. ár; og 31. des. 1895 voru 100000 kr. á hlaupareikningi landsbankans.

En hvað þýðir það, að fé stendur á hlaupareikningi landsbankans? Það þýðir að það stendur á 1% vöxtum. Mér er nú spurn, hvort þessu fé, sem þannig hefir staðið nál. vaxtalaust ár eftir ár, væri ekki betur varið til þeirra framfarafyrirtækja, sem þingið hefir veitt stjórninni heimild til að styrkja með fjárframlögum, og sem eg verð að skoða sem beina áskorun til hennar um að veita fé til þeirra. Eg fæ nú ekki betur séð en að hér sé það tvent gert í einu, landsmönnum bægt frá að fá fé til fyrirtækja, sem þjóð og þing telur nauðsynleg, og landssjóður sviptur vöxtum, sem hann ætti að fá. Annaðhvort hefði átt að vera, að veita féð til lána móti þeim vöxtum, sem áskildir eru, eða þá, sé því slegið föstu að ekki þurfi á því að halda í því skyni, þá að ávaxta féð á einhvern betri hátt en gert er, og ef það á endilega að vera í landsbankanum, þá sé það þar með sparisjóðskjörum. Meðan eg fæ ekki fullnægjandi skýring um þetta efni, verð eg að halda því fram, að stjórnin hafi með þessu ráðlagi beinlínis bakað landssjóðnum fjártjón.

Landshöfðingi: Hv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) furðaði sig á því, þegar hann leit á fjárlagafrv., að hann skyldi ekki sjá þessa vanalegu lánarollu aftan við það. En eg skil ekki, hvernig hann getur furðað sig á því með 218000 kr. sjóðþurð. Mér fyrir mitt leyti er ómögulegt að skilja það, að maður, sem brúkar meira en tekjur sínar, geti líka lánað út fé; eg held hann þurfi að taka lán, en ekki veita lán. Þessi aðfinsla hv. þm. er því ekki á neinu bygð.

Þar að auki hefir það ekki verið siður að undanförnu, að það hafi verið boðin fram lán í stjórnarfrumvörpum. Heldur hefir þingið sjálft gert það, og stundum á þann hátt, að stjórnin hefir orðið að taka fram, eins og 1899, að eins og fjárlögin væru úr garði gerð, sæi hún sér ekki mögulegt að veita þessi lán, sem þingið hefði farið fram á.

Hv. þm. fjargviðraðist mikið út af klæðaverksmiðjuláninu. Lán þetta var ekki veitt nema til klæðaverksmiðju á Seyðisfirði; og orsökin til þess, að sú klæðaverksmiðja komst ekki á, var ekki sú, að lánið fengist ekki, heldur sú, að þeim skilyrðum, er þingið setti,

var svo vísdómlega fyrirkomið, að ómögulegt var að fullnægja þeim.

Eg get huggað háttv. þm. með því, að eitthvað af þessu fé var lofað til klæðaverksmiðju, svo að hann getur ekki kvartað um að heimildin hafi ekki verið notuð.

Hann tók það sjálfur fram, að stjórnin hafi í bréfi 4. nóvbr. 1899 lýst því yfir, að hún sæi sér ekki fært að veita þessi lán, sem farið væri fram á í fjárlögunum að væru veitt, og samkvæmt þessu voru mjög lítil lán veitt á árinu 1900. En þegar það ár var liðið og það sást, að það var til talsvert fé í landssjóði, þá voru 1901 veitt öll þau lán, sem um var beðið, og eg man ekki til að neinum hafi verið neitað um lán, þegar hann fullnægði þeim skilyrðum, sem ákveðin voru; svo að þessar aðfinslur háttv. þm. Skagf. (Ól. Br.) finst mér ekki á neinum rökum bygðar. Eg vildi óska að hin komandi stjórn sæi sér fært að veita þessar 160,000 kr., sem gert er ráð fyrir, og um leið borga sjóðþurðinn, 540,000 kr.

Stefán Stefánsson: Eins og menn muna var með lögum 9. febr. 1900 stjórninni veitt heimild til að verja 45,000 kr. til þess að koma upp brú á Lagarfljóti. Stjórnin gerði samning við félag eitt í Khöfn að koma brúnni á, og í hitt eð fyrra var byrjað á brúnni, en hætt við hana aftur að tillögum »ingeniörs« landsins, sem áleit ekki nægilegt efni né undirbúning. Í fyrra fór stjórnin fram á það, að veitt væri viðbótarfé á aukafjárlögum við hina eldri fjárveitingu, 25,000 kr., og fjárlaganefndin félst að mestu á tillögur stjórnarinnar, lækkaði að eins upphæðina um 2000 kr., og veitti 23,000 kr. til þess að brúarsmíðinu yrði haldið áfram. Enn fremur fór nefndin fram á það, að stjórnin léti rannsaka, hverjum það væri að kenna að hætt var við brúarsmíðið; hvort það væri að kenna verksmiðjunni, ellegar það hefði verið ónauðsynleg fyrirskipun af verkfræðing landsins að hætta við brúarsmíðið; og ef það kæmi í ljós að sökin hefði verið hjá félaginu, sem átti að smíða brúna, þá ætlaðist þingið til þess, að það yrði gerð ábyrgð gildandi á hendur félaginu. Þingið í fyrra gerði ráð fyrir, að stjórnin gerði nýjan samning um brúarsmíðið og sæi um að því yrði haldið áfram í sumar. En eg heyri, að ekkert hafi verið gert; ekkert nýtt efni flutt að, og meira eða minna af því, sem búið var af brúnni, sé eyðilagt. Mig langar þess vegna til að spyrjast fyrir um það hjá háttv. stjórnarfulltrúa, hvernig í þessu liggi, hvort nokkuð hafi verið gert af stjórnarinnar hálfu, og hvernig á því standi að brúarsmíðinu er ekki haldið áfram. Eg veit að það er mikil óánægja hjá mönnum á Norður- og Austurlandi, sérstaklega á Austurlandi, út af því að verkinu er ekki haldið tafarlaust áfram, og menn skilja ekkert í því, þar sem nægilegt fé hefir verið veitt til þess, að minsta kosti eftir áliti stjórnarinnar í fyrra.

Framsögumaður (Pétur Jónsson): Eg get sagt hið sama um ræðu hæstv. landshöfðingja, eins og hann sagði um nefndarálitið. Eg er ekki sem bezt ánægður með hana, þó aðfinsla hans væri reyndar ekki stór. Það er ekki nema eðlilegt, að hæstv. landshöfðingi, er jafnan hefir lýst sig sparsaman á fé landssjóðs, skoði það sem fjarstæðu að stofna til svo mikils tekjuhalla, sem tillögur fjárlaganefndarinnar benda á. Það er auðvitað ekki á ábyrgð fjárlaganefndarinnar, hvað þingið að öðru leyti gerir viðvíkjandi fjármálunum, en vitaskuld rétt, að nefndin taki tillit til þess. Hæstv. lh. spurði, hvaðan ætti að taka féð. Mér

skilst hann geti að eins átt við: um stundarsakir; því að eins og eg tók fram, bjóst fjárlaganefndin við, að sett yrði undir lekann strax á næsta þingi, með því að útvega landssjóði nýjar tekjur. Eg álít ekki, að það geti verið nein sérleg vandræði fyrir landsstjórnina eins og á stendur, að taka á móti þessum sjóðþurð; mér skilst það séu ekki meiri vandræði en fyrir hvern einstakan mann, sem skortir fé í bráð, og verður að grípa til þess að taka lán. Það getur verið fullgóður búmaður, sem tekur lán, ef hann hefir veð að setja fyrir því; og eg skil ekki í, að landssjóður sé ekki svo á vegi staddur, að hann hafi allmikla tryggingu fram að bjóða, þó það yrði að taka þessa $^1/_2$ miljón til láns. Það liggur nú fyrir þinginu frumv., sem stefnir að því að útvega landssjóði nokkurn tekjuauka o: frumvarpið um hækkun á útflutningsgjaldi af hvalafurðum: lýsi o. fl.; eftir því sem eg heyrði af ræðu háttv. flutningsm. þess máls hér í deildinni, þá reiknaðist honum, að það mundi vera einar 75 þúsundir á ári, sem að líkindum hefðist upp úr þeim lögum, ef þau kæmu til framkvæmdar.

En eg álít sem sagt, að maður eigi að heimta það af stjórninni, að hún standi ekki ráðalaus uppi, þó hún þurfi að taka $^1/_2$ miljóna króna lán, svo framarlega sem fjárhagsástandið er svo lagað að öðru leyti, að landið geti tekið lán. Eg skil ekki að önnur þjóðfélög standi betur að vígi, þegar þau þurfa að taka lán, og það til fyrirtækja, sem í okkar augum eru ekki eins arðberandi og þau, er vor aðalfjárútlát ganga til, sem er landbúnaður og samgöngur. Það er alkunnugt, að það eru margar þjóðir, sem hafa safnað miklum ríkisskuldum fyrir kostnað við hernað og þess konar, svo að jafnvel á friðartímum er einna hæstur útgjaldapóstur hjá þeim einmitt til herfanga. Eg sé ekki betur, þótt vér séum fámenn þjóð og land vort fátækt, en að vér hljótum að standa fullvel að vígi, með að grípa til sömu ráða og aðrar þjóðir hafa gert.

Eg tók það fram í inngangsræðu minni, að við ættum ekki að taka lán, nema við sæum fyrir, að við værum færir um að borga það aftur. Það er auðvitað, að við ætlum okkur ekki meiri skuldir en við getum staðið straum af.

Hæstv. landsh. sýndist ekki ráðlegt að fara svo hátt, sem nefndin vildi; það væri ekki hyggilegt að taka alt í einu. En það er einmitt það, sem nefndin hefir e k k i gert. Hún hefir ekki tekið alt í einu. Margir munu á því máli, að hún hafi öllu heldur tekið of lítið með, og að of fáum fjárframlögum hafi verið sint. Eg hygg og vona, að sá meðalvegur, er nefndin hefir farið, sé bæði skynsamlegur og affarasæll.

Fjárframlagið til samgöngumála er lítið hækkað, og þó er það einn af okkar örðugustu útgjaldaliðum; það liggur í afstöðu landsins, sem er aðskilið frá öðrum löndum af reginhafi og auk þess er fult af torfærum innan sinna eigin endimarka; samgöngurnar hljóta að verða mjög dýrar. Eg skal þó ekki fara lengra út í það efni að sinni, heldur vil eg að eins benda á, að það sem nefndin hefir lagt til að varið yrði t. d. til vegagerða, nemur ekki miklu. Að vísu langaði nefndina til að fara lengra, en sá það þó ekki til neins, nema að miklu drægi.

Til landbúnaðarins er framlagið nokkuð hækkað, og hlífðist þó nefndin við að fara þar mjög langt. Enda er það alveg víst, að engar verulegar framfarir verða í landbúnaðinum, er

þingið gæti þakkað sér, ef dregið verður úr tillögum nefndarinnar.

Að því er snertir fjárveitinguna til útrýmingar fjárkláðanum, þá gætum við vel staðið okkur við að taka lán til hennar. Engin þjóð mundi standa aðgerðalaus gagnvart slíkri meinsemd, þegar kostur er á að losast við hana að fullu. Að vísu stöndum við ekki vel að vígi, að því er lántöku snertir, þar sem engir eru efnamenn innanlands. En eins og bankastjórinn hefir getað fengið erlendis stórfé að láni handa bankanum, þannig ætti landsstjórnin líka að geta útvegað það.

Landshöfðingi: Háttv. 2. þm. Skagf. (St. St.) fann að því, hvernig stjórnin hefði hagað sér gagnvart ósk alþingis um brú á Lagarfljót. Kvað hann hana hafa tekið miður vel í það mál. Eins og flesta mun reka minni til, var samþ. á þingi að fá norskan ingeniör til þess að rannsaka brúarstæði á fljótinu.

Stjórnin útvegaði svo þennan mann, og lagði hann það til, að lokinni rannsókn sinni, að leggja skyldi brúna þar, sem hún síðar var lögð. Síðan hefir ráðgjafinn haft málið með höndum, svo að mér er ekki um það kunnugt. Veit eg að eins af bréfi frá stjórninni, að hún hefir ekki séð sér fært í sumar að eiga neitt við brúargerðina, og mun orsökin vera sú, að hún hefir fengið bréf frá sýslumanninum í Suður-Múlasýslu, þar sem hann tjáir henni það álit sitt, að ófært sé að byggja brú á þessum stað.

Annars skal eg geta þess, að öll skjöl, sem eg hefi fengið um þetta mál, hefi eg afhent samgöngumálanefndinni. Það lítur út fyrir að hin núverandi stjórn ætli að fela hinni nýju allar framkvæmdir um þetta mál.

Að því er snertir þau ummæli háttv. framsm. (P. J.), að hann treysti hinni nýju stjórn til að útvega lán, þá ber þess að gæta, að til þess þarf heimild löggjafarvaldsins. Þess vegna hélt eg, að háttv. nefnd mundi jafnframt leggja það til, að þessi heimild yrði veitt.

Framsögumaður (Pétur Jónsson): Eg vil að eins geta þess gagnvart athugasemd hæstv. landsh. um að þingið yrði að veita heimild til lántökunnar, að eg efast ekki um, að þingið muni veita þá heimild, eftir því sem útlit er fyrir, að þarfir krefji.

Guðlaugur Guðmundsson: Það eru að eins fáein orð, er eg vil leyfa mér, að leggja hér í belg um sinn. — Háttv. framsögum. nefndarinnar talaði í inngangsræðu sinni margt gott og satt orð. Og það var að ýmsu leyti fróðlegt yfirlit, er hann gaf yfir, hvernig vaxandi tekjum landssjóðs um síðastliðin 20 ár hafi verið varið. Er eg honum samdóma um, að það hefir lýst sér í atgerðum þingsins á undanförnum árum, að það hefir ekki verið smáhuga að stuðningi atvinnuvega landsins, að það hefir í rauninni verið framsóknarþing. Og hann gat þess um leið, að þetta ætti að ráða stefnu hinnar nýju stjórnar, en ekki *flokkanöfn og prentaðar stefnuskrár*. Eg undirstrika þessi orð vegna stöðu h. háttv. framsögum. í þinginu.

Háttv. framsögum. gat þess einnig, að útgjöldin yxu hraðara en tekjurnar. Þess vegna þyrfti að finna nýja tekjustofna, til þess að landssjóður gæti staðist vaxandi útgjöld til framkvæmda. Þessu er eg samþykkur. En til þess er líka annar vegur, sem sé sá, er nægja ætti fyrst um sinn, að gera einhverjar af hinum gömlu tolltölum hreyfanlegar, þannig, að þingið gæti á hverju fjárhagstímabili ákveðið upphæðina hærri eða lægri eftir því er þörf krefði. Auk þess er ýmsum tekjustofnum svo farið, að þá mætti hækka

án þess að það kæmi nokkurs staðar tilfinnanlega við. Eg get ekki gefið nákvæmar bendingar um þetta efni, en eg efast ekki um, að þeir sem eru þessu gagn-kunnugir, eins og t. dæmis hæstv. landshöfðingi, gætu bent á ýmislegt. Eg vil þó nefna tekjuskattslögin. Í sambandi við þau vil eg leyfa mér að beina einni fyrirspurn til hæstv. landshöfðingja. Eftir því sem lögin eru orðuð, þá liggur beint við, að útlendir kaupmenn, er reka verzlun á fleiri stöðum hér á landi, greiði tekjuskatt á einum stað, en ekki í öllum lögsagnarumdæmum, er þeir reka atvinnu í. — Þannig ber víst að skilja lögin. Nú verzlar kaupmaður t. d. í 3 lögsagnarumdæmum; þá er hann látinn greiða skatt í hverju fyrir sig, og nýtur frádráttar og hins lægra hundraðsgjalds á öllum stöðunum. Ef hann aftur á móti greiddi gjaldið í einu lögsagnarumdæmi af öllum 3 verzlununum í einu, yrði skatturinn miklu hærri. Gránufélagið eitt mun hingað til hafa greitt skatt af öllum verzlunum sínum á einum stað. — En um aðra verzlunarrekendur, er það hafi gert, er mér ekki kunnugt.

Annað var það, er eg vildi minnast á, og lauslega var vikið að í gær. — Það eru horfurnar í latínuskólanum. Eins og flesta mun reka minni til, hafa verið samþyktar í báðum deildum þingsins breytingar á tilhögun fyrirkomulags og kenslugreina í skóla þessum. — Eg veit, að ekki þarf annað en nefna þetta mál, til þess að hæstv. landshöfðingi vilji segja, hvað því líður. — Jafnframt vildi eg þó víkja fám orðum að ástandinu í skólanum eins og það er, að því er sagt er. Auðvitað er eg því ekki svo gagn-kunnugur, að eg geti lýst því nákvæmlega. En eg vona, að það verði leiðrétt, er eg kann að herma skakt. Eins og menn vita hefir verið talin talsverð hætta í skólanum af sjúkdómum. Sjálfsagt er ekki gott við slíkt að ráða, og eg efast eigi um, að af skólastjórnarinnar og læknanna hálfu hafi alt verið gert, er gerlegt var, til að afstýra þessari hættu, en það hefir þó eigi reynst fullnægjandi En svo hefi eg út um land heyrt menn hafa í orði, að önnur hætta væri hér og á ferðinni, engu betri en sjúkdómshættan; sú hætta, er gerði það að verkum, að þeir hikuðu sér við að senda drengi sína í skóla. Það væri hið andlega loft, sumpart í skólanum og sumpart í bænum. Eg get ekki gerla um þetta sagt, en eg ímynda mér, að gagn-kunnugir menn gætu lýst því. Jafnvel í þessari deild sitja menn, er sagt hafa við mig, að þeir þyrðu ekki að senda sonu sína í skólann vegna þessarar hættu. — Mér hefir verið sagt, að ungir drengir venjist þar á óhlýðni, slæpingshátt og strákapör. Drykkjuskap hefi eg heyrt síður orð á gert. En hitt er nóg til þess, að unglingarnir bíði þess eigi bætur æfilangt. Mig rekur minni til þess, að fyrir fám árum var ástandið heldur ekki sem bezt. Þá gáfu menn skólastjóra sökina. Nú held eg sé öðru máli að gegna; sökin mun alls eigi liggja hjá skólastjóra. Vitaskuld er eg ekki sem kunnugastur ástandinu; en svo mikið veit eg, að það er ekki eins æskilegt og vera ætti.

Aðal-orsökin til þess, að ástandið er svona stirt, mun vera sú, að heimavistirnar voru afnumdar; en það var gert vegna sótthættunnar; og af því að húsið er eins og það er nú, svarar það ekki kröfum tímans til heimavistar. — Þegar eg var í skóla, þá voru margar heimavistir; fjöldi pilta svaf og las í skólanum; en þá voru líka margir, er bjuggu út í bæ. Og einmitt bæjarsveinarnir voru þá álitnir verri hluti

skólapilta fyrir sakir leti og slæpingsskapar. Þess vegna víkur því svo við í mínum augum, að bæjarvistin hafi ill áhrif á pilta, er lýsir sér svo gagnvart kennurunum í óhlýðni og ertni, og séu þeir þá ekki því vaxnir, að bæta úr þessu, er í óefni er komið.

Það var þetta er eg vildi vekja máls á. Eg efast ekki um, að allir eru mér samdóma í því, að á þessari mentastofnun ríður ekki sízt. Þeir, er þar fá lagða lífs-undirstöðu sína, eru einmitt þeir menn, er síðar meir eiga að bera uppi framtíð þjóðarinnar, fullnægja þeim skilyrðum, er fullnægja þarf, til þess að þjóðin geti heitið síðuð þjóð. — Þeir eiga sem prestar þjóðkirkjunnar að annast kristindóm og siðferði í landinu. Þeir eiga sem læknar að sjá lífi og heilsu manna borgið. Þeir eiga sem dómarar að vernda lög og rétt í landinu. — Þess vegna er það svo áríðandi, að undirstaðan undir kunnáttu þeirra og hugsunarhætti sé vel lögð. Það skal vel vanda, sem lengi á að standa. — Gömul setning er og til, er segir: »Smekkurinn sá sem kemst í ker, keiminn lengi eftir ber«. Skóladaganna bera menn menjar alla ævi.

Þessu vildi eg hreyfa í þeirri von, að hæstv. landshöfðingi léti í ljósi, hvort hann ætlar þessar aðfinningar á rökum bygðar, og hvort hann þá vildi ekki styðja að því, að þessu yrði kipt í lag. — Þótt það heyri ekki beint undir starf hæstv. landshöfðingja, þá hvílir þó yfirumsjónin með skólanum aðallega á honum, og því ábyrgðin líka. — Ef það reynist satt að vera, að skólinn sé ekki viðunanlegur, þá væri vel tilvinnandi að reisa nýtt skólahús, er svaraði kröfum tímans, þar sem piltar gætu fengið nægilegar heimavistir, eins góðar og þær, er tíðkast á beztu lærðu skólum erlendis. Því að það er eitthvert hið mesta tjón fyrir þjóðina, þegar þeir menn, sem stýra eiga framtíð landsins, komast á æsku-árunum út á afvega stigu, er þeir eiga bágt með af snúa af síðar. Nú fara tímamót í hönd, og væri því vel við eigandi, ef unt væri, að ráða bót á þessu nú.

Enn er eitt atriði, er eg vildi víkja að. Líklega verður landshöfðingjaembættið dottið úr sögunni, þegar þingið kemur aftur saman 1905. Nú væri því ástæða til að líta til baka, og virða fyrir sér, hvaða áhrif stofnun þessa embættis 1873 hefir haft. Að vísu liggur þetta enn helzt til nærri til þess, að auðvelt sé að dæma um það með rökum. Því var spáð, að það mundi verða óhappasælt fyrir Íslendinga, að það mundi svifta þá sjálfstæði sínu. — Og ef eg man rétt, þá var það kallaður »kreptur hnefi hinnar dönsku stjórnar framan í oss Íslendinga«.

Síðan eru nú liðin 30 ár, og á þeim höfum við haft 3 menn. Ekki er hægt að neita því, að miklar umbætur hafa orðið á þessum árum. Og þær hefðu orðið meiri, hefði þetta embætti ekki haft þann galla, að þeim sem í því sátu var ómögulegt að njóta sín. Landshöfðingi hefir á hendi undirbúning löggjafarstarfsins og skrifstofustörf. En hér er ekki tími til að fara meira út í áhrif þau, sem landshöfðingjadæmið hefir haft, það verður sögunnar hlutverk síðar meir.

Landshöfðingi: Viðvíkjandi fyrirspurn hér í þingsalnum um breyting á kenslu í latínuskólanum, skal eg láta þess getið, að stjórnin hefir svarað mér, að nú þegar búið sé að gera breytinguna í Danmörku, þá álíti hún það eðlilegt, að lík breyting verði gerð hér. Stjórnin ætlar að leggja fyrir þingið frv. um breytingu á fyrirkomulagi skólans, og ætlar í því að fylgja hinni svo

kölluðu 3. stefnu, það er að segja, latneskur stíll og gríska á að afnemast, en latínan takmarkast töluvert. Annars hélt eg að eg þyrfti ekki að skýra deildinni frá þessu, því svar stjórnarinnar hefi eg afhent til mentamálanefndarinnar. Viðvíkjandi ástandinu sem er, þá verð eg að taka það fram, að mér er það ekki kunnugt, enda álít eg að það sem kynni að þurfa að gera, komi til kasta hinnar nýju stjórnar. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) gerði fyrirspurn um þessar 100000 kr. úr jarðabókarsjóði, sem væru á hlaupareikningi í landsbankanum. Eg verð að geta þess, að þegar bankinn var stofnaður fekk eg einmitt skipun frá stjórninni, um að hlaupa undir bagga með honum þegar á þyrfti að halda.

Skúli Thoroddsen: Framsm. fjárlaganefndarinnar (P. J.) gat þess, að í fjármálum hefði stefna þingsins á undanförnum árum gengið eindregið í framfaraáttina, og þegar spurt væri um það, hvort þingið óskaði framtarastjórnar, er stjórnarskrárbreytingin kæmist á, bæri að líta á þetta atriði, en eigi á hina svo nefndu flokkaskiftingu á þinginu. Eg er samdóma framsm., og þótti vænt um þessa yfirlýsingu, því að ýmislegt getur ef til vill stutt að þeirri skoðun, að þingið óski ekki framfarastjórnar.

Fokkaskiftingin, sem svo er kölluð, gæti bent í þessa átt, því að hún er yfir höfuð mjög villandi, bæði fyrir þjóð og stjórn. Í öðrum löndum skiftast menn í pólitíska flokka eftir mismunandi stefnu í helztu þjóðmálum, en á voru þingi á engin slík flokkaskifting sér stað; eina málið, sem flokkum skifti hér á landi var stjórnarskrármálið, og í því máli urðu allir á eitt sáttir á síðasta þingi. Flokkaskiftingin, sem nú á sér stað, snýst því að eins um það, að af gömlu flokkunum eimir það eftir, að sú flokkaskifting hefir haft áhrif á embættaskipun þingsins, og á kosningar í stöku nefndir. En þetta á ekkert skylt við flokkaskipun í öðrum löndum, og ætti því engin áhrif að hafa, er um skipun hinnar nýju stjórnar ræðir.

Ef vissa væri fyrir því, að nýja stjórnin yrði eins og framsögum. óskaði, þá hefði mér ekki þótt ástæða til þess, að taka til máls. en eg lít nú svo á, að það sé óvíst, sakir þess, hve afarvillandi hin svo nefnda flokkaskipun á þinginu er, og því finst mér rétt að fara nokkrum orðum um það, hvers menn vænta af hinni nýju stjórn.

Að því er fjárveitingar til atvinnu- og samgöngumála snertir, væntum vér þess, að nýja stjórnin verði gagnólík gömlu stjórninni, og horfi eigi í fjárframlög, er miða til þess, að kippa þeim nauðsynjamálum í hagkvæmara horf, og skirrist eigi við, að koma fram með tillögur um auknar tekjur handa landssjóði, ef þörfin krefur. En þegar um fjárveitingar til atvinnu- og samgöngumála ræðir, hefir gamla stjórnin verið þétt fyrir eins og klettur, eins og sjá mátti af seinustu ræðu hæstvirts landsböfðingja, enda hafa ýms þeirra fyrirtækja, er styrkt hafa verið á fjárlögunum á undanförnum þingum, verið ráðin, þrátt fyrir mótspyrnu hans, en eigi með hans tilstyrk.

Að því er snertir þau frumvörp, sem stjórnin hefir lagt fyrir þingið í ár, þá hafa þau að vísu verið 19 að tölunni, en flest mjög ómerkileg, þegar stjórnarskrárfrumvarpið, og mál þau, er standa í sambandi við það, eru frá talin, sem og frv. um leynilegar þingkosningar; en það, sem stjórnin hefir fundið upp af eigin hugviti, er sáralítilfjörlegt, og er það eigi sagt núverandi ráðherra

vorum til lasts, því að það er eðlilegt, að hann láti hina innlendu stjórn vora ráða; en framfara andi hennar, og framtakssemi, að því er undirbúning löggjafamálefna snertir, þekkjum vér allir. Vér vonum því að stefna nýju stjórnarinnar verði gagnólík að því er snertir undirbúning mála o. fl., að minsta kosti væri það æskilegt, að málið á frv. væri svo viðunanlegt, að þingið þyrfti ekki að leggja þau út aftur, eins og nú hefir orðið raun á.

Þá skal eg taka það fram, að það er mjög óheppilegt, að frv. skuli vera synjað staðfestingar, vegna smáagnúa, sem þingið strax gæti leiðrétt, ef því væri bent á þá; en svo fór, eins og menn muna um frv. um leynilegu kosningarnar; um það frv. sagði landshöfðingi ekki eitt orð á þinginu í fyrra, en fann því svo ýmislegt til foráttu, er hann ritaði ráðherranum um málið eftir þing, þótt eigi legði hann beint á móti staðfestingu þess.

Þá væri það og óskandi, að nýja stjórnin sýndi meiri samkvæmni í gjörðum sínum en gamla stjórnin, mér er t. d. sagt, að nú þurfi enginn sýslumaður að velja löglærðan mann fyrir sig, þótt hann fari til alþingis; en stundum hafa verið gerðar svo harðar kröfur í þá átt, að menn hafa orðið að segja af sér þingmensku, t. d. sýslumaðurinn í Snæfellsnessýslu 1887, og sömuleiðis sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu. Alveg sömu ósamkvæmni hefir verið fylgt að því er snertir lækna. Stundum hafa þeir þurft fullgilda menn fyrir sig, stundum ekki. Einn læknir, sem ekki gat fengið fullgildan mann fyrir sig, átti að gera afturreka af þinginu í fyrra, og hefði orðið að hverfa heim, ef eigi hefði staðið svo á, að hann var orðinn svo tannlaus, að hann gat ekki borðað annan mat, en grauta og súpugutl, eða annað þunnmeti, og varð því heilsunnar vegna að fá sér nýjar tennur. Að eins af þeirri ástæðu neyddist landsstjórnin til að þola dvöl hans og þingvist. En um sama leyti kom læknirinn frá Vopnafirði hingað sér til skemtunar, með fullu leyfi yfirboðara sinna, og var heilan mánuð í burtu, og hafði hann þó engan lærðan lækni í sinn stað.

Þá vildi eg enn fremur óska, að hin nýja stjórn framfylgdi réttargæzlunni í landinu sem óhlutdrægast, því að stundum hafa núverandi stjórn vorri þótt vera nokkuð mislagðar hendur í því efni, t. d. þótti mönnum síðastl. vetur verða all kynlegur dráttur á því, að fullnægja úrskurði landsyfirréttarins í snæfelska verðlagsskrármálinu.

Þá vil eg að lokum minnast nokkrum orðum á þingsetu landshöfðingja; það er auðvitað ekkert við það að athuga, að landshöfðingi bjóði sig fram til þingmensku, en staða hans á þinginu verður tvöföld; sumpart verður hann sem fulltrúi stjórnarinnar að halda fram hennar skoðunum, en sumpart verður hann sem þjóðkjörinn þingmaður að fylgja sinni eigin sannfæringu og skoðunum kjósenda sinna. Eðlilegast hefði því verið, að landshöfðingi slepti stjórnarfulltrúastörfunum. Því bað hann ekki stjórnina að útnefna annan fulltrúa, sem mætti fyrir hennar hönd á þinginu? Sem dæmi upp á hvað þessi tvöfalda staða er óþægileg fyrir landshöfðingjann, skal eg nefna lestrarbókarspursmálið. Stjórnarfulltrúinn lagði eindregið á móti því, að veita fé til þess, að samin væri alþýðleg lesbók, og færði mörg rök fyrir þeirri skoðun sinni, en 2. þm. Rangvellinga greiddi þó atkvæði með tillögunni, og virti allar röksemdaleiðslur stjórnarfulltrúans að vettugi.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr. 1. ágúst (C. bls. 4; n. bls. 357; brt. n. bls. 380; bænaskrá bls. 402; brt. þm. 407, 408, 412, 415, 417, 419, 422—424, 432, 441, 442, 443, 455, 461, 462).

Tekjukaflinn, 1.—6. gr.

Framsögumaður (Pètur Jónsson): Eg vona að háttv. deild misvirði ekki, þó eg haldi ekki langa ræðu. Eg er enginn ræðuskörungur og býst hins vegar við, að þm. vilji að ræður séu sem styztar. Eg álít líka að þessi kafli þurfi ekki langra skýringa við, fram yfir það sem er í nefndarálitinu, og að deildin hafi gert sér ljóst, hvað um er að ræða. Eg skal fyrst minna á, að nefndin hefir hækkað 7 liði í tekjukaflanum, og eg ætla ekki að tala um hvern einstakan þeirra fyrir sig. Athugasemdir stjórnarinnar eru svo greinilegar viðvíkjandi tekjuáætluninni, að þm. nú geta myndað sér skoðun um þær sjálfir. Auðvitað leggur nefndin ekki neitt kapp á að halda þessum tillögum sínum fram, því eins og hver skynberandi maður sér, kemur það í rauninni í sama stað niður, hvort tekjurnar eru áætlaðar þessu hærri eða ekki; og það er ekki meining nefndarinnar að tefla á fremsta hlunn með fjárveitingarnar fyrir það.

Eins og nefndarálitið ber með sér, hefir nefndin ekki gert neina athugasemd við 3. gr. frv. viðvíkjandi byggingarstyrk á þjóðjörðum. Nefndinni virðist að vísu ekki síður þörf á, að veita styrk til jarðabóta á þjóðjörðum heldur en til bygginga, sérstaklega þar, sem jarðir liggja fyrir skemdum. Víða liggja landssjóðseignir undir skemdum, ef umboðsstjórnin getur ef til vill ekki lagt fram nauðsynlegt fé til að afstýra þeim. Mér er ekki kunnugt, hvort umboðsstjórnin hefir vald til að leggja fram fé til slíks, en ef hún hefir það ekki, finst mér að fjárveitingarvaldið ætti að bæta úr því. Hér hefir mikið verið rætt um þjóðjarðasölu á þinginu og að landssjóður ætti að vera svo góður landsdrottinn, að leiguliðaábúðin yrði æskileg, en það er auðvitað ekki til neins að tala um þetta, ef ekkert er gert til að koma því í framkvæmd. En nefndin treystir sér ekki til að koma fram með breytingartillögur þessu viðvíkjandi, nægilega útbúnar, og því vildi eg að eins skýra frá þessu.

Þá skal eg stuttlega víkja að brt. nefnd. við 4. gr., um að landsstjórninni skuli heimilt að breyta veðlánum þeim í viðlagasjóði, sem veitt hafa verið einstökum mönnum með hálfs árs uppsagnarfresti, í afborgunarlán með jöfnu árgjaldi, 6%, af allri lánsupphæðinni í 28 ár. Eins og sjá má af nefndarálitinu, nema þessi lán við síðustu árslok rúmlega 237,000 kr., og er það ekki mikið fé, sem kemur inn á ári, þótt gert væri ráð fyrir 2% afborgun; það yrði að eins rúmar 4,700 kr., og yrði það því eiginlega ekki til þess að landssjóður hefði svo mikið rýmri fjárhag, en það væri heppilegt fyrir lánþegana, að þeir væru mintir þannig á skuld sína, heldur en að lánunum yrði kipt af þeim í einu, þegar minst varði, því það gæti haft slæmar afleiðingar. Eg þekki dæmi til þess, að jarðir eru í hærra verði fyrir það, að svona löguð skuld hvíldi á þeim. Ef lánunum yrði kipt burt alt í einu, þá yrðu margir að selja, og of mikið framboð mundi setja verð jarðanna niður, ekki einungis veðanna, heldur einnig fleiri jarða.

Viðvíkjandi brt. nefndarinnar við 5. gr., um að heimilt skuli að verja árgjaldi af Staðastaðarprestakalli, 300 kr. hvort árið, til viðreisnar kirkjujörðum

prestakallsins, þá er tekið fram í nefndarálitinu að nefndin hafi þá skoðun, að hlutaðeigandi prestur sé mjög líklegur til að rétta við hag prestakallsins og hlynna að framförum í sínu bygðarlagi, og vildi því festa hann þar. Gengur nefndin út frá því, að þar sem presturinn hefir boðist til að verja hinu eftirgefna árgjaldi til umbótar kirkjujörðum prestakallsins, og alþing sýnir honum þetta traust, þá muni hann leggja sig sem bezt fram. Vona eg því að þetta verði samþykt.

Landshöfðingi: Eg sé að háttv. fjárlaganefnd hefir hækkað ýmsa liði 2. gr., og má vera að þeir nái heim við það sem áætlað er; en þetta er hvort sem er ekki annað en áætlun. En að því er snertir 4. lið, vitagjald, og 6. lið, tekjur af póstferðum, þá er eg hræddur um að það sé mjög ólíklegt, að þeir verði svo háir. Viðvíkjandi brt. við 4. gr. hefi eg ekkert að athuga, og ekki heldur um brt. við 5. gr. Eg hefi óbeit á árgjöldum af prestaköllum og hefi áður látið það í ljósi; gest mér því vel að því, að árgjaldinu af Staðastað sé létt af, og það eftirlitslaust, eins og nefndin stingur upp á. En að nefndin leggur þetta til, gefur mér von um að hún verði sammála um að sleppa árgjaldinu af Prestsbakka líka, og vona eg að hún samþykki það í einu hljóði. Háttv. framsögum. gat um það viðvíkjandi 3. gr., að honum væri ekki ljóst, hvort stjórnin teldi sér heimilt að verja fé til að varna skemdum á landssjóðsjörðum og skal eg því geta þess, að stjórnin hefir jafnan talið sér það heimilt. Það er gömul venja, og hefir þingið aldrei neitt að henni fundið.

Við þingm. Rangv. höfum komið fram með brt. á þingskj. 285 við 4. gr., tölul. 2, um að eftirgjöfin á láni því, er veitt var Rangárvallasýslu til íhleðslu í Valalæk verði tveir þriðjungar, 4000 kr. Tilefnið er upplýsingar, sem fengnar eru um, að það sé eindreginn vilji sýslunefndarinnar, að halda áfram tilraunum þeim, er gerðar voru í fyrra til að teppa lækinn, en mishepnuðust. Það væri óþægilegt fyrir sýsluna, ef hún yrði, auk þess að hún lánar fé, að borga bæði rentur og afborgun af láninu, sem hún fekk í fyrra, án þess að hafa neitt í aðra hönd af því. Það gæti og mælt með því, að Rangárvallasýsla fengi dálítið fram yfir aðrar sýslur, að þingið hefir nú ákveðið að verja 200,000 kr. til útrýmingar fjárkláðanum, en af því gengur ekki einn eyrir til Rangárvallasýslu, því þar er enginn fjárkláði og hefir aldrei verið. Og það munar ekki lítið um það fé, sem kemur á hverja sýslu til útrýmingar fjárkláðanum, en þar kemur sem sagt Rangárvallasýsla ekki til greina. Líka má geta þess, að ekki einn eyri, af því fé, sem ætlaður er til vegagerða, mun ganga til Rangárvallasýslu. Þvert á móti. Hér um bil alt sýsluvegaféð úr Rangárvallasýslu gengur og hefir í mörg ár gengið til flutningabrautar þeirrar og þjóðvegar, sem liggur gegnum sýsluna.

Framsögum. (Pétur Jónsson): Eg vil sérstaklega leyfa mér að þakka hæstv. landsh. fyrir ræðu hans. Það gladdi mig, að hann áleit, að það væri full heimild fyrir þingið að sjá til, að fé væri lagt til þess að varna skemdum á landssjóðsjörðum. Eg mintist í ræðu minni ekkert á þær breyt.till., sem fram hafa komið, og að því er þenna kafla fjárlagafrumv. snertir, þá er við hann ekki nema ein breyt.till. Hún fer fram á það, að gefið sé upp landssjóðslánið, sem veitt var til þess að hlaða í Valalæk í Landeyjum, og mun fjárlaganefndin ekki gera tillögu þessa að stríðsatriði, og eg segi fyrir

mitt leyti, að eg geri þess ekki mikinn mun hvort heldur eftirgjöfin er að þriðja parti eða helming; það getur verið álita mál, og mismunurinn kostar landssjóð að eins 1000 kr.

Eggert Pálsson: Með tilliti til breyt.till. á þgskj. 285, þá finn eg ástæðu til að tala nokkur orð. Tillaga þessi fer fram á, að gefið sé upp 4000 kr. af 6000 kr. láni, sem Rangárvallasýsla neyddist til að taka, til þess að reyna að teppa hinn skaðvænlega Valalæk. Samþingismaður minn, hinn hæstv. landsh., hefir nú þegar talað svo vel fyrir þessu máli, en eg vil í þessu sambandi benda á það, og vekja athygli á því, að við þm. sýslunnar sendum fjárlaganefndinni bænarskrá viðvíkjandi þessari lánseftirgjöf. En nefndin hefir ekki að eins sýnt, að hún hefir ekkert tillit tekið til hennar, heldur fyrirfinst hún hvergi á þgskj. 258, þar sem skjöl til fjárlaganefndarinnar eru upp talin, og það er ekki einungis, að þetta erindi vanti þar, heldur vantar þar líka erindi, sem eg sendi til nefndarinnar frá prestinum í Eyvindarhólum, bænarskrá um uppbót á því brauði.

Viðvíkjandi eftirgjöfinni af láninu til Valalækjar, hefir verið svo margt og mikið sagt bæði í ritum og í ræðum, hér á aukaþinginu í fyrra, að eg hefi svo sem engu við það að bæta, eða get komið fram með neinar sérstakar nýjar upplýsingar. Það er öllum kunnugt, að hér er alveg um sérstakt tilfelli að ræða, að Þverá skyldi mölva sig í gegnum bakka, sem verndað hafa allar Vestur-Landeyjar alt til þessa dags. En í hitt eð fyrra vetur brýzt hún í gegnum bakkann, og þá var sveitin í voða, og því þurfti bráðra aðgerða við til að bæta úr bölinu, ef unt væri.

Í fyrstunni var gerð tilraun til þess að teppa vatnið með tilstyrk af fé, sem ætlað var að sýslan legði til, og sumpart eigendurnir að jörðunum, sem undir voðanum lágu, og sumpart búnaðarfélögin. En þegar því verki var langt komið, sprakk alt saman, og sú tilraun varð með öllu ónýt. Sýslunefndin hélt því, að ekki væri hægt neitt við þetta að gera, og ætlaði að leggja árar í bát með frekari framkvæmdir. En þá fóru að berast fregnir héðan að sunnan, að það væri ekki nema slóðaskapur að hætta við að teppa vatnið í Valalæk, og jafnframt því sem sýslunefndin fekk orðsendingar bæði munnlega og bréflega um þetta, þá fekk hún líka að heyra það, að mögulegt mundi vera að fá lán til þess að fullgera verkið, og ef hún hefði nóg þrek og kjark, þá mundi hún fá fé úr landssjóði. Þá bar svo við um þessar mundir, að sýslumaður reið suður, og fekk með sér austur einhvern færasta verkfræðing landsins, til þess að hann segði álit sitt um það, hvort unt mundi vera að teppa fyrir vatnið. Verkfræðingur þessi skoðaði svo staðinn, og áleit hann, að það mundi vera mögulegt, ef nægilegt fé væri fyrir hendi, fé sem svaraði 6—8000 kr. Þegar álit þessa manns, sem er talinn mjög vel fær verkfræðingur, var fengið, þá áleit sýslunefndin, að hún mætti ekki vera aðgerðalaus. Og á fundi, sem hún hélt með sér, var ályktað að reyna að ráðast í að taka 6000 kr. lán, vegna þess að nú þótti vissa vera fengin fyrir því, að hægt mundi vera að teppa fyrir vatnságanginn. En jafnframt lét hún það þó í ljósi, að lántaka þessi væri í raun og veru sýslufélaginu ofvaxin, vegna annara þungra byrða. Og þetta álit sitt lét hún heyra í bréfi til landsh., að hún eða sýslan í heild sinni treysti sér ekki til, upp á sitt eindæmi, að endurborga þetta lán,

sem engum getur blandast hugur um, að var nauðsynlegt, til þess að gera tilraun til að afstýra þessari yfirvofandi hættu. Hér er því spurning um: Var þetta rétt eða ekki rétt af sýslunefndinni, að ráðast í þessa lántöku? Eg held, eftir atvikum, að sýslunefndin hljóti að teljast fyllilega afsakanleg, þótt hún réðist í að taka þetta lán. En hafi það verið rétt af sýslunefndinni að taka lánið, en sýslan á mjög erfitt með, eins og sýslunefndin tók í byrjun fram, að endurborga það að öllu leyti, þá er það sanngjarnt, að landssjóður hlaupi undir bagga að allmiklu leyti. Eg hefi oft heyrt það borið á sýslumann og sýslunefnd, að lán þetta hefði getað orðið að gagni, en það væri vanrækslu þeirra að kenna, að ekki hefði orðið árangur af þessu láni, en eg þori, sem kunnugur maður, að fullyrða það, að þessar aðfinslur eru ekki á rökum bygðar. Enn fremur hefi eg líka heyrt því haldið fram, að það séu eigendur jarðanna, sem bera eigi kostnaðinn. En að gera kröfu til þeirra á eftir, þegar íhleðslan hefir mishepnast, finst mér ekki geta komið til nokkurra mála. Ef fyrirtækið hefði heppnast, er eg viss um, að þeir hefðu gert alt sitt til að borga, en úr því að það mishepnaðist, og jarðir þeirra eða eignir eru með öllu eyðilagðar, þá er ómögulegt að gjöra sanngjarnar eða réttmætar kröfur til þeirra um kostnaðargreiðslu. Að sýslunefndin hafi farið ráðleysislega með lánið getur maður ekki sagt, þar sem hún fær verkfræðing og hann vel færan til þess að segja sitt álit, og fer alveg eftir hans tillögum með verkið. Eg vona því, að þegar þetta mál er vel athugað, ekki einungis það, sem eg hefi sagt um það, heldur einnig það, sem skrifað hefir verið um það, að þá sjái menn, að það er fylsta sanngirni fyrir því, að landssjóður hlaupi hér verulega undir bagga og létti þessari byrði af sýslufélaginu með ríflegri eftirgjöf. Við nákvæma athugun munu menn sjá og kannast við það, að það hefir hvorki verið farið óskynsamlega eða fjótfærnislega með þetta lánsfé, og að annað var ekki mögulegt eftir atvikum, en að svona færi. Eg gjöri mér því beztu vonir um, að breyt.till. á þgskj. 285 fái góðan og hægan byr hér í deildinni.

ATKV.GR.: 2. gr. frumv. 1. liður samþ. í einu hlj.

Breyt.till. 1 á þgskj. 230, við 2. gr., samþ. í einu hlj.

Breyt.till. 2 á þskj. 230, við 2. gr. 3, samþ. í einu hlj.

Breyt.till. 3 á þskj. 230, við 2. gr. 4, samþ. með 21 samhlj. atkv.

2. gr. 5. liður samþ. í einu hlj.

Breyt.till. 4 á þskj. 230, við 2. gr. 6, samþ. með 21 samhlj. atkv.

2. gr. 7. liður samþ. í einu hlj.

2. gr. 8. liður samþ, í einu hlj.

2. gr. 9. liður samþ. í einu hlj.

10. liður samþ. í einu hlj.

Breyt.till. 5 (þskj. 230), við 2. gr. 11, samþ. með 22 atkv.

2. gr. 12. og 13. liður sþ. í einu hlj.

Breyt.till. 6 á þgskj. 230 (við 4. lið) samþ. með 21 atkv.

Breyt.till. 7 á þgskj. 230, við 2. gr., (nýr liður) samþ. í einu hlj.

Breyt.till. 8 á þgskj. 230, við 2. gr. 15, sþ. með 20 samhlj. atkv.

3. gr. frumv. samþ. í einu hlj.

Breyt.till. 9 á þgskj. 230, við 4. gr., samþ. með 21 samhlj. atkv.

Breyt.till. við 4. gr. 2 (þgskj. 285) sþ. með 21 atkv.

4. gr. frumv. með áorðnum breyt. sþ. í einu hlj.

Breyt.till. 10 á þgskj. 230, við 5. gr. 1, samþ. með 21 samhlj. atkv.

5. gr. frv. með áorðinni breyt. samþ. í einu hlj.

6. gr. frumv. samþ. í einu. hlj.
1. gr. frumv. samþ. í einu. hlj.

II. Gjaldakaflinn (7.—11. gr.)

Framsögumaður (Pétur Jónsson): Það hefir nú varla verið hægt fyrir fjárlaganefndina að átta sig á öllum þeim breyt.till., sem fram hafa komið, en við þenna kafla eru þær nú ekki svo margar. Eg vil stuttlega gera nokkrar almennar athugasemdir. Því hefir verið kastað fram, og það jafnvel á prenti, að tillögur fjárlaganefndarinnar væru mjög svo af handahófi, en eg álít að það sé ekki rétt að kasta því að nefndinni, hún hefir eftir megni gert sér far um að taka einungis það, sem mest samræmi væri í innbyrðis, og eftir einhverju vissu plani. Þetta hefir nefndin haft í huga við allar sínar gerðir. Mann getur oft langað til að gera eitt og annað, sem er gott út af fyrir sig, en það strandar oft á því, að í samanburði við ýmislegt annað getur það haft slæmar afleiðingar. Hefir nefndin verið að reyna að sneiða hjá þessu. Eg sagði það fyrir hönd nefndarinnar, að flestar þær fjárveitingar, sem hún fer fram á, væru gerðar eftir vissu plani, en mönnum getur ef til vill fundist ekki gott að sjá þess merki, en það getur komið fram við umr., og þá vona eg að menn sjái, hvaða grundvelli nefndin hefir bygt álit sitt á, og að það er ekki af handahófi. Aftur á móti finst mér að breyt.till. þær, sem fram hafa komið, beri fremur vott um litla íhugun þeirra manna, sem þær flytja. Eg get t. d. nefnt eina, um vitabyggingarnar. Viðvíkjandi þeim hefir engin beiðni komið fram til þingsins eða neinar skýringar. Breyt.till. ákveður að byggja vita, án þess að nefndinni sé ljóst, að nokkur beiðni eða ósk hafi nokkurn tíma birzt henni um það, að þar ættu að koma vitar. (*Lárus H. Bjarnason*: Vitarnir liggja ekki fyrir til umr.). Eg veit það, en eg nefni þetta sem dæmi, að svona eru margar af þessum br.till., og slíkar fjárveitingar sem þessar getur nefndin eðlilega alls ekki gengið inn á.

Eg ætla þá að hverfa að þeim greinum frumv., sem nú liggja fyrir. Eg vona, að eg þurfi ekki að gera neina athugasemd við breytinguna á 8. gr.; eg ímynda mér að nefndin gefi fallist á hana. Það er viðvíkjandi húsaleigu handa landsh., eftir að hann flytur úr því húsi, sem hann nú er í, og þangað til það embætti legst niður. Hvort áætlaðar eru 1200 kr. eða meira eða minna stendur á engu, og hugsa eg að það verði ekki þrætuefni. Viðvíkjandi breyt.till. nefndarinnar við 10. gr. B, þá er það að eins formbreyting, sem nefndin vonast til að menn gangi inn á. Nefndin álítur, að með þessu verði formið betra, og hún ætlaði í nefndarálitinu að koma með tillögur um meiri breytingar, en hún kom ekki nema með þessa. Tillaga nefndarinnar við 10. gr. C. 1. b. er að eins formbreyting líka. Nefndin álítur að útgáfa Stjórnartíðindanna eigi, þegar stjórnarskiftin eru orðið, að vera starf ráðaneytisskrifstofunnar, og þurfi þá ekki sérstaka fjárveiting til þess. Viðvíkjandi breyt.till. við 10. gr. c. 5., um 2000 kr. á ári til útgjalda við eftirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga, þá álítur nefndin, að sú fjárveiting fari í rétta átt, og hefir ekkert við það að athuga, ef árangur gæti orðið af því. Það hefir komið fram breyt.till. við 10. gr., sem ætlast er til að verði 10. gr. c. 8., þar sem farið er fram á 800 kr. styrk til nauðsynlegra húsabóta á landssjóðsjörðinni Laug. Fjárlaganefnd-

in hefir haft þetta til athugunar, en getur ekki dæmt um það, hvort Laug ætti að fá þennan byggingarstyrk. Í 3. gr. fjárlaganna er gefin heimild til, að helmingur afgjalds landssjóðsjarða í hverju umboði fyrir sig geti gengið upp í byggingarstyrk, en nú getur þetta ekki orðið að notum að því er Laug snertir, því hún er ein út af fyrir sig í umboði. Nú álítur nefndin að Laug gæti sameinast í einhverju umboði hér nærlendis, svo að hún gæti komist undir þessi ákvæði, og ekki þurfi sérstaka fjárveitingu handa þessari jörð til húsabóta, og því vill nefndin ekki samþ. hana. Eg man þá ekki eftir að það séu fleiri breyt.till. við þessa grein, eða hefi að minsta kosti eigi orðið þeirra var. Þá kemur 11. gr. Það þarf ekki langa ræðu um breyt.till. við þá grein, 6. lið; hún fer fram á, að taka 500 kr., sem ganga til gjaldkerasýslunarinnar við holdsveikraspítalann, svo að kostnaðurinn til þessarar stofnunar gæti minkað um þessa upphæð. Nefndin álítur að ekki þurfi að borga sérstök laun til gjaldkera við spítalann. Stjórnin gæti vel komið því svo fyrir, að kostnaðurinn við þetta yrði lítill eða svo að segja enginn. Tveim mönnum í nefndinni var falið að líta eftir spítalanum, og hafa þeir spurt sig fyrir, og útvegað sér allar nauðsynlegar upplýsingar þessu viðvíkjandi, og hafa þeir álitið, að þessu væri hægt að koma svo fyrir, án þess að sérstök borgun væri fyrir það. Enn fremur áleit nefndin, að í þessum lið væri eitt nokkuð hátt sett. Spítalinn hefir 3 vinnumenn, og kaup þeirra álítur nefndin alt of hátt, eða þá óþarfa að hafa 3 svo dýra menn. Nefndinni hefir þótt undarlegt að spítalinn skuli vera látinn spenna svo upp vinnumannskaupið, og spursmál er, hvort nauðsynlegt er að hafa þrjá vinnumenn. Nefndin álítur líka að nægja muni 2500 kr. til þess að byggja kolageymsluhús handa spítalanum, og það meira að segja talsvert stórt. Nefndin leggur því til að fjárveitingin sé færð niður úr 4000 í 2500 kr.

Þá leggur nefndin til, að liðurinn 8, a. undir 11. grein falli burt, sem sé styrkurinn til spítalans í Rvík. Með því spítali þessi verður lagður niður við næstu áramót, þá leiðir það af sjálfu sér að þessi liður falli burt.

Þá leggur og nefndin til, að töluliður 10 undir 11. grein falli burt. Viðvíkjandi þessari fjárveitingu, sem stjórnin hafði farið fram á til Stefáns læknis Gíslasonar, þykist nefndin hafa gert svo glögga grein fyrir í áliti sínu, að eigi sé þörf frekari skýringar, nema einhver mótmæli komi fram eða einhver óskar þess sérstaklega.

Við þessa 11. grein eru komnar fram tvær brt. Önnur þeirra (á þgskj. 269) fer fram á, að veittur sé 1600 kr. styrkur til að byggja sjúkraskýli á læknissetrinu Brekku í Fljótsdal. Fjárlaganefndin hafði þetta mál til athugunar, og það var alls ekki af viljaleysi fyrir nefndinni, að hún tók ekki þessa brt. til greina, heldur hitt, að henni þótti í svo ákaflega mikið ráðist að opna þessa braut. Það er auðráðið mál, að ef héraðslæknir á að geta orðið að fullu liði, þá þarf hann helzt að geta haft suma sjúklinga undir sinni hendi, sérstaklega þá sem hafa »krónska« sjúkdóma; en í sveitum, og þar sem engir eru spítalar, er þetta mjög örðugt. Fyrir því er þetta, sem hér ræðir um, að landssjóður styrki til að koma upp sjúkraskýli á læknissetrinu, ekki nema mjög eðlileg ósk og réttmæt. En um leið og maður veitir þessa upphæð á þessum eina stað, þá verður

maður að gera sér grein fyrir afleiðingunni, sem er sú, að maður verður ef til vill að veita sams konar upphæð á 30 stöðum öðrum á landinu; byrji maður á þessu eina læknissetri, þá er auðvitað, að það verður að halda áfram á öðrum stöðum. Að samþykkja þessa tillögu er því sama sem að leggja í nálægri framtíð 48000 kr. byrði á landssjóðinn. Nefndin lítur svo á, að ef þingið á annað borð sér sér fært að sinna þessu máli, þá væri réttast að semja sérstök lög um sjúklingaskýli, eins og gert hefir verið um sóttvarnarhús. Í þeim lögum mundi það þá tekið fram, hve mikið fé landssjóður ætti að veita til hvers sjúkraskýlis í samanburði bæði við tillög héraðanna og við tölu sjúklinga. Einstakar fjárveitingar á fjárlögum í þessu skyni fara í ruglingi fyrir hreppapólitík o. fl. Nefndin álítur því, að þetta mál hljóti að bíða, þangað til fast skipulag er á komið í þessari grein með lögum, er ná til landsins alls.

Hin brt. við 11. gr. er á þgskj. 284, og fer fram á 150 kr. styrk hvort árið til Þorkels Hreinssonar til að standast kostnað við dvöl vitfirtrar dóttur sinnar erlendis. Nefndin tók mál þetta til athugunar, og er það eitt af því sem maður vildi óska að geta verið með, án þess að það drægi dilk á eftir sér fyrir síðari tíma. Nefndin áleit, að ef farið væri að leggja fé úr landssjóði til eins af þessum hörmulegustu aumingjum landsins, vitfirtum mönnum eða geðveikum, þá mundi það hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar.

Þingið hefir áður sýnt, að það vill eitthvað fyrir þessa aumingja gera, er það samþykti lög um geðveikraspitala; en að það standi nokkuð öðruvísi á með þennan eina vitfirring en svo marga aðra, fær nefndin ekki séð. Hitt væri fremur tiltökumál, að samþykkja sérstaka fjárveitingu í þessu skyni, sem stjórnin hefði umráð yfir. Svo er og á það að líta, að sjúklingur þessi mun vera ólæknandi. Hefði nokkur von verið um lækningu, þá hefði verið sök sér að veita hinn umbeðna styrk.

Landshöfðingi: Eg er hv. fjárlaganefnd þakklátur fyrir að hún hefir tekið til greina brt. þær, sem eg hefi komið fram með við 8. gr. og 10. gr. c. Hin fyrri fer fram á fjárveiting til húsaleigukostnaðar handa landshöfðingjanum, og meiningin var líka handa skrifstofunni, sem gert er ráð fyrir að þurfi að flytja áður en embættið verður lagt niður. Hv. nefnd hefir lagt til, að veittar verði í þessu skyni 1200 kr., sem er mjög ríflegt; vona eg, að ekki komi til þess, að brúka þurfi mikið af þessu fé, og skal það ekki verða meira en nauðsyn krefur.

Hin brt. fer fram á 2000 kr. fjárveiting á ári til útgjalda við eftirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga. Uppástunga í þessa átt er nokkuð gömul frá ýmsum af formönnum eftirlitsskipanna og sérstaklega frá Hammer kommandör. Meining hans var sú, að ef útlent fiskiskip sæist að veiðum í landhelgi, þá ætti hreppstjóri að manna út bát, fara út að skipinu, sjá nafn þess og númer og taka mið svo ítarlega, að hann og skipshöfn hans gæti gefið vottorð um fyrir rétti og unnið eið að, svo að herskipin gætu tekið skipið, ef það sæist seinna og farið með það til hlutaðeigandi yfirvalds. Það gæti orðið gagn að slíkri ráðstöfun, og því rétt að veita fé í þessu skyni. Auðvitað verður ekki fénu varið til annars, en til ferða hreppstjórannna úr landi út að þeim stöðvum, sem fiskiskipin sjást á, og sendiferðar til sýslumanns með skýrslu um lagabrotið; en það sem sérstaklega ríður á, er

að þeir geti tekið svo nákvæm mið, að herskipin síðar geti mælt eftir því.

Um breytingar þær, sem nefndin hefir stungið upp á við þessar greinar fjárlaganna, 10. og 11. gr., hefi eg ekki mikið að segja. — Eg verð að vera algerlega mótfallinn niðurfærslunni á 11. gr. 6., þó eg annars sé ekki vanur að vera mótfallinn niðurfærslu gjalda.

Þegar holdsveikraspítalinn var settur á stofn, þá var það viðurkent af þinginu, að það væri nauðsynlegt að hafa fastan gjaldkera og voru honum ákveðin 500 kr. laun. Mér virðist mjög ósanngjarnt gagnvart manni þeim, er þetta starf hefir haft með höndum, að kippa þessum starfa frá honum og launanum fyrir starfann. Eg sé ekki, hvernig hv. fjárlaganefnd getur ætlast til þess, að stjórnarnefnd spítalans taki þenna starfa að sér; í stjórnarnefndinni sitja 3 embættismenn, sem fá engin laun, og er ómögulegt að skylda þá til að taka þetta að sér. Eg held því, að það sé ekki vel yfirvegað að leggja þennan lið niður, vona að hv. fjárlaganefnd sannfærist um það, og verð fyrir mitt leyti að leggja mikið með, að liðurinn fái að standa.

Um niðurfærsluna á fjárveitingunni til geymsluhúss spítalans skal eg ekkert segja. Eg er ekki byggingarfróður og hefi því ekki hugmynd um, hvort 4000 kr. eru nauðsynlegar í þessu skyni, eða 2500 kr. séu nægileg fjárhæð.

Um brt. nefndarinnar við 11. gr. 10 hefi eg ekkert að segja. Þegar eg lagði það til, að fjárveiting þessi væri sett í fjárlagafrv stjórnarinnar, þá hafði eg þá sannfæring að hún væri nauðsynleg. En nú hefir fjárlaganefndin fengið nákvæmari upplýsingar, sem sjálfsagt eru áreiðanlegar, enda einn af meðlimum nefndarinnar kunnugur á staðnum; vil eg því ekki halda þessu til streitu. Eg hélt að læknirinn hefði flutt að Úlfstöðum áður en þetta læknishérað var stofnað; en hér stendur að hann hafi gert það á eftir, sem gerir mikinn mun.

Við þennan kafla er það sérstaklega brt. við 11. gr. 6, sem eg get ekki annað séð en sé misráðin, og vona eg að hv. fjárlaganefnd komist að þeirri niðurstöðu að láta liðinn standa.

Hannes Þorsteinsson: Eg verð að minnast nokkrum orðum á brt. mína o. fl. á þingskjali 296, um styrk til húsabóta á jörðinni Laug. Mér heyrðist hv. framsm. fjárlaganefndarinnar hafa töluvert á móti þessari tillögu; en eg ímynda mér að það sé af því, að hann þekkir þar ekkert til og dæmi því eins og blindur um lit. Nú af því eg veit að hann þekkir ekki hvernig tilhagar, þá skal eg skýra fyrir honum, hvernig sérstaklega stendur á með þessa jörð, Laug. Árið 1893 kom fram á þingi frv. um að landssjóður keypti Geysi í Haukadal, því að útlendingar höfðu boðist til að kaupa hverinn. Frv. þetta varð í útideyðu hér á þinginu; var borið upp hér í neðri deild og komst ekki nema til 1. umr. Afleiðingin varð sú, að útlendingar keyptu Geysi, og nú vita menn ekki hverjir eiga hann. Svo leið nokkur tími og útlendingar fóru að bjóða í jörðina, sem átti land að hverunum. En vegna þess að manni þótti óviðkunnanlegt, og í sjálfu sér óhæfilegt, að bæði jörðin og hverarnir yrðu eign útlendinga, þá bar eg á þinginu 1901 fram frv. um að landssjóður keypti jörðina, og var það sþ. af þinginu og staðfest sem lög. Eg álít að þingið hafi þá gert rétt og gætt sóma síns, sem það hafði ekki gert áður, er það lét Geysi komast í hendur útlendinga. Nú er jörðin komin í eigu

landssjóðs, og hefir ábúandinn sótt um styrk til að gera húsabætur á sama hátt og ákveðið er um aðrar landssjóðsjarðir, að ábúandinn fái $^2/_3$ kostnaðarins en leggi sjálfur fram $^1/_3$. Sjálfur er hann bláfátækur maður, og er það vel boðið af honum að leggja fram $^1/_3$. Skil eg ekki hvers vegna hann ætti að gjalda þess, að þessi jörð er ein sér í umboði. — Það stendur svo sérstaklega á með þessa jörð, Laug, að hún er einmitt á leið flestra útlendinga, sem heimsækja þetta land, því að flestir fara þeir til Geysis og Heklu, og það er leiðinlegt að húsakynni á þessum stað séu svo illa útlítandi, að þau séu til skammar fyrir land vort og þjóð. Það er því alveg sérstök ástæða til að bæta húsakynni á þessari jörð, er liggur á þeim stað, sem fjölsóttastur er af útlendum ferðamönnum.

Það væri gott að maður sá, sem ráðinn er til byggingarannsókna, byrjaði einmitt á þessari jörð, og hagaði húsakynnum á henni svo, að þau gætu verið til fyrirmyndar. Reyndar er upphæðin alt of lítil, og hefði þurft að vera miklu meiri, til þess að verkfræðingurinn gæti sýnt þekking sína og praktik. — Eg ímynda mér, að hv. framsm. standi nokkuð einn uppi með sínar mótbárur gegn þessari tillögu. Ábúandi jarðarinnar á, sem hver annar landseti landssjóðs, fulla heimting á $^2/_3$ til húsabóta; og að réttu lagi ætti hann jafnvel ekki að kosta húsabæturnar að $^1/_3$. Eg álít því að deildin og þingið geti ekki sóma síns vegna neitað þessum manni um áheyrn, neitað honum um þessa upphæð, sem eiginlega er alt of lítil. Vona eg því að hv. deild taki ekki til greina orð framsm. fjárlaganefndarinnar, heldur samþykki þessa upphæð, sem er það allra minsta, sem hægt er að fara fram á.

Skúli Thoroddsen: H. framsm. fjárlaganefndarinnar gat þess í ræðu sinni, að ýmsir mundu hafa sitt af hverju að athuga við tillögur nefndarinnar, en hvað mig snertir, er eg ekki í þeirra tölu, sem áfellast gerðir hinnar háttv. nefndar mjög freklega. Eg álít að háttv. fjárlaganefnd hafi leyst starf sitt svo af hendi, að hún eigi miklu fremur lof skilið heldur en hið gagnstæða. Hún hefir mest haft augun á samgöngu- og atvinnumálum landsins, en á hinn bóginn verið sparari á fjárframlögin til ýmislegs, er hún taldi miður þarflegt.

Af því eg á eina breyt.till. við þennan kafla fjárlaganna, þá skal eg leyfa mér með fám orðum að gera grein fyrir henni. Þessi breyt.till. fer fram á það, að Þorkeli Hreinssyni sé veittur styrkur til að kosta dvöl dóttur sinnar á vitfirringastofnuninni í Karensminde. — Þessi breyt.till. hefir ekki fundið náð í augum háttv. fjárlaganefndar, og þykir mér það auðvitað miður. Eg get ekki sannfærst um það af ástæðum nefndarinnar, að ekki sé þörf á að veita þessa upphæð. Eftir bænarskrá þeirri, er til þingsins er komin, víkur þessu máli svo við, að þessi maður á dóttur, 11 ára að aldri, sem er vitfirt, greindarlítil og algerlega mállaus. Maður þessi, sem er bláfátækur, sigldi haustið 1900 með dóttur sína, til þess að vita, hvort henni yrði lækningar auðið, og var henni þá til reynslu komið fyrir á gl. Bakkehus, og dvaldi hún þar árlangt; en síðan var henni komið fyrir á vitfirringastofnuninni í Karensminde, þar sem vonlítið eða vonlaust þótti um lækning hennar. Þessi maður hefir nú kostað til að gefa með dóttur sinni því litla, sem hann var búinn að næla saman, rúmum 1000 kr., og þó hefir kostnaðurinn orðið honum léttbærari fyrir þá sök, að ríkissjóðurinn hefir lagt fram helming meðgjafarinnar, sem er 600 kr.,

og borgað fyrir hann 300 kr. á ári, og hefir nú farið fram á, að landssjóður leggi fram hinn helminginn o: 300 kr. á ári. Hann getur þess jafnframt í þessari bænarskrá sinni, að hann hafi snúið sér til sýslunefndarinnar í Árnessýslu, og hafi hún veitt honum 30 kr. styrk; en þessa lítilfjörlegu styrkveiting ónýtti amtsráðið í Suðuramtinu, með því að það áleit, að sýslunefndina hefði brostið heimild til fjárveitingarinnar. — Háttv. deild sér því, að manninum hefir ekki gengið vel að afla sér styrks þess, sem er óhjákvæmilegt skilyrði þess, að barn hans geti notið aðhlynningar á Karensminde framvegis. — Og hvað liggur svo fyrir þessari ungu, vesalings stúlku? Líklega ekki annað en það, að hún verður flutt heim aftur, og verða þá forlög hennar án efa hin sömu eins og forlög svo margra annara slíkra aumingja hér á landi, að hún verður lokuð inni í einhverjum klefanum, því að sú er tíðust meðferðin á slíkum aumingjum hér á landi; það verður »slegið utan um hana«, eins og títt er um vitfirta menn oft og einatt, og má þá telja alla batavon horfna.

H. framsögum. tók það fram, að þetta mundi draga þann dilk á eftir sér, að fleiri slíkar fjárbænir mundu koma til þingsins; og eg get vel ímyndað mér það. En fyrir þinginu í þetta skifti liggur ekki nema þessi eina beiðni, og eg verð að segja fyrir mitt leyti, að eg mundi ekkert hafa á móti því, þó að landssjóður legði fé fram til að hjálpa fleiri slíkum aumingjum, sem þessari stúlku. — Þegar þingið samþykti stofnun geðveikra spítala, þá viðurkendi það einnig, að sú skylda hvíldi einnig að réttu lagi á landssjóðnum, að sjá fyrir þessum olnbogabörnum þjóðfélagsins, enda mun það vera svo í öðrum löndum, að ríkissjóðirnir kosti flesta þá, er dvelja á geðveikrastofnunum, og svo er það að minsta kosti í Danmörku. — Eg gæti auðvitað felt mig við það, ef úrslitin yrðu þau, að þingið kysi heldur, að láta landsstjórnina hafa undir höndum einhverja ákveðna upphæð, sem verja mætti í þessu skyni. — Annars vona eg, að þess verði ekki langt að bíða, að þingið taki þetta mál til alvarlegrar íhugunar, og komi á fót á landssjóðskostnað stofnun, þar sem slíkir menn geti átt sér hæli.

Eg finn svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessa breyt.till. mína, en vona, að hin háttv. deild greiði atkvæði með henni, og láti það ekki aftra sér, að maður þar með gangi inn á þá leið, sem ef til vill leiði til þess, að maður verði síðar að samþykkja fleiri slíkar fjárveitingar, því það er ekki nema í alla staði sanngjarnt og réttlátt að landssjóður taki að sér, að líkna slíkum aumingjum.

Þá skal eg víkja nokkrum orðum að breyt.till. nefndarinnar undir tölul. 17, er háttv. 2. þm. Rangv. (M. St.) talaði um. Eg get ekki sannfærst um, að fjárveiting þessi sé nauðsynleg. Eftir því, sem nefndin hefir skýrt frá, er hún ætluð til þess, að standast kostnað, er leiðir af eftirliti með fiskiveiðum botnvörpunga, t. d. er manna þarf út í bát, til þess að skygnast eftir númeri skips, er sést á veiðum í landhelgi, og taka mið þess. Það er satt, að oft er nauðsyn á þannig löguðu eftirliti, en að til þess þurfi sérstaka fjárveiting get eg ekki séð. Það verður að gilda í slíkum tilfellum, sem endranær, er hreppstjórar grenslast eftir lagabrotum, að kostnaðurinn við lögregluefirlitið greiðist úr landssjóði, ef hann eigi fæst endurgoldinn hjá hinum brotlega. — Þess vegna lýsi eg því yfir, að eg mun greiða atkvæði á móti þessari breyt.till., sem allsendis óþarfri.

Forseti: Í þessum svifum hefir mér

borist í hendur breyt.till. á þskj. 309, og leyfi eg mér hér með að bera undir atkvæði deildarinnar, hvort henni skuli hleypt að eða ekki.

ATKV.GR.: Samþykt með meiri hluta atkvæða.

Ólafur Ólafsson: Eg á hér eina breyt.till. ásamt háttv. samþingismanni mínum, og ætla eg að leyfa mér að fara um hana fáeinum orðum ásamt öðrum breyt.till.

Þessi breyt.till. okkar (þskj. 296) fer fram á að veita bóndanum á landssjóðsjörðinni Laug 800 kr. til nauðsynlegra húsabóta. Vil eg biðja h. háttv. deild að líta sanngjörnum augum á þetta mál, og gera sér grein fyrir, hvernig það horfir við. Eins og tekið hefir verið fram fyrir skömmu, er ekki langt síðan að þessi jörð varð landssjóðseign, og er hún ein sér í umboði. Væri svo ástatt, að hún lægi í fjölbygðu umboði, þá ætti ábúandinn eftir fyrirmælum fjárlaganna að geta fengið $^2/_3$ til húsabóta. — En einungis vegna þess, að hún liggur ein sér, og svo vill til, að landssjóður á engar jarðir í grendinni, fer hún á mis við þau hlunnindi, sem öðrum þjóðjörðum eru veitt. Þetta álít eg ranglátt og réttarmissi. Með þessu álít eg vísvitandi gert upp á milli landseta landssjóðs. Auk þessa stendur öðruvísi á með þessa jörð en nokkra aðra jörð á landinu. Á öllu Íslandi er enginn staður, þar sem fleiri útlendingar komi en á þennan bæ, að undantekinni Reykjavík. Og það er næsta óviðfeldið, að sá bóndabær, er flestir útlendingar koma á, sé svo aumlega á sig kominn, að minkun sé að fyrir þjóðina, eða því sem næst.

Eg verð því að álíta, að samkvæmt fjárlögunum sé það sanngjörn réttlætiskrafa, er breyt.till. fer fram á, og að sæmd landsins að öðru leyti heimti, að þetta fé sé veitt. Get eg ekki skilið annað en að fjárlaganefndin vilji styðja þetta mál, þótt ekki sé af öðru, þá þó til þess að sýna, að einnig hún vill gera jöfnuð á öllum landsetum þjóðjarðanna.

Þá vildi eg minnast á fleiri breyt.till., fyrst og fremst viðaukatill. á þskj. 269. — Háttv. framsögum. hefir farið um hana nokkrum orðum, og látið í ljósi, að nefndin geti ekki verið samþykk henni; bygði hann andmæli sín ekki svo mjög á því, að hún væri eigi sanngjörn, heldur á hinu, að fleiri mundu renna á vaðið á eftir, og heimta hið sama. Eg játa, að svo mundi verða, enda tel eg það eðlilegt og sjálfsagt. — En þrátt fyrir það hika eg ekki við að greiða atkvæði með tillögunni. — Eg álít það nauðsynlegt, að koma upp til sveita hælum fyrir sjúka menn og vanheila, til þess að þeir geti einhverstaðar haft höfði sínu að að halla. — Og úr því eg fór að minnast á þetta mál, þá get eg ekki stilt mig um það, að láta í ljósi skoðun mína á spítalamálinu hér á landi yfir höfuð. — Álít eg það hafa farið mjög í handaskolum, og sérstaklega er spítalahaldið á Suðurlandi bæði því fyrst og fremst og svo öllu landinu til minkunar. — Kann eg því illa, að á öllu Suðurlandi skuli ekki vera til ein einasta spítalanefna, er landið á, og getur verið húsbóndi yfir. Eg kann illa þessum ölmusuhugsunarhætti, sem kominn er inn hjá þjóðinni í spítalamálinu; menn vilja fá þar alt gefins. Það hefir oft kveðið við á þessu þingi, að nú séu tímamót. Við ættum líka að láta vera tímamót í þessu efni, leggja niður þennan ölmusu- og vesalmensku hugsunarhátt, og reyna að fara að spila upp á eigin spýtur. Viðaukatill. fer fram á, að reisa skuli sjúkraskýli á læknissetrinu Brekku í Fljótsdal, og að landssjóð-

ur leggi til þess einar 1600 krónur. — Ekki er það nú meira. Mér þykir það leiðinlegt, að fjárlaganefndin skuli ekki geta verið með þessu. Eg hefi heyrt kunnuga menn segja, að yrði ekki bætt úr þessari þörf, mundi það verða til þess, að sá læknir, er hér á hlut að máli, flytti af landi burt. Væri það mjög leiðinlegt, ef svo færi, þar sem hann er einn af hinum efnilegustu yngri læknum landsins. Þó legg eg ekki aðal áherzluna á þetta, heldur á hitt, að mér finst við eiga að fara að slá inn á þá braut, að fara að koma upp sjúkrahælum í sveit. Látum þetta verða það fyrsta; og eg sé ekkert á móti því, að fleiri komi á eftir. Auk þess er styrkveitingin bundin því skilyrði, að hlutaðeigandi héruð leggi fram að minsta kosti jafn-mikla upphæð til byggingar sjúkrahælisins. Þetta skilyrði kann eg vel við, og sýnir það þá með tímanum, hvort sýslufélögin telja þetta nauðsynjamál eða ekki.

Eg fyrir mitt leyti mun hiklaust greiða atkvæði með þessari breytingartillögu.

Í sambandi við hana vil eg fara nokkrum orðum um breyt.till. á þskj. 284, um styrk til Þorkels Hreinssonar, til að standast kostnað við dvöl vitfirtrar dóttur sinnar á vitfirringastofnuninni »Karensminde«. Eg er þessu máli mjög vel kunnur. Eg veit, að faðir þessarar vesalings stúlku hefir varið miklum hluta af eigum sínum til þess að sigla með hana sjálfur, koma henni fyrir ytra og kosta dvöl hennar þar. Ef nú þingið neitar honum um þennan styrk, verður hann að taka hana heim aftur. Og það er víst óþarfi að lýsa því, hvaða æfi slíkir vesalingar eiga hér á landi. Sú braut, sem við verðum að ganga í því efni, er sorglega leiðinleg. — Geðveikissjúklingarnir eru einu sjúklingarnir, sem engar dyr eru opnar fyrir; flestir aðrir hafa einhverstaðar höfði sínu að að halla, holdsveikir menn holdsveikraspítala o. s.frv. — Líkamlega sjúkum er sint, en andlega sjúka hirðir enginn um. Menn muna eflaust eftir sorglegu dæmi, er kom fyrir í vetur; það sýnir, hvernig búast má við að fari, ef ekkert verður gert fyrir vitfirringa. Eg þekki mörg önnur sorgleg dæmi, og eru þau til lítils sóma fyrir þjóðina. Það er ekki af því, að viljann vanti til að hjúkra þessum vesalingum, heldur af hinu, að menn hafa ekki tök á því, þótt þeir vilji. — Eg hafði vonast eftir því af stjórninni, að hún mundi leggja fyrir þingið frv. til laga um stofnun geðveikrahælis. — En sú von brást. Nú vona eg, að það verði eitt af fyrstu verkum hinnar nýju stjórnar, því að þetta er mikið líknar- og mannúðarmál, og þá um leið nauðsynjamál.

Mér þætti leiðinlegt ef faðir þessarar vesalings stúlku þyrfti að taka hana hingað heim aftur. Mun eg því greiða atkvæði með breyt.till. Það er satt, að við getum ekki líknað öllum. En af því er ekki rétt að draga þá ályktun, að við eigum ekki að líkna neinum, heldur ber að álykta svo: Þótt við getum ekki líknað öllum, þá eigum við þó að reyna að líkna þeim, sem við getum.

Þá ætla eg að minna á breyt.till. á þskj. 309, sem nýkomin er hér inn í salinn, með því að nafn mitt er eitt meðal þeirra 6 nafna, er á henni standa. — Eins og hina háttv. deild mun reka minni til, þá féll hér nýlega mál, er komið var frá Ed., þess efnis, að flytja lækninn í Kjósinni til Hafnarfjarðar. — Deildin var einhuga á því, að láta það ekki ná fram að ganga. Eg viðurkendi þá, að það mundi alveg satt vera, að héraðslæknirinn í Reykjavík hefði meira en nóg að starfa; eg áleit meira að

segja, að hann hefði alt of mikið að gera, þar sem hann, auk héraðslæknisstarfa, verður að gegna kenslu við læknaskólann. En eg kvað aðra vegi til að ráða bót á því, heldur en þann, að taka lækninn frá Kjósarmönnum. — Þannig mætti t. d. stofna nýtt læknishérað í viðbót við það sem er í Reykjavík, eða setja héraðslækninum þar aðstoðarmann. Nú hefi eg ásamt fleiri háttv. þingm. komið fram með breyt.till., er stingur upp á, að héraðslækninum séu veittar 1000 kr. fyrir hvort ár fjárhagstímabilsins til þess að launa aðstoðarlækni; er tillagan gerð með sérstöku tilliti til þess, að bærinn er nú orðinn svo mannmargur, og að Hafnarfjörður gæti þá notið betri læknishjálpar en hingað til; kauptún þetta er í uppgangi og því er rétt að hlynna að því; það álít eg gert með þessu.

Einar Þórðarson: Hin háttvirta fjárlaganefnd hefir lagt það til, að 10. tölul. 11. gr. verði strikaður út. Það eru að vísu sannar ástæður, er nefndin byggir þessa till. sína á; það er satt, að sá hluti hins upphaflega læknishéraðs, sem Úlfsstaðir liggja í, hafði verið gerður að sérstöku aukalæknisumdæmi áður en Stefán læknir Gíslason flutti þangað; en þótt þetta aukalæknisumdæmi væri þá stofnað, þá var það þó enn eigi veitt, og Stefán þjónaði enn öllu héraðinu óskertu. En einkum ber þó þess að gæta, að hann var búinn að vera tvö ár á sífeldum hrakningi, og hafði hvergi getað fengið jarðnæði; þess vegna var hann neyddur til að setjast að á þessum stað, þótt óhentugur væri. Yfir höfuð voru kjör hans þá sýnishorn þess, hvernig kjör lækna eiga ekki að vera; og því væri sanngjarnt að hann fengi þau bætt upp.

Með brt. á þingskj. 269 hefi eg leyft mér að fara fram á, að veittar verði 1600 kr. seinna ár fjárhagstímabilsins til sjúkraskýlis á Brekku í Fljótsdal. Af ástæðum, er styðja þessa fjárveitingu, má telja þá fyrsta, að héraðið er strjálbygt en afar víðlent; nær það alla leið austan frá Breiðdalsheiði vestur að Möðrudalsfjöllum; eru því engin tök á, að læknirinn geti sint sjúklingum, nema því að eins að hann geti tekið þá heim til sín. Auk þess er það vanda bundið að koma sjúklingum fyrir á sveitaheimilum, sérstaklega þegar húsnæðiskjörum læknisins er svo farið sem verið hefir um lækna á Fljótsdalshéraði, að þeir hafa engan fastan verustað. Loks í vor keypti sýslunefndin upp ábúandann á Brekku, til þess að læknirinn gæti fengið fastan samastað, og gerði hún það jafnframt í þeirri von, að þar yrði bráðlega bygt sjúkraskýli. Er þess því meiri þörf, sem sá læknir, er nú gegnir héraðinu, hefir einkar mikla aðsókn fyrir dugnaðar sakir; en sakir spítalaleysis hafa menn eigi getað notið hans til fulls.

Þá má og benda á það til stuðnings þessu máli, að í Fljótsdalshéraðslæknisumdæmi er tæring útbreiddari en í flestum öðrum héruðum landsins. Læknirinn, sem í öllum störfum sínum er hinn mesti áhugamaður, hefir sérlega mikinn hug á að stemma stigu fyrir þessum voðasjúkdómi í læknishéraði sínu, en meðan hann hefir ekkert sjúkraskýli á heimili sínu, er ekki unt fyrir hann að vinna bug á sjúkdómnum svo vel sem ella. Hvergi er því þörfin jafn mikil fyrir skýli handa slíkum sjúklingum, sem í þessu læknishéraði, bæði vegna útbreiðslu veikinnar og strjálbygðar héraðsins, er leiðir til, að þeir geta ekki fengið nægja hjúkrun, sem er þó það, sem oftast dugar bezt gegn veikinni.

Þess ber og að gæta, að fjárveitingin er bundin því skilyrði, að ekki minna en helmingur kostnaðarins á við það,

sem ætlast er til að landssjóður leggi fram, verði greiddur annarstaðar frá. Eg er ekki maður byggingarfróður og veit því ekki gjörla, hversu mikið sjúkraskýli þetta mundi kosta, en það þori eg þó að fullyrða, að það muni kosta meira en svarar tvöfaldri upphæð hinnar óskuðu fjárveitingar. Og þótt þannig meira en helmingur kostnaðarins legðist á Héraðsbúa, þá þekki eg þá að svo miklum áhuga um framkvæmd þessa máls, að þeir mundu ekki hika við að takast hann á herðar. Eg þekki þá að því, að þeir mundu ekki til spara, að sjúkraskýlið yrði sem bezt úr garði gert.

Háttv. framsm. fjárlaganefndarinnar vildi ekki opna fleiri sveitum veginn til að fara fram á hið sama. Hér greinir okkur á. Eg vil opna veginn, og það nú þegar. Alþingi hefir nýlega gert breyting á skipun læknishéraðanna, en allur fjöldi þessara nýju lækna koma að engu liði, nema því að eins að þeir fái sjúkraskýli, þar sem þeir geti stundað sjúklinga sína. Háttv. framsm. kvaðst ekki vilja opna þennan veg, fyr en búið væri að semja lög um skipan sjúkrahúsa. Eg álít rétt, að byrja með að slá föstu »principi« á fjárlögunum, því að ef opnaður væri vegur fyrir þessar stofnanir með sérstökum lögum fyrir fult og alt, þá mundu koma fram fleiri kröfur í einu en svo, að auðvelt væri að fullnægja. En með því að hafa á bak við sig fasta meginreglu, mætti smátt og smátt veita styrk á fjárlögunum, eftir því sem ástæður leyfðu.

Enn fremur má minna á, að ætlast er til að sjúkraskýli þetta verði bygt á föstu læknissetri og landssjóðseign.

Frá hvaða sjónarmiði sem mál þetta er skoðað, virðist alt mæla með því. Vona eg því að háttv. deild taki því vel.

Þórhallur Bjarnarson: Eg var annar fjárlaganefndarmaðurinn, sem fór inn á Laugarnesspítala og hafði tal af starfsmönnum hans. Við gátum með engu móti sannfærst um það, og nefndin eigi heldur, að þörf sé á sérstaklega launuðum gjaldkera við spítalann. Margt af útgjöldunum er fast ákveðið, og ráðsmanni má ætla ýmsar smáútborganir; hitt kom nefndinni eigi til hugar að ætla yfirstjórnarnefndinni þann starfa. Hæstv. landsh. er harður á því, að halda þessum gjaldkerapósti og nefndin hefði vísast ekki á móti því, að gjaldkeralaunin væru greidd fyrra árið.

Eg skal í annan stað leyfa mér að minnast á tillögur, sem hafa komið frá Jóni Þorlákssyni verkfræðing, snertandi byggingarrannsóknirnar. Hann vill láta heimila fé til hagfeldra lána fyrir nokkra bændur, til húsabóta. Fyrir þetta fé á að gera húsabyggingar, sem eiga að vera tilraunir til húsabóta. Verkfræðingurinn segist hafa margt nýtt á prjónum, bæði að því er snertir veggi, þök o. fl., og þætti honum æskilegast, að gera þessar tilraunir sem allra fyrst. Ætlar hann austur að segja fyrir um þær og hafa eftirlit með þeim, og gefa síðan nákvæmar upplýsingar og skýrslur um hvernig þær reynast. Það er sýnilegt, að þetta er sá rétti vegur til að fá nokkru verulegu ágengt í þessa átt, því að lítið dugir að sitja bara heima á kontórnum sínum og spekúlera. Hér er ein brt. að leggja fé til húsabóta á þjóðjörðinni Laug við Geysi, og væri auðgefið að hafa verkfræðinginn þar með í ráðum, ef til kæmi þeirrar fjárveitingar, og vísast víðar, þar sem fé er lagt fram úr umboðssjóði til umbóta á húsum þjóðjarða.

Lárus H. Bjarnason: Eg hefi leyft mér hér að koma fram með till., sem gengur í nokkuð líka átt og frv. um skiftingu Reykjavíkurhéraðs, sem féll hér nýlega. Skifting sú á læknishéraðinu, sem þar var gert ráð fyrir, var ekki heppileg, og því greiddi eg atkvæði móti frumvarpinu. En aftur á móti blandast mér ekki hugur um, að eitthvað verði að gera til þess að létta á Reykjavíkurlæknunum.

Héraðið er allstórt. Nær ekki að eins yfir Reykjavík, heldur einnig yfir Seltjarnarnes, Mosfellssveit og Garðahrepp.

Þar að auki er umdæmið fólksríkasta héraðið á landinu, kringum 10,000 manns alls. Læknirinn í Akureyrarhéraði fekk sérstakan styrk til aðstoðarlæknis, og er þó hans hérað meira en helmingi fólksfærra.

En það sem eg legg aðaláherzluna á er, að læknirinn hér hefir kenslu við læknaskólann, og það kvað dögum saman koma fyrir, að hann geti ekki gengt kennarastarfi sínu. Eg álít því, að það sé heppilegt milliráð, að láta hann hafa aðstoðarlækni, enda kvað hann vera töluverður vísindamaður og væri því ilt ef skólinn gæti ekki notið hans.

Þetta yrði líka ágætur forskóli fyrir aðstoðarmanninn, því hann mundi verða brúkaður mikið, og þá um leið fá margar praktiskar bendingar. Eg get ímyndað mér, að einhver kunni að hugsa, að hér séu svo margir praktiserandi læknar, að þeirra mætti vitja í stað héraðslæknisins. En fyrir það fyrsta eru þeir allir saman faglæknar, t. d. augnlæknirinn og tannlæknirinn, og í öðru lagi hafa þeir enga skyldu til þess að þó þeir séu sóttir. (*Landshöfðingi*: Þeir eru aldrei sóttir). Eg hefi talað við menn úr fjárlaganefndinni um þessa tillögu, og það er svo langt frá að þeir hafi latt mig þess, að þeir hafa þvert á móti heldur hvatt mig til að flytja hana, og vona eg því að henni verði vel tekið í deildinni. Annars rekur að einu af tvennu. Annaðhvort verður að skifta héraðinu eins og stjórnin fór fram á, eða stofna nýtt kennaraembætti við læknaskólann.

Framsm. (Pètur Jónsson): Eg hefi nú fremur lítið að athuga við það, sem fram hefir komið við umræðurnar, þótt sumar þeirra hafi farið í þá átt, að mótmæla því sem eg sagði. Hæstv. landsh. gat þess um breyttill. við 8. gr., að meining sín með henni væri ekki einungis að fá leigt hús fyrir sjálfan hann, heldur og fyrir skrifstofuna, og fjárlaganefndin hefir líka tekið það svo, og álítur að það felist í fjárveitingunni, þó svo væri.

Þar sem nefndin feldi úr launin til gjaldkerans við holdsveikraspítalann, þá hefir háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) tekið af mér ómakið að svara því fyrir nefndarinnar hönd, svo eg minnist ekki á það. Hann tók það líka fram, að fjárlaganefndin mun ekki hafa á móti, af sérstökum ástæðum, að lofa fjárveitingunni að standa óbreyttri fyrra árið. Eg vildi lítillega minnast á ræðu háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.) eða þeirra þm. beggja, viðvíkjandi jörðinni Laug. Þeir hafa báðir misskilið ræðu mína um þetta efni, og aðgerðir fjárlaganefndarinnar. Að því er styrkinn til bygginga á umboðsjörðum snertir, þá er hann heimilaður á landssjóðsjörðum í 3. gr. fjárlaganna að $^2/_3$ hlutum. En nefndin vildi alls ekki blanda sér í þetta mál sérstaklega, og áleit alls ekki rétt, að leggja þessari jörð sérstaka upphæð til húsabyggingar. Vér höfum hugsað að það gæti verið með hana sem aðrar landssjóðsjarðir, og nefndin sér ekki neitt á móti því, að hún sé lögð undir næsta umboð og njóti þá

sömu réttiúda og aðrar umboðsjarðir, og ef hún nýtur þeirra, þá er það nægilegt til að fullnægja kröfunni um byggingarstyrk. Nefndin vill því ekki gera þetta að sérstökum lið, heldur vildi eg að þessi jörð gæti komist undir athugasemdina við 3. gr. Háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.) tók það fram, að landssjóður ætti að byggja á þessari jörð, af því að hún lægi svo nærri Geysi og svo margir kæmu þar. En mér finst ekkert mæla með því, að landssjóður annist bygging á þessari jörð sérstaklega, því að sama má segja um margar aðrar umboðsjarðir. Eg get t. d. nefnt eina jörð í Húnavatnssýslu, þar sem er bæði póststöð og mjög margir koma; hún er kirkjujörð, en engum mundi samt koma til hugar að landssjóður færi að byggja þar upp, og hætt við, ef landssjóður fer að byggja upp á einni jörðinni, að þá kæmu margir fleiri, sem heimtuðu hið sama. Fjárlaganefndin hefir ekkert á móti því, að vel sé farið með leigulíðana á umboðsjörðunum, en að fara að taka eina jörð sérstaklega til greina á fjárlögunum, það finst mér alls ekki geta gengið, þótt jörðin sé í þjóðbraut og margir komi þar, og eg get fyrir mitt leyti alls ekki greitt atkvæði með því á alþingi. Það sem háttv. 1. þm. Arn. (H. Þ.) mintist á, að á þessari jörð yrði gerð húsabótartilraun (Experiment), þá er eins og háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) tók fram, alt öðru máli að gegna, þótt þingið styddi að því, að þessi jörð yrði tekin til þess, úr því hún er í þjóðbraut. Háttv. 2. þm. Árn. (Ol. Ol.) hvíslaði því að mér, að þessi jörð gæti ekki komist inn í neitt umboð, vegna þess hún væri svo langt frá öllum umboðum. En eg get þá sagt þeim háttvirta þm. það, að í því umboði, sem eg hefi, þá hefi eg jarðir nyrzt á Langanesi, kring Sléttu, út í Flatey og Fjörðum og á Svalbarðsströnd. Og leið sú, sem eg fór í fyrra á vitjunarleið um umboðið, var eigi skemri en þó eg hefði farið úr Gautlöndum suður á Reykjanesskaga.

Háttv. þm. N-Ísf. (Sk. Th.) mælti með beiðninni frá Þorkeli Hreinssyni, um styrk til þess að kosta dóttur hans til þess að dvelja á vitfirringaspítalanum í Karensminde. En eg álít að það þurfi ekki að eyða orðum um það, að það er ekki meiningin að þingið fari að leggja til þenna styrk, af því að það sé gustukaverk; þau gætu orðið svo mörg, og þótt svona veslingar ættu það skilið, þá má þingið ekki láta það hafa áhrif á sig, þótt eitthvað tali til hjartans, það getur ekki, og á ekki að ráða gerðum þingsins. Það væri erfitt fyrir landssjóð, að víkja alt af einhverju að náunganum eftir því hvernig á stendur fyrir honum. Það sjá allir, að væri ofverk fyrir löggjafarvaldið að gera slíkt.

Að því er sjúkraskýlin snertir, þá getur orðið ruglingur á slíkum styrkveitingum á fjárlögunum, eins og áður er bent á. Auk þess þykir mér styrkveitingin full há, þó hún eigi ekki að yfirstíga þriðjung. Mér þykir full hátt að ætla þann þriðjung 200 kr. Þessi sjúkraskýli geta líkst baðstofunum okkar íslenzku, þegar þær eru góðar og vel bygðar, og eg álít óþarfa að hafa það dýrari hús. Háttv. 2. þm. N.-Múl. (E. Þ.) sagðist álíta það rétt, að slá einhverju föstu principi við fjárveitingarnar. En það er einmitt það sama og eg sagði að fjárlaganefndin hefði viljað; en á fjárlögunum er einmitt örðugt, að fá haldið fast við princip í slíkum fjárveitingum. Á sérstökum lögum um sjúkraskýli er hægt að slá föstum vissum skilyrðum, t. d. um að

staðurinn, sem sjúkraskýlið er á, sé orðinn fast læknissetur til frambúðar o. s. frv.

Þá er brt. á þingskj. 309; eg skal ekki segja um það, hvernig eg hefði snúist við henni, ef eg hefði fengið ráðrúm til að hugsa um hana. En eg segi það, að eg verð að greiða atkv. gegn hverri þeirri brt., sem skotið er að óvörum inn á miðjum fundi, eins og þessari. Það er ekki rétt, að háttvirtur þm. Snæf. (L. H. B.) hafi borið sig saman við mig um brt., hann spurði mig að eins að, hvernig eg liti á slíka fjárveiting í eðli sínu, og bjóst eg alls eigi við að hann mundi bera brt. fram að þessu sinni; en eg skoðaði það svo, sem hann væri að eins að grenslast eftir hvernig tillögunni mundi byrja, ef hann kæmi fram með hana síðar meir.

Sum af meðmælum háttv. þm. Snæf. með tillögunni voru rétt, en sum eigi. Þannig er það eigi rétt að líta einungis á mannfjöldann í læknishéruðum þeirra Guðmundar Hannessonar og Guðmundar Björnssonar; því verður þó eigi neitað, að Guðmundur Björnsson hefir töluverða aðstoð af hinum læknunum hér, Guðmundur Hannesson hefir einn spítala til að annast en hinn ekki. Svo álít eg að Guðmundur Björnsson gæti losast við dálítið af þeim störfum sem hann hefir nú, svo sem læknisstörf við einstakar stofnanir hér í bæ. Yfir höfuð er málið ekki nægilega undirbúið, og verð eg því að greiða atkvæði gegn brt. nú, og hið sama geri eg ráð fyrir að mestur hluti fjárlaganefndarinnar muni gera.

Einar Þórðarson: Háttv. framsm. (P. J.) taldi ýms tormerki á því að slá föstum fjárveitingafrumreglum í fjárlögum, og því vildi hann láta bíða fjárveitinguna til sjúkraskýlis í Fljótsdalshéraði, þangað til samin hefðu verið sérstök lög um byggingu sjúkraskýla. Eg sé nú ekki gilda ástæðu fyrir bið þessari; kröfurnar eru hér svo sanngjarnar, og farið að öllu svo nærri frumreglum þeim, sem háttv. framsm. (P. J.) vildi að styrkurinn til sjúkraskýla væri bygður á, að eg sé ekki að hann geti verið tillögunni mjög fráhverfur. Hér er komið fast læknissetur, sýslan hefir varið stórfé til þess að kaupa ábúandann á Brekku af jörðinni, og landsstjórnin samþykt, að læknir megi búa þar; héraðsbúar eiga að leggja fram fé á móti landssjóðsstyrknum, og það gera þeir eflaust. Um þörfina á sjúkraskýlinu ætla eg ekki að tala, það er búið að gera grein fyrir henni. Hér eru þannig tryggingar fyrir hendi í fylsta máta, og vænti eg því að háttv. deild fallist á fjárveitingu þessa.

Lárus H. Bjarnason: Eg hefi lítið erindi annað nú, en að bera af mér þann áburð háttv. framsögum. (P. J.), að eg hefði ekki farið rétt með samtal okkar um breyt.till. mína.

Eg gekk til háttv. framsögum. (P. J.) og spurði hann að, hvort hann væri hlyntur þessari breyt.till.; svaraði hann því með skýru jái; en hitt má vera, að hann hafi þá ekki verið búinn að fullhugsa svar sitt, og séð sig síðan um hönd; en það veit eg, að háttv. framsögum. (P. J.) er svo góður drengur, að hann kannast við, að eg fer hér með rétt mál, þegar hann áttar sig, og að hann notar sér það ekki, að samtal okkar fór ekki fram í votta viðurvist. — Það er rétt, að Guðmundur Hannesson hefir spítala að annast, en það hefir Guðmundur Björnsson líka, og hann miklu stærri, það er því ekki hægt að gera þar upp á milli þeirra, Guðmundi Hannessyni í vil.

Eg þekki ekki þessi ýmsu störf eða stofnanir, sem Guðmundur Björnsson er riðinn við, og sem hann getur losnað

við; eg man ekki eftir öðru en læknaskólanum, og eigi mun það verða fjársparnaður að losa hann við kensluna þar. (*Jóhannes Jóhannesson*: En latínuskólinn og hegningarhúsið?). — Störfin við þessar stofnanir eru svo lítilfjörleg, að þau munu hvorki gera honum frá né til.

Sannleikurinn er sá, að Guðmundur Björnsson hefir læknishérað með kringum 10,000 íbúum, sem hann er skyldur að gegna hve nær sem kallað er, og að hann auk þess er skyldur til kenna á læknaskólanum. En þótt að hérað þetta sé svona stórt, þá eru tekjurnar ekki að sama skapi miklar, því að í því er mikil »fattig«-praxis, sem eigi gefur mikið í aðra hönd; — kennarinn við læknaskólann er þar betur settur en héraðslæknirinn; hann þarf ekki að gegna öðrum en hann vill, og því líklegt að hann fái læknisstörf sín betur borguð en hinn.

Landshöfðingi: Eg er þakklátur háttv. nefnd fyrir, að hún vill þó gefa orðum mínum viðvíkjandi gjaldkerastarfinu við holdsveikraspítalann þann gaum, að veita fé handa gjaldkera fyrra árið, á meðan verið er að koma málinu í kring. Eg sé í þessu viðurkenning þess frá nefndarinnar hálfu, að eigi sé svo auðvelt að leggja sýslan þessa niður, svona fyrirvaralaust. Háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) sagði, að það mætti benda útborgununum til ráðsmannsins; en hann er ekki skyldugur til að taka þær að sér. Það lítur annars út fyrir, að h. nefnd hafi ekki glögga hugmynd um starf gjaldkerans, og að hún hugsi sér það miklu minna en það er.

Þótt eg sé að vísu eigi ánægður með gerðir háttv. nefndar í þessu máli, þá verð eg að játa það, að nokkur bót er það í máli, ef hún felst á það, að gjaldkerastarfinu sé haldið fyrra árið.

Framsögumaður (Pétur Jónsson): Eg þykist ekki hafa borið neitt það upp á háttv. þm. Snæf. (L. H. B.), að þörf gerðist fyrir hann að bera af sér áburð minn. Eg kannast alls eigi við, að háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) hafi borið tillögu sína undir mig, sem framsögum. fjárlaganefndarinnar, og eg hefi ekkert sagt honum um tillöguna frá sjónarmiði fjárlaganefndarinnar, en að eins talað við hann um efni hennar, og við það skal eg standa, sem eg sagði þá.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. landsh. sagði um gjaldkerastarfið við holdsveikraspítalann, þá lít eg svo á, að höfuðreikningsstörfin muni vera í höndum ráðsmannsins, þótt gjaldkeri sé; reyndar getur verið, að reikningsstörf ráðsmannsins ykjust dálítið, ef hann tekur við öllum gjaldkerastörfunum, en mikið mun það ekki verða. Hitt mun satt, að ráðsmaðurinn hafi verið ráðinn til starfa síns, án þess að það hafi verið gert að skilyrði, að hann hefði á hendi gjaldkerastörf. En eg álít, að eftir atvikum séu það ekki ósanngjarnar kröfur, sem gerðar eru til hans, þótt farið sé fram á, að hann bæti við sig gjaldkerastörfunum án sérstaks endurgjalds.

Guðlaugur Guðmundsson: Viðvíkjandi breyt.till. á þskj. 296 vildi eg leyfa mér að koma með þá fyrirspurn, hvort það sé ekki meining flutningsmanna tillögunnar, að styrkveitingin til húsabótar á Laug sé bundin sömu skilyrðum, sem aðrar slíkar styrkveitingar til húsabótar á landssjóðsjörðum, að leiguliði leggi fram $^1/_3$ af húsaverðinu, og að húsið verði svo eign landssjóðs. — Í tillögunni er þetta ekki tekið fram, en ef flutningsmennirnir vilja leiðrétta hana í þá átt, þá mun eg verða henni fylgjandi; og í þeirri von, að háttv.

flutningsm. taki þetta til greina, mun eg greiða atkvæði með tillögunni við þessa umræðu. Það er satt, að það er töluverð ástæða til að styrkja að húsabótum einmitt á þessari jörð, af því að þangað koma svo margir útlendingar. — Eg hefi heyrt útlendinga bera Íslendingum yfir höfuð vel söguna fyrir húsakynni og viðurgerning, og síðast á þessu vori talaði eg við hollenzkan bankamann, sem hafði ferðast all-mikið hér um land, bar hann landinu og landsmönnum vel söguna, að undanskildum þessum bæ, sem hér ræðir um, og var það sjálfsagt með fram húsakynnunum að kenna.

Síðari breyt.till. á þskj. 284 fær án efa fylgi mitt; hún er að öllu leyti sanngjörn, og getur ekki haft neinar hættulegar afleiðingar. Það er hrein minkun fyrir landið, hve lítið séð er fyrir velliðan aumingja slíkra sem þessa. — Þá vil eg heldur anda á móti tillögu nefndarinnar um, að borgun til sérstaks gjaldkera við holdsveikraspítalann sé látin falla niður; hver sem kynnir sér starf hans, mun sjá það, að það er alls eigi lítið. Það var fyrir sérstakt atvik, að eg sem einn í reikningslaganefndinni fekk tilefni til að kynna mér þetta; það var út af »bollunum« sælu. — Sá eg þá, að starf gjaldkerans er allumfangsmikið. Eg veit annars ekki, hvernig háttv. nefnd hugsar sér að koma gjaldkerastarfinu fyrir endurgjaldslaust. Einasti vegurinn væri sá, að spítalalæknirinn tæki að sér reikningshald spítalans endurgjaldslaust, því hann stendur þar betur að vígi en ráðsmaðurinn; hann á hvort sem er að rita sönnunarvottorð á reikningana. — En það er spursmál, hvort hann telur sér skylt að taka að sér starf þetta þannig, og hvort hann hefir tíma til þess.

Verð eg því að greiða atkvæði móti tillögu nefndarinnar, þótt eg að öðru leyti vildi óska, að gjöldin til holdsveikraspítalans gætu lækkað.

Hannes Þorsteinsson: Ut af fyrirspurn háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) um styrk til húsabóta á landssjóðsjörðinni Laug, skal eg taka það fram, að ástæðan fyrir því, að vér tókum það ekki fram í breyt.till. okkar, að styrkveiting sú, sem við förum fram á, skuli háð sömu skilyrðum og aðrar styrkveitingar til húsabóta á þjóðjörðum, var sú, að okkur þótti það óþarft, því að í bænarskránni var það tekið fram, að ábúandinn á Laug ætlaði að leggja fram sinn þriðja hlut á móti 800 kr. úr landssjóði; en til þess að taka hér af allan vafa, þá væri ekkert á móti því, að koma fram til 3. umr. með breyt.till. í þá átt, sem háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) fór fram á.

Eg vona annars að tillaga okkar fái framgang, undirtektirnar undir hana hafa verið fremur góðar, og h. framsm. (P. J.) dró í síðari ræðu sinni úr mótmælum sínum gegn henni; sérstaklega tel eg heppilegt, eins og eg tók fram í fyrri ræðu minni, ef hægt væri að setja húsabæturnar í samband við rannsóknir þær á byggingarefnum, sem nú liggja fyrir; en fari svo, að tillaga okkar verði feld, sem eg trúi vart að komi fyrir, þá vænti eg samt að komi fram tillaga, helzt frá háttv. fjárlaganefnd sjálfri, og þá í sambandi við væntanlegar byggingaefna-rannsóknir, og störf þess verkfræðings, sem slíkar rannsóknir eru á hendur faldar.

Hermann Jónasson: Það er búið að tala all-mikið um gjaldkerastarfið við holdsveikraspítalann, og finna að aðgerðum nefndarinnar, að hún skuli vilja leggja þá sýslan niður; en eg skil ekki í þessu; eg fæ ekki betur séð, en að sýslan þessi hafi frá upphafi verið óþörf, og að það megi á fleiri en einn

veg koma gjaldkerastörfunum fyrir. — Það sýnist ekkert vandhæfi á því, að fá störf þessi annaðhvort ráðsmanninum eða lækninum við spítalann, og brotaminst verður það, því að hver póstur verður hvort sem er að ganga í gegn um höndur allra þriggja starfsmanna spítalans: læknisins, ráðsmannsins og gjaldkerans. (*Landshöfðingi*: Þetta er ekki rétt). Mér sýnist svo, að hafi þetta ekki átt að vera bitlingur til einstaks manns, þá hefði mátt haga reikningsfærslunni svipað og við latínuskólann, og láta útborganir fara fram hjá landfógeta, eða í landsbankanum, með því var full trygging fengin, en láta reikningshaldið að öðru leyti vera í höndum ráðsmannsins eða læknisins. — Eg fæ ekki heldur séð, að það sé neitt óviðfeldið, að taka starf þetta af manni þeim, sem það hefir fengið, því er þannig hagað, að hann hefir engan rétt á, og gat naumast búist við að halda því æfilangt; en til að sýna sem mesta tilhliðrunarsemi, þá getur máske verið rétt að halda fjárveitingunni fyrra árið en eigi hið seinna. Lengra má alls eigi ganga, því að eg þykist sannfærður um, að hér hafi verið veitt fé að óþörfu.

ATKV.GR.: Breyt.till. 11 á þskj. 230 við 8 gr. samþykt með 18 samhljóða atkv.

8. gr. frumv., með áorðinni breytingu, sþ. í e. hlj.

9. gr. frv. samþ. í e. hlj.

10. gr. A. sþ. í e. hlj.

10. gr. B. 1—2. sþ. í e. hlj.

Breyt.till. 12 á þskj. 230, við 10. gr. B. 3, sþ. í e. hlj.

Breyt.till. 13 á þskj. 230, við 10. gr. B. c. 3, sþ. án atkv.gr.

10. gr. B. c., nú 4 töluliður, samþ. í e. hlj.

Br.till. 14 á þskj. 230, við 10. gr. B. 4, sþ. án atkv.gr.

Br.till. 15 á þskj. 230, við 10. gr. B. 4. g., sþ. m. 20 shlj. atkv.

10. gr. B. 4. liður, nú 5., samþ. með 22 shlj. atkv.

10. gr. c. 1. a. sþ. í e. hlj.

Br.till. 16 á þskj. 230, við 10. gr. C. 1. b., sþ. m. 22 shlj. atkv.

10. gr. C. 1. c. og d. samþ. með 22 atkv.

10. gr. C. 2—5 sþ. í e. hlj.

Breyt.till. 17 á þskj. 230, við 10. gr. C. 5, (nýr liður) samþ. með 16 : 1 atkv.

10. gr. C. 6. sþ. m. 21 atkv.

Breyt.till. á þskj 296 við 10. gr. C. (nýr liður) feld með 12 : 8 atkv.

11. gr. 1—2 samþ. í einu hlj.; samþykt að sjálfsögðu breyting á athugasemdinni.

Breyt.till. á þskj. 309, við 11. grein (nýr 3. liður), samþ. með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og óskuðu þess þessir þingmenn:

Jóh. Jóhannesson, Stefán Stefánsson, Einar Þórðarson, Olafur Briem, Magnús Andrésson, Árni Jónsson, Hermann Jónasson.

já sögðu:	*nei sögðu:*
Jón Magnússon,	Arni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Björn Bjarnarson,
Eggert Pálsson,	Einar Þórðarson,
Guðl. Guðmundss.,	Hern. Jónasson,
Hannes Hafstein,	Jóh. Jóhannesson,
Hannes Þorsteinss.,	Jóhannes Olafsson,
Lárus H. Bjarnas.,	Magnús Andrésson,
Magnús Stephensen,	Olafur Briem,
Olafur Olafsson,	Pétur Jónsson,
Olafur Thorlacius,	Skúli Thoroddsen,
Stefán Stefánsson,	Þórh. Bjarnarson.
Tr. Gunnarsson.	

11. gr. 3—5 sþ. í e. hlj.

Breyt.till. 18 á þskj. 230, við 11. gr. 6. a., sþ. m. 15 : 4 atkv.

11. gr. 6. b.—p. sþ m. 22 atkv.

Breyt.till. 19 á þskj. 230, við 11. gr. 6. r., sþ. m. 20 atkv.

11. gr. 7 sþ. í e. hlj.

Br.till. 20 á þskj. 230, við 11. gr. 8. a., sþ. í e. hlj.

11. gr. 8 b—i (= a—h) sþ. í einu hlj.

Breyt.till. á þskj. 269 við 11. gr. (nýr liður) sþ. með 12 : 9 atkv.

11. gr. 9 sþ. í e. hlj.

Br.till. 2 á þskj. 284 við 11. gr. feld með 14 : 9 atkv.

Br.till. 21. á þskj. 230 við 11. gr. 10 sþ. m. 17 : 1 atkv.

---

12. grein 3. ágúst. (Atkv.skrá bls. 443).

Framsögumaður (Pétur Jónsson): Eg skal leyfa mér að gefa dálítið yfirlit, því þó það snerti fleiri greinar en 12. gr., getur það snert atkvæðagreiðsluna um hana.

Annað var það og, sem eg vildi minnast á, nefnil. um formbreytingar í fjárlögunum, en það geymi eg til 13. gr. Fyrst skal eg þá geta þess, að brt. þær frá einstökum mönnum, sem fram eru komnar við fjárlögin, frá 12. gr. og aftur úr, eru um 40 talsins. Við þessar brt. hækka útgjöldin, frá því sem er eftir stjórnarfrv. og nefndarálitinu, um nálægt 108 þús. en lækka um 3600 kr. Nefndin hefir athugað brt. og mun eg gera grein fyrir því síðar. Þær till., sem nefndin gengur inn á, munu hækka útgjöldin um 6—7 þús. kr., og þær, sem nefndin lætur hlutlausar um annað eins. Eg skal nú gera grein fyrir hvernig útgjöldin hækka á hinum ýmsu liðum, fram yfir það sem er í stjórnarfrv., við till. nefndarinnar og brt. einstakra þingmanna. Á 12. gr. eða til samgöngumála er hækkun nefndarinnar 69,300 kr. nettó, en einstakra manna 68,500 kr., eða samtals um 140,000 kr. Hér af eru ætlaðar til brúar á Jökulsá 80000 kr., sem ekki koma beint þessu þingi við. Þá er 13. gr. — mentamálin. — Við þann kafla hefir nefndin bætt 25,000 kr., og einstakir menn 5000 kr. 14. gr. A. hefir nefndin lagt til að hækkaði um 8,200 kr., en einstakir menn um 17,600 kr. 14. gr. B. — atvinnumál — hefir nefndin hækkað um 84,000 kr. en brt. einstakra þm. um 12000 kr. Eg hefi talið hækkanir nefndarinnar nettó, og vildi eg gefa þetta yfirlit, svo menn sæi hvernig sakir standa í heildinni, því það getur haft áhrif á atkvæðagreiðsluna; því auðvitað hljóta menn að gera sér grein fyrir því, hvaða áhrif hinar einstöku tillögur hafa á fjárhaginn í heild sinni, og það er varúðarvert að auka útgjöldin mikið, þegar tekjurnar vaxa ekki. Nefndin hefir sýnt að hún er framgjörn, en hefir þó ekki getað forsvarað að hækka útgjöldin meira en hún hefir gert. Sérstaklega er það hækkunin á fjárveitingum til samgöngumála, sem stingur í augun, og er 140000 kr. geysi hækkun, þar sem þetta var áður hæzti útgjaldaliðurinn.

Eg ætla þá að víkja að einstökum brt., en eins og eg tók fram, er ekki þörf á að ræða mikið um brt. nefndarinnar, af því gerð er skýr grein fyrir þeim í nefndarálitinu, og við umræður hinna einstöku liða koma hvort sem er fram frekari skýringar. Brt. nefndarinnar við 12. gr. A. eru mjög litlar og að eins 3. Sú 1. um að lækka laun tilvonandi póstmanns á póststofunni hér í Reykjavík um 200 kr. eða niður í 800 kr., því slíkan mann mun mega fá fyrir það kaup. Þá leggur nefndin til að upphæðin til bréfburðar í öðrum kaupstöðum en Rvík hækki upp í 200 kr., af því henni fanst sanngjarnt að hinir kaupstaðirnir hefðu svipað tillag og Akureyri hefir nú.

Póstmeistarinn hefir stungið upp á að

bygður yrði skúr til geymslu fyrir póstkoffortin. Nefndin álítur þetta sjálfsagt; póstflutningar vaxa, og rúmið þrengist svo, að orðið hefir að láta póstkoffortin liggja úti. Þess vegna hefir nefndin stungið upp á 300 kr. hækkun á liðnum A. 6.

Þá er brt. frá samgöngumálanefndinni um að veita 400 kr. hvort árið til póstflutninga með mótorbátum á Ísafjarðardjúpi, og annað eins í sama tilgangi á Breiðafirði. Nefndin álítur að þetta kunni með tímanum að verða heppileg fjárveiting, en hefir ekki haft tæki til að kynna sér hve hentugir þessir bátar eru til póstflutninga. Þyrfti fyrst að reyna þá. Nefndin getur því ekki fallist á tillöguna. — Þá er liður B. í 12. gr. Tek eg þar fyrst brt. frá samgöngumálanefndinni um að athugasemdin við fjárveitinguna til verkfræðings landsins falli burt. Það má vera, að síðar komi skýringar á þessari tillögu, en nefndin hefir athugað tillöguna og ekki getað fallist á hana. Það sem vakti fyrir fjárlaganefndinni 1901 var það, að yfirumsjón allra vegamála skyldi falin einum manni, sérfróðum, svo að plan og festa kæmi í vegagjörð landsins. Auðvitað getur stjórnin gert þetta, hvort sem athugasemdin stendur í fjárlögunum eða nefndarálitinu. Hins vegar lítur nefndin svo á, að sé stjórnin ekki ánægð með frammistöðu verkfræðingsins, þá sé það á valdi hennar, hvort hún vill hafa sama manninn eða skifta um. Nefndin hefir því ekki með þessari athugasemd viljað láta þá skoðun í ljósi, að stjórnin megi ekki skifta um og fela öðrum manni umsjónina í hendur, sem hún tryði betur, því veitingin er ekki bundin við nafn neins sérstaks manns. Nefndin hefir leyft sér að fara nokkrum orðum um framkvæmdir verkfræðingsins; hún veit að maðurinn er vel að sér, en verður að leggja áherzlu á það, að hann hefir ekki sýnt þann áhuga, er heimta mætti af manni, sem svo þýðingarmikil störf hvíla á, og nýtur svo mikils trausts af landsstjórninni. Það er altaf óþægilegt að tala um einstaka menn, en þingið verður að segja meiningu sína afdráttarlaust um þá menn, sem það beint launar og felur ábyrgðarstörf. I nefndarálitinu er sagt hvaða stefnu nefndin vildi fylgja í samgöngumálum, ef hún hefði fyrir sér þær áætlanir, sem þarf til að glöggva sig á vegamálunum. Hún vill þoka fjárveitingunum í þá átt, að þeir vegakaflar, sem lagðir eru, komi sem fyrst að einhverjum verulegum notum. Nefndin hefði ekki verið ófús á að veita meira fé til Fagradals, ef hún hefði séð sér fært að leggja meira fé til vega. Með því að ljúka við þá braut á næsta fjárhagstímabili, mundu aðrar brautir komast tveim árum fyr að. Þetta hefir verið aðalstefna nefndarinnar. Nefndin hefir ekki getað gert stórar breytingar á fjárlögunum til þjóðvega. Hún ætlast til, að ekki sé varið miklu fé til þjóðvegarins í Mosfellssveitinni eða frá Reykjavík til Borgarfjarðar, en gerir þó ráð fyrir nokkurri fjárveiting til aðgerða á vegum í Suðuramtinu. Veginn milli Borgarfjarðar og Stykkishólms vill nefndin láta sinna um sem bezt. Nefndin hefir líka bent á sérstakt plan, að sambandið milli Norðurlands og Suðurlands verði sem greiðast, með því að leiðin sé lögð yfir Borgarnes til Norðurlands. Þetta kemur fram í tillögunni um Borgarnesbrautina og um fjárveitingu til gufubátsferða á Faxaflóa, og hefir þetta vakað fyrir mér síðan eg kom á þing. Þjóðvegurinn frá Akureyri til Reykjavíkur er sjálfsagt þýðingarmesti þjóðvegur landsins; það er t. d. afarnauð-

synlegt að samgöngur við Suðurland séu sem greiðastar, þegar ís er fyrir Norðurlandi, eins og 1869 og 1882, og er þá greiðastur aðgangur að íslausri höfn í Borgarfirði. Þess vegna vill nefndin að þessum vegi sé sem bezt sint, að föng leyfa. Um tillögur nefndarinnar viðvíkjandi vegafénu í Austuramtið, vísa eg til nefndarálitsins.

Eitt er það, sem nefndin tók til athugunar í sambandi við skifting vegafjárins, og það er vinnukrafturinn. Jafnvel þótt nefndin vildi færa saman fjárveitingarnar svo, að meira væri gert í einu á hverjum vegarkafla, hefir þó skifting sú, er hún stingur upp á viðvíkjandi vegafénu í heild, jafnast mjög á milli landsfjórðunga. Það fé, sem fer í hvert amtið til vegagjörðarinnar, er hér um bil þannig: Í Suðuramtið tæpl. 32 þúsundir, í Vesturamtið 35 þús., í Norðuramtið rúml. 30 þús. og 42 þús. í Austuramtið. Nefndin álítur það sérstaklega athugavert, að safna of miklu fólki í vegavinnu í einum landsfjórðungi, vegna kaupafólkseklunnar, sem þá gæti orðið mjög tilfinnanleg um há heyskapartímann. Gæti komið til álita, að stjórnin reyndi að útvega útlenda verkamenn með bærilegum kjörum.

Þá vil eg víkja mér að stærstu br.-till., á þgskj. 318., frá þm. Skagf., í sambandi við breyt.till. á þgskj. 326, frá undirrituðum. Breyt.till. á þgskj. 318 fer fram á, að bæta við 10,000 kr. til flutningabrautarinnar í Skagafjarðarsýslu. Nefndin ræður til að þessi br.-till. verði feld, og vill ekki undir þessum kringumstæðum kveða hvor eigi að ganga fyrir annari, Húnavatnssýsla eða Skagafjarðarsýsla, í þessu efni.

Breyt.till. mín á þgskj. 326 er óviðkomandi fjárlaganefndinni, og mæli eg með henni sem þm. míns kjördæmis. Hún er gerð vegna þess, að ef veitt er fé til byggingar flutningabraut í Norðurlandi, þá á Þingeyjarsýslubrautin að sitja fyrir. Skal eg láta þess getið, að eg hefi hvað eftir annað fengið ákúrur úr mínu kjördæmi, fyrir að hafa ekki sótt þetta mál með kappi. Eg skal líka geta þess, eins og eg hefi tekið fram á fyrri þingum, að ef akbrautir verða lagðar í Norðurlandi, þá á Þingeyjarsýsla að sitja í fyrirrúmi bæði fyrir Skagafjarðar- og Húnavatnssýslu. Í fyrsta lagi yrði mikið léttara að leggja brautina í Þingeyjarsýslu heldur en í Húnavatnssýslu, og svo yrði viðhaldskostnaðurinn langt um minni í Þingeyjarsýslu. Akbrautin fram að Einarsstöðum á að liggja fram Aðalreykjadal og þess vegna á löngum köflum eftir hrauni og melhryggjum, sem hvorutveggja er hið bezta og varanlegasta vegarstæði. Að vísu þarf að byggja tvær brýr, en þær mundu verða tiltölulega ódýrar. Eg get líka sagt með vissu, að Þingeyingar mundu eigi kvarta um að takast á hendur fult viðhald á brautinni á eigin kostnað. Það sem mest mælir með akbrautinni í Þingeyjarsýslu er þó það, að þar er lestakostnaðurinn alt að helmingi dýrari en í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum. Þessi tillaga mín, sem er br.-till. við breyt.till. háttv. 1. þm. Skagf. (O. Br.), er gerð af mér í því skyni, að ef hans tillaga gengur fram, þá fylgi þó Þingeyjarsýsla með. En af því eg hefi ásamt fjárlaganefndinni lagt til, að einungis tvær flutningabrautir væru hafðar undir á næsta fjárhagstímabili, þá mun eg fylgja nefndinni í því, að greiða atkv. á móti aðalbreyt.till., þó mín viðaukatill. skeytist við hana, og þannig greiða atkv. á móti því eina máli, sem mér var falið að fylgja fyrir hönd míns eigin kjördæmis. Að því er snertir breytill. á þgskj. 294, frá háttv. þm. Árn. (Ól. Ól.

og H. Þ.), þá geri eg raunar ráð fyrir, að hún komist ekki að, formsins vegna, við þessa umr.; en fari svo, verður hún auðvitað tekin upp við þriðju umr. Eg skal þess vegna fara nokkrum orðum um hana nú. Þingið og sérstaklega fjárlaganefndin hefir fengið mörg skjöl og margar óskir viðvíkjandi vegum og akbrautum í Árnessýslu. En féð, sem óskað er eftir, nemur eins miklu, eða eiginlega miklu meira en veitt er til allra flutningabrauta á fjárhagstímabilinu. Í þetta skifti sýnist það vera eðlilegt, að meir sé hugsað um önnur héruð en Árnessýslu viðvíkjandi akbrautalagningu. Er von til þess, að Norðurland vilji fá einhvern forsmekk af akbrautum, áður en miklu er bætt við Suðurland, enda má líka taka tillit til þess, að viðhaldskostnaðurinn mundi verða langtum minni á Norðurlandi. Þó nefndin leggi á móti þessu máli, þá er það ekki af því, að hún ekki vilji styrkja rjómabúin. Hún vildi fegin greiða alla vegi rjómabúanna, hvervetna á landinu. En það verður ekki gert alt í einu. Mér skilst heldur ekki að svo mikið liggi á að leggja braut upp í efri sveitir Árnessýslu, eins og af er látið, því hægt væri að koma á föstum vagnferðum að vissum vagnstöðvum á flutningabrautinni sem er; og að flytja smjörið þangað í t. d. 110—120 pd. klyfjum sýnist engum vandkvæðum bundið. Það álítum við Norðlendingar ekki of þungar klyfjar, og þeir hestar, sem ekki geta borið þær, eru ekki taldir bjarglegir. Bezt væri auðvitað að hafa vagna heim á hvert bú, en þegar svona stendur á, dugir ekki að vera óþolinmóður. Reikningurinn, sem lagður var fram viðvíkjandi kostnaði smjörbúa við að flytja á hestum í stað vagna, virðist mér ekki áreiðanlegur eða sennilegur. Þá kem eg að breyt.till. nefndarinnar, um að veitt verði fé til sýsluvegar frá Hafnarfirði til Keflavíkur, 3000 kr. hvort árið. Það sýnist sanngjarnt að styrkja þennan veg, ef sýslunefndin leggur annað eins á móti. Þetta hérað fer líka að mestu á mis við akbrautir og þjóðvegi, og þau héruð, sem svo eru stödd, álítur nefndin eðlilegt að styrkja á þennan hátt, og það einmitt vakti fyrir fjárlaganefnd þeirri, sem fyrst tók upp styrk til sýsluvega. Eg ætla ekki að orðlengja meira um þetta mál, enda býst eg við, ef á það verður ráðist, þá muni aðrir verða til að halda svörum uppi. Þá er breyt.till. á þgskj. 277, um að leggja veg frá Hofsós að Ökrum. Nefndin lítur svo á, að mikil þörf sé á þessum vegi, því umferð austanvatna er afarmikil. Nefndin tekur líka tillit til, að Skagfirðingar hafa lagt mikið í sölurnar fyrir vegi og brúagerðir. Þá er önnur tillaga um tillag til dragferjuhalds á Héraðsvötnunum í Skagafirði. Nefndin álítur, að það eigi að halda áfram með þennan styrk, þangað til brú komist á vötnin. Þá er breyt.till. á þgskj. 290, frá þm. Dal. (B. Bj.), um styrk til sýsluvegar í Dalasýslu, 1000 kr. hvort árið, með því skilyrði, að sýslan leggi annað eins á móti. Nefndin er ekki mótfallin þessari fjárveiting, af því hér er um veg að ræða, sem samtengir landsfjórðunga. En í sambandi við þessar sýsluvega styrkveitingar allar vil eg benda á, að skilningur manna er all mismunandi á skilyrðunum. Sumir skilja þau svo, að verja megi hinu lögákveðna sýsluvegafé til þess að leggja á móti landssjóðsstyrknum, þannig, að lán er fengið upp á sýsluvegasjóðina, og tekjum þeirra svo varið til rentu og afborgunar. En með þessu móti er sama sem

ekkert lagt fram á móti styrknum af héraðanna hálfu, því menn greiða þar sitt lögákveðna hreppavegagjald hvort sem er. Það hefir nú ekki verið meining fjárlaganefndarinnar að veita styrk úr landssjóði eftir þessum skilningi á skilyrðunum, og vil eg skora á þm. þeirra héraða, sem nú fara fram á styrk til sýsluvega, að lýsa yfir skoðun sinni í þessu efni; því nefndin tekur til athugunar skýrari ákvæði um skilyrðin.

Að endingu skal eg minnast á brúna á Jökulsá. Eg álít að það sé siðferðisleg skylda, þar sem hún var samþ. á alþingi í fyrra, að draga héraðsbúa ekki lengur á þessari brú, sem er hreinasta lífsnauðsyn fyrir þá. Það er heldur ekki annað en sómabragð af þinginu, að hjálpa upp á þetta hérað, sem aldrei hefir notið nokkurs styrks úr landssjóði.

Þá kemur að 12. gr. C., og þarf eg þar í raun og veru ekki að tala mikið um gufuskipaferðirnar, því að í nefndarálitinu er gerð allítarleg grein fyrir skoðun nefndarinnar á því máli, og auk þess er þorra deildarmanna það mál vel kunnugt, því að samgöngumálanefndin hefir fjallað um það fult svo mikið sem fjárlaganefndin — og er sú nefnd, eins og kunnugt er, fjölskipuð. — Eg álít því að málið sé vel skýrt fyrir deildinni, en óski einhverjir frekari upplýsinga, þá veit eg að formaður samgöngumálanefndarinnar muni gefa þær; sérstaklega skal eg þar nefna samningana við umboðsmann hins sameinaða gufuskipafélags. Þó skal eg nefna eina breytingu, sem nefndin hefir komið með; hún leggur það til, að varatillaga stjórnarinnar um 80,000 kr. styrk til gufuskipanna, ef ríkisþingið hækki ekki tillagið frá Danmörku, falli burtu; hún álítur tillögu þessa óþarfa, því að það megi telja það hér um bil víst, að fást muni úr ríkissjóði hækkun sú á tillaginu, sem stjórnin mun fara fram á, og þó svo færi, að þetta brygðist, þá getur nefndin með engu móti verið því samþykk, að fara að bæta 30,000 kr. við það, sem nú er greitt úr landssjóði til gufuskipaferða, til þess að fá sömu ferðir sem nú. Að þessu vill nefndin ekki ganga, vill heldur að alt sé þá samningalaust, en hún vonar fastlega að til þess komi ekki.

Þá kem eg að öðrum lið í 12. gr. C., viðvíkjandi gufubátaferðunum. Það er að nokkru leyti eftir tillögum samgöngumálanefndarinnar, að nefndin hefir stungið upp á 4000 kr. hækkun til gufubátsferða um Faxaflóa, og að nokkru leyti gerði hún það til þess að koma í framkvæmd þeirri fyrirætlun, er eg nefndi áðan, að fá sem beinast og greiðast samband á öllum árstímum milli Norðurlands og Suðurlands, og milli Borgarfjarðar og Reykjavíkur. Nefndin vildi ekki stinga upp á hærri upphæð, þótt samgöngumálanefndin hefði farið nokkuru hærra. Eg hefi heyrt að hækkunin mundi velta á 4—6000 kr., til þess að ferðirnar fengjust, og þótti nefndinni réttara, að taka lægri upphæðina, nú á meðan ekki er farið neitt að semja; en fari svo að það reynist nauðsynlegt að leggja fram þúsundinu meira, til þess samningar komist á, þá álítur nefndin, að eigi skuli í það horfa. Það er hægt að laga þetta við 3. umr., ef þarf, eða þá í háttv. Ed., ef samningar verða eigi fullgerðir, þegar málið fer héðan úr deildinni. Á þingskj. 278 er frá samgöngumálanefndinni brt. um gufubátaferðirnar, en eg geymi að tala um hana, þangað til seinna, og sumpart þangað til eg heyri, hvað framsm. þeirrar nefndar hefir að segja um hana. Þá er viðvíkjandi bátaferðunum um

Faxaflóa komin fram brt. á þingskjali 281; hún fer fram á að bætt sé aftan við athugasemd nefndarinnar »og milli Reykjavíkur og venjulegra viðkomustaða í Gullbringusýslu«. Nefndin getur ekki fallist á að taka upp þessa tillögu, því að það gæti orðið til þess, að örðugra yrði að koma á samningunum um ferðir þessar, eða það yrði að minsta kosti til að hækka landssjóðsstyrkinn til þeirra, en nefndin vili ekki veita fé til þess að fjölga viðkomustöðunum suður með sjónum að vetrinum, heldur að eins til Borgarness; henni finst að full sanngjarnt tillit hafi verið tekið til þess svæðis, án þess. Sé suðurkjálkanum mjög ant um að fá vetrarferðirnar, þá sýnist réttast að hann leggi fé fram sjálfur til þeirra. Að öðru leyti er eigi vafi á því, að báturinn muni við og við skreppa suðureftir að vetrinum, ef einhver flutningaþörf reynist þar; hann hefir ekki annað að gera með köflum. Sé annars orðið »venjulegra« tekið burt úr brt., þá sýnist hún ekki óaðgengileg, því að eins og eg sagði, tel eg það líklegt, að báturinn mundi fást til að skreppa við og við suður á einstaka staði, án þess tillagið væri hækkað.

Þá kemur brt. frá háttv. 1. þm.Rangv. (E. P.), um gufubátsferðirnar milli Eyrarbakka og Holtsvara. Háttv. þm. (E. P.) vill hafa athugasemdina þannig orðaða: »Af upphæðinni undir staf. a, má verja 300 kr. til sérstakra gufubátsferða, sem sé að minsta kosti tvær ferðir frá 1. maí til 1. júlí, milli Eyrarbakka, Stokkseyrar, Vestmanneyja, Hallgeirseyjar og Holtsvara«. Nefndin getur ekki haft neitt á móti þessu. Það kemur að vísu fram breyting á tölunúpphæðinni, án þess þó að stungið sé upp á að breyta aðalupphæðinni, og liggur því beinast við að skoða það svo, að háttv. þm. (E. P.) ætlist til, að eigi séu veittar nema 9900 kr. til gufubátsferðanna um Faxaflóa, og þótt beinlínis þyrfti að hækka tillagið um 100 kr. þá er ekki líklegt, að það mundi sæta mikilli mótspyrnu. Eg álít því réttast að samþykkja brt. nú, eins og hún liggur fyrir; það má þá koma með nýja brt. um 100 kr. hækkunina til 3. umr., ef þörf þykir. Röðin á viðkomustöðunum mun vera heppilegri í brt. en hjá nefndinni, og því réttast að aðhyllast hana. Þá kem eg að stærstu brt. við þennan lið, tillögu samgöngumálanefndarinnar, um að koma á gufubátaferðum seinna árið á Breiðafirði og Eyjafirði, og að verja 10000 kr. til Breiðafjarðarbátsins, en 3500 kr. til hins. Fjárlaganefndin var búin að hafa tillögu þessa til athugunar, og hefir hún drepið stuttlega á hana í nefndaráliti sínu, en hún sá sér ekki fært að aðhyllast hana, vegna þess, hve gufuskipaferðirnar eru þegar orðnar afardýrar. Nefndin grenslaðist eftir, hvort þessi tilhögun mundi geta lækkað tillagið til sameinaða gufuskipafélagsins; en oss var svarað því, að fyrst félagið þyrfti hvort sem væri að hafa tvo strandbáta hér við land, þá mundi því ekki verða úthaldið ódýrara, þótt fækkað yrði viðkomustöðum á Breiðafirði, og sama mundi svarið verða um Eyjafjörð. En hugsanlegt væri í framtíðinni að hafa sérstaka gufubáta á Faxaflóa, Breiðafirði, Ísafjarðardjúpi og Eyjafirði, og Eyjafjarðarbáturinn gæti brugðið sér til Skagafjarðar og austur á Skjálfanda, en hafa svo ekki nema einn aðalstrandferðabát í stað tveggja nú. Á þann veg gæti það borgað sig, að hafa þessa mörgu sérstöku innfjarðabáta. Það er þess vert að rannsaka alt þetta mál vel og vandlega fyrir næsta þing; á þessu þingi er ekki tími eða tök til þess, og því verður nefndin að leggja á móti tillögunni, þótt

hún játi, að það mundi gera ferðirnar kring um land greiðari, ef strandferðabáturinn losaðist að mestu við viðkomustaðina á Breiðafirði, þyrfti meðal annars ekki að fara inn á Hvammsfjörð.

Brt. á þingskj. 337 liggur eiginlega ekki fyrir nú, og er mér illa við að hún sé tekin til atkvæða að þessu sinni, ætla eg því að ganga alveg fram hjá henni.

Það eru komnar fram brt. viðvíkjandi vitunum, bæði frá nefndinni og einstökum þm. Fyrst skal eg minnast á tillögu nefndarinnar um vitabygging á Skipaskaga. Nefndin fekk áskoranir viðvíkjandi vitabyggingu þessari, og henni virtist málið svo ljóst, að eigi þyrfti að hika við þessa vitabyggingu.

Eins og kunnugt er, hafa vitar verið bygðir við Faxaflóa sunnanverðan, til að vísa skipum leið inn flóann, og má telja að þar sé þegar allvel séð fyrir vitum; en þá vantar leiðbeiningarvita að norðanverðu, og er Skipaskagi eflaust hentugasti staðurinn þar, bæði til að vísa skipum leið til Reykjavíkur og Akraness, enda hefir þar verið sett ljósker, en það er ekki fullnægjandi.

Eftir áliti skipstjóra, og miðað við stærð vitanna að sunnanverðu, má ætla að 3000 kr. mundu nægja til byggingarinnar fyrir utan grunn undir vitann. Nefndin hefir fallist á að veita fé þetta, þótt hún sé að öðru leyti rög að mæla fram með vitabyggingum að svo stöddu; hér þóttist hún svo viss um, að heppilegur staður væri valinn, og kostnaðaráætlunin nærri lagi, að eigi væri ástæða til að fresta þessari byggingu; og þótt það hefði átt að vera áminning fyrir hana að fara varlega, að vitinn á Elliðaey var settur þar sem hver heilvita maður gat séð að hann átti ekki að vera, þá var hún eigi hikandi hér, henni virtist málið svo vafalaust. En eg vil leggja áherzlu á það, og undirstrika það, að vér þurfum að fá samanhangandi vitaáætlun, áður en farið er fyrir alvöru að snúast við vitabyggingum hér á landi.

Hér sé eg að liggur fyrir tillaga um að hækka úr 75 kr. upp í 100 kr. viðhaldskostnað vitans á Gerðatanga. Þetta hefir ekki legið fyrir nefndinni, og ekki hefir heldur verið snúið sér til stjórnarinnar með það, og getur nefndin því ekki sint því að svo stöddu.

En svo er önnur stærri brt. viðvíkjandi vitunum á þingskj. 283; þar er farið fram á allmiklar fjárveitingar til vitabygginga á tveim stöðum: Vestmanneyjum og Öndverðarnesi. Eg þarf hér ekki annað en skírskota til þess, sem eg sagði áðan og til nefndarálitsins, þar sem kvartað er yfir, að það vanti áætlun um vitabyggingar. Nefndin getur því ekki lagt annað til, en að vitabyggingar þessar séu látnar bíða, þangað til búið er að rannsaka málið alt af vitafróðum manni. Að vísu á eg eftir að heyra framsögu háttv. flutnm., því að málið hefir ekki verið lagt fyrir þingið fyr, né heldur nokkur skilríki fyrir því, hvar vitar þessir mundu heppilegast settir, né hvað það mundi kosta að byggja þá. En eg get þó varla búist við, að upplýsingar háttv. flutnm. geti verið þannig, að þær muni breyta skoðun nefndarinnar.

Eg hefi talað svo lengi, að býst eg við að háttv. þingdm. þyki tími til kominn að eg hætti, svo að þeim gefist kostur á að fara að gera grein fyrir tillögum sínum.

Landshöfðingi: Eg skal leyfa mér að gera fáeinar athugasemdir við þennan kafla fjárlaganna. Hv. framsm. (P. J.) hefir rakið svo ítarlega brt. hv. nefndar, og einstakra þgdm., að eigi gerist þörf að fara frekar út í það mál. Eg hefi ekkert sérlegt að athuga við-

víkjandi breytingunum á útgjöldunum til póststjórnarinnar. Eg verð að ætla að póstmeistarinn geti hér um bil jafnvel fengið þann vinnukraft, sem hann þarfnast í viðbót, fyrir 800 kr. eins og fyrir 1000 kr. Eg hafði ætlað, að hægt mundi að geyma póstkoffortin í gamla leikfimishúsi barnaskólans, en póstmeistarinn kveður það eigi vera, og hv. nefnd hefir fallist á að veita 300 kr. til að byggja fyrir skúr fyrir póstkoffortin.

Að því er akbrautirnar snertir, er eg samþykkur hv. nefnd, að rétt sé að taka heldur fáar brautir fyrir í senn og vinna meira að hverri, heldur en að búta fé niður í marga staði; sömuleiðis tel eg það vel ráðið, fyrst nefndin komst að þeirri niðurstöðu að taka ekki fyrir nema tvær brautir á fjárhagstímabilinu, að velja einmitt til þess brautina um Fagradal og brautina upp Borgarfjörðinn. Eg hefi ekki heldur neitt sérlegt að athuga viðvíkjandi till. hv. nefndar um þjóðvegina; reyndar finst mér óþarfi að vera að hækka tillagið til þjóðveganna úr 68000 kr. upp í 70000 kr., en þetta munar svo litlu, að það tekur því ekki að vekja stælur út af því.

Aftur er eg ekki með því, að veitt sé fé til vegagerðar frá Hafnarfirði til Keflavíkur; eg sé enga þörf á dýrri vegalagningu þar; vegur þessi er ekki nærri því eins fjölfarinn nú eins og þegar skreiðarferðirnar voru í blóma. Auk þess er »Reykjavíkin« á ferðinni um þetta svæði fram og aftur mikinn hluta ársins, og kemur þar við á mörgum stöðum.

Mér heyrðist hv. framsm. (P. J.) ganga út frá því sem sjálfsögðu, að jafnmikið fé mundi verða lagt til vegarins annarstaðar frá, án þess að skerða sýsluvegagjaldið. Reynsla mín er alveg gagnstæð þessu. Þegar slíkt skilyrði hefir verið sett sem hér, þá er venjulega hlaupið í landssjóð og beðið um lán, stundum um alt upp að 28 ára tíma, og lán þetta svo notað til að borga þann hluta, sem sýslan hefir átt að leggja til vegarins; en sýslunefndin hefir svo notað sýsluvegaféð árlega til að afborga lánið með. Eg trúi því ekki fyr en eg sé, að Gullbringusýslubúar leggi fram frá sjálfum sér 3000 kr. á ári til þessa vegar. Eg vona það, að skiftingin á Gullbringu- og Kjósarsýslu gangi fram; að öðrum kosti hefði það verið mjög ósanngjarnt, að Kjósarsýslubúar borguðu veg úr Hafnarfirði suður í Keflavík. Fyrir fám árum var héraði þessu veittur 10000 kr. styrkur; það var orðað svo, að það væri til jarðræktar, en var í raun réttri ekki annað en fátækrastyrkur; fé þetta var etið upp og mun óhætt að segja, að þess sjái ekki stað, nema nokkuð þó í Bessastaðahreppi; mér er ekki kunnugt um að hagur sýslu þessarar hafi batnað svo stórum síðan þetta, að hún sé fær um að leggja á sig stór árleg aukaútgjöld.

Þá skal eg minnast á brúargerðina á Jökulsá í Axarfirði; það hefir þegar verið ákveðið með lögum að byggja brú á á þessa, hve nær sem landssjóður sjái sér fært, og er það sjálfsagt svo að skilja, að þessi brúargerð eigi að ganga fyrir öðrum brúargerðum en brúargerðinni á Lagarfljóti, en þar mun nú svo komið málum, að eigi verður séð fyrir, hve nær sú brú verður fullgerð.

Af því að landssjóður verður nú á næsta tímabili fyrir svo feiknamiklum gjöldum, bæði til útrýmingar fjárkláðans, skólahúsabygginga og annars, þá sýnist svo sem réttast hefði verið að láta brúargerðina á Jökulsá bíða að þessu sinni. Því fremur er ástæða til þessa, sem brúin verður á afskektum

stað, og grunur minn er sá, þótt eg sé ekki vel kunnugur þar um slóðir, að hún sé ekki svo afarnauðsynleg, að nokkurt verulegt tjón gæti leitt af þessari tveggja ára bið. En eg tel það sjálfsagt, að málið muni héraðsbúum mikið áhugamál, og að það muni verða pínt fram á þinginu, hvað sem eg legg til þess.

Eg get skrifað undir flest það, sem hv. framsm. (P. J.) sagði um gufuskipaferðirnar.

Eitt af skilyrðunum, sem hv. nefnd setur fyrir fjárveitingunni til gufuskipaferðanna, þykir mér nokkuð kynlegt; það er ívilnunin á fargjaldi fyrir 25 íslenzka stúdenta milli Íslands og Kaupmannahafnar. Eg álít það sé miklu réttara fyrir stúdenta þessa, að sitja kyrrir út í Danmörku sumartímann og lesa þar fræðigreinar sínar, heldur en að vera að ferðast heim til Íslands, og sleppa öllum þeim tíma, sem til þess gengur, frá námi sínu. Að vísu gengur ívilnun þessi ekki út yfir landssjóð beinlínis, og að því leyti stendur fjárhagslega á sama, hvort hún stendur eða eigi, því að eg geri ráð fyrir að umboðsmaður gufuskipafélagsins hafi gengið inn á hana.

Um vitana er eg samþykkur hv. fjárlaganefnd, að nauðsyn er á að fá yfirlit yfir alla nauðsynlegustu vita, er landið þarfnast, enda hefir þetta vakað lengi fyrir stjórninni. Hefir hún tekið þá ákvörðun, að setja nefnd manna til að rannsaka vitamál landsins, og var það mál svo langt komið í fyrra, að búið var að taka til mennina, en svo datt það niður og verður það því eitt hið fyrsta hlutverk hinnar nýju stjórnar að skipa þessa nefnd, og þá fyrst getur komið til mála að veita fé til vitabygginga, er maður veit, hvar vitarnir eiga að vera, hvernig og hve stórir þeir eiga að vera. Fyr virðist mér ekki rétt að veita fé til þeirra.

Björn Kristjánsson: Eg ætla að minnast nokkuð á brt. þær, sem eg er viðriðinn; fyrst brt. á þgskj. 283 um vitana. Okkur fim. kom saman um að það væri leiðinlegt, að fjárlögin færu svo frá þinginu, að ekki væri veitt neitt til vita. Við töluðum í fiskiveiðanefndinni um vitana, og álitum nauðsynlegt, að áætla eitthvað til þeirra á fjárlögunum. Nefndin hefir nú látið í ljósi, að hún vildi ekki að fé væri veitt til vita, af því ekkert vitaplan væri fyrir hendi, og fundið að þessari uppástungu okkar, og í sama streng tók hæstv. landsh., og með því er sagt, að það sem við byggjum tillögur okkar á, sé út í loftið. En þeirri ákúru hefði nefndin átt að beina til stjórnarinnar sjálfrar, en ekki okkar. Það fer fjarri því, að tillögur okkar séu út í loftið. Við höfum talað við póstkaptein Aasberg, og hefir hann látið okkur í té upplýsingar um hvar vitarnir ættu að vera og hve stórir þeir þyrftu að vera; og hefir hann stungið upp á, að þeir verði settir í Vestmanneyjum og á Öndverðanesi, og að stærð þeirra sé nákvæmlega sú sama, sem stærð vitans á Garðskaga; stærri vitar séu ónauðsynlegir. Og allir vita hvað sá viti kostaði, 8000 kr. Og þó að plan yrði lagt fyrir vita kringum alt land, þá er fráleitt að þessum stöðum yrði slept, því það mundi verða farið eftir tillögum póstkapteinanna.

Vitar hafa mikla þýðingu fyrir allar stéttir manna í landinu. Þeir hafa áhrif á vöruflutningana. Ábyrgðargjald af seglskipum, sem til Íslands flytja vörur, er 10% um árið, og er það óbærilegt gjald, sem þannig kemur niður á þjóðina í heild sinni.

En það kemur af því, að það er á-

litin svo mikil hætta, að senda skip hingað sökum vitaleysis. Þá þarfnast ekki síður sjávarútvegurinn vitanna, því meðan vitana vantar, er líf sjómanna í hættu. Til Vestmanneyja sækja margir sjómenn á vetrum, því þar er oft afli. En meðan vitann vantar, þá geta menn ekki sótt hann nema þegar sem bezt er og blíðast, seinni part vetrar; þeir þora það ekki, þó þeir hafi góð skip. Það er ekki lítill afli, sem gæti fengist við það, að hægt væri að veiða einum mánuði lengur að vetrinum til, og það væri einnig tekjugrein fyrir landssjóð. Vitinn á Öndverðarnesi hefir minni þýðingu fyrir sjávarútveginn, en mjög mikla þýðingu fyrir póstskipin. Væri viti á Öndverðarnesi mætti bæta úr samgönguleysi því, sem nú er við Stykkishólm á vetrum. Upphæðin, sem farið er fram á, er ekki stór — 8000 kr. til hvors vitans. — Eg geri ráð fyrir að vitarnir yrðu tilbúnir fyrir 1. okt. næsta ár, og reiknast kostnaðurinn við að reka þá, frá þeim tíma.

Eg vona, að h. deild samþykki þessa breyt.till.; það er engin ástæða til að segja, að málið sé ekki undirbúið, þegar menn vita, hvar vitarnir eiga að vera, og hvað þeir kosta.

Nefndin hefir ekki getað fallist á breyt.till. mína á þskj. 281, eins og hún er löguð, en einn nefndarmaður hefir sagt mér, að nefndin gæti tekið hana til greina með dálítilli breytingu, og má þá gera það við 3. umr.

Að því er snertir breyt.till. á þskj. 279, um að styrkur til vörðuvitans á Gerðatanga verði hækkaður úr 75 kr. upp í 100 kr., þá er upphæðarmunurinn svo lítill, að eg vona, að háttv. deild geti fallist á hann.

Hermann Jónasson: Eg lét það í ljósi í nefndinni, að eg gæti ekki orðið henni samferða í öllum atriðum, og skal eg stuttlega gera grein fyrir því. — Er það þá fyrst, að eg get ekki séð að það sé hagkvæmt, að leggja eins mikið fé til akvega og gert er ráð fyrir í stjórnarfrumv. og nefndarálitinu.— Síðan 1896 hefir verið varið til akvega 254,000 kr., og leiðin er þó ekki meiri en tæpar 19 mílur. Eg veit það vel, að vegir eru nauðsynlegir, en eg sé ekki, að ávextirnir af akvegum þeim, sem lagðir hafa verið, séu svo miklir, að svo mikið fé beri að veita til þeirra, et litið er til nauðsynjar á öðrum umbótum. Eg viðurkenni, að akvegurinn frá Borgarnesi er mjög nauðsynlegur, og hvað akbrautina á Fagradal snertir, þá játa eg líka, að hún muni á sínum tíma hafa mjög mikla þýðingu, en hún kostar um 70—80 þúsund krónur, og þegar þess er gætt, að hún hlýtur að hafa í för með sér hnignun á Seyðisfirði, og að setja verður upp vörugeymsluhús bæði við Reyðarfjarðarbotn og í Héraði, eða öllu heldur setja upp verzlun þar, og enn fremur óumflýjanlegt að setja gufuferju á Lagarfljót, þá er það ekki lítill kostnaður, sem þetta hefir í för með sér. — Og þótt hér sé um stórt framfarafyrirtæki að ræða, þá er efasamt, hvort rétt sé að leggja strax út í þenna mikla kostnað. — Hér er ekki enn búið að fá neina reynslu um mótorvagna, og það mun ekki vera neinum hér í deildinni ljóst, hvernig vegir þurfa að vera fyrir þá vagna, að því er snertir ofaníburð, halla o. fl. Og þegar þess er enn fremur gætt, að það eru 5 mílur danskar, er verður að flytja vörurnar, og að akbrautin gerir ekki gagn fyr en þessar 5 mílur eru fullgerðar, og að það hins vegar er afar-kostnaðarsamt, þungt og erfitt, að keyra svo langan veg með hestum, þá virðist mér efasamt, hvort

ekki væri rétt að fresta þessum kostnaði, þangað til út séð er um, hvort ekki ætti að gera vegina svo, að þeir yrðu fyrir mótorvagna eða önnur flutningafæri, sem væru hagkvæmari en hestkrafturinn.

Á þessu fjárhagstímabili eru ætlaðar 64,000 krónur til flutningabrauta, eftir frumv. stjórnarinnar og tillögum fjárlaganefndar. En á breyt.till. frá einstökum þingmönnum er beðið um 34,000 krónur til þeirra að auki, og enn hefi eg heyrt að væri von á breyt.till. upp á 10—20 þús. kr.

Eg hefi haldið því fram, að þjóðvegirnir ættu að sitja fyrir akvegum, og að vér mættum ekki verja stórfé til vega, bæði vegna fátæktar, og hins vegar vegna þess, að vér megum ekki missa mjög mikinn vinnukraft til vegalagningarinnar. Vér vitum hvernig fólkið streymir úr sveitunum til sjávarins, það er orðið lítt mögulegt að fá fólk til heyskapar. Fyrir þann vinnukraft, sem gengi til vinnu að þessum akvegum, sem óskað er eftir á næsta fjárhagstímabili, mætti afla sér að minsta kosti 60—70 þúsund hesta heys, og er því athugandi, hvort þessir 60—70 þús. hestar eru ekki, ef harður vetur kemur, betri en nokkrar mílur akvega undir gaddi. Þó akvegir séu víða hagkvæmir, þá er margt annað nauðsynlegt, og sem meira liggur á.

Annað atriði, sem eg verð að vera á móti háttv. meðnefndarmönnum um, er vegurinn frá Hafnarfirði til Keflavíkur. — Eg er sammála hæstv. landsh. um, að minni nauðsyn er á þeim vegi nú, þegar skipaferðir eru svo góðar, og hins vegar eru þessar 6 þúsund krónur að eins lítill partur af því fé, sem þyrfti til að leggja veginn, og því mundi á næsta fjárhagstímabili verða farið fram á fjárveitingu í viðbót.

Eg er líka á móti því, að leggja fé úr landssjóði til sýsluvega meðan þjóðvegirnir eru eins slæmir og þeir eru. — Samkvæmt lögum 13. apríl 1894 er landssjóður skyldur til að sjá um þjóðvegina, og á meðan hann hefir ekki fullnægt þeirri skyldu, á hann ekki að leggja fé til sýsluvega. Eg játa, að það væri mikil bót í máli, ef sýslusjóður legði fram til vegarins jafnmikið fé og landssjóður, en hér er ekki um það að ræða, því féð yrði tekið úr sýsluvegasjóði; sýslurnar legðu því ekkert fé til, þó það liti svo út, og þetta yrði bein gjöf til þeirra. Þess vegna er eg mótfallinn fjárveitingunni til vegarins frá Hafnarfirði til Keflavíkur, og öðrum breytingartill., er ganga í líka átt. — Það væri annað mál, ef búið væri að setja í lög, að ekki væri hægt að verja sýsluvegagjaldinu til þessa, heldur yrðu sýslurnar að leggja á sig ný útgjöld til framkvæmdanna, en slíkt liggur ekki fyrir hér.

Þá skal eg drepa á breyt.till. á þskj. 274 um styrkinn til dragferjuhalds á Héraðsvötnum í Skagafirði. Eg játa, að eins og þetta hérað hefir lagt mikið á sig til brúagerða, þá er það vel að þessu komið. En verði þetta fé veitt, er opnuð með því stífla, sem erfitt verður að hlaða upp í aftur. Hér er aðallega um ferju á sýsluvegi að ræða, og ef farið er að leggja fé til sýsluferja, þá má telja víst, að bráðlega yrði farið fram á, að landssjóður kostaði allar ferjur á þjóðvegum. Og þegar þess er gætt, að t. d. við Jökulsá í Axarfirði greiðir hver ferðamaður, sem er einn á ferð, 8 kr. í ferjutoll á þjóðveginum frá Reykjahlíð til Hólsfjalla, þá má nærri geta, að slík beiðni kæmi fram, og hlyti þingið að sinna slíkri beiðni, ef það hefði áður bundið sér þann bagga, að greiða ferjutolla á sýsluvegi. —

Og auðsætt er einnig, að allir sýsluvegir ættu að vera jafn réttháir í þessu efni.

Af nefndum ástæðum hlýt eg því að vera á móti þessu, af því eg óttast svo mjög afleiðingarnar.

Breyt.till. á þskj. 278 finst mér erfiðar viðfangs; skal eg minnast á staflið 3. c., þar sem farið er fram á, að veita 10,000 kr. til gutubátsferða um Breiðaflóa, seinna árið.

Þegar litið er á flutningaþörf þá, sem er á Breiðafirði, þá nær það engri átt, að strandferðabátarnir komi þar svo víða, og auk þess gangi þar sérstakur bátur og mótorbátar.

En árið 1901 kom fram sterkur vilji í þá átt, að breyta til um ferðir Skálholts, svo það gæti gengið fljótar, og hitt Hóla í hverri ferð á Akureyri, og að hægt væri, að losa farþega við þann kostnað, að flækjast inn á Hvammsfjörð og fleiri hafnir við Breiðaflóa. — Þess vegna var komið fram með það, að setja sérstakan gufubát á Breiðaflóa, en af framkvæmdunum hefir ekki orðið, og eg álít því þýðingarlaust að veita fé til fyrra ársins, en seinna árið er það því miður nauðsynlegt, ef hugsað er til að koma á hagfeldari strandferðum á þinginu 1905.

Ef búið hefði verið nú að koma þessu í framkvæmd, þá hefði mátt fá breytingu á ferðum Skálholts, þegar samið var við gufuskipafélagið. Og þó eg álíti þessa fjárveitingu í sjálfu sér óþarfa, hvað flutningsþörfina snertir árið 1905, eða meðan hin nýsamda ferðaáætlun strandbátanna gildir, þá getur hún haft svo mikla þýðingu fyrir tilhögun á strandferðum, þegar næsta þing kemur saman, að ekki sé horfandi í hana.

Ólafur Briem: Eg ætla lítillega að minnast á brt. á þingskj. 318, viðvíkjandi flutningabrautinni í Skagafirði. Í frumv. stjórnarinnar voru áætlaðar 10 þús. kr. í þessu skyni, og kemur það heim við það, sem er almenn ósk í því kjördæmi og okkur þingm. þess var falið á hendur að styðja að eftir megni, að minsta kosti að sjá svo til, að byrjað yrði á að leggja þessa lögákveðnu flutningabraut. Það eru nú 8 ár síðan að byrjað var á að leggja flutningabrautir á landinu, og til þeirra hefir verið varið nálægt 250 þús. kr. Eg ímynda mér að allir hljóti að viðurkenna, að það sé ekkert undarlegt, þótt Skagfirðingar vilji nú fara að verða einhvers aðnjótandi af þessu fé, þar sem ákveðið er með lögum 13. apríl 1894, að landssjóður kosti slíka vegi. Ræða háttv. 1. þm. Húnv. (H. J.) gekk einkum út á það, að landssjóður ætti ekki að kosta fé til flutningabrauta, en með því það er skylda hans eftir gildandi lögum, getur það ekki komið til mála, að hætta við að veita fé til þeirra, nema því að eins að lögunum væri breytt.

Framsögumaður fjárlaganefndarinnar (P. J.) talaði að vísu líðlega um þetta mál, en lagði áherzlu á það, að þó byrjað væri á einhverjum spotta, þá kæmi það ekki að fullum notum, og því væri haganlegast að byrja ekki á nýrri flutningabraut fyr en hægt væri að fullgera hana á skömmum tíma. Eg játa það, að þetta á sér stað mjög víða, en eg held því fram, að í þessu tilliti stendur alveg sérstaklega á í Skagafirði; þó lítill partur vegar yrði lagður þar, þá kæmi hann að fullum notum, því að næst kauptúninu Sauðárkrók, þar sem að sjálfsögðu yrði byrjað að leggja brautina, hagar bygðinni svo, að þar er þéttbýlt og allar götur liggja saman, bæði framan úr sveitinni og handan yfir Vötn; og geta

má þess, að menn vestan úr Svartárdal í Húnavatnssýslu sækja verzlun á Sauðárkrók, og eiga því leið þar um. Eg skal að vísu játa það, að flutningabrautir koma ekki að fylstu notum, fyr en hægt er að láta vagna ganga eftir þeim, sem flytja vörur fyrir menn; en það hlýtur að hafa nokkurn aðdraganda, að almenningur komist upp á að nota brautirnar sem vagnvegi, enda er óneitanlega mikið gagn að því að geta notað þær sem reiðveg og lestaveg. Eg hygg að það hljóti svo til að ganga víðast, að það þurfi að líða nokkur ár þangað til menn fara að nota brautirnar aðallega til vagnferða, en þá þyrfti jafnframt að komast á það fyrirkomulag, að akstur yrði sérstök atvinnugrein, svo að bændur gætu fengið keyptan flutning á vörum sínum, og einmitt í Skagafirði er líkt háttað fyrirkomulag á vetrum, þegar ísalög eru og sleðafæri. Einstakir menn flytja þá á sleðum vörur úr kaupstaðnum fram í sveitina svo langt sem akfæri gefst, en sveitamenn sækja svo vörurnar miklu styttri leið en til kaupstaðarins. Þetta er hið eðlilegasta og hagkvæmasta fyrirkomulag með alla aðflutninga, því að eins og flestir munu kannast við, þá eru vöruflutningarnir og lestaferðirnar eitt með því óskemtilegasta og erfiðasta í íslenzkum sveitabúskap. Þó að sú ástæða fjárlaganefndarinnar, að ekki sé rétt að byrja á nýrri flutningabraut fyr en hægt sé að fullgera hana innan skamms, sé ef til vill á gildum rökum bygð, að því er sumar brautir snertir, t. d. brautina yfir Fagradal, þá á hún alls ekki við flutningabraut í Skagafirði, eins og eg hefi þegar sýnt fram á, og vona eg að allir verði að viðurkenna, að krafan um fjárveiting til hennar sé bygð á brýnni þörf og styðjist við sanngirni og réttlæti.

Brt. undir 1. tölulið á þingskj. 274 gengur út á það, að lagt sé til sýsluvegarins frá Hofsós að Okrum 1000 kr. hvort árið, gegn því að sýslufélagið leggi jafn mikið fé til vegarins. Í þessu sambandi skal eg geta þess, að einmitt vegna þess, að landssjóður hefir enn eigi fullnægt skyldu sinni, að leggja fé til hinnar lögákveðnu flutningabrautar í Skagafirði vestan Vatna, þá hefir sýslunefndin neyðst til þess að leggja mikinn hluta af hinu árlega sýsluvegagjaldi í þann veg. Afleiðingin af því, hefir orðið sú, að allir aðrir vegir í sýslunni hafa verið vanræktir um mörg ár að undanförnu, og þar á meðal vegurinn frá Hofsós að Ökrum. En með því það dugir ekki lengur að fresta aðgerð á honum, sá sýslunefndin á fundi sínum í vetur ekki annað ráð vænna, til þess að reyna að fá veginn bættan, en að leita á náðir landssjóðs, og sýslunefndin gerði sér því betri von um þetta, af því að landssjóður hefir að undanförnu lagt allmikið fé, samtals 21,400 kr., til sýsluvega, þar af 19 þús. kr. gegn því að sýslufélögin legðu þriðjung á móti. Má þar til nefna Strandasýslu, Snæfellsnessýslu, Austur-Skaptafellssýslu, Ísafjarðarsýslu og Norður-Múlasýslu. Þessar sýslur hafa á yfirstandandi og tveim næst undangengnum fjárhagstímabilum, fengið veitt úr landssjóði 19 þús. kr. til sýsluvega, og hafa að eins lagt þriðjung á móts við landssjóð, en hér er farið fram á að Skagafjarðarsýsla leggi helming fjárins fram. Þessi sýsla býður því meira framlag en aðrar sýslur hafa gert, og því gerir hún sér betri vonir um að fá þenna styrk. Fjárlaganefndin hefir líka tekið þessu máli greiðlega, svo að eg vona að það fái góðan byr í deildinni.

Viðvíkjandi næsta málsliðnum á þgskj. 274, um 300 kr. árlegan styrk til dragferjuhalds á Vesturós Héraðsvatna, þá skal eg geta þess, að fyrir nokkrum

árum var sótt til þingsins um styrk til brúargerðar á Vesturvötnin, en þingið vildi ekki veita hann, og með því sýslufélagið gat ekki af eigin rammeik komið brúnni á, varð það að sætta sig við dragferju þá, sem komið var á fyrir nokkrum árum með styrk úr landssjóði. En við dragferjuhaldið er allmikill árlegur kostnaður. Og því var sótt til þingsins 1901 að leggja árlega alt að 800 kr. til dragferjuhaldsins. Þessi beiðni var tekin til greina á þann hátt, að í fjárlögunum fyrir árin 1902 og 1903 var veitt í þessu skyni 300 kr. á ári. Þessa fjárveiting skildi sýslunefndin, eins og beint lá við, þannig, að þetta yrði áframhaldandi árlegur styrkur. Ef þetta fengist ekki, þá mundu það verða æði mikil vonbrigði fyrir sýsluneíndina, en eg treysti því, að það komi ekki til þess, heldur taki þingið þessa sanngjörnu beiðni til greina, og veiti þennan styrk.

Þá er að minnast á þriðju viðaukatillöguna á þingskj. 274, þar sem farið er fram á 400 kr. styrk fyrra árið til kláfdráttar á Jökulsá hinni eystri í Skagafirði. Háttv. framsm. (P. J.) sagði að hér væri um svo lítið fé að ræða, að sýslan ætti að geta kostað það sjálf, en hér stendur svo á, að hér er ekki um sýsluveg að ræða, og heldur ekki um hreppsveg, svo að hvorki sýslunefnd eða hreppsnefnd ber skylda til að kosta kláfdráttinn. En samt sem áður er hann algerlega nauðsynlegur fyrir þá örfáu bæi, sem liggja í Austurdal. Þar hagar svo til, að á tvo vegi, austan og sunnan, liggja fjöll og firnindi, Jökulsá að vestan og Merkigil að norðan. Eftir Merkigili rennur straumhörð á, sem er alófær langa tíma í leysingum á vorin. Um Jökulsá er það að segja, að hún hefir nýlega breytt farvegi sínum þannig, að hún er með öllu óreið, þótt áin sé í minsta vexti. Það er því sýnilegt, að hér er um geysi mikla torfæru að ræða. Þó 400 kr. sé ekki mjög há upphæð, er hún þó tilfinnanleg fyrir þá tvo menn, sem hér eiga aðallega hlut að máli, í viðbót við annan kostnað, sem þeir þurfa að hafa við kláfdráttinn. En af því þessi upphæð er ekki hærri en þetta, því minna munar landssjóðinn um að veita hana í eitt skifti fyrir öll. Það er einnig á það að líta, að það getur hvergi verið neitt líkt ástatt eins og um þessa örfáu bæi í Austurdal í Skagafirði. Ur þeirri sveit liggur í leysingum á vorin enginn fær vegur til mannabygða, nema kláfdráttur komist á Jökulsá, því að öðrum kosti er hún alveg ófær nema fuglinum fljúgandi. Og eins og eg hefi áður tekið fram, er á eina hliðina ófært hamragil og á aðra vegu fjöll og jöklar, svo að þeir sem þarna búa, eru með öllu útilokaðir frá umheiminum. Kirkja er þar á Ábæ, en sóknarpresturinn getur ekki komist þangað og læknir auðvitað ekki heldur, þótt líf lægi við. Það hljóta því allir að sjá, að hér er um bygðarlag að ræða, sem stendur mjög illa að vígi að því er samgöngur snertir, og að öll sanngirni mælir með því, að þeim, sem hér eiga hlut að máli, verði veittur sá litli styrkur, sem þeir hafa sótt um.

Árni Jónsson: Eg ætlaði að minnast á einn af útkjálkum þessa lands, og segja nokkur orð viðvíkjandi mínu kjördæmi, Norður-Þingeyjarsýslu. Svo sem kunnugt er, eru þeir, sem þar búa, norður við Íshaf, og eiga við margt að stríða, vegalengdir, torfærur, heiðar og fjöll og alls kyns erfiðleika, en þó er þar einn óvættur, sem er öllu þessu ægilegri, sem þeir treystast ekki til að glíma við af eigin rammleik, og það er Jökulsá í Axarfirði. Þeir glöddust yfir því í fyrra, þegar þingið varð á einu

máli um það, að það væri nauðsynlegt að yfirstiga þessa torfæru, og samþykti því lög um, að leggja skyldi brú á Jökulsá. En í þessi lög var settur sá hanki í Ed., að brúin yrði þá fyrst bygð, »þegar fé væri veitt til hennar á fjárlögunum«. Þeir væntu því þess, að stjórnin mundi taka þessa fjárveiting upp á fjárlagafrumvarp það, sem lagt yrði fyrir þetta þing, en sú von brást. Að vísu var það, að upphæðin var mikil, 50,000 kr., en eg álít nú samt, að það hefði átt að setja þessa fjárveiting á fjárlögin, fyrst búið var að samþykkja lög um þetta efni. Það hefir verið haft fyrir ástæðu á móti þessu máli, að hér væri ekki um þjóðveg að ræða, þar sem brúin ætti að vera, en eg get ekki talið það gilda ástæðu. Þótt þessi vegur sé að vísu ekki í vegalögunum, þá er það af því að póstur fer um fjöll, en ekki um sveitir, og ef á að beita því sem ástæðu gegn þessu nauðsynjamáli, þá væri Þingeyingum skylt að halda því fram, að þjóðvegurinn lægi þar, eins og annarstaðar, um sveitir og bygð, en ekki um óbygðir, fjöll og firnindi.

Eg skal játa það, að féð, sem lögin ákveða til brúargerðarinnar, er mikið, 50 þús. kr.; en slíku fé er ekki á glæ kastað, þegar ræða er um eins gagnlegt og gott fyrirtæki sem brúna á Jökulsá. Eftir því sem nú áhorfist, er ekki líklegt að fjárhagur landsins rétti mikið við um næstu ár, en nú sem stendur vona eg þó, að hann sé ekki svo slæmur, að ekki sé hægt að veita þetta fé. Það hefir oftar en einu sinni komið fram, undir umræðunum á þessu þingi, samanburður á því, hvað þetta eða hitt héraðið hafi notið mikils góðs af fé úr landssjóði. Er mér því væntanlega leyfilegt að sýna fram á, að svo hefir ekki verið um Norður-Þingeyjarsýslu.

Þangað koma aldrei gufuskipin, sem fara á milli landa, að eins strandbátarnir.

Enginn er þar læknir, og þótt læknishérað hafi verið stofnað þar að lögum, þá lítur helzt út fyrir, að enginn vilji þar vera. Og hafa þeir því orðið að fara á mis við þá hjálp og þau gæði, sem læknalögin veita.

Ekkert hefir verið lagt þar til vegabóta, nema nokkur hundruð kr. til þess að skoða brúarstæðið á Jökulsá. Enginn er þar sýslumaður, því hann er búsettur í Suðursýslunni. Yfir höfuð má segja, að af fé úr landssjóði hafi sama sem ekkert gengið til þessarar sýslu. Það eru því, hvað þetta snertir, allar ástæður sem mæla með því, að Norður-Þingeyingar fái þessa ósk sína uppfylta, því þeir hafa ekki kvabbað á landssjóðinn með annað en þetta, og munu heldur ekki gera það fyrst um sinn aftur. Það er tilfinnanlegt fyrir héraðsbúa, ef þeir fá ekki það sem þeim er tilskilið að lögum, og sem er jafn rétthátt og nauðsynlegt og þetta mál er. Eg vona að hin háttv. deild sé hér á sama máli, en mér þótti leiðinlegt það sem hæstv. landshöfðingi sagði, að þetta yrði líklega »pínt í gegn«. Eg vissi nú ekki vel, hvernig eg átti að skilja þau orð; en ef það hefir verið meiningin, að það yrði »agiterað« svo fyrir málinu, þá lýsi eg yfir því, að það er ekki rétt skoðun, og vitna eg til deildarmanna sjálfra í því efni. Eg mun ekki agitera fyrir þessu máli, enda álít eg að það sé í sjálfu sér svo gott, að það mæli bezt með sér sjálft. Eg ber það fram með sömu alvöru og ástæðum sem eg gerði á síðasta þingi, og eg treysti því, að menn sjái nú eins og þá, að hér er um alvarlegt nauðsynjamál að ræða, sem ekki þarf að hlaupa með á milli manna, enda mun eg ekki gera það. Jökulsá

er járnköld, og vera kann að sumum finnist því leggja kaldan gust af þessu máli. Menn þekkja líka norðanáttina, en eg vona að allir þingmenn -- og þá ekki sízt þeir, sem eru næmir fyrir norðangustinum — vilji styðja að því, að þessir menn, sem þarna búa norður við Íshafið, fái þó einu sinni að finna berast til sín suðræna blæinn, sem leggur út frá þinginu, þegar það er að miðla gjöfum sínum og gæðum úr landssjóðnum.

Eggert Pálsson: Eg vil með fám orðum minnast á breyt.till. á þgskj. 329, sem eg hefi leyft mér að koma fram með, og er eg þakklátur háttv. fjárlaganefnd fyrir góðar undirtektir undir hana.

Br.t. þessi fer fram á að breyta aths. við 12. gr. C. 2, a. þannig, að í stað þess að í stjórnarfrumv. eru ætlaðar 200 kr. til gufubátsferða milli Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hallgeirseyjar og Holtsvara, — og þar aftan við vill h. fjárlaganefnd bæta: »og Vestmanneyja« — þá verði athugasemdin orðuð þannig: »Af upphæðinni undir staflið a. má verja 300 kr. til sérstakra gufubátsferða, sem sé að minsta kosti tvær ferðir frá 1. maí til 1. júlí milli Eyrarbakka, Stokkseyrar, Vestmanneyja, Hallgeirseyjar og Holtsvara«. Það er með öðrum orðum farið fram á, að styrkurinn hækki úr 200 kr. upp í 300 kr., að ferðirnar verði milli 1. maí og 1. júlí, að viðkomustaðirnir Hallgeirsey og Holtsvarir séu settir á eftir Vestmanneyjum. Eg er sem sagt þakklátur háttv. framsm. fjárlaganefndarinnar fyrir undirtektir hans, en vil þó fara fáeinum orðum um tillöguna, og skýra, hvað liggur til grundvallar fyrir henni.

Frá sýslunefndinni í Rangárvallasýslu kom áskorun um, að veittar væru 200 kr. til að koma á flutningi milli Vestmanneyja og meginlands, sem við þm. Rangæinga höfum ritað samgöngumálanefndinni um, og óskað eftir, að hún tæki til greina; og hygg eg að allir muni hljóta að viðurkenna, að sú ósk sé á góðum rökum bygð. Samgöngur milli lands og Eyja hafa aukist mjög mikið, því að útræði í Eyjunum hefir farið svo í vöxt á seinustu árum; margur maðurinn, sem álitið er að megi missast frá heimilisstörfum, rær þar úti á vetrarvertíðinni og enda vorvertíðinni, og hver maður í Rangárvallasýslu, sem á haffært skip, lætur það nú orðið ganga þar úti; en af þessu leiðir mikla og margfalda flutninga. En ef ferðum gufubáts á þessu svæði hefði verið hagað eins og fyrir er mælt í aths. í fjárlagafrumv., þá mundi af því hafa leitt, að útilokaðir hefðu verið flutningar úr Vestmanneyjum til lands. Þess vegna hefi eg farið fram á, að Vestmanneyjar standi á undan Hallgeirsey, og tel það nauðsynlegt til þess að ferðirnar komi að verulegum notum. Sömuleiðis hefi eg leyft mér að bæta inn í ákvæði um, að ferðirnar séu á tímabilinu frá 1. maí til 1. júlí; því eg álít, sem kunnugur, að ef ferðirnar verða ekki á þessum tíma, verði þær að litlum sem engum notum, með því að allir flutningar, sem fara fram eftir vertíð úr Eyjunum, eiga sér stað á þessu tímabili. Enginn mundi þora að geyma sitt vörumagn fram yfir 1. júlí í Vestmanneyjum, í þeirri von, að gufubátur gæti síðar lent með þær við sandinn. Það gefur að skilja, hve afarnauðsynlegt það er, að gufuskipsflutningar geti komist á milli Vestmanneyja og meginlands. Öllum hljóta að vera í fersku minni hin voðalegu skiptjón, sem orðið hafa, og hljóta alt af að verða meira eða minna þegar þessi leið er farin á opnum bátum, og með háfermi, og taka skal land við

hinn brimótta Rangársand. En auk mannhættunnar þá er það líka voðalega mikið vinnutjón, sem leiðir af ferðum þessum. Það mun ekkert ofhermt, að það fari 3 dagar til hverrar ferðar, þegar bezt gengur. Því þótt ferðin sjálf komist ef til vill af á skemri tíma, þá er aðgætandi, að það þarf bæði undirbúning undir ferðirnar, og hvíld á eftir þeim; því að miklar vökur eru þeim jafnan samfara, er engu færi má sleppa, og mennirnir hljóta því að vera sívakandi. Mér blandast ekki hugur um, að hver þm. áliti nauðsyn til bera, að afnema þessar hættulegu og dýru ferðir, og koma á öðrum, sem séu hættuminni og kostnarminni. Enn fremur hefi eg leyft mér að leggja það til, að styrkurinn til þessara flutninga sé færður úr 200 kr. upp í 300 kr., og vona eg að enginn áliti það frekt stigið spor. Á undanförnum fjárlögum hafa verið veittar 200 kr. til ferða milli Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hallgeirseyjar og Holtsvara, en nú á að bæta Vestmanneyjum við. Er þess ekki að vænta, að neinn vilji taka Vestmanneyjar upp á »farplanið« í viðbót, nema gegn nokkurri uppbót á gjaldinu. Eg skal játa, að þetta dregur lítið eitt frá peningum þeim, sem ætlast er til að gangi til gufubátsferða um Faxaflóa. En eg sé að það eru komnar fram tvær br.till. um hækkun þeirrar fjárveitingar, nl. frá háttv. fjárlaganefnd upp í 14,000, og önnur upp í 15,000 kr., og hygg eg þá ekki gjöra svo mikið til, þó þessar 100 krónur dragist frá; en mikið unnið við hagkvæmari ferðir milli lands og Eyja.

Björn Kristjánsson: Eg gleymdi áðan að svara háttv. framsm. (P. J.) um það, hvort Gullbringusýslubúar mundu leggja fram fé gegn fjárveiting þingsins, til vegarins úr Hafnarfirði til Keflavíkur. Eftir því sem mér er frekast kunnugt, er hugsunin að skjóta saman 3000 kr. á ári, svo að ekki þurfi að taka féð af sýsluvegasjóði; og mun þetta hafa komið til tals í hreppunum.

H. landsh. var að hafa á móti þessum litla styrk, til þessa vegar suður með sjónum, en eg hélt að hann væri þessum vegi svo kunnugur, að hann gæti ekki vel haft á móti fjárveitingu til hans, einkum þegar sýslubúar vilja svo mikið á sig leggja í þessu skyni. — Eg hefi víða farið um land þetta, en ekki hitt fyrir mér eins vondan veg nokkurstaðar, og það jafn fjölfarinn veg. Það er síður en svo að hann sé notaður eingöngu af íbúum Gullbringusýslu; hann er farinn af fjölda manns úr öðrum áttum, svo sem austan úr Rangárvalla- og Árnessýslum í skreiðaferðum o. fl.

Það sýndi bezt, hversu h. landsh. er andvígur og óvinveittur þessari sýslu, er hann fór að sletta því í nasir sýslubúum, að þeir hefðu þegið hallærislán; að sletta þessu fram svo hvatskeytslega sem hann gjörði, það sýndi svo óviðkunnanlegan óvildarhug til sýslubúa, en eg verð að segja, að eg kann illa við þetta af stjórnarfulltrúanum, að vera með slettur um það, þó sýslan hafi fengið lítilfjörlega fjárbæð í tilfinnanlegu hallæri.

Þá tók h. landsh. það og fram, að fjárveiting þessi væri óþörf, af því að þar suður væru samgöngur nægar með strandferðaskipum og Faxaflóabátnum. En samgöngum þessum er svo illa fyrirkomið, að menn verða alment að fara landveginn, þeir geta fengið sjóferð 5 sinnum á ári úr Hafnarfirði aðra leiðina, en ekki hina; og hvaða gagn er að því?

Eg vona því að háttv. deild fallist á þessa styrkveitingu, svo að byrjað verði að umbæta þennan vandræðaveg.

Hermann Jónasson: Háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.), gat þess í ræðu sinni, að það hefði átt betur við, sem eg sagði, ef um það hefði verið að ræða, að breyta vegalögunum frá 1894. Hann tók það fram, að það hvíldi skylda á landssjóðnum að leggja þá vegi, sem á er kveðið í þessum lögum; og er það í alla staði rétt og satt, og samkvæmt því, er eg hefi haldið fram. En ákvæði laganna segja ekkert um það, hvenær hver vegur skuli lagður; og ekki heldur um það, á hvað skuli leggja áherzluna mesta, hvort á þjóðvegi eða akbrautir. En af þessu tvennu álít eg að þjóðvegirnir eigi að ganga á undan, og fyrir því var það, að eg gat felt mig við í fjárlaganefndinni að fella burtu þær 10,000 kr., sem stjórnin hafði lagt til, að veittar væru til þess að leggja akbraut í Húnavatnssýslu, og þær 10,000 kr., er ákveðnar voru til akbrautarinnar í Skagafirði. En ef nú rignir niður breyt.till. um akvegi, þá mun eg koma með viðaukatill. til 3. umr., um að taka upp aftur fjárveitinguna til akbrautar í Húnavatnssýslu. En eg held því fast fram, að það er skylda landssjóðs, að fullgera áður þá lögskipuðu vegi, er á honum hvíla, áður en hann fleygir út í ýmsar áttir fé til sýsluvega.

Að því er snertir kláfdráttinn á þskj. 244, þá álít eg viðkomandi hérað viðurkenningarvert og góðs maklegt fyrir það, hvílíkan áhuga það hefir sýnt með brúun vatna, og er eg því með þessari styrkveiting, sem eigi er heldur sjáanlegt að muni draga neinn sérlega óþægilegan dilk á eftir sér.

Björn Bjarnarson: Eg hefi leyft mér að koma með breyt.till. á þgskj. 290, og jafnframt því, sem eg þakka háttv. fjárlaganefnd fyrir undirtektir hennar, skal eg fara nokkrum orðum um málið til skýringar.

Það er búið að gjöra við veginn yfir Laxárdalsheiði, og þessi vegur, sem eg bið um fjárveiting til, er einmitt framhald af honum. Það er sýsluvegurinn frá heiðinni að Höskuldsstöðum, sem má heita víða ófær vegur. Vegur þessi er tengiband milli Norðurlands og Vesturlands; það er ekki 6 tíma vegur milli Búðardals og Borðeyrar. — Eins og háttv. framsm. tók fram, er það nauðsynlegt að greiða veg frá Norðurlandi, til að ná vörum annarstaðar frá þegar svo ber undir að ís liggur fyrir landinu að norðan. Væri þessi vegur, sem hér ræðir um, gerður greiður og góður, þá væri ávalt hægt að ná vörum frá Hvammsfirði. Þannig var það á síðastl. ári, að kaupmenn frá Borðeyri lögðu upp vörur í Búðardal, er svo voru sóttar þangað, er að svarf nyrðra. — Vegur þessi er miklu styttri en milli Borgarness og Norðurlands, er framsm. tók fram, að væri nauðsynlegt samband milli Norðurlands og Suðurlands, einkum í ísárum; vona eg því að engum blandist hugur um, að vegurinn sé nauðsynlegur.

Sýslan sér sér alls ekki fært að leggja fram það fé, sem með þarf. Hún hefir sem sé að undanförnu lagt afarmikið fé til vegabóta, enda er munur að ferðast þar um eða var. Það hafa verið lagðir yfir 5000 faðmar af vegum og auk þess hefir sýslan styrkt 5 brýr; má nærri geta, að sýsluvegagjaldið hefir ekki hrokkið mikið til; það er ekki nema 480—500 kr., en varið hefir verið svo þúsundum króna skiftir til vega og brúa á ári. Sýslan hefir að vísu tekið lán, sem nú er

6700 kr., en það er verið að afborga það með aukreitis álögum. — Þetta getur líka verið svar til hv. framsm. (P. J.), er hann talaði um, að sýslan ætti að leggja á sig byrðina. Það nær engri átt, að hún geti lagt einn einasta skilding úr sýsluvegasjóði til þessa vegar. I ár er veitt í sýslunni um 500 kr. til vegagerðar; en sýsluvegagjaldið er ekki full 500 kr.; hefir því með leyfi amtsráðs verið lagt um 1000 kr. til vegagerðar úr sýslusjóðnum. Er eg sannfærður um að engin önnur sýsla hefir lagt hlutfallslega eins mikið á sig, enda mun sýslusjóðsgjaldið óvíða eins hátt. Vegur sá, sem hér ræðir um, kostar að minsta kosti 5000 kr., og er sýslan ekki fær um að leggja fram alt það fé; en að verja öllu minna til vegarins, yrði að eins kák og að fleygja peningunum í sjóinn.

Eg skal að endingu taka það fram, að eg álít það rétt princip hjá fjárlaganefndinni, að styrkja þá, sem vilja hjálpa sér sjálfir.

Úr því eg fór að tala, skal eg minnast á fleiri brt. Eg á eina á þgskj. 337 viðvíkjandi fjárveitingunni til vagnflutninga austur að Ægissíðu, og fer hún fram á að minka hana úr 600 kr. í 300 kr. Eg var sjálfur með upphaflega, og var upphæðin víst ekki of há þá; en nú hygg eg óhætt mundi vera að fara að draga úr henni smám saman. Það getur naumast annað verið en að þær ferðir séu farnar að borga sig allvel, eftir því hve mikið er flutt og hvað tekið er fyrir það. — Eg álít það rétt hjá fjárlaganefndinni, ef kostað er kapps um að koma upp sem fyrst flutningabrautum, og þá að taka fyrir einstaka vegi eins og t. a. m. Fagradals- og Borgarnesbrautina, en ekki að leggja peningana í spotta hingað og þangað, sem ekki geta orðið að verulegu liði fyr en allur vegurinn er klár, eftir 10—20 ár.

Að því er snertir veginn úr Hafnarfirði suður með sjónum, þá álít eg rétt að hann sé styrktur með því skilyrði, að fé það, sem héraðið leggur fram á móti, sé ekki tekið úr sýsluvegasjóði, heldur fengið með samskotum eða tekið úr sýslusjóði.

Ein af brt. samgöngumálanefndarinnar á þgskj 278 fer fram á að veittar séu síðara ár fjárhagstímabilsins 10000 kr. til gufubátsferða á Breiðafirði. Eg vil leggja fastlega fram með þessari brt., og reyndar væri full þörf á að veitingin væri ekki einungis bundin við síðara árið, heldur væri jafnmikil upphæð einnig veitt fyrra árið. Engum blandast hugur um, að það er mjög nauðsynlegt fyrir sunnanverða Barðastrandarsýslu og sömuleiðis Dalasýslu, að slíkar ferðir kæmust á um Breiðafjóa. Eins og menn vita, koma strandferðabátarnir mjög óvíða við á Breiðafirði, þegar litið er til hins afarmikla og vogskorna strandlengis við flóann. Nú þegar er þörfin mikil fyrir góðar samgöngur um flóann, og enn meiri mun hún verða eftir því sem tímar líða. Þannig er sérstaklega um Dalasýslu. Þar munu innan skamms verða sett á stofn rjómabú, og séu samgöngurnar ekki greiðar, er ómögulegt að koma frá sér afurðunum til markaðarins. Nú hafa Dalamenn ekki gufuskipaferðir nema 3 mánuði af árinu; þær byrja í maí og enda í ágúst, og auk þess eru þær að mörgu leyti óhentugri en verið gæti. Ef þingið 1901 hefði veitt 10 þús. til gufubátsferða á Breiðafirði, eins og upphaflega var farið fram á, og ekki skorið fjárveitinguna svo mjög við nögl sér, sem raun varð á, þar sem hún var færð niður í 8 þús., þá hefðu ferðirnar eflaust þegar verið

komnar á. Eg vona því að þetta þing brenni sig ekki á sama soðinu, heldur veiti upphæðina eins og farið er fram á.

Lárus H. Bjarnason: Samgöngumálanefndin á hér brt. á þgskj. 278 og 308, og vil eg sem framsm. nefndarinnar fara um þær nokkrum orðum.

Fyrsta brt. á þgskj. 278 er við 12. gr. A, að eftir 3 bætist við nýr 4. liður þess efnis, að til póstflutninga með mótorbátum milli Arngerðareyrar og Ísafjarðar veitist 400 kr. hvort árið, og sömuleiðis milli Stykkishólms og Flateyjar jafn mikil upphæð.

Það, sem sérstaklega kom samgöngumálanefndinni til þess að koma fram með þessa brt., var það, að póstflutningar á þessum tveim stöðum eru bæði kostnaðarsamir og hættumiklir. Milli Arngerðareyrar og Ísafjarðar eru 8 vikur sjávar, og á milli Stykkishólms og Flateyjar 5. Sérstaklega eru ferðirnar um Breiðafjóa miklum hættum bundnar. Þess ber líka að gæta, að báðir þessir póstar hafa oft mikið fé með að fara, einkum Ísafjarðarpósturinn, er stundum flytur tugi þúsunda.

Samgöngumálanefndin þykist hér ekki fara fram á neina nýlundu, þar sem þingið um nokkur undanfarin ár hefir veitt fé til póstvagna. Hér er heldur ekki farið fram á stóra upphæð. Nefndin býst við að bátarnir muni kosta hver um sig 3000—4000 kr. Í brt. fór nefndin þess vegna fram á 400 kr., að ekki mun nægja minna en 10% til vaxta, afborgunar o. s. frv. Hins vegar má búast við að nokkuð ynnist inn af því, sem póstferðirnar nú kosta á þessum stöðum. Pósturinn frá Stykkishólmi hefir t. d. venjulega 6 menn á báti. Væri mótorvél sett í bátinn hans, mundi hásetum hans fækkað, og við það sparaðist kostnaður.

Eftir því sem mér skildist, hafði hv. framsm. fjárlaganefndarinnar (P. J.) það eitt á móti fjárveitingu til mótorbáta, að menn hefðu ekki enn fengið reynslu fyrir því, hversu vel slíkir bátar væri fallnir til flutninga; en það hygg eg sé of sagt af honum. Að vísu er eg sjálfur ókunnugur þessum bátum, en mér er sagt, að margir mótorbátar séu nú þegar til á Ísafirði og við Ísafjarðardjúp. Það mun heldur ekki þurfa að óttast, að þeir reynist illa, því að þeim er ætlað jafnt sem öðrum bátum að hafa innanborðs bæði segl og árar, svo að grípa mætti til þeirra ef dutlungar dyttu í vélina. Og svo mikið er víst, að þessi mótbára hv. framsm. fjárlaganefndarinnar á miklu síður við mótorbáta en mótorvagna, því að þeir eru hér algjörlega óreyndir, og þó man eg ekki betur en að hin hv. nefnd áætli töluverðan styrk til mótorvagns, og það handa manni, sem hefir ekki um hann beðið. Með þessum ummælum vil eg fela hv. deild þessa litlu brt. til beztu fyrirgreiðslu.

Þá er að víkja að brt. á þgskj. 308 við 12. gr. B, stafl. 1., að athugas. falli þar burt. Sú athugas., sem hér er átt við, er hin sama sem þingið setti inn í fjárlögin 1901, og hljóðar svo: »Verkfræðingnum skal undir yfirumsjón landshöfðingja falin á hendur öll framkvæmd á vegagerðum landsins og ráðning verkstjóra og verkamanna«.

Eg hygg að hin hv. deild hafi ekki gætt þess, hvað hún gerði, er hún setti þessa athugasemd inn í fjárlögin 1901; hún mun ekki hafa hugsað út í, hversu mikið verk hún með því leggur verkfræðingnum á herðar; hann á að hafa á hendi alt reikningshald er að vegagerðum lýtur, ráða menn til vinnu, hafa alla yfirumsjón með framkvæmdunum o. s. frv., og auk þess er þetta

starf gjörsamlega ólíkt og því allsendis óviðkomandi því starfi, sem hann er ráðinn til. Það er sitt hvað, verkfræði og reikningshald. Enda hefir það líka sýnt sig, að hann hefir ekki getað annað því. Það hefir sýnt sig, að sá starfi, er honum var fenginn 1901 með þessari athugasemd, hefir upptekið krafta hans um of. Aukaverkið hefir setið í fyrirrúmi en aðalverkið húkt á hakanum, og það er engin furða, þótt hann hafi reynt að kljúfa þrítugan hamarinn til þess að gera reikningsskil fyrir þeim peningum, sem honum hefir verið trúað fyrir, en með því hefir hann orðið að leggja minni rækt við hitt. Mér er kunnugt um, að beðið hefir verið um verkfræðing landsins úr ýmsum héruðum, en svarið hefir alloftast verið nei eða þögn.

Þess vegna er ekki annað fyrir en að létta þeim störfum, er aths. tiltekur, á verkfræðingi landsins, hver sem hann svo er, hvort hann heitir Sigurður, Páll eða Pétur. Og mætti þá gera við þau eitt af tvennu, annaðhvort bæta við öðrum verkfræðing til að gegna þeim, eða fá þeim, sem nú er það, aðstoðarmann til þess, eða þá — og það mun réttast — að fela þau þeirri sérstöku deild, samgöngumáladeildinni, er stofnuð verður í hinu nýja ráðaneyti; þar eru slík störf betur komin heldur en á herðum verkfræðingsins, og með því vinst tvent. Sú tilhögun kostar enga peninga, og eftir henni getur verkfræðingurinn varið öllum sínum tíma og kröftum til þess starfa, sem hann er ráðinn til.

Háttv. framsögum. fjárlaganefndarinnar hafði það eftir nefndinni, að hún gæti ekki verið með þessari breyt.till. — Mig rak satt að segja í rogastans, er hann skilaði þessu frá nefndinni. — Nefndin hefir þó sett það fram svart á hvítu í nefndarálitinu, að þingið þyrfti endilega að hafa fyrir sér yfirlit yfir alla landssjóðsvegi, og jafnframt hefir nefndin ætlað verkfræðingnum að búa þetta yfirlit til.

Eg er þakklátur fjárlaganefndinni fyrir þessa tillögu. Það er bráðnauðsynlegt, að hætt verði að ausa út fé til vega í þeirri blindni, sem hingað til hefir átt sér stað. Hingað til hefir hvert héraðið togað í sinn skækil, og svo alt orðið skakt og skælt. En um leið og eg er nefndinni þakklátur, er eg alveg hissa á því, að hún vill ekki létta þeim störfum af verkfræðingi landsins, er téð athugasemd leggur honum á herðar, því að á meðan þau hvíla á honum, þá getur hann ekki fengið tíma til að rannsaka landið, og til að búa til slíkt yfirlit, sem nefndin ætlast til. — Eg hygg það fult verk ekki einungis einum, heldur jafnvel fleirum mönnum.

Háttv. framsögum. sagði, að athugasemdin mætti standa; stjórnin gæti gengið fram hjá henni, ef henni svo sýndist. Þetta er ekkert annað en meinloka, því sé athugasemdin látin standa, er stjórnin bundin við hana, sem hvert annað ákvæði. En hér mun liggja annar fiskur undir steini; það mun vera tilgangurinn, að stjórnin neyðist til að skifta um verkfræðing, en það kalla eg ósæmilega krókaleið, enda hygg eg, að ómögulegt mundi verða að finna mann, er annað gæti hvorttveggju. Eg hefi heldur engar kvartanir heyrt yfir því, að verkfræðingurinn hafi leyst það illa af hendi, er hann hefir gert, heldur um hitt, að hann hafi gert of lítið. En það þarf ekki að eiga rót sína í öðru en því, að honum hafa verið ætluð meiri störf en hann hefir getað leyst af hendi.

Þetta vona eg að hin háttv. fjárlaganefnd skilji, þegar hún athugar öll atvik nánar.

Þá er 2. breyt.till. á þskj. 278 við 12. gr. C. 2. a., að í stað 10200—10200 komi: 15200—15200, að því tilskildu, að stöðugum ferðum sé haldið uppi um Faxaflóa, sérstaklega milli Borgarness og Reykjavíkur árið um kring. Þessi breyt.till. er komin fram sem breyt.till. við breyt.till. fjárlaganefndarinnar, þar sem hin upprunalega fjárveiting að eins var hækkuð upp í 14200 krónur. — Með því nú háttv. framsögum. nefndarinnar hefir upplýst, að styrkveiting nefndarinnar nægi, þá vill samgöngumálanefndin ekki verða til að spenna framlagið upp að óþörfu, og tekur því breyt.till. sína aftur.

Þriðja og fjórða breyt.till. samgöngumálanefndarinnar á þskj. 278 fer fram á, að við 12. gr. C. 2 bætist 2 nýir liðir, c. og d., sem sé til gufubátsferða um Breiðaflóa seinna árið 10,000 kr., og til sams konar ferða um Eyjafjörð 3,500 kr. Á þinginu 1901 voru veittar 8 þúsund krónur til gufubátsferða um Breiðaflóa 1903, enda sendu sýslunefndirnar í Barðastrandarsýslu, Dalasýslu og Snæfellsnessýslu einn fulltrúa hver úr sínum flokki, til að gera út um þetta mál á sameiginlegum fundi í Stykkishólmi í sept. 1902, og var þar búin til áætlun fyrir bátinn. Fyr en þetta varð ekki snúist við málinu, af því að doka varð eftir svari frá útgerðarmanni gufubátsins Reykjavíkur; hann hafði búist við, að hún hætti ferðum um Faxaflóa, og gæti því ef til vill farið um Breiðafjörð, en svo varð ekkert úr því, og þá varð að leita annarstaðar fyrir sér, enda var beiðni um slíkan bát birt bæði í dönsku og norsku blaði. — En svo fór um sjóferð þá, að ekkert tilboð fekst, og hygg eg að það hafi með fram verið því að kenna, að fjárveitingin 1901 hafi verið of lítil.

Það sem kom oss þingmönnum Breiðfirðinga til að fara nú fram á fjárveiting til gufubátsferða um Breiðaflóa var það, að ferðir strandbátanna eru þar allsendis ófullnægjandi; einkum er sunnanverð Barðastrandasýsla mjög illa sett, jafn vogskorin sem hún er; þar er að eins einn einasti viðkomustaður — Flatey. Dalasýsla er að vísu betur sett, sakir viðkomu skipanna í Skarðsstöð og á Hvammsfirði, en þó má með sanni segja, að einnig íbúar þeirrar sýslu hafi of lítil not af strandbátunum. Yfir höfuð eru strandferðirnar fremur fyrir millihéraðaflutninga en fyrir innanhéraðsflutninga.

Strandferðirnar nægja því engan veginn, þar sem svo er ástatt, sem á Breiðafirði, og nægi þær þar ekki nú, nægja þær þar því síður hér eftir, því nú er framfaraáhugi manna að vaxa þar sem annarstaðar. En að menn hugsi þar til framfara sem annarstaðar má marka á ullarverksmiðjunni í Olafsdal, á fiskifangaverzlaninni út undir Jökli, og á rjómabúunum, sem Dalamenn og jafnvel Snæfellingar eru farnir að hugsa um.

Fengjum vér bát á Breiðaflóa 1905 yrði viðkomustöðum bátanna þar fækkað. — Nú eru þeir 6, en þyrftu ekki að vera nema 1 eða 2, ef bátur fengist á flóann, og af því mundi aftur leiða mikil þægindi fyrir farþega, þar sem þeir losuðust við hið dýra og leiðinlega hringsól á tímafrekum höfnum. — Í öðru lagi mætti láta Skálholt fara jafn margar ferðir og Hóla, kæmist þetta fyrirkomulag á, og það mundi mörgum koma vel. Og yrði flóabátar notaðir víðar, þá mætti ef til vill komast af með 1 strandbát.

Það er víst satt, að þótt styrkurinn yrði veittur, þá ynnist líklega ekkert í svipinn, því bátarnir mundu líklega ganga eftir gamla laginu 1905, og hér-

aðsmenn vilja eðlilega ekki sleppa strandferðabátunum, nema þeir hafi áður fengið flóabát í staðinn.

Annars væri eigi ómögulegt að breyta áætlun Skálholts sumarið 1905, en eg geng samt út frá því, að Skálholt færi um Breiðafjörð 1905 samtímis flóabátnum, en þá væri líka reynsla fengin, og upp úr því væri sjálfsagt að fækka annaðhvort ferðum Skálholts eða leggja flóabátinn niður.

Og fengist enginn báturinn 1905 rynni féð aftur í landssjóð eins og 1903.

Flest af því sem sagt hefir verið um Breiðaflóabátinn gildir um Eyjafjarðarbátinn fyrirhugaða, og því er óþarfi að taka það upp aftur.

Háttv. framsögum. taldi sjávarsamgöngur dýrar, og er það satt, en slíkt er afleiðing af landslaginu, og rétt skoðað eru þær ódýrastar, því í þjóðvegunum kostar faðmurinn 2—3 kr., og verður slíkt allmikill kostnaður á langri leið, ekki sízt þegar þar á ofan bætist dýrt viðhald.

Hæstv. landsh. sagði, að fjárlaganefndin ætti lítið lof skilið fyrir að vilja ýta undir flakk í stúdentum; en sú styrkbeiðni er frá samgöngumálanefndinni, og engin óhæfa, því eðlilegt er, að stúdenta langi til að komast heim í sumarfríinu, enda hafa þinginu borist áskoranir frá ísl. stúdentum í Kaupmannahöfn um þetta efni, og tilvilnanin er alveg útlátalaus fyrir landssjóð.

Ólafur Ólafsson: Umræðurnar eru nú orðnar langar, og skal eg því vera stuttorður. Það er að eins á br.-till. við 12. grein, sem eg ásamt sam þingismanni mínum á á þskj. 294, að eg vildi minnast með fáum orðum. — Eg er þakklátur háttv. framsögum. fyrir það, að hann var málinu hlyntur, þó hann gæti ekki gengið inn á tillöguna. Tillagan er ekki út í bláinn. Á þingmálafundi á Húsatóftum var málinu hreyft, og allmikil áherzla lögð á það. — Þessi flutningabraut frá Flatholti og upp að Stóru-Laxá er sérstaklega nauðsynleg vegna rjómabúanna, því á henni mætti flytja smjör frá 5 rjómabúum. — Brautarstúfurinn setur 4 hreppa í samband við aðal-brautina, og í þessum hreppum eru 5 rjómabú, og hið sjötta kemur bráðum. Stofnun rjómabúanna er án efa gagnlegasta sporið nú í búskapnum, svo þau mega ekki mæta tálmunum. Árnesingar eru hér brautryðjandi, og sérstaklega Hreppamenn, sem fyrstir allra höfðu hug og dug til að ríða á vaðið. Stofnendur fyrirtækisins vænta þess, að þing og stjórn greiði sem mest fyrir hreyfingunni, og bezta hjálpin er að greiða samgöngurnar, enda hafa háttv. þm. Dal. (B. B.) og háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) tekið í þenna streng. Það eru fleiri en Árnesingar, sem hafa þessa skoðun. — Formaður búnaðarfélagsins, sem líka á sæti í fjárlaganefndinni, styður líka þetta, og það hefir verið sýnt fram á með tölum, hve mikla þýðingu samgöngurnar hafi. H. framsögum. þykir reikningurinn athugaverður, en hann er minna kunnugur á Suðurlandi en eg, eins og hann er kunnugri á Norðurlandi en eg. Eg verð að segja, að eg álít reikninginn nærri réttu lagi. Stjórn rjómabúanna á við marga erfiðleika að stríða, en versti þröskuldurinn er vegaleysið. Þeir eru margir, er kvarta yfir því, hve afurðir bænda eru litlar, en litlu er það betra, hversu bændum gengur illa að koma þessum litlu afurðum frá sér.

Það er mikið talað um fjárbænir úr Árnessýslu, og það er að vissu leyti satt, að þær eru margar, en það er að gætandi, að Árnesingar ráðast í fleira en aðrir af því, að þeir hafa meiri

framkvæmdarhug en aðrir; en þeir eiga við sama ljónið að glíma sem aðrir, peningaleysið, og þegar svo stendur á, er aðal-vegurinn að fara til þingsins.— Beiðni þessi er réttmæt og á rökum bygð, og vona eg, að háttv. þingmenn veiti þetta fé, þótt eg á hinn bóginn viðurkenni, að þingið hefir yfir litlu fé að ráða, en í mörg horn að líta.

Ur því eg stóð upp, þá vil eg minnast á aðra breyt.till., á þskj. 337, frá h. þm. Dal. (B. B.), þar sem farið er fram á, að styrkurinn til póstvagnferða frá Reykjavík austur að Ægissíðu (Odda) sé lækkaður um helming, úr 600 kr. niður í 300 kr. Það væri skemtilegt að geta sagt, að styrkurinn sé óþarfur, en slíkt væri ekki rétt, því fyrirtækið gerir ekki betur en borga sig, og þessi samgöngubót ætti þó ekki að falla burtu fyrir 300 kr. á ári. Vagnferðirnar eru ekki að eins til gagns fyrir Árness- og Rangárvallasýslur; fólk úr Reykjavík og sunnanfjalls notar vagninn mikið. Af þessum ástæðum er eg á móti breyt.till.

Vona eg svo að síðustu, að hin hv. deild bregði vel við, og veiti fé til að leggja brautina frá Flatholti upp að Laxá. — Auðvitað verður það fé, sem farið er fram á, ekki nóg, en lítið er betra en ekki neitt, og héraðið mun þá bæta við, því þörfin og nauðsynin, sem á eftir rekur, er öllum kunn.

Þórhallur Bjarnarson: Hæstv. landsh. kannaðist við, að vitamálið væri eitt af nauðsynjamálum þjóðarinnar, en taldi óumflýjanlegt, að undirbúa það mál fyrst miklu betur. Eg vil leyfa mér að taka það fram, að þetta getur þó ekki náð til smá-vita, sem eru bundnir við svo ákveðinn blett, að um engan annan stað er að tefla, og á eg þar við vitann, sem hugsað er að setja á Skipaskaga á Akranesi. Um þenna vita liggur fyrir bréf frá kapt. Aasberg og flestum gufuskipakapteinum, sem eru hér stöðugt í ferðum, og telja þeir hann allir mjög nauðsynlegan. — Hluturinn er, að þetta litla ljósker, sem nú er á Akranesi, kemur að svo litlum notum fyrir siglinguna, lýsir auðvitað skamt, og er á óhentugum stað. — Nauðsyn vitans er skýrð af h. frmsm.; það er ekkert vitaljós til að norðanverðu við Faxaflóa; missi skipin ljósin að sunnanverðu geta þau tafist og orðið fyrir hrakningum. Ef vetrarferðir takast upp í Borgarnes er vitinn ómissandi.

Þetta hefi eg álitið nauðsynlegt að taka fram, að óhætt er að samþykkja þenna eina smá-vita, hvað sem vitamálinu annars líður.

Féð er ætlað til hans, eftir því sem Aasberg kapteinn hefir gizkað á, að hann muni kosta fyrir ofan grunn, og með hliðsjón af því, sem aðrir smá-vitar hafa kostað.

Einar Þórðarson: Hvað akbrautamálið snertir, er eg ánægður með fjárlaganefndina. Stefnan er góð, að dreifa kröftunum sem minst, og sérstaklega er eg þakklátur hinni háttv. nefnd fyrir akbrautina á Fagradal. Fljótsdalshérað er eitthvert hið blómlegasta hérað landsins, liggur með fram Lagarfljóti, sem að miklu leyti er skipgengt. — Kæmust bátaflutningar á, þá gætu myndast framfarir hér meiri en í flestum öðrum bygðum landsins, en aðalþröskuldurinn hér er vöntun á akbraut, er samtengi héraðið við sjóinn. — Akbrautin yfir Fagradal mundi því hafa afarmikla þýðingu; hún myndi létta flutninga og spara vinnukraftinn, tíma og peninga.

Háttv. 1. þm. Húnv. (H. J.) talaði á móti akbrautunum, sérstaklega á Fagradal, en ástæður hans gátu ekki sannfært mig. Honum fanst akbrautamálið ekki tímabært, en það er ekki á rök-

um bygt. Ein ástæða hans móti Fagradalsbrautinni sérstaklega var það, að af þessu mundi leiða miklar húsabyggingar á Búðareyri og í Héraði. — En má eg spyrja: Hvað varðar okkur um kostnað, sem kaupmenn leggja í, til þess að byggja skúra og þess konar yfir vörur sínar?

Aðra ástæðu bar háttv. 1. þm. Húnv. (H. J.) fram, og hún var sú, að af því þetta væri svo löng leið, um 5 mílna keyrsla, mundi það ekki borga sig að flytja á henni á almennum vögnum. En þetta er held eg ekki rétt, því aðferðin að flytja alt á hestbakinu er afardýr. Keyrsla á almennum vögnum mundi því án efa borga sig, og af þeim sökum ekki ástæða til að bíða með akbrautalagningu þangað til mótorar eru orðnir almennir. Fjárlaganefndin hefir nú stungið upp á því, að styrkur sé veittur til að kaupa mótorvagn til reynslu. Þessi reynsla fæst jafnhliða því sem Fagradalsbrautin verður lögð, og má því hagnýta sér hana við lagningu hennar.

Þá var háttv. sami þm. að fá sér það til, að þetta mundi leiða til meiri kostnaðar, því þegar brautin væri komin yfir Fagradal, þyrfti að fá mótorbát á Lagarfljót. Þetta er satt. En það er ekki ástæða móti málinu, heldur hin allra sterkasta ástæða með því. Fljótið er sjálfsköpuð braut um héraðið, bíðandi eftir mótorbátnum; það er sterkasta tryggingin fyrir því, að Fagradalsbrautin verður að stórkostlegum notum, og bezta sönnunin fyrir nauðsyn hennar. Háttv. 1. þm. Húnv (H. J.) var og að tala um, að vér hefðum ekki ráð á þessu, vegna þess að það tapaðist svo mikill vinnukraftur við brautargerðina. En við þetta er það fyrst og fremst að athuga, að eigi er víst að þeir, sem vinna við akbrautirnar, muudu starfa að heyskap. Og hræddur er eg um, að heyjareikningur háttv. 1. þm. Húnv. mundi reynast meir en lítið skakkur, því að fjöldi þessara manna, sem gefa sig í vegagerðina, mundu ella fara til sjávar, sumir til Ameríku, eða þá starfa að einhverju öðru en heyskap. En einmitt með akbrautunum spörum við okkur vinnukraft fyrir landbúnaðinn, og góðar samgöngur eru aðalskilyrðin fyrir framförum í búnaði, en með framförunum í landbúnaðinum festum við fólkið í landinu.

Þegar minst er á samgöngurnar á Fljótsdalshéraði, þá kemur auðvitað Lagarflótsbrúin í huga manns. Því hefir verið kastað fram hér í deildinni, að það mál mundi nú vera dautt, en því er ekki svo farið. Ýms skjöl því viðvíkjandi hafa legið fyrir samgöngumálanefndinni, og við 3. umr. mun hún koma fram með tillögur um það mál. Að hún hefir ekki komið með tillöguna nú þegar, kemur til af því, að verkfræðingur landsins, Sig. Thoroddsen, er ekki hér í bænum nú sem stendur, en nefndin vildi ráðfæra sig við hann um málið, áður en hún bæri fram tillögur sínar. Og þegar það mál kemur hér fram, vona eg fastlega að það fái góðan byr hér í deildinni. Og þó að búast megi við, að leggja þurfi enn talsvert fé fram til Lagarfljótsbrúarinnar, fælir það mig ekki frá því að greiða atkvæði með fjárveitingunni til brúar á Jökulsá í Axarfirði, því að eg lít svo á, að hvorutveggju brýrnar séu svo mikil nauðsynja- og velferðarmál fyrir hlutaðeigandi héruð, að vér, þó að í mörg horn sé að líta, verðum að byggja þær báðar á næsta fjárhags-tímabili.

Framsögumaður (Pétur Jónsson): Eg get nú reynt að vera stutt-

orður. Hæstv. landsh. mælti á móti styrknum til Gullbringu- og Kjósarsýslu, til sýsluvegarins þar milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur. Háttv. 1. þm. K.-G. (Bj. Kr.) hefir nú svarað því og mælt með styrknum, og þarf eg því eigi að taka svari hans. Það gleður mig að hafa nú fengið þá yfirlýsing frá þingmönnum hlutaðeigandi héraðs, að það, sem lagt verður til frá sýslunni nú, verði umfram hið lögákveðna sýsluvegagjald.

Háttv. þm. N.-Þing. (Á. J.) mintist á Jökulsá í Axarfirði, og hefi eg engu að bæta við ræðu hans. En viðvíkjandi ræðu hæstv. landsh. um vitana, þá gladdi það mig, að hann hefir brt. til undirbúnings í vitaplani, og þótt það sé ekki fram komið enn, þá má vænta að það sé bráðlega í vændum. Þess vegna verð eg að lýsa því yfir, að mér finst engin ástæða til að taka þessa tvo stóru vita upp á fjárlögin nú. Háttv. 1. þm. Húnv. (H. J.) lét í ljósi skoðun sína á vegunum. Hann gat ekki fylgst með nefndinni í vegamálinu, en eg vona þó að hann muni á sínum tíma fylgja brt. nefndarinnar í því máli, frekar en öðrum, því tillögur nefndarinnar eru þó nær hans óskum en hinar, sem frekar fara. Háttv. 1. þm. Skagf. (Ol. Br.) mælti sterklega með flutningabrautinni í Skagafirði og óskaði þess, að það hérað yrði ekki látið sitja á hakanum í því efni; en eg leyfi mér að segja það, að þá er Þingeyjarsýsla líka höfð útundan, og ef brautin í Skagafirði fæst, vil eg líka að hún fáist í Þingeyjarsýslu; en þetta getur ekki látið sig gera, og kysi eg helzt að fara ekki í neinn metnað með það, og mun því að þessu sinni greiða atkvæði móti báðum brautunum, og vona að háttv. deild geri slíkt hið sama. Háttv. þm. Dal. (B.B.) vill samkvæmt brt. á þingskj. 337 lækka styrkinn til póstvagnanna. Nefndin getur ekki verið með því, að minsta kosti vill hún fyrst heyra álit póststjórnarinnar um það efni. Eg efast ekki um að póstvagnarnir hafi sparað æði mikil útgjöld, og ímynda eg mér að það muni nema alt að því sömu upphæð og styrkur þessi er. Eg get ekki sagt sama um »mótor«-bátana, því eins og eg drap á áður, er ekki næg reynsla fengin fyrir þeim, því að það er alveg nýlega að »mótor«-bátar eru komnir upp á Ísafirði. En hvernig þeir standast í sjávargangi og ofviðri er enn þá ekki hægt að dæma um, og þess vegna óvíst hvort þeir geti haldið við fasta ferðaáætlun. Athugasemdina við verkfræðinginn vill samgöngumálanefndin fella, en eg held að það liggi meira í því, að nefndirnar hafi mismunandi skilning á þessu. Eg fyrir mitt leyti skil ekki athugasemdina eins strangt og samgöngumálanefndin. Fjárlaganefndin lítur svo á, að hún ætlist aðallega til, að verkfræðingurinn sé yfirverkstjóri allra vegabótaflokkanna; hins vegar gerir lítið til þó athugasemdin falli, því umræðurnar hafa þegar sýnt hvað þingið vill í þessu efni. Viðvíkjandi gufubátnum á Breiðafirði, þá áleit nefndin það nauðsynjamál að vísu, og alla þörf á að losa strandferðabátinn við þenna mikla krók inn á Hvammsfjörð; en hér var það að athuga, að svo mikið fé er lagt til strandferða, að nefndinni virtist erfitt að leggja þetta fé fram, án þess sparnaður kæmi á móti. Þótt hún á hinn bóginn kannist við að full þörf sé á þessu. Hún vill helzt bæði fá bát til milliferða á Breiðafirði og Eyjafirði, og vill fela stjórninni að búa það undir næsta þing, og fá tilboð um bát, því hún álítur að þetta mál megi ekki liggja lengur í

salti. Að því er snertir flutningabrautina í Árnessýslu, þá situr nefndin við sinn keip þar, og vill ekki að svo stöddu gera neinn rugling á sínu plani, sem hún hefir sett sér. Eg get ekki álitið það rétt hjá háttv. 2. þm. Árn. (Ól. Ól.) að það sé svo afar mikilvægt að fá þessa braut, af því, hve erfitt sé að koma afurðum búanna í kaupstaðinn. Mér finst erfiðleikinn mestur fyrir það, hve mikið er að flytja úr kaupstað, og hve lítið á hestana að láta í kaupstaðinn. 2. þm. N.-Múl. (E. Þ.) mintist á Lagarfljótsbrúna og kemur hún fram við 3. umr. Það var vel á minst og væri vert að muna eftir þeirri viðbót einmitt nú, þegar menn greiða atkvæði um hinar ýmsu hækkunartillögur.

ATKVGR.: 12. gr. A. 1 a. og b. 1 sþ. í e. hlj.

Brt. 22 á þingskj. 230 við 12. gr. A. 1 b 2 sþ. m. 20 shlj. atkv.

12. gr. A 1 c samþ. í e. hlj.

12. A 2. samþ. í e. hlj.

Brt. 1 á þingskj. 337, við 12. gr. A 3 feld með 19 gegn 2. atkv.

Brt. 1 á þingskj. 278 við 12. gr. A (nýr 4. liður) sþ. með 12 gegn 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	nei:
Jón Magnússon,	Arni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Björn Bjarnarson,
Eggert Pálsson,	Herm. Jónasson,
Einar Þórðarson,	Jóh. Jóhannesson,
Guðl. Guðmundsson,	Jóhannes Ólafsson,
Hannes Hafstein,	Magnús Stephensen,
Hannes Þorsteinss.,	Ólafur Briem,
Lárus H. Bjarnason,	Pétur Jónsson,
Magnús Andrésson,	Stefán Stefánsson,
Ólafur Ólafsson,	Tryggvi Gunnarss.
Ólafur Thorlacius,	Þórh. Bjarnarson.
Skúli Thoroddsen,	

12. gr. A 4. a.—f. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brt. 23 á þingskj. 230 við 12. gr. A. 4 g. sþ. með 20 shlj. atkv.

12. gr. A 4 h—i samþ. í e. hlj.

12. gr. A 5 samþ. í e. hlj.

Brt 24 á þingskj. 230 við 12. gr. A 6 sþ. með 20 shlj. atkv.

Brt. 24 á þingskj. 230 við 12. gr. A 6 (talan) sþ. með 16 shlj. atkv.

12. gr. B 1 a—b sþ. í e. hlj.

Brt. á þingskj. 308 við 12. gr. B. 1 sþ. með 14 samhlj. atkv.

12. gr. B 2 sþ. í e. hlj.

Brt. á þingskj. 326 fallin.

Brt. 1 á þingskj. 318 við 12. gr. B 3 feld með 15 gegn 3 atkv.

Brt. 2 þingskj. 318 við 12. gr. B 3. þar með fallin.

Brt. 25 þingskj. 230 við 12. gr. B 3 sþ. m. 17 shlj. atkv.

Brt. á þingskj. 294, við 12. gr. B 4, feld með 15 gegn 3 atkv.

Brt. 26 á þskj. 230, við 12. gr. B 4, sþ. með 20 shlj. atkv.

Brt. 27 á þingskj. 230, við 12. gr. 4, sþ. með 21 samhlj. atkv.

12. gr. B 5 og 6 sþ. í e. hlj.

Brt. 28 á þingskj. 230 við 12. gr. B (nýr 7. liður). feld með 12 gegn 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli vegna ógreinilegrar atkvgr., og sögðu

já:	*nei:*
Arni Jónsson,	Jón Magnússon,
Björn Bjarnarson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Guðl. Guðmundss.,
Einar Þórðarson,	Hannes Hafstein,
Jóh. Jóhannesson,	Hannes Þorsteinss.,
Olafur Briem,	Herm. Jónasson,
Olafur Olafsson,	Jóhannes Olafsson,
Pétur Jónsson,	Lárus H Bjarnas.,
Skúli Thoroddsen,	Magnús Andrésson,
Stefán Stefánsson,	Magnús Stephensen,
Þórh. Bjarnarson.	Olafur Thorlacius,
	Tr. Gunnarsson.

Brt. 29 þingskj. 230 við 12. gr. B (nýr 8.liður) samþ. með 15 samhlj.atkv.

Brt. 1 þingskj. 274 við 12. gr. B(nýr liður) sþ. með 13 gegn 2 atkv.

Brt. 2 þingskj. 274 við 12. gr. B(nýr

liður) sþ. með 12 gegn 3 atkv.

Brt. 3 þingskj. 274 við 12. gr. B(nýr liður) feld með 15 atkv. gegn 4.

Viðaukatillaga þingskj. 290 við 12. gr. B (nýr 9. liður) samþ. með 16 shlj. atkv.

12. gr. C 1., 1. liður sþ. í e. hlj.

Brt. 30 þingskj. 230 við 12. gr. C 1, sþ. í e. hlj.

Brt. 30 þingskj. 230 við 12. gr. C 1 (athugas. falli burt) samþ. í einu hlj.

Brt. á þingskj. 281 við 12. gr. C 2 a feld með 13 atkv. gegn 9.

Brt. 2 þingskj. 278 við 12. gr. C 2 a samþ. með 16 atkv. (talan tekin aftur).

Brt. 31 þingskj. 230 við 12. gr. C a (orðin alt að 14, 200 kr.) sþ. í e. hlj.

12. gr. C 2 b sþ. í e. hlj.

Brt. 3 á þingskj. 278 við 12 gr. C 2 (nýr liður c.) sþ. með 13 shlj. atkv.

Brt. 4. þingskj. 278 við 12. gr. C. 2 (nýr liður d.) samþ. með 13 gegn 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, vegna ógreinilegrar atkv.gr., og sögðu

já.	nei:
Jón Magnússon,	Arni Jónsson,
Björn Bjarnarson,	Einar Þórðarson,
Björn Kristjánsson,	Hermann Jónasson,
Eggert Pálsson,	Jóh. Jóhannesson,
Guðl. Guðmundsson,	Magnús Stephensen,
Hannes Hafstein,	Ólafur Ólafsson,
Hannes Þorsteinss.,	Pétur Jónsson,
Jóh. Ólafsson,	Skúli Thoroddsen,
L. H. Bjarnason,	Tryggvi Gunnarss.,
Magnús Andréss.,	Þórh. Bjarnarson.
Ólafur Briem,	
Ólafur Thorlacius,	
Stefán Stefánsson,	

Brt. á þingskj. 329 við 12 gr. C 2 a sþ. með 16 shlj. atkv.

Brt. 32 þingskj. 230 við 12. gr. C 2 b þar með fallin.

Brt. 4 b þingskj. 278 við 12. gr. (eftir orðin . . . komi c og d) sþ. án atkvæðagr.

Brt. 5 þingskj. 278 við 12. gr. C sþ. með 18 shlj. atkv.

12. gr. D sþ. með 22 shlj. atkv.

12. gr. E a—h sþ. í e. hlj.

Brt. 1 þingskj. 283 við 12. gr. E(viti á Vestm.e. 8000 kr.) feld með 14 gegn 5 atkv., þar með liðirnir 1—5 fallnir.

Brt. 2 þingskj. 283 við 12. gr. E(viti á Öndverðarnesi 8000 kr.) feld með 14 gegn 9 atkv.,þar með liðirnir 1—6 fallnir.

Brt. á þingskj. 279 við 12. gr. E i feld með 12 gegn 7 atkv.

12. gr. i sþ. í e. hlj.

Brt. 33 á þingskj. 230 við 12. gr. E k., samþykt með 21 atkv.

Brt. 34 þgskj. 230 við 12. gr. E k sþ. með 22 atkv.

Brt. 34 þgskj. 230 við 12. gr. E. k (athugas. falli burt), samþ. með 21 atkvæði.

12. gr. E. l. sþ. í e. hlj.

---

13. grein 4. ágúst, (atkv.skrá bls. 450).

Framsögumaður (Pétur Jónsson): Áður en eg vík að breyt.till. við þessa grein (13. gr.) þá skal ég leyfa mér að minnast stuttlega á það, sem eg áður hefi drepið lauslega á, viðvíkjandi forminu á fjárlagafrumv., sérstaklega á 13. og 14. grein, sem mjög æskilegt væri að skift yrði í tvent, hvorri um sig.

Eg skal fyrst snúa mér að 13. gr.; þessari grein væri heppilegast að skift væri í tvent:

I. Kirkjumál.

II. Kennslumál, sem svo skiftast aftur í 2 eða 3 undirflokka, nfl.

A. Æðri mentaskólar, og þar undir taldir gagnfræðaskólar.

B. Alþýðumentun, og þá þar undir

taldir stýrimannaskólinn, búnaðarskólarnir og iðnaðarskólar, eða þá hafa 3. flokkinn:

C. Fagskólar, og telja þar undir þessa síðast töldu skóla, stýrimannaskólann, búnaðarskólana, iðnaðarskóla og aðra sérskóla, er stofnaðir kynnu að verða.

14. gr. ætti einnig að skiftast í tvent, A. og B. yrði sín grein hvað.

A. greinin ætti svo aftur að skiftast í þessa undirflokka:

a. Bókasöfn og önnur söfn.
b. Bókmenta- og vísindafélög, svo sem Bókmentafélagið; og ætti þá einnig þar með að telja »Þjóðvinafélagið«, þótt það í strangasta skilningi hvorki geti heitið vísindalegt né bókmentalegt, heldur öllu heldur þjóðlega vekjandi félag.
c. Styrkur til einstakra vísindamanna.
d. Skáldskapur og listir.
e. Ýmislegar fjárveitingar, er ekki væri hægt að heimfæra undir neinn af undantöldum flokkum.

Í síðari greininni (B.) væru þá atvinnumálin og skiftist hún þá aftur í 4 undirflokka:

a. Landbúnaður.
b. Sjávarútvegur.
c. Iðnaður.
d. Ýmislegt er upp gæti komið, en ekki er hægt að heimfæra undir neinn af hinum flokkunum.

Eg hefi leyft mér að benda á þessa skiftingu, ef vera kynni, að stjórninni fyndist ástæða til að taka tillit til hennar, þegar hún legði næsta fjárlagafrumv. fyrir alþingi. Með þessari skiftingu væri hægt að fá miklu betra yfirlit yfir fjárveitingarnar, og miklu hagkvæmara og auðveldara að átta sig á allri atkv.greiðslunni.

Þá skal eg snúa mér að þeim br.till., sem komið hafa fram við 13. gr., og eru þá fyrst breyt.till. nefndarinnar. Um þær get eg raunar verið stuttorður, því nefndarálitið gerir, að eg hygg, yfirleitt viðunandi grein fyrir þeim.

Fyrsta breyt.till. nefnd. er við 13. gr. A. b. 2, 4, 5, 6 og 8, um bráðabirgðaruppbót til fátækra brauða, og leggur hún til, að þessir töluliðir séu dregnir saman í eitt, og að sá liður orðist svo: »Til bráðabirgðauppbótar brauðum 5000—5000«. Nefndin kunni illa við að orða liðinn eins og gert hefir verið, og leggur því til að sleppa orðinu »fátækum« (brauðum), vegna þess, að þótt sum af þessum brauðum, sem uppbótin er ætluð, séu fátæk, þá eru þau það ekki öll, eða það þætti að minsta kosti óviðkunnanlegt að kalla þau það, þó þau einhverra hluta vegna þurfi uppbótar við. Það er alls ekki meining nefndarinnar að nokkur af þessum brauðauppbótum, sem taldar eru undir töluliðunum 4, 5, 6 og 8, skuli falla niður, þótt hún hafi dregið þá saman undir 2. lið, heldur er það eingöngu gert til hægðarauka. Annars álítur nefndin það í rauninni réttast, að landsstjórnin hafi dálítið frjálsar hendur til að haga þessum uppbótaveitingum eftir þeim ástæðum, sem fyrir liggja. Hækkunin á liðnum, sem nemur 200 kr., ætlast nefndin til að komi á Prestbakkaprestakall, samkv. áliti hennar um Prestbakkafrumv.

Þá skal eg að eins stuttlega drepa á næstu breyt.till. nefnd. við 13. gr. A. b. 11., um kirkjugarðinn í Reykjavík. Nefndin leggur til að liðurinn sé orðaður þannig, að upphæðinni skuli varið einungis til að kaupa *lóð* til stækkunar kirkjugarðinum, en að henni verði ekki varið meðfram til þess að slétta þá lóð, sem kirkjugarðurinn á eða eignast. Nefndin álítur einnig, að fénu sé bezt varið á þann hátt, að kaupa sem mest af lóð að hægt er nú þegar, vegna þess að lóðirnar stíga

stöðugt í verði, bæði í bænum og í nánd við hann.

Breyt.till. nefnd. við B. II. b. 4 um styrkinn til læknaefna, þarf eg ekki að tala, því hún verður tekin aftur.

Þá hefir komið fram breyt.till. á þgskj. 337, frá þm. Dal. (B. Bj.) við B. II. c., viðvíkjandi kaupum á Reykjavíkurspítala. Nefndin hefir nefnilega stungið upp á að kaupa spítalann fyrir 15 þús. kr., í því skyni að nota hann fyrir læknaskólann fyrst um sinn og jafnframt undir efnarannsóknarstofur. Að vísu hugsar nefndin sér þetta fyrirkomulag að eins til bráðabirgða, svo mönnum gæfist tækifæri til að átta sig betur á, hvernig haganlegast væri að haga þessum bygginum, sem innan skamms tíma verður að byggja fyrir opinbert fé. Kaupin geta heldur ekki í sjálfu sér álitist vond, því þótt húsið sjálft sé ekki merkilegt, þá fylgir því mikil lóð. Nefndin bar sig saman við smið hér í bænum, og vildi hann ekki álíta þetta slæm kaup, og eftir því, sem hann sagði, þá má nota húsið töluvert til frambúðar. Nú er við þetta komin fram breyt.till. frá h. þm. Dal. (B. Bj.), eins og eg sagði, sem sýnist benda á, að þm. sé ekki alls kostar ánægður með þessa ráðabreytni nefndarinnar, en vill verja 35 þús kr. til að byggja sérstakt hús fyrir læknaskólann nú þegar, en því verður nefndin að vera mótfallin. Það má búast við því, að áður langt um líður, verði að byggja yfir bæði læknaskólann og prestaskólann, og vonandi verður þess heldur ekki langt að bíða, að við fáum lagaskóla. Yfir alla þessa þrjá skóla þyrfti þá að byggja, og væri auðvitað langhaganlegast að bygt væri eitt hús yfir þá alla. Að fara nú að byggja sérstakt hús fyrir læknaskólann væri því að eins að tjalda til einnar nætur, og yrði að eins til kostnaðarauka fyrir landssjóð; hins vegar er lóðin, sem Reykjavíkurspítala fylgir, svo mikil, að engin líkindi eru til, að eignin lækki neitt í verði að mun.

Þá er frá sama þm. (B. Bj.), önnur breyt.till. við 13. gr. B. III. c. 1. um að lækka styrkinn til bókasafns lærða skólans úr 600—600 kr. niður í 300—300 kr. Nefndinni er ekki ljóst, hvað vakir fyrir háttv. flutnm. breyt.till. Auðvitað gæti verið meining í þessari breyt.till., ef landsbókasafnið væri styrkt því betur, en á meðan það safn er ekki í betra standi en það er, og hefir ekki betra húsrúm, þá getur nefndin ekki mælt með þannig lagaðri breytingu.

13. gr. B. IV., styrknum til Möðruvallaskólans, hefir nefndin ekki viljað hreyfa við, fyr en það mál er útkljáð í h. Ed., hvort gagnfræðaskólinn verði endurreistur á Akureyri.

Þá kem eg að 13. gr. B. VI, að styrknum til kvennaskólanna. Nefndin leggur til að styrkurinn til kenslu í heimilisiðnaði við kvennaskólann í Reykjavík sé hækkaður úr 300 kr. á ári upp í 500 kr., og verður þá allur styrkurinn til skólans alls 3000 kr. á ári. Svipaðan styrk vill nefndin einnig leggja báðum norðlenzku skólunum, en svo skiftist helmingurinn af þeim styrk í milli þeirra, eftir nemenda tölu þeirra hvors um sig; henni finst ekki ósanngjarnt, að þeir báðir til samans fái helmingi meiri styrk en skólinn í Reykjavík, ef þeir hafa tvöfalt fleiri nemendur. Einn af h. meðnefndarmönnum mínum gat þó ekki felt sig við þetta fyrirkomulag, nfl. háttv. 1. þm. Húnv. (H. J.), en vildi fá meiri styrk til skólans á Blönduósi. Hann vildi að þeim skóla yrði veitt hin sama upphæð og skólanum í Reykja-

vík til kenslu í heimilisiðnaði, nfl. 500 kr. á ári, enda þótt skólinn að öðru leyti fengi hærri styrk en Reykjavíkurkvennaskólinn. Það getur vel verið, að nemendurnir á Blönduósskólanum séu fleiri en á þessum síðast nefndum skóla, og hefir hann þó heimavistarplássin um fram, en engu að síður getur nefndin þó ekki verið með þessu. Aftur á móti gæti verið spursmál um það, hvort þessi skóli, sem sjálfur hefir útvegað sér öll áhöld til þessarar hannyrða og heimiliskenslu, ekki ætti að fá einhvern svipaðan styrk og Reykjavíkurskóli fekk á síðustu fjárlögum í þessum tilgangi, en sá styrkur væri auðvitað veittur í eitt skifti fyrir öll, en ekki sem árlegur styrkur.

Á þgskj. 337 er breyt.till. frá h. þm. Dal. (B. Bj.), um að lækka styrkinn til norðlenzku skólanna þannig, að styrkurinn til hvers nemanda sé færður niður úr 35 kr. niður í 20 og allur styrkurinn til nemendanna fari eigi fram úr 2000 kr. í stað 3000 kr. Nefndin getur ekki fallist á þessa breytingu; henni finst vera gjörður nógur munur á körlum og konum áður í því, sem varið er þeim til mentunar, þótt ekki sé farið að klípa af þessum uppástungum nefndarinnar. En hvað snertir tillögu nefnd. um kvennaskólana yfirleitt, þá vill hún leggja mikla áherzlu á það, að skólarnir norðanlands séu sameinaðir í einn skóla, einmitt í sambandi við það, þegar gagnfræðaskólinn verður endurreistur. Hvað sérstaklega skólann á Blönduósi snertir, skal eg taka það fram, að þótt sá skóli, eins og sagt hefir verið, sé bygður í trássi bæði við guð og góða menn, þá eiga Húnvetningar lof skilið fyrir það, að þeir hafa ekki einungis verið duglegir í því að byggja skólann í trássi, heldur hafa þeir einnig sýnt dugnað sinn í því, að taka á sig þung gjöld skólans vegna, og þess vegna get eg vel felt mig við, að hann verði kvennaskóli fyrir alt Norðurland.

Viðvíkjandi Flensborgarskólanum hefir nefndin ekki stungið upp á neinni breytingu, vegna þess að hún vildi sjá fyrst, hvernig frumv. um stofnun sérstaks kennaraskóla reiddi af, en verði þess þörf, þá mun nefndin koma fram með nauðsynlegar breyt.till. á þessum lið fjárlaganna.

Nefndin hefir lagt til, að styrkur til stúdentafélagsins til að halda uppi alþýðufyrirlestrum, sé aukinn um 200 kr., og þykist ekki þurfa að mæla með þeirri fjárveitingu. Hinn lofsverði tilgangur félagsins með þessu fyrirtæki er öllum kunnugur, og það ljúka allir einu orði upp um það, að fyrirlestrarnir hafi verið mjög vekjandi.

Jafnframt leggur nefndin til, að styrkurinn til að kenna söng og orgelspil falli burt, og fyrir því hefir nefndin gert svo ítarlega grein í nefndarálitinu, að eg get alveg slept að rökstyðja það frekar. Nú er komin fram breyt.till. á þgskj. 306 frá 1. þm. G. K. (B. Kr.) um að hækka þennan lið um helming, eða upp í 2,000 kr. á ári, sem styrk handa söngfróðum manni, sem verið hefir um mörg ár í útlöndum, og haft söng og hljóðfærakenslu fyrir aðalatvinnuveg. Það vakti fyrir nefndinni, þótt hún kæmi með till. um að fella þennan lið burtu, að ástæða gæti verið til að styrkja mann þann, sem hefði á hendi organslátt hér í dómkirkjunni, ef hann væri verulegur músíkalskur kraftur fyrir landið, en að það hlyti að vera komið undir persónulegu trausti á manninum sjálfum. Til þess að vera með slíkum styrk, yrði nefndin því að fá fulla trygging fyrir því, að slíkur maður, sem hún gæti borið svo mikið persónulegt traust til, væri fáanlegur í starfið; en meðan nefndinni er ókunn

ugt um þetta, verður hún að vera bæði á móti sjálfum liðnum og breyt.till., sem auk þess fer fram á töluverða styrkhækkun.

Jafnframt því sem styrkurinn til orgelkenslu í Reykjavík er feldur, þá er eðlilegt að styrkurinn til orgelkenslu á Akureyri falli líka. Þá hefir nefndin lagt til að styrkur til unglingaskóla í Dalasýslu væri líka strikaður út, og er gerð grein fyrir því í nefndarálitinu. Þessi skóli var settur inn á fjárlögin í hitt eð fyrra móti fjárlaganefndinni, og kemur í bága við það plan er nefndin vill fylgja í alþýðumentamálum; en með því er ekki neitað, að skólinn *geti* gert gagn. Þá hefir nefndin stungið upp á styrk til Stefáns Eirikssonar til að fullkomna sig í skólaiðnaðarkensluaðferðum, til þess að hann geti tekið að sér kenslu í skólaiðnaði við skólana hér í Rvík, því þó hann sé hagur og kenni vel, þá hefir hann þó ekki lært skólaiðnað með sérstöku tilliti til, hvernig hann verði bezt kendur í skólum. Hann hefir sjálfur óskað eftir nokkrum styrk til þessa, og álítur nefndin nauðsynlegt að veita hann. Þá kemur styrkurinn til Guðm. Finnbogasonar, og hefir fjárlaganefndin tekið hann upp eftir tillögum mentamálanefndarinnar, og get eg búist við að framsm. þeirrar nefndar geri grein fyrir tillögunni; að eins skal eg taka það fram, að eg legg sérstaka áherzlu á, að þessi maður kynni sér mentunarástandið hér á landi, því það er nauðsynlegt að átta sig á svo mörgu, t. d. í hverju það liggur, að mentunarástandið er betra í einu héraði en öðru, og hvað það hefir verið um næstliðna öld, sem hefir haldið alþýðumentuninni við. Og svo framarlega sem vér eigum arfleifð, sem hefir haldið við þeim mentunarneista sem enn lifir, þá er nauðsynlegt að þess sé gætt, að kæfa ekki þann neista, heldur glæða hann, þegar á að fara að veita nýjum mentastraumum yfir landið. Það er því mikið verkefni sem liggur fyrir þessum manni, er hann fer að ferðast um landið.

Landshöfðingi: Eg hefi ósköp lítið að athuga við þessa grein, eins og nefndin hefir gengið frá henni. Við A hefi eg ekkert að athuga, nema að ekki er gengið út frá því að fella burt afgjaldið af Prestsbakka, »ceterum censeo«. Svo eru sérstaklega 2 liðir, sem eg get ómögulega felt mig við. Fyrst 41. liðurinn um 250 kr. hvort árið til síra Magnúsar Magnússonar til að halda uppi íslenzkri guðsþjónustu í Khöfn. Það kom frá danska kúltusministerlínu fyrirspurn um það, hvort tiltök væri á að fá slíka fjárveitingu hjá þinginu. Eg sendi þessa fyrirspurn til biskupsins, en hann lagði á móti þessu, og var mér það sérstaklega hugljúft að geta sent þessi mótmæli, því eg sé ekki hvaða ástæða er til þess fyrir landssjóð, að veita styrk til að halda uppi íslenzkri guðsþjónustu í Khöfn, því þeir Íslendingar, sem þar eru, geta ofurvel fylgst með danskri guðsþjónustu. Hér í Reykjavík hefir verið haldið uppi danskri guðsþjónustu um mörg ár, og veit eg ekki til að ríkissjóður hafi lagt einn eyri til þess. Hví skyldum við þá eiga að kosta guðsþjónustu í Khöfn? Mér finst því þessi tillaga mjög svo óhæfileg.

Þá er 44. brt. nefnd. um hækkun á fjárveitingunni til tímakenslu í latínuskólanum, 150 kr. á ári. Yfirkennari Stgr. Thorsteinsson hefir sótt um 160 kr. til tímakenslu á ári, til þess hann gæti haft færri stundir á viku. Eg skal geta þess, að sams konar málaleitan kom til stjórnarinnar 1901, en var ekki sint þá, vegna þess að það er almenn regla í Danmörku og víðar, að kennarar, sem eru komnir yfir sextugt, eru

látnir hætta kenslustörfum við skóla; en þessi kennari er kominn yfir sjötugt, og ætti því að sækja um lausn frá embætti. Finnist þinginu ástæða til, þá ætti það að sýna þessum manni viðurkenningu með því að veita honum ríflega eftirlaun, eða jafnvel láta hann halda þeim launum, sem hann hefir, er hann fengi lausn frá embætti, en ekki vera að gefa tækifæri til að fækka kenslustundum við hann. Þetta er föst regla við skóla erlendis.

Brt. um fjárveitinguna til kvennaskólanna get eg ekki fallist á, hvorki til Rvíkurskólans né norðlenzku skólanna. Þá get eg ekki fallist á 50. brt. n. um að fjárveitingin til organleikarans í dómkirkjunni falli burt. Síðan 1879 hefir altaf landssjóður borgað fyrir orgelspil í dómkirkjunni, og þetta verið sérstakur liður á fjárlögunum. Vegna þess að kirkjan er dómkirkja, er sjálfsagt að landssjóður leggi eitthvert fé til orgelspilsins. Það getur þurft að leika á orgel við athöfn, sem söfnuðinum kemur ekkert við, t. d. þegar alþingi er sett, þá verður organistinn að spila, en hann væri ekki skyldugur til þess, ef landssjóður borgar ekkert fyrir það. (*Pétur Jónsson:* Alþingiskostnaður). Eg fyrir mitt leyti álít því algjörlega rangt, að fella þenna lið í burtu. Að öðru leyti finn eg ekki ástæðu til að tala frekar um þessa grein; en að því er snertir brt. frá einstökum þm., þá greiði eg atkv. móti þeim öllum.

ATKV.GR.: 13. gr. A. a og b. sþ. með 20 samhlj. atkv.

Brt. 35 á þgskj. 230, við 13. gr. A. b. 2, sþ. með 12 samhlj. atkv.

Aths. sþ. með 19 samhlj. atkv.

13. gr. A. b. 3, sþ. með 20 samhlj. atkv.

Brt. 36 á þgskj. 230, við 13. gr A. b. 4, sþ. með 20 shlj. atkv.

Brt. 37 á þgskj. 230, við 13. gr. A. b. 5, sþ. með 20 shlj. atkv.

Brt. 38 á þgskj. 230, við 13. gr. A. b. 6, sþ. með 18 shlj. atkv.

13. gr. A. b. 7. sþ. með 20 shlj. atkv.

Brt. 39 á þgskj. 230, við 13. gr. A. b. 8, sþ. með 14 : 3.

13. gr. A. b. 9 og 10 sþ. með 15 shlj. atkv.

Brt. 40 á þgskj. 230, við 13. gr. A. b. 11, sþ. með 18 shlj. atkv.

13. gr. A. b. 11, með aths. sþ. með 19 shlj. atkv.

Brt. 41 á þgskj. 230 (nýr liður 12.) feld með 11 : 8. atkv.

13. gr. B. I. a. og b. sþ. með 22 atkv.

13. gr. B. II. a og b 1—3 sþ. í e. hlj.

13. gr. B. II. b. 4 sþ. í e. hlj.

Brt. 42 á þgskj. 230, við 13. gr. B. II, tekin aftur.

13. gr. B. II. b 5—8 sþ. í e. hlj.

Brt. 1 á þgskj. 337, við brt. 43 á þgskj. 230, feld með 19 : 1. atkv.

Brt. 43. á þgskj. 230 við 13. gr. B. II. (nýr liður c) sþ. með 17 shlj. atkv.

Brt. 43 á þgskj. 230 við 13. gr. B. II. (nýr liður d) sþ. með 18 shlj. atkv.

13. gr. B. III. a. og b. sþ. með 20 shlj. atkv.

Brt. 2 á þgskj. 337, við 13. gr. B. III. c 1, feld með 16 : 1 atkv.

13. gr. B. III. c. 2—3 sþ. með 20 shlj. atkv.

Brt. 44 á þgskj. 230, við 13. gr. B. III. c. 4, sþ. með 14 shlj. atkv.

13. gr. B. III. c. 5 sþ. með 16 shlj. atkv.

13. gr. B. III. c. 6—13 sþ. í e. hlj.

Brt. 3 á þgskj. 337 við 13. gr. B. III. 10 tekin aftur.

13. gr. B. IV. sþ. í e. hlj.

13. gr. B. V. sþ. í e. hlj.

13. gr. B. VI. a. 1 sþ. með 21 shlj. atkv.

Brt. 45 á þgskj. 230, við 13. gr. B. VI. a. 2, sþ. með 15 : 1 atkv.

Brt. 46 á þgskj. 230, við 13. gr. B. VI. a. 3, sþ. með 17 shlj. atkv.

Brt. á þgskj. 277, við 13. gr. B. VI. a. 3, feld með 15 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, vegna ógreinilegrar atkv.gr., og sögðu

já:	*nei*:
Hannes Hafstein,	Árni Jónsson,
Herm. Jónasson,	Jón Magnússon,
Lárus H. Bjarnas.,	Björn Bjarnarson,
Ólafur Briem,	Eggert Pálsson,
Ólafur Ólafsson,	Einar Þórðarson,
Ólafur Thorlacius,	Guðl. Guðmundsson,
Skúli Thoroddsen.	Hannes Þorsteinss.,
	Jóh. Jóhannesson,
	Jóhannes Ólafsson,
	Magnús Andrésson,
	Magnús Stephensen,
	Pétur Jónsson,
	Stefán Stefánsson,
	Tr. Gunnarsson,
	Þórh. Bjarnarson.

Björn Kristjánsson var fjarverandi.

Brt. 47 á þgskj. 230, við 13. gr. B. VI. a. 4, sþ. með 15 shlj. atkv.

Brt. 2 á þgskj. 337, við brt. 48 á þgskj. 230, feld með 13 : 7 atkv.

Brt. 48 á þgskj. 230, við 13. gr. B. VI. (á eftir a. 4 nýr liður a. 5) sþ. með 17 atkv.

13. gr. B. VI. b—f sþ. í e. hlj.

Brt. 49 á þgskj. 230, við 13. gr. B. VI. g, sþ. með 13 : 1 atkv.

Brt. 50 á þgskj. 230 við 13. gr. B. VI. h. sþ. með 13 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, vegna ógreinilegrar atkv.-gr., og sögðu

já:	*nei*:
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Eggert Pálsson,	Guðl. Guðmundsson,
Einar Þórðarson,	Jóhannes Ólafsson,
Hannes Hafstein,	Magnús Andrésson,
Hannes Þorsteinss.,	Magnús Stephensen,
Herm. Jónasson,	Skúli Thoroddsen,
Jóh. Jóhannesson,	Tr. Gunnarsson.
Ólafur Briem,	
Ólafur Ólafsson,	
Ólafur Thorlacius,	
Pétur Jónsson,	
Stefán Stefánsson,	
Þórh. Bjarnarson.	

Björn Kristjánsson var fjarverandi, en Björn Bjarnarson og Lárus H. Bjarnason greiddu eigi atkv. og teljast því til meiri hluta.

Brt. á þgskj. 306, við 13. gr. B. VI. h, þar með fallin.

Brt. 51 á þgskj. 230, við 13. gr. B. VI. i, sþ. með 14 : 2 atkv.

13. gr. B. VI. j.—l. sþ. í e. hlj.

Brt. 52 á þgskj. 230, við 13. gr. B. VI. m, sþ. með 14 : 4 atkv.

13. gr. B. VII. sþ. í e. hlj.

13. gr. B. VIII. sþ. með 20 shlj. atkv.

Brt. 53 á þgskj. 230, við 13. gr. B. VIII, (nýr liður) sþ. með 18 shlj. atkv.

Brt. 54 á þgskj. 230, við 13. gr. B. VIII. (nýr liður), sþ. með 17 shlj. atkv.

---

14. grein, 5. ágúst. (Atkv.skrá bls. 445).

Framsögum. (Pétur Jónsson): Eg hefi sama formála og áður um það, að eg skal fara sem skemst yfir sögu og vísa til nefndarálitsins. Viðvíkjandi Landsbókasafninu í Rvík hefir nefndin gert 3 brt., og er gerð grein fyrir þeim í nefndarálitinu, svo að eg bæti engu verulegu við það. Nefndinni virðist hækkunin á launum bókavarðarins of mikil hjá stjórninni, þó þau séu ekki nema í hlutfalli við stundafjölgun þá, sem fylgir í skilyrðunum. En það virðist svo, sem hinn áskildi stundafjöldi áður hafi verið alveg ótrúlega lágur í

samanburði við launin, og fer því nefndin skemra með launahækkunina. Að öðru leyti hefir nefndin miðað till. sínar við uppástungur landsbókasafnsnefndarinnar.

Þá kemur brt. við þessa liði á þgskj. 314, um það, að landið kaupi handritasafn dr. Jóns Þorkelssonar fyrir 10,000 kr. (fyrra árið). Fjárlaganefndin gat ekki fallist á þetta, vegna þess sérstaklega, að bókasafnsnefndin fór ekki fram á það, og kærði sig ekki um að safnið væri keypt, og áleit fjárlaganefndin sig bundna við það. Hún treysti sér ekki til þess að dæma um það, hvaða bækur Landsbókasafnið ætti að kaupa, og því síður gat hún dæmt um hve mikils virði þetta handritasafn er, og eg ímynda mér, að margir í nefndinni séu heldur alls ekki færir um að dæma um gildi þess.

Þá er tillaga nefndarinnar um sýslubókasöfnin. Það hafa borist til nefndarinnar ýmsar raddir þessu samhljóða, og tillaga þannig löguð hefir einnig komið nefndinni í hendur frá mentamálanefndinni. Það sem vakir fyrir nefndinni með þessari tillögu við 14. gr. A. 2. er það, að hún vonast eftir að þessi söfn geti orðið til meiri nytja fyrir almenning, en amtsbókasöfn hafa orðið hingað til. Ef þau kæmust upp og áhuginn fyrir þeim vaknaði, þá er hugsanlegt að mætti minka styrkinn til amtsbókasafnanna, og þangað yrði þá keyptar að eins dýrar bækur og fágætar; þau yrðu þá aðallega fyrir fagmenn og embættismenn, og hinar alþýðlegri bækur þeirra dreifðust til sýslubókasafnanna. Það er minst á þessi sýslubókasöfn í bók Guðm. Finnbogasonar um lýðmentun, og setur hann þau í samband við skólana og álít eg það fyrirkomulag mjög heppilegt, og væri vert að taka þær tillögur hans nánar til athugunar.

Viðvíkjandi till. nefndarinnar um það að lækka laun landskjalavarðarins um 400 kr. eða öllu heldur hækka þau um 400 kr. minna en stjórnin stingur upp á, færir nefndarálitið fram nægar ástæður, svo eg fer ekki frekar út í það.

Þá kemur brt. frá hv. þm. Vestm. (J. M.) um það, að breyta fjárveiting þeirri, sem í frv. stendur, til þess að afrita merk skjöl í safninu, sem liggja undir skemdum, en brt. fer fram á, að veittur sé styrkur til þess að afrita handrit *handa* skjalasafninu. Eg ímynda mér að nefndin leggi ekki mikla áherzlu á hvað ofan á verður, en eg þori þó að segja, að hún álítur yfirleitt, að það muni vera nóg til enn þá af handritum í safninu, sem þörf er á að afrita, og megi láta bíða að fá handrit að til þess að skrifa upp. Að öðru leyti er nefndinni sama um þetta.

Ekki hefir nefndin getað verið með styrknum til Guðm. Guðmundssonar. Auðvitað neitar nefndin ekki þar með að hann hafi góða skáldskapargáfu og hafi vald á fínu og fögru máli, en henni hefir þrátt fyrir þetta ekki sýnst ástæða til að veita honum skáldstyrk, auk þess sem slíkar veitingar stríða á móti þeim skoðunum, sem nefndin vill setja persónulegum fjárveitingum.

Tillagan um það, að veita Þorsteini Erlingssyni samskonar styrk, hefir auðvitað fleiri talsmenn, og auk þess hefir honum áður verið veittur slíkur styrkur í fjárlögunum, svo að hér er nokkuð öðru máli að gegna. Hugsa eg því, að nefndin geti frekar greitt honum atkvæði sitt, ef hinni hv. deild sýnist að samþykkja hann.

Viðvíkjandi 14. liðnum á atkvæðaskránni lítur nefndin svo á, að félagið sem hér er um að ræða: Bindindissameining Norðurlands, fari í svipaða stefnu og Goodtemplarafélagið, en félagi þessu

hefir enginn gaumur verið gefinn og er þó alinnlent bindindisfélag, upphaflega stofnað af hinum mikla bindindisfrömuði síra Magnúsi Jónssyni í Laufási, og hefir, síðan hans misti við, unnið algerlega í hans anda. Eg get því miður ekki gefið skýrslu um félagatölu þessa félags, en um hitt get eg borið sem dálítið kunnugur maður, að það hefir haft mjög góð áhrif, eins og bindindishreyfingin yfir höfuð.

Viðvíkjandi fjárveitingunni til dómasafnsins, þá er það ekki annað en tilfærsla frá 10. gr.

Nefndinni hefir fundist ástæða til að bæta við styrkinn til Leikfélags Reykjavíkur með því skilyrði, að bæjarsjóður hér veiti félaginu tvo hluti á móts við þetta fé. Það gerir nefndin í því skyni, að vera kann, að félagið verði ekki alt af eins vel skipað og nú, og þá er það ekki gott fyrir alþingi, að dæma um það í hvert skifti, hvort félagið er vert að fá þenna styrk, en það er hægra fyrir Reykjavíkurbúa að ákveða það, og þá fellur landssjóðsstyrkurinn auðvitað niður, ef bæjarsjóður vill ekki styrkja félagið eða álítur það ekki þess vert.

Aftur á móti finst nefndinni ekki ástæða til að hækka styrkinn meira en hún hefir gert, en það fer breyt.till. á þskj. 313 fram á.

Aftur er breyt.till. á þskj. 337, sem fer fram á það, að þessi styrkur, sem nefndin hefir ætlað Leikfélaginu, takist af því, og gangi til Lúðrafélagsins hér í Reykjavík.

Nefndin getur ekki fallist á þessa breyt.till., því að þó að þetta félag eigi máske gott skilið, þá er þýðing þess ekki jöfn við Leikfélagið. Lúðrafélagið er aðallega fyrir þenna bæ, og ef það þyrfti styrks með, þá væri bæjarsjóði hér skyldast að styrkja það, en þýðing Leikfélagsins er miklu víðtækari, sú nefnilega, að fullkomna og útbreiða leikmentina á Íslandi.

Þá kemur 18., 19. og 20. liðurinn á atkvæðaskránni, og skal eg fara þar fljótt yfir, til þess að spara tímann. — Nefndinni virðist engin þessi fjárveiting svo þörf, að hún sjái brýna nauðsyn til hennar. Helzt væri nefndin þó tilleiðanleg með styrkinn til Sigfúsar Blöndal, þegar sýnt væri, að hann gæti verulega sint því starfi, sem styrkurinn er til.

Það hefir komið fram tillaga um það frá háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), að fella niður 21. liðinn við 14. gr. o: styrkinn til Boga Melsteds. Nefndin er ekki á því, að það sé rétt. Þessi maður hefir nú í mörg ár unnið að þessu sama starfi, að rannsaka og rita um sögu Íslands. Það hefir oft áður verið fundið honum til foráttu, að það lægi svo lítið eftir hann, en nú þegar hann er farinn að sýna það í verkinu, að styrkurinn hefir ekki verið til ónýtis veittur, þá hefir oss í nefndinni ekki sýnst rétt, að fara að svifta hann þessu fé. — Frá hinum sama háttv. þm. (Sk. Th.) hefir og komið tillaga um það, að Sighvati Grímssyni Borgfirðing sé veittur styrkur til þess að semja prestaæfir, en nefndin hefir ekki getað fallist á, að veita þetta fé, þó hún fyllilega viðurkenni það, að ólærðir alþýðumenn eigi jafnt að njóta styrks og lærðir menn, ef þeir standa þeim jafnfætis að öðru leyti.

En að því er þenna mann snertir, þá hefir ekkert sést eftir hann, er geti sýnt það, að hann sé þessa styrks maklegur, og þess vegna treystir nefndin sér ekki til þess að mæla með því, heldur hefir hún ákveðið, að vera styrknum mótfallin.

Að því er Konráð Stefánsson snertir,

þá hefir nefndin ekki getað tekið hann með. Þó að nefndina að vísu langi til þess, að styrkja unga og efnilega menn, þá hefir hún ekki séð sér fært að veita nema mjög fáa styrki, og þess vegna ekki þenna styrk, sem Konráð fer fram á. — Það er ekki hægt að láta öllum hjálp í té, og það verður að setja því einhver takmörk, það er ekki af því, að nefndin hafi ekki fullkomlega gott álit á þessum pilti, þó að hún treystist ekki til að veita styrkinn. — Sama er að segja um styrkveiting til Karls Finnbogasonar og Sigurðar Sigurðssonar; nefndin vildi ekki hleypa þeim að.

Til Jóns sagnfræðings leizt nefndinni að veita sama styrk og áður. Um hann er óþarfi að fjölyrða; hans verk hafa fengið svo mikið orð á sig, og starf hans hefir haft svo mikil áhrif, að nefndinni þótti vert að sýna þessum manni tiltrú og viðurkenningu. — Auk þess er fjöldi manna hér í bænum, sem heyrt hefir fyrirlestra hans, og óskað þess, að hann fengi sama styrk og áður eða meiri.

Breyt.till. um, að úr athugas. falli: »40 kr. fyrir hverja örk«, hefir nefndin ekki á móti, því hún álítur ekki rétt að setja þessum manni nein hörð skilyrði, heldur sýna honum tiltrú, sem hún álítur bezt geti hvatt hann til starfs og framkvæmdar.

Þá er styrkurinn til síra Bjarna Þorsteinssonar. Nefndin fer fram á, að honum sé veittar 1000 kr. fyrra árið til þess að fara utan og fullkomna þar safn hinna íslenzku þjóðlaga, sem hann hefir haft með höndum að safna. — Það er stórt verk, sem hann er að ljúka við, og það er óhætt að fullyrða, að það hefir verið veittur styrkur til að safna ýmsu ómerkilegra dóti, en íslenzkum þjóðlögum. Söngfróðir menn, sem séð hafa það, hafa álitið þetta mjög mikilsvert safn, og talið það mjög heppilegt, að þessum þjóðlögum væri haldið til haga, sem allir sjá, að hafa mikla þýðingu fyrir menningarsögu vora og sönglist. Hann hefir nú verið að safna þessu um síðustu 20 ár, og langar til að leggja síðustu hönd á verkið, sem hann treystist ekki til af eigin ramleik, þar eð hann hefir unnið að þessu hjálparlítið allan þennan tíma. — Vona eg að hin háttv. deild taki vel í þetta, og hins sama vænti eg, að því er Helga Péturssyni snertir, einkum þar sem til þess er ætlast, að styrkur þessi fari í praktiska átt, nefnilega, að skyggnast eftir kolunum á Norður- og Austurlandi.

Um styrkinn til Bjarna Sæmundssonar þykist eg ekki þurfa að orðlengja; eg ímynda mér, að sú fjárveiting mæli með sér sjálf.

Þá er styrkurinn til Ásgríms Jónssonar. Nefndinni hefir borist ósk frá honum sjálfum, þar sem hann segist langa til að fullkomna sig í málaralist. — Það hafa verið hér inni í fjárlaganefndarherberginu nokkur sýnishorn af málverkum hans, og dags daglega hafa komið þangað bæði útlendir og innlendir menn, sem hafa dáðst að þeim, og lokið á þau lofsorði. Og flestir hafa sannfærst um, að mikið efni byggi í þessum manni til þess, að verða góður málari, og jafnvel listamaður, og væri því ekki nema réttmætt og skylt fyrir þingið, að rétta honum hjálparhönd.

Nefndin hefir og farið fram á að veita Jónasi Helgasyni 1000 kr. í viðurkenningarskyni fyrir störf hans í þarfir sönglistarinnar hér á landi. — Nefndin áleit, að það ætti ekki illa við, þegar þess er gætt, hve mikið hann hefir starfað í þessu efni, og allir ljúka upp einum munni um það, að það hafi haft stór-mikla þýðing fyrir landið í heild sinni.

Nefndinni er kunnugt um það, að hann er efnaður maður, og á því byggir hún það, að veita þessa upphæð í heiðursskyni fremur en eftirlaun, sem síður en ekki er heiður að.

Það getur verið álitamál, hvort þetta er nógu mikið, en ef einhver vill hækka það, þá hugsa eg, að nefndin hafi ekki mikið á móti því fyrir sitt leyti.

27. liðurinn er styrkur til Stefáns Björnssonar, til þess að nema teikning og skólaiðnað. Þessi styrkur er aðallega veittur með það mark fyrir augum, að fá hann svo til þess að vera kennara á Akureyri við skólann þar. Nefndin er á því, að ef hann vill ekki taka skólann að sér, þá verði honum heldur ekki veittur styrkurinn; hann á að eins að fá hann með þessu skilyrði.

Að því er snertir styrkinn til Sigfúsar Einarssonar, þá vildi eg minnast á hann í fám orðum. Nefndin hafði til meðferðar umsókn frá honum, og tók sér það mjög nærri, að geta ekki orðið við beiðni hans. Nefndin hefir nú yfirleitt, ef til vill, ekki mikla þekkingu á söng, en þrátt fyrir það hefir oss nefndarmönnum geðjast vel að söng hans, sem hann hefir gefið mönnum kost á að heyra.

Hún treystir sér ekki að dæma um, hvort hér er efni í listamann eða ekki, en ef þessi styrkur væri veittur, þá áleit nefndin, að hann væri teymdur út á þá braut, sem spursmál er um, hvort hann gæti nokkuð haft upp úr hér á Íslandi. Þess vegna þótti henni viðsjárvert að veita styrkinn.

Maður þessi er stúdent, sem les lögfræði við háskólann, og væri það heppilegt, að hann gæti lokið lögfræðisnáminu áður en hann sneri sér fyrir alvöru að sönglistinni. Þá gæti hann átt lögfræðiskunnáttuna eins og sjóð á bak við sig, og háskólaprófið gæti aflað honum starfs eða stöðu ef hitt brigðist. — Nefndin hefir því álitið heppilegra, að hann fyrst lyki við nám sitt, því að hún sér ekki, að söngþekkingin ein saman geti veitt honum svo mikið í aðra hönd hér á landi, að hann gæti lifað af henni.

Eg held eg hafi svo ekki fleira að athuga við 14. gr. A., og sný mér þá, að 14. gr. B.

Viðvíkjandi búnaðarskólunum skírskota eg algerlega til nefndarálitsins. — Ætla eg því að snúa mér að breyt.till. nefndarinnar, þar sem hún fer fram á, að Búnaðarfélagi Íslands séu veittar 2000 kr. til þess að gera tilraunir með kjötsölu erlendis. Hafa menn sérstaklega hugsað sér að gera tilraunir með saltkjöt. Þetta hefir dálítið verið reynt áður af Búnaðarfélagi Íslands, en ekki þó svo að neitt sé verulegt af því að ráða um árangur af slíkri kjötsölu. — Til þess að maður geti fengið vissu um hvernig að íslenzkt kjöt með endurbættri verkunaraðferð gengur á markaði utanlands, þá er nauðsynlegt að láta mann fara til útlanda með sýnishorn af slíku kjöti. Einnig á að senda nýtt kjöt í mjög smáum stíl, til dæmis kindarlæri, og er búist til að hafa umboðsmann í Leith til að koma því á framfæri.

Nefndin stingur upp á því, að styrkurinn til Gróðrarstöðvarinnar falli niður, þannig, að Búnaðarfélag Íslands taki stöðina að sér, án þess að styrkur til þess sé hækkaður, og er þetta gert til þess, að geta fremur miðlað Ræktunarfélagi Norðurlands ríflegri styrk. — Ræktunarfélagið er nokkurs konar undirdeild Búnaðarfélagsins, sem er bráðnauðsynlegt að styrkja og efla. — Með þessu félagi hefir vaknað ný hreyfing hér á landi; menn hafa fengið nýjan áhuga á að fá úrlausnina á ýmsu, er að jarðfræði lýtur. Menn eru orðnir óþolinmóðir að bíða eftir því, að fá

vissu um, hvað jörðin hér hjá okkur getur framleitt; menn vilja fá að sjá það sem fyrst, og þessi áhugi er svo náttúrlegur, að það virðist eigi vera áhorfsmál, að glæða hann með ríflegu fjárframlagi til þessa félags.

Þá hefir komið tillaga frá háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) um styrk til vatnsveitinga í Leiðvallarhreppi til varnar gegn sandfoki. Fjárlaganefndinni hefir verið um og ó, að veita þennan styrk, hún hefir illa getað verið móti honum, en á bágt líka með að vera með honum, því að hér er eigi nægileg trygging fyrir, að fjárframlagið verði að tilætluðum notum eða vatnsveitingin nái fullkomlega tilgangi sínum. Þrátt fyrir það þó nefndin hafi kynt sér skjöl þau, er þetta mál snerta, þá hefir hún eigi getað fengið nógu trygga von fyrir því, að þetta fyrirtæki megi hepnast, eða hvort að þetta geti yfir höfuð borgað sig. Til þess að þetta geti borgað sig, þarf meira til en að halda við því, sem er óeytt af jarðveginum, það þarf líka að græða út og bæta hin eyddu svæði. — En h. flutningsmaður skýrir þetta mál sjálfsagt nákvæmlega fyrir þinginu, svo eg læt hér með úttalað um það. — Þá er næst skógræktarmálið. Eg álít, að það sé að vísu almennur vilji þingsins nú að veita styrk til skógræktarinnar hér á landi. Nefndin hefir þó álitið réttast, að láta standa fjárveitinguna frá í fyrra, og vonast eftir því, að þingið samþykki það, nefnilega 6000 kr. f. á. og 5000 kr. seinna árið, og með þeim styrk er líklegt, að halda mætti áfram tilraunum með skógræktunina eins og áður með sæmilegum árangri. Reyndar er þessi styrkur eigi tiltakanlega mikill, en afsaka má það, þó gætilega sé farið, þar sem þingið hefir í jafn-mörg horn að líta, hvað fjárveitingar snertir, og nú á sér stað þetta ár. Og þó að skógræktin geti haft praktiska þýðingu með tímanum, þá er þetta »með tímanum« of langt fyrir okkur; við þurfum að fá fljótan gróða, og sem fyrst rentur af okkar fjárframlögum, og álítum því réttara, að hlynna nú sem stendur fremur að þeim fyrirtækjum, sem gefa fljótan og hagkvæman arð.

Þá eru næst smjör-verðlaunin, og vil eg þar að eins vísa til nefndarálitsins. — Hækkun þessi er bygð á væntanlegri hækkun verðlaunanna samkvæmt frumv. því, sem fyrir þinginu liggur, og vegna aukins útflutnings.

Þá hefir nefndinni komið saman um að veita 1000 kr. hækkun til byggingarannsókna. Verkfræðingurinn, sem þetta starf hefir með höndum, hefir sýnt fram á það, að hann þurfi að hafa töluverðan útbúnað til rannsóknanna; hann þurfi að ferðast erlendis og kaupa áhöld, sem nauðsynleg séu, og fleira þar að lútandi, svo að nefndin álítur, að eigi sé gjörlegt að hækka styrkinn minna en þetta.

Hvað viðvíkur styrknum til Hólmgeirs Jenssonar, þá hefir nefndin eigi viljað hækka styrkinn úr 300 kr. upp í 600 kr. Má vel vera, að maðurinn eigi meira skilið en þessar 300 krónur, en nefndin þekkir hann eigi sem skyldi, en veit það, að hann er ólærður, og getur því eigi fullnægt þeim kröfum, sem gerðar eru til dýralæknis, sem lærður er. En sé maðurinn í raun og veru styrks verður, þá er líklegt, að hlutaðeigandi sýslufélag veiti honum einhvern styrk.

Um tillögu nefndarinnar viðvíkjandi fjárveitingu til útrýmingar fjárkláðans, þá hefi eg enga athugasemd gert, en álít hana eðlilega afleiðingu af því, sem þingið hefir áður gert í þessu efni.

Þá vill nefndin veita 2000 krónur til þess að rannsaka lungna- og skitupest

í Norður- og Austuramtinu. Þetta er mjög skaðvænn sjúkdómur, og hinn mesti búhnekkir, sem landbændur verða fyrir þar um slóðir. Margur góður og gamall bóndi hefir vegna þessa verið á þeim takmörkum, að missa móðinn og hætta búskap. Eg þekki t. d. einn bónda, sem átti 3—4 hundruð fjár, og varð fyrir 500 kr. skaða á ári fyrir þessa veiki, sem var í fé hans. — Slíkan halla þola ekki landbúin ár eftir ár, og er þetta því eitthvert hið nauðsynlegasta mál, sem fyrir liggur, til að fá kipt í lag; og þegar að ærnar eru farnar að hrynja niður í kvíunum, eins og eg hefi nýlega heyrt af Austurlandi, þá virðist hin brýnasta nauðsyn á, að veita fé til rannsóknar á þessari óáran, ef ske mætti, að bót fengist á henni ráðin.

Nefndin hefir enn fremur álitið rétt að auka fjárstyrk til Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, og sérstaklega til þess að koma þar upp tekniskum skóla. Þá hafa komið óskir frá nokkrum iðnaðarnemum erlendis um styrk. Þeir höfðu allir meðmæli og þau mörg góð. Áleit því nefndin réttast að veita Iðnaðarmannafélaginu dálitið ríflegan styrk, eins og að undanförnu, svo að það gæti aftur styrkt þá, sem það teldi hæfasta, og nauðsynlegast væri að styrkja. Sérstaklega ætlast nefndin til að Halldór Guðmundsson, sem er að nema rafvélafræði, fái af því 500 kr. styrk. — Þá hefir komið beiðni frá Iðnaðarmannafélaginu á Ísafirði um 1200 kr. styrk til að senda mann til að læra aðgerð steinolíumótora, en nefndin hefir ekki sint þessu, þar eð um engan nafngreindan mann var hér að ræða, og yfir höfuð að tala fanst nefndinni þetta mál eigi vera svo úr garði gert að hún gæti tekið það til greina. Nú hefir hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) komið með tillögu um 800 kr. styrk til þessa. Nefndin vill verða með þessu, að því leyti að veittar séu 600 kr., og hefir því gert brt. þess efnis. Hvað tillöguna um að færa upp styrk Rögnvaldar Ólafssonar, úr 600 kr. upp í 700, snertir, þá fann nefndin ekki ástæðu til að hækka þenna styrk, en virðist rétt að láta manninn hafa jafnan styrk og hann hefir haft, styrk sem að samsvaraði Garðstyrknum við háskólann. — Þá er 10. liðurinn, en hann vill nefndin að falli burt að þessu sinni, því að hún álítur nægilegt megi vera að styrkja þessa 2 menn til að stunda skógræðslu, en skógfræðin verði að bíða um sinn. Það verður hvort sem er aðallega að hugsa einungis um skógarleifarnar í bráð, en síðan um plöntun skóga.

Þá er næst efnarannsóknastofustofnunin. Nefndin hefir lagt það til að kaupa hús Rvíkurspítalans, eins og áður er getið, með það fyrir augum, að efnarannsóknirnar fái þar húsrúm þegar spítalahaldið legst niður, en þetta sparar byggingarkostnað. Til þess að kaupa efni og annað nauðsynlegt, sem við þessa stofnun þarf, ætlar nefndin 500 kr. s. á., sem stjórnin ekki hafði gert ráð fyrir. Nefndin álítur nauðsynlegt að hafa yfirmatsmenn á gæðum fiskifarma, en vill lækka laun þeirra úr 2400 kr. ofan í 2000 kr. Mennirnir þurfa auðvitað að vera vandaðir og trúverðugir, en nefndin álítur auðvelt að fá þá fyrir þau laun, sem hún hefir hér ákveðið.

Þá hefir Dráttbrautarfélag Reykjavíkur sótt um 10000 kr. styrk til þess að kaupa frá Englandi »Patent slip«, og setja upp í Reykjavík. Það ætti að standa öðrum nær en mér að tala um þetta mál, en mér dylst það eigi, að sjávarútvegurinn er önnur aðalstoð og stytta landsmanna, einkum hér sunnanlands. Til þessa hefir hann verið alt of stopull og of lítið hægt á honum

að byggja. Eg legg því áherzlu á að styrkja þann atvinnuveg, einkum og sér í lagi í öllu því, sem gerir hann tryggilegan. Það hefir eigi einungis efnalega þýðingu heldur og siðferðilega. Nefndin vill því veita þenna styrk. Af sömu ástæðum er hún með 15000 kr. styrkveiting til skipakvíar á Akureyri. Skipakvína þar álítum við alveg bráðnauðsynlega, og svo mun víst flestum hafa þótt, sem sáu skipin drífa í land á Oddeyri 20. septbr. 1901, þrátt fyrir það þó þau lægju inni á hinum lygna Akureyrarpolli.

Þá eru næst mótorvagnarnir. Nefndin álítur það mikla bót, ef hægt væri að brúka eitthvert afl ódýrara en hestaaflið til þess að draga vagna eftir akvegum landsins. Mótorvagnarnir eru orðnir tíðkaðir erlendis; spurningin er, hvort hægt verði að brúka þá á þeim vegum, sem hér eru, eða breyta megi vegunum með litlum kostnaði, svo að vagnana megi nota hér á eftir. Nefndinni finst sjálfsagt að gera tilraun í þessu efni og hefir hún samið við konsúl Thomsen að fá slíkan vagn sendan hingað frá útlöndum og gera tilraun með hann hér á vegunum. Ef að Thomsen skyldi einhverra hluta vegna hverfa frá þessu, álít eg rétt að fela þetta öðrum manni, því fyrirtækið get ur verið mjög þýðingarmikið ef það hepnast, og felst því á brt. þar að lútandi.

Þá kemur brt. á þgskj. 297, um að veita alt að 4700 kr. til að byggja hafskipabryggju í Stykkishólmi. Fyrir nefndinni lá beiðni um nokkru hærri styrk í þessu augnamiði; er þess getið, að móti minna mundi verða tekið. Nefndin hefir íhugað beiðni þessa mjög rækilega, og álítur hún að hér verði sem oftar að gá að afleiðingunum; kæmu fleiri, sem eins stendur á fyrir, með svipaðar styrkbeiðnir sem þessa, þá eiga þeir að sjálfsögðu jafnmikinn rétt á að fá þær uppfyltar eins og Stykkishólmsbúar. Verði fé veitt til bryggjugerðar þessarar, þá er það næsta eðlilegt, að fram kæmi bænir um styrk til að byggja hafskipabryggjur við mjög margar hafnir á landinu, en það mundi verða ofviða landssjóði, að fullnægja öllum þeim bænum. Það er víst enginn vafi á því, að hægt sé að koma upp góðri bryggju í Stykkishólmi, en bryggjur þar eru viðunandi eins og þær eru nú, og víðast hvar meiri vandræði með uppskipun. Þá er að minnast á styrkinn til Bjarna Þorkelssonar til að læra bátasmíði. Nefndin hefir haft beiðni þessa til meðferðar, en getur ekki, eins og á stendur, verið henni sinnandi; en eg tel það þýðingarlaust, að vera að færa ástæður fyrir hverri einstakri synjun nefndarinnar, enda yrði það alt of langt mál. Eins og oft er tekið fram, vill nefndin hafa sem allra fæstar persónulegar fjárveitingar, og er hér eigi um sérlega brýna þörf að ræða.

Landshöfðingi: Eg skal strax geta þess, viðvíkjandi þessari 14. gr., að eg er mótfallinn flestum breytingum á henni, sérstaklega þeim, sem fara fram á að bæta inn í hana nýjum liðum. Fjárhagurinn er ekki svo glæsilegur nú, að við því megi.

Það eru þó fáeinir liðir, sem eg vil leyfa mér að mæla með.

Þannig álít eg styrkinn til sýslubókasafnanna nytsaman. Hið sama er að segja um styrkinn til vatnsveitinga í Leiðvallarhreppi, með honum vil eg mæla sem bezt, sú styrkveiting er þarfleg, því að hún gengur í þá átt að bæta grasræktina og vernda landið fyrir eyðileggingu af vatni og sandi. Því meiri ástæða er til að veita styrk

þenna, sem hér er um margar þjóðjarðir að ræða, og er hún í samræmi við umræður, þær sem urðu um þjóðjarðasöluna hér í deildinni fyrir skemstu, þar sem það var tekið fram, að það væri skylda landssjóðs að sýna það gagnvart leiguliðunum, að hann væri góður landsdrottinn, er léti sér ant um hag þeirra.

Háttv. nefnd hefir lagt það til að færa niður laun bókavarðarins við Landsbókasafnið um 300 kr. frá því sem er í stjórnarfrumv., eða úr 2000 kr. niður í 1700 kr., þetta álít eg eigi rétt; það er aukið allmikið starf manns þessa nú, og meira en nemur launahækkun þeirri, er nefndin vill láta hann fá; hann hefir vandasamt starf á hendi, sem hann hefir gegnt lengi og vel, og á hann því viðurkenningu skilið fyrir það.

Þá er komin fram tillaga um að kaupa handritasafn dr. Jóns Þorkelssonar fyrir alt að 10,000 kr. Þeirri tillögu verð eg að vera mjög mótfallinn, það kom fram uppástunga um það til stjórnarnefndar Landsbókasafnins, að safnið væri keypt handa Landsbókasafninu, en hún lagði á móti því; svo var leitað til stiftsyfirvaldanna og loks til landshöfðingja, og alt fór á sömu leið. Eg hefi heyrt, að þeir sem hafa kynt sér safnið, álíti það ekki 10,000 kr. virði. Brt. þessi gengur sannlega ekki í þá átt að klæða fjöllin; fyrir þau 10,000 kr., sem hér á að kasta burt, verður ekki klædd ein einasta brekka á landinu.

Háttv. nefnd hefir stungið upp á að fella burtu liðina 18—20, og er eg því samþykkur, nema með 19. liðinn, styrkinn handa cand. mag. Sigfúsi Blöndal, til að semja íslenzk-danska orðabók; eg álít það nauðsynlegt, að bók þessi sé samin, og því verð eg að vera með styrkveitingunni. Aftur get eg ekki verið með að styrkur sé veittur Konráði Stefánssyni til að nema rafmagnsvélafræði suður í Þýzkalandi. Það hefir nýlega verið stofnuð sérstök deild við polýtekniska skólann í Kaupm.höfn, þar sem kend er rafmagnsvélafræði, og geta stúdentar héðan notið fræðslu þar, og fengið Garðsstyrk til þess. Það er því ekki ástæða til þess að veita stúdentum héðan styrk til að nema þessa sömu fræði suður í Þýzkalandi.

Þá skal eg minnast á styrkinn til skógræktartilraunanna. Í stjórnarfrv. er ætlast til að til þeirra séu veittar 8650 kr. fyrra árið og 7350 kr. síðara árið; þetta hefir háttv. nefnd fært niður í 6000 kr. og 5000 kr. Eg lít svo svo á, sem það sé almennur áhugi hjá þjóðinni á því að efla skógrækt í landinu, og að háttv. þm. séu því hlyntir yfir höfuð, eigi sízt þó háttv. fjárlaganefnd; og eg geri ráð fyrir, að sumir þeir, er kunna að greiða atkvæði móti tillögu stjórnarinnar, óski þess í hjarta sínu, að hún yrði eigi að síður samþykt.

Þótt vér óskum þess að klæða landið skógi, vantar oss þekkingu á því, hvernig það megi bezt verða, og þessa þekkingu verðum vér að sækja til útlanda. Nú erum vér svo hepnir, að það eru ágætismenn í Kaupmannahöfn, sem vilja bindast fyrir málinu, og fyrst þeir vilja sýna oss þá velvild, að láta oss í té þekkingu sína, þá er það skylda vor, að fara sem mest að ráðum þeirra, og leggja fram fé það, sem þeir álíta nauðsynlegt, og eg skil ekki heldur í öðru, en hafi landið ráð til að leggja til 10,000 kr. á ári til gufubátsferða á Breiðafirði, 3500 kr. til sams konar ferða á Eyjafirði og 4700 kr. til hafskipabryggju í Stykkishólmi, að það þá einnig hafi ráð til þessa.

Þá sé eg að ætlaðar eru 4000 kr. til teknisks skóla í Reykjavík. Mér er ekki fullljóst, hverjum fé þetta er ætlað, hvort það sé meiningin að stjórnin eigi að koma skólanum upp eða Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík (*Pétur Jónsson*: Iðnaðarmannafélagið). Eg get ekki fallist á, að einstöku félagi séu fengnar í hendur 4000 kr. á ári, án þess að stjórninni sé ætlað að hafa nokkra hönd í bagga með fyrirkomulagi skólans og rekstri.

Þá vill háttv. fjárlaganefnd veita 10000 kr. styrk til dráttbrautar í Reykjavík. Það er þegar búið að verja talsverðu fé til brautar þessarar, án þess að þess sjái mikinn stað. Það er því nokkuð tvísýnt að styrkja fyrirtæki þetta þannig; væri hér að eins um lán að ræða, þá væri nokkuð öðru máli að gegna, en eg get ekki verið með því, að fé þetta sé veitt að gjöf. Sama er að segja um styrkinn til mótorvagnsins; eg hefi ekki trú á að slíkir vagnar geti komið að haldi hér á landi að svo stöddu; vegirnir okkar eru ekki nógu slèttir og nógu breiðir fyrir þá, og því mjög hætt við að slys leiði af þeim. Eg tel því réttast, að fresta öllum útgjöldum úr landssjóði til mótorvagna, þangað til einstakir menn hafa reynt þá.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg á hér tvær breyt.till., sem eg skal gera stutta grein fyrir. Önnur breyt.till. snertir landssjóðseign í Leiðvallarhreppi í Skaftafellssýslu, eign, sem liggur undir eyðileggingu af sandfoki.

Háttv. framsm. (P. J.) bjóst við, að eg mundi gera grein fyrir tillögu minni, og skal eg nú leitast við að gera svo. Eg get ekki verið svo mjög þakklátur háttv. nefnd fyrir undirtektir hennar eins og þær hafa enn komið fram, en eg vona að þær reynist betur á borði en í orði, og að hún muni styðja tillöguna, þegar til atkvæða kemur. Tilgangi mínum er þegar að nokkru náð, því að eg heyrði á ræðu h. framsm. (P. J.), að tillagan hefði vakið óværð í höfði háttv. n.; hann sagði í öllu falli, að nefndin hefði klórað sér þétt í höfðinu yfir henni. Eg álít mér skylt sem þm. héraðsins og sem gagnkunnugum manni, að gera háttv. deild það ljóst, að hér eru miklar eignir í veði, sem sennilegt er að mætti bjarga með tiltölulega litlum kostnaði. En svo verður það að vera á valdi háttv. n. og h. deildar yfir höfuð, hvort hún vill með undirtektum sínum stuðla að því, að allmikið land leggist í auðn og fólkið flæmist í burtu, eftir að búið er að leggja það skýrt og glögt niður fyrir háttv. deild, að hér má vel öllu bjarga, svo að engum vafa getur verið bundið.

Um undirbúning málsins skal eg taka það fram, að eg hreyfði því fyrst á þinginu 1901. Eg skrifaði fjárlaganefndinni þá um það, en það var ekki svo undirbúið, að háttv. nefnd þættist geta tekið fullnaðarákvörðun um það, en hún vísaði því til Búnaðarfélags landsins, í því skyni að það tæki það að sér. Félagið brást vel við þessu, og sendi austur á þessar stöðvar trúverðugan mann til að skoða stöðvarnar; hann mældi upp svæðið, tók kort af því, sem hér er til sýnis, og gerði nákvæma áætlun yfir það, hvað það mundi kosta að ná vatni yfir svæði þetta, bæði til að vernda graslendið og til að græða upp það, sem þegar er komið í auðn. Maður þessi var Sveinbjörn búfræðingur Ólafsson, og var áætlun hans sú, að það mundi kosta 8828 kr. að koma nægu vatni austur fyrir graslendi það, sem eftir er. H. framsm. (P. J.) gaf í skyn, að það mundi varla borga sig að leggja fé í fyrirtæki þetta, ef eigi tækist með áveitunni meira en að verja graslendið.

En það er öldungis víst, að takist það að verja graslendið, þá er það engum vafa bundið, að á mjög fáum árum mun gróa upp fláki jafnstór eða stærri en graslendið, og ef vér hugsum lengra fram í tímann, þá vona eg að þetta sé spor til þess, að þar grói upp miklu meira land en vér nú þorum að hugsa oss. Graslendið, sem eftir er, er eign landssjóðs, allar jarðirnar, bæði þær sem í auðn eru komnar og hinar sem undir eyðileggingu liggja, eru landssjóðs eign; þar er að eins eitt kot, sem metið er eitt hundrað, og sem liggur að mestu undir svörtum sandi, einstaks manns eign. Jarðirnar á þessu svæði eru nálægt 80 hundruð að dýrleika, þær eru 17 að tölu með 28 ábúendum, og eru þar nálægt 200 manns. Afgjaldið eftir þær er 675—680 kr., og jafngildir það um 16,000 kr. söluverði. Eg get nú ekki séð, að það sé forsvaranlegt af forráðamönnum landssjóðs, að láta þessa eign hans leggjast í auðn, án þess að gera tilraun til að bjarga henni. Það sem hefir varið hana að austan er, eins og glögt má sjá af yfirlitskorti Sveinbjarnar, tjörn ein kölluð »Berafljóð«; hún er nú óðum að fyllast, og segja kunnugir menn, að hún muni fyllast með öllu á 5—6 árum. Þegar hún er er orðið full, þá er enginn vafi á, að sandurinn muni berast alla leið út að Kúðafljóti á fám árum, og alt það svæði leggjast í auðn. Eg segi það, að þótt eigi væri vafalaust, að skemdunum yrði varnað — eins og eg álít vera — þá væri það samt slóðaskapur að gera eigi tilraun til að bjarga landinu, skoðað eingöngu frá fjárhagslegu sjónarmiði. En mál þetta hefir fleiri hliðar. Hér er að ræða um $^2/_3$ úr hreppi, sem hefir þungar byrðar að bera, og leggist þeir í eyði, þá hlýtur hreppurinn, með öllum þeim útgjaldaþunga, fátækraframfæri o. fl., að leggjast upp á sýslufélagið; það hefir því látið í ljós, að það mundi fúst á að leggja nokkurt fé fram. Ábúendurnir á jörðunum, sem undir eyðileggingunni liggja, munu líka leggja fram hið frekasta sem þeir geta, sérstaklega í vinnu; önnur framlög eiga þeir örðugt með, því að þeir eru flestir orðnir fremur illa efnum búnir. Eg tek það enn upp, að þótt hér væri ekki um annað að gera en að verja það graslendi, sem enn er til, og þótt árangurinn væri ekki eins viss og eg er sannfærður um að hann er, þá væri það ekki forsvaranlegt að gera ekki tilraunina. Undirbúningur málsins er svo góður sem hann getur verið, því að að honum hefir unnið samvizkusamur maður, sem hefir einmitt sérstaka þekkingu á þessu máli; og eins og sjá má á tillögunni, þá er leitast við að fá tryggingu fyrir því, að verkið verði vel og skynsamlega af hendi leyst, með því að setja það skilyrði, að það sé framkvæmt undir umsjón Búnaðarfélags landsins.

Eg lít svo á, að enn meiri réttur fylgi tillögu þessari en öðrum tillögum, er hér liggja fyrir, bæði af þeim ástæðum, sem eg þegar hefi tekið fram, og svo vegna þess, sem áður er á undan gengið í þessu máli. Fyrir 30—40 árum voru þessar stöðvar rannsakaðar, og Búnaðarfélag Suðuramtsins ætlaði fyrir 10—15 árum að taka að sér að vernda svæði þetta; í því skyni var fjárveitingin til þess hækkuð þá, að því áskildu, að af fénu skyldu 1000 kr. varið til vatnsveitninga í Vestur-Skaftafellssýslu, og stendur fjárveiting þessi þannig skilyrði bundin seinast í fjárlögunum 1891; hér liggur því fyrir fyrirheit frá fjárveitingavaldinu um styrk til fyrirtækis þessa. Í öðru lagi hefir Landsbúnaðarfélagið tekið við tölu-

verðum sjóði frá Búnaðarfélagi Suðuramtsins, sem Búnaðarfélaginu var gefinn, nál. 6000 kr., og var ánafnaður til sandgræðslu. Það ætti því vel við, að það verði nokkru af honum til þessa. Það er gamalt máltæki, að það sem einu sinni hefir verið gert, það sé hægt að gera aftur (ab esse ad posse valet conseqventia). — Nú vill svo til, að sams konar fyrirtæki þessu hefir verið framkvæmt þar eystra á árunum 1893—94; það var þegar Stjórn var veitt yfir sandana milli Síðu og Landbrots. Eg verð að segja um mig, að eg var ákaflega vantrúaður á að þetta mundi koma að haldi, og eg studdi það mál ekkert, því að eg hélt að fénu væri kastað út í bláinn. Síðan eru nú liðin 9 ár, og á 4 síðustu árunum hefir séð ákaflega mikinn árangur vatnsveitinganna; þar sem áður var sandur er nú komin góð hagbeit, og sumstaðar jafnvel slægjur, og hinn hættulegi flugsandur er horfinn og eyðileggingarhættan þar með orðin stórum minni. Eg er ekki í minsta vafa um, að vatnsveitingin mundi hafa sama árangur fyrir Leiðvallarhrepp. Að vísu var hin tilraunin í smærri stíl, en þar var og fjármagnið minna til að gera hana. Sveinbjörn Ólafsson hefir tekið það fram, að áveitan nái að vísu ekki yfir allan flákann, sem hætta sé búin, en að hún nái yfir hættulegasta hluta hans, yfir norðaustur hluta hans; og yfir þann kafla, sem þessi áveita nær ekki til, má ná vatni annarstaðar frá með minna kostnaði og fyrirhöfn.

Eg áleit mér skylt að gefa h. nefnd og þinginu öllu þessar upplýsingar, því að þá er það ekki á minni ábyrgð heldur þeirra sem á móti mæla, þó að þessi bygð leggist í auðn, fólkið verði að flæmast í burtu og landssjóður missi mikla eign.

Eg skal taka það fram um hina breyt.till., um »Leikfélag Reykjavíkur«, að eg vona að allir séu samdóma um það, að eins og það væri óviðurkvæmilegt fyrir landssjóð að styðja slíkt fyrirtæki, ef hér væri um skrípaleiki að ræða, eins er ástæða til að styða það, sem telja má til verulegrar listar. Það er nú full ástæða til að gera sér von um, að þetta félag geti unnið talsvert til góðs í þá átt að bæta smekk, eigi að eins bæjarbúa heldur og þeirra er koma hingað úr sveitunum á haustin, og draga þá, er eiga á hættu að lenda í misjöfnum félagsskap, frá öðrum verri skemtunum, með leikjum sem mentunargildi hafa, ef fjárhagur félagsins væri svo, að það þyrfti ekki að leika leiki, sem eingöngu eru til að hlægja að, eða til hneykslis. En til þess verður félagið að fá talsverðan styrk, því í fyrsta lagi er Rvík ekki enn nógu stór til að bera uppi gott leikhús, og á hinn bóginn er efnahagur þeirra manna, sem hefðu gott af að sjá slíka leiki, ekki svo góður að þeir geti borgað háan aðgangseyri, og verður því efnahagur félagsins þannig, að það hlýtur að missa beztu leikkraftana. Upphæðirnar eru 2, sem breyt.till. fer fram á sem sé að fyrir 600—600 komi: 1000—1000 kr. og til vara 800—800 kr. Eg álít að ekki sé ástæða til að heimta að bæjarsjóður greiði meira en 1/3. Um aðrar breyt.till. ætla eg ekki að tala, þær snerta mig svo lítið, að eg geri þær ekki að neinu kappsmáli, og mun eg sýna skoðun mína með atkvæðagreiðslunni.

Björn Kristjánsson: Eg þakka háttv. forseta fyrir þá velvild og tilhliðrun, að leyfa mér að taka til máls, þar sem að gripið var af mér orðið við 13. gr. (*Forseti*: Eg mótmæli því að háttv. þm. hafi nokkra ástæðu til að viðhafa þessi orð, því þm. var gefinn nógur tími til að biðja um orðið).

Það er svo eðlilegt, að það geti komið fyrir, að þingm. þurfi meira en $^1/_4$ úr mínútu til að átta sig á, hvort þeir ætli að taka til máls, þegar um mörg atriði er að hugsa og fjárlög liggja fyrir, og sé nokkurn tíma ástæða til að forseti sé tilhliðrunarsamur með að gefa mönnum orðið, þá er það í þeim. Og breytingartillaga sú, sem lá fyrir forseta, og sem eg ætlaði að ræða um, var þess efnis, að enginn hér í deildinni gat skýrt hana nema eg, eins og háttv. forseti hlaut að vita. Eg vona því að deildin taki því vel, þó ræða mín snerti nokkuð 13. gr., því mál mitt snertir bæði 13. og 14. gr., og vona, að háttv. forseti samþykki það. (*Forseti*: Hér er að eins 14. gr. til umræðu, og ef háttv. þm. ekki snýr sér að henni, þá verð eg að taka af honum orðið). Eg get auðvitað hallað mér að 14. gr., og slept því er snertir 13. gr., en eg kemst þó ekki hjá því, að tala um málið alment, þó eitthvað af því, sem eg segi, kunni að snerta 13. greinina. Orsökin til þess, að eg kom fram með breyt.till. þá, sem nú er fallin, og sem eg fekk ekki að taka til máls um, var sú, að eg gat ekki felt mig við tillögu fjárlaganefndarinnar um að fella niður allan styrk til söngmentunar; það ætlaði eg að tala um við fyrri umræðuna. — Eg ætlaði, sem kunnugur maður, að benda á þetta, svo að sönglistin yrði ekki grafin niður eins og hún var grafin við atkvæðagreiðsluna um 13. grein. — Nefndin viðurkennir þó nytsemi söngkenslunnar, þar sem hún segir, að söngmentun sé nú komin á hærra stig en áður, og sé því gerðar meiri kröfur en áður til leiðtoganna, og því er það einkennilegt, að vilja afnema styrkinn til hennar. Svo er það undarlegt, þar sem tekið er fram í nefndarálitinu, að ekki liggi nein beiðni fyrir um styrk til þessa, því þessi fjárveiting hefir verið samþykt þing eftir þing án nokkurar umsóknar, en svo er bent á einn mann er sé líklegur til, að taka það að sér. Eg skoða það sem bendingu til stjórnarinnar og þingsins, og vil eg taka það fram, að eg tel þá bendingu óheppilega.

Það hefir bólað á þeirri trú hér í bænum, að þessi maður væri svo fjölhæfur í söngment, og eini maðurinn er gæti tekið við af Jónasi Helgasyni. — Seint í vetur sá eg blaðagrein í »Ingólfi«, þar sem tekið er fram, að hann væri maður, er gæti tekið að sér margt: spila á orgel (þá auðvitað pedalorgel), stilla fortepiano, kenna að leika á *violín* og *önnur* strengja hljóðfæri, kenna kórsöng og sólósöng, stilla saman strokhljóðfæri og horn o. s. frv. Alt átti að vera sameinað í þessum eina manni, sem aldrei hefir gengið á neinn skóla af því tagi. En þótt hann væri viðurkendur hæfileikamaður, sem söngmaður, þá vantaði hann þó að hafa gengið á skóla og mentast í þessari grein. — Það er því skylda að sporna á móti því, að hann verði sá, er hefir yfirstjórn söngmentunar í landinu. — Út af þessu hefi eg komið fram með breyt.till. á þskj. 306 um að 2000 kr. hvort árið veitist söngfróðum manni, sem verið hefir í útlöndum mörg ár og haft kenslu í söngfræði og hljóðfæraslætti fyrir aðal-atvinnuveg, og hafði eg þar augastað á Sveinbirni Sveinbjarnarsyni.

Svo eg nú víki mér að séra Bjarna Þorsteinssyni, þá er það mikill vandi, að safna þjóðlögum. Það er ekki hægt að safna þeim eins og menn syngja þau, og setja þau á nútíma nótur án þess blær þeirra raskist; það verður að víkja frá því, hvernig þjóðin sjálf syngur lögin, en til þess þarf smekkvísi og þekkingu. Það liggur í því, að þjóðin syngur lögin milli þeirra skala

er nú tíðkast. Er það nauðsynlegt, að fara á heimilin og hlusta á þá menn, sem kenna lögin. Og hvernig á síra Bjarni Þorsteinsson, sem er þarna svo afskektur norður á Siglufirði, að geta það? Hann verður auðvitað að taka það gott og gilt, sem aðrir skrifa upp fyrir hann, sem miður eru fróðir. — Þess vegna skoða eg þetta safn þýðingarlítið, og þess vegna álít eg, að þingið 1897 hefði ekki átt að veita styrk til þess að safna þjóðlögum, nema maðurinn hefði verið látinn ferðast um í landinu. Eg hlýt því að greiða atkvæði móti styrknum. Þau lög, sem eru á söfnum í Danmörku, gæti maður, sem þar er, t. d. Sigfús Einarsson, skrifað upp. Eftir upplýsingum, sem eg hefi fengið, er það svo sem hálfs mánaðar verk, að taka af skrift af lögum þeim, sem á söfnunum eru. Gæti Sigfús gert það og sent Bjarna þau.

Er það undarlegt, ef nefndin vill ekki slá þannig 2 flugur í einu höggi, að styrkja Sigfús Einarsson, og útvega séra Bjarna lögin á kostnaðarminni hátt. — Undir öllum kringumstæðum vildi eg óska þess, að séra Bjarni Þorsteinsson gerði ekki meira en safna lögunum, en seldi þau síðan Landsbókasafninu eða þinginu, því vitanlega er það mjög mikið vandaverk að gefa þau út, og rannsaka, hvort þau eru íslenzk. — Eg fyrir mitt leyti hefi ekki trú á því, að 600 íslenzk lög séu til. Eg vildi óska, að þingið styddi að því, að söngl ist gæti lifað í þessu landi, og styddi ekki aðra til að leggja stund á hana en þá, sem eru vel hæfir til þess. — En hæfasta álít eg nú Brynjólf Þorlákss on og Sigfús Einarsson. Brynjólfur spilar bezt manna hér á landi á orgel. Sigfús er eðlilega bezt að sér í teori, og hafa báðir lært frá rótum hjá góðum kennara. En séra Bjarni hefir lært af sjálfum sér, og hversu góða hæfileika, sem maðurinn hefir, þá er ómögulegt t. d. að læra harmonifræði, nema á löngum tíma og hjá góðum kennara. — En þetta vantar séra Bjarna, hann vantar bæði kunnáttu og smekk, sem eðlilegt er, því smekkurinn þroskast að eins undir stjórn góðs kennara. — Smekk séra Bjarna má meðal annars marka á því, hvernig hann fer með málið; hann leggur t. d. alt of oft áherzluna á önnur orð en hún á að hvíla á. Eg tek til dæmis: »Hún amma *mín*, það sagði *mér* um sólarlags bil«.

Svo skal eg víkja að viðaukatill. á þskj. 282 um styrkinn til Sigfúsar Einarssonar. Mér finst að af meðmælum hans hefði nefndin átt að sannfærast um, að honum ætti að veita styrk, ef nokkrum yrði veittur styrkur. — Framsögum. nefndarinnar tók fram, að nefndin vildi ekki verða til þess, að hann hætti við lögfræðina og legði stund á sönglistina. En á því er engin hætta. Hann hefir stundað söngfræði með lögfræðinni í 5 ár, og ætlar samhliða að lesa lögfræði enn í 2 ár, og taka svo próf.

Háttv. nefnd tekur meira tillit til þess, sem al-ósöngfróðir menn skrifa í blöðin um Bjarna Þorsteinsson, en meðmæla sem Sigfús Einarsson hefir frá beztu söngkennurum í Danmörku, t. d. Leopold Rosenfeld.

Eg vona því, að háttv. deild veiti þessum manni styrk úr því líka að hún hefir felt styrkinn til söngkenslu í landinu. Mig tekur sárt til söngfræðinnar af því, eg hefi fengist við hana sjálfur, og orðið að leggja hana á hilluna. — Að eg legg á móti Bjarna Þorsteinssyni kemur ekki af því, að eg sé honum mótfallinn persónulega.

Eg hefi hlustað á það sem sagt hefir verið um hann honum til lofs í blöð-

unum og aldrei skift mér af því. — En nú er eg skyldur til að láta í ljósi álit mitt um þetta, þegar fara á að meta kunnáttu hans til peninga, og sérstaklega, þegar meta á gildi hans sem söngfræðings á móti gildi annara manna, og veita fé þar eftir.

Björn Bjarnarson: Eg á hér nokkrar breytingartillögur við þessa gr. á þingskj. 337, sem eg vildi leyfa mér að gera grein fyrir með fáeinum orðum. Fyrsta breyttil. er við 14. gr. A. 9. staflið, styrkinn til Benedikts Gröndals skálds, 600 kr. á ári, til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr, og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda, og 200 kr. á ári til ábalda og efna til að varðveita náttúrugripi. Brt. mín fer fram á að fella þennan lið alveg burtu. Eg get ekki betur séð, en að þetta hljóti að vera maskeraður skáldastyrkur og ekkert annað. Það er öllum heilvitamönnum ljóst, að þessi þjóðmenningarsaga verður aldrei skrifuð, og þar sem því annaðhvort er um beinan fátækrastyrk eða skáldastyrk að tala, þá kann eg ekki við, að það sé látið heita alt annað. Vilji þingið endilega styrkja þennan mann, sem eg fyrir mitt leyti sé enga nauðsyn á, þá ætti það að láta styrkinn bera rétt nafn, og þótt eg ekki vilji hvetja neitt til þess, þá vildi eg þó heldur gefa þessum lið atkvæði mitt, ef hann væri kallaður hreint og beint skáldstyrkur, eins og hann í raun og veru er.

Önnur brt. mín er við 14. gr. A 17, um styrkinn til Leikfélags Reykjavíkur. Þennan lið kysi eg helzt að stryka út, og fer breytt. mín í þá átt, en í hans stað sé settur inn nýr liður svo hljóðandi: »Til Lúðrafélags Reykjavíkur, alt að (fyrra árið) 600 kr.« Það má heita stórmerkilegt, hvað þetta Leikfélag hefir komist upp á háborðið hjá allflestum þingmönnum, ekki meir en í leik þess er varið, því það geta þó ómögulega kallast annað en »dilettantforestillinger«, sem það hefir á boðstólum. Eg get ekki þakkað þessa hylli öðru en því, að þingmenn hafa þar fengið að sjá ókeypis sjónleika, sem þeim hafa stigið svo til höfuðsins, enda er það ekki óalgengt, að þingmönnum er boðið í átveizlur og drykkju, þegar þörf er á hjálp þeirra til að koma einhverju fram á þinginu, og því er miður, að það hefir oft gefist mæta vel. Mér finst einnig því minni ástæða til að styrkja þetta félag, sem því er nauða ópraktiskt stjórnað t. d. hefir það keypt leiktjöld fyrir 400 kr. sem hægt er að fá fyrir 200 kr., og svo fram eftir götunum. Fengi félagið betri stjórn, þá mundi það muna miklu meir um það peningalega, en þótt þessi styrkur væri tekinn frá því; t. d. skal eg benda á það, að það mundi gefa félaginu miklu meiri peninga en sem nemur þessum landssjóðsstyrk, ef það færi að leika á sumrin að staðaldri og auðvitað seldi þá þingmönnum að göngumiða en gæfi ekki. Það er sem sagt, hvorki ástæða fyrir landssjóð að styrka þetta félag, og heldur ekki þörf á því; félagið getur vel komist af án þess. Alt öðru máli er að gegna um Lúðrafélagið. Þetta félag hefir oft veitt góða skemtun bæði bæjarbúum og öðrum, og engin laun þegið fyrir. Það hefir oft komið að góðu haldi, bæði við tiglidaga þings og þjóðar og endranær, sérstaklega sem gleðiauki við samsæti fyrir útlenda og innlenda. Nú eru áhöld þessa félags mjög úr sér gengin svo bráðnauðsynlegt er að fá önnur ný, en þar sem félagið oftast vinnur alveg ókeypis, þá eru vitanlega engin efni til þessa, nema því að eins að þingið hlaupi undir bagga ásamt bæjarsjóði Reykjavíkur, og styrki félagið til að afla sér nýrra hljóðfæra. Eins

og eg tók fram, hefir Leikfélagið haft lag á því að afla sér margra vina meðal þingmanna, og get eg því búist við, að þessi brt. verði feld fyrir þá sök eina, að hún fer fram á að fella burtu styrkinn til þessa félags, enda þótt menn í sjálfu sér væru meðmæltir þessum litla styrk til Lúðrafélagsins, sem að eins er veittur í eitt skifti fyrir öll en ekki árlega, eins og styrkurinn til Leikfélagsins. Skyldi þetta rætast, þá hefi eg hugsað mér að koma aftur við 3. umr. með brt., um styrkinn til Lúðrafélagsins eingöngu, sem sérstakan nýjan lið, og láta þá Leikfélagið hlutlaust, þótt eg, sem sagt, lang helzt vildi fella þann lið alveg burtu.

Enn fremur hefi eg brt. viðvíkjandi mótorvögnunum. Upphæðinni til þeirra álít eg alveg kastað út. Vegirnir eru alt of mjóir og fjölfarnir; lestin er oft óslitin, svo það að veita þessa upphæð er sama sem að drepa heilmarga menn. (*Pétur Jónsson*: Slátur í stórum stíl!) Alveg satt; það er slátur í stórum stíl, og þykir mér undarlegt að hv. framsm. skuli vilja veita 2000 kr. til slíkrar slátrunar; væri það bara kindur sem slatrað yrði, væri öðru máli að gegna. Auk þess eru vegirnir víða svo brattir, að það þarf sérstaklega lagna menn fyrir vagnstjóra, Ef þingið veitir þessa upphæð, þá munu verða fleiri jarðarfarir árið 1905 en nokkru sinni áður, svo það yrði mesta nauðsyn að fjölga prestum til þess að jarða alla þessa menn, og læknum, þótt ekki væri til annars en gefa dánarvottorð.

Skúli Thoroddsen: Eg á hér tvær brt., sem lúta að því, að veita 2 efnilegum skáldum nokkurn styrk. Ýmsir halda, að þess konar styrkveitingar séu illa þokkaðar hjá þjóðinni, en það er ekki rétt; þjóðin hefir ekkert á móti því, þó að nokkru fé sé varið í því skyni, þegar maklegir menn eiga hlut að máli. Þess ber og að gæta, að það eru bókmentir okkar Íslendinga, sem hafa aflað okkur frægðar, eða vakið á oss eftirtekt útlendra þjóða; vér erum of fáir og fátækir til þess, að vér getum unnið nokkuð það að verklegum framkvæmdum, er okkar verði að nokkru getið fyrir. Það er því skylda þings og þjóðar að styðja að bókmentum vorum, svo að þær geti orðið sem beztar og þjóðinni til sóma. Annað þeirra skálda, sem eg hefi leyft mér að bera fram tillögu um að fái nokkurn styrk, er Þorsteinn Erlingsson, er eg fer fram á að fái 600 kr. á ári. Þorsteinn Erlingsson fekk styrk á síðustu fjárlögum, og er undarlegt, að stjórnin skuli hafa slept honum á fjárlagafrv., þar sem hún vill láta síra Valdimar Briem og Pál Ólafsson halda sama styrknum, sem á núgildandi fjárlögum. Eg skal ekki segja, af hverju þetta kann að stafa; en hin hv. stjórn heldur má ske að hún kunni betur að meta skáldskaparhæfileika manna en aðrir? Annars þarf eg eigi að eyða mörgum orðum til þess að mæla með Þorsteini Erlingssyni. Kveðskapur hans er svo kunnur hér á landi, að hvert mannsbarn þekkir hann, og í öðrum löndum þekkja margir Þorstein og dá mjög skáldskap hans. Hv. framsm. fjárl.n. (P. J.) gat þess, að nefndin mundi ekki verða á móti þessari brt., þó að hún hefði ekki treyst sér til þess að taka hana upp, og geng eg því að því sem vísu, að tillagan fái góðan byr hér í deildinni, og verði Nd. nokkurn veginn sammála, mun till. að líkindum eigi mæta mótspyrnu í hv. Ed,

Sumir hafa fundið það að Þorsteini Erlingssyni, að skáldskapur hans hafi gengið í eina of ákveðna stefnu; en

þingið á í þessum efnum eigi að dæma milli mismunandi lífsskoðana, ekki að gá að því, hvort maðurinn aðhyllist þá trúarstefnu, sem ríkið hefir sett stimpil sinn á, heldur að líta á hitt, hvort maðurinn er skáld, sem bókmentum þjóðar vorrar er sómi að. Hér á landi er fult trúarbragðafrelsi, og engan getur furðað á að ýmsar efasemdir komi fram og að hugsanir manna hneigist ekki allar í sömu átt, þar sem um leyndardóma tilverunnar er að ræða, um þau efni, sem engin mannleg hugsun getur rannsakað til fulls, en sem þó öllu öðru fremur hljóta að gagntaka hugi manna. Skáldskapargildi kveðskapar Þorsteins Erlingssonar er líka alment viðurkent hér á landi, hvaða lífsskoðanir sem menn annars hafa. Einn af helztu kirkjunnar mönnum hér á landi hefir nýlega sagt um Þorstein Erlingsson:

»Hvað er hérna? Það eru »Þyrnar«,
þétt á greinum rósir spretta;
yndislegan ilm þær senda.
Engin rós án þyrna' er fengin.
Oft af þyrnum svíður og sárnar,
samt menn kjósa þá vegna rósa.
Heldur sviðann en hafna fríðum
hreinum og ljósum vorsins rósum«.

(Síra Vald. Briem í »Aldamótum« 1902), og án efa mundi síra Valdimar greiða atkv. með þessari tillögu minni, ef hann ætti sæti og atkvæði hér á þinginu.

Hvað hitt skáldið snertir, Guðmund Guðmundsson, er dálítið öðru máli að gegna með styrkveitinguna til hans. Hér er nfl. farið fram á styrk til að leysa af hendi ákveðið verk, »Strengleikar«, og til þess að gera honum það mögulegt, fer brt. fram á 500 kr. á ári. Guðm. hefir með skáldskap sínum unnið sér hylli margra manna. Sumir finna honum það til foráttu, að hann í lífi sínu sé nokkuð hneigður til víns og ásta; en þetta á þingið ekki að líta á, því að bæði er það nú gamall vani, að skáldum er fyrirgefið margt, og undarlegt væri að fara að gera þær kröfur til Guðmundar, sem menn ekki alment gera til annara skálda, að þeir að öllu leyti lifi samkvæmt kenningu sinni. Að líkindum kemur sá tími, er sjálfsagt þykir að gera slíkar kröfur, bæði að því er skáld, presta og aðra, er prédika fyrir lýðnum, snertir. En eins og nú stendur væri það miður réttlátt að taka Guðm. skáld Guðmundsson einn út úr hópnum, og heimta að líferni hans væri sem engils, enda er mér ekki kunnugt, að þau brögð séu að kynnum hans við Bachus, eða að ástabralli hans, að orð sé á gerandi. Nei, lítum ekki á þetta, heldur á hitt, hvílíkt snildarskáld þjóðin á, þar sem Guðmundur er. Síra Valdimar Briem segir um Guðmund í »Aldamótum« 1902: »Landi er smán ef skipið strandar«. Vona eg því, að hv. þm. hugsi sig vel um, áður en þeir greiða atkv. móti þessari tillögu. Vér erum vanir að heyra oft yfir því kvartað, þegar listamenn þjóðar vorrar falla frá, hvað þeir hafi átt bágt, og hvað illa hafi verið farið með þá. Þessa kveinstafi ættu menn að spara sér, en styrkja heldur snillingana meðan þeir lifa meðal vor. Guðmundur Guðmundsson er fátækur maður, en hefir allan hug á skáldskap, og allir hljóta að viðurkenna, að hann liggur ekki í iðjuleysi, því að það er þegar mjög mikið að vöxtunum, sem eftir hann liggur, jafn ungan mann, og allir vita, að til þess að yrkja þarf tíma, ekki síður en til annara starfa.

Þá er enn ein brt., sem eg vildi minnast á, og það er till. um styrk til Leikfélags Reykjavíkur. Hv. þm. Dal. (B. B.) kallaði þessa leiki »Dilettant-

leiki«. Þessu verð eg að mótmæla. Þegar þingið styrkti þessa leiki, var það til þess að styrkja að því, að hér á landi kæmist á fögur leikment, sem allir hljóta að játa að hafi mikil og góð áhrif, og það er mín skoðun, að styrkur sá, er Leikfélagi Reykjavíkur hefir verið veittur, hafi þegar borið svo góða ávexti, að honum hafi verið vel varið. Brt. mín og hins hv. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.) hækkar upphæðina til Leikfélagsins að eins lítið eitt, og ætti þingið ekki að láta sig muna um þá hækkun, sem gæti orðið félaginu að miklu liði, þótt lítil sé. Hér er öðru máli að gegna en um styrkinn til Lúðrafélagsins, því við leikina er mjög mikill kostnaður lagður í alls konar áhöld, leiktjöld og þess konar, sem er skilyrði fyrir því, að leikirnir geti farið vel úr hendi. Svo var það t. d. í vetur, að því er snertir leikinn: »Skipið sekkur« eftir Indriða Einarsson, að þar þurfti á allmiklu fé að halda, til þess að hægt væri að leika stykkið.

Þá hefi eg leyft mér að koma með tillögu um, að fjárveitingin til cand. mag. Boga Melsteds falli burt eða verði lækkuð. Eg álít það óþarfa að rökstyðja þessa tillögu; hún er bezt rökstudd af hr. Boga Melsted sjálfum. Sá maður, sem bezt hefir vit á þessu málefni, rektor Björn Ólsen, hefir fundið því af riti hans, sem út er komið, svo afarmargt til foráttu, og rökstutt það svo vel, að eg mundi hafa sannfærst af orðum hans, þótt eg hefði áður haft hið mesta álit á manni þeim, sem hér er um að ræða. Eitt af því fyrsta, sem sagnfræðingur þarf að hafa sér til ágætis, er það, að geta ritað lipurt og lýtalaust mál; en um málið á þessu 1. hefti, sem út er komið af Íslendingasögu cand. Boga Melsteds, segir Ólsen rektor, að það sé »stirt og óviðfeldið«, og ræður höfundinum til þess að »fá íslenzkufróðan mann til að lesa yfir handritið«, þar sem í bókinni sé mikið af »málvillum og hneykslanlegum mállýtum«. Mér virðist nú vera óviðfeldið að styrkja slíka ritsmíð, einkum þar sem hugsanirnar líka, eftir því sem Björn Ólsen kemst að orði, eru »þunglamalegar«, og bera það með sér, að þær séu »fæddar með harmkvælum«, og »röksemdaleiðslan stundum óljós og flókin«. Virðist mér það næstum kynlegt, að stjórnin strikar Þorstein Erlingsson og Jón sagnfræðing út, en setur svona mann inn á fjárlögin með 1000 kr. á ári; en vera má að ástæðan meðal annars sé sú, að sæmdarmaður sá, er hér á hlut að máli, sé eitthvað í ætt við einhvern lið hinnar hv. stjórnar, og verður þá alt skiljanlegra.

Þá hefi eg enn fremur leyft mér að koma með brt. viðvíkjandi Sighvati Grímssyni Borgfirðing, er eg sting upp á, að veittar verði 400 kr. fyrra árið til þess að geta notað söfnin í Reykjavík, áður en hann lýkur við hið mikla ritverk sitt um æfiatriði íslenzkra presta. Þessi maður er úr skóla Gísla Konráðssonar og Espólíns; hann hefir ritað afarmikið um ýmisleg alþýðleg fræði, en sérstaklega hefir hann safnað afarmiklu um æfiatriði íslenzkra presta, og er það rit hans nú orðið 8—9000 bls. í 4to. Hann þarf að sjá söfnin hér í Reykjavík, til þess að geta lokið við þetta mikla lífsstarf sitt, og hefir því leitað til þingsins um mjög lítilfjörlegan styrk, þar sem hann er efnalaus maður, og tekinn mjög að eldast. Þingið 1901 synjaði honum um styrk, og hafði hann þó meðmæli jafn merkra manna sem dr. Finns Jónssonar prófessors, og dr. Jóns Þorkelssonar yngra; en eg vona, að þessu þingi farist nú betur við þenna merka fræðimann, og synji því eigi um styrkinn, sem virðist ólíku sanngjarnari en sumar fjárveitingarnar til

hinna svo nefndu lærðu manna. Þeir eru því miður næsta fáir, alþýðumennirnir hér á landi, er leggja stund á ritstörf, og ætti þingið fremur að örfa þá lofsverðu viðleitni en draga úr henni. Vona eg því að hv. þd. taki till. vel.

Till. um að fella burt aths. um styrkinn til Jóns sagnfræðings Jónssonar, er óþarfi að fjölyrða um, fyrst á hana hefir verið minst og hv. fjárlaganefnd tekið vel í hana, og það ekki hvað sízt þegar styrkveitingin til Boga Melsteds er skilyrðislaus, því að þó að þessi maður skilaði að eins einni bls. af Íslendingasögunni, eða jafnvel alls engu, gæti stjórnin þó eftir lögunum ekki neitað að útborga honum styrkinn.

Þá á eg viðaukatill. á aths. við 23. tölul. um styrkinn til Helga Péturssonar cand. mag. Fjárlaganefndin vill veita honum 1000 kr. til þess að rannsaka kolalög á Norður- og Austurlandi, en hann ætti þá jafnframt að rannsaka kolalög á Vestfjörðum. Annars hefði eg fremur óskað, að fjárlaganefndin hefði tekið málið meira frá hinni praktisku hlið, og veitt styrk til þess að fá einhvern vel hæfan námu-»ingeniör« frá útlöndum, því að á vitnisburði slíks manns teldi eg meira byggjandi en á skoðun jarðfræðinga, er eigi hafa nein tæki til þess að skoða annað en yfirborðið; en kolin geta verið góð niðri í jörðinni, þó að slæm séu efst, þar sem áhrif veðurs hafa náð til. Svo er það t. d. í Trangisvaag á Færeyjum. Eg mun þó greiða atkv. með till. að viðbættri þeirri aths., sem eg hefi stungið upp á; en hv. frmsm. fjárlagan. (P. J.) hefir víst gleymst að geta þess, hvort fjárlagan. væri með þessari viðaukatill. eða ekki.

Um breyt.tillögu mína, að því er snertir styrkinn til Iðnaðarmannafélagsins á Ísafirði, hefi eg ekki margt að segja. — Háttv. fjárlaganefnd hefir fallist á að veita félaginu styrk, en lagt það til, að hann verði hafður lægri en eg hafði farið fram á; og eg get auðvitað felt mig við það heldur en ekkert, þótt mér þyki óviðfeldið að vera að skera við nögl sér þessa fjárveitingu, er svo mjög snertir annan aðal-atvinnuveg landsins, fiskiveiðarnar.

Það eru nú þegar komnir all-margir mótorbátar á Isafirði og við Isafjarðardjúp, en af því enginn er þar, sem kann að gera við vélarnar, ef eitthvað bilar, þá standa menn ráðalausir uppi ef illa tekst til. Til þess að ráða bót á þessu er farið fram á það, að þingið veiti Iðnaðarmannafélaginu á Isafirði styrk til þess að kosta mann til utanfarar, til að læra að gera við vélarnar. — Háttv. framsögum. tók það fram, að beiðnin hefði verið nokkuð óákveðin, að því leyti, að ekki hefði verið nefndur til neinn maður, er ætlað væri að fara utan í þessu skyni. Þetta er satt; og mun það vera af því, að félagið hefir ekki verið búið að ákveða, hver sendur mundi verða, og hefir ekki viljað gera það, fyr en það vissi, hvort styrkurinn fengist. En mér er kunnugt um, að á Isafirði er völ á vel færum mönnum til þessa starfa.

Breyt.till. mín viðvíkjandi borgun til yfirmatsmanna fiskifarma fer fram á nokkra lækkun. Eg lít svo á, að starf það, sem þessum mönnum er ætlað, sé svo vaxið, að fá megi til þess vel hæfa menn fyrir 800 kr., og eg efast um, að það verði nokkru betur af hendi leyst fyrir 1000 kr. Það getur ekki verið meiningin, að þessir yfirmatsmenn eigi að vera við hleðslu hvers skips, heldur að þeir skuli til kvaddir, ef ágreining-

ur kemur fram; hitt er ómögulegt, ef fleiri skip eru fermd í senn.

Að því er snertir Isafjörð, þá er það ekki nema nokkur hluti ársins, sem til þessa starfs kemur, nefnilega frá því í júní og öðru hvoru til ársloka, því það kemur tæplega fyrir, að skip séu fermd þar með saltfiski eftir nýár, enda þótt það komi líklega fyrir árið um kring hér í Reykjavík.

Eg skil þessa fjárveiting svo, að stjórnin hafi óbundnar hendur, og geti því veitt matsmanninum hér ögn hærri upphæð, en yfirmatsmanninum á Isafirði, sem eigi virðist óeðlilegt, með því starf hans er meira en hins.

Þá skal eg að síðustu minnast á breyt.till. mína að því er snertir mótorvagninn. Tillaga háttv. fjárlaganefndar virðist mér nokkuð óákveðin; eg get ekki skilið hana öðru vísi en svo, að ef Thomsen kaupmaður útvegar mótorvagn, hvernig sem hann er, með sterkri eða veikri vél, o. s. frv., þá eigi hann að fá 2000 kr. að gjöf; þetta þykir mér nokkuð mikið. — Eg játa það, sem háttv. fjárlaganefnd, að það sé nauðsynlegt að fá mótorvagn, til að reyna hann hér á akbrautunum; en eg hygg, að hver maður, sem væri, mundi þykjast góðu bættur, ef hann fengi 1200 kr. í þessu skyni; en þar sem háttv. framsögum. tók það fram, að Thomsen vildi ekki taka þetta að sér, nema fyrir 2000 kr., þá er það vel skiljanlegt, að hann, eins og hver annar maður, vill gjarnan fá svo mikið, sem hann getur fengið. En frá þingsins sjónarmiði þá verð eg að ætla, að 1200 kr. muni vera nægilegt; og eg skil ekki í því, að hann gangi frá, þó ekki sé veitt hærri upphæð. Það er ekki svo sem vagninn þurfi að verða honum ónýtur. Notkun mótorvagna er hér framtíðarmál; og skyldi það reynast, að akbrautir vorar séu ekki svo lagaðar, að þeir verði á þeim notaðir, þá getur það naumast beðið lengi, að reynt verði að koma upp vegum fyrir þá. — Mótorvagnbrautir við hliðina á strandferðunum hljóta að verða okkar aðalflutningavegir. Eg álít ekki horfandi í að taka stór lán, til að koma upp mótorvagnbraut til Akureyrar; það mundi hafa afarmikla þýðingu fyrir landsbúa. — Mótorbrautirnar munu fá líka þýðingu hjá okkur eins og járnbrautir hjá öðrum þjóðum; en fram með járnbrautunum þjóta, svo sem kunnugt er, upp býli og þorp, og þá mundu menn heldur sjá sér fært að leggja eitthvað í kostnað til að rækta jörðina, og til annara búnaðarframfara, er þeir hefðu fengið greiðan veg til að koma greiðlega frá sér afurðunum.

Við þennan kafla fjárlaganna á eg ekki fleiri breyt.till., og um aðrar breyt.-tillögur sé eg ekki ástæðu til að ræða. — Að eins vil eg minnast á 31. töluliðinn á atkvæðaskránni, söngstyrkinn til Sigfúsar Einarssonar, og mun eg greiða þeirri tillögu atkvæði mitt.

Eg álít að maður þessi eigi miklar þakkir skilið fyrir það, að hann hefir vakið eftirtekt á oss í útlöndum. — Hann hefir stýrt söngflokk, sem hefir vakið mikla athygli í Danmörku, og fengið lof mikið í blöðum þar, og jafn vel verið líkt við stúdentasöng Finna og Svía, sem er sómi mikill. Enda væri það undarlegt, ef fjallaþjóð, eins og vér Islendingar, gæti ekki framleitt góða söngmenn, sjálfri sér til skemtunar, og jafnframt vakið eftirtekt annara þjóða, ef söngkraftar þjóðarinnar tækju að rísa úr því dái, sem þeir hafa hvílt í.

Stefán Stefánsson: Mér þótti háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) vera nokkuð harðorður um fjárlaganefndina, þegar hann talaði um undirtektir hennar viðvíkjandi styrkveitingu til vatnsveit-

inga í Leiðvallarhreppi. Eg skal nú leyfa mér að gera stutta grein fyrir atkvæði mínu; mundi eg hafa slept því, ef háttv. þm. hefði ekki verið svona harðorður.

Það sem vakti fyrir mér og þeim öðrum í nefndinni, er vorum á móti þessum styrk, var spurningin um það, hvort það mundi borga sig, að kosta 9000 kr. til þess að gera tilraun til að verja jarðir þessar, þegar þess er gætt, að þær eru ekki nema 80 hndr. að dýrleika, og gefa ekki nema 600 kr. í eftirgjald; þær eru ekki meira en á við tvær meðaljarðir á Norðurlandi; eftirgjaldið ekki meira en líðlega tvöfalt við eftirgjaldið á Möðruvöllum einum. Auk þess er alls ekki víst, að fjárveiting þessi kæmi að notum; en setjum svo, að hún gerði það, væri það þá heppileg búnaðarpólitík, að kosta svona miklu upp á þessar jarðir, en vita góðar jarðir annarstaðar fara í eyði. Ef eg sem bóndi sæti á jörð með stórt tún og miklar engjar, en lítill partur af engjunum lægi undir skemdum, og yrði ekki viðgert nema með afar-kostnaði, þá mundi eg ekki hugsa um þann partinn, en reyna að bæta alt hitt sem mest. Þetta var það, sem vakti fyrir mér.

Auðvitað er það leiðinlegt, að sjá parta af landinu fara í auðn af náttúrunnar völdum, en miklu lakara er þó hitt, að vita margar góðar jarðir leggjast í eyði, af því enginn vill verða til að nota þær.

Annars virðist það vera býsna einkennilegt ástandið í Skaftafellssýslu. — Á þessum 80 hndr. eru 28 ábúendur; á einni jörðinni, sem er 13 hundruð að dýrleika, eru 7 ábúendur. Annaðhvort er nú, að jarðirnar eru metnar mjög lágt eða búnaðarástandið er á lágu stigi. —Eg held eg vildi miklu fremur verja þessum 4500 kr. til að hjálpa mönnum þessum vestur í Staðarsveit, til þess að rækta upp hinar stóru og góðu jarðir, sem þar liggja í eyði; með því mundi eg hafa greitt atkvæði.

Úr því eg stóð upp, þá verð eg að víkja nokkrum orðum að háttv. 1. þm. K.-G. (B. Kr.). Að vísu er þar ekki lambið að leika sér við fyrir þá, sem fáfróðir eru í söngmentinni, slíkur garpur sem hann er í þeirri grein. Það er nú langt frá mér, að eg ætli, eins og hann, að fara mikið út í mannjöfnuð, og bera saman hæfileika og kosti söngfræðinganna, er hér ræðir um. En eg get þó ekki stilt mig um að láta það í ljós, að mér þótti hann of harðorður um síra Bjarna Þorsteinsson. Það leit út fyrir, að í hans augum hefði síra Bjarni enga þá kosti til að bera, að takandi væri í mál að veita honum styrk sem söngfróðum manni; hann vantaði bæði smekk og þekkingu, og færi auk þess svo illa með málið, að það væri hneyksli. — Það er því ekki von, að þessi hv. þingm. sé fjárlaganefndinni þakklátur fyrir, að vilja veita síra Bjarna styrk, til að ljúka verki því, sem hann að dómi háttv. þingm. er al-ófær til að leysa af hendi. Engin furða þó hann gerðist harðorður; enda kvað hann nefndina taka meira tillit til þess, er ósöngfróðir menn segðu um síra Bjarna, heldur en þess, er söngfróðir menn vitnuðu um hina. En eg verð að segja, að eg veit af meiri mönnum en háttv. 1. þingm. K.-G. (B. Kr.), sem hafa alt aðra skoðun á síra Bjarna en hann, og verð eg að ætla, að eg og aðrir h. þingmenn hafi leyfi til að taka eins mikið mark á orðum þeirra manna, eins og því sem hann segir, að honum alveg ólöstuðum.

Eg skal þessu til sönnunar nefna 3 nöfn. 1. Próf. Hartmann; hann hefir farið þeim orðum um síra Bjarna, að honum mundi hafa illa í eyrum látið,

að hlýða á háttv. 1. þm. K.-G. (B. Kr.). — Um kirkju-músik síra Bjarna hefir hann sagt, að það væri aðdáanlegt, hve langt hann hefði komist í þeirri grein af eigin rammleik. 2. Frá öðrum manni, Gunnari Wennerberg, sem flestir víst kannast við, hefi eg séð mörg bréf, þar sem látin er í ljósi undrun yfir þekking síra Bjarna og smekk. 3. Þriðji maðurinn er dósent Hammerik; ettir hann hefi eg séð langa grein um síra Bjarna, og lokið mjög lofsorði á hann.

Öllum þessum þremur mönnum ber saman um, að síra Bjarni hafi mjög mikla þekking í músik.

Er nú ekki hart að heyra h. 1. þm. K.-G. (B. Kr.) velta sér hér í deildinni yfir mann, sem fengið hefir aðra eins viðurkenningu og síra Bjarni?

Auðvitað vil eg ekki í minsta máta niðra hinum tveimur, sem hann nefndi til, og sem eg kannast fyllilega við, að eru mjög efnilegir.

Ef eg t. a. m. hefði fé, þá væri eg mjög fús á að styrkja Sigfús Einarsson. — En eins og háttv. þm. veit, þá er ekki hægt að styrkja alla; og mundi hann sérstaklega hafa fundið það, ef hann hefði verið í fjárlaganefndinni. — En nú er það vitanlegt, að séra Bjarni er búinn að vinna mikið verk, og þótti því rétt að styrkja hann til að ljúka við það. En þar með er alls ekki sagt, að nefndin kannist ekki við, að hinir séu góðs maklegir, og getur vel verið, að sumir úr nefndinni greiði atkvæði með Sigfúsi; eg segi fyrir mig, að mitt atkvæði er alveg óbundið.

Mig furðar stórkostlega, að háttv. þm. Dal. (Björn Bj.) skyldi geta fengið af sér að leggja til, að fella burtu styrk, sem staðið hefir um langan aldur, til eins af hinum mestu snillingum landsins, sem nú er kominn á grafarbakkann, og getur ekki án styrksins lifað, enda telur sér hann vísan. Mér virðist það alls ómaklegt að særa hann með þessu rétt áður en hann fer í gröfina, og tel víst, að honum mundi falla það mjög illa, að þingið hefði ekki álitið hann verðan styrksins. — Enda játaði háttv. þingm., að styrkur þessi væri borgun fyrir unnið verk; og þó hann telji verkið lítils virði, þá verð eg að efast um, að hann hafi vit á því.

Það sem hann sagði um Leikfélagið, því hefir verið svo vel svarað af hv. þm. N.-Isf. (Sk. Th.), að ekki er þörf á að svara því frekara.

En eg verð að segja, að mér þykir það óviðurkvæmilegt, að slá því fram hér í deildinni, að einstakir menn séu að reyna að hafa áhrif á þingið, og að þingið láti þá hafa áhrif á sig, nefnil. að Leikfélagið hefði boðið þingmönnum ókeypis í því skyni að verka á þá. — En eg segi fyrir mig, að þetta hefir ekki haft önnur áhrif á mig en þau, að sýna mér, að hér eru góðir kraftar, sem vert er að styrkja; því þó eg sé sinkur, þá mundi eg ekki hafa séð eftir 1 kr. til að kaupa mig inn.

En meira furðaði mig þó, þegar sami háttv. þingm. fór að tala á móti styrkveitingunni til Ræktunarfélags á Norðurlandi, og að það gæti leitt til þess, að slík félög yrðu stofnuð víðar; mig furðar, að maður, sem hefir annan eins áhuga á búnaðarmálum eins og hann, skuli koma með slíkt. Dæmalaust væri það leiðinlegt, ef það stofnaðist næsta ár á Vesturlandi félag, er á einum mánuði væri búið að fá 600 meðlimi, til að hrinda áfram því málefni, sem við höfum báðir jafn-mikinn áhuga á. — Slík félög vil eg styrkja, hvort sem er á Vesturlandi eða Austurlandi. — Ef háttv. þingm. hefir séð rit það, er Ræktunarfélag Norðurlands hefir sent út, þá veit hann, að það er ekki stofn-

að í þeim tilgangi, að verða »konkúrrent« hins íslenzka Landsbúnaðarfélags, heldur þvert á móti til að styðja það og hjálpa því til að verka meira út á við; verða nokkurs konar »afleggjari« eða grein af því, og í organisku sambandi við það.

Skal eg þessu til sönnunar geta þess, að Páll amtmaður Briem er einn af stofnendum þessa félags, og mun enginn ímynda sér, að hann vilji draga frá Landsbúnaðarfélaginu eða veikja það félag, sem hann vann manna mest að að koma á fót.

Um það, sem sami háttv. þm. sagði viðvíkjandi styrknum til síra Bjarna, skal eg ekki orðlengja. Það var ekki annað en upptalning eftir háttv. 1. þm. K.-G. (B. Kr.), að nær væri að styrkja unga og efnilega menn, eða með öðrum orðum óbeinlínis gefið í skyn, að síra Bjarni væri ekki þeim hæfileikum búinn, að vert væri að veita honum styrkinn.

Það, sem hann sagði um mótorvagninn, að það gæti orðið banatilræði við marga menn, tók eg fyrir mitt leyti sem gaman, en ekki sem alvöru. — Hann er svo mikill framfaramaður, að eg er viss um, að hann vill ekki, að við bíðum lengi með að gera slíka tilraun. Fari svo, að hún reynist árangurslaus, þá er ekki hundrað í hættunni; en fari svo, að hún reynist vel, þá mun fjárveitingin sannarlega margborga sig.

Ólafur Ólafsson: Eg vildi leyfa mér að fara nokkrum orðum um brt. við 16. gr. á þingskjali 328, sem eg hefi borið fram ásamt háttv. 1. þm. Rangv. (E. P.)

Forseti: Samkvæmt ósk háttv. framsm. fjárlaganefndarinnar liggur að eins 14. gr. til umr. fyrst um sinn.

Ólafur Ólafsson: Eg hafði heyrt háttv. forseta sjálfan segja, að allar greinarnar aftur úr lægi fyrir. En fyrst háttv. framsm. síðar hefir óskað þess, að 14. gr. yrði lokið af á undan hinum, þá er sjálfsagt að taka tillit til þess.

Ur því eg nú á annað borð er staðinn upp, þá vil eg þó minnast á nokkrar þeirra brt. við 14. gr., er fyrir liggja. Vík eg þá fyrst að viðaukatill. á þingskj. 282 um styrk til stud. jur. Sigfúsar Einarssonar í Kaupmannahöfn til þess að fullkoma sig í tónfræði og söng. Um tillögu þessa hefir mikið verið talað; en þær umræður hafa farið næsta mjög á víð og dreif. Eg fyrir mitt leyti mun hiklaust greiða atkvæði með styrkveiting til þessa manns, því að eg álít hann einhvern þann efnilegasta mann í þeirri grein, er vér eigum völ á. Það hefir sérstaklega verið tekið fram móti styrkveitingunni, að hún mundi verða til þess að draga hann frá lögfræðisnáminu. En það hafa líka verið færð rök fyrir því, að svo mundi ekki verða. Og þó að nú afleiðingin samt sem áður yrði sú, að hann legði laganámið á hilluna, þá get eg ekki séð að með því sé neinn skaði skeður; það hefir oft heyrst um það talað, að meira væri til af lögfræðingum en landið þarfnaðist. Ef hann að eins getur orðið nýtur í þeirri grein, er styrkveitingin tekur til, þá álít eg engan veginn á móti henni hafandi.

Þá er brt. háttv. þm. Dal. (B. B.) á þingskj. 337, er leggur til að liðurinn A 9 í 14. gr. falli burt. Það er nokkurs konar eftirlaunastyrkur, er veittur hefir verið um undanfarin ár, gömlum kennara við latínuskólann og einum af okkar beztu rithöfundum, skáldinu Benedikt Gröndal. Þennan styrk má bæði skoða sem eftirlaunastyrk og jafnframt sem borgun fyrir unnin verk, og verk sem verið er að vinna. Eg kann því

illa, að nokkur þingmanna skuli leggja það til, að þessi styrkur sé feldur, enda treysti eg hinni háttv. deild til að greiða ekki atkvæði með brt., og vona að styrkurinn fái að standa eftir leiðis eins og hann er áætlaður í stjórnarfrumv. Maður þessi er nú á gamals aldri, og því er óviðfeldið að svifta hann styrknum nú. Öllum er kunnugt, hvers mikils góðs hann og hans ætt er makleg af þjóðinni. Faðir hans var snillingur sem skáld og málfræðingur, og sjálfur hefir hann verið fjölhæfur listamaður og unnið landi sínu gagn og sóma.

Enn vildi eg víkja nokkrum orðum að brt. við 14. gr. A 17, um fjárveiting til Lúðrafélags Reykjavíkur. Hér hefir verið talað af fleirum en einum um styrkveiting til Leikfélags Reykjavíkur, og er eg samþykkur þeim háttv. þm. sem henni eru sinnandi, því að eg álít félagið eiga það skilið, að því sé rétt hjálparhönd. En hitt álít eg líka rétt, að styrkja Lúðrafélagið, sérstaklega þegar nú ekki er farið fram á meiri upphæð. Það er töluverður munur á þessum tveim félögum. Bæði eru bænum til gagns og gamans, það efast eg ekki um. En munurinn er sá, að Leikfélagið vinnur ætíð fyrir peninga, en Lúðrafélagið nær því aldrei; það leikur list sína ókeypis. Þegar það var stofnað, þá þótti það gott fyrirtæki og nytsamlegt, og eg ímynda mér, að nú mundu menn kunna því illa, ef það legðist niður. En það hlýtur það einmitt að gera, ef því ekki kemur þessi styrkur; mér er kunnugt um fjárhag þess, að hann er ekki betri en svo. Og það mundi eg telja illa farið; og svo mundu fleiri gera; því að eg efast ekki um, að ekki einungis bæjarmenn, heldur einnig allir þingmenn og aðrir aðkomnir mundu sakna þess mjög. Það skemtir mönnum marga stund og óhætt er að segja, að það leggi fram aðstoð sína við öll hátíðleg tækifæri, stundum fyrir lítilfjörlega borgun, en vanalega fyrir alls ekki neitt; og hafa þó margir þeirra félagsmanna lagt fé og krafta í sölurnar. Þar sem fjárveitingin er bundin því skilyrði, að bæjarsjóður leggi fram jafn mikla upphæð, þá reynir það á þolrif bæjarins, hvort hann vill gangast undir það skilyrði að halda áfram fjárframlagi sínu. En þingið álít eg vel geta lagt félaginu þessa hjálp.

Með því að háttv. framsm. hefir óskað þess, að ekki væri farið aftar í fjárlögin um sinn, en til enda 14. gr., þá læt eg hér staðar numið að svo stöddu, en áskil mér rétt til að tala um brt. mína þegar að henni kemur.

Björn Kristjánsson: Eg hefi leyft mér að koma fram með brt. við 14. gr. A 26, þar sem eg legg það til, að organleikara Jónasi Helgasyni sé veittur ellistyrkur í stað þeirra 1000 kr., er nefndin ætlar honum í viðurkenningarskyni fyrir störf hans í þarfir söng-listarinnar. Eg kann betur við að honum beinlínis sé veittur ellistyrkur, þar sem hann hefir starfað svo lengi til eflingar þessarar mentar hér á landi; það mun nú vera um 26 ár. Eg athuga þetta að eins til þess að háttv. þm. geti haft það í huga í sambandi við brt., er eg síðar mun víkja að.

Háttv. 2. þm. Skagf. (St.St.) þótti eg helzt til harðorður í garð sira Bjarna Þorsteinssonar. Má vera að eg hafi verið harðorður. En hitt kannast eg ekki við, að eg hafi sagt neitt það, er ekki var satt og rétt. Því fer fjarri að eg beri nokkurn persónulegan kala til hans, enda voru orð mín ekki töluð í öðrum tilgangi en þeim, að skýra þetta mál; og heldur hefi eg dregið úr en hitt. Það lá í orðum háttv. þm., að hann teldi mig ekki óhlutdrægan

dómara um verðleika síra Bjarna, og skírskotaði hann í því efni til meðmæla ýmsra útlendra listamanna svo sem próf. Hartmanns og Gunnars Wennerbergs. Um meðmæli þau, er síra Bjarni fekk frá Hartmann, er mér kunnugt; hann dáðist að honum fyrir það, hve langt hann hefði komist í söngment af sjálfum sér, *án þess að hafa lært nokkuð*. Það sama hefði eg sjálfur getað sagt. En hvað sýnir það? Það sýnir að eins að maðurinn er hæfileikamaður, en hitt sannar það alls ekki, að hann sé svo vel að sér í söngment, að honum sé felandi forusta hennar um land alt. Til þess þarf mann, er lært hefir tónfræði undir handleiðslu góðs kennara. Meðmæli G. Wennerbergs með síra Bjarna þekki eg ekki, en eg býst við, að líkt sé um þau, að þau feli ekki í sér annað en undrun yfir því, hvað maður út á Íslandi, án tilsagnar, hefir þó getað grafið sig niður í harmóníufræði; enda veit eg ekki betur en að hér sé að eins að ræða um vingjarnleg ummæli í prívatbréfi. Það sem þeim aðallega vill verða á, er ekki hafa lært harmóníufræði til hlítar, er að spreytast við að koma fram með sjálfstæðar hugmyndir. Þannig er líka um tónskáldskap síra Bjarna; enda hefir danska tónskáldið Aug. Enna komist svo að orði um hann, að hann væri »jagende efter Originalitet«. Einmitt þetta skaðar hann, og sýnir jafnframt, hversu mjög honum er ábótavant í harmóníufræðinni, einkum að því er smekk snertir. Eg fann einnig að því í ræðu minni í dag, hversu illa hann fer með málið, að því er áherzlu orða snertir. Svoleiðis áherzlu get eg ekki séð í nokkurri bók; það eru oft og einatt heil erindi, þar sem áherzlan lendir á áherzlulausum samstöfum, og má nærri geta, hvernig slíkt hljómar í söngnum, t. d. klukknanna, á kvöldin o. s. frv. Um þess konar lýti geta útlendir kompónistar auðvitað ekki dæmt. Eg hefði annars búist við, að síra Bjarni hefði látið meðmælin fylgja með umsókninni, ef hann hefði haft nokkur.

Hvað sem háttv. 2. þm. Skagf. (St. St.) segir, þá verð eg að halda því fram, að ef þingið vill fara sérstaklega vel með þennan mann, þá ætti það að kaupa af honum handrit hans, og láta svo hæfari menn moða úr því á sínum tíma.

Hannes Þorsteinsson: Eg á að vísu enga breyt.till. við þennan kafla fjárlaganna, en umr. hafa gefið mér ástæðu til að fara örfáum orðum um einstaka breyt.till.

Hæstv. landsh. vék að viðaukatill. á þgskj. 314, um að landið kaupi handritasafn dr. Jóns Þorkelssonar skjalavarðar fyrir alt að 10 þús. kr. Þessi upphæð þótti honum alt of há, og kvað hann safnið engan veginn vera svo mikils virði. Eg skal um það efni leyfa mér að skírskota til vottorðs tveggja manna (þgskj. 314), sem eru fult svo færir til að dæma um slíkt sem hæstv. landsh., að honum alveg ólöstuðum. Þessir menn eru prófessor Finnur Jónsson og adjunkt Pálmi Pálsson; þeir hafa skoðað safnið nákvæmlega og telja það vafalaust svo mikils virði. Skýra þeir svo frá, að í safni þessu séu rúmlega 200 rit, sem hvergi eru annarstaðar til, og mörg þeirra einkar merkileg; má þar til nefna ýms kvæðasöfn, skýrslur o. fl. Auðvitað eru líka í safninu ýms miður merkileg rit og margt, sem til er annarstaðar. En við verðum að gæta þess, að mikið er gefandi fyrir merkileg *unica* (o: rit, sem að eins í eintak er til af), þau eru jafnan afardýr; útlend söfn mundu

gefa fyrir þau mikið fé. Má vera að eigandann hafi safnið ekki kostað 10 þús. kr. En það kemur ekki málinu við. Ættum vér að láta hann gjalda þess, að hann hefir verið sér úti um þessi rit? Ættum vér ekki miklu fremur að þakka honum fyrir, að hann hefir forðað fjölda handrita frá eyðileggingu víðs vegar um land, eða komið í veg fyrir að ýms rit flyttust burt úr landinu, sem Landsbókasafnið hefir ekki viljað kaupa? Og ef nú þingið ekki vill sinna þessum kaupum, þá er við búið, að eins fari með þetta safn, sem farið hefir um mörg merkustu íslenzk handrit, að það hverfi út yfir hafið. Vér höfum landsbókasafn, og það eigum vér að auðga, ekki sízt að íslenzkum heimildarritum. Eg kann illa þeim ummælum hæstv. landsh., að ekki væri það að klæða fjöllin að fleygja út fé til slíkra kaupa. Þetta má segja um margt. Það var heldur ekki að klæða fjöllin, er handritasafn Jóns heitins Sigurðssonar var keypt. En mun sá vera nokkur nú, er sér eftir þeim kaupum? Eg skal að vísu ekki bera þessi handritasöfn saman, enda kostaði safn Jóns Sigurðssonar 25 þús. kr. Það er hægur vandi að kasta slíkum »slagorðum« fram sem þessu, að þessi og þessi fjárveiting sé ekki til að klæða fjöllin, ekki til að hylja brekkurnar grasi. Það eru ekkert annað en æsingarorð til þess að trufla atkv.gr. manna um málið. Það fellur jafnan í góðan jarðveg að segja, að þetta og þetta sé ekki til að græða upp grundir og hlíðar. En það á illa við að neyta þess konar orðtaka um vísindi. Því fé, sem varið er til að efla andlegan gróður í landinu, er þó sannarlega ekki á glæ kastað.

Hæstv. landsh. gat þess enn fremur, að hann væri hlyntur breyt.till. við 17., 18., 19. og 20. liðinn á atkvæðaskránni, nfl. að allir þessir liðir féllu burtu. Mun honum ekki hafa orðið mismæli um 20. liðinn, styrkinn til Boga Melsteð? Allir þessir liðir standa á stjórnarfrumv.; þeir hafa þá líklega allir komist inn í það á móti hans vilja? En hins vegar lagði hann það nú til, að styrkurinn til Sigfúsar Blöndal væri látinn standa. Ekki er það að klæða fjöllin!

Þá skal eg víkja að 17. liðnum á atkvæðaskránni, og hljóðar hann um styrk til Sögufélagsins. Hin háttv. fjárlaganefnd hefir lagt það til, að hann verði feldur burt. Þetta þykir mér harla einkennileg tillaga, og get eg ekki skilið í, að hún sé sprottin af öðru en ókunnugleika. Félag þetta var stofnað í fyrra í þeim tilgangi, að gefa út ýms heimildarrit, er enn liggja óprentuð á víð og dreif og mikilsverð eru fyrir sögu landsins. Það stoðar ekki að segja, að þetta sé hlutverk Bókmentafélagsins. Það getur ekki sint öllu. Eins og kunnugt er, hefir það mörg önnur störf með höndum. Fái Sögufélagið ekki þennan styrk, verður það eflaust að leggja árar í bát og hætta. Það hefir að eins 150 meðlimi, og af þeim greiðir ekki nema rúmur helmingur tillag; má því nærri geta, að það hefir ekki yfir miklum fjárafla að ráða. Það er því heldur ekki von, að það hafi gefið út mörg rit á þessu eina ári, er það hefir lifað. Þó vil eg benda á, að það hefir með höndum útgáfu á Morðbréfabæklingum Guðbrands biskups og Biskupasögum sira Jóns Halldórssonar. Þetta yrði það að hætta við ef styrkurinn fengist ekki; — eg efast um að Bókmentafélagið mundi taka það hlutverk upp.

Eg vil því mælast til, að hin háttv. deild felli tillögu nefndarinnar.

Um 19. liðinn, styrkinn til Jósafats Jónassonar til ættfræðisrannsókna, stoðar víst lítið að fjölyrða. Það er

eins með þetta, sem hitt; hin háttvirta deild virðist bera harla lítið skynbragð á vísindi og bókmentir, og vera harla lítið hlynt íslenzkri sögu og ættfræði. Eg hélt þó að hæstv. landsh. mundi helzt hafa einna beztan skilning í því efni af háttv. þm. hér í deildinni, en nú sé eg að það hefir ekki verið rétt álitið.

Eg skal svo ekki fara fleirum orðum um þessi atriði, en eg vona, að þingið láti ekki svo illa fara, að handritasafn Dr. Jóns flytjist úr landinu, og Sögufélagið verði að hætta sínu nytsama starfi.

Þá skal eg víkja að 14. gr. A. 21., er hljóðar um styrkveiting til stúd. Konráðs Stefánssonar, til þess að nema rafmagnsvélafræði við tekniska háskólann í Mittweida á Saxlandi. Eg er því mótfallinn að námsstyrkur sé veittur þeim mönnum, sem hafa ekki sýnt sig í þeirri grein, er þeir ætla að nema. Hitt er öðru máli að gegna, að styrkja þá, sem byrjaðir eru á námi með góðum árangri, til þess að ljúka því. Og því síður er ástæða til að fara að kosta mann til raffræðisnáms suður á Saxlandi, þar sem rafmagnsdeild er komin upp við háskólann í Kaupmannahöfn.

Aftur á móti er eg af áðurgreindri ástæðu meðmæltur styrkveitingunni til Halldórs Guðmundssonar, sem er kominn langt á veg með nám sitt, og á að eins 2 ár eftir til að hafa lokið því. Og sömuleiðis vil eg sérstaklega mæla mikillega með styrkveitingunni til Ásgríms Jónssonar málara, sem lítið eða alls ekki hefir verið minst á hér í deildinni, auðvitað af því að allir munu sammála um þá veitingu; en eg kann þó betur við, að nafns þessa efnilega unga manns sé getið hér á þingi. Það lítur út fyrir, að hann sé efni í mikinn listamann og muni verða landi sínu til sóma, og þess vegna tel eg sjálfsagt að styrkja hann. Upphæðin, sem beðið er um, er heldur ekki há.

Það er þetta, er eg legg áherzluna á þegar ræða er um námsstyrk til einstakra manna, að þeir hafi sýnt sig áður, svo að styrkurinn sé ekki veittur bara út í bláinn.

Með styrkveitingu til Leikfélags Reykjavíkur hafa margir mælt, en að eins einn á móti. Eg tel það sjálfsagt að styrkja þetta félag sem rækilegast, og því mun eg greiða atkv. með hækkunarbreyt.till. á þgskj. 313. Verði félagið ekki styrkt betur en hingað til, er við því búið að það verði að leggja árar í bát; en fái það styrkaukninguna, mun það geta fengið aftur 3 mikilsverða »krafta«, er það misti í vetur og segja má að hafi verið máttarstólpar þess; geti félagið ekki haldið þessum 3 ágætu leikendum, má fullyrða að dagar þess séu taldir; en það getur það því að eins, að það fái ráð á, að bjóða þeim sæmileg kjör.

Að því er snertir 1. breyt.till. háttv. þm. Dal. (B. B.) á þgskj. 337, um að fella burtu styrkinn til Benedikts Gröndal, þá býst eg við, að hún fái ekki mikinn byr hér í deildinni, og ætti það heldur ekki skilið. Mér þykir allundarlegt að hún skyldi koma fram. Það er að eins til að særa þenna gamla heiðursmann, sem hér á hlut að máli. En nú er bótin, að eg býst við, að enginn standi upp með þessari breyt.till. nema flutnm. einn.

Björn Bjarnarson: Eg skal svara þeim mótbárum gegn ræðu minni, sem eg man eftir. Hjá 2. þm. Skagf. (St. St.) fanst mér fremur kenna orðmælgis en röksemda. Eg skal benda honum á, að það er óheppilegt að deila einu félagi í mörg sjálfstæð. En aftur á móti gott að hafa eitt aðalfélag með

mörgum undirdeildum. Hvert félag, hvert land á að hafa eina stjórn. En það er svo greinilegt, að ef Ræktunarfélagið fær sérstakan peningastyrk, þá verður það að eins að nafninu til undir Landsbúnaðarfélaginu. Eg bjóst sízt við, að 2. þm. Skagf., sem eg hefi álitið öflugasta forvígismann landbúnaðarins, vildi vinna að því, að kraftarnir tvístruðust. Því enginn efast þó um, að ef einhverjum krafti er skift í tvo eða fleiri hluti, þá minkar »resúltatið« í hlutfalli við tvístrun kraftsins. Eg vil biðja háttv. þingm. að taka vel eftir þeim mun, sem er á að hafa mörg, smá, sjálfstæð félög, og svo að hafa eitt aðalfélag með mörgum undirdeildum. Ef nú Ræktunarfélagið fær þessar 8000 kr., þá verða þær auðvitað brúkaðar, án þess að Búnaðarfélagið geti haft nokkra hönd í bagga með brúkuninni. Í stað þess ætti Landsbúnaðarfélagið að fá féð og svo veita það aftur Ræktunarfélaginu, til þess að framkvæma það, sem Landsbúnaðarfélagið áliti þarflegt, og vildi láta gera. Þannig er líka því stóra félagi í Noregi varið, »Selskabet for Norges Vel«. Öll fjárveitingin fer til þess, og svo veitir það aftur undirdeildum sínum, hverri sinn skerf. Með þessu lagi er hægt að vinna eftir föstu plani í landinu, og án þess er það vita ómögulegt. Út af breytingartillögu við 14. gr. A 9, get eg ekki verið þeim samdóma, sem töluðu í móti mér. 800 kr. er nóg til að lifa af fyrir einhleypan mann, og eftir 8 ára þjónustu sýnast mér það vera bærileg eftirlaun. Hér getur því ekki verið að tala um neitt gustukaverk, og þess vegna engin ástæða til að veita þennan styrk undir fölsku flaggi. Utan þings segja líka margir þingmenn, að það sé auðvitað meint sem skáldalaun, en því í ósköpunum má þá ekki segja það sama í deildinni? Því eg fæ ekki séð annað en þessi bókmentasögustyrkur sé »humbug«. Eg get heldur ekki sannfærst um að Leikfélagið eigi að fá þennan styrk, því þó það væri mikið að vöxtunum, sem var talað með því, þá var það æði þunt að gæðunum. Ef stjórn Leikfélagsins væri góð, þá gæti það vel staðist af eigin rammleik. En þegar það kaupir leiktjöld fyrir 500 kr., sem ekki eru meir en 200 kr. virði, þá er ekki furða þó kjaraldið leki. Ef Leikfélagið léki á sumrum, þá gæti það fengið eins mikið og meira en það, sem hér er farið fram á. Háttv. 2. þm. Skagf. tók það fram, að eg hefði kallað leikina dilettantkomedíur. Eg er viss um að háttv. þm. er svo mikill smekkmaður, að honum dettur ekki í hug að kalla slíkt kúnst. Um Lúðrafélagið er aftur á móti það að segja, að það hefir engar tekjur. Það skemtir bæjarbúum án þess að fá einn eyri. Við mörg tækifæri er mjög æskilegt að hafa lúðraþyt, t. d. þegar útlendingar koma hér, þegar þing er sett o. s. frv. En það er ekki einungis nauðsynlegt að hafa lúðra, heldur verður maður líka að hafa almennilega lúðra, og til þess ætti þingið hiklaust að veita styrk. Enginn vafi á því að bærinn muni leggja annað eins til og þingið veitir. Einn þingmaður sagði að hann væri með styrknum til Lúðrafélagsins, en á móti því, að hann kæmi fram sem breytingartillaga við styrkinn til Leikfélagsins. Fari svo að þessi breyttill. mín falli, þá mun eg koma með sérstaka tillögu við þriðju umr. 2. þm. Skagf. (St.St.) ámælti mér fyrir, að eg mintist á öll þessi blessuð þingmannaboð; en allir eru breyskir, og svo lítur næstum út, sem þingmaðurinn hafi fundið sig snortinn. 2. þm. Skagf. var

líka móti mér í mótorvagnspursmálinu, og taldi víst að þeir mundu hafa mikil áhrif á landbúnaðinn. Getur vel verið að svo færi seint og síðar meir, en enn sem komið er, hefi eg litla trú á því, því ekki hlaupa þeir þó yfir holt og hæðir, urðir og allan skrattann. Því þó þjóðvegir séu komnir víða, þá eru þeir bara með köflum, og mikils til of mjóir. Jafnvel vegurinn austur í Árnessýslu væri of mjór fyrir mótorvagn. En að sérstakir vegir fyrir mótorvagna verði búnir til, því hefi eg ekki mikla trú á. En til hvers er að gera tilraun þegar vegina vantar? Einkum og sér í lagi, þegar nokkurn veginn vissa er fyrir því, að slík tilraun mundi kannske verða til það sálga fjölda mörgum. Eg skal sérstaklega taka það fram, að mótorvagnarnir eru alls ekki komnir í það lag sem þarf, enda vilja verksmiðjurnar alls enga ábyrgð taka á þeim, enn sem komið er. Að því er snertir síra Bjarna Þorsteinsson, þá neita eg því sem 2. þm. Skagf. bar mér á brýn, að eg hefði sýnt honum vantraust. En hins vegar læt eg ekki telja mér trú um, að hægt sé að finna 600 lög »original« hér á landi. Svo mörgum lögum er ekki hægt að hrúga saman, öðru vísi en að sama lagið, sungið í dúr á Vestfjörðum og í moll á Austfjörðum, reiknist fyrir tvö lög. Og slíkur misskilningur getur hæglega orðið, þegar menn, sem ekki kunna, eru fengnir til að notera lögin. Nei, það er langt um meiri ástæða til að veita Sigfúsi Einarssyni styrk, sem hefir sýnt að hann hefir góða hæfilegleika, og sem hefir dirigerað söngflokk í Kaupmannahöfn, og gert landinu með því mikinn sóma. Af sömu ástæðu, sem eg gef málaraefninu Ásgrími Jónssyni gef eg líka Sigfúsi Einarssyni atkvæði mitt, því báðir hafa sýnt mikla hæfilegleika hvor í sinni list.

Hannes Hafstein: Mótbárur hv. þm. Dal. (B. B.) gegn styrkveitingunni til síra Bjarna Þorsteinssonar höfðu það til síns mikla ágætis, að þær snerta þó efnið að vissu leyti. Hann vefengdi það, að lög þau væru til, sem herra Bjarni Þorsteinsson hefir safnað, og vill fullkomna söfnun á, fyrir þann styrk, sem hér er um að ræða.

En röksemdir háttv. þm. Gullbrs. gegn þessari fjárveiting fóru alveg fram hjá efninu, að því er mér fanst, því þær hnigu eingöngu að hæfileikum umsækjanda sem tónskálds. Þingmaðurinn færði þær röksemdir á móti styrknum, að síra Bjarni vildi vera frumlegur og færi illa með áherzluna á íslenzkum ljóðum. Þessar röksemdir færði hr. þingmaðurinn fram með miklum þunga og óskeikulleik, eins og hann væri hæstiréttur í þessu máli. Það má vera, að þm. sé svo á sig kominn, að hann hafi æðri og meiri þekking en vér höfum haldið til þessa. En með allri virðingu fyrir þekkingu og söngsnild þingmannsins, get eg ekki að því gert, að eg, sem leikmaður og ófróður í þessum efnum, hefi fengið þá trú, að t. d. gamli Hartmann og Gunnar Wennerberg væru líka karlar í krapinu, og bæði þessir menn, sem eg nú nefndi, og fleiri tónsnillingar hafa vottað, að verk síra Bjarna og hæfileikar hans væri á alt annan veg en háttv. þm. vill segja okkur nú. Það er auðsætt, að þeir líta ekki svo á, að það að vera frumlegur, sé svo voðalega hættulegt eða slæmt. Þeir hafa hrósað honum mjög, og sagt að hann væri ágætum hæfileikum gæddur og efnilegur í alla staði að því er sönglist snertir. En sem sagt, hér er ekki að ræða um þennan mann sem kompónista, heldur sem safnara, sem vísindamann. Og á því sviði hefir hann sýnt stórmikla atorku, og væri það hin

mesta vanvirða, að láta starf hans falla niður, fyrir misskilning, vantrú, mótkapp eða annað verra. En svo eg víki mér að háttv. þm. Dal. (B. B.) þá vil eg að eins segja, að eg er viss um að honum mundi fara eins og fyrirrennara hans Tómási postula, ef hann fengi sama tækifæri eins og eg hefi haft, til þess að sjá og kynna sér safn síra Bjarna, þá mundi vantrúin hverfa, því hann mundi geta lagt sína músíkölsku fingur í nótnaförin og sannfært sig um, að kenning hans um þessa margvíslegu »molla« og »dúra« og afkvæmi þeirra, er ekki á sem allra beztum rökum bygð. Einkanlega er eg viss um það, að ef hinn háttv. þm., sem eg þekki að samvizkusemi og skírleik, sæi athugasemdir þær eða ritgerðir, sem síra Bjarni hefir skrifað við lög þau, sem hann hefir sett í safnið, þá mundi hann ekki halda fram því sem hann áðan sagði. Veit eg og að háttv. forseti, sem hefir séð þetta safn, mundi verða fyrstur manna til þess, ef hann væri í þingmannasætunum, að færa háttv. þm. Dal. og öðrum heim sanninn um, að hér er ekki um neinn hégóma að ræða. Háttv. forseti hefir miklu nákvæmar en eg kynt sér hið mikla og merkilega safn síra Bjarna Þorsteinssonar, og eg veit, að hann mun votta, að eg fer með rétt mál, er eg nefni það svo.

Háttv. þm. N.-Ísf. (S. Th.) var í meira lagi harðorður um cand. Boga Melsteð, og lýsti honum sem svo óhæfum til að semja Íslandssögu, að maður skyldi halda að það væri hin mesta fásinna að styrkja hann. Eg get ekki annað en fundið í orðum háttv. þm. gustinn frá 1901, þegar þessi maður var sviftur styrk, beinlínis vegna þess, að hann hefir borið skjöldinn hátt í heimastjórnarbaráttunni og andæft þeim mönnum, eða þeim flokki, sem háttv. þm. (Sk. Th.) telst til. En nú ætti slíkt ekki lengur að geta verið ástæða til að útiloka hann. Hér verður annað að koma til álita. Eg sé ekki betur en að það atriði, að hr. Bogi Melsteð hefir fengið styrk til ritsmíða sinna annarstaðar frá, sé fremur meðmæli með honum en hitt. Ef hann ætti skilið öll þau hörðu ummæli, er háttv. þm. N.-Ísf. við hafði um hann, þá mundi hann ekki hafa fengið þá viðurkenningu í öðrum löndum, er hann hefir hlotið fyrir ritstörf sín. Háttv. þm. N.-Ísf. bygði alt of mikið á einum einstökum ritdómi, er birst hefir um 1. heftið af Íslandssögu Boga Melsteðs. Eg er viss um það, að eg ber fult eins mikla virðingu fyrir hinum lærða og merka höfundi ritdómsins, eins og háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), en get þó ómögulega bygt eins mikið á þeim ummælum, sem háttv. þm. sleit út úr sambandi og slengdi hér fram. Hann nefndi að eins undantekningarnar — aðfinslurnar, en gat alls ekki um það lofsorð, sem jafnframt er lokið á bókina í ritdómi þessum, og sumt af þeim orðum, er háttv. þm. las upp, eru bersýnilega prentvillur. Eg álít að það sé engin samkvæmni í því, að strika Boga út og setja aftur inn yngri menn eins og Jón Jónsson sagnfræðing, jafnvel þótt rit hans gangi betur í almenning, af því að hann skrifar populært en Bogi vísindalega, því hvað samvizkusemi og nákvæmni snertir, mun Bogi alls ekki standa honum að baki, og segi eg þetta ekki í því skyni að niðra Jóni.

Þá mælti háttv. þm. N.-Ísf. með styrkveitingu til Sighv. Borgfirðings. Það er ekki mikið til prentað eftir þann mann, og það sem prentað er, er mest tekið upp eftir öðrum höfundum. Þetta verk, er hann sækir um styrk til að ljúka við, hefi eg heyrt að sé algerlega ókritiskt. Sem vísindamanni

er engin ástæða til að veita honum styrk, en hvort grúsk hans einhvern tíma síðar meir getur orðið til gagns, er erfitt að segja. Eg get ekki greitt atkv. með þessari styrkveitingu.

Ut af umtali því, sem hefir orðið um styrkveitingar til Leikfélagsins og Lúðrafélagsins í Reykjavík, skal eg taka fram, að ef velja á um að styrkja af landsfé annaðhvort félagið, þá virðist mér enginn efi á, að það er Leikfélagið sem styrkinn á að fá; þess ætlunarverk hefir mentunargildi; það á að vekja leiklist og ryðja braut fyrir leikritaskáldskap í landinu sjálfu, en þá grein vantar hér um bil í okkar bókmentir, og er það af því að senu vantar. Leikfélagið er vísir til þess að mynda innlenda senu, og til þess hefir það fengið styrk og á að fá styrk framvegis. Lúðrafélagið er alls góðs maklegt. En þess verksvið snertir að eins þenna bæ. Lúðrarnir eru, að því er eg frekast veit, eign bæjarsjóðs Reykjavíkur, og skemtun sú, er það veitir, nær að eins til Reykjavíkurbúa eða gesta þeirra. Styrkur til þess félags er því eiginlega styrkur til bæjarsjóðs Reykjavíkur, sem vissulega ætti að styðja þetta félag.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) mælti með styrkveiting til tveggja yngri skálda, og skal eg ekkert hafa á móti því. En mér er kunnugt um, að einnig er á leiðinni tillaga um styrkveiting til hins þriðja skálds, Guðmundar Magnússonar, sem nýlega hefir ritað ljóðleikinn »Teitur«, sem háttv. þingmönnum hefir gefist kostur á að sjá. Vil eg að þessu sinni að eins taka það fram, að þegar um styrkveiting er að ræða, mundi eg fyrir mitt leyti telja hann að minsta kosti jafn maklegan, eða þó heldur maklegastan.

Jón Magnússon: Eg hefi leyft mér að koma fram með brt. á þskj. 320, eftir beiðni landsskjalavarðarins; en þar sem þetta að eins eru lítilfjörlegar orðabreytingar, vona eg að hún gangi fram, og finn enga ástæðu til að minnast frekar á hana.

En úr því eg stóð upp, vildi eg minnast á annað mál, nfl. tillöguna um að veita 2000 kr. styrk til þess að gera tilraunir með mótorvagna. Eg álít að fjárlagan. hafi yfirleitt unnið verk sitt vel, og eigi því lof skilið, en að því er þessa tillögu snertir, verð eg að segja það, að mér virðist hún mjög vanhugsuð. Hér er ekkert skilið til um vagnana, og væri þó nauðsynlegt að setja ákvæði um, hvernig þessir vagnar ættu að vera, því mótorvagnar eru mjög misjafnir, sumir ætlaðir fyrir vöruflutninga, aðrir til mannflutninga, og það eru að eins mannflutningavagnarnir, sem nokkuð eru reyndir; vöruflutningavagnar eru enn lítt reyndir í útlöndum og hvergi nema í bæjum. Maður hér var að hugsa um það í vetur, að reyna hér flutningavagn, og skrifaði til ýmissa verksmiðja í útlöndum til þess að fá upplýsingar um verð þeirra, og fekk það svar, að allstór vöruflutningsvagn fengist fyrir c. 5000 kr., en helzta verksmiðjan réði honum þó til að bíða, þangað til meiri reynzla væri fengin. Þetta er því nokkuð fljótráðið. Eigi að eins að reyna mannflutningavagn er veitingin of há, því að mannflutningavagn má fá fyrir um 2000 kr. Ef menn vildu reyna vagnana hér, þyrfti að setja ýms skilyrði um að þeir gætu farið krappar bugður og að þeir gætu farið upp halla að minsta kosti 1 : 10. Auk þess er maðurinn, sem styrkinn á að fá, ekkert undir landsstjórnina settur, svo það er alsendis ómögulegt að hafa nokkuð eftirlit með honum. Eg átti tal við landsingeniörinn um þetta efni, og sagði hann mér, að Norðmönnum þætti ekki tiltækilegt að nota þessa

vagna á 6 álna breiðum vegum um landið, alt svo jafnbreiðum vorum vegum, af því þeir væru of mjóir, og eru þó vegir þar »makademiseraðir« og miklu betri en hér. Ef menn endilega vildu reyna vagnana hér, ætti að fela landsingeniörnum það á hendur. Hv. þm. Dalamanna (B. B.) talaði um þá hættu, er þessir vagnar hefðu í för með sér, og er það alveg rétt athugað. Í útlöndum eru slíkar ferðir sumstaðar bannaðar á miklu breiðari vegum en vorum. Þar sem nú lest er oft óslitin austur yfir fjall, þá eru mótorvagnferðir alveg ómögulegar á flutningabrautinni austur í Árnessýslu, nema þá að allar lestaferðir væru bannaðar á meðan. Auk þess þyrfti góðan og sterkan vagn, og sérstaklega góðan til þess að fara upp og ofan Kamba.

Eg verð því að vera á móti tillögunni, en ef menn endilega vilja veita fé í þessum tilgangi, leyfi eg mér að mæla með brtill. um að lækka tillagið niður í 1200 kr.

Mér hefir verið sagt af manni, sem vel þekkir þetta, að hægt mundi vera að fá brúklegan mótorvagn í Englandi til reynslu upp á það, að skila honum aftur, gegn því að greiða svo sem 20 pund sterl. fyrir brúkunina, en flutningur fram og aftur þyrfti líklega eigi að kosta meira en svo sem 200 kr. Eg hygg að tilraunina mætti gera fyrir svo sem 800 kr.

Tryggvi Gunnarsson: Eg er glaður yfir því, hve góðar viðtökur öll höfuðatriðin hjá fjárlagan. hafa fengið hér í deildinni; um gufuskipaferðir, vegi og landbúnaðarmál hefir engin deila verið, og brt. hafa verið mjög litlar nema um smáatriði. Það er eðlilegt að henni hepnist ekki æfinlega að hitta á það réttasta, enda vandi að velja milli allra bænanna, hverju á að hafna og hverju á að mæla með. Þegar fjárlaganefndin var búin með álitið, voru margir hjartveikir yfir því, hvað reikningshallinn væri mikill, en eg sé að hinir hv. þgdm. þjást ekki af sömu hjartveiki, því því nær allar brt. fara í þá átt, að hækka útgjöld landssjóðsins.

Eg skal með fám orðum minnast á dráttarbrautina. Hæstv. lh. sagði, að mikið fé hefði gengið til hennar, og er það satt; en ekki einn eyrir af fé þessu er úr landssjóði, svo að það ættu fremur að vera meðmæli en mótmæli gegn fjárveitingunni, að fáeinir privatmenn hafa lagt þetta mikla fjárframlag á sig.

Það eru sjálfsagt fáir hér í deild, er eigi álíti það lífsspursmál fyrir sjávarútveginn, að dráttbrautin geti komist í gott lag. Ef ekki verður hægt að draga skip hér á land til aðgerða, þá er það bersýnilegt, að mörg af fiskiskipunum verða ekki haffær eftir fá ár. Bæði er það, að þau hafa verið keypt gömul, og í öðru lagi er þeim svo mikil hætta búin af trémaðki, sem er í sjónum hér sunnanlands. Þurfa þau því góðs eftirlits og viðgerðar, en slíkt getur ekki orðið, svo trygt sé, nema skipin verði dregin á land.

Eg man það, að fyrir allmörgum árum, og áður en eg fluttist hingað til bæjarins, þá hvarflaði það í huga minn, er eg var hér staddur og rendi augunum yfir höfnina og sá þar liggja frönsk og önnur erlend fiskiskip borð við borð, að sorglegt væri til þess að vita, að Íslendingar ættu sjálfir sama sem ekkert af þeim mikla skipaflota, og eg var að hugsa um það, hvort eg mundi ekki fá að lifa þá stund, að sjá Reykjavíkurhöfn alskipaða íslenzkum skipaflota. Eg þorði naumast að gera mér vonir um það, en þó er nú svo komið, að þessi hugsun er orðin að

verulegleik. Hér við Faxaflóa eru nú yfir 70 innlend fiskiskip. Það er fögur sjón að sjá íslenzka fiskiskipaflotann, þegar hann safnast hér saman á höfninni við hver vertíðarlok, og gleðilegt er það fyrir hvern ættjarðarvin, að sjá höfnina alsetta íslenzkum skipum. En því sorglegra væri það, að sjá þennan blómlega vísi íslenzkrar framtakssemi deyja út fyrir það, að honum væri eigi sýnd rækt; en eg vona, að það komi ekki fyrir, og eg vona, að þingið sinni fúslega þessari styrkbeiðni, sem hér liggur fyrir, því að hún miðar að því, að verða skipastól þann, sem fenginn er, og vonandi styður líka að því, að bæta nýjum skipum við hann.

Auðvitað gefa fiskiskipin mikið í aðra hönd, svo að í raun og veru ætti útgerðarmönnunum ekki að vera vorkunn að standa sjálfir allan straum af dráttbrautinni; en það er einkum tvent sem gerir þeim það örðugt; fyrst er það, að margir fátækir menn hafa af framtakshug ráðist í að kaupa skip, og eiga því fullerfitt með að greiða vexti sína og afborganir, og standast allan þann kostnað, sem útgerðin hefir í för með sér; og í öðru lagi er það — og það ríður baggamuninn — að aflanum er skift hér öðruvísi en nokkurstaðar annarstaðar erlendis, þannig, að hásetar bera hér miklu meira frá borði, en skipseigendur minna. Í Færeyjum fá skipseigendur 67% af aflanum en hásetar 33%, í Noregi fá skipseigendur 60% og hásetar 40%, en hér taka skipseigendur að eins 50% og hásetar aðrar 50%, það er svo kallað hálfdrætti; hér dreifist því arðurinn miklu meira út til almennings, en afleiðingin af því verður að sjálfsögðu sú, að skipseigendur eiga meira í vök að verjast, og örðugra með að leggja fram fé til fyrirtækja, slíkra sem dráttbrautin er.

Það ætti hreint og beint að vera gleðiefni fyrir þingið, að geta styrkt sjávarútveginn með því að leggja fram þessar 10,000 kr. Það er örlítill hluti þess, sem sjávarútvegurinn gefur af sér í landssjóð.

Tollurinn á fiski þeim, sem fluttur er frá Faxaflóa einum, nemur 7000 kr. á ári eða nærfelt þriðjungi meira á fjárhagstímabilinu en upphæð þessi er.

Því má ekki gleyma, að nálægt 1/3 af landsbúum lifa af fiskiveiðum, og þeir eiga engu síður tiltölu til styrks af landssjóði en landbændurnir, sem þingið er að moka peningum til.

Þar næst skal eg minnast á það, að hæstv. landsh. þótti það ekki sem eðlilegast, að þessar fáu krónur væru veittar Iðnaðarmannafélaginu í Reykjavík til teknisks skóla, af því að stjórninni væri ekki ætlað að hafa afskifti af skólanum. En þess er að gæta, að skólinn er hér rétt undir handarjaðri stjórnarinnar, svo að hún á ofurhægt með að hafa eftirlit með honum. Það kom til fjárlaganefndarinnar greinileg skýrsla frá Iðnaðarmannafélaginu um það, hvernig það hefði varið undanförnum styrk, og var það auðsætt, að honum hafði verið vel varið. Nefndin var á því, að ekki mætti einblína á landbúnaðinn og sjávarútveginn, heldur bæri nauðsyn til að gefa iðnaðinum líka gaum og styrkja hann, því eigi allfáir landsmenn lifa eingöngu af handiðn, og var það því einróma tillaga fjárlaganefndarinnar, að veita þessa hjálp iðnaðarmönnunum; eg man ekki betur en að þetta sé eini styrkurinn, sem þeir njóta af landsfé.

Þá skal eg minnast á ummælin um Leikfélagið í Reykjavík; reyndar get eg verið þar fáorður, því að eg er sammykkur því, er háttv. 2. þm. Eyf. (H. H.) sagði um þýðing þess félags; að

eins skal eg minna á það, sem háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.) sagði, að fái það ekki viðunanlegan styrk, þá er ekki von til að það geti haldið sínum beztu kröftum. Það hefir þegar mist 3 af sínum beztu mönnum, og 2 eru á leiðinni að fara, ef ekkert rætist úr. Því er það nauðsynlegt, vilji þingið á annað borð styrkja leikmentina, sem eg tel sjálfsagt, að styðja Leikfélagið til að halda þeim góðu leikendum, sem það hefir enn, og til að ná þeim, sem farnir eru. Ef vér lítum til Danmerkur, þá er þetta, sem hér er farið fram á, eins og dropi í hafi í samanburði við það, sem Danir leggja fram leikmentinni til eflingar. Eg vona að flestir h. þingdm. fylgi nefndinni í tillögum hennar hér.

Háttv. þm. Vestm. (J. M.) mælti mjög á móti því, að fé væri veitt til þess að útvega hingað mótorvagn. Það er svo sem sjálfsagt að hið sama mun brenna við hér sem í öðrum löndum, að nýungar mæti mótspyrnu. Eg var staddur í Kaupmannahöfn árið 1901; þá var nýbyrjað að brúka þar mótorvagna; voru þá öll blöð full af skrípamyndum af vagnferðum þessum, og sýnd á þeim höfuð, fætur og mannabúkar liggjandi sem hráviði með fram vegunum, og átti þetta að vera af fólki, sem slys hefði beðið af vögnum þessum. En svo kom það fyrir, að Englandskonungur kom til Danmerkur á sama tíma, og á meðan hann dvaldi þar, keyrði hann á mótorvagni fram og aftur um landið; var þá hans vegna hætt að gera gys að vagnferðum þessum, og menn fóru að hagnýta sér þá. Sama er að segja um sporvagna, sem knúðir eru áfram með rafmagni; mótspyrnan gegn þeim var fyrst svo megn, að jafnvel Tietgen með sínum alkunna dugnaði gat ekki hamlað upp gegn henni. En nú er svo komið, að því nær allir sporvagnar í Kaupmannahöfn eru knúðir áfram með rafmagni. Eg skal játa það, að komist mótorvagnaferðir á austur í Árnessýslu, þar sem svo fjölfarið er um veginn, þá verður að keyra varlega, og þarf að sjálfsögðu að gefa út reglugjörð fyrir keyrslunni. Það sem nefndinni mest gekk til að koma með tillögu þessa var, að hún áleit, að hér væri um framfarastig að ræða, og þótt vagnar þessir reyndust ekki heppilegir að svo stöddu til vöruflutninga eftir vegum vorum, áleit hún að það gæti orðið stór sparnaður fyrir landssjóð, að nota þá til vegagerða, til þess að keyra á þeim ofaníburð í vegina. Nú á að fara að byggja veg yfir Fagradal, og verja til þess á næsta fjárhagstímabili 35,000 kr. Eg get trúað því að vegur þessi mundi verða stórum ódýrari, ef mótorvagn væri notaður við lagning hans. Það hefir verið sagt, að privatmenn ættu að gangast fyrir því að útvega slíkan vagn, en er það ekki ónærgætni að ætlast til, að þeir fari að leggja út í það, ef það er svo mikil áhætta, að landssjóður þorir ekki að leggja fram fé til þess. Eg álít gagnið svo mikið að gera þessa tilraun, að eigi sé við það hikandi.

Það má vera að það hefði verið allra réttast, að landssjóður hefði að öllu leyti lagt fram fé til að kaupa vagninn, en nokkru meiri áhætta er það, en að nota tilboð þessa dugnaðarmanns, og öllu líklegra að tilraunina verði fult svo vel að marka í höndum hans, eins og ef landssjóður færi að gera hana. Þegar nefndin var búin að koma sér niður á, að nytsamlegt mundi að kosta nokkru fé til þess úr landssjóði, að fá hingað mótorvagn, þá gerði hún mann á fund konsúl Thom-

sens til að semja við hann, og í raun og veru er það að gera nefndinni minkun að fella tillögu þessa, en eg vona að ekki komi til þess.

Það er nauðsynjamál að fá þessa yfirmatsmenn við fisk, sem frumv. fer fram á, og eg vona að það gangi í gegn hér á þingi nú. Eg sé að það er komin fram breyt.till. um að færa laun þeirra niður. En eg held það sé ekki rétt. Það má vona, að farmar þeir, sem menn þessir skoða og gefa vottorð um, fái gott orð á sig í útlandinu, og að nafn þeirra verði álitin trygging fyrir því, að farmarnir séu eins og þeim er lýst, og að þar af leiðandi gangi greiðara að selja þá, og fáist betra verð fyrir þá, og má þá búast við að sózt verði eftir mönnum þessum til að yfirskoða fiskfarma, og að þeir hafi því allmikið að gera. Eg geri ráð fyrir að yfirmatsmaðurinn í Reykjavík verði líka fenginn til að skoða farma í Hafnarfirði, og matsmaðurinnn á Ísafirði farma á Önundarfirði og jafnvel víðar. Út af þessum yfirmatsmönnum kemur mér til hugar að full þörf sé til þess, að skorað væri á Landsbúnaðarfélagið að gangast fyrir því, að fengnir væru matsmenn til að flokka niður smjör það, sem flutt er út úr landinu, því að það er mjög áríðandi, að ekki komist óorð á íslenzka smjörið í útlöndum.

Ólafur Thorlacius: Eg skal minnast á 2 breyt.till., sem eg er viðriðinn. — Breyt.till. á þskj. 304 fer fram á, að fella burt athugasemd nefndarinnar um styrkinn til Jóns Jónssonar sagnfræðings, og miðar að því að gera honum mögulegt, að nota styrkinn. — Það er ekki ætlast til, að styrkurinn sé meiri en 600 kr. á ári, því hitt eru ritlaun, og sjá allir, að það er of lítið til að lifa af.

Ef hann á að gera sagnfræði að æfistarfi sínu, þá verður að veita honum svo ríflegt fé, að hann þurfi ekki að leita sér annarar atvinnu.

Þetta hefir fengið góðar undirtektir hér í deildinni, enda er maðurinn að góðu kunnur og góðs maklegur. — Hin breyt.till. snertir líka íslenzka sagnfræði og bókmentir, sem sé styrkinn til að kaupa handritasafn Jóns Þorkelssonar.

Hæstv. landsh. mælti mjög freklega á móti þeim styrk, og kvað það ekki vera að klæða fjöllin. Þetta var nú enginn vísdómur, þó að það kæmi úr þessari átt. Eg efast um, að hæstv. landsh. sé annara um það en mér, að fjöllin séu klædd, en jafnframt er þörf á að auka andlegan gróður í landinu, og til þess miðar þessi strykveiting. Safn það, sem hér er um að ræða, hefir að geyma söguleg heimildarrit, og öll sagnaritun byggist á heimildarritum. — Á fjárlögunum eru nú tveir sögumenn styrktir, og eg veit ekki hvernig þeir eiga að skrifa sögu, ef þeir hafa ekki heimildarritin að styðjast við. — Tveir skilríkir menn hafa vottað, að safn þetta sé mjög merkilegt, og hafi nýjungar, er ekki finnast annarstaðar, og ættu menn því að hugsa sig vel um, áður en þeir láta það fara út úr landinu.

Hæstv. landsh. sagði, að bókasafnsnefndin hefði ekki séð sér fært að kaupa safnið, en það er ekki ný bóla. — Eg hefi heyrt, að Jón heitinn Árnason hafi fyrir mörgum árum boðið bókasafninu mjög merkilegt safn til kaups, en nefndin vildi það ekki. — Það safn lenti svo suður á Ítalíu, og verða þeir að fara þangað, er ætla að sækja í það einhvern fróðleik.

Eins mundi að öllum líkindum fara um þetta safn, ef ekki eru gerðar ráð-

stafanir til þess að halda því í landinu, og væri slíkt illa farið.

Einar Þórðarson: Eg á hér á þskj. 263 breyt.till., sem eg skal fara nokkrum orðum um. Það er styrkur til Karls Finnbogasonar og Sigurðar Sigurðssonar til að ljúka námi við Blaagaardsseminarium í Kaupmannahöfn, 500 kr. til hvors. Báðir þessir menn eru ungir og efnilegir, og hafa þegar aflað sér all-mikillar mentunar. Þeir hafa báðir lokið prófi á Möðruvallaskólanum með bezta vitnisburði, og fengust síðan um nokkur ár við barnakenslu, en af því þeir fundu til þess, að þekking þeirra ekki fullnægði þeim kröfum, er þeir gerðu til sjálfra sín um það, hvernig kenslustörfin ætti að leysa af hendi, þá brutust þeir út í það, að fara til Kaupmannahafnar og ganga á kennaraskóla. Nú hafa þeir með óskiljanlegu þreki stundað nám í 2 ár í Kaupmannahöfn, þrátt fyrir örðugleika þá, sem þeir hafa haft við að stríða, og sækja nú um styrk til þingsins síðasta ár sitt, til að geta lokið prófi. Þeir hafa beztu meðmæli frá skólanum, en efnahagur þeirra er svo, að þeir eru komnir í talsverðar skuldir, og mjög tvísýnt, að þeir geti lokið námi sínu, nema þeir fái þennan styrk. Það er enginn efi á því, að þetta eru efnilegir menn, og mikill ávinningur fyrir landið að fá þá. Styrkurinn er að eins 500 kr. fyrra árið, og það var réttilega tekið fram af háttv. 1. þm. Árn. (H.Þ.), að rétt væri að haga styrkveitingum til náms þannig, að ekki væri veitt til að byrja nám út í óvissu, heldur til að ljúka því, en hér vantar að eins herzlumuninn, og þetta eru bláfátækir menn. Mér þykir líklegt að þetta þing, er tekur alþýðumentunina sérstaklega til yfirvegunar, og ætlar að leggja grundvöllinn með því að stofna kennaraskóla, sinni þessari styrkbeiðni. — Það kom fram í umræðunum um daginn, og því var ekki mótmælt, enda er ekki hægt að mótmæla því, að þessi 2 kennaraefni, sem útskrifuðust frá Flensborg í vor, hefðu kostað landið 1900 kr. hvort. Hér er farið fram á 500 kr. til hvors, til að taka fullnaðarpróf á kennaraskóla.

Eg bendi á þetta til þess menn geti borið saman þá mentun, sem kennaraefnin fá í Flensborg og hina, sem þessir tveir menn hafa aflað sér, og kostnaðinn við hvorttveggja.

Eg vona að þessi breyt.till. fái góðan byr hér í deildinni.

Um aðrar breyt.till. finn eg ekki ástæðu til að tala. Eg mun sýna með atkvæðagreiðslunni hvernig eg lít á þær.

Jón Magnússon: Eg held það hafi sýnt sig ljóslega af ræðu háttv. þm. Rvík. (Tr. G.), að ekki var ofsögum sagt hjá mér af því, að h. nefnd hefði lítið athugað mótorvagnamálið. — Það hefði verið ástæða til að skýra það nánar, hvernig nefndin hugsaði sér tillögunni komið í framkvæmd. — Háttv. þingm. lagði áherzlu á það, að þessi maður, sem tilraunina á að gera, ætti svo mikið á hættu, með því að útvega mótorvagn frá útlöndum. Það skil eg ekki. Eg geri ráð fyrir því, að vagninn kostaði 5 þúsund krónur. — Það mætti flytja hann fram og aftur fyrir 300 kr. Ef tilraunin tekst ekki, þá mætti senda hann aftur, gegn því að borga svo sem 500 kr. fyrir tilraunina, og mundi allur tilkostnaðurinn eigi fara mikið yfir 800 kr. Ef vagninn væri mannflutningavagn og t. a. m. helmingi ódýrari, þá yrði tilraunin enn ódýrari.

Háttv. framsögum. sagði, að mótorvagn mundi mega nota þegar Fagradalsbrautin yrði lögð. Því þá ekki reyna hann á Fagradal eða þá á Eyja

fjarðarbrautinni? Þar eru miklu betri skilyrði fyrir mótorvagna en á veginum frá Reykjavík austur yfir Hellisheiði. —Eg er ekki á móti mótorvögnum, en ef þegar á að gera hér tilraun með þá, þá fyndist mér réttast, að láta landsingeniörinn gera tilraunina, en hann hefir sagt, að hann áliti ekki rétt að leggja út í það meðan svo lítil reynsla er fengin í útlöndum.

Eg verð að leggja mikla áherzlu á álit verkfræðings landins í þessu efni, því að eg tel hann hafa mest og bezt vit á þessu.

Einkum finst mér, að vér gætum beðið eftir reynslu Norðmanna, því ef ekki er unt að nota mótorvagna í Noregi, þá er ekki líklegt að það verði hér. Auðvitað er upphæðin ekki stór, en þó finst mér ekki ástæða til þess, að kasta henni svo að kalla í sjóinn.

Hermann Jónasson: Þessi mótorvagn fær æði harða dóma hjá háttv. þm., en það kemur ef til vill af því, að það hefir ekki verið tekið nægilega skýrt fram, hvernig nefndin hugsaði sér þetta. En það er auðsætt, að nefndin ætlaðist ekki til þess, að þessum 2000 kr. væri fleygt út af landsstjórninni samningalaust, enda hafði nefndin talað við þann mann, sem hafður er í huga, um þetta. Það hefir mikið verið talað um það, að »privat«-menn gætu gert tilraun með mótorvagna. En því hafa þeir ekki gert það? Eins finst mér, að landsstjórnin hefði átt að vera búin að athuga þetta mál, en fyrst hún hefir ekki gert það, þá verður þingið að hrinda því áfram. Það hefir verið sagt, að það mætti fá vagn lánaðan til reynslu, og skila honum svo aftur. — En það er ekki hægt að prófa vagninn til fulls, nema brúka hann mikið, og það er víst alveg ný verzlunaraðferð, ef hægt er að lána nýja og góða hluti, brúka þá og skemma, og skila þeim svo aftur.

Það, sem vakti fyrir nefndinni, var, að þingið hefir nú síðan 1896 varið 254,000 kr. til akvega, og ætlar á næsta fjárhagstímabili að verja að minsta kosti 64,000 kr. til þeirra í viðbót, en vegirnir sýna enn alt of lítið gagn móti því fé, sem til þeirra er varið, þess vegna vildi nefndin reyna að finna ráð til þess að gera þá meir arðbæra. Nefndin hafði í huga akbrautina á Fagr dal. Eftir áætlun mun hún kosta um 73,000 kr., auk viðhaldskostnaðar um 4000 krónur á ári. — Og þá er það óskiljanlegt, að mönnum skuli ógna, þó varið sé 2000 krónum til að reyna nýja flutninga-aðferð. — Fjárlaganefndin gekk út frá því, að vagninn yrði flutningavagn, og Fagradalsvegurinn verður eingöngu til vöruflutninga. Nefndinni var kunnugt, að þess konar vagnar kosta 5—6000 kr. í innkaupi, og svo bætist aukakostnaður við, flutningur o. s. frv. Svo eg get ekki séð, að nefndin hafi verið útausandi á fé, er hún vill leggja 2000 kr. til þessa. Það er margt, sem þarf að athuga í þessu efni. Nefndinni er kunnugt, að víða hér á landi eru vegaspottar, þar sem mætti nota á mótorvagna, en hér munu engir vera, sem vita hve breiðir vegirnir þurfa að vera né heldur hve hallinn má vera mikill. — Nefndinni er að vísu kunnugt, að það má knýja mótorvagn áfram á vegi, þar sem hallinn er $^1/_{10}$, en hvort það borgar sig er óljóst. Enn fremur er nefndinni óljóst, hve mikil sveigja mátti vera á vegunum, eða hvernig þeir þurfa að vera púkkaðir, til að þola þrýsting hleðsluvagna.

Það er nú auðsætt, að ef tilraunin hepnaðist, þá mundu vagnarnir spara mikinn kostnað við lagningu veganna, og Fagradalsbrautin verður ætíð óhæfi-

lega dýr, ef ekki verður hægt að nota mótorvagna; en tækist það, þá væri með henni stigið eitthvert hið mesta framfaraspor.

Að leggja brautina fyrst fyrir þetta fé, og svo að prófa eftir á, hvort hægt sé að nota á henni mótorvagna, eins og háttv. þm. Dal. (Bj. Bj.) talaði um, það er að fara aftan að siðunum. — Væri það ekki sorglegt, að leggja fyrst braut fyrir 73,000 kr., og sjá svo eftir á, að ekki hefði þurft að verja nema tiltölulega litlu fé í fyrstu, til þess að brautin hefði orðið hagkvæm fyrir mótorvagna, en síðan þurfi stórfé til þess að breyta brautinni til þessa augnamiðs.

Það hefir mikið verið talað um hættuna af mótorvögnum. En um Fagradalsbrautina er það augljóst, að hún yrði að eins notuð til vöruflutninga, og þyrfti þar engin önnur umferð að vera.

Svo er það auðvelt, þar sem mótorvagnar gengju, að setja virgirðingar beggja vegna við veginn, eins og altítt er erlendis, og banna á vissum tímum alla aðra umferð um veginn en mótorvagnanna. Þetta finst mér sjálfsagt að gera um brautina á Fagradal og víðar, ef of mikil hætta væri fyrir umferð. Ef álitið er, að ákvæðið sé ekki ljóst orðað, og þingið þorir ekki að treysta stjórninni að semja við viðkomandi mann, þá er enginn hlutur hægari en að orða þetta öðruvísi. Eg treysti þingdeildinni til, áður en hún gengur til atkvæða, að athuga vel, að 2000 kr. er lítil upphæð á móts við það, þegar ræða er um mörg 100000 kr., sem lagðar eru í vegina.

Jóhannes Ólafsson: Eg á tvær brtill. á þgskj. 289 og 288; brt. á þgskj. 289 fer á undan. Þessar brtill. eru litlar, en þó hafa þær gert það að verkum, að hin hv. fjárlaganefnd hefir gefið þeim olnbogaskot. 289 fer fram á það, að hækka styrkinn til Hólmgeirs Jenssonar úr 300—300 upp í 600—600. Þess hefir verið farið á leit þing eftir þing, að styrkur þessi yrði aukinn, og á þingmálafundum hefir verið farið fram á, að þessum manni væri veittur 1000 kr. styrkur til þess að halda uppi dýralækningum á Vesturlandi. Það mun þó vera rétt, að landsstjórnin ætlaðist til að settur yrði dýralæknir í hverju amti, og þessi maður ætti öllum fremur að stunda þær, að minsta kosti þangað til lærður dýralæknir fengist. Nú hefir hann með bænarskrá til þingsins farið þess á leit, að sér yrði veittar 800 kr. hvort árið, og hefði því brtill. mín átt að fylgja þeirri upphæð; en eg vildi ekki fara svo langt, í þeirri von, að þessi upphæð fengist fremur. Hv. framsm. (P. J.) sagði að nefndin þekti ekki þennan mann, en eg held þá, fyrst hún segir það, að hún trúi engum nema sjálfri sér, því að eg get fullyrt, að allir þeir menn, sem staddir voru í vor á pólitískum fundi á Önundarfirði og mæltu með styrknum til Hólmgeirs, voru vandaðir og heiðvirðir menn, og mæltu með honum án allrar hreppapólitíkur, því þeir álitu það rétt og sanngjarnt, að þessi maður ætti að fá styrk til dýralækninga, sem hann hefir stundað undanfarið með mjög góðum árangri. Hann er auðvitað ekki lærður maður, en það var það helzta sem hv. framsm. (P. J.) fann að honum, en þeim orðum hefði eg sízt búist við af honum. Eg ímynda mér, að slíkur maður þurfi ekki að vera hálærður, þetta er miklu fremur iðn en bóknám. Aðalstarfið er handiðn, handlækningar. Þessi maður hefir verið í Noregi og unnið þar með praktiserandi lækni og lært af honum, Hann hefir og ágæt

meðmæli frá þessum manni um það, að hann muni geta læknað flesta húsdýrasjúkdóma, sem fyrir komi.

Það var einhver að tala um, að það hefði andað kaldur gustur frá fjárlaganefndinni, og eg held að það megi segja, að því er Vesturland snertir. Það er í fleiru en þessu máli, sem mér virðist hafa andað köldu til Vesturlands, t. d. í vitamálinu. Það er undarlegt, að sú sýsla skuli verða svo út undan, sem leggur þó langmest til almennings þarfa, og að þingið skuli láta sig muna um og synja svo lítilli fjárbæn. En þrátt fyrir þetta vona eg, að þingið sinni þessu, og kjósendur mínir þurfi ekki að bera kala til þess þess vegna.

Þá er hin brtill., á þgskj. 288, þar sem eg fer fram á, eftir ósk hlutaðeigandi sjálfs, Rögnvaldar Ólafssonar, að styrkurinn til hans verði hækkaður um 100 kr. Hv. framsm. (P. J.) sagði, að það sem nefndin hefði úthlutað honum, væri jafnhátt og Garðstyrkur, en mér þykir ótrúlegt, að hann hafi ekki vitað það, að árið 1901 var Garðstyrkurinn hækkaður upp í 700 kr. um árið, og þykist eg enda viss um, að hann hafi ekki vísvitandi farið þar með rangt mál. Þessari styrkbeiðni Rögnvaldar fylgja auk þess meðmæli frá 5 merkum nafngreindum mönnum, og einum manni í Kaupmannahöfn. Annars vona eg það verði ekki deildar meiningar um það meðal hinna hv. deildarmanna, að úr því að þingið einu sinni hefir veitt þessum manni 700 kr. styrk, eins háan og Garðstyrk, þá sé ekki von að hann búist við öðru, en að hann fái það sama, nfl. Garðstyrk, framvegis, og þingið fari ekki að klípa af því. Eg vona því fastlega, að þingið láti mann þennan framvegis hafa Garðstyrk, þótt hann verði nú 100 kr. hærri en áður.

Lárus H. Bjarnason: Eg á brt. á þgskj. 310, þar sem farið er fram á 800 kr. styrk til Konráðs Stefánssonar, til þess að læra rafmagnsfræði við tekniska háskólann í Mittweida á Saxlandi.

Hæstv. landsh. mótmælti þessari till. og kvað það ástæðulaust, að fara að styrkja mann til náms suður á Þýzkalandi, úr því að það væri komin rafmagnsfræðileg deild við fjöllistaskólann í Kaupmannahöfn. En til þessa liggja þau svör, að deild þessi mun ekki hafa verið stofnuð þar fyr en í ár (*Landsh.*: Jú) og er því allsendis óreynd. Eg hefi fyrir mér í því efni mann, sem dvalið hefir í Kaupmannahöfn nú um síðustu 20 ár. Hæstv. landsh. sagði líka, að sér fyndist rétt að þessi maður færi til háskólans og nyti Garðstyrks við nám sitt á þessari rafmagnsdeild. Þetta er mjög áheyrileg ástæða, en þess ber að gæta, að námstíminn í Kaupmannahöfn er miklu lengri en á Saxlandi, þar er námstíminn ekki nema 3 ár, en 5 -6 ár í Kaupmannahöfn, og það væri sannarlega tilvinnandi að leggja fram nokkur hundruð krónur til þess að fá manninn hingað heim 2—3 árum fyr en ella. Kaupmannahafnardeildin er auk þess alveg ný og þar því ekki eins fullkomin kensla og á Saxlandi. Þar má óhætt segja að sé vagga þessarar fræðigreinar, því að hún hefir um langan aldur staðið þar í beztum blóma. Þessi piltur hefir ágætan vitnisburð. Hann er efnilegur og áhugamikill og má því búast við góðu af honum. Hér er ekki heldur farið fram á neina nýlundu. Þingið 1901 veitti íslenzkum stúdent í Kaupmannahöfn, Ásgeiri Torfasyni, styrk í 2 ár til þess að ljúka þar námi sínu.

Hv. sessunautur minn á vinstri hönd (H. Þ.) fann þessum manni, Konráði Stefánssyni, það til foráttu, að hann væri ungur og óreyndur, og skal eg játa það, að hann er ungur, en hann

er vel reyndur sem skólanemi. Eg hefi í höndum vottorð frá skólakennara Birni Jenssyni, þar sem hann staðfestir það, að hann sé mjög efnilegur námsmaður með sérstaklega miklum áhuga á öllu því, er lýtur að stærðfræði og líkum fræðigreinum. Þórður Thoroddsen hefir og gefið honum góð meðmæli. Piltinn var heimiliskennari hjá honum síðastliðinn vetur, og reyndist þar prýðisvel, enda þótt hann jafnframt kennarastarfi sínu lyki tveggja bekkja námi í latínuskólanum og það svo vel, að hann fekk 1. einkunn við nýafstaðið stúdentspróf.

Því hefir líka verið fleygt fram, að þetta væri óþarft nám fyrir landið, þar sem þingið styrkti Halldór Guðmundsson til hins sama náms. En það er alt annað, sem Halldór þessi leggur stund á; hann leggur stund á rafmagnsvélafræði, en Konráð ætlar að leggja fyrir sig aðallega rafmagnsljósfræði og fjarskeytafræði. En þótt svo væri að þessir báðir menn legðu stund á hið sama, þá væri það alls ekki of mikið fyrir þetta land. Menn eru að kvarta um vinnufólkseklu, en um leið leggja þeir á móti því, að fá menn, sem geta kent þeim að spara vinnukraftinn. Hér eru ótal fossar með mörgum þúsund mannsöflum, og það þarf ekki annað en nokkra menn, til að snerta þá með töfrasprota rafmagnsins, þá myndu þeir óðara fara að vinna fyrir landið, þá myndu fossarnir lýsa og verma þetta dimma og kalda land.

Annars gladdi það mig að heyra, að háttv. framsögum. hafði ekkert verulegt að athuga móti þessari breyt.till. minni nema kostnaðaratriðið, þar sem fjárlaganefndin hefði í svo mörg horn að líta, að hún sæi sér ekki fært að verða við þessari beiðni minni að svo stöddu.

Þá kem eg að breyt.till. minni á þingskj. 298, sem fer þess á flot, að veita gömlum og reyndum smið styrk, til þess að fullkomna sig í skipasmíði.

Það gladdi mig að heyra háttvirtan framsögumann segja, að það væri lífsspursmál fyrir okkur, að efla sjávarútveginn sem mest, og vona eg því að hann eftir nánari umhugsun greiði atkvæði með tillögu minni, þar sem hún einmitt lýtur að því að bæta og tryggja þenna atvinnuveg. Eins og allir vita, eru fiskiveiðar stundaðar á tvennan hátt á þilskipum og opnum bátum. Við þekkjum allir bátana. Þeir eru flestir hreinustu manndrápsbollar, opnir og skjóllausir, og yfirleitt illa fallnir til að sækja fisk út fyrir firði. Þilskipin eru betri, en þau kunna engir eða sárfáir að bæta ef þau bila. Maðurinn ætlar sér að frama sig í hvorttveggju, bátasmíði og þilskipaviðgerð, og vona eg því að deildin og sérstaklega háttv. þm. Rv. (Tr. G.), sem öðrum fremur ber sjávarútveginn fyrir brjósti, og sem nýlega hefir gengist fyrir því að koma upp »slip« hér í Reykjavík, muni styðja þessa tillögu mína. Maður sá, sem hér er farið fram á að styrkja, er sérstaklega efnilegur maður. Hann hefir lagt stund á bátasmíði í mörg ár, og fengið beztu meðmæli ýmsra góðra manna, svo sem skipstjóranna Aasbergs og Örsteds o. fl. Í þessum meðmælum stendur meðal annars, að þeir hafi ekki séð neitt hér á landi, sem taki fram smíðum hans. Þetta hefir maðurinn komist tilsagnarlaust og má þá nærri geta að hann kæmist enn lengra, ef hann ætti kost á að njóta reglulegrar tilsagnar ytra.

Þá kem eg að breyt.till. minni á þingskjali 297, sem fer fram á, að veittur sé 4,700 kr. styrkur til þess að gera hafskipabryggju í Stykkishólmi

Þessi breyt.till. er komin fram af því, að í gær var samþykt hér í deildinni að veita 10,000 kr. upphæð til gufubátsferða á Breiðafirði. Það er búist við því, að stærri skipin og strandbáturinn hætti að koma annarstaðar á Breiðafirði en í Stykkishólm, þegar báturinn fer að ganga um flóann, en þá þyrfti að vera þar til geymsluhús undir vörurnar, sem stærri skipin skila, og bryggja, er skipin gætu lagst við.

Nú er hvorugt til. En fengist þessi litla upphæð, er meiningin að leggja bryggju úr landi út í svo kallað Stykki, hólma í miðri höfninni, og byggja þar síðan geymsluhús, líkt og Bryggjuhúsið hér í Reykjavík.

Frá náttúrunnar hendi hagar svo til, að óvíða er jafngott bryggjustæði eins og þar. Sundið milli lands og Stykkisins, sem á að vera brúarhöfuðið, er mjótt og vætt um fjöru, en nægilegt dýpi hinu megin við Stykkið, þar sem skipunum er ætlað að liggja, um 20 fet. Botninn er ágætur, harðar klappir, og höfnin góð þegar inn er komið, varin sjó og vindi nálega á alla vegu, Súgandisey að norðan, breið og há, og Baulutangi að austan, landið að sunnan og Landey, Hjallsey og Stakksey að vestan.

Upphaflega var farið fram á að fá 7000 kr. fjárveitingu til þessarar bryggju, eða helminginn af því, sem áætlað var að hún mundi kosta; en eftir tillögu vina minna í fjárlaganefndinni færði eg þessa upphæð niður um helming.

Eg hefi því meiri von um að þessi fjárveiting nái fram að ganga, sem það er alls ekki nýtt, að fé sé veitt á þinginu til slíkra fyrirtækja; þannig voru á þinginu 1901 veittar 16,000 kr. til hafnarinnar á Stokkseyri, gegn því að sýslusjóður legði fram 8000 kr., en hér er að eins farið fram á, að landssjóður leggi til 1/3 af upphæð þeirri, er öll bryggjan kostar.

Það mætti nú ef til vill segja, að þetta sé hreppapólitík, en því fer mjög fjarri. Bryggjan yrði ekki fyrir Stykkishólm, heldur fyrir Breiðafjörð eða fyrir 3 sýslur. Við höfum nógar og góðar bryggjur í Stykkishólmi.

Mér heyrðist á framsögumanni að hann óttaðist þann dilk, er þessi fjárveiting mundi draga á eftir sér, óttaðist að fleiri mundu koma á eftir með líkar fjárbænir; en eg fæ ekki séð, að sú þurfi að verða afleiðingin af því, því að hér er ekki um það að ræða, að búa til bryggju handa einstöku kauptúni.

Þá er annað atriði, sem háttv. framsögum. fann að, sem sé það, að honum fanst undirbúningurinn ekki nægilegur; en eg hygg að hann hafi ekki athugað það nægilega. Það liggur fyrir uppdráttur af bryggjunni og sundurliðuð kostnaðaráætlun. En það er satt, að hvorugt er eftir lærðan verkfræðing; en það er ekki mér að kenna, því að eg gat ekki fengið verkfræðinginn vestur. Hins vegar fekk eg Erlend Zakaríasson til þess að gera uppdráttinn og áætlunina, og þegar eg kom hér suður bar eg hvorttveggja undir Jón Þorláksson verkfræðing, og hann hefir vottað, að hvorttveggja væri í alla staði ábyggilegt.

Í þriðja lagi fann framsögumaður þessari breyt.till. minni það til foráttu, að Stykkishólmur væri ein af beztu höfnum landsins, og því væri óþarfi að veita fé til að byggja þar hafskipabryggju, en eg hygg að það sé of mikið mælt; því að eins og eg áður tók fram, þá er höfnin að vísu góð fyrir lítil skip, en stærri skip hafa hennar engin not, því að þau nota hana nálega aldrei. Þau liggja nálega altaf

langt austur af höfninni. Eg vona því að háttv. deild, sem veitti í gær fé til Breiðaflóabátsins, sýni nú sömu sanngirni og samþykki þessa breyt.tillögu mína.

Þórhallur Bjarnarson: Af því að í dag hefir verið talað mikið um afstöðu styrkveitingar til Ræktunarfélags Norðurlands við Búnaðarfélag Íslands, þá finn eg mér skylt að víkja að því nokkrum orðum.

Auðvitað er það rétt, að hér er um það að ræða, að stofna sérstakt félag með sérstakri stjórn og sérstakri fjárveitingu. Og þótti mér þetta fyrst athugavert, af því að eg hélt, að þetta mundi verða til að dreifa kröftunum. Bréfaskriftir fóru milli mín og amtm. Páls Briem, höfuðmannsins í Ræktunarfélaginu, um þetta mál, og gaf hann mér upplýsingar í þá átt, að hér væri bara um eina sérstaka grein landbúnaðarins að ræða, nefnil. ræktunina, en ekki aðrar greinar, sem Landsbún.fél. hefir undir hendi, og væri því eigi um það að ræða að setja upp annan félagsskap norðanlands í stað Landsbúnaðarfélagsins.

Hvernig sem annars stendur á því, er Norðurland fremur seint til að nota Landsbúnaðarfélagið, hvort sem það er nú Norðlingum að kenna eða félagsstjórninni; t. d. að taka, sækja núna einir 40 úr sýslunum tveim hér austanfjalls um verðlaun úr Ræktunarsjóði, en bara 4 eða 5 úr Þingeyjar- Eyjafjarðar- Skagafjarðar- og Húnavatnssýslum, öllum til samans.

Stuðningsmenn Ræktunarfélagsins í fjárlaganefndinni lýstu því yfir, að þeir vildu gjarnan hafa styrkveitinguna svo, að þetta fé samlagt gengi alt til Búnaðarfélagsins, en svo væri ákveðið »þar af til Ræktunarfélags Norðurlands 8000 kr.«, en mér fanst óeðlilegt, að orða það svo, að veita félagi og þar af til annars félags.

Þar sem nefndin lætur þess getið, að hún efist um að Búnaðarfélagið þurfi að hafa 3 ráðunauta, þá er þess að geta, að þeir hafa ekki verið nema 2, og verða þessi ummæli nefndarinnar tekin til rækilegrar íhugunar af stjórn félagsins og búnaðarþingi.

Eg skal ekki ganga inn á einstakar breytingartillögur, þótt eg hefði löngun til þess, enda er maður bundnari innan nefnda en utan. Að eins vildi eg láta þess getið, að eg get ekki neitað því, að mér er ekki ljúft að færa mikið niður fjárupphæðina til skógræktunarinnar, og vona eg að það verði fært í betra lag áður líkur, af því að eg treysti því, að hér sé beinlínis að ræða um stórt velferðarspursmál fyrir landbúnaðarframfarir vorar, að verja landið uppblástri, auk þess sem það fyrir mér er mikið tilfinningamál. Eg get heldur ekki neitað því, að eg á bágt með að vera á móti fjárveitingunni til bryggjugerðar í Stykkishólmi. Eg hefi sannfærst um það á staðnum, að það liggur mjög vel við að gera stórt mannvirki fyrir tiltölulega mjög litla fjárupphæð, og eg hefi sterka trú á því, að Stykkishólmur gæti orðið miðstöð allrar verzlunar á Breiðafirði, og strandferðaskipin þyrftu ekki að fara þessar kostnaðarsömu ferðir inn á Hvammsfjörð. Stóru milliferðaskipin legðu upp vörurnar í Stykkishólmi og ódýrir mótorbátar hlypu um flóann. Líti maður t. d. á það, að frá Búðardal gengur maður á 7 tímum á Borðeyri, sem strandferðaskipin fara á 7 dögum, þá hlýtur að vera eitthvað misráðið við slíkt fyrirkomulag.

Guðlaugur Guðmundsson: Það voru að eins fáein orð, sem eg ætlaði að segja, því eg álít, að nóg sé komið

af svo góðu, og umr. séu orðnar bæði langar og leiðar.

Það, sem kom mér til þess að standa upp, voru orð háttv. 2. þm. Skagf. (St. St.), sem hann talaði um breyt.till. mína á þgskj. 276, — 38 tölul. á atkvæðaskránni.

Eg ætla mér ekki að rekja orð hans út í yztu æsar, það yrði of langt mál; eg ætla að láta mér nægja að svara því helzta.

Hann sagði að eg hefði verið harðorður í garð nefndarinnar, en eg var það ekki; eg sagði að eins, eins og framsm. nefndarinnar hafði áður sagt, að það hefði borið á óvæð í nefndinni, og það hefir þá líklega helzt verið hjá háttv. 2. þm. Skagf. (St. St.).

Eg sagði, að það væri ekki rétt né forsvaranlegt, að láta eignir landssjóðs eyðileggjast, án þess að reyna til að stemma stigu við því, og eg tek það ekki aftur. Eg álít það óforsvaranlegt, því eg veit að þetta verk er framkvæmanlegt; en ef til vill lítur háttv. nefnd öðru vísi á þetta mál.

Háttv. 2. þm. Skagf. (St. St.) sagði, að eg vildi kasta út 9000 kr. til þessa verks. Breyt.till. fer nú að eins fram á 4500 kr. eða helmingi minna, og eg segi að því fé sé ekki »kastað út«, þegar með því er bjargað eign, sem er ferfalt dýrari og sem fyrirsjáanlegt er að eyðilegst ef ekki er að gert. En þar með er ekki nóg, heldur getur líka unnist eins stórt land og það, sem bjargað er. Hér er því tvent, sem vinst; fyrst og fremst má bjarga landi frá eyðileggingu, og í öðru lagi vinna land, sem hlýtur að gróa upp ef vatni er veitt á það. Á þessu þingi hafa verið veittar 4000 kr. til þess að borga fyrirhleðsluna í Valalæk til að verja jarðir í Rangárvallasýslu, þar sem landssjóður á enga jörð, og það án þess að nokkur vissa sé fyrir, að það sé mögulegt að verja jarðirnar þrátt fyrir alt, en þetta sem vissa er fyrir að er mögulegt, má ekki gera. Hitt gekk í gegn með 21 atkv.; 2 sátu, annar af þeim hefir víst verið háttv. 2. þm. Skagf. (St. St.).

Á þessum jörðum býr margt fólk, sem hefir búið þar allan sinn búskap, og mann fram af manni, og það er orðið svo rótfast þarna, að það fer ekki þótt að því kreppi. Háttv. 2. þm. Skagf. (St. St.) talaði um, að láta flytja fólkið vestur í Snæfellsnessýslu. Það var margt vanhugsað í ræðu háttv. þm., en ekkert held eg hafi þó skarað fram úr þessu. Hvernig hugsar háttv. þm. sér að flytja þetta fólk, börn og gamalmenni? Því það dugar ekki að flytja að eins unga fólkið burt en skilja hitt eftir.

Að flytja þessa menn, marga hverja gamla, í algjörlega ókunnugt pláss, með alt öðrum búnaðarháttum og lífsskilyrðum, það er sama sem að koma þeim á vonarvöl, það hlýtur hver maður með heilbrigðri skynsemi að sjá. Að rífa upp gamla fjölskyldumenn, og neyða þá til að byrja búskap á öðru landshorni og á nýjan hátt, það er verra en að taka af þeim höfuðið. Eg ræð háttv. 2. þm. Skagf. (St. St.) til þess að hugsa sig betur um, áður en hann talar slíka fjarstæðu næst.

Sami háttv. þm. sagði, að afgjaldið af þessum jörðum væri 600 kr., og hann var að reyna til að gera enn minna úr því, með því að segja, að það væri sama sem afgjaldið af Möðruvöllum í Hörgárdal. Þessu þarf eg ekki að svara, því allir vita, að það er rangt. Afgjaldið af þessum jörðum er nærri 700 kr. en af Möðruvöllum 540 álnir, og þó hann hafi tal-

ið það tvöfalt, þá er það samt ekki rétt.

Ummæli háttv. þm. um málið ná þannig ekki að neinu leyti neinni átt.

Árni Jónsson: Það er út af orðum háttv. þm. Dal. (B. Bj.), þegar hann var að tala um styrkinn til síra Bjarna Þorsteinssonar, að eg stend upp. Hann sagði að það hlyti að vera eitthvað bogið við þetta þjóðlega safn hans, og áleit ómögulegt, að hinir og þessir menn út um landið gætu skrifað lögin upp, og enn fremur rengdi hann, að þau væru orðin 600 að tölu. Eg lýsi því yfir að þessi skoðun hans er röng. Safn síra Bjarna er ágætt að dómi allra, sem vit hafa á því og hafa séð það.

Þegar hinn háttv. þm. segir, að það séu engir menn út um landið, sem kunni að »nótera« lög, þá mótmæli eg algerlega þessum áfellisdómi, sem hann þannig fellir um þjóðina alla.

Eg skal taka dæmi til bendingar og samanburðar úr Þingeyjarsýslu. Hinum háttv. þm. er víst kunnugt um, að í Eimreiðinni í fyrra komu út nokkur kvæði eftir 4 alþýðumenn þar, og eg vil biðja þennan háttv. þm. að benda mér á, hvað hann finni í þessum kvæðum, sem er á móti réttum rímreglum. Þannig eru einnig til í þessari sömu sýslu ýmsir menn, sem hafa gott vit á söng, og kunna að »nótera« lög. Og eg efast ekki um, að svo sé víðar í bygðum landsins, bæði til sveitanna og ekki síst í kaupstöðunum. Eg veit að vísu ekki, hvernig þessu er háttað í Dalasýslu, en hitt er víst, að hinn áminsti áfellisdómur þm. er ekki réttur um þjóðina yfirleitt.

Hvað því viðvíkur, að síra Bjarni hafi fengið aðra til þess að skrifa upp lögin, þá held eg að ekkert sé athugavert við það, því auðvitað fær hann ekki aðra til þess en þá, sem hann veit að eru færir um það. Mér er einnig kunnugt um, að hann hefir sjálfur ferðast, bæði um Þingeyjarsýslu og víðar, til þess að safna þjóðlögum; og þar sem hann hefir unnið að þessu starfi í 20 ár, þá verður ekki sagt með réttu, að málefnið sé órannsakað eða lítt undirbúið.

Sami háttv. þm. talaði einnig um lúðraþyt og leikaralist, og tókst honum þar víst betur, enda virðist leikaralistin standa nær honum en það, sem hann talaði um þjóðlögin. En eg skal ekki fara lengra út í það mál.

Hvað viðvíkur ræðu háttv. þm. G.-K. (B. Kr.), þá get eg vel fyrirgefið honum, þótt hann væri ekki vel sjálfum sér samkvæmur eins og á stóð, þegar hann tók til máls. En eg get þó ekki látið vera að taka fram eitt atriði. Hann byrjaði með því að halda því fram, að maður ætti að tala almennt um málið, en ekki sérstakar persónur; þessu er eg einnig að öllu samdóma. En hitt var lakara, að öll ræða hans varð þó eingöngu um 3 sérstaka menn. Það er ekki ætlun mín að fara út í það, hvort dómar hans um þá hafi verið réttir eða rangir. Eg álít þá alla vel að sér, og vel færa í sönglistinni, og þó nokkuð sinn á hvern hátt. En í sambandi við þetta vildi eg benda hinum háttv. þm. G.-K. (B. Kr.) á það, sem Haraldur konungur harðráði sagði: »Lofa þú svo einn konung, að þú lastir ekki annan«.

Stefán Stefánsson: Það er óþarfi fyrir mig, að svara háttv. þm. V.Sk. (Guðl. Guðm.), því hann fór í kringum það sem eg hafði sagt. Eg sagði, að það, sem hefði komið mér til þess að vera á móti þessari till., væri það, að eg áliti rangt princip að leggja fé út í óvissu, þegar nóg verkefni væru annarstaðar, sem vissa væri fyrir að rentuðu sig betur.

Þar sem hann sagði, að ekki gæti komið til mála að flytja ábúendurna burt, þá er eg honum ekki samdóma um það.

Eg álít engin vandkvæði á því að flytja börn og gamalmenni, slíkt er oft gert; þau eru meira að segja flutt úr einum landsfjórðungi í annan; en raunar benti eg á þetta sem mögulegleika, án þess að gera það að tillögu.

Hvað því viðvíkur, að landið fari í auðn, þá er enn engin sönnun fram komin fyrir því; það getur einmitt bygst aftur, og er jafnvel líkast til að svo fari.

Misheyrn var það enn fremur hjá hinum háttv. ræðumanni, þar sem hann sagði að eg hefði sagt, að þetta væri litlu meira en eitt afgjald af Möðruvöllum; eg sagði það eigi, heldur tók eg skýrt fram *tvenn* afgjöld.

Eg skal einnig geta þess, að mér er það óskiljanlegt, hvernig það getur verið skaði fyrir fólkið í andlegu tilliti að flytja burtu úr Skaftafellssýslu. — Það er að minsta kosti alveg ný til komið, ef andlegt líf er komið þar á svo hátt stig, að fólkið breytti um til hins lakára, ef það flytti þaðan; að minsta kosti hefi eg ekki heyrt það.

H. þm. Vestm. (J. M.) beindi þungum ásökunum að uppástungu fjárlaganefndarinnar um, að koma á mótorvögnum hér. Hann kvað þetta mál lítið undirbúið af nefndinni. Það er mjög ómaklegt að ávíta nefndina fyrir þetta, því að mér virðist, þegar stjórnin ekki hugsaði neitt um þetta mál, þá hlyti nefndin að reyna að bæta úr samgönguleysinu, eftir því sem hún áliti heppilegast, og koma fram með þessa nýbreytni; og mig furðar á hinum hörðu orðum hæstv. landshöfðingja og háttv. þm. Vestm. (J. M.) í garð nefndarinnar, sem hér fer með bráð nauðsynlegt mál, og mál, sem allir framfaramenn munu vilja hlynna að.

Nú hefir »privat«-maður boðist til að leggja fram miklu meira fé en þingið, og fá vagnstjóra frá útlöndum, og mér er óskiljanlegt, að menn skuli þá vera sárir á, að veita honum þennan viðbótarstyrk. Maðurinn situr uppi með vagninn á eftir, og ef mótorinn skyldi eyðileggjast eða bila á þessum óheppilegu vegum, sem menn hafa álitið svo hættulega, sumir hverjir hér í deildinni, sem rætt hafa þetta mál, þá ber maðurinn, sem pantar vagninn, skaðann að mestu leyti, en landið sleppur með þessa litlu fjárupphæð.

En í þessu máli, er ástandið öfugt; það er sem sé ekki stjórnin, sem á að »kritísera« þingið, heldur þingið, sem á að »kritísera« stjórnina, þó að því sé hér sem oftar snúið við.

Háttv. þingm. N.-Ísf. (Jóh. Ól.) talaði langt mál um beiðni sína til styrkveitingar fyrir dýralæknirinn Hólmgeir Jensson. Við þekkjum manninn ekki persónulega, en við þekkjum þessa skottulækna bæði að austan og vestan. — Vanalegast mun það vera, að hlutaðeigandi sveitar- og sýslufélag styrki slíka menn, séu þeir þess verðir. — Reyndar hefir þó landssjóður gert undantekningu með þennan mann og veitt honum nokkurn styrk, sem ætti að vera honum nægilegur, ef hann fengi viðbót frá sínu sýslu- eða sveitarfélagi, eins og tíðkast víða annarstaðar t. d. í Eyjafirði.

Um styrkinn til bátasmiðsins í Snæfellsnessýslu ætla eg ekki að vera margorður. Eg þekki marga slíka góða bátasmiði í Eyjafirði, sem engan styrk fá úr landssjóði. Aftur á móti þekki eg mann í Eyjafirði, sem er mesti hagleiksmaður á bátasmíði, og var honum, því hann er orðinn gamall maður, í heiðurs- og viðurkenningarskyni fyrir

starfa sinn, veittur álitlegur styrkur af sýslusjóði í vetur.

Annars mælti háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) svo vel með þessum vestfirzka bátasmið, og taldi upp svo fjöldamörg og góð meðmæli, sem hann hafði, að eg get ekki séð annað, en að maðurinn sé þegar svo ágætur smiður, að hreinasti óþarfi sé á því, að veita honum styrk til þess að afla sér meiri fullkomnunar.

Eggert Pálsson: H. þm. Snæf. (L. H. B.) talaði nýlega um það, að hann væri svo ólukkulegur, að eiga breyt.till., sem þann þyrfti að koma á framfæri, en eg get sagt þvert á móti, og get talið mig gæfumann, að eiga enga breyt.till. við þenna kafla fjárlaganna, svo mikið moldveður, sem þó er af þeim.

En þótt eg eigi enga breytingartill., þá vil eg samt leyfa mér að mæla nokkur orð með breyt.till. þeirri, sem fer fram á, að veittar verði 2000 kr. til að gera tilraun með að nota mótorvagna á vegum vorum.

Það hafa komið fram andmæli gegn þessu samgöngufæri hér í háttv. deild, en þeim andmælum hefir áttur verið svarað, og þau hrakin gjörsamlega. — Háttv. þm. Dal. (Bj. Bj.) talaði mikið um lífshættu þá, sem samfara væri þessu mótorvagna-ferðalagi. En háttv. þingm. Rvík. (Tr. G.) hrakti það fyrir honum, og sýndi honum fram á það, að einmitt hin sama hræðsla hefði átt sér stað erlendis, þegar þessir vagnar hefðu fyrst verið brúkaðir þar; hann benti honum á grínblöðin, sem full hefðu verið af hræðilegustu myndum af þessu ferðalagi, sýnt handleggjabrot og fótabrot, og annað þess konar, er orsakast hefði af slíku ferðalagi, svo að það væri bert, að háttv. þm. Dal. (Bj. Bj.) væri að vekja hér upp sömu grýluna, er áður hefði átt sér stað erlendis.

Háttv. þm. Dal. (Bj. Bj.) taldi hættuna aðallega liggja í því, að lestir væru svo margar á vegunum, og þær gætu hæglega orðið fyrir vögnunum. En þessi ástæða er harla þýðingarlítil, því með litlum tilkostnaði mætti bæta úr þessu, með því að leggja vegarspotta út af aðal-veginum með hæfilegum millibilum, svo lestir ættu alt af kost á því, að fara út af honum, þegar sæist eða heyrðist til mótorvagnsins. Reyndar hlytu lestirnar að tefjast við þetta, en slíkum smá-töfum eru lestamenn vanir, enda þyrfti það eigi að verða mjög mikil tímatöf fyrir hverja lest fyrir sig, því hún mundi að eins mæta sama vagninum einu sinni á hvorri leið og ekki oftar.

Háttv. þm. Vestm. (J. M.) tók í sama strenginn og háttv. þm. Dal. (Bj. Bj.). Hann sagði að reynsluna vantaði fyrir því, að hægt væri að brúka þessa vagna hér. Það er auðvitað satt, en við verðum, þegar svona stendur á, að reyna fyrir okkur — fá reynsluna — annars situr alt í sama farinu. Það er hér verið að leitast við að stíga spor í framfara-áttina, en til þess að geta það, þá verður að fá styrk, og þar sem styrkurinn er ekki nema 2000 krónur í eitt skifti fyrir öll, þá virðist hann ekki geta verið minni, þegar um slíkt nauðsynja fyrirtæki er að ræða. — Háttv. þm. sagði reyndar styrktarfé þetta alt of mikið, en eg skil ekkert í því, og það því síður, þar sem hann tók einmitt fram, að flutningsvagn mundi kosta 5000 kr. Kosti vagninn 5000 kr., sem eg ekki efa, þá virðist ekki of mikið í lagt, þó landssjóður leggi til 2000 kr., þar sem líka er ótalinn ýmiskonar kostnaður, t. d. útvegun vagnstjóra og laun handa honum.

Enn fremur voru bugðurnar á veginum hjá háttv. þm. mikill þyrnir í augum, og taldi hann þær mundu gera allar mótorvagnferðir ómögulegar. En hvað það atriði snertir, þá þarf einnig þar að fá reynsluna. Það þarf að fá fulla vissu fyrir því, hve miklir krókar eða bugður megi á vegunum vera til þess, að mótorvagnar geti þó gengið eftir þeim, og haga svo vegalagningunni framvegis samkvæmt þeirri reynslu. — Og hvað snertir þær flutningabrautir, sem þegar eru gerðar, þá þyrfti, er reynslan væri fengin og gallarnir komnir í ljós, að breyta þeim og bæta, taka krókana eða bugðurnar af, eða, ef svo sýndist, að leggja á verstu köflunum spor, sem mótorvagninn gæti runnið í.

Mér finst yfir höfuð þetta fyrirtæki svo þýðingarmikið framfaramál, að sjálfsagt sé að styðja að því, að það nái fram að ganga. Því samgöngur vorar á landi geta ekki talist komnar í gott horf, fyr en önnur og betri flutningstæki komast alment á en notuð hafa verið hér til þessa dags. Því þó að vagnar, dregnir af okkar litlu íslenzku hestum, yrðu framvegis meira notaðir, þá er manna- og tímasparnaðurinn, sem við það vinst, svo sára-lítill.

Við vitum allir, hve mikið fé, hve margir tugir þúsunda hafa verið lagðir í vegina hér á landi; en þetta eru að miklu leyti tapaðir peningar, á meðan við höfum ekki betri samgöngufæri, heldur en enn sem komið er. Íslenzkir hestar geta ekki dregið nema 3—4 hestburði, svo sparnaðurinn við akveginn verður þá tiltölulega lítill, og fult svo ódýrt að ferðast upp á gamla móðinn.

Viðvíkjandi öðrum breyt.till., þá vil eg geta þess, að eg mun greiða atkv. með styrknum til síra Bjarna Þorsteinssonar og Sigfúsar Einarssonar, því eg álít því fé eigi á glæ kastað. Eg þekki eigi neina skemtun, sem mögulegt sé að veita alþýðu til sveita hér á landi, sem hefir meiri siðferðilega bætandi og mentandi áhrif, en einmitt fagran og tilkomu-mikinn söng. Og til þess að gera það mögulegt í framtíðinni álít eg að þessar styrkveitingar miði.

Skúli Thoroddsen: Eg hefi dálitla athugasemd að gera við ræðu h. 2. þingm. Eyf. (H. H.), af því að hann veitti mér ámæli fyrir það, að eg hefði verið of harðorður í ræðu minni um Boga Melsteð.

Þetta hlýtur annaðhvort að hafa verið misskilningur hjá honum, eða röng eftirtekt, því sjálfur sagði eg ekki eitt einasta ámælisorð um þennan mann.

Eg leyfði mér að eins að lesa upp ummæli merkismanns eins, Björns rektors Olsens, úr blaði einu, þar sem hann minnist á þetta 1. hefti af sögu Boga Melsteðs, og fer sá dómur hans eigi í þá átt, að álitlegt sé fyrir þingið, að verja miklu fé til þess, að fá framhald af öðru eins ritsmíði. Sjálfur sagði eg frá eigin brjósti ekki eitt einasta áfellisorð í garð þessa sómamanns. — Á hinn bóginn tekur rektor Olsen það fram um 1. hefti af þessari sögu Boga, að hún sé mjög ófullkominn útdráttur úr ritum Maurers, Storms, Larsens o. fl., en að öðru leyti útdráttur úr Landnámu, og er hann mjög »leiðinlegur aflestrar«, segir dr. Björn M. Olsen.

Eg get ekki dulist þess, að mér þykir mjög leiðinlegt að heyra þennan dóm um sögu þjóðar minnar, sögu, sem á að vera svo rituð, að hún hljóti að verða yndi og eftirlæti hvers einasta barns landsins, og vekja og glæða ást og hlýjan hug til fósturjarðarinnar. — Sjálfur get eg einnig játað það hreinskilnislega, að eg er ekki hrifinn af bókinni, og svo mun vera um marga

fleiri en mig og dr. Ólsen, því að nýlega las eg í blaði einu, þar sem minst var á sagnfræðisrit Jóns sagnfræðings Jónssonar, að komist var svo að orði, að þar sem höfundinum væri ánægja að því að lesa sögu Jóns sagnfræðings, þá sárkviði hann fyrir því, að sjá áframhaldið af Íslandssögu Boga Melsteðs.

Að öðru leyti skal eg leyfa mér að benda á, að mér virðist þessi saga, sem vér nú höfum séð byrjunina á, vera orðin landinu nokkuð dýr; og það var það sem vakti fyrir mér, er eg kom með þessa brtill., er fer fram á að fella þennan lið af fjárlögunum, eða að minsta kosti færa hann niður í þá upphæð, sem sagnfræðingi þessum hefir áður verið veitt. Hann hefir þegar fengið úr landssjóði 4800 kr. til þess að rita sögu Íslands. Á sama tíma hefir hann notið fjárstyrks úr ríkissjóði Dana, sem nemur 6000 kr., til þess að rita sögu Íslands á dönsku. Það eru með öðrum orðum nálægt 11 þús. kr., sem ríkissjóður og landssjóður til samans hafa brúgað í þennan mann, til þess að framkvæma verk, sem hann hefir nú byrjað svo loflega(!), að dómi dr. B. M. Ólsens. Væri nú þessi maður samt sem áður mjög bágstaddur, þá gæti þó, frá sjónarmiði hins góða hjarta, sem 2. þm. Eyf. (H. H.) talaði um í ræðu sinni, verið ástæða til að svifta hann ekki hjálpinni; en það er langt frá því að svo sé. Auk þess sem hann úr ríkissjóði Dana hefir 1000 kr. á ári, til að skrifa sögu Íslands á dönsku, þá hefir hann 1200 kr. árlega, sem stipendiarius við Árna Magnússonar bókasafnið, og talsvert á annað þús. sem starfsmaður við ríkisskjalasafn Dana, og þeim starfa hefir hann ekki sagt lausum, því hann stendur honum til boða aftur í haust; hann hefir áskilið sér rétt til að ganga aftur að því starfi, þegar hann kæmi aftur til Danmerkur í haust, ef honum sýndist svo. Gæti nú ekki verið ástæða til að hvíla manninn dálitla stund við þessa starfsemi fyrir Ísland, og lota honum að hafa næði til að binda enda á loforð sín við Dani, og koma út þessari sögu sinni jafnlangt á dönsku og komið er á íslenzku? Mér finst vér með þessari styrkveitingu leggja manninum svo þungar byrðar á herðar, að það sé mjög tvísýnt, að hann geti uppfylt allar þær skyldur, sem, að minsta kosti siðferðislega, hvíla á honum. Þetta verk er líka byrjað í svo stórum stíl, að það hljóta að verða klifjar á fleiri hesta, eða ef til vill mundi ekki veita af mótorvagni undir ritverkið, til að koma því út um sveitirnar, og væri þá ekki réttast að fresta því, þangað til Thomsen er búinn að gera tilraunir sínar með mótorvagninn? Hvað það snertir, sem 2. þm. Eyf. (H. H.) gat í skyn, að þessi styrkur hefði á þinginu 1901 verið strikaður út af pólitiskum ástæðum, þá mótmæli eg þeim orðum, sem algjörlega ástæðulausum. Mitt atkvæði gegn Boga Melsteð hefir aldrei stjórnast af neinni pólitík, heldur hefir það ætíð verið mín skoðun frá upphafi, að hann væri alls ekki fær um að leysa af hendi það verk, sem honum er veittur þessi styrkur til. Mín skoðun á manninum hefir ávalt verið sú, að hann gæti verið góður safnari, en væri allsendis óhæfur til að takast annað eins verk á hendur, eins og það er, að skrifa sögu heils lands, ekki sízt Íslands. Það er langt frá því, að mér sé það nokkurt kappsmál, hvað ofan á verður um þessa fjárveitingu, en mér sýnist það þó í öllu falli vera fyllilega nóg, að samþykkja þá upphæð, sem maðurinn hefir áður haft. Eg sé enga ástæðu

til þess að vera að hækka styrkinn, þar sem maðurinn hefir ekki beinlínis þörf á því, til þess að geta haldið áfram starfinu; það yrði kannske einungis til þess, að þessi saga hans yrði enn lengri og þvælulegri, og á það finst mér sannarlega ekki bætandi. Auk þess er þess að gæta, að jafnóðum og þessi saga kemur út, þá fær auðvitað höfundurinn ritlaun hjá kostnaðarmanni bókarinnar fyrir hverja örk. Komi 10 arkir út á ári, þá verður það milli 3 og 400 kr. á ári. — Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þessa fjárveitingu, en læt mér það í léttu rúmi liggja hver úrslitin verða.

En svo skal eg víkja nokkrum orðum að því, sem 2. þm. Eyf. (H. H.) beindi að mér, fyrir tillögu mína um 400 kr. styrkveitinguna til Sighvats Borgfirðings, til að rannsaka handrit, er snerta æfiatriði ísl. presta. Honum þótti kenna hér einkennilegs smekks hjá mér, að vera að leggja á móti styrknum til Boga Melsteðs, en mæla svo aftur með þessari fjárbeiðslu. En til þessa er því fyrst að svara, að eg met meira ýmislegt, er eg hefi lesið eftir alþýðumann þenna, en það, sem út er komið af Íslandssögu Boga; en auk þess er hér tvennu ólíku saman að jafna; hér er farið fram á lítilfjörlegan styrk í því skyni, að þessi maður geti hagnýtt sér söfnin hér í Reykjavík, og náð til þeirra handrita, sem honum eru nauðsynleg, til að geta lokið við mikið verk, sem hann hefir undirbúið og unnið að í mörg ár á sjálfs síns kostnað. Eg hefi aldrei haldið því fram, að Sighv. Borgfirðingur sé vísindalegur sagnaritari, eða að alþingi eigi að styrkja hann sem slíkan, heldur tók eg það einmitt fram, að þessi maður væri af skóla þeirra Jóns Espólíns og Gísla Konráðssonar, með öðrum orðum, að hann væri safnari, annálsritari; en það starf hefir einnig mikla þýðingu fyrir þjóð vora; það er mikils vert um það, að til séu menn, sem skrifa upp alt það merkasta, er við ber í sveitunum, og blöðin ekki komast yfir að geta um eða vita ekkert um; blöðin sýna venjulegast ekki nema ótullkomna mynd úr hversdagslífi þjóðarinnar, og starf þessara manna er því nauðsynlegur viðauki við þau. En hvað er það svo, sem þessir lærðu sagnaritarar vorir gera? Það er ekkert annað en að grafa upp úr söfnunum og draga saman í söguform það, sem þessir annálsritar hafa skrifað; það eru með öðrum orðum annálsritararnir, sem hafa lagt grundvöllinn undir alla söguritun. Einn af þessum annálsriturum er einmitt Sighvatur Borgfirðingur, sem sækir um styrk í eitt skifti fyrir öll, til þess að geta farið hingað til Reykjavíkur og verið hér dálítinn tíma, af því að hér á hann kost á handritum, sem ekki eru annarstaðar fáanleg.

2. þm. Eyf. (H. H.) sagði, að eg, með því að styðja þessa fjárveitingu, mundi hafa viljað sýna mitt »góða hjartalag« til þessa manns, vegna þess, að hann hafi skrifað í blað mitt. Eg skal fúslega játa að það sé rétt, að maður þessi hafi oft sent blaði mínu fréttapistla og ýmsan fróðleik, og eg fyrirverð mig ekkert fyrir að kannast við það; en eg held á hinn bóginn, að ekki sé laust við, að þessi mótspyrna 2. þm. Eyf. (H. H.) á móti styrknum bendi á aðra töluvert ólíka lyndiseinkunn hjá honum, lyndiseinkunn, sem eg raunar hefi þráfaldlega rekið mig á sjálfur, nfl. að hann sé töluvert langrækinn. Þingmaðurinn sagði áðan, að mótmælin gegn styrknum til Boga Melsteðs væru sprottin af pólitískum ástæðum; eg held það mætti með engu minna rétti segja

um mótspyrnu hans gegn þessum styrk, að hún væri af svipuðum toga spunnin. Eg veit að þingmaðurinn skilur við hvað eg á. Í sambandi við þetta get eg einnig bent á það nú, þótt það ekki beint komi þessu máli við, að eftir því sem eg hefi frétt af fundum samgöngumálanefndarinnar, þá mun þessi sami þm. ekki hafa verið neitt sérlega tillögugóður um samgöngubætur, er snerta kjördæmi mitt; eg skal þó undantaka eina höfn á Hornströndum, sem hann — af auðskildum ástæðum — mun hafa látið sér ant um að yrði á ferðaáætlun strandbátanna. Að öðru leyti skal eg sleppa að fara frekar út í þetta efni að sinni, því það mun síðar gefast tími og tækifæri til að rannsaka það nánar. — Eg skal ekki neita því, að mér þótti einkennilegt, þegar þm. (H. H.) fór að kveða upp dóm, eða öllu heldur nokkurs konar hæstaréttardóm yfir yngri skáldunum hér á landi, og kvaðst fyrir sitt leyti telja Guðmund Magnússon fremstan þeirra. Eg skal ekkert fara út í það, að dæma um Guðmund Magnússon sem skáld, og ekkert nema gott um hann segja; en þegar þm. Eyf. tekur hann fram yfir Þorstein Erlingsson, þá hlýtur annaðhvort af tvennu að eiga sér stað, að hann er ekki óvilhallur dómari, eða þá hitt, að hann á í því sammerkt við ýms önnur skáld, sem oft hefir heyrst um sagt, að þeim sé betur lagið að yrkja sjálf en að dæma um skáldverk sjálfra þeirra og annara.

Um aðrar brt., sem eg á við þessa grein, talaði eg svo ítarlega í dag, að eg sé enga ástæðu til að minnast frekar á þær. Að eins langar mig til að blanda mér dálítið inn í deilu þeirra þms. V. Sk. (Guðl. Guðm.) og 2. þms. Skagf. (St. St.). Eg held nefnilega, að fólksflutningar 2. þm. Skagf. (St. St.) austan úr Skaftafellssýslu og vestur í Snæfellsnessýslu, hafi ekki verið nægilega athugaðir. Það verður að gæta að því, að það eru ekki einungis jarðirnar, sem leggjast í eyði, ef slíkt kæmist til framkvæmda, heldur verða líka að engu öll hús, sem á jörðunum standa, og öll þau mannvirki, sem þar hafa unnin verið, og þetta hvorttveggja er stórmikið fé; en það sem lang mest vegur, og sem er alveg óbætandi, það er sá skaði, sem hreppsfélagið og sýslufélagið bíður við það, að $^2/_3$ hlutar úr einum hreppi algjörlega leggjast í eyði. Eg mun af þessum ástæðum greiða atkvæði með brt. hv. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.), og álít það ekkert áhorfsmál fyrir þingið, að leggja fram úr landssjóði nauðsynlegt fé til að bjarga þessum jörðum, og það sem allra fyrst.

Hannes Hafstein: Þm. N.-Ísf.(Sk. Th.) sagði að eg hefði sagt um sig, að hann hefði verið nokkuð harðorður um cand. mag. Boga Melsteð. Eg veit ekki hvort eg hefi notað þau ummæli, en eg held að þótt svo hefði verið, þá væri ekkert ofsagt með því. Eg held ekki það sé vanaleg aðferð eða óhlutdræg, þegar dæma á um verk einhvers manns, að taka þá ritdóm um þetta verk og tína upp úr honum alt, sem sagt er verkinu til ámælis, en sleppa því, sem sagt er því til hróss. Það var þetta, sem eg vildi benda á áðan, er eg sagði að þm. hefði ekki farið vel með ritdóminn, og það álit mitt vona eg að eg standi ekki einn uppi með.

Þar sem háttv. þm. (Sk. Th.) tók fram, sem mótmæli á móti þessum styrk til Boga Melsteð, að það væri áður búið að veita þessum manni styrk til sagnaritunar hér á landi, þá get eg ekki betur séð, en að þetta séu fremur meðmæli en hitt; og hið sama er að segja um það, að honum hefir verið sá sómi sýndur í útlöndum, að hann

einnig þar hefir þótt verðugur styrks. Þessi styrkur úr landssjóði hefir heldur ekki numið neinni gífurlegri upphæð. Það er bersýnilegt, að einar 4,800 kr. sem hann hefir fengið alls á svo löngu tímabili, ekki geta hafa verið neinn verulegur styrkur, skift niður á mörg ár, til þess að undirbúa og safna til jafn mikils verks, og hér er um að ræða. Það er heldur ekki rétt að meta alt þetta stóra verk eftir einu einasta litlu hefti, og það því síður, sem hv. þm. (Sk. Th.) veit, að nú er búið að prenta annað hefti, sem að allra dómi, sem það hafa séð, er miklu aðgengilegra, bæði skemtilegra aflestrar og betur ritað. Efni í fleiri hefti mun einnig vera tilbúið í handriti, og auk þess hefir þessi sami maður ritað ýmislegt annað, er að meira eða minna leyti snertir sögu landsins. Aðalstarfið við verk eins og þetta er auk þess aðallega innifalið í undirbúningnum, áður en höfundurinn byrjar að rita sjálfa söguna, og það væri sannarlega illa farið með fé landsins, ef nú ætti að fara að reyna til að kippa alveg undan honum fótunum, þegar ávöxturinn af þessum undirbúningi er að byrja að koma í ljós. Þessi maður hefir sagt lausu starfi, er hann hafði á hendi í Danmörku, í því trausti að þingið hér heima mundi ekki kasta sér á klakann; þetta verð eg að álíta djarfmannlega gert, og sýnir betur en flest annað, að þessi maður hefir trú á sinni köllun og vilja til að framfylgja henni. Eg verð líka að treysta alþingi til að vera svo réttlátt, að dæma ekki að óséðu fyrirfram svo mikið verk eftir einu litlu broti úr því, enda þótt á þessu hefti kunni að vera einhverjir smágallar.

Eg sný mér að öðru atriðinu í ræðu háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) viðvíkjandi styrknum til Sighvats Borgfirðings. Eg hefi varast að láta í ljósi nokkuð um þennan mann, sem eg ekki get staðið við. Þetta er ókrítískur samtíningsmaður, sem skrifar upp alt sem hann heyrir, án þess hann hafi vit til að skera burt úr frásögn sinni það sem engin hæfa er fyrir. Eg skal, þessum orðum mínum til stuðnings, minna hv. þingm. á dálítið atvik, sem hann sjálfsagt kannast við. Þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) sýndi mér einu sinni þá velvild að senda mér lýsing eða »historiska frásögu« eftir þennan mann, um atburð sem snerti mig að nokkru, og sem ekki var meira en svo sem viku gamall, þegar frásagan var færð í letur. Höfundurinn var rétt hjá vettvangi, og átti þess fullan kost að vita öll fakta frá fyrstu hendi; engu að síður var þessi frásögn öll svo skökk og skæld, að hún var líkust »tendensiusri« lygasögu, enda fór háttv. þm. eftir bendingu minni og tók hana ekki upp í blað sitt, eins og ætlað var í fyrstu að yrði. Eg er á þeirri skoðun, að þeim mönnum, sem vanda svo lítið verk, væri betra að skrifa alls ekki neitt. Hvað sérstaklega þessi æfiatriði ísl. presta snertir, þá hefi eg heyrt að hann hafi sent þau mönnum til yfirlestrar, sem vit hafa á að dæma um þau, og að þeir hafi sagt sama í sinn hóp, að nauðalítið sé á þeim að græða; það sé mest uppritun úr Espólín og öðrum slíkum bókum og handritum, og sé það rétt, þá er saunarlega ekki mikið í það varið. Hitt er satt, að maðurinn er mjög hneigður til skrifta, skrifar ósköpin öll. En ef það er satt, að hann stundum sitji við að skrifa upp gamlar blaðagreinar heldur en ekkert, bara til þess að auka handrit sín, þá verð eg að segja, að slíkt er fremur ritsýki en ritsmíði. Því fer mjög fjarri, að hjá mér liggi nokkur pólítísk ástæða á bak við afstöðu mína til þessarar umsóknar. Að vísu mun þessi maður vera kjósandi, en að hann sé pólítísk stærð,

sem nokkrum detti í hug að taka tillit til, hefi eg ekki heyrt. Háttv. þm. kann að hafa sérstaka þekkingu eða reynslu í því efni, en eg held þó naumast, að hans pólitíska starfsemi hafi verið mikið annað en »til vika«, sem hann væntanlega hefir fengið sína þóknun fyrir, og fer víst enginn að fetta fingur út í það, því maðurinn er fátækur, og þarf á því að halda, sem honum getur áskotnast. En að borga það af almannafé, er naumast ástæða til.

Þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) sagði að eg hefði farið að kveða upp hæstaréttardóm yfir skáldunum, en játaði þó, að eg hefði sagt »fyrir mitt leyti«. Eg hefi ekki heyrt, að hæstiréttur sé vanur að taka það fram í dómum sínum, að hann »fyrir sitt leyti« dæmi það og það rétt að vera. En kannske háttv. þm. hafi aðra reynslu. Auk þess voru ummælin, sem hann þóttist hafa eftir mér, alls ekki rétt hermd. Eg sagði aldrei að eg teldi Guðmund Magnússon fremstan allra yngri skáldanna, en hitt sagði eg, að eg mundi óhikað gefa styrkbeiðni hans atkvæði mitt fyrst allra þeirra skálda, er sótt hafa um styrk til þingsins, en það er sitt hvað, eða eg telji hann fremstan þeirra sem skáld. Að eg mundi gefa honum fyrst atkvæði, þar til liggja þær ástæður, sem eg áður hefi tekið fram, að undanfarin lífskjör hans hafa verið svo þröng, og hann hefir svo lítils notið af þeirri hjálp, sem landið leggur öllum þeim, er mentaveginn ganga, og þó komist það, sem hann hefir komist, að það er meiri ástæða til að hlúa að honum en nokkrum öðrum af skáldunum. Auk þess er hér að eins um lítinn ferðastyrk að ræða í eitt skifti fyrir öll. Í sambandi við þetta skal eg geta þess, að háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) í hinni snjöllu ræðu, er hann hélt fyrst, lagði mikla áherzlu á álit síra Valdimars Briems og notaði orð hans til stuðnings sínu máli; mér þykir nú næsta kynlegt, að þm., fyrst honum finst svo mikið til um síra Valdimar, skuli ekki hafa fundið ástæðu til að athuga það, að skáldastyrkurinn til þessa manns hefir verið strikaður út á tillögu nefndarinnar. (*Skúli Thoroddsen*: Eg greiði ekki atkvæði með því). Það gleður mig, því að eg var farinn að halda, að þingm. áliti síra Valdemar ekki lengur notandi til annars en til að cítera í hann í viðlögum.

Þá sendi háttv. þm. (Sk. Th.) mér dálitla kveðju viðvíkjandi samgöngumálunum úr Ísafjarðarsýslu. Eg veit ekki hvaðan hann hefir þessar fregnir, sem hann var að tala um að hefðu borist til sín, en ef hann meinar það með því, að eg hafi verið móti kjördæmi hans, að eg hafi ekki viljað láta strandferðabátinn þræða hverja vík og og hvern vog við Ísafjarðardjúp, einungis til að spara stöku manni dálitla fragt, þá eru það réttar fregnir, en eg hefi alls ekki gert það til þess að stríða háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), heldur af því, að eg álít það vera hreinasta óþarfa, og alveg rangt að tefja enn meira en komið er ferðir skips þess, og því minni ástæða til þess að skipið fari að krækja inn um alt Djúp, sem þar er sérstakur flutningabátur um Djúpið, og þótt eg vilji gera mikið fyrir háttv. þm. N.-Ísf., þá má hann þó ekki búast við því, að eg breyti beint á móti sannfæringu minni, að eins til þess að gera honum til geðs.

Mér láðist áðan að geta þess, að eg er þakklátur háttv. fjárlaganefnd fyrir tillögur hennar um mótorvagnana, vegna þess að eg álít, að þeir ættu að verða framtíðarsamgöngur meðal okkar Íslendinga að einhverju leyti, og eg vona fastlega að vegir okkar komist innan skamms í það horf, að hægt verði

að nota slíka vagna sem víðast á þeim. Þar eð eg heyrði því fleygt af einum hátthv. þm. áðan, að réttast væri að reyna hinn væntanlega mótorvagn með því að setja samgöngumálanefndina upp í hann, og senda hann austur yfir Kamba, þá skal eg, sem formaður þeirrar nefndar, lýsa því strax yfir fyrir mitt leyti, að ekki skyldi standa á mér að vera með í þeirri ferð og eg ímynda mér að háttv. þm. Dal. (B. B.) þyrfti ekki að óttast neitt líftjón, þótt hann væri þar einhverstaðar nálægur.

Það er aftur önnur brt. nefndarinnar, sem eg ekki get verið háttv. fjárlaganefnd eins þakklátur fyrir, það er tillagan um niðurfærslu á styrknum til skógræktartilraunanna. Mér finst hvorki háttv. fjárlaganefnd né þingdeildin í heild sinni geta álitið sig hafa meiri þekkingu til að bera, eða vera færari að dæma um, hve mikið fé þurfi til þessara tilrauna, ef þær eiga að koma að fullu gagni, en þeir menn, sem tekið hafa þetta mál að sér; en upphæðin var sett eins lágt og þeir álitu að unt væri að bjargast við. Því síður finst mér þetta tiltæki nefndarinnar eiga vel við, þar sem upphæðin sem niðurfærslan nemur, er í sjálfu sér svo lítil, að hún dregur landssjóðinn engu, en getur orðið til stórhnekkis fyrir góðan og skjótan árangur af tilraununum. Eg mun því greiða atkvæði móti brt. nefndarinnar.

Framsögum. (Pétur Jónsson): Umræður um þessa gr. (14. gr.) eru nú orðnar all-langar, en þótt hinar einstöku tillögur hafi verið þvældar mjög fram og aftur, þá er það þó í sjálfu sér lítið, er ástæða er til fyrir nefndina að svara.

Þessi grein fjárlaganna hefir verið kölluð bitlingagrein, og stafar það nafn af því, að fjárveitingar hennar eru bundnar við einstakar persónur. Nefndin hefir í rauninni nú sem fyr verið móthverf slíkum fjárveitingum, og því leitast við að hafa þær sem fæstar. Það er jafnan óþægilegt bæði fyrir hana og þingið í heild sinni, að rökræða um verðleika einstakra manna, og væri þess vegna æskilegast, að slíkar fjárveitingar færi fram hjá einstökum stofnunum eða hjá landsstjórninni, er hefir bezt tök á að velja menn til vissra starfa og fyrirtækja, eftir þekkingu þeirra og hæfilegleikum. Þetta var hugsun nefndarinnar, og um leið og eg lýsi henni, vona eg að þar með sé svarað flestum ummælum háttv. deildarmanna, og aðfinningum um synjanir á ýmsum fjárveitingum. Enginn af þeim, sem sótt hafa um styrk, hefir ástæðu til að vera móðgaður, þótt hann hafi ekki verið tekinn til greina, því að nefndin hefir orðið að fara svo hægt og varlega í sakirnar, sem frekast er unt, og synjað mörgum manni, sem góða verðleika hefir. Þetta tel eg nægilegt svar upp á mótmæli ýmsra háttv. þm. gegn einstökum till. nefndarinnar yfir höfuð.

Þá vil eg snúa mér að andmælum einstakra þm. eftir röð.

Hæstv. landsh. fann að því við nefndina, að hún hefði dregið úr þeirri fjárveitingu, er stjórnin hafði ætlað til skógræktar, og í sama strenginn tók háttv. 2. þm. Eyf. (H. H.). Eg tók það fram í inngangsræðu minni, hvað nefndinni hefði gengið til, að draga af þessari fjárveitingu. Hún varð líka að klípa af fleiri upphæðum, til þess að koma að ýmsum fjárveitingum, sem eru engu síður, heldur enn meir nauðsynlegar, t. d. fjárveitingunni til Ræktunarfélags Norðurlands. Það ber mikið bráðari nauðsyn til að styrkja þetta félag heldur en til að veita fé til skógræktarinnar. Þegar ræða er um ræktun landsins, eru ýmsar gátur, sem hafa

ákaflega mikla fjárhagslega þýðingu er ráða þarf, en það sér hver maður, að þjóðin hefir ekki ráð á að bíða eftir þeim ráðningum von úr viti. Nefndin kleip einnig af fjárveitingunni til Búnarfélagsins, og hafði þar fyrir augum upphæð, sem áætluð var til kynbótatilrauna búpenings. Mun það hafa verið álíka stór upphæð, sem Búnaðarfélagið ætlaði til kynbóta bæði árin, og sú, er stjórnin ætlaði til skógræktar; enda var líkt dregið af báðum. Nú getur hver sem vill borið saman kynbætur búpenings á öllu landi og skógræktun, og dæmt um hvort er nauðsynlegra. Nú er ekki alveg eins mikið dregið frá skógræktinni og lítur út fyrir; er ætlast til að Ræktunarfélag Norðurlands, muni leggja eitthvað til skógræktarinnar af sínum kröftum, og sömuleiðis Búnaðarfélag landsins. Eg vona að menn sjái, að aðgjörðir nefndarinnar í þessu efni miða til að undirbúa sérstaklega þau fyrirtæki, er sízt þola bið, og greiða sem skjótast og bezt fyrir menningu og framförum í landinu, en alls eigi að hún sé óvinveitt skógræðslunni í sjálfu sér.

Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) gerði grein fyrir till. sinni um fjárframlag til vatnsveitinga í Leiðvallarhreppi. Háttv. 2. þm. Skagf. (St. St,) svaraði honum, og tók fram, hvers vegna nefndin ekki gat verið með þessari fjárveitingu, þrátt fyrir það, að hún álítur því fé vel varið, er gengur til að koma í veg fyrir skemdir á jörðum. Fell nefndinni því illa að þurfa að vera á móti þessari fjárveitingu En þar sem háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) mintist á ósamkvæmni hjá þeim, er móthverfir eru þessari tillögu hans, en þó meðmæltir fjárframlagi til Rangvellinga í líkum tilgangi, þá skal eg geta þess, að þar stóð nokkuð öðruvísi á. Þar var um hastarlegt slys að ræða, er olli miklum eyðileggingum; tilraun sú, er svo var gjörð til þess að ráða bót á þessum eyðileggingum — og var í alla staði eðlileg — varð samt sem áður að eins til að gjöra slysið enn þá stærra. Með tilliti til þessa virtist nefndinni rétt að þingið hlypi þar undir bagga, enda gengu líka undirtektir þingsins í fyrra í líka átt.

Þá vil eg víkja örfáum orðum að háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) út af ummælum hans um styrkinn til síra Bjarna Þorsteinssonar. Þar sem nefndin í áliti sínu mintist á þenna mann í sambandi við orgelsláttinn í Reykjavík, þá var það í grandleysi gjört. Nefndinni var ekki kunnugt um, að það gæti haft nein áhrif til skaða. En skömmu síðar verður nefndin vör við eins og einhvern þyt í kringum sig hér í bænum; rétt eins og veður úr tveim áttum væri í námunda. Þegar nefndin varð þess vör, hugsaði hún sér að bezt væri að vera sem minst við veðraföll í þessum bæ riðin; enda hafði hún aldrei ætlað sér að blanda sér í flokkadrætti Reykjavíkurbæjar. Tillaga hennar er að eins sú, að síra Bjarna verði veittur þessi styrkur, til þess að fullgera þjóðlagasafn sitt. Margir hafa orðið til að mæla svo rækilega fram með honum, að eg hefi þar engu við að bæta.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) og þm. Dal. (B. Bj.), hafa mælt á móti þessum manni, en þó hinn fyr nefndi sé að vísu maður smekkvís og söngfróður, þá dæmir hann þó um þjóðlagasafn síra Bjarna að mestu leyti sem blindur um lit, því að hann þekkir það alls ekki. Það er líka misskilningur að þessi fjárveiting komi á nokkurn hátt í bága við styrkveiting til stud. jur. Sigfúsar Einarssonar; hún er henni öllu fremur til meðmæla, því að þegar veitt er á einum stað til þessarar greinar,

þá er líka ástæða til að gjöra það á öðrum. Nefndin var í sjálfu sér alls ekki mótfallin styrkveitingu til Sigfúsar, en hún varð að hafa einhverja hugsun með henni. Og það var ætlan hennar, að Sigfús mundi algjörlega snúa sér frá laganáminu ef hann fengi styrkinn. Þar með var hún alls eigi að gera sig að formyndara hans. En veiti maður styrk, vill maður hafa augnamið með styrkinn, sem sé til frambúðar. — Nú hefir háttv. sami þm. upplýst, að Sigfús muni ljúka laganámi sínu, þó hann snúi sér að söng-listinni, og er það gott og blessað. Nefndin vildi heldur ekki láta í ljósi neitt vantraust á þessum efnilega unga manni, og tók að eins fram, að persónulegar fjárveitingar vildi hún forðast í lengstu lög.

Ummælum háttv. þm. Dal. (Bj Bj.) um styrkveitinguna til Bened. Gröndal, var rækilega svarað í dag af fleirum en einum; er því óþarft að fjölyrða um hana.

Við það, er háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) talaði um skáldin, bæði Þorstein Erlingsson og fleiri, hefi eg heldur ekki mikið að athuga. Mér skildist á honum, að hann teldi þann hanka á um ráð Guðmundar Guðmundssonar, að hann væri gjarn til ásta og víns. Eg ætla ekki að leggja neitt upp úr því; en hitt er auðvitað, að ef um það er að ræða, að styrkbeiðandi eyði fé sínu í vín, þá mælir það sterklega á móti því, að hann sé styrktur af opinberu fé, því að meiningarlaust er að láta fé í þann vasa, er peningarnir jafnótt hrynja niður um. En eg vildi að eins taka það fram, að það var alls ekki af þeirri ástæðu, að nefndin vildi ekki veita þennan styrk.

Mótmælunum gegn styrknum til Boga Melsteð hefir verið svarað af h. 2. þm. Skagf. (St. St.). Eg vil að eins bæta þeirri athugasemd við svar hans, að það er takandi til greina um Boga, að hann hefir kastað frá sér þeirri atvinnu, er hann hefir haft, til þess að geta gefið sig allan við söguritaninni. Til þessa starfa hefir hann 1000 kr. úr ríkissjóði Dana, og væntir sér nú annars eins af hálfu landa sinna, svo að hann geti helgað verkinu alla krafta sína. Árna Magnússonar styrkinn hefir hann að eins til næsta nýárs, og er mjög ólíklegt, að hann fái hann framvegis, því að vanalega er skift um styrkþega. Þar sem hann um langan tíma hefir haft styrk til að undirbúa verk sitt, og vill nú leggja fram alla vinnu sína til að láta menn njóta árangursins, þá væri það næsta einkennilegt, að fara nú að taka styrkinn af honum, og kæmi í bága við þær kröfur, sem þingið hefir einmitt alið á við hann að undanförnu. —

Um viðauka háttv. sama þm. við liðinn um styrkveitingu til jarðfræðings Helga Péturssonar, hefir nefndin ekkert að athuga.

Háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.) mintist á Sögufélagið. Nefndin áleit verkefni þess sama og Bókmentafélagsins. Það kannaðist hann að vísu við, en kvað Bókmentafélagið ekki gjöra það, er því væri ætlað, og því yrði Sögufélagið að gjöra það. Það hefir oft verið sagt um Bókmentafélagið, að það fullnægði ekki ætlunarverki sínu; og svo má víst segja um fleiri félög. En þá finst nefndinni réttara að reyna að lagfæra eitthvað þennan ágalla Bókmentafélagsins. Ef þeir menn, sem í Sögufélaginu eru, geta komið því til leiðar, að eitthvað yrði úr framkvæmdum þar, þá ættu þeir að geta komið því sama til leiðar í Bókmentafélaginu. Nefndinni finst óþarft að hafa tvö félög með sama tilgangi; því að annað markmið getur Sögufélagið ekki haft en það, er Bók-

mentafélagið stefnir að með útgáfu á ritum, sem Safni til sögu Íslands og Diplomatarium Islandicum.

Háttv. 1. þm. S.-Múl (Ó. Th.) mintist á handritasafn Dr. Jóns Þorkelssonar, og vildi að deildin ákvarðaði sig þegar um kaup á því. Mér finst þetta mál enn lítt hugsað, og tel eg það ekki rétt gjört af deildinni að taka fram fyrir hendurnar á þeirri nefnd, sem á að hafa stjórn bókasafnsins og val bóka á hendi; öðru máli væri að gegna ef nefndin væri í vafa vegna fjárupphæðarinnar; en það hefir ekki heyrst, heldur hefir hún hikað við kaupin af öðrum ástæðum. Eg efast ekki um, að nefnd þessa skipi skynsamir menn, er geti fult svo vel dæmt um þetta efni sem þingið. Finst mér því eðlilegt að láta þetta mál bíða, þar til er það hefir verið athugað betur af bókasafnsnefndinni, og kröfur frá henni koma um kaupin.

Háttv. þm. V.-Ísf. (Jóh. Olafss.) var, að mér fanst, nokkuð heitur út af br. till. sínum, sem honum þótti ekki hafa fengið áheyrn hjá fjárlaganefndinni. — Kvaðst hann kenna einhvern kulda-anda eða óréttlætis-anda frá nefndinni gagnvart þessum fjárbænum kjördæmis hans. En mér er óhætt að fullyrða það fyrir nefndarinnar hönd, að frá henni hefir enginn kulda-andi stafað, hún hefir miklu fremur lagt sig í bleyti, til þess að vera sem sanngjörnust í tillögum sínum og óhlutdrægust.

Háttv. þingm. tók það fram, að það hefðu ekki legið fyrir nefndinni margar fjárbænir úr þessari sýslu, og er það satt. En eg get líka nefnt annað kjördæmi, og er það mitt eigið; þaðan hafa heldur ekki komið margar fjárbænir, og hefir nefndin heldur engri sint, svo að ekki er Ísafjarðarsýsla þar ein út undan. Það hefði þó að öllum líkindum ekki átt að stafa kuldalegur andi frá nefndinni til Þingeyjarsýslu, því að vér vorum ó Þingeyingar, sem áttum sæti í henni; ef við því hefðum sýnt öðrum héruðum landsins kala, þá er líklegt, að við hefðum reynt að hlúa að Þingeyjarsýslu, en það ímynda eg mér, að háttv. þingm. V.-Ísf. (Jóh. Ól.) geti ekki sagt, að við höfum gert. — En úr því nú við höfum ekki metið Þingeyjarsýslu meira en Vestur-Ísafjarðarsýslu, þá ætti hinn háttv. þingm. (Jóh. Ól.), að geta verið ánægður.

Viðvíkjandi styrknum til dýralæknisins, þá hefir nefndin ekki getað fallist á hann. Háttv. þm. V.-Isf. (Jóh. Ól.) var gramur við mig yfir því, að eg fann það að honum, að hann væri ólærður. Hann talaði um það, að lærdómur og æfing væri sitt hvað, en eg er á því, sem fyrri, að það þurfi helzt að vera samfara. Nefndin gat heldur ekki annað séð, en að mikið væri komið undir því, að menn, sem hefði opinberan styrk til lækninga, hefðu vísindalega þekkingu, og að lækningar þeirra og framkvæmdir í þeim efnum yrðu að vera bygðar á lærdómi og vísindalegri rannsókn. Og þótt nú dýralæknir væri í hverjum fjórðungi landsins, þá er hann ekki sóttur nema þegar um eitthvað meira er að ræða. — Þó að einhver kvilli komi í kú, hest eða kind, þá fara menn ekki að kosta svo miklu til að sækja lækni langar leiðir, því að það segir sig sjálft, að það mundi ekki borga sig. Dýralæknar þurfa mikla vísindalega þekkingu til þeirra starfa, sem hið opinbera einkum ætlar þeim, en þessi maður, sem hér er um að ræða, hefir hana ekki, svo nefndin viti; en eg get skilið það, að þessi maður geti verið til mikils hagræðis, þar sem enginn læknir er.

Hinn háttv. þm. V.-Isf. (Jóh. Ól.) var

líka að ávíta nefndina út af styrknum til Rögnvalds Ólafssonar, en eg ímynda mér, að háttv. þingm. hafi ekki meira gert fyrir Rögnvald en eg og fleiri nefndarmenn, því að með okkar hjálp fekk hann styrkinn upphaflega á þinginu 1901. Eg fyrir mitt leyti hefi ekkert á móti viðbót handa honum, en okkur þótti réttast, að það stæði eins og í frumv. stjórnarinnar.

Þá er háttv. þm. Snæf. (L. H. Bj.) með Konráð Stefánsson. Nefndin hafnaði styrkveitingunni til hans, og eg hefi fært ástæður fyrir því áður, og hefi því litlu þar við að bæta. Nefndinni þótti ekki neitt lífs-spursmál, að þessi maður færi að leggja stund á nám suður á Þýzkalandi. Nefndin efar ekki, að hann sé sérstaklega praktiskur, áhugamikill og vel greindur, en af því að þetta nám er svo sérstakt, þá er óvíst, að hverjum notum það kemur. Öðru máli hefði verið að gegna, ef hér hefði verið um það að ræða, að leggja stund á fræðigrein, sem nauðsynleg væri fyrir aðal-atvinnuvegi vora, t. d. landbúnaðinn, þá hefði hann ef til vill fremur getað haft von um hjálp frá þinginu, eða öllu heldur Búnaðarfélagi Íslands, því að í því efni þurfum vér að fá sérstaklega duglega og áhugamikla menn, og það er nauðsynlegt fyrir þá, sem leggja stund á búfræði, að hún sé bygð á vísindalegum grundvelli.

Háttv. 2. þm. Skagf. (St. St.) svaraði rækilega háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) viðvíkjandi styrknum til Bjarna Þorkelssonar, til þess að fullkomna sig í báta- og skipasmíði. Eg held að það sé enginn sérlegur hörgull á góðum skipasmiðum hér á landi, og eg veit ekki til þess, að menn séu yfirleitt neitt óánægðir með báta hér á landi. Menn hafa líka fengið og getað fengið báta með góðum kjörum frá Noregi, og þá er hægt að smíða hér báta með sama lagi eftir þeim, svo að eg finn enga ástæðu til að veita þennan styrk.

Viðvíkjandi Stykkishólmsbryggjunni þá var eg búinn að taka það fram, sem nefndin hafði við það að athuga. — Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) var að bera þetta saman við Stokkseyri, en hér er mikill munur, sem engan samjöfnuð þolir. Á Stokkseyri og annarstaðar sunnanlands er hafnleysið svo mikið, að þar var lang mest þörf á umbótum. En að nefna Stykkishólm þar í samanburði, nær engri átt, því að höfnin þar er með betri höfnum landsins. Það er eðlilegt, að menn leggi mikið á sig til þess að koma því til leiðar, að fengist gæti höfn með suðurströnd landsins. Eg hefi oft komið í Stykkishólm og séð, að þar er mjög skamt í land, og eg veit það, að það þætti gott hér í Reykjavík, ef ekki væri lengra í land en þar er. — Eg hygg, að það mætti koma á umbótum með bátsferðirnar á Breiðafirði, þótt þessi bryggja komist ekki upp áður, en eg þykist vita það, að þessi staður standi framarlega framvegis með að hlotnast fjárstyrkur, ef Snæfellingar verða svo hepnir, að hafa eins duglegan þingmann framvegis og þeir hafa nú, enda er það vonandi að svo verði.

Eg lagði það til við umræðurnar um 12. gr., að þessar bátsferðir á Breiðafirði væru undirbúnar undir næsta þing, og í sambandi við það hagaði eg minni atkvæðagreiðslu og flestir í nefndinni. — Og þó að það sé búið að samþykkja þennan styrk seinna árið, þá er líklegt, að efri deild, sem eigi er sýnilegt að hafi annað við frumv. að gera en að sníða eitthvað af, taki þennan styrk þá með.

Eg man svo ekki til þess, að það sé verulega neitt fleira, sem eg ætlaði að minnast á, en bið háttv. deild afsökunar, ef eg kann að hafa gleymt einhverju.

Hermann Jónasson: Eg skal vera stuttorður, en eg vildi að eins geta þess, að eg lít nokkuð öðrum augum á eitt atriði í þessum umræðum en aðrir háttv. meðnefndarmenn mínir, og það er viðvíkjandi styrknum til Konráðs Stefánssonar. Eg verð að segja það, að það hefir lengi vakað fyrir mér, að helztu framtíðarvonir Islands væru í því fólgnar, að taka rafmagnið í þjónustu landsins. Mér finst, að allar hinar miklu framfarir síðari tíma bendi á það, að það ætti eins að takast hér á landi sem annarstaðar, að nota sér krafta rafmagnsins. Og ef svo er, þá finst mér auðsætt, að þetta land eigi góða framtíð fyrir höndum, og eg álít, að þing og þjóð megi alls ekki horfa í það, að leggja lítið eitt fé fram til þess að afla mönnum þekkingar í þessu efni og kynna sér framfarir í þá átt, því að allir hljóta að sjá, að þær geta ekki komið af sjálfu sér. Hvað þennan mann snertir, þá er hann álitinn af öllum þeim, sem hann þekkja, óvanalega duglegur, hagsýnn, reglusamur og vel gefinn piltur, og það lýsir ekki svo litlum áhuga hjá honum, að ætla sér að taka þetta fyrir, þar sem það þó hlýtur að vera áhætta fyrir hann, að leggja út á þessa braut, því að það er óvíst, þó að hann fái góðan vitnisburð, að hann svo á eftir fái atvinnu hér á landi. En þrátt fyrir þetta er það ekki svo lítils virði fyrir Islendinga, að leiða unga og efnilega menn inn á þessa braut. Eins og vér vitum, er það ekki lítill fjöldi, sem gengur skólaveginn, og að þeir allir fái strax embætti er vonlaust, eins mikill fjöldi og þeir eru. Því segi eg það, að það hefir ekki svo lítið að segja fyrir þjóð vora, að sem flestum þessara manna sé beint inn á hina verklegu braut. Það er því afar-nauðsynlegt að fá menn til þess, einkum og sérstaklega, þegar um allra efnilegustu mennina er að ræða. — Það er verið að kvarta undan því, að menn þyrpist til Ameríku, og að það sé afar-mikil óþreyja í landinu, en þá finst mér nauðsynlegt að þingið sýni það, að það hafi trú á landinu, og styrki efnilega menn, sem vilja verja kröftum sínum til þess að styðja að velmegun og framförum í landinu. Ef vér því samþykkjum þenna litla styrk, sem hér er um að ræða, til þessa unga og efnilega manns, þá sýnum vér um leið, að vér höfum þá trú á landinu, að það sé ekki svo illa út búið frá guðs og náttúrunnar hendi, að hér megi ekki búa, og engum framförum við koma. — Hin háttv. deild ætti því að athuga það vel áður en hún greiðir atkvæði, hvort það er ekki þýðingarmikið spor, sem stigið er, að reyna að gera tilraun til að fá rafmagnið í þjónustu þessa fámenna og strjálbygða lands, sem þó er svo auðugt af fossa afli; því að um leið og það fæst, þá fást ýms fleiri gæði inn í landið.

Lárus H. Bjarnason: Hv. þm. N. Ísf. (Sk. Th.) fann að því, að samgöngumálanefndin hefði ekki látið uppi álit sitt. En eg leyfi mér að upplýsa hann um, að nefndin hefir látið uppi mörg smá álit, en sakir þess að hún hefir beðið eftir að verkfræðingur landsins kæmi, og stæði fyrir máli sínu að því er Lagarfljótsbrúarmálið snertir, þá hefir hún ekki getað lokið starfi sínu enn. Vona eg að þingmaðurinn taki þessa afsökun gilda. Annars ætla eg ekki að fara frekar út í ræðu þessarar pólitisku skepnu eða höfuðskepnu. einkum af því, að þingmaðurinn er dauður.

Háttv. frsm vék að mér nokkrum orðum, og tugði upp þær ástæður, sem hann hefir komið með áður. Eg rak mig á það, hér sem oftar, að framsm. lætur tilfinningar sínar algjörlega stjórna skynsemi sinni og er því eðlilega ekki svo skýr og samkvæmur sér sem skyldi. Hann vill styrkja iðnað í landinu, en sér þó eftir nokkrum hundruðum króna til rafmagnsfræðisnáms, og þó er ekkert betur fallið en rafurmagnið til að verma og lýsa þetta kalda land.

Hv. 2. þm. Skagf. (St. St.) fann það að styrknum til Bjarna Þorkelssonar, að nóg væri hér til af góðum bátasmiðum. Ef til vill stendur eins á fyrir honum og framsm., að hann hefir ekki lesið tillöguna. Því vil eg benda honum á, að tillagan gengur einmitt út á að B. Þorkelsson eigi líka að læra stórskipasmíði. (*Stefán Stefánsson*: Eg tók það fram, að við ættum stórskipasmiði í Eyjafirði). Eg skal benda hv. þm. á, að menn, sem vit hafa á, segja að Bjarni sé Eyfirðingum fremri, og þó er hann náttúrlega hvergi nærri full numa.

Framsm. tók það fram, að ef veitt væri fé til bryggjunnar í Stykkishólmi, þá mundu fleiri koma á eftir. Eg hélt að eg hefði skýrt greinilega frá því, að hér er ekki verið að tala um einan Stykkishólm, heldur um allan flóann og það þarf því ekki að bera kvíðboga fyrir þessum afleiðingum.

Annars furðar mig á því, hvað framsm. er kalt til Breiðafjarðar. Hefði hann getað stútað bátnum, þá hefði hann gert það, og mundi báturinn þó koma fleirum að haldi en brúin á Jökulsá, því í kringum Breiðafjörð búa hér um bil 7—8000 manna, en af Jökulsárbrúnni kvað að eins sárafáir hafa nokkur not, og hefði því að minsta kosti verið ástæða til að gera honum jafn hátt undir höfði og henni Einkum og sér í lagi er það líka athugavert, að kostnaðurinn við bátinn er hverfandi í samanburði við það, sem er ætlað til brúarinnar. Og þó er hitt verra, að engin ábyggileg áætlun liggur fyrir um brúna, svo vel gæti farið svo, að hinar veittu 50000 kr. hrykkju ekki á hálfa leið.

Jóhannes Ólafsson: Eg finn mér skylt að þakka hv. framsm. fyrir það, hve vel hann tók í hækkun styrksins til Rögnvaldar Ólafssonar. Að því er Hólmgeir snertir, þá vil eg benda á, að maður þarf ekki að vera lærður til að vera mentaður. Fyrst voru lærðu mennirnir fyrir vestan raunar á móti styrk til Hólmgeirs, af þeirri ástæðu, að hann ekki væri lærður, en síðar gáfu þeir honum allir atkvæði sitt. Eg veit, að 2 þm. Eyf. (H. H.) muni játa, að eg fer hér með rétt mál.

Viðvíkjandi styrknum til Sighvatar Grímssonar, þá vil eg geta þess, að eg greiði atkvæði mitt með styrknum til hans, þar eð eg álít, að hann sem ættfræðingur, sé hans verður, en læt pólítíska framkomu hans gagnvart mér alls engin áhrif hafa á atkvæði mitt. Hv. 2. þm. Eyf. (H. H.) var að vitna til mín, að eg mundi þekkja þennan mann og því geta staðfest ummæli hans; en þó svo væri að eg gæti það, þá leiði eg það hjá mér, sem þessu máli óviðkomandi, enda þekki eg 2. þm. Eyf. (H. H.) svo vel, að eg veit, að pólítísk framkoma þessa manns eða annara, hefir engin áhrif á atkvæði hans.

ATKV.GR.: Brt. 55 á þgskj. 230, við 14. gr. A. 1 a., sþ. með 13 : 5 atkv.

14. gr. A. 1 b. sþ. með 20 samhlj. atkv.

Brt. 56 á þgskj. 230, við 14. gr. A. 1 c, sþ. með 16 shlj. atkv.

14. gr. A. 1 d. sþ. í e. hlj.

Brt. 57 á þgskj. 230, við 14. gr. A. 1 e, sþ. með 15 shlj. atkv.

14. gr. A. 1 f—i. sþ. með 22 shlj. atkv.

Brt. 58 á þgskj. 230, við 14. gr. A. 1 (aths.) sþ. með 17 shlj. atkv.

Aths. breytt sþ. með 20 atkv.

Brt. á þgskj. 314, við 14. gr. A. 1 (nýr liður), feld með 12 : 7 atkv.

14. gr. A. 2 a—c, m. aths., sþ. í e. hlj.

Brt. 59 a þgskj. 230, við 14. gr. A. 2. (nýr liður), sþ. með 22 shlj. atkv.

Brt. 60 á þgskj. 230, við 14. gr. A. 3 a, sþ. með 13 : 4 atkv.

14. gr. A. 3 b. sþ. í e. hlj.

Brt. á þgskj. 330, við 14. gr. A. 3 c, sþ. með 14 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, sakir ógreinilegrar atkv.greiðslu, og sögðu

já:	*nei*:
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Bjarnarson,	Björn Kristjánsson,
Eggert Pálsson,	Herm. Jónasson,
Einar Þórðarson,	Jóh. Jóhannesson,
Guðl. Guðmundsson,	Ólafur Briem,
Hannes Hafstein,	Pétur Jónsson,
Hannes Þorsteinss.,	Stefán Stefánsson,
Jóhannes Ólafsson,	Tr. Gunnarsson,
Lárus H. Bjarnas.,	Þórh. Bjarnarson.
Magnús Andrésson,	
Magnús Stephensen,	
Ólafur Ólafsson,	
Ólafur Thorlacius,	
Skúli Thoroddsen.	

14. gr. A. 3 c—d. sþ. í e. hlj.

14. gr. A. 4—7 sþ. í e. hlj.

Brt. 61 á þgskj. 230, við 14. gr. A. 8, sþ. með 19 shlj. atkv.

Aths. við 8. lið sþ. í e. hlj.

Brt. 4 á þgskj. 337, við 14. gr. A. 9, feld með 20 : 1 atkv.

14. gr. A. 9—11 sþ. í e. hlj.

Brt. á þgskj. 291, við 14. gr. A. (nýr liður), feld með 15 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, sökum ógreinilegrar atkv gr., og sögðu

já:	*nei*:
Björn Kristjánsson,	Árni Jónsson,
Guðl. Guðmundsson,	Jón Magnússon,
Hannes Hafstein,	Björn Bjarnarson,
Hannes Þorsteinss.,	Eggert Pálsson,
Jóhannes Ólafsson,	Einar Þórðarson,
Magnús Andrésson,	Herm. Jónasson,
Ólafur Ólafsson,	Jóh. Jóhannesson,
Skúli Thoroddsen,	Lárus H. Bjarnason.
	Magnús Stephensen,
	Ólafur Briem,
	Ólafur Thorlacius,
	Pétur Jónsson,
	Tr. Gunnarsson.
	Þórh. Bjarnarson.

14. gr. A. 12 sþ. með 16 shlj. atkv.

Brt. á þgskj. 266, við 14. gr. A. (nýr liður), sþ. með 18 shlj. atkv.

Brt. 62 á þgskj. 230, við 14. gr. A. 13, feld með 16 : 4 atkv.

14. gr. A. 13 þar með sþ.

Brt. 63 á þgskj. 230, við 14. gr. A. 14, sþ. með 21 shlj. atkv.

Brt. 64 á þgskj. 230, við 14. gr. A. 14 (nýr liður), sþ. með 16 shlj. atkv.

14. gr. A. 15 sþ. með 16 : 1 atkv.

Brt. 65 á þgskj. 230, við 14 14. gr. A. (nýr liður) sþ. með 22 shlj. atkv.

14. gr. A. 16 sþ. með 22 shlj. atkv.

Brt. 5 á þgskj. 337, við 14. gr. A. 17, feld með 19 : 1 atkv.

Brt. 1 á þgskj. 313, við brt. 66 á þgskj. 230, feld með 14 : 7 atkv.

Varatillagan á þgskj. 313. við brt. 66 á þgskj. 230, feld með 13 : 10, að viðhöfðu nafnakalli, vegna ógreinilegrar atkv.gr., og sögðu

já:	*nei*:
Björn Kristjánsson,	Árni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Jón Magnússon,
Einar Þórðarson,	Björn Bjarnarson,
Guðl. Guðmundsson,	Herm. Jónasson,

Hannes Hafstein, Jóh. Jóhannesson,
Hannes Þorsteinss., Jóh. Ólafsson,
Lárus H. Bjarnason, Magnús Andrésson,
Ólafur Ólafsson, Magnús Stephensen,
Ólafur Thorlacius, Ólafur Briem,
Skúli Thoroddsen, Pétur Jónsson,
Stefán Stefánsson,
Tryggvi Gunnarss.,
Þórhallur Bjarnars.,

Brt. 66 á þgskj. 230, við 14. gr. A. 17, sþ. með 21 shlj. atkv.

Brt. 2 á þgskj. 313, við 14. gr. A. 17, sþ. með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Kristjánsson,	Árni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Jón Magnússon,
Einar Þórðarson,	Björn Bjarnarson,
Guðl. Guðmundsson,	Hannes Hafstein,
Herm. Jónasson,	Hannes Þorsteinss.,
Lárus H. Bjarnason,	Jóh. Jóhannesson,
Magnús Andrésson,	Jóh. Ólafsson,
Ólafur Briem,	Magnús Stephensen,
Ólafur Ólafsson,	Stefán Stefánsson,
Ólafur Thorlacius,	Tryggvi Gunnarss.,
Pétur Jónsson,	Þórh. Bjarnarson,
Skúli Thoroddsen.	

14. gr. A. 17, breytt, sþ. með 17 : 1 atkv.

Brt. 67 á þgskj. 230, við 14. gr. A. 18, sþ. með 14 : 3 atkv.

Brt. 68 á þgskj. 230, við 14. gr. A. 19, sþ. með 14 shlj. atkv.

Brt. 69 á þgskj. 230, við 14. gr. A. 20, sþ. með 19 shlj. atkv.

Brt. 1 á þgskj. 302, við 14. gr. A. 21, feld með 12 : 3 atkv.

Varabrt. á þgskj. 302, við 14. gr. A. 21, feld með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, vegna ógreinilegrar atkvgr., og sögðu:

já:	*nei*:
Björn Bjarnarson,	Árni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Jón Magnússon,
Eggert Pálsson,	Hannes Hafstein,
Einar Þórðarson,	Hannes Þorsteinss.,
Guðl. Guðmundsson,	Herm. Jónasson,
Jóh. Jóhannesson,	Jóh. Ólafsson,
Magnús Andrésson,	Lárus H. Bjarnason,
Ólafur Briem,	Magnús Stephensen,
Ólafur Ólafsson,	Pétur Jónsson,
Ólafur Thorlacius,	Stefán Stefánsson,
Skúli Thoroddsen.	Tryggvi Gunnarss.,
	Þórh. Bjarnarson.

14. gr. A 21. þar með sþ.

Brt. 70 á þingskj. 230, við 14. gr. A (fyrri liður) 21, samþ með 21 shlj. atkv.

Brt. á þingskj. 304, við 14. gr. A, sþ. með 14 shlj. atkv.

Brt. 70 á þingskj. 230, við 14. gr. A (síðari liður), 21 þar með fallin.

Brt. á þingskj. 337, við brt. 71 á þingskj. 230, felld með 12 gegn 5 atkvæðum.

Brt. 71 á þingskj. 230, við 14. gr. A (nýr liður 22) samþ. með 15 samhlj. atkvæðum.

1. Brt. á þingskj. 230, við 14. gr. A (nýr liður 23), samþ. með 19 samlj. atkvæðum.

Brt. 72 á þingskj. 230, við 14. gr. A (nýr liður 23), samþ. með 21 samhlj. atkvæðum.

Brt. 73 á þingskj. 230, við 14. gr. A (nýr liður 24), samþ. með 19 samhlj. atkv.

Brt. 74 á þingskj. 230, við 14. gr. A (nýr liður 25), samþ. með 21 samhlj. atkv.

Brt. 75 á þingskj. 230, við 14. gr. A (nýr liður 26), samþ. með 12 gegn 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	nei:
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Herm. Jónasson,	Björn Bjarnarson,
Jóh. Jóhannesson,	Björn Kristjánsson,
Jóhannes Ólafsson,	Eggert Pálsson,
Magnús Andrésson,	Einar Þórðarson,
Magnús Stephensen,	Guðl. Guðmundsson,
Ólafur Briem,	Hannes Hafstein,
Ólafur Thorlacius,	Hannes Þorsteinss.,

Pétur Jónsson, Lárus H. Bjarnason,
Stefán Stefánsson, Ólafur Ólafsson,
Tryggvi Gunnarss. Skúli Thoroddsen,
Þórh. Bjarnarson.

Brt. 76 á þingskj. 230, við 14. gr. A (nýr liður 27), samþ. með 18 samhlj. atkvæðum.

Brt. 1 á þingskj. 262, við 14. gr. A (nýr liður eftir 21), feld með 12 gegn 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já.	nei:
Björn Kristjánsson,	Arni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Jón Magnússon,
Einar Þórðarson,	Hannes Hafstein,
Guðl. Guðmundsson,	Hermann Jónasson,
Hannes Þorsteinss.,	Jóh. Jóhannesson,
Jóh. Ólafsson,	L. H. Bjarnason,
Magnús Andréss.,	Magnús Stephensen,
Ólafur Ólafsson,	Ólafur Briem,
Ólafur Thorlacius,	Pétur Jónsson,
Skúli Thoroddsen.	Stefán Stefánsson,
	Tryggvi Gunnarss.,
	Þórh. Bjarnarson.

Björn Bjarnarson var fjarverandi.

Viðaukatillaga á þingskj. 268, við 14. gr. A, feld með 12 gegn 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli vegna óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Kristjánsson,	Árni Jónsson,
Einar Þórðarson,	Jón Magnússon,
Guðl. Guðmundss.,	Björn Bjarnarson,
Hannes Þorsteinss.,	Eggert Pálsson,
Hermn. Jónasson,	Hannes Hafstein,
Jóhannes Olafsson,	Jóh. Jóhannesson,
Lárus H Bjarnas.,	Magnús Stephensen,
Magnús Andrésson,	Olafur Briem,
Olafur Olafsson,	Pétur Jónsson,
Olafur Thorlacius,	Stefán Stefánsson,
Skúli Thoroddsen,	Tr. Gunnarsson.
	Þórh. Bjarnarson.

Viðaukatillaga á þingskj. 282, við brt. 76 á þingskj 230, sþ. með 14 shlj. atkv.

Viðaukatillaga á þingskj. 310, við 14. gr. A 21, feld með 13 gegn 9 atkv.

Brt. 77 á þingskj. 230, við 14. gr. B 1 a 1, sþ. með 18 shlj. atkv.

Brt. 78 á þingskj. 230, (nýr liður) við 14. gr. B 1 a 1, samþ. með 17 samhlj. atkv.

Brt. 79 á þingskj. 230 við 14. gr. B 1 a 2 samþ. með 17 shlj. atkv.

14. gr. B 1 a 3 samþ. með 22 atkvæðum.

Brt. 80 á þingskj. 230 (nýr liður) sþ. með 20 shlj. atkv.

14. gr. B 1 b sþ. í e. hlj.

Brt. 6 á þingskj. 337, við 14. gr. B 1 c, feld með 15 gegn 1 atkv.

14. gr. B 1 c og d sþ. í e. hlj.

Brt. 81 á þingskj. 230 (nýr liður e) sþ. með 19 shlj. atkv.

Brt. 81 á þingskj. 276, við 14. gr. B 1 (eftir e nýr liður), samþ. með 18 shlj. atkv.

Brt. 82 á þingskj. 230, við 14. gr. B 1 e, sþ. með 13 gegn 4 atkv.

Brt. 83 á þingskj. 230, við 14. gr. B 1 f, sþ. með 13 gegn 6 atkv.

Brt. 84 á þingskj. 230, við 14. gr. B 1 g, sþ. í e. hlj.

Brt. 85 á þingskj. 230, við 14. gr. B 1 h, sþ. með 19 shlj. atkv.

14. gr. B 1 h, þannig breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Athugasemdin samþ. með 21 samhlj. atkv.

14. gr. B 2 a og b, samþ. í e. hlj.

Brt. á þingskj. 289, við 14 gr. B 3, feld með 14 atkv. gegn 8 atkv.

14. gr. B 3, samþ. með 22 samhlj. atkv.

14. gr. B 4, sþ. í e. í hlj.

Brt. 1 á þingskj. 317, við brt. 86 á þingskj. 230, samþ. með 18 samhlj. atkvæðum.

Brt. 86 á þingskj. 231, við 14. gr. B 5, sþ. í e. hlj.

Brt. 87 og 88 á þingskj. 230, við 14. gr. B 6 og 7, sþ. í e. hlj.

Brt. 89 á þingskj. 230, við 14. gr. B (nýr liður 6), samþ. með 17 samhlj. atkvæðum.

Brt. 90 á þingskj. 230, (talan), samþ. með 21 samhlj. atkv.

Aths. sþ. með 20 atkv.

Brt. við brt. á þingskj. 265 sþ. með 21 shlj. atkv.

Viðaukatill. 265, við 14. gr. B 8, (nýr liður), sþ. með 12 atkv.

Brt. 288, við 14. gr. B 9, feld með 15 gegn 5 atkv.

14. gr. B 9 samþ. með 22 atkv.

Brt. 91 á þingskj. 230, við 14. gr. B 10, sþ. með 15 shlj. atkv.

14. gr. B 11 samþ. með 20 samhlj. atkv.

Brt. 92 á þingskj. 230, (tölurnar) sþ. í e. hlj.

Aths. sþ. með 19 shlj. atkv.

Brt. á þingskj. 302, við 14. gr. B 13, sþ. með 13 gegn 5 atkv.

Brt. 93 á þingskj. 230, þar með fallin.

14. gr. B 13, breytt, samþ. með 22 atkv.

Brt. 95 á þingskj. 230, við 14. gr. B 14, (nýr liður) sþ. með 19 atkv.

Brt. á þingskj. 230, við 14. gr. B 15, (nýr liður) sþ. með 18 atkv.

Brt. 96 á þingskj. 282, við brt. 97 á á þingskj. 230, feld með 18 gegn 4 atkvæðum.

Brt. 97 á þingskj. 230, við 14. gr. B 16, (nýr liður) sþ. með 19 atkv.

Viðaukatill. á þingskj. 287, við brt. 97 á þingskj. 230, (athugasemd) sþ. með 22 shlj. atkv.

Brt. á þingskj. 297, við 14. gr. B., sþ. með 14 gegn 2 atkv.

Brt. á þingskj. 298, við 14. gr. B, feld með 17 gegn 2 atkv.

15.—19. grein. 5. ágúst (atkv. skrá C bls. 683).

Framsögum. (Pétur Jónsson): Það eru komnar nokkrar breytingartillögur frá einstökum mönnum við 16. gr.; en nefndin sjálf hefir ekki komið með neina brt. við hana, og getur ekki heldur fallist á neina af brt. þeim, sem komnar eru. Hún telur það óheppilegt, að veita eftirlaun um lög fram, nema þar sem alveg sérstaklega stendur á, og því síður er gangandi nokkuð verulega inn á þá braut nú, þarsem stefnan hjá þjóðinni er sú, að afnema eftirlaunin eða takmarka þau sem mest.

Í brt. á þingskj. 362 er stungið upp á því að veita læknisekkju Magneu Ásgeirsson 250 kr. eftirlaun. Þessi upphæð er hærri en eftirlaun þau, er henni hefðu getað hlotnast, þótt maður hennar hefði setið í 1500 kr. embætti með eftirlaunarétti. Hér er og komin fram tillaga um eftirlaun handa Jónasi organista Helgasyni. Nú er þegar búið að samþykkja aðra upphæð honum til handa, upphæð sem nefndinni virðist miklu viðkunnanlegri; nefndin skoðar svo sem að það eigi miklu betur við, að veita manni þessum heiðurslaun fyrir starf hans en eftirlaun; hann mun vera þannig efnum búinn, að hann þurfi alls ekki eftirlaunanna með, til að geta komist sæmilega af, og vér vitum að það er langt frá, að eftirlaunin séu nokkur heiðurslaun í augum almennings. Nefndin er því eindregið á móti tillögu þessari.

Þá eru komnar fram viðaukatillögur við 19. gr. Ein þeirra er á þingskj. 301, og fer fram á að veittar séu alt að 15000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða til jarðræktar og húsabóta. Nefndinni virðist mál þetta alt of lítið undirbúið, til þess að hægt sé að svo stöddu að snúa inn á þessa braut. Það þarf nauðsynlega að semja reglur eða jafnvel lög um fjárveitingu þessa, áður en leggjandi sé út í hana. Málið er í

sjálfu sér þess vert, að því sé góður gaumur gefinn, en hugmyndin hefir enn eigi náð þeim þroska, að ráðlegt sé að koma henni í framkvæmd nú þegar.

Nefndin sjálf hefir stungið upp á nokkrum lánveitingum, en það er í nefndarálitinu gerð svo glögg grein fyrir ástæðum hennar fyrir þeim, að eg skal ekki orðlengja um þær á meðan engin mótmæli koma gegn þeim. Að eins skal eg leggja áherzlu á lánveitinguna til Torfa í Ólafsdal. Fái hún framgang, þá mun sæmdarmaður þessi ekki þurfa að vera háður neinum öðrum lánardrotni en landssjóði. Eg hefi kynt mér efnahag hans, og veit að hann muni geta greitt allar skuldir sínar til annara, fái hann lán þetta. Hér er engin hætta á að landssjóður missi nokkurs í, því að hann fær að veði jarðeignir og húseignir, sem eru töluvert meira virði en láninu nemur.

Þá skal eg minnast á viðaukatillögu um að lána Erlendi Þórðarsyni á Reykjafossi og þeim félögum hans, alt að 20 þús. kr. til að halda áfram tóvinnuvélunum þar. Svo er komin fram brt. á þingskj. 338 við tillögu þessa, um það, að lánið veitist með sömu kjörum sem verksmiðjufélaginu á Akureyri. Nefndin getur fallist á, að ástæða sé til að veita mönnum þessum lánið, og vill einmitt styðja að því, þó svo, að brt. á þingskj. 338 sé samþykt.

Þá er og komin brt. við viðaukatill. nefndarinnar um lán til dráttbrautar í Hafnarfirði. Í stað þess sem nefndin leggur til, að lánið sé veitt nafngreindum mönnum, fer brt. fram á það sé veitt hlutafélagi í Hafnarfirði, og sé trygt með 1. veðrétti í dráttbrautinni, húsum þeim og öðrum eignum, er í sambandi við hana standa. Þessi brt. er óaðgengileg frá sjónarmiði nefndarinnar; henni finst það svo miklu óaðgengilegra að veita lánið félagi, sem ekki er einu sinni stofnað, og að eins gegn veði í dráttbrautinni og húsum þeim er henni fylgja og áhöldum, heldur en að veita það nafngreindum alkunnum mönnum, sem standa í ábyrgð fyrir láninu. Misheppnist fyrirtækið og þurfi að selja dráttbrautina, þá hefst ekki mikið fé upp úr henni, og á að missa fé, ef svo tekst til.

Nefndin leggur því á móti brt. þessari, með því hún líka veit ekki til að meiri trygging sé fyrir því, að fyrirtækið komist á, þótt hún sé samþykt.

Ein brt. er komin við till. nefndarinnar, um lánveitingu til þilskipakaupa. Þar er farið fram á, að 30,000 kr. séu veittar hvort árið, og að lána megi 8000 kr. til hvers skips. Nefndin getur ekki hallast að þessari brt.; hún álítur að upphæð sú, sem hún hefir tekið til, sé hin hæsta, sem eftir ástæðum sé hægt að veita til þessa. Það er ekki jafnmikið áhugamál fyrir nefndina, að lán þessi séu veitt, eins og hitt, að alt sé gert til að vernda skipastól þann, sem þegar er fenginn, fyrir eyðileggingu.

Ólafur Ólafsson: Þótt það sé óviðkunnanlegt, að tala fyrir hálftómum sætum, þá verður það þó svo að vera, fyrst háttv. forseti vill svo vera láta. — Eg skal þá leyfa mér að byrja á að minnast á viðaukatill. við 16. gr., er fer fram á það, að veita prestsekkju Sigríði Þorkelsdóttur 150 kr. eftirlaun á ári. Kona sú, er hér ræðir um, er frú Sigríður ekkja síra Þorkels heitins Bjarnasonar frá Reynivöllum í Kjós. — Þessi maður er öllum háttv. þm. kunnur að því, að hann var einn hinn mesti nytsemdar- og gagnsemdarmaður hér á landi. Þegar hann veiktist, þá sýndi þingið honum þá viðurkenning, að það

veitti honum 500 kr. eftirlaun á ári um fram hin lögskipuðu eftirlaun hans, en þá var skamt eftir af æfi hans. Meðan hann hélt búi og heilsu var efnahagur hans að vísu fremur góður, en þó gengu efni hans fremur til þurðar sökum ýmislegs tilkostnaðar síðari hluta búskaparins, og þegar hann hafði skilað af sér stað og kirkju, þá var hann efnalítill maður, og nú á ekkja hans við fremur þröngan kost að búa. Börn hennar eru að vísu uppkomin, en högum þeirra er þannig háttað, að þau geta ekki styrkt móður sína að mun. — Eg ber það traust til þingsins, að það láti sér farast líkt við ekkju hins látna sæmdarmanns eins og því fórst við hann, og líkt og það hefir látið sér farast við ekkjur annara sæmdarmanna, svo sem sjá má í 16. gr. fjárlaganna. Eg vona að þingið viðurkenni, að þessi kona eigi eins styrk skilinn af landsfé, eins og ekkjur tveggja annara heiðursmanna, er hans verða aðnjótandi á nú gildandi fjárlögum; því fremur leyfi eg mér að vona þetta, sem hér er farið fram á svo hóflega upphæð, einar 150 kr., sem er minni upphæð en öðrum hefir verið veitt. Eg vildi ekki spenna bogann hátt; eg veit að það er í mörg horn að líta, og bjóst líka við, að hv. deild mundi líta meiri vinaraugum á málaleitan þessa, þegar kröfurnar væru svo hóflega stiltar, sem frekast má verða.

Þá skal eg minnast á viðaukatill. á þskj. 295, um lánsstyrkinn til að halda áfram tóvinnuvélunum á Reykjafossi, og breyt.till. við hana á þskj. 338. — Eg hefi þess von, að háttv. nefnd muni ljá tillögum þessum fylgi sitt. Menn þeir, sem hér ræðir um, hafa, eins og kunnugt er, fyrir ári síðan ráðist í það stórvirki, að koma á stofn tóvinnuvélum við Reykjafoss; þeir eru allir myndarmenn og duglegir, enda sýndi sýslunefndin í Árnessýslu það, að hún bar gott traust til þeirra, með því að ganga í ábyrgð fyrir láni því, er þeir fengu upphaflega; en fé þetta fengu þeir með svo erfiðum kjörum að þeir treysta sér ekki til þess að búa við þau til lengdar, því hafa þeir nú leitað til þingsins um um lán til lengri tíma. — Eftir þeirri reynslu, sem fengin er, þá lítur út fyrir að verksmiðju þeirra muni farnast vel; þar hefir verið nóg að gera, það sem af er, og þó alt útlit fyrir, að aðsókn þangað muni fara vaxandi. Það mátti alt af ganga að því vísu, að fyrsta árið mundi ganga til þess að kenna mönnum að nota verksmiðjuna, en það hefir alt gengið greiðara en við mátti búast, og ekki annað sýnilegt, en að aðsókn muni verða mjög mikil þangað, er fram líða stundir.

Eins og kunnugt er, þá er að rísa upp hér í Reykjavík fyrirtæki, er gengur í líka átt: það er klæðaverksmiðjan Iðunn. Því var spáð af mörgum í vetur, að þessi tvö fyrirtæki mundu verða til þess að steypa hvort öðru, en eg þykist þess viss, að svo muni eigi verða. Eg hefi átt tal við báða málsaðila, og eftir það þykist eg sannfærður um, að þær muni ekki standa í neinu stríði sín á milli, heldur vinna saman í bróðerni og hjálpa hvor annari.

Eg bendi á þetta til þess að taka í burt þá ímyndun, et hún skyldi vera hjá einhverjum, að dagar verksmiðjunnar við Reykjafoss mundu styttast, og kostir hennar þrengjast við stofnun verksmiðjunnar í Reykjavík.

Þótt vér þingmenn Árnesinga hefðum óskað þess, að lánskjörin hefðu verið betri og borgunarfresturinn lengri, þá verðum vér þó að viðurkenna, að

þeir kostir, sem hér er um að ræða, eru mun hagkvæmari en lánskostir þeir, sem verksmiðju eigendurnir eiga nú við að búa. Eitt mun mega segja með vissu, og það er, að landsins fé sé ekki stofnað í hættu, þótt það sé lánað til fyrirtækis þessa, með þeim kostum, sem í tillögunum eru settir.

Að endingu skal eg taka það fram, að eg er sinnandi yfir höfuð mörgum lánveitingum þeim, sem hér er gert ráð fyrir. Lán þessi miða til þess að efla atvinnuvegina og koma þeim í betra og blómlegra horf, svo sem lánið til rjómabúanna o. s. frv., og eg tel því fé vel og viturlega varið, sem varið er til þess að bæta atvinnuvegina og fjölga þeim.

Þótt nú sé orðið fjölskipaðra í þingmannasætunum en þegar eg byrjaði ræðuna, þá mun eg þó láta hér staðar numið.

Björn Kristjánsson: Með br.till. á þskj. 280 hefi eg farið fram á dálítinn eftirlaunastyrk til handa organleikara Jónasi Helgasyni. En af því að nú hefir verið samþyktur styrkur eða heiðursgjöf, sem kemur í bága við þessa breyt.till., þá tek eg hana aftur og læt hana bíða til 3. umr.

Þótt eg eigi ekki breyt.till. á þskj. 284, um styrkveitingu til Hannesar Hanssonar pósts, þá get eg þó eigi stillt mig um það, að fara um hana fáeinum orðum. Eg get ekki annað en verið henni mjög meðmæltur. Það er kunnugra en frá þurfi að segja um þennan mann, með hve miklum dugnaði og sóma hann hefir rekið starf sitt í landsins þarfir. Það er og kunnugt, hversu erfiðar póstferðir eru hér á landi, og enn erfiðari voru þær þó í þá daga. — Yfir höfuð má með sanni segja, að ef nokkrir menn hér á landi eiga eftirlaun skilin, þá eiga póstarnir það; póststaðan er einhver hin erfiðasta staða í opinberar þarfir. Þegar litið er til þess, að lögregluþjónarnir í Reykjavík, sem hafa létt verk og þægilega daga, fá eftirlaun, þá verð eg að segja, að póstarnir væru eigi síður að þeim komnir, sérstaklega er þeir hafa staðið jafn vel í stöðu sinni sem Hannes. — Hann er nú kominn yfir sjötugt, hætti póststarfinu 70 ára, og getur ekki unnið fyrir sér lengur. Væri því vel gert að styrkja hann í ellinni í viðurkenningarskyni fyrir dygga þjónustu í landsins þarfir. Enda vona eg, að hin háttv. deild verði þessari styrkveitingu hlynt.

Þá vil eg víkja nokkrum orðum að 1. breyt.till. á þskj. 303, enda þótt eg viti, að formaður fiskiveiðanefndarinnar, er breyt till. þessi er komin frá, muni mæla fram með henni síðar meir. — Fjárlaganefndinni hefir þótt þessi lánveiting til dráttarbrautar í Hafnarfirði óaðgengileg, af því að lánið er ekki veitt upp á sérstakt nafn. En eg verð að álíta, að ekki þurfi sérstakra nafna við, þar sem að eins er lánað upp á $^1/_3$ virðingarverðs allrar eignarinnar, og gegn 1. veðrétti í henni. Auk þess er hvergi eins tryggilegur staður hér á Suðurlandi fyrir dráttarbraut, sem í Hafnarfirði; ef nokkurstaðar yrði aðsókn að slíkri braut, þá mundi það verða þar.

Eg tel því trygginguna full trausta og legg það til, að breyt.till. verði samþykt. Og þó að nú landssjóður tapaði á láninu, — sem engin líkindi eru til —, þá er **ekki** verra að tapa á því, en gjöfum til annara atvinnuvega landsins, sem hundruðum þúsunda skiftir.

Enn fremur vildi eg minnast á viðaukatill. á þskj. 295, um lánveitingu til tóvinnuvéla við Reykjafoss í Ölfusi. — Eg er á þeirri skoðun, að ef nokkurt fyrirtæki á skilið að fá lán, þá er það

þetta. Tóvinnuvélar þessar voru settar á stofn af 3 fátækum mönnum, *á undan* öðrum tóvinnuvélum, löngu áður en kom til tals að stofna verksmiðju hér í Reykjavík. Nú hefir verið veitt lán til verksmiðjunnar í Reykjavík, og þá er það næsta hart og óeðlilegt, ef þessi elzta stofnun fengi ekki lánsstyrk, einkum þar sem vélar hennar eru nýjar, og eftir nýjustu tízku, og að stofnun þessi getur verið varanleg og unnið vel.

Þá er að minnast á 2. breyt.till. á þskj. 303 um lán til þilskipakaupa. — Mér virðist hin háttv. fjárlaganefnd helzt til sparsöm á þessi lán, einkum þegar þess er gætt, að þilskip hafa stigið mjög í verði á síðari árum. — Menn fá nú líka að eins keypt ný skip og kosta þau 24—30 þús.

Ef nú ekki væri veitt nema 30 þús. kr. lán fyrir alt fjárhagstímabilið, þá yrði það að eins lán til þriggja skipa, ef lánað væri út á þau sem aðrar eignir. Nú hefir fiskiveiðanefndin með áðurgreindri breyt.till. farið fram á, að lánin verði veitt eins og að undanförnu, þótt skipin séu nú orðin dýrari, eða þá heldur hækkuð. Þessu atriði mun þó ekki verða haldið til streitu. En á hitt leggur fiskiveiðanefndin sérstaka áherzlu, að lánið til hvers skips sé hækkað úr 6000 kr. upp í 8000 kr. Það styður að því, að *vönduð* skip verði keypt, og er það rétt, að hafa lánveitinguna í ríflegra lagi, til þess að skipin verði því stærri og vænni. Eg vona því að hin háttv. deild klípi ekki af þessari uppástungu fiskiveiðanefndarinnar.

Man eg svo ekki til, að eg hafi fleira að athuga að svo stöddu.

Lárus H. Bjarnason: Eg tók eftir því á dögunum, að hæstv. landsh. fann að því — og með réttu, — að fjárframlögin úr landssjóði væru nú áætluð helzt til mikil, og því dygði eigi að heita mörgum lánum úr landssjóði, og að útgjöldin yrðu að ganga á undan lánunum.

Eg hefi nú virt fyrir mér heimildir þær til lánveitinga, er hin háttv. fjárlaganefnd hefir stungið upp á, og hefi eg skilið þær svo, að stjórninni væri skylt að veita þessi lán, meðan nokkur eyrir væri til í viðlagasjóði. Það er sérstaklega ein af þessum lánveitingum, sem eg get ekki felt mig við, sem sé 18,000 kr. lánið til Torfa skólastjóra Bjarnasonar í Ólafsdal. Hin háttv. nefnd hefir ekki gjört neina fullnægjandi grein fyrir ástæðunum til þessarar lánveitingar, heldur að eins látið þess við getið, að »heiðursmanni þeim verði eigi neitað um nauðsynlega hjálp«. Og háttv. framsm. fann henni heldur ekki annað til varnar í framsögu sinni, en að hún væri tilraun til að rétta þessum nytsemdarmanni hjálparhönd. Eg skal ekki neita því, að Torfi skólastjóri sé heiðurs- og nytsemdarmaður. En það verð eg að segja, að hafi nytsemd þessa manns verið mikils virði, þá hefir hún líka verið launuð í ríkulegasta mæli. Til þess að finna orðum mínum stað, vil eg leyfa mér að skýra frá, hvað Torfi skólastjóri hefir borið úr býtum beinlínis í peningum:

1877 fekk hann til húsabóta 1000 kr.; 1888 fekk hann til endurgjalds á byggingarkostnaði 230 kr. 50 a.; 1889 fekk hann í sama skyni 200 kr.; 1895 voru honum gefnar 3000 kr.; 1896 voru honum lagðar úr landssjóði til húsabyggingar 500 kr.; 1900 var honum veitt af Vesturamtinu 5000 kr. lán gegn veði í jörðinni Ólafsdal, og gefnir upp vextir, 5% í 5 ár, 1250 kr.; 1901 samþykti amtsráðið að ganga að veð-

inu en gaf honum þó alla skuldina upp eða 17,450 kr. Loks voru Ásgeiri syni hans veittar 1200 kr. til þess að ljúka námi sínu, og má í rauninni telja það fjárveiting til föður hans. Þetta, sem í rauninni alt er gjöf, nemur rúmum 24,800 kr., eða rúmum 24,300 kr., reikni maður vextina af 5000 kr. láninu frá 1900 ekki nema fyrir 3 ár.

Enn fremur má telja árslaun hans 800 kr. á ári, og meðgjöf þá, sem hann hefir fengið með piltum, samtals 2400 kr., því að verk þeirra hefir mestmegnis gengið til að bæta jörðina Ólafsdal, sem er hans eigin eign.

Auk þess hefir honum verið sýndur ýmislegur annar sómi. Hann hefir t. d. verið gjörður að riddara af Dannebrog.

Eg þykist hér með hafa fært þeim orðum mínum stað, að þessi maður hafi hlotið ríkuleg laun gjörða sinna.

Nú hefir háttv. framsm. fjárlaganefndarinnar (P. J.) sagt, að lánið væri ekki ætlað honum í launaskyni fyrir starf hans, heldur væri það tilraun til að hjálpa honum við. Rétt er nú það. En eg hugði ekki, að það væri ætlunarverk þingsins að hjálpa við »prívat«-mönnum. Enda mundi það draga ill an dilk á eftir sér, ef þingið viki inn á slíka braut. Eg efast líka um, að hægt væri að hjálpa þessum manni til fulls með slíku láni. Hann hefir þegar, eins og eg benti á, borið töluvert fé úr býtum, en þess sér lítil merki.

Annars vil eg leyfa mér að spyrja hina háttv. fjárlaganefnd: hvort henni sé það fyllilega ljóst, hvað hún er að gjöra. Hefir hún athugað, hvernig þessi maður hefir farið að gagnvart Vesturamtinu? Fyrst biður hann amtið um lán, og fær það; svo þegar hann á að fara að greiða vexti af láninu, biður hann um uppgjöf á þeim og fær hana. Og þegar loks á að fara að ganga að veðinu fyrir höfuðstólnum, fær hann uppgjöf á öllu saman.

Eg er í engum vafa um, að hér er verið að stíga spor til hins sama, sem komið hefir fram gagnvart amtinu. Eg er í engum vafa um, að verði honum veitt þetta lán, muni reka að því, að hann geti ekki staðið í skilum. Og eg er í engum vafa um, að hann mundi þá koma til þingsins og biðja um uppgjöf á öllu saman. Og loks er eg í engum vafa um, að meiri hluti þingsins mundi veita honum hana, enda yrði þingið að öðrum kosti að ganga að veðinu, og taka við skólahaldinu, og þá tæki út yfir.

Eg get sem sagt ekki betur séð, en að hér sé verið að leika sama leikinn og áður. Fyrst er Vesturamtið mjólkað, og svo, þegar það er orðið geldnytja, þá er komið til þingsins. Eg segi þetta ekki í því skyni, að eg vilji níðra manninum, heldur til þess að reyna að opna augun á mönnum fyrir því, hvað verið er að gjöra í raun réttri, með því að veita þetta lán. Afleiðingin mundi, svo sem eg hefi sagt, verða sú og engin önnur, að eftir nokkur ár yrði þingið að gjöra annaðhvort, að gefa upp skuldina eða taka við skólanum og halda honum áfram á landssjóðs kostnað, eða selja alt saman fyrir spottprís. Það getur sem sé hver maður séð, að eignin er ekki fulltrygt veð fyrir 18000 kr., allra sízt þegar 1. veðréttur hvílir á henni. (*Pétur Jónsson*: Það hvílir enginn veðréttur á henni!). Og enda þótt svo væri, þá vita þó allir að eignin er lítils virði að húsunum undan skildum, bæði afskekt og kostafá. Þá væri betra að gefa manninum í eitt skifti fyrir öll nokkra upphæð, eða þá hreinlega taka hann á eftirlaun. Það væri enginn grímuleikur.

Framsögum. (Pètur Jónsson): Eg bjóst við, þegar eg bað um orðið, að umræður væri í þann veginn að hætta; en þótt ekki sjáist fyrir endann á þeim enn, vil eg leyfa mér að tala strax.

Það var ein brt., er eg mintist ekki á áðan. Það er viðaukatill. fiskiveiðanefndarinnar við 19. gr. (þgskj. 303, 3. l.), að þær 4000 kr., er veittar voru úr landssjóði árið 1893 til þilskipaábyrgðarfélags Vestfirðinga, megi ásamt við bættum vöxtum, leggjast til bátaábyrgðarfélags í Norður-Ísafjarðarsýslu, sem varasjóður þess félags. Fjárlaganefndin hafði erindi um þetta til meðferðar, en var því ekki nægilega kunnug, hversu viðtækt þetta bátaábyrgðarfélag er, og vildi því ekki taka neitt um þetta upp á brt. sínar. En annars er hún málinu hlynt. Ef félag þetta gildir fyrir alla Ísafjarðarsýslu, þá er eðlilegt, að það njóti þessa styrks. Um þetta væntir nefndin að fá að heyra nánari skýringar.

Þá er að víkja að mótbárum hæstv. landsh. og ýmsra hv. þm. gegn lánveitingum. Nefndin hefir gert sér grein fyrir afleiðingunum af þeim. Það er auðvitað, að þegar ekki er hægt að grípa til viðlagasjóðs, og peningaforði landsins hrekkur ekki fyrir hallanum, þá verður landið að taka lán. Og verði landið hvort eð er að taka lán, þá sér nefndin ekki neitt á móti því, að landssjóður gerist miðill á milli lántakenda hér og lánveitanda utanlands. Lítur hún svo á, að lánin séu nokkurs konar fjárveiting, að eins í öðru formi en aðrar fjárveitingar, og því verður landið að taka afleiðingarnar af þeim, sem öðrum fjárveitingum.

Gagnvart ummælum hv. 1. þm. G. K. (B. Kr.) um lánveitingu til þilskipakaupa, skal þess getið, að nefndin heldur því fast fram, að lánupphæðin verði eigi hækkuð. En um hitt hefir hún ekki talað sig ítarlega saman, hvort hún hefir nokkuð á móti því, að upphæðin til hvers einstaks skips sé færð úr 6000 kr. upp í 8000 kr.; get eg því ekki lýst neinu yfir fyrir hennar hönd um það efni, en vona að hver greiði um það atkvæði eftir því sem honum sýnist.

Hv. þm. Snæf. (L. H. B.) mintist á lánveitinguna til Torfa í Ólafsdal, og virtist mér hann fara þar nokkuð frekleg í sakirnar. Hann tók það að vísu fram, að ræða sín væri ekki til þess flutt, að niðra þessum heiðursmanni, en þó gekk hún ekki út á annað frá upphafi til enda. Fyrst og fremst kvað hann svo að orði, að Torfa hefðu verið launuð störf sín í ríkulegasta mæli. Ekki verða þau ummæli skoðuð öðru vísi en sem niðrandi, því að það er almenningsálit, að störf þessa manns séu alveg ómetanleg. Má vera, að hv. þm. telji riddarakrossinn ómetanlegan. En eg fyrir mitt leyti met hann ekki meira en svo, að hefði eg verið í Torfa sporum, mundi eg hafa brætt hann og látið upp í skuld, ef landið hefði ekki sýnt, að það vildi rétta þá hjálparhönd, sem verðugt væri. En þingið hefir einmitt sýnt, að það hefir viljað veita Torfa aðstoð og viðurkenning. Þannig lofaði það að leggja fram 10000 kr. ef Vesturamtið vildi kaupa skólann. Þetta gerði þingið með fullu ráði, og mun það hafa vakað fyrir því, að það væri gert Torfa vegna, en alls ekki sérstaklega fyrir Vesturamtið. En hverju skiftir það, hvort Torfi eða amtið á skólann? Það er bersýnilegt að enginn búnaðarskóli hér á landi getur borið sig. Ólafsdalsskóli hefir fullnægt öllum sömu kröfum og hinir skólarnir, og raunar betur, því nemendur hafa verið þar öllu fleiri. Nú er auðvelt að sanna, að ekki hefir verið varið meira

fé til Ólafsdalsskólans en hinna, heldur þvert á móti. Eg hefi ekki í svipinn tölurnar í höfðinu, en við 3. umr. mun eg geta komið fram með tölur þessu viðvíkjandi, sem hafa meiri þýðingu en þær, er hv. þm. Snæf. (L. H. B.) fleygði fram áðan, að eins til blekkingar.

Eg skal ekki fara út í þrætu um þetta mál, en eg vil harðlega mótmæla þeim áburði, sem nefndin hefir orðið fyrir í þessu máli. Eg álít það skyldu, að skólanum sé haldið áfram í Olafsdal og það mun einnig vera vilji almennings yfir höfuð, að þetta lán sé veitt, sem hér ræðir um. Hv. þm. Snæf. (L. H. B.) gerði ráð fyrir, að nefndin mundi ekki hafa athugað vel það sem hún gerði í þessu efni, en eg vildi aftur á móti að eins óska þess, að allar uppástungur og tillögur, sem fyrir þingið koma, væru eins vel athugaðar og þessi og eins sanngjarnar og réttlátar. Hv. þm. Snæf. (L. H. B.) gerði ráð fyrir, að þetta lán væri veitt, til þess að Torfi fengi síðar meir eftirgjöf á vöxtum og höfuðstól. En slíku sem þessu álít eg enga þörf á að svara. Hann gat þess líka, að Vesturamtið hefði verið mjólkað drjúgum til skólans í Olafsdal. Það er satt, að það hefir lagt fé til hans, en eg álít, að það sé eftir að sanna það, að það hafi gert eins mikið fyrir þennan skóla og hv. þm. Snæf. (L. H. B.) sagði, og eins og skólinn á skilið. Eg ímynda mér svo, að það þurfi ekki frekar að mæla með þessari lánveitingu, því að svo mikil »stemning« er fyrir Torfa, auk þess sem sæmileg trygging er lögð fyrir láninu.

Lárus H. Bjarnason: Hv. frsm. (P. J.) skaut máli sínu til tilfinninga manna, en ekki til skynsemi þeirra, svo sem hans var von og vísa; en eg vil strax segja honum, að tölur og tilfinningar eru sitt hvað, og sízt situr það á frsm. fjárlaganefndarinnar, að láta tilfinninguna heita og nærsýna sitja í fyrirrúmi fyrir skynseminni, kaldri og langsýnni, enda hefir hv. frsm. reynzt óstaðfastari og ósamkvæmari en skyldi. Þannig vildi hann að verkfræðingurinn rannsakaði vel landssjóðs vegarstæði í landinu og byggi síðan til yfirlit yfir þau, en hélt þó fast í athugasemdina, sem gert hefði verkfræðingnum ómögulegt að sinna aðalverki sínu. Hann sagði, að það væri lífsspursmál að styrkja sjávarútveginn, en hann var varla búinn að sleppa orðinu fyr en hann var snúinn á móti því, að verja nokkrum hundruðum króna til að frama efnilegan skipasmið. Hann sagðist vilja styðja iðnað í landinu, en talaði samstundis móti lítilfjörlegum styrk til manns, sem ætlaði að beita sterkasta vinnuafli landsins, fossunum, fyrir okkar seinfara framfaravagn. Svona hefir framkoma hans verið í flestum málum. og eg býst við, að hann haldi áfram.

Svo skal eg víkja í fám orðum að lánveitingunni til Torfa skólastjóra í Ólafsdal. Hv. frsm. sagði, að eg hefði talað freklega og niðrað Torfa skólastjóra, en eg mótmæli því að hafa gert það, enda hefi eg fært þeim orðum, sem eg við hafði, fullan stað. Hv. frsm. (P. J.) sagði að starf Torfa væri ómetanlegt, en hann hefir ekki enn þá reynt til að sanna það. Hann mun eiga við skozku ljáina og þau verkfæri, er Torfi skólastjóri býr til. Það er satt, hvorttveggja er góðra gjalda vert, en maðurinn er búinn að fá laun fyrir hvorttveggja, enda kvað hann selja verkfærin, að því er einn vinur hans hefir sagt mér, fulldýru verði. Plógana selur hann á 50—60 kr., herfin fyrir 30 kr. og fyrir kerruna kvað hann taka yfir 100 kr. Hann tekur líka

borgun fyrir kensluna, auk þess sem piltarnir eru jöfnum höndum vinnumenn hans. Auk þess hefir hann fengið gjafir svo tugum þúsunda skiftir, og virðingarmerki af hendi hins opinbera. Hv. frsm. sagði að það skifti engu, hvort Olafsdalsskólinn væri eign almennings eða einstaklings og þótti mér það næsta undarlegt, þar sem munurinn þó ekki er minni en sá, að eftir Torfa liðinn fellur öll skólaeignin til hans erfingja, en leggist hinir skólarnir niður, erfir hið opinbera þá. Hann sagði enn fremur að skylt væri að halda Olafsdalsskólanum áfram, en eg mótmæli því. Skólahaldið þar er óþarft; það er óþarft að hafa nema 1 í hæsta lagi 2 búnaðarskóla fyrir land alt. Eg held það væri nær að hafa skólana færri, og reyna fremur að gera þá vel úr garði. Það er hægra að leggja fé og góða kenslukrafta til eins skóla heldur en til fjögra. Og að því er Olafsdalsskólann sérstaklega snertir, verð eg að segja, að sumir búfræðingar frá honum eru ekki skólanum til lofs, þeir eru miklu fremur margir hverjir sann-nefndir gallagripir, þó eg auðvitað neiti því engan veginn, að komið hafi þaðan góðir og nýtir menn. Loks sagði hv. frsm. að þingið hefði í fyrra veitt 10000 kr. til Vesturamtsins, keypti það Olafsdal, og það hefði í rauninni verið gert til að hjálpa Torfa, enda væri þinginu jafnskylt nú sem þá að hjálpa honum; en þar til liggja þau svör, að þingið var hvorki í fyrra hjástoð einstakra manna né á að vera það í ár, enda strönduðu kaupin fult svo mikið á Torfa sem á amtinu. Hv. frsm. (P. J.) sagði, að ræða mín hefði verið villandi, því eg hefði slitið út úr réttu samhengi, en þetta sagði hann af því honum var orðið nokkuð volgt. Eg hefi alls ekkert slitið út úr samhengi. Eg gæti nefnt ýmisleg önnur störf, sem Torfi hefir haft á hendi, kaupfélagsskap o. fl., en því sleppi eg af því að eg vil ekki níða manninn. Að síðustu neitaði hv. frsm. (P. J.) því, að Vesturamtið hefði mjólkað Torfa drjúgum. Eg skil manninn ekki, vil að eins minna hann á, að 1891 gaf amtið honum 3000 kr., árið 1900 1250 kr. og 1902 rúmar 17000 kr. Það held eg megi heita fullkomin meðal nyt. Eg er því þannig algerlega mótfallinn, að þannig lagað lán sé veitt, enda situr ekki á þinginu, síst nú, er fjárhagur landsins verður þrengri en áður, að fleygja jafn miklu fé út í fullkomna óvissu.

Þórhallur Bjarnarson: Þetta lán til Torfa í Olafsdal þýðir það, að með því getur hann haldið skólanum áfram enn nokkur ár, meðan heilsa hans og kraftar leyfa. Hv. þm. Snæf. (L. H. B.) vék að því í fyrri ræðu sinni, hvort þetta mundi vera nóg handa honum, til þess honum væri vel borgið með að halda skólanum áfram. Nefndin kynti sér það rækilega, og gat hún ekki af sínum kunnugleika séð annað, en að með þessu fé væri honum vel borgið. (*Lárus H. Bjarnason*: Hvað skuldar hann mikið?) Því teldi eg mér ekki skylt að svara þm., þó að eg gæti. Ömtin leggja mikið fé til hinna skólanna, en Olafsdalsskóli stendur einn uppi styrklaus. Það hefir þó verið sýnt hér á þingi með skýrum tölum, að hver búfræðingur frá Olafsdal hefir verið ódýrari en frá öðrum skólum. (*Lárus H. Bjarnason*: Þeir hafa verið vinnumenn skólastjóra). Olafsdalsskólinn hefir verið vel sóttur, og það er margreynt bæði í Noregi og annarstaðar, að því fleiri námspiltar þess meiri kostnaður. Eg fullyrði það, að ávextirnir eru góðir af skólastjórastarfi Torfa. Eg get sagt það af reynzlu og þekkingu, því að eg hefi haft tækifæri

til að kynnast mörgum búfræðingum hér í Reykjavík, sem margra ára formaður Jarðræktarfélags Reykjavíkur, sem frá fyrstu hefir unnið mest allra félaga. Það er marg viðurkent, að Olafsdalsbúfræðingar hafa bæði meira traust og álit en aðrir. Þeir, sem líka þekkja heimili Torfa og skólahaldið þar, geta vel ímyndað sér, að hann hafi mótað lærisveina sína vel, til þess hefir hann sérstök skilyrði. Á því heimili er alt fyrirmynd, peningshúsin og smiðjan og áhöldin og hvað annað. Menn geta því ofurvel skilið, að skólahaldið verður dýrt með því móti, og athugi mað ur t. d. hvaða stórfé hefir gengið til Hvanneyrar, þar sem eg er kunnugastur, skil eg vel, að Torfi hefir ekki getað klofið sitt skólahald.

Það var ein tala, sem eg vildi athuga hjá hv. þm. Snæf. (L. H. B.), hann sagði að Torfi seldi plógana á 60 kr., en hann selur þá á 40 kr., þessa nýju endurbættu plóga, sem verða eflaust mjög til að auka plægingar. Eg get manna bezt borið um það, því að eg hefi keypt þó nokkra plóga af honum fyrir þetta verð. (*Lárus H. Bjarnason*: Þm. Borgf. hefir fengið afslátt).

Eg skal hreinskilnislega játa það, að eg býst eigi við, að Torfi borgi aftur höfuðstólinn, en Olafsdalur með öllum sínum miklu og vel bygðu húsum og jörðum, sem undir eru lagðar, er fullnógt veð, og landssjóður væri vel haldinn að eiga alla þá eign fyrir 18 þús. kr. Þó að búnaðarskólinn eftir fleiri eða færri ár hætti, þá mundi sú eign koma landinu að fullum notum, því að ekki minkar skólahaldið hjá okkur, og mætti því nota eignina til annars. Vesturland vill fá kvennaskóla, og fær hann bráðum gefins af sjóði frú Herdísar Benediktsen, og væri skóli sá þá hvergi betur settur en í Olafsdal, í miðju Vesturlands. (*Lárus H. Bjarnason*: Inn í Gilsfjarðarbotni, svei, svei).

Eg er viss um, að væri það borið undir alla bændur á Íslandi, hvort Torfi ætti að fá þetta lán í viðurkenning stórra verðleika sinna, og til að geta haldið áfram sínu góða starfi enn um nokkur ár, þá mundi meiri hlutinn kjósa það fremur að styðja Torfa í Olafsdal en fella.

Björn Bjarnarson: Út af ræðu háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) þá vildi eg benda á, að þetta lán til Torfa í Olafsdal væri sett á fjárlögin sem gjöf, en ekki sem lán. Eg kynni betur við að þetta væri tekið hreinskilnislega fram, því að allir vita, að eignin, sem sett er að veði, er ekki 18000 kr. virði. Það er trygging fyrir 6000 kr. en ekki fyrir hærri upphæð, að minsta kosti tekur landsbankinn þessa eign ekki trygging fyrir meira en 6000 kr., en alls ekki 18000 kr. Þessi jörð liggur, svo sem kunnugt er, inn við botninn á Gilsfirði, og liggur svo illa sem nokkur jörð getur legið. Aðflutningar allir eru þar af leiðandi afardýrir, einkum ef þar er hafður skóli. (*Þórh. Bjarnars.*: Sexróin skip við túnfótinn). Já, það er nú að eins hægt að nota þau um flóðið, en ekki um fjöruna, því að sjór fellur alveg út úr firðinum. Auk þess er dýrt að flytja alt langar leiðir á sjó, þar sem menn kunna ekkert til sjómensku, og eru alveg óvanir sjóferðum. Það er líka dýrt að þurfa að halda skip að eins til þess að fara á því í kaupstaðinn, og flytja vörur, þar sem ekki er hægt að brúka það til nokkurs annars. Eg álít því að það sé ekki rétt, að setja þetta sem lán, og láta það þannig sigla undir fölsku flaggi, heldur ætti að geta þess, að það væri gjöf, því að það er öllum lýðum ljóst, að þetta er upphæð, sem aldrei

verður borguð; það býst enginn við öðru.

Framsögumaður (Pétur Jónsson): Háttv. þm. Borgf. (Þ. B) hefir tekið af mér ómakið að svara þeim mönnum, sem talað hafa á móti þessari lánveitingu til Torfa í Ólafsdal. En mótmæli þessara manna móti láninu hygg eg að stafi aðallega af því, að þeim er það ekki ljóst, til hvers þetta fé er ætlað. Hann ætlar að fá þetta lán til þess að losa sig úr öllum sínum skuldum. (*Lárus H. Bjarnason*: Hvað skuldar hann mikið?) Það hugsa eg að þingmanninum komi ekkert við, en þetta lán á að vera til þess að losa sig við skuldirnar. Eg veit það, að því hefir verið haldið fram, að hér væri sú gryfja, sem alt af væri verið að ausa í, en aldrei fyltist, en þetta er ekki satt. Eg hefi setið hér á þingi síðan 1895, og get því vel borið um, að þetta er fjarstæða. En eg skýt þessu máli til hinnar háttv. deildar og eg veit það, að hún muni sýna það með atkvæðagreiðslu sinni, að hún er þessu ekki mótfallin yfirleitt.

Skúli Thoroddsen: Eg á brt. við þennan kafla fjárlaganna, sem eg ætla að fara nokkrum orðum um. Fyrsta brt. fer fram á það, að læknisekkju Magneu Ásgeirsson verði veittur 250 kr. styrkur, sem eftirlaun. Eg vona, að háttv. þingm. hafi kynt sér bænarskrá, sem fyrir þinginu liggur frá þessari konu, og hafi sannfærst um það, að hún þarfnast þess, að þingið rétti henni hjálparhönd. Læknishérað það, sem maður hennar, Magnús læknir Ásgeirsson, þjónaði síðustu æfiárin, er eitt í tölu læknishéraða þeirra, sem engin eftirlaun fylgja, og því neyddist ekkja hans til þess að leita til þingsins, í þeirri von að bæn hennar yrði heyrð, enda hafa oft heyrst þær raddir hér á þingi, að betur færi á því, að þingið veitti eftirlaun í einstöku tilfellum, er sérstök ástæða þætti til, í stað þess að hafa eftirlaunin lögákveðin; og að því er snertir þenna látna lækni, Magnús Ásgeirsson, var hann einstaklega vel kyntur maður, og lagði stund á embætti sitt með sérstakri alúð og kostgæfni; en nú stendur ekkja hans uppi hjálparlaus, ásamt barni þeirra, með tvær hendur tómar, svo að eg hefi þá von til þingsins, að það sinni beiðni hennar, sem í alla staði er náttúrleg og réttmæt.

Þá er önnur brt., sem eg hefi komið fram með, og hún er þess efnis, að Hannesi Hanssyni póst séu veittar 200 kr. á ári, sem eftirlaun eða ellistyrkur. Hann sótti um styrk þenna til þingsins 1901, en fekk þá enga áheyrn, og knýr því á náðardyrnar að nýju, í þeirri öruggu von, að ósk hans verði uppfylt. Hann hefir verið póstur um 20 - 30 ár, og staðið mjög vel í þeirri stöðu. Það liggur hér á lestrarsalnum ítarleg skýrsla um dugnað hans, sem póstur, og vona eg að þingmenn hafi kynt sér hana. Hann hætti fyrst póstferðum 1899, sakir sjóndepru, og var þá 70 ára gamall, og af vottorði augnlæknis Björns Ólafssonar, er bænarskránni fylgir, má sjá, að árið 1900 var hann orðinn sjónlaus á hægra auga og var búinn að tapa $^1/_6$ af sjón á vinstra auga. Telur augnlæknirinn þetta sjónleysi hans stafa mest af vosbúð og kulda á póstferðum hans. Mér finst því að það ætti mjög vel við, að veita honum þennan lítilfjörlega styrk, þar sem hann hefir haft erfitt starf á hendi í landsins þarfir um 20—30 ár, og altaf framkvæmt þetta starf sitt með sérstökum heiðri og sóma. Hann er nú kominn á elliár og efni hans gengin til þurðar, og væri því ekki

nema sanngjarnt, að honum væri nú sýnd lítilfjörleg viðurkennig fyrir vel rekið starf í þjónustu landsins, svo að hann þurfi ekki að neyðast til að leita fátækrastyrks.

Þá skal eg leyfa mér að víkja nokkrum orðum að þeirri tillögu fiskiveiðanefndarinnar, að þær 4 þús. kr., er árið 1893 voru veittar þilskipaábyrgðarfélagi Vestfirðinga, megi leggjast til bátaábyrgðarfélags í Norður-Ísafjarðarsýslu, sem varasjóður þess félags. Fé þetta hefir staðið óeytt í Landsbankanum síðan það var útborgað úr landssjóði, af því að þilskipaábyrgðarfélagið tók aldrei til starfa, þótt því væri komið á laggirnar, og stafaði það af því, að stærstu þilskipaeigendurnir, kaupmenn á Vestfjörðum, kusu heldur að tryggja skip sín í útlöndum, og hefði því áhættan orðið of mikil, ef félagið hefði tekið þau fáu skip í sjóábyrgð, er það átti kost á. Nú hafa menn við Ísafjarðardjúp komið á fót öflugu bátaábyrgðarfélagi, og hafa þeir farið fram á, að mega nota þetta fé, og þó ef til vill væri réttara að fé þetta gengi til ábyrgðarfélags, er næði yfir bæði sýslufélögin, Norður og Vestur Ísafjarðarsýslu, hefir þó okkur þm. Ísfirðinga komið saman um, að þó að féð sé veitt bátaábyrgðarfélagi Norður-Ísfirðinga, þá muni eigi verða fyrirstaða á því, að fá lögum þess félags breytt í þá átt, að það tryggi einnig báta í Vestur-Ísafjarðarsýslu, ef óskað er; en annars munum við líka, ef til vill, koma fram með brt. í þessa átt við 3. umr. málsins.

Þá hefi eg enn fremur leyft mér að koma fram með tillögu um að verja alt að 15,000 kr. á ári til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum, samhljóða tillögu þeirri, er eg bar fram á síðasta alþingi, og þá var samþykt, og þótti mér því kynlegt, að fjárlaganefndin skyldi ekki koma fram með tillögu þessa; framsögum. sagði, að nefndinni þætti málið illa undirbúið. Háttv. fjárlaganefnd bindur sig nokkuð fast við »princip«, en virðist þó ekki æfinlega jafn »princip«-föst í tillögum sínum, eins og hún heimtar af öðrum, að þeir sé »princip«-fastir. En að því er til þessarar tillögu minnar kemur, verð eg að vera þeirrar skoðunar, að það sé mjög nauðsynlegt, að þurrabúðarmenn geti átt kost á lánum til lengri tíma, til grasræktar og húsabóta. Þeir eru ver settir en margir bændur, sem eiga jarðir, og eiga því greiðari aðgang að Ræktunarsjóði. Þingið hefir hingað til gert lítið fyrir þurrabúðarmennina, en vonandi neyðist það nú til þess að fara að sinna högum þeirra meira, þegar kosningarbærum mönnum fjölgar stórum í þeirra hóp, er stjórnarskrárbreytingin kemst á.

Það hefir verið fært fram á móti þessari tillögu, að þeir séu að eins fáir, er hafa notað sér lánsheimild síðasta alþingis; þetta getur stafað af því, að stefnan er ný, og ef þetta ákvæði fengi að standa áfram, mundi eflaust margir nota sér heimildina. Má og vera, að nokkru hafi um valdið, hve landshöfðingi var tillögu þessari mótfallinn á síðasta alþingi, og hafi því verið óljúfur á lánunum; en það er meira varið í, að þeir séu margir, sem rækta, þó blettirnir séu litlir, en að fáir rækti landið, þótt stykkin séu stærri. Eg leyfi mér því að mæla sem bezt með þessari tillögu minni. Má vera að ætla hefði mátt nokkru minna fé til lánveitinga þessara; en ekki tekur til nema þurfi.

Að því er tillögu fiskiveiðanefndarinnar snertir, þá hefir háttv. þm. G.-K. talað ítarlega um þær fyrir hönd fiskiveiðanefndarinnar. Þær mótbárur, er háttv. framsögum. fjárlaganefndarinnar

bar fram viðvíkjandi lánveitingu til dráttarbrautar í Hafnarfirði, eru ekki þýðingarmiklar, því þar sem till. fer fram á, að lánið megi ekki fara fram úr $^1/_3$ af verði dráttarbrautarinnar, að húsum og áhöldum meðtöldum, getur engin hætta verið hér fyrir landssjóð, og þótt ein dráttarbraut sé í Reykjavík, er full þörf á annari í Hafnarfirði, því það er óhentugt ef skip þurfa lengi að bíða aðgerðar.

Hvað snertir lánveitinguna til þilskipakaupa, þótti nefndinni upphæðin, 30,000 kr. fyrir fjárhags tímabilið, vera svo óveruleg, að engu munaði, og leggur því til, að lána megi 30 þús. hvort árið. Nefndin leggur og áherzlu á, að fjárveitingin til hvers skips geti komist upp í 8000 kr., og er það þó tiltölulega minna en 6 þús. áður, þar sem nú er varla hægt að fá gömul skip, eins og menn keyptu áður á Englandi, og verða því ef til vill að kaupa ný skip, sem eru miklu dýrari.

Að endingu vil eg geta þess, að eg er mótfallinn lánveitingunni til Torfa í Olafsdal, þar sem eg get ekki séð, að afleiðingin yrði önnur en sú, að þingið yrði síðar annaðhvort að gefa lánið eftir, eða kaupa jarðirnar, eftir fráfall Torfa, og þá auðvitað með fullu verði, því að ekki myndi annað þykja hæfa gagnvart vandamönnum hans; en að landssjóður bindi sér þann bagga, tel eg miður heppilegt, þar sem eg tel Olafsdal eigi jörð fyrir framtíðar búnaðarskóla, enda mjög hæpið, að menn telji nauðsynlegt, að hafa búnaðarskólana til lengdar jafn marga, sem nú eru.

Framsögum. (**Pétur Jónsson**): Eg vil svara háttv. þm. N.-Ísf. því, að nefndinni þótti þurrabúðarlánið illa undirbúið. Nefndin hefir enga principmaní, en hefir þó viljað þoka í áttina að principunum. Þegar maður vill komast áfram, geta mörg spor misstigist. En lánveitingin hefði átt að undirbúast betur, því lánið ætti að vera planlagt; það ætti að vera tekið fram, hvernig menn hugsa sér tryggingunni varið gagnvart sýslu- og sveitafélögum, en það er ekki gert, og getur því orðið lánveitingum til fyrirstöðu. En annars eru svona lánveitingar góðar, enda gert töluvert að þeim allviða, t. d. hjá Norðmönnum, og ef til vill gætu það verið fleiri, er þyrftu á svona styrk að halda, t. d. grasbýlismenn o. fl.

Eg hefi áður minst á brt. við 16. gr.; nefndin er á móti því að bæta við eftirlaun, og sér enga ástæðu til að veita þessa elli- og framfærslustyrki. Viðvíkjandi ekkjufrú Sigríði Þorkelsdóttur er það fært til, að maður hennar hafi notið landssjóðsstyrks, en slíkt mælir fremur móti en með styrkveitingu til hennar, enda munu börn hennar, sem nú eru öll upp komin, geta séð henni fyrir framfærslu.

ATKVGR.: 15. gr., óbreytt, samþ. í e. hlj.

Brt. 2 á þingskj. 262, við 16. gr., feld með 12 gegn 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	nei:
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Björn Bjarnarson,
Eggert Pálsson,	Hannes Þorsteinss.,
Einar Þórðarson,	Herm. Jónasson,
Guðl. Guðmundsson,	Jóh. Jóhannesson,
Hannes Hafstein,	Lárus H. Bjarnason,
Jóhannes Ólafsson,	Magnús Stephensen,
Magnús Andrésson,	Ólafur Briem,
Ólafur Ólafsson,	Pétur Jónsson,
Ólafur Thorlacius,	Stefán Stefánsson,
Skúli Thoroddsen.	Tryggvi Gunnarss.
	Þórh. Bjarnarson.

Brt. á þingskj. 328, við 16. gr., sþ. með 13 gegn 7 atkv.

16. gr., breytt, samþ. með 21 samhlj. atkv.

Viðaukatill. á þingskj. 284, við 16. gr., sþ. með 12 gegn 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, vegna ógreinilegrar atkv.gr., og sögðu

já.	nei:
Jón Magnússon,	Arni Jónsson.
Björn Bjarnarson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Hermann Jónasson,
Einar Þórðarson,	Jóh. Jóhannesson,
Guðl. Guðmundsson,	L. H. Bjarnason,
Hannes Hafstein,	Magnús Stephensen,
Hannes Þorsteinss.,	Ólafur Briem,
Jóh. Ólafsson,	Pétur Jónsson,
Magnús Andréss.,	Stefán Stefánsson,
Ólafur Ólafsson,	Þórh. Bjarnarson.
Ólafur Thorlacius,	
Skúli Thoroddsen.	

Tryggvi Gunnarsson greiddi eigi atkv., og telst því með meiri hluta.

Viðaukatill. á þingskj. 280, við 16. gr., tekin aftur.

17. gr. sþ. í e. hlj.

19. gr. sþ. í e. hlj.

Viðaukatill. á þingskj. 230, við 19. gr., sþ. í e. hlj.

Viðaukatill. 98 á þingskj. 317,við 19. gr., samþ. án atkv.gr.

Viðaukatill. 99, á þingskj. 230, við 19. gr., feld með 14 gegn 6 atkv.

Viðaukatill. 100, á þingskj. 230, við 19. gr., sþ. m. 19 shlj. atkv.

Brt. á þingskj. 338, við brt. á þgskj. 295, sþ. með 16 shlj. atkv.

Brt. 100, á þgskj. 230, við 19. gr., sþ. með 21 shlj. atkv.

Brt. 101, á þgskj. 230, við 19. gr., sþ. með 16 shlj. atkv.

Brt. 1 á þgskj. 303, við 19. gr., feld með 14 gegn 6 atkv.

Brt. 102 á þgskj. 230, við 19. gr., sþ. með 16 shlj. atkv.

Brt. 2 a, á þgskj. 303, við brt. 103 á þingskj. 230, feld með 13 gegn 8 atkvæðum.

Brt. 2 b, á þgskj. 303, við brt. 103 á þingskj. 230, feld með 12 gegn 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, vegna óglöggrar atkv.gr., og sögðu

já:	*nei:*
Björn Bjarnarson,	Árni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Jón Magnússon,
Hannes Hafstein,	Eggert Pálsson,
Jóhannes Olafsson,	Einar Þórðarson,
Magnús Andrésson,	Guðl. Guðmundss.,
Olafur Briem,	Hannes Þorsteinss.,
Olafur Olafsson,	Herm. Jónasson,
Olafur Thorlacius,	Jóh. Jóhannesson,
Pétur Jónsson,	Lárus H Bjarnas.,
Skúli Thoroddsen,	Magnús Stephensen,
Stefán Stefánsson.	Tr. Gunnarsson.
	Þórh. Bjarnarson.

Brt. 103, á þgskj. 230, óbreytt, sþ. með 22 shlj. atkv.

Brt. 3, á þingskj. 303, viðauki við 19. gr., samþ. með 21 shlj. atkv.

Viðaukatill. á þgskj. 301, við 19. gr., sþ. með 12 gegn 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, sökum óglöggrar atkv.gr., og sögðu

já:	*nei:*
Björn Bjarnarson,	Árni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Jón Magnússon,
Einar Þórðarson,	Eggert Pálsson,
Guðl. Guðmundsson,	Herm. Jónasson,
Hannes Hafstein,	Jóh. Jóhannesson,
Hannes Þorsteinss.,	Magnús Stephensen,
Jóh. Ólafsson,	Ólafur Ólafsson,
Lárus H. Bjarnason,	Pétur Jónsson,
Magnús Andrésson,	Stefán Stefánsson,
Ólafur Briem,	Tryggvi Gunnarss.,
Ólafur Thorlacius,	Þórh. Bjarnarson,
Skúli Thoroddsen.	

18. gr., með eðlil. breytingum, sþ. m. 20 shlj. atkv.

7. gr., með eðlil. breytingum, sþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr. 10. ág. (C. bls. 484, 523, 536–539, 544, 545, 547–549, 551–553, 568; atkv.skrá bls. 554).

Framsögumaður (Pétur Jónsson): Eg skal geta þess til leiðbeiningar fyrir háttv. þingdm., að töluvert af villum hefir slæðst inn í frumv. í prentuninni. Ýmsar af þessum villum má sjá með því að leggja saman hina einstöku liði; að vísu hefi eg ekki haft tíma til að ganga nákvæmlega í gegnum frumv., en eftir því, sem eg hefi bezt getað séð, þá eru prentvillurnar aðalega í 12. gr., nokkuð í 11. gr. og svo einnig töluvert í 13. gr. Þessar villur gera það aftur að verkum, að tekjuhallinn er í raun og veru nokkru minni, en hann er talinn í 18. gr.

Áður en eg svo sný mér að hinum einstöku breyt.till., skal eg leyfa mér að gera nokkrar almennar athugasemdir í tilefni af fjárlagafrumv, eins og það liggur nú fyrir. Eg hefi talið lauslega saman hinar einstöku breyt till., bæði nefndarinnar og einstakra þingdm., að því er snertir útgjaldahækkunina og lækkunina. Eftir breyt.till. frá einstökum þingdm. nemur útgjaldahækkunin 92 þús.; raunar er hér með talin langstærsta einstaka fjárveitingin, sem á fjárlögunum er, nefnilega fjárveitingin til Lagarfljótsbrúarinnar. Á þessum sömu breyt.till. nemur lækkunin aftur 1200 kr. Breyt.till. nefnd. eru aftur fremur til sparnaðar en hitt; hækkunin eftir þeim nemur 8,600 kr. en lækkunin 17,900 kr. Samtals verður þá þessi hækkun eftir breyt.till. nefnd. og einstakra þingdm. rúmar 100,000 kr., en lækkunin rúmar 19,000 kr. Eg skal taka það fram, viðvíkjandi breyt.till. nefnd., að þar sem hún hefir stungið upp á að fella nú niður ýmsa liði, sem samþ. voru við 2. umr., og búast má við, að fremur sé þýðingarlítið að hreyfa við, þá fanst nefnd. það þó vera skylda sín að vekja athygli h. þingdm. á þessum liðum í sambandi við fjárhag landsins, eins og hann er eftir frumv., eins og það var samþykt við 2. umr., því það er vel skiljanlegt, að þm. greiði ýmsu atkvæði sitt, sem þeir álíta í sjálfu sér gott og rétt að styrkja, ef vel stendur á fjárhagnum, en sem þeir mundu vilja láta bíða betri tíma, þegar þeir sjá að fjárhagurinn er slæmur. Í öðru lagi áleit nefndin það skyldu sína vegna þess, að hún er valin sérstaklega til þess að fjalla um fjárhag og fjármál landsins, og hefir því haft betra tækifæri til og sérstakan tíma að átta sig á hvorutveggju en aðrir, að láta í ljósi við hverja einstaka umr. fjárlaganna hvaða útgjöld megi spara, eigi síður en hitt, hvaða fjárveitingar verði nauðsynlegt að veita. Þetta er tilgangur nefndarinnar með breyt.till. hennar, en alls ekki hitt að hún ætli sér að fara að vekja neinar deilur um hinar einstöku fjárveitingar. — Nefndin hefir því heldur ekki gert tillögu um það, að fella alla þá liði, sem samþ. voru við 2. umr., og hún þá lagði á móti. Sumir þessir liðir lætur hún sér eftir atvikum lynda að fái að standa á fjárlögunum.

Þegar litið er á þetta fjárlagafrumv., þá má ganga úr skugga um, að það hefir aldrei verið stígið eins stórt spor í einu í þá átt að brúka fé landsins, og enda þótt það alt eigi að miða til framfara, og efalaust að mestu leyti geri það, þá má þó engu að síður alls ekki gleyma því, að það er nauðsyn að gæta hófs.

Loks skal eg leyfa mér að víkja dálítið að því hlutverki, sem hlýtur að liggja fyrir h. Ed. — Það getur ekki hjá því farið, að tekjuhallinn nemi yfir 400 þús. kr., eða, verði megnið af br.-till. þeim, sem nú liggja fyrir, samþ., þá yfir 450 þús. kr. Fyrir háttv. Ed.

verður því ekkert svígrúm til að koma að neinni breytingu á frv., nema með því annaðhvort að hækka tekjuhallann enn þá meir og auka við vandræðin, eða þá hitt, að fella niður eitthvað af þeim liðum, sem þessi háttv. deild hefir sett inn. Eg álít það því vera eingöngu til þess að brýna Ed. til slátrunarverks í stórum stíl, að vera að setja inn nýa liði, sem hún hlýtur að fella burtu; það er að minsta kosti ekki til þess að efla gott samkomulag á milli deildanna. Eg mintist á þetta um daginn, og var það þá tekið sem hótun með Ed., en í því felst engin önnur hótun en sú, sem liggur í hlutarins eðli, og í öðrum tilgangi var það aldrei sagt.

Út af þessu útliti fjárhagsins hlýtur sú spurning að vakna fyrir mönnum, hvernig fer nú stjórnin að framkvæma það, sem henni er ætlað að koma í framkvæmd samkvæmt fjárlögunum og öðrum lögum, sem fyrir þinginu eru í ár, þegar tekjuhallinn er orðinn yfir ½ miljón. Nefndin athugaði þetta og fanst þörf á að gefa stjórninni heimild til að taka það lán, sem þyrfti til að fullnægja þeim kröfum, sem til hennar eru gerðar. Nefndin áleit nú, að slíka heimild mætti ef til vill gefa á sjálfum fjárlögunum, og að ekki væri þá þörf á sérstöku frv. til þess. Fyrir nefndarinnar hönd vil eg því leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ldsh., hvort hann álíti formlegt að gefa slíka heimild á sjálfum fjárlögunum, því væri svo, þá mætti koma henni inn síðar, er fjárlögin kæmu aftur til deildarinnar, og mundi nefndin þá gera ráðstafanir í þá átt, einmitt þá er séð væri, á hve miklu fé þyrfti að halda.

Eg skal nú snúa mér að hinum einstöku breyt.till., og skal þá fyrst taka fyrir breyt.till. sjálfrar nefndarinnar á þgskj. 432.

1. breyt.till. er við 3. gr. 1., um að aftan við fyrri málsgrein aths. bætist: Ennfremur má verja alt að 800 kr. af jarðarafgjöldum til umbóta jarðarhúsum á jörðinni Laug í Biskupstungum. — Nefndin lét í ljósi við 2. umr., að hún sæi ekkert á móti þessum styrk í sjálfu sér, og að vel mætti taka hann af umboðssjóði, með því að leggja jörðina undir eitthvert af þeim umboðum, sem næst henni væru, t. d. Kjósar- og Gullbringusýsluumboð. Nú hefir nefndin samt sem áður hallast fremur að því, að veita styrkinn heldur á sjálfum fjárlögunum, með þá hugsun fyrir augum, að hann væri sérstaklega notaður, til þess undir umsjón verkfræðings þess, er hefir með höndum byggingarrannsóknirnar, að gera tilraunir á þessari jörð, sumpart um haganlegast byggingarefni og sumpart um hagkvæmasta húsaskipun. Með þessar tilraunir til húsabóta sérstaklega fyrir augum, hefir nefndin komið fram með svohljóðandi viðaukatill. við síðari málsgrein aths., um húsabætur á landssjóðsjörðum yfirleitt: »Þar sem því verður við komið skal gera ofannefndar húsabætur og breytingar eftir ráði verkfræðings þess, er hefir með höndum byggingarrannsóknir og leiðbeiningar í húsagerð«. Á hvaða jörðum þessar tilraunir verða gerðar og hvernig þeim að öðru leyti verður hagað, það verður auðvitað að vera í samráði milli stjórnarinnar og verkfræðingsins.

2. breyt.till. nefnd. á þgskj. 332 er viðaukatill. við 4. gr. 1., um að núverandi presti til Kirkjubæjarprestakalls veitist 200 kr. árleg uppgjöf á afborgun og vöxtum af láni því, er honum var leyft að taka upp á prestakallið með bréfi landsh. dags. 19. febr. 1898, eftir að prestsetrið hafði brunnið 18./7. — Það er varla hægt að hugsa sér öllu tilfinnanlegri skaða en þann, sem

sá líður, er brennur hjá og ekki hefir vátrygt. Þessi prestur, sem hér er um að ræða, var nýbúinn að reisa nýjan og góðan bæ, og var einmitt á ferð til þess að útvega sér eldsvoðaábyrgð þegar slysið vildi til. Það munaði ekki meiru en svo sem viku tíma, að ábyrgðin væri gengin í gildi, svo hér er ekki hægt að tala um neina vanrækslu heldur hreint og beint slys. Þegar svona löguð óhöpp vilja til, þá er það alls ekki ótítt, að jarðeigendur leggja til þann við, sem þörf er á til að endurreisa þau hús, sem niður hafa brunnið fyrir ábúandanum, og enda smíði. Það virtist því sanngjarnt, að landssjóði færist eins, og hlaupi undir baggann að einhverju leyti, og það því fremur, sem beiðni í þessa átt er komin frá hlutaðeigandi presti. —

Næsta breyt.till. nefnd. er við 11. gr. 3, um að fella niður styrkinn til Guðmundar Björnssonar héraðslæknis til að launa sérstökum aðstoðarlækni. Þessi liður var settur inn við 2. umr. með nokkuð snöggum atvikum, og nefndin hefir ekki getað fallist á að hann væri nauðsynlegur. Persónulega hefi eg raunar ekkert á móti því, að þessum lækni, í líkingu við héraðslækni Guðmund Hannesson, væri veittur einhver styrkur til aðsoðarlæknis, þótt raunar afstaða þess læknis, sem hér er um að ræða, sé í ýmsu betri. Annars verður nefndin yfirleitt að líta svo á, að það sé engin ofætlun læknum, sem hafa stórmiklar tekjur, að launa sjálfir af sínum eigin tekjum aðstoðarmönnum þeim, sem þeir hafa þörf á, í líkingu við það, að sýslumenn verða sjálfir að kosta alla aðstoðarhjálp.

5. breyt.till. nefndarinnar er við 11. gr. 7. a., um að launin til gjaldkera Holdsveikraspítalans séu látin standa fyrra árið, og er það í samræmi við það, sem fram kom hér í deildinni við 2. umr., og eftir samráði við hæstv. landshöfðingja.

Tvær næstu breyt.till. nefndarinnar eru að eins orðabreytingar, sem nefndin áleit að væru til bóta, og geri eg ráð fyrir, að eg þurfi því ekki að gera frekari grein fyrir þeim.

8. breyt.till. nefndarinnar er við 11. gr. 11, um að styrkurinn til sjúkraskýlisins á Brekku í Fljótsdal verði lækkaður um helming, úr 1600 krónum niður í 800 kr. Nefndin áleit það vera mjög varhugaverðan veg fyrir þingið að ganga inn á, að styrkja sjúkraskýli í svo stórum stíl, sem samþykt var við 2. umr. fjárlaganna. Nefndin var á þeirri skoðun, að fyrst og fremst ætti landssjóður ekki að styrkja byggingar slíkra stofnana, að meiru en $^1/_3$ af byggingarkostnaðinum; hinir $^2/_3$ hlutarnir ættu að koma frá hlutaðeigandi héruðum. Í öðru lagi leit nefndin svo á það, að á slíkum sjúkraskýlum væri fyllilega nóg, að til væru 4 sjúkrarúm. — Nefndin hefir leitað sér upplýsinga hjá mikilsmetnum lækni, og taldi hann algerlega óþarft, að hafa fleiri rúm. — Hann sagði enn fremur, að ekki gæti komið til tals, að þessi sjúkraskýli væri hægt að nota sem »Asyl« fyrir berklaveika menn. Nefndin áleit, að þessi styrkur væri nægileg hjálp fyrir héruðin til að koma upp sjúkraskýlum, en að hann hins vegar yrði ekki svo tilfinnanlegur fyrir landssjóð, þótt hann yrði alment notaður. Við skulum hugsa okkur, að hann yrði notaður af öllum læknishéruðum á landinu, og gerum ráð fyrir því, að þau séu 40 að tölunni. — Kostnaðurinn fyrir landssjóð yrði þá 800×40 eða 32,000 krónur. Í hverju sjúkraskýli yrðu 4 rúm eða samtals 160 rúm, og að því gæti landinu orðið góð hjálp. Hins vegar mundi þessi kostnaðurinn, sem ekki fer fram úr því, sem þyrfti til að byggja einn sæmilega

góðan héraðsspítala, skiftast niður á mörg ár, því ekki er gerandi ráð fyrir því, að öll sjúkraskýlin verði bygð á sama ári. Ef fyrirkomulaginu á styrknum til sjúkraskýlanna er hagað á þennan hátt, þá vill nefndin mæla með honum, en að öðrum kosti ekki.

Um 9. breyt.till. nefndarinnar, við 12. gr. A. 4, um að fella burtu styrkinn til mótorbáta milli Arngerðareyrar og Isafjarðar og milli Stykkishólms og Flateyjar, álít eg ekki þörf á að orðlengja frekar, því um þennan lið var svo mikið rætt við 2. umr.

Þá er 10. breyt.till. nefndarinnar, við 12. gr. B., 8. og 9. lið, viðvíkjandi tillagi til sýsluvega í Dalasýslu og Skagafjarðarsýslu. Nefndin leggur til, að þessir liðir séu dregnir saman í einn lið, og er það að eins formbreyting. — En svo hefir nefndin einnig lagt til, að athugasemdinni sé breytt á þá leið, að það af tillaginu til sýsluvega, sem ekki er lagt af landssjóði, sé *ekki* tekið af lögákveðnu sýsluvegagjaldi. Þessi breyting á því, hvernig skilyrðið er orðað, er gerð í samráði við yfirlýsingar hlutaðeigandi þingmanna við 2. umr.

11. breyt.till. er að eins orðabreyting. Nefndinni fanst orðið »fátækum« vera óviðfeldnara en »efnalitlum«. En þetta er, sem sagt, engin efnisbreyting, og því ekki þörf á, að rökstyðja þá breyt.till. frekar.

12. breyt.till. nefndarinnar, á þskj. 332, er við 12. gr. C. 2. a., að fyrir: 14,200 kr. til gufubátaferða á Faxaflóa og í Sunnlendingafjórðungi, komi: 14,300 kr. Þessi 100 kr. hækkun á liðunum stendur í sambandi við breytingu á athugasemdinni viðvíkjandi viðkomustöðum bátsins í Árness- og Rangárvallasýslum, er samþykt var hér í deildinni um daginn. Vegna þeirrar breytingar var nefnilega gert ráð fyrir því, að 300 krónur gengju til þessara ferða sunnanlands í staðinn fyrir 200 krónur áður, og fanst nefndinni þá rétt að hækka aðal-upphæðina í samræmi við það, um jafn-mikla upphæð.

Þá kem eg að lang-stærstu breyt.till. nefndarinnar í sparnaðar-áttina. Það er 12. breyt.till. á þskj. 332, við 12. gr. C. 2. c. og d., um styrkina til gufubátsferða á Breiðafirði og Eyjafirði. Nefndin leggur til að strika báða þessa liði út af fjárlögunum. Við 2. umr. hér í deildinni fyrir nokkrum dögum síðan færði nefndin þær ástæður fyrir þessari tillögu sinni, sem eru í alla staði fullnægjandi, nefnilega þær, að þar sem svo miklu fé væri varið til samgöngubóta á sjó, þá sæi hún sér ekki fært að leggja jafn-mikið fé og hér er um að tala aukreitis á landssjóð, og að þess vegna yrði að koma þessum ferðum á í sambandi við breytingu á ferðaáætlunum strandbátanna, þannig, að hægt væri að spara kostnaðinn við þær svo mikið, að ekki væri um neina verulega viðbót til gufuskipaferða í heild sinni að ræða. Það er alls ekki af því, að nefndin efist um gagnsemi þessara bátaferða, en það er svo margt annað, sem gera þarf, og sem verður að sitja í fyrirrúmi. Það er auðvitað alls ekki hægt að neita því, að t. d. Breiðiflói er mjög illa settur hvað samgöngufæri á sjó snertir, en því ver verður hann líklega ætíð illa settur; það liggur í því, hvernig hagar til á flóanum sjálfum. Eigi nokkur breyting til batnaðar að geta komist á í þessa átt, þá verður að undirbúa málið miklu betur en gert hefir verið, og lægi þá næst, að skora á stjórnina, að undirbúa málið undir næsta þing, og ætti sá undirbúningur þá einmitt að ganga í þá átt, að t. d. fjórir flóabátar á Faxaflóa, Breiðafirði, Isafirði og Eyjafirði

spöruðu algerlega annan strandferðabátinn. Hinn færi umhverfis alt landið og hefði því færri viðkomustaði en nú hafa báðir bátarnir.

Þá er 14. breyt.till. nefndarinnar. — Nefndin stingur þar upp á, að liðurinn um styrk til sveitakennara (13. gr. B. VI. b. 2.) færist upp í 8000 kr. fyrra árið og 9000 krónur seinna árið, og að hverjum einstökum megi veita alt að 100 kr.; við athugasemdina hefir hún og gert þá viðbót, að styrkveitingin sé bundin því skilyrði, að kennararnir fái úr sveitarsjóði eða annarstaðar að, auk fæðis, helming á móts við landssjóðsstyrkinn.

Breyt.till. 15 fer fram á aukinn styrk til kenslubóka, og skal eg geta þess, að misprentast hefir í lok athugasemdarinnar »alþýðu« fyrir »alþýðuskólum«. — Viðvíkjandi þessum tveim síðast töldu breyt.till. og hinni næstu þar á eftir, um styrk til Búðardalsskólans, leyfi eg mér að skírskota til háttv. framsm. mentamálanefndarinnar, með því að þær eru af hennar toga spunnar; það er jafnan heppilegast að þeir mæli með tillögunum, er mest hafa um þær hugsað og um þær fjallað.

17. breyt.till. nefndarinnar fer fram á, að styrkurinn til Þjóvinafélagsins verði hækkaður úr 750 upp í 1000 kr., í því skyni, að félagið geti gefið út bók, sem lýtur að því að fræða menn um matarhæfi frá heilbrigðislegu sjónarmiði. — Bók þessi er eftir danskan lækni, og er hugsað til að fá hana þýdda, og að jafnframt yrðu prófuð ýms íslenzk matvæli, til þess að fá fróðleik um næringargildi þeirra og heilsufræðislega þýðingu; yrðu svo rannsóknir þessar teknar upp í bókina, og hún þannig að öðru leyti sniðin eftir okkar þörfum. — Nefndin hefir rætt um þetta við forseta félagsins, og hefir hann tekið vel í það. Styrkurinn er fyrir því áætlaður nokkuð ríflega fyrra árið, að talsverðan kostnað hlýtur að leiða af efnarannsókn matvælanna, sem Þjóðvinafélagið ekki getur kostað.

18. breyt.till. er að eins lagfæring á misprentun í athugasemdinni við 14. gr. A. 20.

19. breyt.till. er þess efnis, að auka 500 kr. seinna árið við fjárveitinguna til rannsókna á lungnadrepi og skitupest á sauðfé í Norður- og Austuramtinu, og er hún gerð að ráði dýralæknisins í Suðuramtinu; hann hefir látið í ljósi, að nauðsyn bæri til að halda áfram rannsókn á þessari sýki einnig seinna árið, en þó mætti það gerast með minni kostnaði. Nefndin hefir því farið eins skamt í því efni, og hugsanlegt þótti að fara mætti.

Með 20. breyt.till. hefir nefndin leyft sér að gera breyting á athugasemdinni við fjárveitinguna til teknisks skóla í Reykjavík, eftir bendingu hæstv. landshöfðingja. Vona eg að hin háttv. deild fallist á hana.

Þá hefir nefndin stungið upp á því, að fjárveitingin til manna til að læra skógrækt verði hækkuð um þriðjung, svo að 3. maðurinn komist að. Þetta hefir hún gert eftir viðtali við prófessor Prytz, og er það engin þarfleysa, því að svo mun vera tilætlað af mörgum, að skógar verði keyptir, girtir og friðaðir, sérstaklega Hallormsstaðarskógur, Hálsskógur og Vaglnaskógur; þyrfti þá 1 mann austanlands, annan norðanlands og hinn þriðja hér sunnanlands, til þess að hafa skógræktunina og eftirlit skóganna á hendi.

22. breyt.till. nefndarinnar miðar til þess að herða á skilyrðinu fyrir fjárveitingunni til dráttarbrautarinnar í Reykjavík. Nefndin álítur rétt, að sem líkust skilyrði séu sett fyrir henni, sem

fyrir fjárframlaginu til skipakvíar á Eyjafirði. Eftir þessari tillögu leggur landssjóður til að eins þriðjung kostnaðarins.

Þá eru tvær breyt.till. við 16. gr., að tveir liðir, er samþyktir voru við 2. umr., falli burt. Nefndin heldur fast við þá skoðun, að ekki sé sérstök ástæða til að veita þeim mönnum eftirlaun, sem hér er um að ræða.

25. breyt.till. nefndarinnar fer fram á, að veita megi alt að 6000 kr. lán úr viðlagasjóði til Eiðaskólans, til þess að koma þar upp nauðsynlegum bæjarhúsabyggingum. Nefndin áleit að vísu, að lána mætti skóla þessum, eins og öðrum skólum áður, án sérstakrar heimildar á fjárlögunum. En eftir bendingu hæstv. landshöfðingja hefir hún orðið ásátt um það, að taka upp lánsheimild þessa.

Síðari breyt.till. við 19. gr. er að eins orðabreyting, gerð í því skyni, að skýra skilyrðin fyrir lánveitingu til þilskipakaupa í þá átt, að einungis þeir, er *lifa* á sjávarútvegi, geti fengið lánin, en ekki þeir, er stunda hann að eins sem gróðaveg. Nefndin áleit óþarfa að styðja til þilskipakaupa aðra en þá, sem nauðbeygðir eru til að lifa á sjónum.

Þá skal eg snúa mér að breyt.till. einstakra manna, og tek eg þær eftir röð fjárlaganna.

Breyt.till. á þskj. 405 er um það, að aðstoðarlæknir sá, er ætlaður er eftir fjárlagafrumv. til aðstoðar héraðslæknisnum í Reykjavík, skuli hafa aðsetur í Hafnarfirði. Nefndin er þvert á móti þessari till., eins og gefur að skilja, samkvæmt þeirri breyt.till., er hún sjálf kemur með, um að liður sá falli burt.

Því næst eru nokkrar breyt.till. við 12. gr. Er þar fyrst að telja breyt.till. á þskj. 406, um fjárveiting til aukapóstvegarins frá Hafnarfirði að Vogastapa. Nefndin hefir áður lagt það til, að fé þetta verði veitt, en að eins með sama skilyrði og tekið er fram í breyt.till. hennar um veg í Dalasýslu og Skagafjarðarsýslu, sem sé því, að samtímis sé jafnmiklu fé varið til nefndra vega annarstaðar frá, og að það fé sé ekki tekið af lögákveðnu sýsluvegagjaldi. — Auk þess skal eg fyrir nefndarinnar hönd taka það fram, að hún telur eigi rétt, að landssjóður styrki þennan veg sem akbraut, — því að hann mundi þá seint komast að endamarkinu —, heldur sem reiðveg; það er ekki nauðsynlegt að nota hann sem flutningabraut, þar sem jafn-mikið er um bátaferðir með ströndinni.

Auðvitað kemur það ekki nefndinni við, ef sýslan sjálf kostaði veginn að öllu leyti; en það má búast við, ef nú væri fallist á, að vegurinn skyldi vera akbraut, að þá yrði að veita styrk til hans aftur og aftur.

Breyt.till. á þskj. 402 fer fram á, að veita skuli 7500 krónur fyrra árið til brúargerðar á Sogið hjá Alviðru. — Nefndin felst á það, að fé þetta verði veitt til þessa fyrirtækis, að eins minna og með öðru skilyrði, sem sé því, að landssjóður leggi ekki til meira fé en þriðjung kostnaðar-upphæðarinnar. — Auk þess þótti nefndinni tvísýnt, að 15,000 kr. nægðu til brúargerðarinnar; bjóst hún við, að minna en 18,000 kr. hrykki ekki til; samkvæmt því hefir hún á þskj. 430 lagt það til, að veitt verði úr landssjóði alt að 6000 kr. til fyrirtækisins, eða með öðrum orðum $^1/_3$ allrar kostnaðarupphæðarinnar.

Á þskj. 428 er breyt.till. frá samgöngumálanefndinni þess efnis, að veittar verði alt að 40,000 kr. fyrra árið til þess að fullgera brú á Lagarfljóti hjá Egilsstöðum, og til að setja dragferju á Steinsvaði.

Eg geri ráð fyrir, að háttv. frmsm. samgöngumálanefndarinnar muni skýra þetta mál fyrir deildinni, svo að menn séu ekki í neinum vafa, er til atkvæðagreiðslu kemur, um fjárveiting þessa. — Fjárlaganefndin vill ekki setja sig á móti henni, en hefir hins vegar ekki getað myndað sér örugga skoðun um, hvort þessi brúargerð muni verða fulltraust; hún hikar sér ekki við að leggja fram með þessari fjárveiting, ef full trygging er fyrir, að upphæðin sé nægileg, til að byggja fyrir örugga brú á þessum stað, og að brúin þá verði örugg.

Þá er breyt.till. á þskj. 408, að til vitabyggingar á Vestmannaeyjum veit ist síðara árið alt að 10,000 krónum. — Nefndin hefir auðvitað sömu svör til þessarar fjárveitingar nú, sem við 2. umr., er hún var rædd, að líkindum eigi síður, þótt nú sé farið fram á hærra en þá. Því fer svo fjarri, að nefndin sé henni samþykk, að hún álítur sýnu nær að veita fé til vita á Öndverðarnesi. Það var skýrt tekið fram um daginn, að nefndin vill fyrst, að fengið sé vitaplan fyrir land alt, og skýr áætlun um það, hvar vitar eigi að vera, hversu stórir og hversu dýrir, áður en ráðist er í stærri vitabyggingar.

Breyt.till. 415 fer fram á launaviðbót til vitavarðarins á Arnarnesi. Nefndin sér enga ástæðu til þessarar hækkunar, enda mætti búast við, að aðrir vitaverðir, er sömu laun hafa, kæmu á eftir og bæðust hins sama. Eg skal ekki dæma um það, hvernig til hagar við hina einstöku vita; en þetta er venjulegi gangurinn. Nefndin hefir heldur ekki getað séð, að það séu nein meðmæli með þessu máli, og stjórnin hefir heldur ekki haft það til meðferðar.

Þá eru breyt.till. við 13. gr. Er þar fyrst að telja breyt.till. á þskj. 427 um aukinn styrk til kvennaskóla fyrir Norðurland, 400 kr. á ári til hvors, til kenslu í innlendum heimilisiðnaði og hannyrðum. Það mun ef til vill þykja óþarfleg meinbægni við kvenfólkið, að nefndin leggur á móti tillögunum. — En hún þóttist hafa gert sér far um, að hlynna sem bezt að þessum skólum með breyt.till. sínum, er áður eru fram komnar, og áleit ekki ástæðu til þess að fara lengra.

En að því er snertir 3. breyt.till. á sama þskj., að upphæðin til hvers nemanda, er á skólanum dvelur alt skólaárið, hækki úr 35 kr. upp í 40 kr., þá getur nefndin vel felt sig við hana, því að nemendur munu naumast verða svo margir, að aðal-upphæð sú, er til skólanna er heimiluð, verði meir en unnin upp með því.

Á þingskj. 401 er breyt.till., sem er skyld breyt.till. nefndarinnar um aukinn styrk til umferðakennara. Hún er þess efnis, að hækkaður sé styrkur til barnaskóla annarstaðar en í kaupstöðum, þannig, að fyrir 7000—7000 komi: 8000—9000. Nefndin hafði sjálf hugsað sér að koma fram með breyt.till. í þessa átt, en er hún sá, að þessi var á leiðinni, þá hætti hún við það, og hallaðist að henni. Nefndin lítur svo á, að með þessu sé einungis gert ráð fyrir þeirri fjölgun, er verða kann á þessum skólum.

Eg gat þess og við 2. umr., að sú hugsun væri uppi, að stofna sumarskóla í sjóþorpum, og væri þá rétt að heimafæra þá undir þennan lið. — Mælir það og með hækkuninni.

Breyt.till. 1 á þskj. 421 leggur til, að veittar verði 500 kr. hvort árið til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík, með því skilyrði, að hann veiti organistaefnum ókeypis kenslu í orgel-

slætti, alt að 9 klukkustundum á viku í mánuðunum október — apríl. — Nefndin hefir látið í ljósi álit sitt um þetta efni við 2. umr., og er hún sömu skoðunar enn. Hins vegar hefir hún leyft sér að koma fram með breyt.till. við þessa breyt.till. (þskj. 441) þess efnis, að organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík verði veittar 100 krónur hvort árið, til þess að leika á orgelið við prestsvígslur og alþingissetningar. — Að öðru leyti álítur nefndin, að eins og nú standa sakir, eigi orgelslátturinn við dómkirkjuna í Reykjavík að vera alveg óviðkomandi landssjóði.

Við 14. gr. eru flestar breytingartill. Brt. á þingskj. 371 fer fram á að hækka styrkinn til bókavarðar frá 1700 kr. upp í 1900 kr. Nefndin getur ekki fallist á þetta, en álítur 1700 kr. eftir atvikum nóg. Þá kem eg að öðru atriði, sem er meira um vert, nefnilega brt. á þingskj. 442, um að færa styrk Landsbókasafnsins til bókakaupa úr 4500 kr. upp í 5000 kr. Eg skal leyfa mér að minnast á, í þessu sambandi, brt. á þingskj. 433, um að kaupa handritasafn dr. Jóns Þorkelssonar fyrir 8000 kr. Nefndin hefir haft þetta til íhugunar allan þingtímann, en getur ekki sagt um hvort rétt muni að kaupa, og því síður ákveðið gildi og verðmæti þess. Nú hefir meiri hluti landsbókasafnsnefndarinnar látið í ljósi, að hann vildi eigi sleppa safni þessu, ef sanngjörn kjör fengjust. Vill fjárlaganefndin því gera bókasafninu mögulegt að kaupa, og leggur því til að fjárveitingin til bókakaupa verði hækkuð um 500 kr. á ári. Með því móti væri hægt að kaupa þetta safn á líkan hátt og bókmentafélagssafnið var keypt. Annaðhvort gæti bókasafnsnefndin samið við seljanda, um að afborga honum árlega, eða þá tekið lán upp á þessa auknu fjárveitingu. Tillagan á þingskj. 442 fellur því að sjálfsögðu, ef þetta er samþykt, og ræður nefndin frá henni hvort eð er. Nefndin er á móti brt. á þingskj. 437 um að hækka laun skjalasafnsvarðarins. Álítur hún nú eins og áður 1400 kr. vera nægilegt. Sömuleiðis er nefndin á móti styrknum til Sögufélagsins. Þá eru nokkrar brt., sem eg býst við að nefndin láti hlutlausar, nefnilega styrkinn til Sighvats Borgfirðings, hækkun á styrknum til Good-Templara, lækkun á styrknum til Sigfúsar Einarssonar og síra Valdimars Briem. Brt. á þingskj. 396, við 22. tölulið 14. gr. A, er að eins orðabreyting, og finst nefndinni hún sjálfsögð.

Þá er enn meira blóð í kúnni. Brt. um fjárveitingu til Guðmundar Guðmundssonar skálds er nefndin enn á móti. Ekki af því að hún álíti hann ekki vera búinn góðum skáldahæfileikum, heldur af því að hún vill fara sem skemst í persónulegar fjárveitingar, og álítur hann hins vegar ekki hafa svo alveg sérstaka kröfu til þessa styrks. Nefndin er af sömu ástæðum á móti styrknum til Lúðrafélagsins. Nefndin getur heldur ekki felt sig við brt. á þingskj. 415 um ferðastyrk til Guðmundar Magnússonar, til að menta sig í skáldlist, þó hann sé mörgum verðugri, og því síður á varabr.tillöguna. Nefndin getur enn sem fyrri eigi aðhylst tillögur þær, sem eru á þingskj. 392, um styrk til Karls Finnbogasonar, Sigurðar Sigurðssonar og Konráðs Stefánssonar. Nefndin áleit styrkinn ekki of háan, en vildi hins vegar ekki leiða þessa menn inn á fjárlögin, því þá var tekin úr stífla fyrir óendanlegum straum af sams konar fjárveitingum. Þá er enn komin brt. á þingskj. 394, um að lækka styrkinn til kandídats Boga Melsteð um 400 kr. á ári. Lítur svo út, sem þessi 92

þús. kr., sem útgjöldin aukast, eigi að vinnast dálítið upp með þessari einu sparnaðartillögu. Um leið og eg skírskota til þess, sem mælt var á móti slíkri tillögu við 2. umr., skal eg leyfa mér að benda á, að þessi maður hefir slept 1400 kr. starfi, til þess að geta gefið sig af alefli við söguritunum. En fengi hann nú að eins 600 kr. af þinginu, þá væri það sama og sagt væri við hann: dunda þú bara við þetta í hjáverkum; mér er alveg sama hvort þú gerir nokkuð að því eða ekki neitt. Eg fyrir mitt leyti vil heldur láta strika styrkinn alveg út, heldur en færa hann svo langt niður, að hann sé að eins til móðgunar. Þingið hefir líka altaf verið að krefja þennan mann um ávextina af starfi hans, og nú þegar þeir eru byrjaðir að sýna sig, þá virðist hart að hætta á miðri leið. Nefndin er því algerlega á móti þessari lækkun. Styrkhækkunina til Hólmgeirs upp í 500 kr., samkv. brt. á þingskj. 400, lætur nefndin alveg hlutlausa, og ekki ætla eg að ybbast við háttv. þingm. Ísf., út úr þeim hnútum, sem hann sendi fjárlaganefndinni við 2. umr. Nefndin felst á tillögu hæstv. landsh. á þingskj. 420, um að Ásgeir Torfason fái 1000 kr. af fjárveitingunni sem ætluð er til efnafræðisstofnunarinnar, til þess að sigla og afla sér verklegrar æfingar í efnarannsóknum. Þá er komin fram brt. á þingskj. 415, um hækkun á styrknum til skipakvíar við Eyjafjörð, úr 15000 upp í 20000 kr. Aðalgallinn á þessu máli er, að það er ekki nógu rækilega undirbúið eða skýrt fyrir þinginu. Eg fyrir mitt leyti er sannfærður um, að skipakví inn í Oddeyrarbótinni kemur ekki að fullu gagni, og er þar að auki helmingi dýrari en ef hún væri utar með firðinum, t. d. við Hjalteyri, og gæti að líkindum tekið stærri skipastól. En málið er í sjálfu sér svo gott, að athugavert er að neita styrknum, og lætur nefndin því þessa hækkunartillögu hlutlausa. Þá er brt. við 16. gr. á þingskj. 407, að Jónas Helgason organisti fái 400 kr. í eftirlaun, en 1000 kr., sem nú eru á frv. samkv. till. nefndarinnar, falli í burtu. Nefndin getur ómögulega fallist á þetta, af sömu ástæðum og áður eru færðar. Að því er snertir styrkinn til ekkn-anna Lilju Ólafsdóttur og Magneu Ásgeirsson, þá vill nefndin hafa hreint borð viðvíkjandi 16. gr., eins og við 2. umr., og er því á móti honum. En ef fjárveitingar þær, sem komust inn í 16. gr. við 2. umr., ekki verða feldar, samkv. tillögum nefndarinnar, þá álítur hún rétt að veita þessa styrki, sérstaklega til Lilju Ólafsdóttur. Þá eru loksins þrjár brt. viðvíkjandi 19. gr. Fyrst og fremst á þingskj. 419, um að að 4000 kr. þær, sem geymdar eru í bankanum og nú eru heimilaðar bátaábyrgðarfélagi í Norður-Ísafjarðarsýslu, nái einnig til Vestur-Ísafjarðarsýslu. Þessu er nefndin samþykk. Þá er heimild til 40,000 kr. lánveitingar til skipakvíar við Eyjafjörð. Nefndin er þessu samþykk, með því móti að færa lánsfrestinn, 25 ár, niður í 20 ár. Eg býst við að eg sé nú búinn að orðlengja nóg um breytingartillögurnar, og lyk því máli mínu að sinni.

Björn Kristjánsson: Eg hafði búist við að framsögumaður fjárlaganefndarinnar hefði tekið liðlegar í breytingartillögu mína á þingskjali 406. Það er nú búið að samþykkja fjárframlag til 2 annara sýsluvega og því má þá þessi sýsla ekki fá styrk til vegalagningar, þegar jafn brýn nauðsyn er á að leggja veg eins og þar.

Því hefir verið haldið fram sem ástæðu, að Gullbr.sýsla hefði nægar samgöngur á sjó, en þegar litið er á ferðaáætlun bátsins »Reykjavík«, sem hér

liggur til sýnis, fer þessi bátur að eins 5 sinnum á ári úr Hafnarfirði suður með sjó, en *enga ferð sömu leið til baka*. Má nærri geta hvaða gagn er að slíkum samgöngum. Eg vona því fastlega eftir að háttv. deild samþykki brt., einkum þar sem fjárlagan. líka mælti með að hærri upphæðin væri veitt til þessa vegar.

Þá á eg brt. á þingskj. 405, og er hún að efninu til eins og önnur brt. á þingskj. 401; báðar stefna að því, að aðstoðarlæknir Guðm. Björnssonar verði búsettur í Hafnarfirði, svo á sama stendur hvor brt. verður samþykt. Verði önnurhvor þessara breytt. samþykt, þá er þar með fallin burt ástæða Hafnfirðinga til að biðja um sérstakan lækni. Því þeir vilja eðlilega heldur eiga brot í góðum lækni hér í Reykjavík, heldur en að fá eingöngu ef til vill alveg óþektan sérstakan lækni.

Eg vona að deildin taki þessu máli vel, einkum þar sem Guðmundur Björnsson læknir leyfði mér að skýra deildinni frá því, að hann ætlaði sér að taka aðstoðarlæknir, þó aðsetursstaður hans væri ákveðinn í Hafnarfirði.

Um brt. á þgskj. 408 fanst mér hv. frsm. (P. J.) tala nokkuð öðruvísi en eg hafði búist við; því það var einmitt í samráði við einn mann úr fjárlagan. að við komum fram með þessa brt. um vita á Vestmannaeyjum. — Það er svo margra manna líf í húfi, bæði innlendra og útlendra, og svo margt skip í hættu, að það er sannarlega sárt, ef fjárlögin eiga að fara svo frá þessu þingi, að þessu nauðsynjamáli sé ekki sint, og þurfi það að bíða enn þá í 3 ár eða lengur. Vona eg því að hv. deild og nefnd séu ekki á einu máli um að fella þessa brt.

Þá verð eg að minnast nokkrum orðum á brt. á þgskj. 407. — Mér finst það leiðinlegt, þar sem maður sá, er hér ræðir um, organisti Jónas Helgason, hefir starfað í opinberar þarfir í 26 ár, að hann sé nú umsvifalaust settur af og snarað í hann upphæð nokkurri í viðurkenningarskyni. Hitt virðist mér miklu sanngjarnara og réttara, að hann fái einhvern hæfilegan ellistyrk. Mér finst sannarlega vera kominn tími til þess nú á 20. öld, að koma þeirri reglu á, að einstakir menn geti notið eftirlauna, þó ekki hafi tekið embættispróf, svo sem þessi maður og Hannes póstur; líst mér vel til fallið að byrja nú með að veita þessum mönnum ellistyrk, að viðurkenningu fyrir störf þeirra. — Og þó það verði ekki sagt, að maður sá, er hér ræðir um, sé neitt sérstaklega stórfróður í þessari grein, músíkinni, þá hefir þó reynzlan sýnt, að kunnátta hans hefir komið að stórgagni; það gerir hans sérstaklega eljusemi. Eg hefi aldrei verið í neinum þeim skóla, er músík hafi verið eins vel kend, eins og í barnaskólanum hér í Rvík. Eg hefi verið við söngpróf í barnaskólanum og líka í latínuskólanum, og eg þori að fullyrða, að lærisveinar í 3. og 4. bekk latínuskólans eru ekki eins vel að sér í söngfræði, eins og börnin í 6. bekk barnaskólans. Einstaka menn hefi eg heyrt láta það í ljós, að ekki sé ástæða til að veita þessum manni framhaldandi styrk, með því hann sé svo vel efnum búinn; þetta getur nú verið álitamál; ef maður þessi er svo sérlega vel efnum búinn, þá kemur það af sparsemi hans, en ekki af því hann hafi haft svo mikil laun. Hann hefir haft 1000 kr. í laun; og það, sem hann hefir getað sargað saman í aukatekjur, nemur fráleitt meira en 500 kr. árlega; og þó svo kunni að vera, að hann hafi gerst

allvel efnaður af þessum launum, þá virðist mér sannarlega, að hann ætti ekki að gjalda sparnaðar síns.

Þá er brt. 436 frá hæstv. landsh., sem fer fram á að færa styrkveitinguna til Sigfúsar Einarssonar úr 800 kr. niður í 600 kr. Mér finst dálitið óviðkunnanlegt að vera að lækka þennan styrk, þar sem maðurinn hefir ekki beðið um meira en það, sem hann þarf nauðsynlega; og sérstaklega þegar tekið er tillit til þess, hve afardýrt er að læra hjá góðum söngkennurum, er oft taka 8 krónur fyrir tímann, þá finst mér ekki sanngjarnt að færa þessa fjárveiting niður. Það er, sem sagt, svona dýrt hjá góðum söngkennurum, og af öðrum hefir Sigfús ekki not; vildi eg því óska að hv. deild léti styrkinn standa óbreyttan.

Þá vil eg að endingu víkja að brt. 421. Mér þætti leiðinlegt ef sú tillaga félli, því að eins og eg tók fram áðan, þá væri það sama sem að jarðsyngja músikina hér á landi. Flestir munu viðurkenna, að söngurinn og hljóðfæraslátturinn í kirkjunum sé helmingur guðsþjónustunnar; en þar af leiðir, að það er nauðsynlegt að einhver sé, sem geti kent að spila, og ef þessi kensla er ekki 1000 kr. virði yfir fjárhagstímabilið, þá verð eg að segja, að guðsþjónustan er ekki mikils virði. Þessar 500 krónur árlega eru ekki meira en 1/4 partur af realskólakennaralaunum; og vilji þingið ekki kosta þessu lítilræði til músíkkenslu, þá er það sorglegur vottur þess, hve lítið það vill gera til eflingar hinni fögru íþrótt, sönglistinni, á landi voru.

Landshöfðingi: Eg á hér tvær brt. á þingskjali 420 og 436. — Hin fyrri fer fram á, að bætt sé aths. aftan við 14. gr. B. 11, þar sem er farið fram á styrkveitingu til að koma upp efnarannsóknarstöð hér á landi. — Eins og menn mun reka minni til, og tekið er fram í athugasemdunum við frv. stjórnarinnar, þá samþykti þingið í fyrra þingsályktun um efnarannsóknarstöð, og sneri stjórnin sér þá til þeirra manna hér, er bezt höfðu vit á slíku, og réðu þeir fastlega til, að enginn yrði skipaður yfir stofnunina, nema sá er hefði verklega mentun í þessari grein; það væri sem sé ekki nóg að hann hefði tekið próf við háskólann, heldur yrði hann einnig að hafa fengið praktiska æfingu.

Nú er svo ástatt, að það er ekki völ á öðrum en cand. Ásgeiri Torfasyni, sem fengið hefir styrk af þinginu til að ljúka námi sínu í efnafræði, og hefir hann lokið prófi með lofi; en hann vantar enn praktiska þekkingu, og getur því ekki fengið skipun til þessa starfs, fyr en hann hefir fengið æfingu; og af því hann er fátækur, þá getur hann ekki kostað sig til þess af eigin rammleik. Þess vegna hefi eg stungið upp á, að af fyrra árs styrknum megi verja 1000 kr. til að styrkja hann til að sigla og fá hina vantandi æfingu. Og með því hann verður þá ekki skipaður í embætti þetta fyr en á miðju ári 1904, þá er hér ekki um aukning útgjalda að ræða, heldur sð eins að verja öðruvisi parti af fjárveiting fyrra ársins.

Hin brt. er lítil. Hún fer fram á að styrkur sá, sem veittur er Sigfúsi Einarssyni, sé færður úr 800 kr. niður í 600 kr.; kom eg með hana sérstaklega af því, að flestir aðrir, er slíkan styrk hafa fengið, hafa fengið 600 kr. en ekki 800 kr., og fæ eg ekki séð, hvers vegna veita beri þessum manni meiri styrk. (*Björn Kristjánsson*: Kenslan er dýr.) Eg þykist vita að hann geti að öllum líkindum fengið kensluna ódýrari en margur annar, með því hann er kunnugur mörgum

músíkkennurum í Danmörku. Til samanburðar skal eg taka fram, að Ásgeiri var veittur 600 kr. styrkur, Bjarna Sæmundssyni 600 kr., og nú er komin fram tillaga um að færa fjárveitinguna til síra V. Briem niður í 600 kr. — Fyrir því virðist mér meira samræmi í að Sigfús sé styrktur með 600 kr. að eins.

Að öðru leyti sé eg enga ástæðu til að ganga inn á hinar framkomnu brt., sem eru margar og sumt afturgöngur frá 2. umr.; mun eg greiða atkv. eins og við 2. umr.

Hv. frsm. (P. J.) gat þess, að nefndin hefði hugsað sér, að það mætti veita stjórninni heimild til að taka lán gegnum fjárlögin. En eg sé ekki að slíkt sé leyfilegt eftir 23. grein stjórnarskrárinnar. Það er að sínu leyti eins og með þjóðjarðirnar; það hefir aldrei verið gefin heimild í fjárlögunum til að selja þær. Eg verð því að álíta, ef nauðsynlegt er að taka lán, að þá verði að gefa heimild til þess með sérstöku lagaboði.

Hermann Jónasson: Eg hefi komið með brt. á þgskj. 427, af því eg var svo óheppinn að lenda í minni hluta í nefndinni. Brt. fer fram á, að til skólans á Blönduósi séu veittar 400 kr. hvort árið til kenslu í heimilisiðnaði og hannyrðum. Byggi eg þetta á því, að á síðustu fjárlögum voru kvennaskólanum í Reykjavík veittar 300 kr. í þessu skyni; og nú er farið fram á að sú fjárveiting hækki upp í 500 kr.; fæ eg ekki séð, hvers vegna þessir skólar eiga ekki að búa við sömu kjör, og þó hefi eg ekki farið fram á meira en 400 kr. til skólans á Blönduósi, eða 100 kr. minna en Reykjavíkurskólanum er ætlað að fá. Enn meiri sanngirni virðist mér mæla með þessari tillögu, þegar þess er gætt, að 1901 voru kvennaskólanum í Reykjavík veittar 1200 kr. til kensluáhaldakaupa, en skólanum á Blönduósi ekkert, þrátt fyrir það, þótt hann keypti þá kensluáhöldin og byrjaði kenslu í innlendum heimilisiðnaði og hannyrðum. án þess að fá nokkurn sérstakan styrk til þess.

Annar töluliðurinn í till. þessari fer fram á sömu fjárveiting og í sama skyni fyrir skólann á Akureyri. Það er eins með þann skóla og skólann á Blönduósi, að hann hefir ekki fengið neitt fé úr landssjóði til áhaldakaupa; en þó kensla hafi enn ekki farið þar fram, þá eru nú keypt kensluáhöld í þessari grein.

Hvað þriðja töluliðinn snertir, þá álít eg að hann geti ekki orðið deiluefni; þar er ekki farið fram á neina gjaldahækkun, heldur að eins að styrkurinn fyrir námsmey hverja sé hækkaður úr 35 kr. upp í 40 kr., svo að fremur geti notast upp þær 3000 kr. sem veittar eru, eins og meiningin hlýtur að vera. En þó styrkurinn fyrir námsmey hverja sé settur upp í 40 kr., þurfa þær þó að vera 75 alt skólaárið á norðlenzku kvennaskólunum, til þess að allur styrkurinn vinnist upp; en eftir því sem reynslan hefir sýnt, mun lítil von að svo margar námsmeyjar verði allan veturinn, og ekki gera betur en að húsrúm leyfi slíkt.

Það liggur fyrir þinginu áætlun um kostnað við rekstur kvennaskólans á Blönduósi, og eftir henni verður kostnaðurinn minst 6400 kr. Upp í þetta má búast við 500 kr. úr jafnaðarsjóði Norður- og Austuramtsins, og eftir fjárlögunum í hæsta lagi 3000 kr.; eða með öðrum orðum hæstu tekjur, sem hægt er að hugsa sér að skólinn hafi, eru um 3500 kr. — Það sjá nú allir, að þennan 3000 kr. tekjuhalla getur sýslufélagið með engu móti á sig lagt; enda væri það ósanngjarnt, þar sem skólinn

er jafnt fyrir alt landið. Eini vegurinn verður þá, að hækka skólagjaldið fyrir stúlkurnar; en það væri ósanngjarnt, þegar litið er á, hvernig skólamentun hér hagar til.

Það hefir oft verið fundið kvennaskólunum til foráttu, að mentun sú, er þeir veita, sé að eins kák. En af hverju stafar það, nema af því, að svo lítið fé er lagt til þeirra skóla, og laun kennara eru þar svo lág, að ómögulegt er að útvega nægilega og sem bezta kenslukrafta. — Eg verð að treysta hv. deild til að sjá, að það er mjög ósanngjarnt að stúlkur borgi meira með sér en piltar, og það því fremur, sem skólavistin að öðru leyti hlýtur að verða þeim dýrari. Karlmennirnir þurfa ekki að leggja sér til annað en kenslubækur og ritföng; þess þurfa stúlkurnar líka og auk þess meira en lítið til hins verklega náms; svo að skólagangan verður þeim dýrari, þó önnur skilyrði væru þau sömu. Þegar litið er á möguleikann fyrir karlmenn og kvenmenn að kosta sig til námsins, þá vita allir, að það er hægra fyrir karlmann að vinna sér inn 200 kr. yfir sumarið, heldur en fyrir kvenmann 100 kr. Af þessu stafar, að margt kvenfólk getur ekki verið á skóla nema $^1/_2$ vetur eða einn í mesta lagi, og þegar þess er gætt, þá er sannarlega eðlilegt, að kvennaskólamentunin verði ekki annað en hálfgerð kákmentun.

Þetta misrétti gegn kvenfólkinu er mjög óheyrilegt. Það þótti rangt áður, er konur erfðu ekki nema $^1/_2$ á við karlmenn, og þess vegna var því breytt með erfðalögunum 25. sept. 1850. En hugsunarhátturinn er ekki breyttur að því er mentunina snertir. Í frv. stjórnarinnar var til karlmannamentunar ætlað 173000 kr. en til kvennamentunar 144000 kr. Þegar litið er á námsstyrk eða ölmusur við skólana, þá getur piltur, sem reynist nokkurn veginn viðunanlega, fengið alt að 200 kr. við latínuskólann, prestaskólann og læknaskólann, fyrir veturinn, auk húsaleigustyrks á hærri skólunum; á realskólanum á Möðruvöllum hafa verið veittar alls 400 kr. í ölmusur. En af kvennaskólunum hefir að eins Reykjavíkurskólanum verið veitt 300 kr. í námsstyrk handa fátækari sveitastúlkum. Síðasta vetur voru þar 40 námsmeyjar, og ef þær hefðu allar verið efnalitlar sveitastúlkur, þá hefði ölmusan verið til jafnaðar 7 kr. 50 aur., og er æði mikill munur á því og 200 kr.

Af landssjóði er varið líðlega 12 sinnum meira til mentunar karla en kvenna, en þegar þess er gætt, að flestir erfa lítið eða alls ekkert annað eftir foreldra sína en uppeldið, eða þann undirbúning, sem þeim er veittur til að há lífsbaráttuna, þá gilda enn hin ranglátu erfðalög og fara stöðugt versnandi.

Hugsum oss foreldra, sem ættu 13 börn, 12 dætur og einn son; mundi það ekki álitið ósanngjarnt, ef þessi eini sonur erfði eins mikið og allar dæturnar til samans? Og þegar litið er á uppeldi og mentun, sem vanalega er eini arfurinn, og í rauninni er ekki annað en undirbúningur undir lífsbaráttuna, mundi þá sonur þurfa að vera í 12 faldri brynju, en dóttir að eins í einfaldri? Er lífsbaráttan léttari fyrir konur en karla? Eða er sonurinn 12 sinnum þróttminni en dóttirin? Eða er staða kvenna þýðingarminni en karla? Um það má auðvitað deila; en yfirleitt álít eg að staða kvenmannsins sé eins þýðingarmikil fyrir þjóðfélagið. En þessi kyrláta staða er oft launuð með vanþakklæti, áhyggjum og svitadropum;

og með hinum þýðingarmiklu móðurstörfum fylgja því miður oft andvökur og tár. Og til undirbúnings þessu starfi, starfi er miðar að því, að leggja hina fyrstu undirstöðu að menning og manndygð hinnar komandi kynslóðar, þykir ekki þörf á að verja nema örlitlu fé; en handa karlmönnunum, sem eru að búa sig undir að komast í feit embætti, er varið stórfé, eftir fjárhagsmælikvarða vorum að dæma — Eg treysti því að allir sjái, að skynsemi og réttlæti mæla á móti slíkum ójöfnuði; enda skora eg á hvern sem getur, að færa fram vörn í slíku máli.

En eg treysti svo sanngirni hv. deildar, að hún samþykki þessar tillögur.

Stefán Stefánsson: Eg skal fara fáeinum orðum um breyt.till. mentamálanefndarinnar, sem fjárlagan. ekki gat fallist á að öllu leyti, en tók upp að nokkru leyti, t. d. um að hækka styrkinn til sveitakennara. Mentamálanefndin vildi gera sitt til að barnafræðsla gæti farið batnandi, en það getur að eins orðið með stofnun kennaraskóla, en það er lítil von um að kennaraskólinn verði þolanlega sóttur, ef kjör kennaranna ekki eru bætt, því ólíklegt er, að efnilegir menn vilji kosta tíma og fé til að búa sig undir þá stöðu, sem er ólífvænlegri en flestar aðrar. En þessa hækkun vildi mentamálanefndin binda því skilyrði, að helmingur fjársins, eða þriðji hluti af launum kennaranna, auk fæðis, þjónustu og húsnæðis, yrði goldinn annarstaðar frá, og þá vanalegast úr sýslusjóðum. Þá er till. um að styrkur til barnaskóla annarstaðar en í kaupstöðum verði einnig nokkuð aukinn, og hefir fjárlaganefndin ekkert á móti því; því bæði fjölgar þessum skólum stöðugt, og svo væri æskilegt að kjör kennaranna við þessa skóla gætu batnað. Nefndin vildi yfir höfuð sýna með þessum aukningum, að hún áliti rétt, að útgjöld til mentamálanna ættu að fara vaxandi, svo betra skipulag kæmist á þau.

Þá er breyt.till. um aukinn styrk til að semja kenslubækur. Mentamálanefndin hafði lagt til, að veittar yrðu 1000 kr. í því skyni, en þingsál.till. í þá átt var feld í h. Ed., af því hún þótti ekki nógu formleg; háttv. Ed. hefir auðsjáanlega ekki treyst sér til að laga formið, en þetta er auðvitað að eins viðbára, til þess að geta haft einhverja ástæðu til að fella tillöguna. Fjárlaganefndin hnýtti því skilyrði við styrkveitinguna, að 500 kr. yrði varið til að semja lestrarbók handa alþýðuskólum. Vona eg að háttv. deild samþ. þenna litla styrk.

Þá er breyt.till. um styrk til skóla í Búðardal í Dalasýslu. — Fyrir fjárlaganefndinni lá beiðni um styrk frá Sigurði Þórólfssyni, til þess að halda uppi lýðháskóla. Nefndin vill nú sameina þetta tvent og styrkja Sigurð með því móti, að hann haldi lýðháskóla sinn í Dalasýslu í Búðardal, þar sem bæði hús og ýms kensluáhöld eru til. Nefndin gerði því þá fyrirspurn til skólastjórnarinnar, hvort hún ekki vildi ráða Sigurð Þórólfsson fyrir kennara, og reka skólann sem lýðháskóla, og kvaðst stjórnin vera fús til þess, ef til þess yrðu veittar 1200 kr. af landsfé. Fjárlaganefndin félst á það, og leyfi eg mér að mæla með styrkveitingunni. Annars er það gott, að sveitir leggi eitthvað fram til skólanna, af því það mundi skerpa áhugann og bæta eftirlitið.

Eg vil að eins, áður en lýk máli mínu, láta í ljós þá skoðun, að háttv. þm. S. Þing. (P. J.) fór óþarflega hörðum orðum um skipakví á Akureyri. Undirbúningurinn er þar eins góður og

framast voru föng á; staðurinn mæld ur og kortlagður af mönnum, sem talsvert hafa fengist við bryggjusmíði og eru mjög verkhyggnir menn.

Jón Magnússon: Breyt.till. mín (421) fer ekki fram á mikla fjárhækk un. Um fyrsta lið breyt.till. er ó þarfi að tala, því háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) hefir talað svo vel fyrir henni, og með því að hann er hinn eini fagmaður í hinni háttv. deild í þeirri grein, sem um er ræða, þá getur hann talað um málið eins og sá, er myndugleika hefir. Eg hefi því engu við hans orð að bæta, og er þessum háttv. þm. mjög þakklátur fyrir aðstoð hans. Hvað hinn lið breyt.till. snertir, styrk til Magnúsar organista Einarssonar, þa er eg einnig svo heppinn að geta látið aðra tala fyrir mig, og skal eg í þessu efni leyfa mér að skírskota til álits fjárlagan. Nd. 1901, er fer þeim orðum um þenna mann og þessa styrkveit ing, að það er varla mögulegt að skilja það öðruvísi en sem eins konar loforð um æfilangan styrk, þar sem svo er komist að orði:

»Þar sem þessi maður hefir um mörg undanfarin ár sýnt dæmafáan áhuga og elju á að efla framfarir í sönglist, og kent fjölda manns fyrir litla sem enga borgun, virðist nefndinni hann fyllilega eiga nokkra viðurkenning skil ið, og leggur því til, að honum sé veittur 300 kr. styrkur hvort árið, svo að hann geti nú á elliárum sínum haldið áfram þessari lofsverðu starfsemi sinni, og þurfi ekki framvegis að verja eins miklu af tíma sínum til þess að afla sér lífsviðurværis með líkamlegri vinnu«. En í háttv. fjárlaganefnd sitja nú 4 hinir sömu, sem fjárlaganefnd Nd. skip uðu 1901.

Hvað þriðju brt. snertir, um að aths. falli burt, þá er það auðsætt, að það er meiningarlaust að fela amtmanni yfir Norðuramtinu yfirumsjón gagnfræðaskól ans, þar sem ekki er ætlast til að amtmannsembættið standi lengur en til okt. 1904.

Eg er mótfallinn því að verja nú 10,000 kr. til að kaupa skjalasafn Dr. Jóns Þorkelssonar, en gæti vel felt mig við það, að laun hans væri hækkuð upp í 1800 kr., því að mér er persónulega kunnugt um, að starf landsskjalavarðarins er mjög mikið, og hlýtur að verða svo, fyrst um sinn að minsta kosti. Með því að eg er þeirrar skoðunar, að landið sé skylt til að sjá föstum starfsmönnum sínum, er ekki hafa eftirlaunarétt, og ekkjum þeirra á einhvern hátt borgið, þá er þeir geta eigi lengur unnið fyrir sér eða séð konum sínum borgið, og að meðan það er ekki gert á annan hátt, verði að veita til þess fé sérstaklega í hvert skifti á fjárlögunum, þá hlýt eg að greiða atkv. með breyt.till. um eftirlaun handa ekkju Magnúsar héraðsl Ásgeirssonar og Hannesi pósti.

Björn Bjarnarson: Nafn mitt stendur á nokkuð mörgum breyt.till., og er það ekki af því, að eg ætli að greiða atkv. með þeim öllum, heldur af því að eg hefi viljað hjálpa mönnum með að koma þeim að. Eg vil leyfa mér að fara fáeinum orðum um eina af mínum breyt.till. (371), um laun bókavarðarins við Landsbókasafnið. Mér finst sanngirni mæla með því, að laun hans verði hækkuð upp í 1900 kr. Hann hefir verið 20 ár við safnið, fyrst með mjög litlum launum. Vinna hans er mjög mikil í samanburði við vinnu annara embættismanna, er líkt standa að vígi, t. d. kennara, því þar sem þeir þó hafa sumarfrí, er bókavörðurinn bundinn alt árið við safnið, með 5 tíma vinnu á hverjum degi,

nema sunnudögunum. Bókavörðurinn fullnægir þeim skilyrðum, sem af honum eru heimtuð; hann er vel mentaður maður og mætavel að sér í tungumálum, sem er mjög mikill kostur á manni í hans stöðu. Vona eg að hinni háttv. deild þyki hækkunin ekki ósanngjörn.

Þá hefi eg aðra breyt.till., um að ekkjufrú Lilju Ólafsdóttur séu veittar 150 kr. á ári í eftirlaun. Að þetta sé sanngjart efast víst enginn um. Maður hennar, sem dó í vor, var prestur á litlu brauði og lélegu, enda áttu þau ekki skapaðan hlut til nema 7 börn, 1—10 ára gömul, og til þess að kosta uppeldi þessara barna á hún að fá 170 kr. á ári, 100 kr. af prestaekknasjóði og 70 kr. af brauðinu, og geta víst allir séð, hvað létt henni muni veita það! Það hefir víst enginn, sem sótt hefir um styrk, meiri þörf á að honum sé gerð úrlausn, en þessi fátæka ekkja, og vona eg að háttv. deild sjái þetta og veiti þessa litlu upphæð.

Einar Þórðarson: Eg hefi leyft mér að koma aftur fram með breyt.till. um styrk handa Karli Finnbogasyni og Sigurði Sigurðssyni, til að ljúka námi á Blaagaards Seminarium í Kaupmannahöfn; geri eg það af því, að eg hygg að hinni háttv. deild hafi ekki verið málið nógu ljóst síðast. Því það er mér öldungis óskiljanlegt, og því trúi eg ekki fyr en eg tek á, að þingið skuli ekki vilja styrkja efnilega unga menn til þess að ljúka námi sínu, þegar þeir eru langt og vel á veg komnir. Eg bið menn að eins til samanburðar að athuga, hvað aðrir mentamenn, svo sem stúdentar frá latínuskólanum, og hvað kennararnir í Flensborg kosta landssjóð, og svo að hyggja að því, hvort þeir geti fundið nokkuð, sem réttlætir það, að neita þessum mönnum um þenna litla styrk.

Þá hefi eg breyt.till. um að hækka styrkinn til Good-Templarafélagsins um 200 kr. á ári. Þingið hefir oft látið í ljós, að það vill styrkja bindindisstarfsemi, og er það öllum ljóst, að það verður ekki gert betur en að styrkja þetta félag, og þykist eg því ekki þurfa að mæla frekara með þessari hækkun.

Þá hefir hin háttv. fjárlaganefnd lagt það til, að lækkuð verði fjárveitingin til sjúkraskýlis á Brekku í Fljótsdal.— Þykir mér hún hafa verið helzt til djarftæk um það efni. Gæti eg fært til þess margar ástæður, að slík niðurfærsla er misráðin. En þó er það sérstaklega ein, er eg vil leyfa mér að benda á. Það má telja sennilegt, að eitt sjúkraskýli mundi nægja fyrir alt Fljótsdalshérað, væri það vel úr garði gert, því að svo hagar til þar um bygðir, að ekki er óhægt um flutning á sjúklingum á hvaða tíma árs sem er; á vetrum mætti flytja þá á sleðum og á sumrum á bátum eftir fljótinu; og þess greiðara mundi verða um þessa flutninga, er gufubátaferðir væri komnar á, eins og vonir benda til, að verða muni innan skamms.

Þess vegna finst mér rétt, að styrkurinn til byggingar sjúkraskýlisins sé ekki skorinn svo mjög við nögl, sem nefndin vill, heldur sé hann svo ríflega af hendi látinn, að sjúkraskýlið geti orðið nokkurn veginn myndarlegt. — Enn fremur er þess gætandi, að eins og nú stendur á, er ekkert fast læknissetur fengið í Fljótsdalshéraði nema þetta eitt, og engin líkindi virðast til, að nokkuð annað fáist á landssjóðseign; þess vegna finst mér rétt og heppilegt, að einmitt þar, á Brekku, verði reist sjúkraskýli, og gert svo vel úr garði, að það nægi fyrir Héraðið alt.

Á þskj. 428 er breyt.till. frá samgöngumálanefndinni um að verja skuli alt að 40,000 kr. til þess að fullgera

brú á Lagarfljóti, og setja ferju á Steinsvaði. Eg býst við að frmsm. þeirrar nefndar muni skýra þetta mál og standa fyrir svörum í því. Þó vil eg leyfa mér að drepa lauslega á helztu atriðin, er vakað hafa fyrir mér um þetta efni. — Fyrirtæki það, sem hér er um að ræða, má telja eitthvert hið mesta nauðsynjamál, og því jafnframt eitthvert hið mesta áhugamál Héraðsmanna. Og allir þeir, sem farið hafa yfir Lagarfljót og vita af eigin reynd, hvernig sú yfirferð er fyrir menn og skepnur, allir sem hafa séð, hvernig hestarnir oft og tíðum gefast upp á sundinu eða komast með mestu harmkvælum í land, þeir munu viðurkenna nauðsyn þessa fyrirtækis. Það er og algengt, að menn alls ekki komist yfir fljótið eða verða að bíða lengi við það, og má nærri geta hvílíkt tjón og verktöf er að slíku. — Eins og kunnugt mun vera, er þetta mál orðið hálf-gert vandræðamál, og töluvert hik er komið á menn um það, hvort því beri að halda áfram. Nú hefir samgöngumálanefndin tekið það til íhugunar, og hafa henni virst allar upplýsingar benda eindregið í þá átt, að nauðsyn beri til þess, að halda því áfram til fullra framkvæmda; finst henni full trygging fyrir því, að koma megi á brú einmitt á þessum stað, er upphaflega var til ætlast. Það sem sérstaklega hefir valdið því, að þetta hik kom á menn, er það atvik, að 16. jan. síðastliðinn vetur nam ísrek í fljótinu burt staura þá, er þegar höfðu verið reknir niður. En eftir öllum upplýsingum, er komið hafa fram um þetta atvik, er það alveg sérstakt í sinni röð. — Þannig hagar sem sé til, að fljótið byrjar fyrst að leggja neðan til; er þá ísinn því veikari, sem ofar dregur; getur þá komið fyrir, er fljótið ekki er lagt upp úr gegn og landssynningur skellur á, að skörina sprengi upp að ofan. En slíkt ísrek nær aldrei langt, enda á það sér aldrei stað, er fljótið leysir á vorin, því að þá grotnar ísinn alveg eins og vanalegt er á stöðuvötnum. Ísrek það, er myndaðist í vetur, kom þannig fyrir, að nokkrum tíma áður hafði fljótið lagt kringum brúna; dreif þá niður miklum snjó og því næst gerði frost. Fljótið hélt þá áfram að leggja nokkuð upp eftir, inn fyrir svokallaðan Egilsstaðaflóa, og myndaðist þar þykk ísskán, en næst brúarstæðinu var ísinn ónýtur af því snjórinn hlífði honum. Þá gerði hlákur og rigningar, og þiðnaði þá ísinn næst brúnni, svo að fljótið varð þar alautt, en ofar hélzt öflug ísspöng; þegar svo veðrinu 16. jan. laust á, brotnaði spöngin og ruddist á stöplana og braut þá. Þetta, að stöplarnir ekki stóðust ísrekið, er þó engin sönnun fyrir því, að brúin hefði ekki þolað það, ef hún hefði verið fullbygð. Fyrst og fremst liggur það í augum uppi, að þessir einstöku staurar eru miklu óstyrkari þannig einstakir, heldur en þegar þeir hafa styrk hver af öðrum í brúnni. Þá er þess að gæta, að þeir voru eigi reknir niður til fulls, og auk þess voru ofan á þeim þung járn; undir eins og stöplarnir fóru að hallast, hjálpaði járnþunginn til þess með vogarstangaraflinu að fella þá eða brjóta. Þess vegna er óhætt að segja, að þetta atvik er engin sönnun fyrir því, að brú geti ekki staðist á fljótinu sakir ísreks. Hins vegar er það auðvitað heldur engin sönnun fyrir því, að svo gæti ekki farið, að ísrek sakaði brúna. En til tryggingar því, að slíkt geti ekki komið fyrir, hafa verkfræðingar lagt það til, að settir yrðu ísbrjótar á stöplana, og mun það nægja.

Sumir hafa stungið upp á því, hvort ekki mundi tiltækilegra að setja járnbrú á Steinsvaði, heldur en við Egils-

staði. En eftir áætlunum þeim, er gerðar hafa verið, þá mundi það ekki reynast miklu ódýrara. Og auk þess mundi brú á Steinsvaði ekki koma Héraðsbúum að jafn-miklum notum, sem við Egilsstaði.

Þá hefir líka verið stungið upp á því, að leggja algerlega árar í bát og hætta við brúargerðina. En hvorttveggja er, að mál þetta er komið á góðan rekspöl, og því viðsjárvert að kippa fótum undan því, einkum þar sem það er svo mikið velferðarmál fyrir Héraðsbúa. — Og auk þess hafa nú þegar miklir peningar verið í það lagðir, og væri þeim á glæ kastað, ef nú ætti að hætta við alt saman. Til staðarins hefir verið dregið brúarefni fyrir um 50 þúsund krónur, vegir hafa verið lagðir þar að o. s. frv.

Með tilliti til þessa, er eg nú hefi tekið fram, vona eg að sú brt.till. sámgöngumálanefndarinnar um þetta efni, er hér liggur fyrir, verði samþykt. — Annars veit eg, að háttv. frmsm. þeirrar nefndar muni skýra málið betur.

Hannes Þorsteinsson: Eg er þakklátur hinni háttv. fjárlaganefnd fyrir 2 af breyt.till. hennar, sérstaklega fyrir 1. breyt.till. á þskj. 432, sem er þess efnis, að verja megi alt að 800 kr. af jarðarafgjöldum til umbóta á jarðarhúsum á jörðinni Laug í Biskupstungum. Þetta er í samræmi við till. þá, er eg ásamt háttv. samþingismanni mínum flutti við 2. umr. fjárlaganna; þótt sú till. næði ekki fram að ganga, þá upplýstist þó við umræðurnar, að krafa hennar var sanngjörn. Enda hefir nú nefndin fallist á það, að ekki væri rétt, að láta jörðina gjalda þess, að hún er ein sér í umboði. En eg er þakklátur nefndinni fyrir það, og skal því ekki fara um það fleirum orðum.

Aftur á móti er eg ekki þakklátur hinni háttv. nefnd fyrir undirtektir hennar undir breyt.till. á þskj. 403, þar sem farið er fram á 600 kr. styrk til Sögufélagsins hvort árið. Eins og háttv. þingdeildarmenn vita, þá var félaginu ætlað á fjárlagafrumv. frá stjórninni 800—800, en nefndin skar það algerlega niður, án þess einu sinni að færa ástæður fyrir. Háttv. frmsm. gat þess að vísu, að ástæðurnar hefðu verið teknar fram bæði í nefndarálitinu og í framsögu sinni. En eg man ekki til, að eg hafi séð þær né heyrt. — Háttv. frmsm. mun hafa smogið fram hjá þeim flestum í ræðu sinni, og í nefndarálitinu er að eins sagt, að nefndin sæi enga ástæðu til þess að veita þennan styrk. Slíkt viðkvæði má hafa um alt, að ekki sé ástæða til þess! Það er venjulega ekki kallað ástæður. — Í framsögu sinni taldi háttv. frmsm. það til, að Bókmentafélagið hefði sama hlutverk með höndum sem Sögufélaginu væri ætlað, og styrkurinn miðaði því ekki til annars en að efla »konkúrrance« gegn Bókmentafélaginu. Aðra ástæðu man eg ekki til að hann færði fram. — Mikil vandræði væru það, eða hitt þó heldur, ef annað félag færi að keppa við Bókmentafélagið í útgáfu íslenzkra sagnarita. Því ber sízt að neita, að það er tilgangur Sögufélagsins, að keppa við Bókmentafélagið að vissu leyti. — En þess ber vel að gæta, að Bókmentafélagið hefir líka önnur hlutverk með höndum; og að því er útgáfu sagnarita snertir, hefir það sýnt sig næsta afkastalítið. Safn til Sögu Íslands hefir það að vísu gefið út, en mjög dræmt hefir það gengið, og auk þess hefir það safn mest megnis inni að halda frumsamdar ritgerðir. Sögufélaginu er aftur á móti ætlað að gefa út óprentuð heimildarrit alt frá siðabótartímum og fram eftir öldum.

Nú hefi eg í till. minni breytt til frá því, er stóð á stjórnarfrumv., og farið fram á, að Sögufélagið fái alt að 600 kr. hvort árið, þannig, að því greiðist 30 kr. fyrir hverja örk, er það gefur út. Styrkurinn er því bundinn við arkarfjöldann. Gefi það að eins út 10 arkir á ári, fær það að eins 300 kr. o. s. frv. — Auðvitað eru 30 kr. ekki nándar nærri nóg til þess að kosta útgáfu hverrar arkar; þær nægja naumast fyrir pappír, prentun og prófarkalestri; alla vinnu við útgáfurnar verður því félagið sjálft að kosta af tillagi meðlima sinna, að öllu samantöldu getur kostnaðurinn við hverja örk ekki orðið minni en 50 kr. En samt sem áður munum við gera okkur ánægða með þenna styrk, af því að gera má ráð fyrir, að félagið fái þó dálitið inn af tillögum meðlima. Hins vegar er ómögulegt fyrir svona félag að lifa af tillögunum einum. Eg veit ekki betur en að Bókmentafélagið hafi heldur ekki komizt af styrkslaust; alt af hefir það verið að biðja um meira og meira, og hefir líka fengið það. Því skyldi þá fremur vera ástæða til þess, að meina þessu félagi að fá styrk? Eg held það væri ekki hundrað í hættunni, þó að það konkúrreraði við Bókmentafélagið! Bókmentafélagið mundi naumast kollhlaupa sig í þeim konkúrrance. Eg held, að það mætti öllu heldur vera þakklátt Sögufélaginu, ef það hlypi undir bagga með því. Félögin gætu þá skift með sér störfum, og Bókmentafélagið notið sín betur eftir en áður við hin önnur hlutverk sín.

Eg álít því sjálfsagt fyrir þingið að veita þenna styrk til reynslu. Ef það kemur í ljós, að hann sé ófyrirsynju veittur, má kippa honum burt á næsta þingi. Öðru máli væri að gegna ef hér væri um skilyrðilausa fjárveitingu að ræða. (*Tryggvi Gunnarsson*: Það er tilgangslaust að styrkja svona félög!) Háttv. þm. Rv. (Tr. G.) ætti sem formanni Þjóðvinafélagsins að vera kunnugt um, hversu vel það hefði getað lifað styrklaust. Mundi það ekki löngu dautt, ef það hefði ekki lifað á opinberu fé? Yfir höfuð að tala eru svona félög dauðadæmd, njóti þau engrar hjálpar við. (*St. Stefánsson*: Eg held þau megi þá deyja!) Ilt hefði þó mörgum þótt, ef Þjóðvinafélagið hefði dáið strax eftir fæðinguna. Töluvert gagn hefir það þó gert; því verður ekki neitað. Og það félag, sem hér er um að ræða, mundi ekki gera það síður, ef því væri sýnd tilhlýðileg rækt. Það leggur stund á þá grein, er vér allir viljum styðja, eða ættum að vilja að minsta kosti.

Þá skal eg víkja að till. á þingskj. 402, þar sem farið er fram á 7,500 kr. fyrra árið til brúargerðar á Sogið hjá Alviðru, gegn því að jafnmikið fé verði lagt fram annarstaðar frá. Mál þetta er dálítið kunnugt hér í deildinni; eg bar það sem sé fram á þingi 1901, en af því að engin sundurliðun var á fjárlögunum, er það gæti komist undir, var það ekki borið upp fyr en nokkuð seint; mátti heita að það fengi þá góðar undirtektir, þar sem það féll að eins með eins atkvæðis mun (12 gegn 11). Í þessari tillögu er farið fram á, að landssjóður leggi til helming kostnaðarins, eða 7500 kr.; en svo hefir hlutaðeigandi sýsla boðist til að leggja fram 5000 og einn hreppur, er mundi hafa mest not af brúnni, hefir lofað 2500 kr.; þannig leggja þau til, sýslan og þessi hreppur, jafnmikið fé landssjóðstillaginu. Það er varð tillögunni að falli á þinginu 1901, var ekki það, að menn væru henni mótfallnir, heldur hitt, að málið þótti ekki nægilega undirbúið, þar sem nákvæma áætlun um kostnaðinn vantaði. Að eins

lausleg áætlun lá þá fyrir, er gerði ráð fyrir, að brúin mundi kosta 15 þús. kr. Nú hefir nákvæm áætlun verið gerð, og samkvæmt henni eru 15 þús. kr. fyllilega nægilegt til brúargerðarinnar. Þessi áætlun er samin af verkfræðing Sig. Thoroddsen. Það er því ekki rétt, sem háttv. framsm. (P. J.) sagði, er hann kvað hæpið, að 15 þús. kr. mundu nægja; það er meira að segja fullhátt, eftir því sem verkfræðingurinn hefir skýrt mér frá. Eg skal geta þess til skýringar, með því að fáum af háttv. deildarmönnum mun kunnugt um landshætti þar eystra, að ef brú kæmi á Sogið, þá væri hún til hagnaðar og afnota ekki einungis fyrir eina, heldur fyrir tvær af allra stærstu og blómlegustu sveitum landsins, Grímsnes og Biskupstungur. Eg geri ráð fyrir, að þá yrði vegur lagður upp í gegn um þessi héruð, til Geysis, og væri þar með fengin eins konar lífæð gegnum miðja sýsluna. Nú er í ráði að stofnuð verði rjómabú í Grímsnesi. En eg get ekki betur séð, en að ókleift yrði með flutninga til og frá rjómabúunum, ef ekki verður áður bætt úr samgöngunum þar. Eins og menn vita, er Grímsnes umkringt af vötnum á þrjár hliðar, að vestan af Þingvallavatni og Sogi, að sunnan af Hvítá, að austan af Hvítá og Brúará. Þess vegna er það lífsskilyrði fyrir þessa sveit, að brú verði lögð á Sogið. Það má heita, að hvergi sé á því vað. Reyndar er stundum farið yfir það á svonefndu Álftavatni, undan Torfastöðum í Grafningi, en nú sem stendur er það vað ófært nema fyrir lausriðandi menn; með klyfjahross verður þar eigi farið, sakir þess, að djúpir álar eru í fjótinu, svo að hestarnir fara næstum á sund; má nærri geta hversu heppilegt það er fyrir klyfjar, sem ekki mega vökna. Auk þess er fjótið þar svo breitt, að menn eru hálfan tíma að fara þar yfir. Þetta vað er í rauninni sama sem ekkert vað. Annars eru 3 eða 4 ferjustaðir við Sogið. En jafnskjótt sem brúin væri komin á, mundi öll umferð, sem nú er um ferjustaðina, safnast að brúnni.

Og þar sem nú sýslan hefir viðurkent nauðsyn þessa máls og vill leggja til helming kostnaðarins, þá finst mér hin háttv. deild hafa átt að taka vel í það. En, eins og kunnugt er, hefir nú fjárlaganefndin komið fram með brt. á þingskj. 430, er fer fram á svofeldar breytingar á tillögu okkar, að í stað 7500 kr. komi alt að 6000 kr., og í stað »jafnmikið fé« komi »tvöfalt fé«. Það er auðvitað, að við flutningsmenn göngum að þessu heldur en engu, þótt harðir kostir séu, og þótt vér efumst um, að sýslan muni sjá sér kleift að leggja fram 10—12 þús. kr. til brúargerðarinnar; hún hefir svo mörgu að sinna, það er svo margt, er liggur ógert vegna vanefna. Samt sem áður lýsi eg því yfir, að við flutningsmenn munum til vara ganga að brt. nefndarinnar, en vér óskum þess helzt, að vor eigin tillaga nái fram að ganga. Nefndin hefir borið fyrir sig, að heppilegt væri, að þeirri meginreglu væri fylgt framvegis um fjárframlög til ýmsra fyrirtækja í héruðum, að landssjóður legði til þriðjung kostnaðar, en hlutaðeigandi héruð tvo þriðjunga. Má vera að það væri góð regla, en eg sé enga ástæðu til að byrja á henni einmitt í þessu máli.

Skal eg svo ekki orðlengja umræður frekar að sinni.

Lárus H. Bjarnason: Eg skal játa það, að það kom töluverður glímuskjálfti í mig sem framsögumann samgöngumálanefndarinnar, þegar eg sá brt. háttv. fjárlaganefndar. En eg

stiltist mikið, er háttv. framsögumaður fjárlaganefndarinnar lýsti því yfir, að nefndin ætlaði sér ekki annað með brt. sínum, en að vekja athygli deildarinnar á þeim, og að nefndin byggist ekki við, að breytingartill. sínar yrðu samþyktar. Reyndar þykir mér það nokkuð nýstárleg aðferð, að bera fram tillögur í því skyni einu. Nú, en eg skal reyna að trúa háttv. framsögumanni, og vík svo að málinu sjálfu.

Aðalástæða háttv. framsm. fyrir brt. nefndarinnar var barlómurinn um tekjuhallann. Eg skal nú að vísu játa, að tekjuhallinn er mikill, en eg vil þó benda háttv. framsögum. á, að hann er að kenna alveg sérstæðum atvikum, fjárveitingum, sem ekki ganga aptur. Þannig ganga 50,000 kr. til Jökulsárbrúarinnar, 40,000 kr. til Lagarfljótsbrúarinnar, 94,000 kr. til kláðans, og 70,000 kr. til ritsímans, er líklega ekki verða notaðar. Allar þessar upphæðir til samans nema 254,000 kr., og dragi maður þær frá tekjuhallanum, verður hann ekki meiri næsta fjárhagstímabil en hann oft hefir verið.

Eg vík svo að breytingartillögum háttv. fjárlaganefndar, og skal eg strax lýsa því yfir, að mér þykir það kenna óvanalegs ráðríkis, að fjárlaganefndin skuli bera fram tillögur um að breyta þeim liðum, sem háttv. deild hefir samþykt, en láta hins vegar afskiftalausar tillögur, sem háttv. deild hefir felt, svo sem fjárveitinguna til Sighvats Borgfirðings.

Háttv. fjárlaganefnd hefir sumpart veizt að tillögum mínum og sumpart að tillögum samgöngumálanefndarinnar.

Háttv. framsögumaður (P. J.) mintist á styrkinn handa Guðmundi lækni Björnssyni til að launa aðstoðarlækni í Reykjavík og var honum mótfallinn. En eg get sagt háttv. þm. það, að þó hann sé að bera Guðmund Björnsson saman við Guðmund Hannesson, þá er hér talsverður munur. Það getur verið, að tekjur Guðm. Björnssonar séu meiri en Guðm. Hannessonar, en þess ber jafnframt að gæta, að embætti Guðm. Hannessonar er miklu minna. Eftir því sem eg upplýsti við 2. umr., þá er fólksfjöldi í Akureyrarumdæmi kringum 3000—4000, en hér kringum 10,000. Þá ber og sérstaklega að líta á það, að Guðmundur Björnsson á að hafa kenslu á hendi við læknaskólann jafnhliða læknisstörfunum. Háttv. framsögum. (P. J.) sagði, að Guðm. Hannesson hefði spítala, það hefir Guðm. Björnsson líka, og það miklu fjölsóttari og tilkomumeiri spítala. Að öðru leyti felli eg mig vel við brt. á þgskj. 405, og 415, að aðstoðarlæknirinn sitji í Hafnarfirði.

Þá vildi eg víkja að því, sem háttv. framsögum. (P. J.) sagði í fyrri ræðu sinni viðvíkjandi mótorbátunum. Eg hefi þegar fært rök að því, að það væri mjög æskilegt og enda nauðsynlegt, að Flateyjarpósturinn og Ísafjarðarpósturinn fengju mótorbáta undir sig, og einkum þó hinn seinni. Leiðin er löng og póstur þessi flytur vanalega mjög mikið af bréfum og peningum, enda hefir engin mótbára komið fram gegn því, að þetta væri ekki fullkomin nauðsyn.

Háttv. framsögumaður fann það eitt að þessari fjárveitingu, að mótorbátarnir væru óreyndir hér á landi, en eg vildi spyrja hann, hvort mótorvagninn hans væri reyndari. Mótorbátar hafa verið reyndir á Ísafirði og gefist vel, enda eru þeir líka útbúnir með seglum og árum, er þeir gætu brugðið fyrir sig, ef vélin bilaði, en mótorvagn fjárlaganefndarinnar er alveg óþekt stærð.

Háttv. fjárlaganefnd fer fram á það, að styrkurinn til gufubátsferða á Breiðafirði og Eyjafirði verði feldur, og þótti mér það því kynlegra, sem háttvirtur framsögumaður þó kannaðist við, að Breiðifjörður væri illa settur, að því er snerti samgöngur á sjó. Já, það er hverju orði sannara, að Breiðafjarðarsveitirnar, einkum að norðanverðu, eru ekki vel settar; það eru 12 firðir á Barðaströnd, sem alveg eru útilokaðir frá umheiminum; eg stend hér með blað í hendinni, þar sem þeir eru taldir upp, og gæti eg lesið nöfn þeirra upp fyrir háttv. deild, en af því að eg ímynda mér, að það þyki ekkert skemtilegur lestur, þá sleppi eg því.

Helzta mótbára háttv. framsm. var sú, að sjósamgöngurnar gleyptu alt of mikið fé, og skal eg fúslega játa það, að mikið fé gengur til þeirra hér á landi, en það er ekki nema eðlilegt, þó svo sé; það er að kenna lagi landsins, stærð þess og strjálbygð.

En jafn-víst er hitt, að það er fátt, sem hrindir þjóðunum fljótar og betur áfram en greiðar samgöngur, og það er von mín, að Breiðifjörður mundi ná sér aftur, ef hann fengi bát þenna margnefnda. Breiðafjarðarbygðirnar hafa eigi alls fyrir löngu verið taldar með beztu héruðum landsins, og eg efast ekki um, að þær mundu aftur ná fyrri frægð, ef þeim væri einhver sómi sýndur, enda er nú að vakna töluverður áhugi á ýmsum framförum umhverfis Breiðafjörð, og gæti eg nefnt til dæmis smjörbúastofnun í Dölunum og víðar. — Fengist báturinn, mundi nýtt fjör færast í héraðsmenn. Smjörframleiðslan ykist, tóvinnuvélarnar í Ólafsdal yrðu notaðar meir, og aftur mundi lifna yfir hinni hollu verzlun sveita- og sjávarbænda. Við þingmenn Breiðfirðinga höldum því fast á bátnum.

Þá vildi eg snúa mér að breyt.till. á þskj. 443. Hæstv. landsh. lagði til, að hún yrði feld. Hann vitnaði til þess, að biskup hefði lagt á móti líkri styrkveitingu, og hélt því fram, að Íslendingar í Kaupmannahöfn mundu geta haft nóg not af danskri guðsþjónustu; þá sagði hann og, að oss væri ekki skyldara að styrkja íslenzka guðsþjónustu í Kaupmannahöfn en Dönum danska guðsþjónustu hér, en það hefðu þeir ekki gert meðan messað var hér á dönsku.

Eg get nú ekki vel skilið í því, að biskup hafi nokkurn tíma verið þessari málaleitan móthverfur, því eg stend hér með bréf í höndunum frá biskupi, bréf, sem eg hefi boðið hæstv. landsh. að lesa, en hann ekki vildi sjá, og í því bréfi leggur biskup *sterklega með* málaleitan umsækjanda.

Þá skal eg og bæta því við, að eg sá nýlega prívatbréf frá biskupi til umsækjanda, sem líka tekur í sama strenginn. Sömuleiðis hefir síra Magnús ágæt meðmæli allra þeirra, sem þekkja hann, þar á meðal ágæt meðmæli biskups síns, Ríparbiskups, og álíta þeir hann allir mjög vel hæfan mann.

Það er satt, að ekkert fé var lagt til dönsku guðsþjónustanna hér, en það er ekki að marka það. Það var ein af embættisskyldum dómkirkjuprestsins að messa á dönsku, og því þurftu Danir ekki að leggja fram fé í því skyni.

Hvað því viðvíkur, að Íslendingar, sem í Kaupmannahöfn eru, séu svo færir, að þeir muni fyllilega skilja danska guðsþjónustu, og geta fært sér hana í nyt, þá hygg eg, að það sé ofsagt. Þeir, sem umgengist hafa Dani til lengdar, geta náttúrlega haft sæmileg not af danskri messu, en þeir, sem ný-komnir eru til Kaupmannahafnar, geta það ekki. Og hvað sem því líður, þá er það víst, að »móðurmálið, hið mjúka og ríka« hefir alt önnur áhrif á tilfinn-

ingar vorar en útlent mál, kalt og framandi.

Og að því er hæfilegleika umsækjandans snertir, þá ber öllum saman um það, að þeir séu góðir. Biskup hans ber honum, svo sem eg þegar hefi sagt, prýðisvel söguna. Hann segir að hann sé mjög góður prédikari. — Sömuleiðis segir biskup, að hann hafi mjög gott lag á því, að umgangast sjúka menn, og hafa á hendi hvers konar líknarstarfsemi, en á henni er sízt vanþörf í Kaupmannahöfn. Þeir vita það bezt, sem reynt hafa, hvað sárt það er að liggja sjúkur í framandi landi, og eiga engan að.

Þá vil eg minnast á breyt.till. á þskj. 416, sem eg og 5 aðrir háttv. þingm. höfum komið fram með, í samráði við hina háttv. fjárlaganefnd. (*Þórhallur Bjarnarson*: Með vitund nefndarinnar). Með vitund, segir þm., eg endurtek: að ráði nefndarinnar. Eg tel það rétt, að færa styrkinn til Valdimars Briems úr 800—800 niður í 600—600, því að þó að hann hafi ort margt fallegt, þá hefir hann ort helzt til mikið, og því fer ekki vel á því, að setja hann hærra en þann mann, Þorstein Erlingsson, sem mér þykir hafa ort helzt til lítið.

Breyt.till. á þskj. 425 býst eg við að forseti skoði sem orðabreytingu, og fjölyrði því ekki um hana.

Háttv. framsögum. fjárlaganefndarinnar mæltist til þess, að eg skýrði nokkru nánar breyt.till. samgöngumálanefndarinnar á þskj. 428, um 40,000 kr. fjárveitingu til Lagarfljótsbrúarinnar, og skal eg nú verða við tilmælum hans enda þótt háttv. 2. þm. N.-Múl. (E. Þ.) hafi nýlega tekið af mér ómakið.

Eins og kunnugt er, þá vildi henni 16. jan. þ. á. það slys til, að ís eyðilagði brúargerðina á Lagarfljóti, það er, braut þá staura, er reknir höfðu verið niður í fljótið hjá Egilsstöðum, sem að byggja átti brúna á.

Staurarnir töpuðust flestir, en á þeim, sem fundust, sást, að ísinn hafði étið þumlungsdjúpt far inn í þá, frá því er þeir höfðu verið reknir niður.

Það er nú að vísu svo, að eigi verður ráðið af því, að staurarnir lausir fóru svona, að brúin mundi hafa farið á sömu leið. En hins vegar þykir mega ráða af því, hve djúpt far ísinn hafði étið inn í staurana á stuttum tíma, að eigi geti komið til mála, að byggja þar aftur *sams konar* brú, það er óvarða fyrir ís.

Og gæti þá komið til mála eitt af þrennu. Fyrst gæti komið til skoðunar að hætta við alla brúargerð á fljótinu, en af því mundi leiða fram undir 50,000 króna tap fyrir landssjóðinn. — Félagið, sem stóð fyrir brúarsmíðinu, fengi þá rúmar 37,900 kr. Tulinius hefir fengið 10,000 kr. fyrir flutning á efni í brúna, en annar flutningur hefir kostað 1000 krónur, og ráðunautur ráðaneytisins á að fá 1000 krónur. — Þessu fé væri að mestu leyti á glæ kastað, ef ekkert yrði úr neinni brúargerð; að mestu leyti segi eg, af því að eitthvað mundi náttúrlega fást upp úr brúarefninu, en mikill meiri hluti þess mundi þó fara til einskis, og getur því þegar af þeirri ástæðu ekki komið til mála að fara þá leið, nema allar aðrar leiðir séu ófærar.

Þá gæti komið til skoðunar, að brúa fljótið á Steinsvaði, enda hefir stjórnin haldið því fram, að brúin ætti helzt að standa þar. Það mun nú og enginn efi vera á því, að þar yrði brúnni óhultara, enda er gert ráð fyrir því, að brúin yrði þar úr járni. Í annan stað mætti nota þar mikið úr Egilsstaðabrúnni, en Héraðsmenn fullyrða, að

hún yrði þar mikið ver sett, og með því að brúargerð þar mundi kosta viðlíka mikið, 40,000 kr., og brúaráframhaldið við Egilsstaði, rís sú spurning, hvort eigi muni, þrátt fyrir alt, mega halda þar áfram.

Það mun enginn efi vera á því, að Héraðsmenn hefðu meiri not af brú við Egilsstaði en við Steinsvað, er kvað liggja utan þjóðbrautarinnar, og því ættu þeir að fá hana þar, svo framarlega, sem örugglega yrði um hana búið.

Þó nú að svona illa tækist til í vetur, sem raun er orðin á, þá mega menn, svo sem þegar er sagt, ekki draga neina ályktun af því, til þess, hvernig farið mundi hafa, ef brúin hefði verið komin á, enda fullyrðir verkfræðingur landsins, er samgöngumálanefndin hefir kallað á fundi sína, að brúnni muni verða allsendis óhætt fyrir ísreki, ef hún verði varin ísbrjótum, og ráðu nautur ráðaneytisins er á sömu skoðun. — Þetta er mergurinn málsins. Samgöngumálanefndin verður að trúa þessum fagmönnum, og því ræður hún til að fullgera brúna, en mundi það kosta, auk þess, sem þegar veitt er, *38,000 kr.*, sem sé: ísbrjótarnir um 17,780 kr.

flutningar	10,000 —
skaðabætur	9,000 —
og ýmislegt	1,220 —
	38,000 kr.

En ef þessi brú kemst þarna á Lagarfljót, þá er nauðsynlegt að fá ferju á Steinsvað.

Sumir hafa haldið því fram, að til þess mætti nota almennan pramma, en samgöngumálanefndin hyggur, að byggja þurfi til þess stóra og væna ferju, er tæki bæði menn og hesta, og því er farið fram á 40,000 kr., því að nefndin hyggur, að ekki muni veita af 2000 kr. til ferjunnar.

Hannes Hafstein: Eg hefi ásamt fleiri háttv. þingm. leyft mér að koma fram með fáeinar breyt.till. á þskj. 415, auk þeirra breyt.till., sem eg er viðriðinn, sem meðlimur samgöngumálanefndarinnar og mentamálanefndarinnar, er háttv. framsögum. þeirra nefnda munu mæla með og verja. Það er hverju orði sannara, að fjárhagur landssjóðsins er ekki sem glæsilegastur eftir þessu fjárlagafrv., og að ástæða væri til, að reyna að rétta hann við á einhvern hátt. En hitt er mjög vafasamt, hvort vegurinn til þess er sá, að fresta nauðsynlegum útgjöldum, sem hvort sem er hljóta að höndum að bera innan skamms. Slíkur dráttur nauðsynlegra útgjalda er að eins gálgafrestur, sem getur verið of dýr, er um gagnleg útgjöld er að ræða. Eg gæti skilið þessa stefnu, sem svo mjög hefir bólað á hjá sumum í sumar, ef því *principi* væri fylgt, að láta gjöld fjárhagstímabilsins ekki yfirstíga tekjurnar, og reyna að hafa eitthvert jafnvægi í skatt-tekjum og gjöldum. En því er alls ekki að heilsa. — Þegar í stjórnarfrumv. er byrjað með tekjuhalla, sem nemur á 3. hundrað þúsunda. Þessi tekjuhalli hefir aukist mjög hjá háttv. fjárlaganefnd, og við 2. umræðu þessa máls, en ekkert hefir verið gert í þá átt, að auka tekjurnar. Það er því bersýnilegt, að tekjuhallinn hlýtur, að minsta kosti á pappírnum, að nema mörgum hundruðum þúsunda, þegar upphæðir þær, sem á fjáraukalögum eru, eru meðtaldar, og þegar alt þannig er látið reka á reiðanum, þá virðist mér satt að segja, að ekki muni um ofurlitla pylsu eða ofurlítinn blóðmörskepp í sláturtíðinni. Eg sé ekki, að það sé nein ástæða til þess, að bera tekjuhallann við fremur gegn *einum* nauðsynlegum eða réttmætum útgjöldum, heldur en öðrum, og hefi því ekki hikað við, að koma fram með þessar

breytingartill., þótt þær sumar hafi dálítil útgjöld í för með sér.

Viðvíkjandi 1. breyt.till., um 200 kr. viðbót við upphæð þá, sem Guðmundi lækni Hannessyni á Akureyri er ætluð til aðstoðarlæknis, skal eg taka fram, að það er almennings ósk nyrðra, að þessi velmetni og ágæti læknir geti helgað sig starfi sínu sem spítalalæknir á Akureyri, og helzt þannig, að héraðslæknisembættið væri aðskilið frá því starfi. En með því að ekki þótti nein von um, að fá slíku framgengt að þessu sinni, er hér að eins farið fram á, að fá styrkinn til aðstoðarlæknis hækkaðan svo, að hann verði jafn hár þeim styrk, sem samþyktur var til handa héraðslæknínum í Reykjavík við 2. umræðu. — Það er alkunnugt, hve kappsamur Guðmundur héraðslæknir Hannesson er á það, að rækja embætti sitt trúlega, þrátt fyrir það, þótt hann, vegna hinnar miklu aðsóknar að spítalanum víðs vegar að, hafi meira annríki en flestir aðrir læknar í landinu og það er hvorttveggja, að hann mundi slíta sér upp fyrir tímann, ef hann væri látinn aðstoðarlaus, enda ómögulegt að hann kæmist yfir að sinna öllu því, er að kallar. Fyrir styrk þann, sem hann hefir haft síðasta ár, hefir hann fengið ungan lækni, mjög efnilegan kandídat frá háskólanum, til aðstoðar með sér. — En með því að upphæðin, sem hann hefir til að launa honum, er alt of lítil, þá getur hann væntanlega ekki haldið honum. Með tilliti til þess styrks, sem að vóteraður hefir verið lækninum í Reykjavík, þá skal eg taka það fram, að eg hefi ekkert á móti honum, ef að aðstoðarlæknirinn verður látinn sitja í Hafnarfirði, en þó er meiri ástæða til að veita styrk til aukalæknis á Akureyri en hér, þegar af þeirri ástæðu, að þar er ómögulegt að ná í annan lækni, t d. til að aðstoða við »operatiónir«, nema að senda eftir honum í annað hérað, þar sem aftur á móti hér eru þeir margir alt af við hendina.

Mér finst því öll sanngirni mæla með því, að veita Akureyrarlækninum þessa litlu fjárupphæð.

Þá er breyt.till. frá mér (415) um að fyrir: ritsíma komi: »hraðskeytafleygir«. Þó að þetta orð sé ekki fallegt og æðilangt, þá segir það þó það, sem það á að segja.

Verði nú þráðlausa hraðskeyta-aðferðin upptekin, sem líkara er til að verði, þá er orðið ritsími óviðeigandi, því að það þýðir ekkert nema þráður.

Þá vil eg minnast á breyt.till. viðvíkjandi vitanum á Arnarnesi. — Breyt.till. sú lítur svo út á pappírnum, sem farið sé fram á aukin útgjöld til þessa vita um 200 kr., þar sem farið er fram á, að hækka vitavarðarlaunin um 200 krónur; en þessa upphæð má spara á öðrum útgjaldaliðum, sem ætlaðir eru til vitans, svo að þetta er í rauninni að eins tilfærsla innan þess ramma, sem öll fjárveitingin til vitans markar.

Maður sá, sem vitavarðarstarfinu gegnir, hefir tjáð mér, að hann sjái sér eigi fært að gegna starfinu framvegis fyrir minni laun en þetta, vildi enda fá 100 kr. meira, eða launin færð upp í 700 kr.

Eg skrifaði landshöfðingja um þetta, en er hræddur um, að bréfið hafi eigi komið fyr en eftir að fjárlagafrumv. var afgreitt.

Vitavörður þessi hefir orðið að sofa í vitanum, sem stendur uppi á Arnarnesinu, nokkuð frá bænum Arnardal, og dvelja þar alt af meðan kveikt er. Á veturna, þegar dagur er stuttur, fer sá tími, sem ekki er kveikt, mestmegnis til þess að hreinsa og fága áhöldin, og er þá maðurinn alveg út-

gefinn við starfið. Eg hygg, að hinir aðrir vitaverðir, sem að eins hafa 400 kr. þóknun, geti haft meiri tíma afgangs til eigin þarfa en hann, og hygg því eigi að nein ósamkvæmni væri í því, þótt þessi vitavörður fengi dálítið meira. Öll erfiðislaun vestra eru hvort sem er dýrari en hér; þessi maður er áreiðanlegur og vel fallinn til starfsins og því leiðinlegt að missa hann til þess að fá einhvern óþektan — ef til vill óhæfan mann í staðinn.

5. breyt.till. við. 14. gr. a. tilheyrir eiginlega 2. þm. Árn. (Ól. Ól.). Ætlaði hann sjálfur að koma fram með hana, en af sérstökum atvikum varð eg fyrir því. Þessi breyt.till. er um ferðastyrk til Guðmundar skálds Magnússonar. Hann hefir sjálfur sent bænarskrá um þennan styrk, sem bæði á að vera ferða- og mentastyrkur á lýðháskóla erlendis, svo að bæði geti hann þroskast að skáldskapar þekkingu og kent lýðháskólafræði þegar hann kemur aftur.

Eg hefi haft þá ánægju að lesa rit þessa höfundar, bæði kvæði eftir hann í blöðunum og ljóðabók þá, er hann hefir gefið út, ásamt hinum nýja ljóðleik »Teiti«, og verð eg að segja það, að eg álít hann fullkomlega verðan þess, að honum sé veittur hinn umbeðni styrkur, því það er hvorttveggja, að hann hefir sýnt hæfileika, sem alls ekki eru vanalegir, og hann hefir komist það sem hann er kominn af eigin rammleik, þrátt fyrir fátækt og ýmsa erfiðleika, án þess að styðjast við þann styrk, sem ungum námsmönnum hér á landi fellur í hag. Þrátt fyrir heilsuleysi sitt, sem eflaust mikið mun stafa af fátækt og harðrétti því, sem hann varð við að búa í æsku, hefir hann nú, auk annara starfa sinna, á stuttum tíma afkastað jafn erfiðu skáldverki og löngu leikriti í dýrtkveðnum ljóðum. Þeir sem þekkja skáldskaparsmíð yfir höfuð, og þessa grein sérstaklega, vita, að talsvert starfsþrek og kapp þarf til þess að koma slíku í verk.

Mér finst því full ástæða fyrir landið að styrkja þenna unga og efnilega mann, sem sýnt hefir að hann er þess í alla staði verður. Það sést einkennilega bert í umsóknarskjali þessa manns til þingsins, að þrátt fyrir líkamlegan heilsubrest hans, þá er þó engin veikl un í viljakraftinum hjá honum, enginn efi á traustinu, engin lömum á hugmyndaaflinu. Traustið og trúin, sem hann hefir á framtíð sinni, gefur einmitt fulla vissu um það, að fjárstyrk þeim, sem hann fer fram á að sér verði veittur, muni eigi á glæ kastað, auk þess sem alt hans dagfar og framkoma á þetta í fylsta máta skilið. Upphæð sú, sem farið er fram á að veitt sé, er miðuð við þær styrkupphæðir, sem þingið er að veita ungum málurum og söngmönnum, og efast víst enginn um, að ment þessa umsækjanda er að minsta kosti eins vandasöm og eins mikils verð.

Loks skal það tekið fram, að hér er ekki verið að fara fram á skáldalaun eða fastan styrk, heldur að eins ferða styrk í eitt skifti fyrir öll, í samræmi við það, sem ungum skáldaefnum er veitt í flestum öðrum löndum, ýmist af landsfé eða öðrum opinberum sjóðum.

Þá er enn ótalin breyt.till. 6 við 14. gr. 14, um þilskipakví á Akureyri.

Eg er þakklátur framsm. fjárlagan. fyrir undirtektir hans undir þetta mál, þó mér þætti hann sem þm. S.-Þing. fullharðorður um þetta atriði. Bæjarstjórn Akureyrar vill takast þetta á hendur, að koma þessu nauðsynjafyrirtæki í framkvæmd, fái hún hæfilegan styrk til þess. enda virðist brýn nauðsyn til þess, að þessi þilskipakví komist á, því að án hennar er ómögulegt að

geyma skip þar vetrarlangt hættulaust. Það er raunar satt, að höfnin á Akureyri er álitin góð og það með réttu, en þó eru skip þar aldrei óhult þegar haustar að, því að hæglega getur þau hrakið þar upp í ofviðrum, eins og dæmin sanna. Að láta skipin liggja fyrir utan Oddeyri er heldur eigi örugt. Áætlunin um þessa skipakví, sem send hefir verið að norðan, virðist mér svo greinileg, sem mögulegt er að búast við, og eg hygg, að þetta sé sú fyrsta áætlun, sem sagt hefir verið um, að væri of há, eins og háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) sagði. Þetta er ekki rétt. Eg get fullvissað hinn háttv. þm. um það, að áætlunin er ekki gerð til þess að villa sýn með því að tiltaka ofháar upphæðir, heldur er þar ýmsu slept, sem taka hefði átt til greina. Þar hefir t. d. verið slept kostnaði við að dýpka kvína síðar, og gera hana hæfilega til að geyma stærri skip en fiskiskipin eru alment, og margt fleira mætti þannig telja, sem gengið hefir verið fram hjá í áætluninni, einmitt til þess að hún yrði ekki of há. Þetta er því það allra minsta fé, sem um getur verið að tala í bráðina, og að eins nægilegt til að geymsla geti fengist fyrir skip af þeirri stærð, sem nú eru þar; auðvitað vakir það fyrir bæjarstjórninni að færa út kvíarnar smátt og smátt, þegar tími, fé og aðrar kringumstæður leyfa.

Hv. nefnd hefir þegar sþ. fyrir sitt leyti hlutfallið milli styrksins úr landssjóði og þess, sem aðrir leggi til skipakvíarinnar, og eg verð að skilja orð hv. frsm. (P. J.) svo, að hv. nefnd sé óbundin viðvíkjandi upphæð styrksins, og að hún mundi því ekki hafa á móti að hækka hann úr 15000 kr. upp í 20000 kr. Princip hennar hefði að eins verið þetta, að landssjóður skyldi eigi leggja til fyrirtækisins meira en 1/3 af kostnaðinum. Þegar það nú hefir verið sýnt svart á hvítu, að skipakvíin muni ekki kosta minna en 60000 kr., þá virðist það meira að segja sjálfsagt, að nefndin verði meðmælt 20000 kr. Að minsta kosti vona eg, að hv. þm. S.-Þing. (P. J.) geti greitt atkvæði með þeirri upphæð. Það er kunnugt, að upphaflega fór bæjarstjórnin á Akureyri fram á það, að landssjóður legði fram 45000 kr. en bærinn 15000 kr. Þingið hefir ekki séð sér fært að sinna þessu, og hefir haft hausavíxl á upphæðunum. Það getur að vísu verið, að fyrirtækið beri nokkurn beinan arð, en hér er þó oflangt farið. Lengra er ekki fært að fara en að taka hlutfall hv. nefndar, og skifta upphæðinni þannig, að landssjóður leggi fram 20000 kr. en Akureyrarbær 40000; þegar eg segi þetta, þá verð eg þó að taka það fram, að eg hefi ekkert umboð frá Akureyrarbúum, til að lýsa því yfir, að þeir treysti sér til að takast á herðar slíka byrði; en eg ber það traust til forgöngumanna fyrirtækisins, sem eg veit að eru framfara- og dugnaðarmenn, að þeir muni klífa þrítugan hamarinn til að koma því fram, þótt mikið þurfi að leggja í sölurnar. Eg skal bæta því við, að verkfræðingur Jón Þorlaksson hefir litið yfir kostnaðaráætlunina, og kvaðst hann ekki betur sjá en að hún mundi mjög nærri réttu lagi.

Það er eitt, sem eg ætlaði að minnast á og mæla með, og það er, að styrkurinn til Magnúsar organleikara Einarssonar á Akureyri mætti fá að standa kyr. Hv. þm. Vestm. (J. M.) er þegar búinn að mæla með þessu, svo að eg þarf litlu við að bæta. Hv. deild mun kannast við það, að það var rétt tekið fram, að fjárlaganefndin 1901 lét það í ljós, að þetta væri eigi að skoða sem

styrk að eins til tveggja ára, heldur sem byrjun á áframhaldandi styrk, þannig að manni þessum gæfist kostur á að verja því, sem eftir væri æfinnar, til þess starfa, sem hann er svo einkar hneigður fyrir og vel fallinn til, þess starfa, að breiða út frá sér þekkingu í sönglistinni. Þegar málinu er þannig háttað, þá sýnist það ekki sæmilegt af þinginu að kippa styrknum nú í burtu, með því að maður þessi hefir ekkert það gert fyrir sér, er gefi tilefni til þess; síður en svo.

Eg sé að komin er fram tillaga um að færa styrkinn til Boga Melsteð niður, og gefa aftur Sighvati Grímssyni nokkuð af því. Eg segi ekki að þetta sé að taka brauðið frá börnunum. Þetta, að hafna Boga Melsteð og taka Sighvat, á eitthvað skylt við sams konar stefnu eins og það, að hafna þeim, er síður skyldi, en kjósa Barrabas. Eg get ekki sagt það, að eg hafi neitt á móti herra Sighvati Grímssyni í sjálfu sér, að eins álít eg hann engan sagnaritara; og út af því, sem kom fram við 2. umr. máls þessa, skal eg taka það fram, að það nær engri átt, að eg geti borið kala til hans út afafskiftum hans af pólitík; eg skoða hann ekki þá pólitíska stærð, að slíkt geti komið til greina. Það sem eg hefi á móti honum er þetta, að eg álít hann ekki áreiðanlegan sagnfræðing, og að það sé ekki rétt að taka bókmentastyrk frá hæfari mönnum, og láta hann hafa hann. Það á illa við að synja efnilegum mönnum um lítilfjörlegan styrk, en láta þá njóta styrks, sem ekki má búast við að geri nokkurt gagn. Þá skal eg leyfa mér að minnast fám orðum á styrkhækkunina til Hólmgeirs Jenssonar. Eg þekki mann þenna að því, að hann er duglegur og samvizkusamur og vel að sér í sinni mennt, þótt eigi sé hann útskrifaður úr neinum skóla Dýralækningar hefir hann numið í Noregi, og nú um mörg ár stundað þær og reynst mjög vel; hann hefir brennandi áhuga á þessu starfi sínu, og lagt mikið í sölurnar fyrir það. Hann hefir að undanförnu haft 300 kr. styrk á ári, en þetta er ekki nægilegt fyrir hann; hann hefir svo mikið að starfa við dýralækningar, að hann getur lítt stundað bú sitt, og þessar 300 kr. eru alt of lítið fé til þess að geta bætt honum upp frátafirnar við búskapinn. Eins og nú er, þá á hann því mjög erfitt með að komast af, og væri honum í sjálfu sér miklu betra að láta af lækningum og gefa sig við búskapnum einum. Eftir því gagni sem hann gerir, ætti hann skilið að fá 1000 kr. í árslaun, en flutningsmaður tillögunnar hefir verið svo hógvær að fara ekki fram á svo mikið. Ef synjað verður um hækkun þessa, þá er hætt við að Hólmgeir neyðist til að flytja burt úr héraðinu, og fara að gefa sig eingöngu við búskap, og er þó mikil eftirsjá í því, ef svo þarf að fara. Það er ekki Ísafjarðarsýsla ein, sem gagn hefir haft af lækningum hans, hann hefir og orðið mönnum að liði bæði í Barðastrandarsýslu og Strandasýslu.

Þá skal eg loks minnast á eftirlaunastyrkinn handa Magneu Ásgeirsson; hann virðist í alla staði næsta sanngjarn. Ekkja þessi er þeim mun ver sett en prestsekkjur, að hún fær engan styrk annarstaðar frá, en þær þó ofurlítinn. Maður hennar dó ungur, og ef hann hefði lifað nokkuru lengur, má telja það víst, að hann hefði fengið annað læknishérað, sem veitt hefði honum og ekkju hans rétt til eftirlauna. Það virðist því hart að láta ekkjuna líða við það, að dauðinn svipti manni hennar of snemma burt frá henni.

Tryggvi Gunnarsson: Hv. 2. þm. Eyf. (H. H.) sagði áðan, að það munaði ekki um einn sláturkepp í sláturtíðinni, og fyrst vér værum nú á annað borð farnir að sökkva oss niður í skuldadjúpið, þá munaði það minstu, hvort það væri nokkrum 1000 meira eða minna, sem vér skulduðum. Eg hjó eftir þessu, því að þegar eg leit á allar brt., sem nú eru komnar fram, og sem fara fram á að hækka útgjöldin meir en 30000 kr. fram yfir það, sem þau voru ráðgerð við 2. umr., þá er eg hræddur um, að það séu fleiri hv. þgdm., sem eru þessarar sömu skoðunar. En hún er engan veginn holl. Það er alt annað að ráðast í mörg og stór fyrirtæki, þegar menn hafa fé í höndunum, heldur en þegar þeir hafa það ekki, og vita varla hvernig þeir eiga að útvega sér það eða afla sér þess. Vér höfum þegar áætlað útgjöldin 400000 kr. fram yfir tekjurnar á næsta fjárhagstímabili, og vér vitum nú ekki með vissu, hvernig heppilegast er að auka tekjurnar; ekki er það hægt að neinum mun með föstum sköttum, og því varla annað fyrir hendi en að leggja nýja tolla á. Er þá fyrst að gæta þess, hvort fært muni að hækka að mun tollana á þeim vörum, sem þegar eru tollskyldar. Það held eg varla sé; það er mjög viðsjárvert að leggja mjög háa tolla á vörur, þar sem eingöngu verður að treysta framtali þeirra, sem tollinn eiga að greiða; freistingin til að skjóta undan vex að sama skapi sem tollurinn hækkar; og því erfiðara verður alt tollmálið við það, að í sífellu er löggiltur hver vogurinn og hver víkin á eftir annari, og enda hver klettahamarinn. Það atferli gerir alt tolleftirlit nærri því ómögulegt. Eg sé þannig ekki fært að hækka tollinn á kaffi, sykri og tóbaki svo mikið, að að verulegum tekjuauka verði, og þá liggur varla annað fyrir, til að auka tekjurnar, en að tolla kramvöruna, en þá verður varla hægt að komast hjá því, að setja verði tollstjórn. En hvað kostar hún? Það er hætt við að hún éti upp drjúgum af tolltekjunum; þetta bið eg menn að athuga vel áður en til atkvæða er gengið, og eg vil óska þess, að allir hv. þgdm. hafi það þá hugfast, að það muni þó um hvern sláturkeppinn, þótt í sláturtíð sé. Eg vildi óska að þeir hölluðust heldur að skoðun hv. frsm. (P. J.) er hann talaði um það, hve varhugavert það væri að sökkva landinu í skuldasúpu. Vér verðum að gæta þess, hve mörg stór útgjöld liggja fyrir á næstu árum. Það er ráðgert að byggja tvær dýrar skólabyggingar, aðra á Akureyri og hina í Reykjavík; enn fremur ráðherrahöll, bókhlöðu og þrjá stóra vita, auk margs fleira; vér megum því ekki smábúta fé vort niður í miður þarflega bitlinga og smáfyrirtæki. Eg vona eftir að eg þurfi ekki að nefna með stórútgjöldunum hálfu miljónina, sem á að taka til þess að girða með gaddavír öll tún á landinu, til að meiða og skaðskemma búpening bænda; eg vona að það fargan fái ekki framgang á þessu þingi.

Þá er þess og að gæta, að þótt hið nýja stjórnarfyrirkomulag eigi ekki að verða mikið dýrara, þegar fram í sækir, þá hlýtur það að hafa í för með sér töluverðan útgjaldauka fyrst um sinn, meðan verður að borga eftirlaun til þeirra, er láta munu af embættum við stjórnarbreytinguna.

Þrátt fyrir það, þótt útgjöldin aukist, er ekki hugsað um að auka tekjurnar; miklu fremur má segja, að gerðir þingsins stefni að því að rýra þær. Það er farið fram á uppgjöf á árgjöldum frá

brauðum, og eftirgjöf á brúarlánum, og nú eru á ferðinni lög um gjald af hvalafurðum, sem stefna að því að rýra mjög tekjurnar af hvalveiðum eða eyðileggja þær með öllu, ef þau fá framgang í þeirri mynd, sem þau voru í, er þau fóru héðan úr deildinni.

Á þessu fjárhagstímabili er lagt til gufuskipaferða 50000 kr. á ári, en nú er ráðgert að hækka tillagið til þeirra upp í 75000 kr. á ári. Þetta sýndist nú vera nóg. En það lítur út fyrir að háttv. deild hafi aðra skoðun, þar sem hún hefir samþykt að leggja 10,000 kr. til gufubátsferða á Breiðafirði síðara árið og 3500 kr. til sams konar ferða á Eyjafirði, og auk þess nokkurt fé til mótorbátaferða á Breiðafirði og Ísafjarðardjúpi. Eg játa það, að þetta er í sjálfu sér nauðsynlegt; en vér verðum þó fyrst að hugsa um það, hvort vér höfum ráð á að framkvæma þetta, áður en vér leggjum út í það. Vér verðum meðal annars að hugsa fyrir því, að svo getur farið, að taka þurfi hálfrar miljónar lán handa Landsbankanum á fjárhagstímabilinu, verði bankalög þau, sem nú eru fyrir þinginu, samþykt og komist Hlutafélagsbankinn ekki á. Það verður ekki svo gleðilegt fyrir hina nýju stjórn, að taka við öllu eins og nú lítur út fyrir að eigi fram að ganga, og eg álít, að sú tíð muni koma seinna, að vér verðum þakklátir vorum núverandi féhirði landssjóðs fyrir það, hve sparsamlega hann hefir farið með landsfé; mér finst rétt og sjálfsagt að minnast þess nú, á þessum stað, þegar hann á í vændum að skila bráðlega af sér fjárgæzlunni.

Formaður samgöngumálanefndarinnar (L. H. B.) og framsm. fjárlaganefndarinnar (P. J.) mintust báðir á Lagarfljótsbrúna. Þeir voru því báðir fylgjandi, að brúarsmíðinni væri haldið áfram. Eg játa það, að hér er við vandræðamál að fást; það er vandræði að þurfa að hætta nú í miðju kafi, eftir að svo miklu hefir verið til kostað, en það eru enn þá meiri vandræði að halda áfram að fleygja stórfé út í tvísýni; og er það mín skoðun, að af tvennu illu sé skynsamlegra að velja það, að hætta við svo komið.

Fyrir 25 árum var það eitt mitt mesta áhugamál, að koma á siglingu inn í Lagarfljótsós, og brú á fljótið sjálft. Eg fekk þá menn og bát til að mæla upp ósinn og skoða brúarstæðið; og átti eg þá í þjarki við menn þar eystra um brúarstæðið á Einhleypingi, því að eftir að eg hafði rannsakað það, sá eg hve hæpið væri, að þar tyldi nokkur brú, þegar ísinn leysist af Lagarfljóti; hefði mínum ráðum þá verið fylgt, mundi nú vera komin örugg brú á fljótið nálægt Steinsvaði, og þó minnu kostað til. Það er að vísu ekki fullkomin sönnun, að brú geti ekki staðið þótt staurarnir brotnuðu í vetur af ísþunganum í fljótinu, af því þeir stóðu þar stuðningslítið; en það mun þó sannast, að ísinn mun sliga brúna fyr eða seinna, þó hún verði sett á fljótið með þeim útbúnaði, sem ráðgert er. Það á að verða svo mikið tréverk í hinni fyrirhuguðu brú, að viðhald hennar hlýtur að verða næsta kostnaðarsamt, því tréð vill fljótt fúna. Nú mætti brúka talsvert af brúarefni því, sem komið er, et menn sneru sér að því, að byggja brúna á Steinsvaði; og mundi viðbótarkostnaðurinn við þá brú ekki verða geysimikill. Það var um 1880 sem eg var að rannsaka Lagarfljótið, en nú er tíðin önnur; þá lá eina leiðin upp á Héraðið yfir Vestdalsheiði og Fjarðarheiði, og voru báðar leiðirnar örðugar mjög, en nú á að fara að leggja akveg yfir Fagradal, og hlýtur hann að greiða mjög fyrir flutningum upp á Héraðið. Það má gera ráð fyrir að

innan skamms geti menn ekið vörum sínum á vögnum eftir veginum alla leið frá sjó og upp að fljóti, en þar gæti svo gufubátur eða mótorbátur tekið við þeim og flutt þær eftir fljótinu.

Öll vandræðin í brúarmálinu stafa af því, að það eru nokkrir maktarmenn í Fljótsdal og fram Fellum, sem hafa meira gagn af brúnni á Einhleypingi en við Steinsvað, og þeir hafa barist fyrir að fá hana nær sér. Það eru tvær sveitir, Fljótsdalur á parti og framhlutinn af Fellum, sem segja má að brúin liggi betur við á Einhleypingi, en fyrir alla aðra er það sama, og suma jafnvel hagkvæmara að hún sé á Steinsvaði. Eg get búist við, að ein mótbáran gegn því að fara nú að breyta til um brúarstæðið, verði sú, að þegar sé búið að kosta 6000 kr. til vegagerðar yfir Fellin að Fljótinu, og að sú vegargerð hafi verið óþörf, ef brúin eigi ekki að vera á Einhleypingi. Þetta má ekki láta sér vaxa í augum; það er þó betra að þessar 6000 kr. fari að nokkru leyti í sjóinn, en að kasta út miklu hærri upphæð þeirra vegna í óvissa brúargerð.

Það sem mér þykir verst, er að nú á að fara að kasta út orðalaust 40,000 kr. ofan á alt hitt, sem á undan er gengið. Eg man að í fyrra var það hugsunin, og mig minnir að það væri beinlínis ákveðið í frv. fjáraukalaganefndarinnar, að stjórninni skyldi falið á hendur að rannsaka það, hjá hverjum sökin væri á því, að brúarsmíðinni var ekki haldið áfram, hvort hún væri hjá verksmiðjunni, sem tekið hafði að sér brúargerðina, eða hjá verkfræðing landsins. Þá var sú skoðun ríkjandi, að verkfræðingur landsins ætti mikla sök í því, hvernig að var farið, því að enga brýna nauðsyn hefði borið til að láta hætta verkinu. Það hefir verið sagt, að verkinu hefði orðið að hætta, af því að efni hefði vantað, en það er ekki rétt; það hefði mátt taka lengri staurana og reka þá niður á grynningarnar, en skeyta tvo staura saman þar sem dýpra var.

Eg talaði í Kaupmannahöfn í fyrra vetur við verkstjórann við brúna og fólk hans, og sagði hann mér, að hann hefði enga ástæðu séð til að hætta við verkið, og að hann hefði gert það mjög nauðugur; en verkfræðingurinn hefði skipað það, og heimtað svo og svo mikla trygging, ef verkinu yrði haldið áfram, en hann kvaðst ekki hafa haft tök á því að gefa þá tryggingu. Eg verð að leggja alveg eins mikinn trúnað á orð þessa manns eins og á orð verkfræðingsins, og fyrst þeim nú ekki ber saman, þá finst mér nauðsynlegt, að fara að, eins og ákveðið var í fyrra, og rannsaka málið betur, áður en lengra er haldið út í það. Eg skal engan dóm leggja á það, að svo stöddu, á hverjum skaðabótakrafan hvílir, en eg sé ekki að þingið geti látið málið ganga þegjandi fram hjá sér, án þess að skora á stjórnina að láta rannsaka það. Eg get sagt, að það væri álit nefndarinnar bæði í fyrra og í ár, að um leið og vér fengjum nýja stjórn í landið, þá væri og full ástæða til þess að fá um leið nýjan verkfræðing, enda er vikið að þessu í nefndaráliti fjárlaganefndar í ár.

Eg drap á það áðan, að við þyrftum bráðlega að leggja mikið fé til þess, að byggja vita kringum landið. Og mér fellur illa, að fylgja nefndinni í því, að greiða atkvæði móti þeirri tillögu um vitabyggingu, sem hér liggur fyrir, en samt mun eg nú gera það, af þeirri ástæðu, að hér liggur engin sönnun fyrir því, að hægt sé að byggja vitann fyrir 10,000 kr.; ef hann kostar 20,000

krónur, þá er ekki til neins að veita 10,000 kr. Þess vegna er heppilegra að fresta öllum vitum á þessu þingi, og treysta því, að stjórnin 1905 leggi fyrir þingið plan um vitabyggingar kringum alt land, hvar þeir eigi að vera, og hvað þeir muni kosta.

Svo vildi eg líka geta þess, sem eg hefi orðið var við í fjárlaganefndinni, að Búnaðarfélag landsins fær mikla peninga og á stóran sjóð, svo auðséð er að það fær mikil völd í framtíðinni hér á landi. Þess vegna álít eg nauðsynlegt, að það fari vel með ráð sitt, peninga sína, svo það nái trausti landsmanna. Í fjárlaganefndinni drap eg á það, að félagið gæti sparað fé, með því að verja ekki eins miklu fé til kynbóta og ráðunauta eins og félagið hefir gert þetta fjárhagstímabil.

Eg er ef til vill búinn að tala of lengi, en það var áðan drepið á breyt.-till. um, að í stað: ritsíma komi: »hraðskeytafleygir«, og mér hefir dottið í hug, hvort það væri svo óhentugt, að kalla: telegraf orðbera, en telefón hljóðbera. (*Lárus H. Bjarnason*: Því þá ekki tilbera?).

Till. á þskj. 393, 397 og 441 mundi eg greiða atkvæði með, ef eg væri laus og liðugur, en af því eg er það nú ekki, læt eg það vera.

Ólafur Ólafsson: Allur fyrri hluti ræðu háttv. þingm. Rvík. (Tr. G.) var nokkurs konar skriftaræða eða vandlætingaræða yfir deildinni fyrir meðferð hennar á fé landsins. Það er aldrei nema satt, að margar af breyt.till. fara fram á að auka útgjöldin, en eg veit ekki betur en að þingmönnum sé heimilt, að koma fram með þær breyt.till., sem þeim sýnist, og margar þeirra eru framkomnar eftir ósk og vilja kjósendanna, og eru því eðlilegar og réttmætar. — Um leið og háttv. þm. Rvík. (Tr. G.) útskýrði ráðdeildarleysið, hefði það átt vel við, að hann sjálfur kæmi með breyt.till. um, að sleppa að gefa þessar 10.000 krónur til »slippinnar« hérna vestan við bæinn. Það er þó alténd sparnaður.

Þar sem h. þm. Rvík. (Tr. G.) talaði um Lagarfljótsbrúna, þá býst eg við, að margir verði til að svara því, vegna þess, að ræða hans var í eggjandi tón. H. þm. sagði í ámælandi tón, að ekki hefði verið farið að sínum ráðum með Lagarfljótsbrúna. Það má vera að það sé skaði, en það getur líka verið, að það sé enginn skaði, og eg hygg, að eg geti fundið þeim orðum mínum stað. — Það var einu sinni hér á þinginu verið að ræða um brúargerð, stærstu brú á landinu, brúna hjá Selfossi. Þá var það ráð þessa háttv. þingm., að brúin yrði ekki bygð. (*Tryggvi Gunnarsson*: Hver bygði brúna?). Eg kem að því seinna.

H. þm. Rvík (Tr. G.) var á móti því, að brúin yrði bygð, en ráðum hans var ekki fylgt, og brú o. s. frv. varð að lögum; en því næst tók háttv. þingm. Rvík. (Tr. G.) að sér að byggja brúna, og gerði það vel, það viðurkenni eg sem aðrir; en hann fekk sín laun fyrir það: peninga í budduna, kross á brjóstið og kjörbréf upp á vasann fyrir Árnessýslu. Alt var þetta því að þakka, að ekki var í þinginu farið að ráðum háttv. þingm., og því getur það komið fyrir stundum, að betra sé, að ekki sé farið að ráðum hans.

En hvað nú Lagarfljótsbrúnni viðvíkur, þá væri það lítilmannlegt, að hætta þar við hálf-gert verk.

Eg skal nú minnast á nokkrar breyt.-till., sem eru með því marki brendar, að þær hafa ekki fundið náð hjá fjárlaganefndinni.

Breyt.till. á þskj. 116 fer fram á, að styrkurinn til Valdimars Briems sé færður niður í 600 kr. úr 800 kr. —

Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.), er fyrstur stendur á breyt.till., lét þess getið, að hún væri komin fram í samráðum við fjárlaganefndina. Reyndar kom hljóð úr horni, sem benti á, að nefndin væri ekki öll samþykk þessu. Enda þætti mér það kynlegt, því eg sé ekki betur en að þessi styrkur sé í alla staði verðskuldaður. Það er sjálfsagt, að gera mikið fyrir líkamlegu hlið lífsins, en það má líka minna á það, að maðurinn lifir ekki á einu saman brauði. Og þessi maður er einn af ágætustu mönnum þjóðarinnar, og mun verða henni til prýðis um langan aldur. — Hann býr á litlu brauði og er svo heilsulítill, að hann hefir orðið að taka sér aðstoðarprest. Eg vona því, að h. deild verði ekki samdóma þeim þingm., er skrifað hafa á breyt.till. 416, að færa niður styrkinn. (*Stefán Stefánsson*: Það er ekkert að marka nöfnin). Jú! Eg vona, að tillagan reynist ein markleysa.

Þá skal eg víkja að till. á þskj. 393 um styrk til Lúðrafélags Reykjavíkur. — Eins og eg veit, að háttv. þingdm. muna, þá kom fram við 2. umr. breyt.till., sem gekk að sumu leyti í líka átt, sem sé að fella styrkinn til Leikfélags Reykjavíkur, en veita hann Lúðrafélaginu, og eg veit, að margir greiddu atkvæði móti tillögunni, af því að hún var þannig löguð, en ekki af því, að þeir væru á móti Lúðrafélaginu. — Eg tók það þá fram, að munurinn á Leikfélaginu og Lúðrafélaginu væri sá, að Leikfélagið ynni fyrir peninga, en Lúðrafélagið fyrir ekkert. Með þessu vildi eg ekki leggja stein í veg fyrir Leikfélagið. En eg veit það með rökum, að ef Lúðrafélagið fær ekki þennan styrk, þá verður það að leggjast niður, og það tel eg illa farið, því eg álít, að það sé bæði til gagns og gamans. — Til vara er stungið upp á, að félaginu séu veittar 500 kr. fyrra árið. Eg get ekki annað séð en að þessi tilmæli séu mjög hófleg, og vona því, að háttv. deild. samþykki þetta.

Á þskj. 415 á eg ásamt öðrum br.till., þar sem farið er fram á, að veita Guðmundi Magnússyni ferðastyrk. — En nú hefir verið mælt fram með honum af þeim manni hér í deildinni, sem sjálfsagt hefir bezta hæfileika til þess að dæma um skáldskap, og það sem þar að lýtur, og þarf eg því ekki annað en skírskota til þess, sem hann hefir sagt. En það er enginn efi á því, að þessi maður er eitt af okkar efnilegustu yngri skáldum. Hefir hann þó farið á mis við mörg mentameðul, sem önnur skáld hafa notið, og er það einni ástæðunni meira, og henni þungri, til að veita honum það, sem hann fer fram á. Og eg er sannfærður um, að verði honum veittur þessi styrkur, þá verður hann honum til gagns og þjóðinni til gagns og sóma.

Þá eru breyt.till. á þskj. 402 og 430. Háttv. 1. þm. Árn., samþingism. minn, (H. Þ.) hefir talað fyrir því máli í dag, og get eg því verið mjög stuttorður. — Það sem við förum fram á, er að veittar séu til brúargerðar á Sogið hjá Alviðru 7,500 kr. fyrra árið, gegn því, að jafn mikið fé verði lagt fram annarstaðar frá. Við höfum borið þessa beiðni fram, eftir ósk sýslubúa. Þeir hafa hvað eftir annað farið þess á leit. Það lá hér fyrir þinginu 1901, en það varð því þá að falli, að málið þótti ekki nægilega undirbúið, en ekki hitt, að þingmenn væru því ekki sinnandi. — Eg efast um, að nokkur brúargerð hafi verið sótt með eins miklum dugnaði eins og þessi, þar sem einn hreppur hefir boðist til að leggja fram 2500 krónur, og er það alveg einstakt. — Enda er það mála sannast, að hreppurinn hefði ómetanlegt gagn af því, ef

brúin kæmist á. Hreppurinn er, eins og tekið var fram í dag, inniluktur af vötnum á 3 vegu, en sveitin er góð, og yrði enn betri, ef þannig yrði ráðin bót á hinum erfiðu samgöngum. — Eg er háttv. fjárlaganefnd þakklátur fyrir undirtektir hennar, þó að þær séu ekki að öllu leyti eins og eg hefði óskað, og gangi breyt.till. á þskj. 402 ekki í gegn, þá hika eg ekki við að greiða atkvæði með breyt.till. á þskj. 430. — Auðvitað er margt fleira að athuga, en eg skal ekki fara um það fleiri orðum, þar sem eg býst við, að háttv. þingm. séu orðnir þreyttir ekki síður en eg. — Að eins skal eg drepa á breyt.till. nefndarinnar við 16. gr., um að styrkurinn til prestsekkju Sigríðar Þorkelsdóttur, 150 kr., falli burt. Eg get ekki séð, að mikill sparnaður sé að því, en auðvitað er það satt, að hvert stráið gerir skugga. Það er líkt með þessa konu og hinar. Og eg vona, að háttv. deild hafi enn sömu skoðun og við hinir um þetta, og að breyt.till. nefndarinnar gangi ekki í gegn.

Eg er þakklátur nefndinni fyrir það, hvernig hún hefir tekið í annað mál, sem sé, að megi verja alt að 800 kr. af jarðarafgjöldum til umbóta jarðarhúsum á þjóðjörðinni Laug í Biskupstungum.

Við, eg og samþm. minn, höfum farið fram á það áður, að bóndanum á Laug yrði veittur styrkur til að byggja upp húsin á jörðinni, svo að hann yrði sömu hlunninda aðnjótandi og aðrir ábúendur á landssjóðsjörðum.

Fleira hefi eg svo ekki að segja að sinni.

Skúli Thoroddsen: Það er auðvitað satt, sem sagt hefir verið, að neðri deildin myndi skilja svo við fjárlögin að þessu sinni, að tekjuhallinn yrði 4—500 þús. kr., ef samþ. væru þær brt., sem nú liggja fyrir. En eg fyrir mitt leyti er þó ekki svo hræddur við þessa fjáreyðslu. Eins og fjárhagur landsins stendur, getur hann vel borið það. En á næsta þingi verður ekki hjá því komist að gera eitthvað til að auka tekjurnar, og það verður eitt af hlutverkum hinnar nýju stjórnar, að íhuga það mál, og búa það undir næsta þing.

Hv. þm. Rvk. (Tr. G.) flutti hinni fráfarandi stjórn vorri þakkarávarp, eins og stundum fyrri, fyrir sparnað hennar, en það getur verið efasamt, hvort menn taka alment undir þetta þakkarávarp. Það er auðvitað hægt að safna fé, ef þeirri reglu er fylgt, að ráðast í sem fæst, og mæla á móti flestum fjárveitingum, er til framfara horfa, eða draga úr þeim, sem auðið er; en hitt er annað mál, hve holl slík sparnaðar-pólitík er fyrir þjóðfélagið, og hve þakklætisverð hún kann að vera; um það erum við, hinn hv. þm. Rvk. (Tr. G.) og eg, óefað á gagnstæðri skoðun.

Hv. þm. Rvk var mjög kvíðinn fyrir því, að ekki myndi takast að finna nýja tekjustofna til að standast vaxandi útgjaldakröfur; en eg er ekki eins kvíðinn fyrir því. Eg hygg að vísu, að örðugt myndi ef til vill að fjölga að mun tollskyldum vörutegundum, en að hyggilegasti vegurinn myndi vera, að leggja ákveðið hundraðsgjald, t. d. 2—4% á upphæð allrar aðfluttrar vöru, og gæti þá alþingi ákveðið hundraðsgjaldið í hvert skifti, innan hinna ákveðnu takmarka, eftir því sem þarfirnar krefðu. Þá mætti komast hjá því að setja tollstjórn á laggirnar. Að því er snertir stærri fyrirtækin, er næstu þing fá til meðferðar, t. d. byggingu handa ráðherranum, hús handa Landsbókasafninu og öðrum söfnum landsins o. fl., þá tel eg réttast, að láta ekki þær fjárveitingar lenda á

einu fjárhagstímabili, heldur taka lán, og láta það koma niður á fleiri árum.

Eg skal ekki blanda mér í ágreininginn um Lagarfljótsbrúna, en þar sem hv. þm. Rvk. (Tr. G.) sagði, að nauðsynlegt væri að rannsaka, hvort sökin lægi hjá stjórninni, verkfræðing landsins eða verksmiðjunni, þá skal eg geta þess, að sumir eru þeirrar skoðunar, að sá, sem hér á sök að máli, og beri alla ábyrgðina, að minsta kosti siðferðislegu ábyrgðina, sé einmitt hv. þm. Rvk. Oss, sem sátum á þingi, þegar norski verkfræðingurinn var ráðinn til að skoða brúarstæðið, er kunnugt um, hve afarmiklu kappi hv. þm. Rvk. beitti, til að koma því til leiðar — af sinni alkunnu og óþreytandi óvild til verkfræðings landsins —, að honum var ekki trúað fyrir því, að rannsaka brúarstæðið, og sérstaklega árbotninn, og því var, eftir ráðum hv. þm. Rvk. (Tr. G.), fenginn til þess útlendur verkfræðingur, sem, þótt hann væri góður verkfræðingur, var illa til þess fallinn, af því hann var ókunnugur staðháttum hér á landi, enda leysti hann verk sitt svo af hendi, að brúarefnið, sem pantað var samkvæmt mælingum hans og áætlunum, reyndist ófullnægjandi, og fór því, sem fór.

Þm. Rvk. (Tr. G.) lét þá von í ljósi, að hin nýja stjórn myndi útvega oss nýjan verkfræðing, í stað verkfræðings þess, er vér nú höfum. Eg skal engu um það spá, hvort þær vonir þingmannsins rætast. Það eru sjálfsagt margar vonir, sem menn byggja á hinni væntanlegu nýju stjórn vorri, og líklega valt að treysta því, að þær rætist allar; sumir óska t. d. að hún sjái okkur fyrir nýjum bankastjóra, og væri þá má ske bezt til fallið, að gera gamla bankastjórann að verkfræðingi, því að það höfum vér margsinnis fengið að heyra, að enginn þykist færari til þess starfa en hann.

Þá skal eg víkja að brt. minni viðvíkjandi Sighvati Borgfirðing. Eg þakka fjárlaganefndinni fyrir það, hve hlýlega hún hefir tekið henni. Eg álít, að það sé skylda þingsins að meta það mikils, þegar alþýðumenn sýna eins frábæra fróðleiksfýsn, eins og þessi maður. 2. þm. Eyf. (H. H.), sem ekki þekkir neitt ritstörf hans, bar honum mjög slæman vitnisburð. En eins og allir vita, er þm. skáld gott, og hættir því oft við að varpa undarlegum skáldablæ á ræður sínar, og vona eg því að hv. deild hafi ekki skoðað ræðu hans um Sighvat gamla öðruvísi en skáldskap. Hvernig þm. getur talið Sighvati Borgfirðing það til ámælis, að fréttagrein, er hann ritaði mér um aðfarir »trawlara« í Dýrafirði, og bátstapa þann, er af þeim aðförum hlauzt, hafi eigi í öllum atriðum verið svo nákvæm, sem 2. þm. Eyf. (H. H.) þótti æskilegt, eða samkvæm því, er *hann* vildi telja réttara, það er mér alveg óskiljanlegt, enda var það mjög afsakanlegt, þótt Sighv. Gr. Borgfirðingur hefði ef til vill eigi fengið sem glöggastar fregnir um atburð, sem þá var alveg nýlega skeður; en annars skal eg geta þess, að orsökin til þess, að eg eigi tók þá grein hans í blað mitt, var fremur sú, að eg vildi láta að vilja 2. þm. Eyf. (H. H.) í þessu efni, sem hann var persónulega svo mjög við riðinn, heldur en hitt, að eg vefengdi frásögn Sighvats, enda fæ eg ekki betur séð, en maðurinn geti verið alveg eins fær til þess, að skrifa um æfiatriði íslenzkra presta, þó að frásögu hans um þennan atburð hefði verið ábótavant í einhverju atriði.

Viðvíkjandi lækkun styrksins til Boga Melsteðs, um 400 kr., tók 2. þm.

Eyf. (H. H.) svo djúpt í árinni, að mér virtist hann líkja tillögum mínum um þá sagnfræðingana Sighvat og Boga við það, að vilja sleppa Barrabas, en krossfesta lausnarann! Lagleg er samlíkingin, og mikill maður er nú Bogi vor orðinn, þegar ekki nægir minna, en að líkja honum við lausnarann! En fyrir mér vakti svipað, er eg samdi tillögu þessa, eins og hæstv. landsh. tók fram í dag, að fyrir sér hefði vakað, er hann kom með brt. um það, að styrkurinn til Sigfúsar Einarssonar væri lækkaður niður í 600 kr., og skírskotaði til þess, að það væri venja þingsins að veita ekki slíkan styrk hærri. Eg vona því, að 2. þm. Rangv. (M. St.) verði sjálfum sér samkvæmur, og greiði atkv. með því, að styrkur Boga Melsteðs verði líka settur niður í 600 kr., og væri þeim 400 kr., sem sparaðar yrðu, vel varið, ef Sighvatur gamli á Höfða fengi nokkurn hluta þeirra. En nú lítur svo út, sem þetta gleðilega sýnishorn af Íslandssögu Boga Melsteðs hafi fest svo djúpar rætur í hugum manna, að tillaga mín eigi lítils byrs að vænta, því að ástæðurnar, sem menn færa á móti lækkuninni, eru sumar ærið undarlegar. Einn hv. þm. sagði t. d. við mig í dag, að það væri sjálfsagt að veita styrkinu, því kandídatinn væri nú kominn á þann aldur, að hann þyrfti að fara að gifta sig. Gegn svona röksemdum er auðvitað ekki margt að segja, enda hefi eg heyrt, að þessi hv. sögumaður hafi í sumar fengið 200 kr. ferðastyrk hjá kenslumálaráðaneytinu danska, líklega til þess að fara agítatiónsferð hingað, til að »agítera« í þingmönnum, og lítur svo út, sem sú ferð hans ætli að bera góðan ávöxt.

Þá ætla eg að fara nokkrum orðum um Guðmund skáld Guðmundsson. Við 2. umr. var tillaga mín um styrkveiting til hans feld, en nú kem eg með brt. í þá átt, að veita honum 500 kr. fyrra árið, til að ljúka við skáldverk sitt »Strengleikar«. Allir, sem hafa kynt sér ljóð þessa manns, verða að játa, að hann er mjög efnilegt og lipurt ljóðskáld. Mundi hverri annari þjóð, sem ætti jafn efnilegt skáld, þykja sómi að veita því styrk, þótt hærri væri, en sá sem er hér um að ræða. Eg mun greiða atkvæði mitt með styrknum til Guðm. Magnússonar, því að eg álít, að hann sé styrks maklegur, og tel víst, að það hafi lífgandi og fjörgandi áhrif á kveðskap hans, að verða fyrir nýjum áhrifum erlendis. En verði honum veittur styrkur, þá væri líka óréttlátt að láta Guðm. Guðmundsson sitja hjá.

Um brt. viðvíkjandi ekkju Magnúsar Ásgeirssonar þarf eg eigi að fjölyrða, þar sem þm. Vestm. (J. M.) o. fl., hafa tekið þar svo vel í strenginn. Eg vona einnig, að þingið kippi ekki burtu styrknum til Hannesar pósts, þó að hann sé alþýðumaður, þar sem hann hefir unnið í 20—30 ár í þjónustu þess opinbera, og hefir oft orðið að þola vosbúð og kulda á póstferðum sínum og er því ekki vinnufær lengur, sakir sjóndepru, er stafar af illum aðbúnaði á póstferðavolkinu. Eg vona því að nefndin sjái sig um hönd, og verði eigi jafn mótfallin fjárveitingu þessari, eins og framsögumaður hennar lét í veðri vaka.

Eg mun hafa getið þess hér í deildinni áður, að 2. þm. Eyf. (H. H.) væri skáld gott, svo að ræður hans fengju stundum töluverðan skáldskaparblæ, en líktust síður virkilegleikanum, og þessa virtist mér eigi hvað sízt kenna í ræðu hans um launahækkun vitavarðarins á Arnarnesi. Mér er það að vísu fremur óljúft, að fara langt út í

það mál, en enda þótt hér sé að ræða um hækkaða fjárveitingu til kjördæmis míns, og enda þótt mér persónulega væri það ljúfast, að maður sá, er hér á hlut að máli, bæri sem mest frá borði, tel eg mér þó skylt að láta þess getið, þar sem mér, sem þingmanni, ber að hafa hag alls landsins fyrir augum, að það er engin ástæða til að leggja sýslan þessari hærri laun en 400 kr. á ári. Það voru mjög margir, sem gjarna vildu fá sýslan þessa, þegar hún var stofnuð; en henni var ekki slegið upp, af því sýslunefndin hafði — að því er eg síðar hefi heyrt — komið sér saman um, að láta Gest bónda Guðmundsson í Arnardal verða hennar aðnjótandi, og hefir hann síðan gegnt henni, og stundað hana, ásamt búi sínu, enda er naumast meira en 1/4 eða 1/2 tíma gangur frá bæ hans upp á hæðina, þar sem vitinn stendur. Hann hefir því sint búi sínu, sem fyr, og gat t. d. sint fjósaverkum síðastl. vetur, að því er mér hefir verið frá skýrt, þó hann hefði þessa sýslan. Eg er líka viss um, að ef maðurinn slepti þessari sýslan, sem hann auðvitað ekki gerir, þá byðist margir hæfir menn til að taka hana að sér fyrir 400 kr. En manni þessum er það auðvitað alls ekki láandi, þó að hann vilji gjarnan fá 200 kr. árlega viðbót, ef hann getur; og eg lái heldur ekki 2. þm. Eyf. (H. H.), sem er maður mjög góðgjarn, þó að hann beri þetta mál fram. En þar sem það er stór nauðsyn að koma vitum upp sem víðast, þá má ekki spenna bogann of hátt, að því er gæzlukostnaðinn snertir, því að menn mundu þá verða deigari á það, að fjölga vitum sem þörf er á.

Árni Jónsson: Þegar hinn háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) var að tala um styrkinn til organleikarans við dómkirkjuna, þá heyrði eg ekki betur en að hann segði eitthvað á þá leið, að ef söngurinn væri ekki meira en 500 kr. virði, þá væri guðsþjónustan ekki metin mikils. Einhvern veginn á þessa leið fórust honum orð. En hann gætir ekki að því, að þessi atriði eru ekki eins sundurgreind og hann gerir sér í hugarlund, þetta hvorttveggja, söngurinn og guðsþjónustan stendur í sambandi hvað við annað. Hann hefir auðsjáanlega ekki skilið meiningu fjárlaganefndarinnar í þessu efni. Eg ímynda mér þó, að hann hafi séð breyt.till. hennar, þar sem hún lýsir því yfir, að hún vill leggja til 100 kr. til organleikarans, til þess að hann leiki á orgelið við alþingissetningar og prestvígslur. Þetta kemur nú ekki oft fyrir að hann þurfi að gera; alþingissetning er sjaldnast nema annaðhvort ár og prestvígslur ekki meira en tvisvar, þrisvar á ári. Það er því ekki rétt hjá háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.), að nefndin hafi ekki kunnað að meta sönginn. Ef þessar 100 kr. til orkanleikarans yrðu samþ., þá fengi hann fyrir hverja slíka guðsþjónustu 25 kr., og ætla eg það verði því ekki með sanni sagt, að nefndin meti sönginn lítils eða guðsþjónustuna yfir höfuð. Nefndin hefir þannig lýst því yfir, að hún kannist fyllilega við gildi söngsins, og eg get verið háttv. þm. samdóma um það, ef hann er í góðu lagi, þá sé hann helmingurinn af þeirri helgu athöfn, sem í kirkjunni fer fram. En nefndin álítur að söfnuðurinn hér kunni ekki eins vel að meta sönginn, ef hann vill ekki borga hann sjálfur, eins og söfnuðirnir verða að gera út um landið, samkv. gildandi lögum um það efni.

Þá er eitt atriði, sem eg vildi víkja að, og eg álít mjög mikils vert, og vildi eg æskja eftir að háttv. þm. tækju það

til athugunar. Það er breyt.till. frá nefndinni við 13. gr. B. VI. b. 2., um styrkinn til sveitakennaranna. Þetta mál er nauðsynlegt og gott í alla staði. Það er í fyrsta lagi farið fram á að tillagið til sveitakennara, sem þeir fá úr landssjóði, sé hækkað úr 80 kr. upp í 100 kr. Með þessu móti eru kjör þeirra bætt að miklum mun, og laun þeirra verða 1/4 hærri. Í öðru lagi er farið fram á að auka tillagið úr landssjóði um 1000 kr. fyrra árið og 2000 kr. síðara árið, og er eg samþ. þeim hvorttveggju.

Í 3. lagi er styrkur þessi því skilyrði bundinn, að kennararnir fái úr sveitarsjóði eða annarstaðar að, auk fæðis, helming á móts við landssjóðsstyrkinn. Með þessu er þóknunin til þessara manna hækkuð alt að því um helming. En með því að gjöra svona mikla breytingu og leggja þessa skyldu á sveitirnar, þyrfti um leið að fylgja, að eftirlit væri haft með kenslunni, og að það væri þá séð um að hún færi betur fram en áður, því það eftirlit, sem nú á að vera, er ekki nema nafnið eitt. En með því að setja þetta skilyrði eitt inn út af fyrir sig, þá er ekkert hægra að fá góða kennara en áður, og alt situr við það sama. En ef nú þingið samþ. að þessi fræðsla sé eftirlitslaus, um leið og það leggur svona mikil framlög á sveitirnar, og samþ. jafnframt að senda mann út um landið, að kynna sér alla slíka fræðslu, þá finst mér hér koma fram mótsögn, svo eg get ekki verið með þessu eða felt mig við svona lagaða tillögu. Eg álít, að hér sé ekki rétt að breyta fyr en gagngerð breyting verður gerð á fyrirkomulaginu með sveitakensluna, sem vonandi kemst á innan skamms. Mér þykir leitt ef þm. taka þetta mál ekki til rækilegrar athugunar og með alvöru, en eg sé nú að þeir eru að eins örfáir hér inni, og er það oft svo, þegar verið er að tala. Eg hefi að eins í þessu atriði ekki getað fylgt nefndinni. Mér er ókunnugt um það, hvort kenslan fer nokkuð til batnaðar, þótt þessi kvöð sé lögð á sveitirnar. Þó það hafi verið tekið fram, að eftirlitið mundi skerpast, þá er spursmál, hvort það yrði nokkuð betra en verið hefir. Eg hefi að minsta kosti ekki trú á að eftirlitið yrði betra, svo að þetta fé kæmi að tilætluðum notum. Eg vil að hjálpað sé til að halda í horfinu, en ekki að farið sé að leggja steina í bygginguna áður en grundvöllurinn er lagður, og grundvöllurinn í þessu efni er kennaraskólinn. Nú eru hér á landi um 150 sveitakennarar, og eftirlitið er sama sem ekki neitt, því engin ákvæði eru um það, að prestum sé skyldugt að hafa eftirlit með kenslunni.

Eg ætlaði svo að víkja fám orðum að háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), út af ummælum hans um Boga Melsteð. Eg mótmæli þeim orðum hans, að þessi maður sé hér kominn til þess að agitera í þm., og að það líti út fyrir, að það bæri góðan árangur. Hann hefir ekki vikið orðum að því við mig, og eg þykist fullviss að svo hafi heldur eigi verið um aðra þm. Háttv. þm. var nýlega að biðja mig um að styðja Sighvat Grímsson, og ætlaði eg að vera með því, að honum væri veittur styrkur, en nú þori eg það ekki, því þá væri þessi háttv. þm. (Sk. Th.) vís til að segja á eftir, að það hefði verið af því, að hann hefði agiterað í mér.

Einar Þórðarson: Hin h. fjárlagan. hefir gert breyt.till. við 4. gr. 1., sem fer í þá átt, að eftir séu gefnar árlega 200 kr. af þeirri afborgun, er núverandi presti á Kirkjubæ í Hróarstungu ber að borga af prestakallaláni því, er hann hefir tekið til húsabóta. Eg er þakklátur hinni h.

nefnd fyrir þessa tillögu hennar, því eg álít hana sanngjarna og réttláta, og að hún jafnvel hefði mátt ganga lengra. Ymsir hafa hreyft því utanþings, að þessi eftirgjöf gæti verið varasöm, af því hún gæti dregið þann dilk á eftir sér, að aðrir prestar kæmu til þingsins með beiðni um uppgjöf á prestakallalánum. En við þessu er alls eigi hætt. Málavextir hér eru, eins og h. framsm. tók fram, alveg sérstæðir, sem sé þeir, að prestur sá, er hér á hlut að máli, varð hvert árið eftir annað að byggja upp staðinn vegna eldsvoða, er líka að öðru leyti gerði honum stórkostlegt tjón. Er það bæði vonlegt og líklegt, að slíkar ástæður verði eigi fyrir hendi nokkurn tíma aftur.

Háttv. þm. Rvk. (Tr. G.) sagði í ræðu sinni, að brú á Lagarfljót hefði einu sinni verið sitt mesta áhugamál. Það er mjög leiðinlegt, að hinum háttv. þm. skuli hafa snúist svo mjög hugur, að hann nú gerir alt sem hann getur til þess að spilla fyrir brúnni. Og má segja um hann hið fornkveðna, »að annað er hausthugur en vorhugur«. — Hann sagði, að hengibrú á Steinsvaði væri héraðinu eins hagkvæm og brú hjá Egilsstöðum. Eg hefi auðvitað ekki verkfræðisþekkingu hins h. þm. Rvk. (Tr. G.), en eg þykist vera eins kunnugur í þessu héraði eins og hann, og eg hlýt algerlega að mótmæla þessu. Hann sagði, að það væru að eins tvær sveitir, Fljótsdalur og Fell, sem hefðu óhag af þessu, en eg vil bæta við Jökuldal, Jökulsárhlíð og Framtungu, svo það verður að eins Úttungan, sem liggur betur við umferðinni um Steinsvað. Þá sagði hann að brúnni væri ekki óhætt á Einhleypingi; en þótt eg beri hina mestu virðingu fyrir verkfræðisþekkingu hins háttv. þm. Rvk. (Tr. G.), þá leyfi eg mér þó að bera meira traust til verkfræðingsins, sem segir að brúnni sé óhætt með ísbrjótum. Á alþingi, ef eg man rétt, var það 1897, gaf verkfræðingur landsins skýrslu um Lagarfljótsbrúna, en gat þess, að hann ekki hefði getað rannsakað fljótsbotninn, af því hann vantaði verkfæri. Í stað þess að veita upphæð til þess að kaupa þessi verkfæri fyrir, réði þingið norskan verkfræðing, sem ekki heldur hafði tæki til að rannsaka fljótsbotninn, og með öllu var ókunnur staðháttum hér á landi, til þess að rannsaka brúarstæðið, og var því eðlilegt að það færi sem fór um brúna. Þá var fylgt ráðum háttv. þm. Rvk. (Tr. G.); af hvaða hvötum þau voru sprottin er honum kunnugra en mér, en þau gáfust illa. Háttv. þm. Rvk. (Tr. G.) verður því að fyrirgefa, þótt okkur hinum, sem málinu erum kunnugir, virðist svo, sem hann ætti heldur að líta nær sér, og stinga hendinni í sinn eigin barm, en að áfella verkfræðing landsins fyrir það, sem hann alls engan vansa getur haft af, og beita hnúum og hnefum til að traðka einu stærsta áhuga- og velferðarmáli þessa héraðs, og það máli, sem hann sjálfur játar, að eitt sinn hafi verið hið mesta áhugamál sitt.

Björn Bjarnarson: Eg gleymdi í dag í ræðu minni nokkrum atriðum, sem eg vildi hafa minst á, sérstaklega unglingaskóla í Dalasýslu, sem 1901 fekk 1000 kr. styrk af landssjóði. Í þeirri von, að þetta ekki væri meiningarleysa, lagði sýslunefndin líka fram um 1000 kr., og keypti þar að auki mikið af kensluáhöldum, og nú hefir hún enn fremur lagt fram fé til næsta árs. Sú reynsla, sem þegar er fengin, er góð; skólinn var vel sóttur og kennararnir mjög góðir; vona eg því að hin háttv. deild veiti þennan styrk áfram, því sýslan getur ekki kostað skólann

að öllu leyti, og hlyti að álita, að þingið hefði að eins gabbað sýsluna. Eg mun nú, eins og seinast, greiða atkv. með 2500 kr. fjárveitingu til þjóðvegar frá Hafnarfirði til Vogastapa, með því skilyrði, að hér sé ekki um flutningabraut að ræða, því það álít eg ónauðsynlegt, þar sem nóg er um skipagöngur í þessu héraði.

Breyt.till. (443) hefi eg aldrei tekið í alvöru; mér kom aldrei til hugar að menn vildu kosta »missión« meðal ísl. stúdenta í Khöfn. (*Lárus H. Bjarnason*: Það eru fleiri Íslendingar í Khöfn en stúdentar!) Það er alveg satt, en þeir munu allir komast svo fljótt niður í danskri tungu, að þeir geta fært sér danska guðsþjónustu í nyt.

Eg er alveg samdóma háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) um, að hægt sé að fá nóga vitaverði fyrir 400 kr., enda mundu allir vitaverðir vilja fá launaviðbót ef laun þessa manns væru hækkuð.

Eg fylgi uppástungunni um að fella 3. lið í 11. gr. Hér í Reykjavík er svo margment, að hér ætti vel að geta lifað aðstoðarlæknir launalaust. Eg hefi borið mig saman við einn lækni í Reykjavík um þetta, og er hann mér samdóma. Launalaus aðstoðarlæknir er ekki bundinn við neinn taxta, og getur því fengið meiri borgun fyrir starfa sinn en fastur læknir, og væri það duglegur læknir, þá mundi hann fá mikla aðsókn, og geta lifað góðu lífi af lækningum sínum.

Þá er breyt.till. (393). Þingdeildin vildi ekki seinast veita Lúðrafélaginu neinn styrk. Það er þó auðsætt, að það félag verður að leggja allmikið í sölurnar, bæði vinnu og peninga, og það skemtir mörgum manni án nokkurs endurgjalds. Ef félagið ætti að hafa styrk bæði árin, gæti það lítið út, eins og þingið þar með gæfi loforð um að styrkja það framvegis, en til þess að menn geti gengið úr skugga um að svo er eigi, vil eg leyfa mér að leggja það til, að varatillagan verði samþykt.

Hannes Hafstein: Mér þykir það leitt, ef Sighvatur Borgfirðingur skyldi verða til þess að spilla þeim góða kunningsskap, er hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) gat um að ætti sér stað milli okkar. Þessi styrksupphæð er ekki þess verð. Meira að segja, hér er um svo lítið fé að ræða, að mig furðar á því, að eins hjartagóður maður og hv. þm. N. Ísf. (Sk. Th.) er, skuli vera að biðja um þessa smámuni úr landssjóði, úr því hanu vill hjálpa hr. Sighvati á annað borð, og skuli ekki heldur leggja þessa peninga fram úr eigin vasa. Hann hefir sjálfsagt oft blætt betur, og skil eg alls ekki í, að hann skuli vilja vera að gera þetta að kappsmáli; það kom fram í umræðunum áðan, að einn hv. þm. er hættur við að greiða atkv. með þessari styrkveitingu, af því honum fanst, að hér mundi liggja einhver fiskur undir steini, svo það er ekki »praktiskt« fyrir hv. þm. að láta sjá eins mjög kapp sitt í þessu, eins og hann gerir. Og sízt skil eg í því, að láta sér detta í hug, að tala um þenna styrk í sömu andránni og um styrkinn til Boga Melsteðs, því hér er þó ólíku saman að jafna. — Eg þakka hv. þm. fyrir tvö vottorð um það, hvað eg væri gott skáld, sérstaklega fyrir það, hvað þessi vottorð voru gefin í góðri meiningu og af hlýjum hug! Eg get gefið hinum hv. þm. sama vottorð; hann er líka mikið skáld, þó hann gefi sig mest við sérstakri tegund prósaskáldskapar, eins og sjá má af mörgum greinum í málgagni hans og ummælum um náungann. Það var skáldskaparkent, það sem hv. þm. sagði um Sighvat og um greinina sælu. Eg man eftir þessari grein, og það voru ekki skammir

um mig, heldur einmitt smeðjulegt skjall, sem eg strikaði út. En mér finst skjólstæðingur hv. þm. varla vera þess verður, að fjölyrt sé svo mjög um hann, og skal eg því ganga í bindindi með að tala meira um hann.

Hafi það verið skáldskapur, sem eg sagði um Arnarnessvitann, þá hefir það verið mjög realistiskur skáldskapur. Eg sagði að maðurinn stöðugt hefði sofið í vitanum meðan kveikt var, og hafst þar mikið við, og þetta er alveg satt, en auðvitað get eg ekki sagt um, hvort hann hefir leyst einhver önnur störf af hendi, þegar hann gat fengið tíma til. Eg tók að mér tillöguna af því að þessi maður, sem reyndur er að samvizkusemi, vildi ekki halda starfinu áfram, nema hann fengi launaviðbót, en hvort tillagan stendur eða fellur, er mér að öðru leyti ekkert kappsmál. Það er satt, að þessi sýslan var ekki auglýst, heldur tókst núverandi vitavörður starfið á hendur til bráðabirgða, eftir ráðstöfun sýslunefndar og samningu við mig; en mönnum var kunnugt um að vitinn var reistur, og þeir, sem sem vildu, gátu sótt um vitavörzluna, enda kom umsókn frá einum manni hér sunnan af landi, eða öllu heldur fyrirspurn um launin, en hvorki eg né sýslunefndin bar nein kensl á þann mann, og eftir öllum atvikum var það vafalaust, að ekki var auðið að fá annan betri en þann, sem tekinn var. Hér er því engin vanræksla frá sýslunefndarinnar hálfu.

Tryggvi Gunnarsson: Eg verð að leyfa mér að segja fáein orð til þess að leiðrétta það, sem tveir háttv. þingmenn, 2. þm. N.-Múl. (E. Þ.) og h. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), hafa sagt um framkomu mína í vegamálunum og brúarmálunum, og skal eg þá benda á það, að í fjárlögunum 1897, 12. gr. B 3 stendur: »Til að ráða æfðan norskan verkfræðing, til að kanna sumarið 1898 brúarstæði og gera teikningar og áætlun um kostnað við brúargerð á Jökulsá í Axarfirði og Héraðsvötnum hjá Ökrum, fyrra árið alt að 3500 kr.» Þessi verkfræðingur kom svo hingað, og rannsakaði hann meðal annars brúarstæðið á Lagarfljóti. Af þessu er það auðsætt, að ráðning verkfræðings þessa er verk þingsins en ekki mitt, og get eg því ekki tekið á móti þeim heiðri, sem átti að veita mér áðan, að eg hafi verið svo máttugur að geta haft alt þingið á mínu bandi eða leitt það gegn vilja þess eftir minni vild; þótt svo væri, að eg hefði bent þinginu á að ganga þessa leið, að ráða útlendan verkfræðing, þá hljóta allir að sjá, að úr því að þingið hefir aðhylst þá skoðun, og gert hana að sinni skoðun, þá er það ekki mín hugsun lengur heldur þingsins, hún er orðin þess eign og á þess ábyrgð, en eigi minni. Svo er hinn norski verkfræðingur ásakaður fyrir það, hvernig honum hafi tekist starf sitt. En þess bið eg menn að gæta, að á þinginu 1899 var skipuð nefnd til að íhuga brúargerð á Lagarfljóti; í henni voru þeir 1. þm. N.-Múl. (E.J.) þm. S.-Þing. (P. J.) og 2. þm. Eyf. (J. J.); þeir segja svo í nefndaráliti sínu: »að þeir hafi tekið til íhugunar þessu máli viðvíkjandi, það er að segja málinu um Lagarfljótsbrúna, álitsskjal til ráðaneytisins fyrir Ísland, frá herra ingeniör Fr. Barth, *»sem stjórnin útvegaði samkvæmt tillögu Nd. alþingis*, til þess að rannsaka brúarstæðin á Héraðsvötnum, Jökulsá í Axarfirði og Lagarfljóti«. Þetta bið eg menn vel að athuga, að það er hér tekið fram með berum orðum, eins og líka er rétt, að það var stjórnin sem útvegaði Barth til starfa þessa, eftir tillögu Nd. alþingis, en eigi *eg*. Svo heldur nefndin áfram og segir, »að álitsskjal þetta og

meðfylgjandi uppdrættir og áætlanir virðist sérlega vel af hendi leyst, og berandi vott um, að alt sem þessum brúarfyrirtækjum viðvíkur, hafi verið nákvæmlega íhugað, og langt um framar, en vér höfum átt að venjast«. Þennan vitnisburð fær nú ingeniör Barth hjá þessari nefnd, og þó fullyrða háttv. þm. (Sk. Th. og E. Þ.) nú, að þinginu 1897 hafi missýnst með tillögu sinni um að útvega útlendan verkfræðing til þess að rannsaka brúarstæðin.

Eins er og að gæta í máli þessu. Verkfræðingur landsins hafði árið áður en Barth kom hingað, skoðað brúarstæði á Lagarfljóti, og ákveðið að brúna skyldi setja á Einhleypingi. Setjum nú svo, að þingið hefði ekki lagt það til að útlendur verkfræðingur væri fenginn, og þar af leiðandi að Barth hefði aldrei hingað komið. Eru þá nokkur líkindi til að verkfræðingur landsins hefði breytt skoðun sinni um brúarstæðið? Það mundi einmitt hafa verið byrjað á að byggja brúna á sama stað, þótt verkfræðingur landsins hefði verið einn um hituna. Því hefir verið haldið fram, að Barth hafi gefið ranga skýrslu, því að fljótsbotninn hafi eigi reynst eins góður og hann áleit hann. En það gefur að skilja, að það er ekki hægt að segja með fullri vissu um ásigkomulag botnsins, nema fyrir hendi séu nauðsynleg áhöld til að rannsaka hann, til þess þarf hæfilegan slaghamar (rambúkk), en hann hafði Barth eigi. Ingeniörinn á verksmiðjunni í Kaupmannahöfn, sá er eg talaði við, sagði að Barth hefði eigi verið ásökunarverður fyrir það, þótt hann gæti eigi gefið nákvæma skýrslu um botninn, við því hefði ekki verið hægt að búast, eftir þeim áhöldum sem hann hefði haft. Það kæmi svo oft fyrir á vesturströnd Jótlands, þegar ætti að gera mannvirki í sjó út, að botninn væri ekki rannsakaður vandlega áður en á verkinu væri byrjað, og ef hann reyndist öðru vísi en við hefði verið búist, svo þar þyrfti að reka straura dýpra niður en gert hefði verið ráð fyrir, og staurar þeir sem fyrir hendi væru, reyndust of stuttir, þá gerðu menn sér hægt um hönd að skeyta þá saman, og reka svo 2 eða 3 staura hvern á eftir öðrum þar til fastur botn kæmi. Eg verð því að álíta að hvorki Barth né verkfræðingur landsins eigi sök á því, þótt botninn í Lagarfljóti reyndist gljúpari en við var búist; þeir höfðu eigi haft tæki til að rannsaka hann til hlítar. Eg á hvorki þökk skilið né vanþökk fyrir það, hvernig málinu er komið, þingið ber veg og vanda af því, enda mun því eigi koma til hugar að bera sök af sér og skella henni á einstakan mann.

Þá talaði háttv. 2. þm. Árn. (ÓI. ÓI.) heilmikið um það, að það hefði stundum eigi reynst holt að fylgja mínum ráðum, og tók hann þar til dæmis Ölfusárbrúarmálið. Ef háttv. þm. (ÓI.ÓI.) vildi hafa fyrir því, að fletta upp í þingtíðindum þeirra ára, er mál þetta var til meðferðar, þá mun hann finna þar einhverstaðar eftir mig orð á þá leið, að það væri auðvelt að rista breiðan þveng af annara lengju. Þetta sagði eg þegar farið var fram á 60000 kr. fjárveiting úr landssjóði til brúarbyggingarinnar á Ölfusá, án þess nokkuð væri boðið fram af héraðanna hálfu. En eg man það líka, að eg sagði við hinn gamla þingmann þeirra Rangv. Sighvat Árnason, — og það veit eg að hann muni kannast við enn þá — að ef þeir vildu bjóða eitthvað fram til brúarinnar frá sér, þá mundi eg gerast stuðningsmaður málsins eftir megni. Svo kom á næsta þingi fram tilboð um að leggja 20000 kr. fram frá héruðunum, og þaðan stafar brúarlánið, sem

nú er farið fram á uppgjöf á. Þegar þetta boð kom, þá komst brúarmálið fram á þinginu, svo að það var eftir bending frá mér, á hvern hátt líklegast væri að málið fengi framgang, að sýslurnar tóku það ráð, að bjóða að leggja fram 1/3 fjárins frá sér, svo það er ekki fjarstæða, þótt sagt væri, að Ölfusárbrúin hafi komist á fyrir það ráð sem eg benti þingmönnunum á.

Lárus H. Bjarnason: Eg hjó eftir þrem atriðum í ræðu h. þm. Rvík (Tr. G.), sem eru þess verð að athuga þau nokkuð. Hið fyrsta var það, að hann sagði, að brúarstæðið við Egilsstaði væri ófært. Eg met að vísu mikils verklega þekkingu og byggingarfærleik háttv. þm. Rv. (Tr. G.), en þar sem álit hans á þessu kemur í bága við skoðun ráðunauts stjórnarinnar og verkfræðings landsins, er telur brúnni muni vera óhætt, séu bygðir ísbrjótar henni til verndar, þá verður það þó fyrir mér að lúta í lægra haldi fyrir áliti verkfræðinganna. Eg veit ekki til hvers verkfræðingarnir væru, ef ekki væri farandi eftir því, sem þeir segja um slíka hluti. Um annað atriðið hjá hv. þm. Rv., það atriði, hvort haganlegra væri fyrir Norðmýlinga að hafa brúna á Einhleypingi eða Steinsvaði, skal eg ekki deila við háttv. þm. Rv., eg hefi þar ekki nægan persónulegan kunnugleik, til að geta skorið úr því af eigin reynd; en einnig í því efni verð eg að meta meira yfirlýsingar þingmanna Norðmýlinga, en orð þingmanns Reykvíkinga. Eg býst við að þeir þekki að minsta kosti betur vilja héraðsbúa, en háttv. þm., og hann verður þingið að meta nokkurs, svo framarlega sem brúarstæðið er nokkurn veginn örugt. Þriðja atriðið var það, að háttv. þm. Rv., vildi láta rannsaka, hverjum það væri að kenna, að brúarsmíðið mishepnaðist, og koma svo ábyrgð fram á hendur hinum seka. Eg held að háttv. þm. (Tr. G.) viti eigi, að stjórnin er þegar búin að skuldbinda sig til að borga út félaginu, sem fyrir brúarsmíðinni stóð, 37,935 kr., og eg álít að hún hafi gert það með réttu, því að hinn norski verkfræðingur Barth, hafði fullvissað félagið um, að brúnni væri engin hætta búin af ís, á Einhleypingi, það fór eftir frásögn hans, og verkfræðingur landsins hafði ekki mótmælt skoðun Barths. Þegar alt er svona undirbúið, þá hefir félagið lagalegan rétt til að fá kröfu sína goldna, og hér dugar ekki að sakast um orðinn hlut, en reyna heldur að bæta úr því, sem bætt verður.

Háttv. 2. þm. Árn. (Ól.Ól.) furðaði á því, að eg hefði bendlað fjárlaganefndina við niðurfærsluna á styrknum til síra Valdimars Briem. Eg skal benda háttv. þm. (Ól. Ól.) á, að nefndin hafði gert annað, sem verra hlýtur að vera í hans augum; hún hafði komið með tillögu um að fella styrkinn alveg niður. Háttv. þm. færði það til, að maður þessi væri sómamaður og fátækur; eg skal á hvorugt bera brigður. En þetta á ekki að vera fátækrastyrkur, heldur skáldastyrkur. Og eg skal aftur taka það upp, sem eg sagði áðan, að mér finst síra Valdimar Briem hafa ort of mikið, og því ekki eiga hærri laun skilin en Þorsteinn Erlingsson, sem ort hefir of lítið.

Háttv. þm. Dal. (B. B.) mælti á móti styrknum til síra Magnúsar Magnússonar, kvað hann hans ekki þörf, því að Íslendingar í Kaupmannahöfn skildu dönsku. Eg trúi því vel að háttv. þm. (B. B.) hafi skilið dönsku þegar hann kom þangað, danska er hans móðurmál, og eg veit líka að Íslendingar, sem búnir eru að vera nokkurn tíma í Danmörku, læra að skilja dönsku, en þar fellur út og inn, menn koma ár-

lega hópum saman að heiman, og aðrir fara heim. Það verða því jafnan allmargir Íslendingar í Kaupmannahöfn, sem ekki skilja dönsku svo, að þeir hafi gagn af danskri guðsþjónustu, og geta jafnvel hvorki gert sig skiljanlega fyrir öðrum né skilið aðra í daglegu samtali, og eg veit dæmi þessa einmitt úr praxis manns þess, er hér ræðir um. Hann fermdi nýlega 15 ára gamlan pilt á íslenzku. Annars vil eg ráða háttv. þm. Dal. (B. B.) áður en hann brúkar munn — eg meina náttúrlega ekkert ilt með því — að brúka augu og eyru, hann ætti að hafa séð það og heyrt, að styrkurinn er ekki eingöngu ætlaður til að halda uppi íslenzkri guðsþjónustu meðal Íslendinga í Kaupmannahöfn, heldur líka til líknarstarfsemi meðal þeirra, og eg veit, að háttv. þm. Dal. er svo góðhjartaður maður, að hann muni verða með styrkveitingunni þegar hann athugar þetta.

Þá var háttv. þm. Dal. (B. B.) á móti því, að Guðm. lækni Björnssyni væri veittur styrkur til að halda aðstoðarlækni, og færði hann það til, að hann hlyti að hafa svo mikil laun, að hann gæti borgað aðstoðarlækni frá sjálfum sér. Eg skal ekki um það segja, hvað mikil laun Guðm. Björnsson kann að hafa, en hitt vita allir, að hann hefir mikla fátækrapraxis, sem hann getur ekki haft mikið upp úr. Vér verðum að gæta þess, að störfum er svo hlaðið á hann, að verði honum ekki veitt sú úrlausn, sem hér er farið fram á, þá hlýtur brátt að því að reka, að annaðhvort verði að skifta læknishéraði hans í tvö héruð, eða skipa sérstakan kennara við læknaskólann, og það yrði sannarlega dýrara fyrir landssjóð, hvort ráðið sem tekið er. Hv. þm. Dal. (B. B.) sagði og að það væri óþarfi, að útvega aðstoðarlækni launaðan af landsfé, því að praktíserandi læknir mundi geta haft hér full lífvænlega stöðu, slíkur læknir væri ekki bundinn við taxta læknanna, og gæti því sett meira upp fyrir læknisstörf sín en þeir. En það hygg eg, að sá læknir mundi ekki verða mikið notaður hér, er heimtaði að mun meira fyrir störf sín en embættislæknar gera.

Framsögumaður (Pétur Jónsson): Eg skal geta þess, að fjárlaganefndin hefir fengið bréf frá sýslumönnunum í Árnessýslu og Rangárvallasýslu, þar sem þeir fara þess á leit við nefndina, að hún láti í ljósi álit sitt um það, hvernig eigi að skilja núgildandi fjárlög með tilliti til styrkveitingarinnar til að gera við Stokkseyrarhöfn. Fjárlaganefndin hefir athugað mál þetta, og falið mér á hendi, að lýsa yfir skoðun hennar á því. — Fyrirspurnin er sprottin af því, að landsstjórnin hefir ekki talið sér heimilt að borga út neitt af landssjóðsstyrknum, fyr en héruðin hefðu greitt sinn hluta, 8000 krónur, að fullu. — Nefndin aftur á móti leyfir sér að láta þá skoðun í ljós, að þegar vissa sé fengin fyrir því, að byrjað sé á verkinu fyrir alvöru, og þau tæki séu fyrir hendi, sem útheimtast til þess að vinna verkið, þá sé heimilt að greiða úr landssjóði, jafnóðum og verkið er unnið, af styrknum í réttu hlutfalli við framlög héraðanna til þess.

Þessi er skoðun nefndarinnar, en annars álítur hún það ekki hlutverk sitt, að gefa lagaskýringar.

Það hefir komið til fjárlaganefndarinnar erindi frá landbúnaðarnefndinni um fjárveitingu til að standast kostnaðinn við millibinganefnd í landbúnaðarmálunum. Nefndin áleit það rétt, að geyma það, að ráða máli þessu til lykta,

þangað til út séð er um forlög tillögunnar um landbúnaðarnefndina í háttv. efri deild; verði tillagan samþykt þar, þá álítur nefndin fjárveitingu þessa sjálfsagða.

Eg get verið fáorður viðvíkjandi ræðum háttv. þingmanna; bæði hafa aðrir þegar svarað ýmsu því, sem beint hefir verið að fjárlaganefndinni, og auk þess mun það ekki hafa mikla þýðingu, að halda langa ræðu nú. Flestir munu þegar nokkurn veginn ráðnir í því, hvernig þeir ætli sér að greiða atkvæði.

Eg vil að eins skýra nánar skoðanir nefndarinnar á einstökum atriðum.

Eg er þakklátur hæstv. landsh. fyrir það, hve skýrt hann svaraði fyrirspurn minni um lántöku fyrir landssjóðs hönd. — Nefndin hafði þá skoðun, að veita mætti heimild til lántökunnar í fjárlögunum, og áleit að það stríddi ekki á móti 24. gr. stjórnarskrárinnar, því að hún áleit, að orðið lagaboð næði einnig til fjárlaganna, en auðvitað verður að taka tillit til skýringar hæstv. landsh. á þessu.

Háttv. þm. Vestm. (J.M.) talaði fyrir breyt.till. sínum, sérstaklega þó að því er snertir styrkinn til Magnúsar organleikara Einarssonar. Nefndin hafði athugað orð þau, er h. þm. Vestm. (J.M.). vitnaði í, en henni fanst það ekki sérlega athugavert, þótt þingið í ár hefði aðra skoðun á þessu máli en þingið í hitt eð fyrra. En nefndin hefir aldrei ætlað að gera þetta að kappsmáli, og ef stærri tillagan um styrkveiting til organleikara í Reykjavík fær framgang, þá telur nefndin það og rétt, að þessi tillaga fái líka framgang.

H. 2. þm. N.-Múl. (E. Þ.) talaði um styrkveitinguna til þeirra Karls Finnbogasonar og Sigurðar Sigurðssonar, og lagði afarmikla áherzlu á það, hve mikinn dugnað þeir hefðu sýnt í því, að komast áfram. Það sé fjarri mér, að vilja gera lítið úr dugnaði þessara manna, en mér finst það megi ekki hafa mjög sterk orð um það, þótt einhverjir sýni dug í því að komast áfram, án þess að vera upp á aðra komnir, — baráttan hefir þann mikla kost í för með sér, að hún eykur sjálfstraustið og dugnaðinn, en það dregur úr þessu hvorttveggju, ef menn gera slíkt að nokkurs konar fágætu undri, og svo ef þar á ofan undir eins er hlaupið undir bagga, þar sem dugnaðurinn dvínar —; það er vandratað meðal-hófið, og mér virðist það ekki hafa verið sýnt hér, að piltar þessir muni ekki geta komist áfram án landssjóðsstyrks, og komist þeir af án hans, eru þeir menn að meiri og sælli.

Þá er h. 2. þm. N.-Múl. (E. Þ.) óánægður með styrkinn til sjúkraskýlisins á Brekku; hann sagði, að í þessu héraði stæði svo sérstaklega á; en eg er hræddur um, að hið sama verði uppi á teningnum, þegar á að fara að sækja um sams konar styrk frá öðrum héruðum.

Að vísu benti hann á, að skýli þetta gæti komið að haldi öllu Fljótsdalshéraði, og gæti því orðið að gagni fyrir tvö læknishéruð. En það mun valt að treysta því, í hvoru héraðinu muni að jafnaði verða betri læknir; færi nú svo, að læknirinn í hinu héraðinu hefði meira traust á sér síðar meir, þá er hætt við því, að menn mundu vilja fá sjúkraskýli í umdæmi hans, þótt fyrir væri sjúkraskýli á Brekku.

H. 1. þingm. Árn. (H. Þ.) ræddi um Sögufélagið, eins og vonlegt var, því hann ann söguvísindum, og hefir því meiri löngun til að styðja þess konar en eg og mínir líkar. En eg tek það fram, að það er alls ekki vegna þess,

að nefndinni sé neitt í nöp við þá menn, sem berjast fyrir söguvísindum, heldur, eins og tekið er fram í nefndarálitinu, sem háttv. þm. hefir líklega ekki lesið, vegna þess, að þetta er beinlínis hlutverk Bókmentafélagsins, og það er til að dreifa kröftunum, að fara nú að styrkja annað félag, til að inna þetta hlutverk af hendi. H. þm. Árn. (H.Þ.) kvað Bókmentafélagið ekki hafa sint þessu nægilega. En hvaða hlutverki hefir það sint? Það var fyrir nokkrum árum haft eftir háskólakennara í norrænum fræðum við háskólann í Khöfn, að nútíðar bókmentir væru engar til á Islandi. Nú skyldu menn ætla, að Bókmentafélagið, elzta bókafélag landsins, tæki einhvern kipp, til að sýna, að þessi dómur væri ekki á rökum bygður, og vinna eitthvað gott og mikið. (*Lárus H. Bjarnason*: Það var sleggjudómur). Já, einmitt það. En við það hefir ekki orðið vart, að Bókmentafélagið hafi tekið neina nýja rögg á sig viðvíkjandi nýrri bókmentum. Og fyrir hví? Mun það ekki hafa hangið á söguvísindasnaganum. Þess vegna sýndist eðlilegra að stofna félag, sem hryndi þessum særandi sleggjudómi, og tæki upp það verkefnið, að efla nútíma bókmentirnar.

H. 1. þm. Húnv. (H. J.) hélt fallega ræðu um mentun kvenna, og hefi eg ekkert við hana að athuga í sjálfu sér. Og viðvíkjandi breyt.till., sem þm. var að mæla fram með, þá skal eg taka það fram, að þegar meira samræmi og betra lag er komið á norðlenzku kvennaskólana, og þeir miða enn betur að því að efla staðgóða þekkingu hjá húsmæðraefnum, þá mun hvorki standa á mér né öðrum nefndarmönnum, til að styðja kvennaskólana til jafns við aðra skóla.

H. þm. Snæf. (L. H. B.) mælti á móti, sem vonlegt var, breyt.till. nefndarinnar um að fella styrkinn til Guðmundar Björnssonar læknis, til að launa aðstoðarlækni. Eg vil að eins leiðrétta eitt, er þingm. sagði í því sambandi. — Þar sem eg sagði, að eins mætti styrkja þenna lækni eins og Guðmund Hannesson, þá sagði eg það frá sjálfum mér en ekki fyrir nefndarinnar hönd. — En að eg kom ekki sjálfur með neina breyt.till., þá er það af því, að eg kem ekki með neinar breyt.till. frá sjálfum mér — nema eina, sem eg greiddi atkvæði á móti.

Þá mintist h. þm. Snæf. (L. H. B.) á breyt.till. nefndarinnar um að fella burt fjárveitinguna til gufubátsferða um Breiðaflóa og Eyjafjörð. Eg hefi þar fáu til að svara. Að eins skal eg geta þess, að þótt samþykki fengist, þá gæti það ekki miðað til að spara, því annaðhvort losnaði gufuskipafélagið við ferðir sínar á Breiðafirði án alls sparnaðar fyrir landssjóð, eða tvennar ferðir gengju samhliða. Eg vildi óska, að þingið snerist heldur að því ráði, að fá stjórnina til þess að undirbúa annað báta-»plan« fyrir næsta þing.

Sami h. þm. Snæf. (L. H. B.) hefir tekið upp till. um styrkinn til síra Magnúsar Magnússonar, til að halda uppi guðsþjónustugerð á íslenzku í Kaupmannahöfn. Nefndin kom með þessa tillögu við 2. umræðu, eftir að nefndarálitið var skrifað og prentað, en eg gleymdi að minnast á hana þá. — Auðvitað er nefndinni þetta ekkert kappsmál, en eg skal taka það fram, að við sögðum við hlutaðeiganda, að við veittum þetta beinlínis vegna líknarstarfsins. Í Khöfn eru þó nokkrir fátækir Islendingar, sem ekkert er litið eftir og eiga bágt. Eg hefi að eins einu sinni verið mánaðartíma í Khöfn, og hefi þó orðið svo frægur, að hitta þar landa minn, sem leit út fyrir að ætlaði að velta út af einn síns liðs. —

Við, sem þekkjum síra Magnús, vitum, að hann mundi finna hjá sér sérstaka köllun til að líta eftir svona smælingjum.

H. 2. þm. Eyf. (H. H.) mintist á ýmislegt, þar á meðal tillögu sína um að hækka styrkinn til aðstoðarlæknis hjá Guðmundi Hannessyni. Eg gleymdi að minnast á það í dag; en nefndinni fínst ekki ástæða til þess, þó hún játi, að maðurinn eigi gott skilið. Starfi hans fylgja góðar tekjur, og gæti hann því bætt við laun aðstoðarlæknisins sjálfur. — Auk þess er það gott fyrir unga lækna, að vera um tíma hjá svo góðum lækni, til að búa sig undir að taka við embætti, þó þeir fengju ekki nema 1000 kr. laun, og mundi því ekki verða erfitt að fá menn í þessa stöðu, með litilli launauppbót frá lækninum sjálfum.

Sami h. þm. Eyf. (H. H.) talaði, eins og eðlilegt var, mikið um skipakví við Eyjafjörð, og heyrði eg, að hann hefir ekki tekið rétt eftir því, sem eg sagði um hana.

H. 2. þm. Eyf. (H. H.) sagði, að eg hefði kvartað yfir því, að áætlunin væri of há, en eg sagði ekki, að áætlunin væri of há fyrir skipakví í Oddeyrarbót, heldur áleit eg, að koma mætti upp eins stórri og góðri skipakví annarstaðar við fjörðinn fyrir minna fé, og get eg í því efni vitnað til annara kunnugra manna hér í deildinni. — Hitt er annað mál um áætlunina fyrir skipakví í Oddeyrarbót. Eg álít hana of lága, og er þess vegna á móti henni. Þetta var það sem eg meinti. Það kemur nú líka upp úr kafinu, sem nefndinni var alls ókunnugt um áður, að þetta á að vera nokkurs konar hafnarbólverk fyrir Akureyri, og hefði það átt að koma fram í umsókninni, — því þá tekur málið aðra stefnu.

H. 2. þingm. Árn. (Ól. Ól.) mintist á breyt.till. um styrkinn til Valdimars Briems, er tekið var fram að væri í samráði við fjárlaganefndina. Og þar sem nefndin áður var með því að fella þenna styrk, þá er eðlilegt, að hún sé nú með því að lækka hann. — Með því vill nefndin ekki draga neitt úr þeim heiðri, sem þessi maður sannarlega á skilinn, heldur að eins sníða fjárveitinguna eftir atvikum og sambandi við aðrar fjárveitingar.

Sami h. 2. þm. Árn. (Ól. Ól.) mælti með því, að Lúðrafélagið fengi styrk, gegn því að bæjarsjóður Reykjavíkur leggi $^2/_5$ hluta á móti. En eg býst við að nefndin brenni sig ekki á því, að veita fé á þann hátt, fyrr en bæjarstjórnin hefir lýst því yfir, að hún vilji veita styrk á móti landssjóðsstyrknum. — Heitorð og meðmæli bæjarstjórnarinnar verða að koma fyrst.

H. þm. N.-Isf. (Sk. Th.) fanst nefndin vera á móti öllum leikmönnum; fyrst á móti Sighvati, af því hann væri ekki lærður eins og Bogi, og svo á móti Hannesi pósti, af því, að hann væri að eins leikmaður. En nefndin hefir haldið sér við það, að veita ekki eftirlaun öðrum en þeim, sem eiga rétt til þeirra að lögum. Þetta er því ekki í ósamræmi við stefnu nefndarinnar. Eg veit til, að það hefir verið séð fyrir þeim, sem bágt eiga, þó landssjóður gerði það ekki, og nefndin hugsar sér, að ekki sé rétt að taka frá mönnum hvatirnar til að bjarga sér sjálfir. — Sé nú litið á það, hvernig fjárhagurinn stendur eftir tillögum nefndarinnar og breyt.till. annara þingm., þá má segja, að »engi er einna hvatastur«. — Nefndin hélt, þegar hún kom fram með að auka 100,000 við tekjuhallann, sem var á stjórnarfrumv., að margur mundi hrista höfuðið, og þykja heldur fram-

sókn í nefndinni; en það fóru svo leikar, að »framsókn« nefndarinnar er orðin að »afturhaldi«. Eg ímynda mér nú, satt að segja, að þetta verði ekki lagt svo út fyrir nefndinni, að hún sé afturhaldssöm, þó það líti svo út í svipinn, af því hún hefir orðið að berjast á móti ýmsu sparnaðarins vegna. — En verra þykir mér, ef það er álitið »princip«-leysi hjá nefndinni, að hún vill spara eitt og annað, en láta þó reka á reiðanum með aukning á tekjum landssjóðs.

H. 2. þm. Eyf. (H. H.) kvað svo að orði, að það munaði ekki mikið um eina pylsu í sláturtíðinni, og að það væri ekki vert að spara nauðsynleg útgjöld, ef menn á annað borð hækkuðu útgjöldin án þess að leggja á nýja skatta. Satt að segja álít eg að þessi samlíking hafi meira bent á, að höf. væri skáld, en það, sem háttv. þingm. N.-Isf. (S. Th.) benti á. Samlíkingin er smellin, því margar af þeim breyt.till., sem fyrir liggja, eru býsna líkar rullupylsum.

Sumar þessar breyt.till. eru í sjálfu sér í framfaraátt. En þegar hver þm. kemur með sína fyrir sitt kjördæmi, þá verða þær býsna líkar pylsum. — Eg gæti ímyndað mér, að fyrir næstu kosningar kæmu jafnvel upp kosningapylsur. En illa kann eg við, að taka lán til þeirra.

En svo eg nú víki algerlega að málinu, þá vakti það fyrir nefndinni, að eins og ekki væri horfandi í kostnaðinn, þegar um veruleg framfarafyrirtæki væri að ræða, þá ætti þó jafnframt að hafa fyrir augum sparnaðinn, æfinlega og undir öllum kringumstæðum. — Sparnaður og framfarahugur eða stórhugur koma ekki í bága. Sparnaður, sem hefir víst augnamið, er einmitt skilyrði stórhugans.

Það verður að spara kraftana frá því óverulega, til þess að geta einhvern tíma gert eitthvað stórt, og með þeim orðum vil eg ljúka máli mínu í nafni fjárlaganefndarinnar.

Forseti: 6 þingm. hafa beðið um að umræðunum væri lokið, og vil eg bera það undir atkvæði h. deildar.

Þetta samþykt.

ATKV.GR.: 1. breyt.till. (432), við 3. gr. 1., sþ. m. 20 shlj. atkv.

2. br.till. (432), við 3. gr. 1, sþ. í e. hlj.

3. br.till. (432), við 4. gr. 1, sþ. með 14 shlj. atkv.

1. br.till. (415), við 11.—2, feld með 15 : 7 atkv.

4. br.till. (432), við 11.—3, sþ. með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Björn Bjarnarson,	Björn Kristjánsson,
Einar Þórðarson,	Eggert Pálsson,
Herm. Jónasson,	Guðl. Guðmundsson,
Jóh. Jóhannesson,	Hannes Hafstein,
Jóhannes Ólafsson,	Hannes Þorsteinss.,
Ólafur Briem,	Lárus H. Bjarnason,
Pétur Jónsson,	Magnús Andrésson,
Skúli Thoroddsen,	Magnús Stephensen,
Stefán Stefánsson,	Ólafur Ólafsson,
Tr. Gunnarsson,	Ólafur Thorlacius.
Þórh. Bjarnarson.	

1. og 2. br.till. (405) og 2. br.till. á 415 þar með fallnar.

5. br.till. (432), við 11. gr. 7. a, sþ. með 16 shlj. atkv.

6. og 7. br.till. (432), við 11. gr. 9. g. og h., sþ. án atkv.gr.

8. br.till. (432), við 11. gr. 11, sþ. m. 14 : 4 atkv.

Athugas. semþ. með 14 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Árni Jónsson,	Björn Bjarnarson,
Jón Magnússon,	Einar Þórðarson,

já:	*nei*:
Eggert Pálsson,	Björn Kristjánsson,
Hannes Hafstein,	Guðl. Guðmundsson,
Hannes Þorsteinss.,	Jóhannes Ólafsson,
Herm. Jónasson,	Lárus H. Bjarnas.,
Jóh. Jóhannesson,	Ólafur Ólafsson,
Magnús Andrésson,	Ólafur Thorlacius,
Magnús Stephensen,	Skúli Thoroddsen.
Ólafur Briem,	
Pétur Jónsson,	
Stefán Stefánsson,	
Tr. Gunnarsson,	
Þórh. Bjarnarson.	

9. br.till. (432), við 12. gr. A. 4, feld með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Björn Bjarnarson,	Björn Kristjánsson,
Herm. Jónasson,	Eggert Pálsson,
Jóh. Jóhannesson,	Einar Þórðarson,
Jóhannes Olafsson,	Guðl. Guðmundss.,
Magnús Stephensen,	Hannes Hafstein,
Olafur Briem,	Hannes Þorsteinss.,
Pétur Jónsson,	Lárus H Bjarnas.,
Stefán Stefánsson,	Magnús Andrésson,
Tr. Gunnarsson.	Olafur Olafsson,
Þórh. Bjarnarson.	Olafur Thorlacius,
	Skúli Thoroddsen.

Br.till. (430), við 12. gr. B. 7, samþ. m. 17 shlj. atkv.

Athugas. sþ. m. 19 shlj. atkv.

Br.till. (402), með áorðinni breytingu, sþ. m. 16 shlj. atkv.

Br.till. (428), við 12. gr. B, samþ. m. 17 : 1 atkv.

10. br.till. (432), við 12. gr. B. 8. og 9, sþ. m. 17 shlj. atkv.

Br.till. (406), við 12. gr. B, sþ. með 15 : 2 atkv.

11. br.till. (432), við 12. gr. C. 1, sþ. án atkv.gr.

12. br.till. (432), við 12. gr. C. 2. a., sþ. m. 22 shlj. atkv.

13. br.till. (432), við 12. gr. C. 2. c. og d, feld m. 12 : 10 atkv.

3. br.till. (415), við 12. gr. D, sþ. m. 14 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Björn Bjarnarson,
Eggert Pálsson,	Guðl. Guðmundsson,
Einar Þórðarson,	Jóh. Jóhannesson,
Hannes Hafstein,	Magnús Stephensen,
Hannes Þorsteinss.,	Olafur Briem,
Herm. Jónasson,	Ólafur Ólafsson,
Jóh. Ólafsson,	Skúli Thoroddsen.
Lárus H. Bjarnason,	Þórh. Bjarnarson.
Magnús Andrésson,	
Ólafur Thorlacius,	
Pétur Jónsson,	
Stefán Stefánsson,	
Tryggvi Gunnarss.	

4. br.till. (415), við 12. gr. E. h. 1, feld m. 17 : 4 atkv.

Nýr stafliður samþ. með 12 samhlj. atkv.

Breyt.till. (408), við 12. gr., feld með 16 : 6 atkv.

Br.till. (443), við 13. gr. A. b, (Nýr liður 8) samþ. með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Björn Kristjánsson,	Björn Bjarnarson,
Eggert Pálsson,	Guðl. Guðmundsson,
Einar Þórðarson,	Hannes Hafstein,
Herm. Jónasson,	Hannes Þorsteinss.,
Jóh. Jóhannesson,	Jóh. Ólafsson,
Lárus H. Bjarnason,	Magnús Andrésson,
Ólafur Ólafsson,	Magnús Stephensen,
Pétur Jónsson,	Ólafur Briem,
Stefán Stefánsson,	Ólafur Thorlacius,
Tryggvi Gunnarss.,	Skúli Thoroddsen.
Þórhallur Bjarnars.	

3. br.till. (421), við 13. gr. B. IV, sþ. með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Björn Bjarnarson,

já:	*nei*:
Eggert Pálsson,	Guðl. Guðmundsson,
Einar Þórðarson,	Herm. Jónasson,
Hannes Hafstein,	Jóh. Jóhannesson,
Hannes Þorsteinss.,	Jóh. Ólafsson,
Lárus H. Bjarnas.,	Pétur Jónsson,
Magnús Andrésson,	Skúli Thoroddsen,
Magnús Stephensen,	Stefán Stefánsson,
Ólafur Briem,	Tr. Gunnarsson,
Ólafur Ólafsson,	Þórh. Bjarnarson.
Ól. Thorlacius.	

1. br.till. (427), við 13. gr. B. VI. a, feld m. 13 : 8 atkv.

2. breyt.till. (427), við 13. gr., tekin aftur.

3. breyt.till. (427), við 13. gr., sþ. m. 13 : 1 atkv.

Br.till. (401), við 13. gr. B. VI. b. 1, sþ. m. 17 shlj. atkv.

14. br.till. (432), við 13. gr. B. VI. b. 2, (tölurnar), sþ. m. 21 shlj. atkv.

Skilyrðin sþ. m. 13 : 5 atkv.

Br.till. (441), við 1. br.till. á þskj. 421, sþ. m. 13 shlj. atkv.

1. br.till. (421) þar með fallin.

2. br.till. (421), (nýr liður i.), feld með 13 : 6 atkv.

15. br.till. (432), við 13. gr. B. VI. h, sþ. m. 17 shlj. atkv.

16. br.till. (432), við 13. gr. B. VI. k, sþ. m. 18 shlj. atkv.

Br.till. (371), við 14. gr. A. 1. a, feld m. 12 : 10 atkv.

Br.till. (442), við 14. gr. A. 1. c, sþ. m. 15 shlj. atkv.

Br.till. (433), við 14. gr. feld með 13 : 5 atkv.

Br.till. (434), við 17. gr. A. 4. a, feld m. 13 : 7 atkv.

17. br.till. (432), við 14. gr. A. 6, sþ. m. 12 : 4 atkv.

Br.till. (403), við 14. gr., (Nýr liður) feld m. 14 : 5 atkv.

Br.till. (395), við 14. gr. A, (Nýr liður) feld með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Bjarnarson,	Árni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Jón Magnússon,
Einar Þórðarson,	Eggert Pálsson,
Guðl. Guðmundss.,	Herm. Jónasson,
Hannes Hafstein,	Jóh. Jóhannesson,
Hannes Þorsteinss.,	Lárus H. Bjarnas.,
Jóh. Ólafsson,	Magnús Stephensen,
Magnús Andrésson,	Ólafur Briem,
Olafur Ólafsson,	Ól. Thorlacius,
Skúli Thoroddsen,	Pétur Jónsson,
Stefán Stefánsson,	Tr. Gunnarsson,
	Þórh. Bjarnarson.

Br.till. (416), við 14. gr. A. 14, feld með 13 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Bjarnarson,	Árni Jónsson,
Hannes Þorsteinss.,	Jón Magnússon,
Herm. Jónasson,	Björn Kristjánsson,
Jóh. Jóhannesson,	Eggert Pálsson,
Jóh. Ólafsson,	Einar Þórðarson,
Lárus H. Bjarnason,	Guðl. Guðmundsson,
Magnús Stephensen,	Hannes Hafstein,
Ólafur Thorlacius,	Magnús Andrésson,
Pétur Jónsson,	Ólafur Briem,
Stefán Stefánsson.	Ólafur Ólafsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Þórh. Bjarnarson.

Tryggvi Gunnarsson greiddi eigi atkv., og telst til meiri hl.

5. breyt.till. (415), við 14. gr. A, sþ. með 13 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Bjarnarson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Herm. Jónasson,
Einar Þórðarson,	Jóh. Jóhannesson,
Guðl. Guðmundsson,	Lárus H. Bjarnason,
Hannes Hafstein,	Magnús Stephensen,
Hannes Þorsteinss.,	Ólafur Briem,
Jóhannes Ólafsson,	Pétur Jónsson,
Magnús Andrésson,	Tryggvi Gunnarss.,
Ólafur Ólafsson,	Þórh. Bjarnarson.
Ólafur Thorlacius,	

já;
Skúli Thoroddsen,
Stefán Stefánsson.

Varatill. þar með fallin.

Br.till. (404), við 14. gr. A. 15, samþ. m. 12 shlj. atkv.

18. br.till. (432), við 14. gr. A. 20. sþ. án atkv.gr.

Br.till. (393), við 14. gr. A, (nýr liður 21) feld með 12 : 7 atkv.

Varatill. sþ. með 13 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkv.gr., og sögðu

já:	*nei*:
Björn Bjarnarson,	Arni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Jón Magnússon,
Guðl. Guðmundsson,	Eggert Pálsson,
Hannes Hafstein,	Einar Þórðarson,
Hannes Þorsteinss.,	Hermann Jónasson,
Jóh. Jóhannesson,	Magnús Stephensen,
Jóh. Olafsson,	Ólafur Briem,
L. H. Bjarnason,	Pétur Jónsson,
Magnús Andréss.,	Stefán Stefánsson,
Ólafur Ólafsson,	Þórh. Bjarnarson.
Ólafur Thorlacius,	
Skúli Thoroddsen,	
Tr. Gunnarsson.	

Br.till. (394), við 14. gr. A. 21, feld með 13 : 6 atv.

Br.till. (396), við 14. gr. A. 22, sþ. án atkv.gr.

Br.till. (397), við 14. gr. (nýr liður), sþ. m. 15 shlj. atkv.

Br.till. (407), við 14. gr. A. 27, feld m. 12 : 8 atkv.

Br.till. (436), við 14. gr. A. 29, sþ. m. 12 : 7 atkv.

Br.till. (392 a), við 14. gr. (nýr liður), sþ. m. 12 : 6 atkv.

Breyt.till. (392 b), við 14. gr. A. (nýr liður), sþ. m. 12 : 7 atkv.

Br.till. (400) við 14. gr. B. 3. sþ. m. 12 : 6 atkv.

19. br.till. (432), við 14. gr. B. 6, sþ. m. 22 shlj. atkv.

20. br.till (432), við 14. gr. B. 7, sþ. í e. hlj.

21. breyt.till. (432), við 14. gr. B. 10, sþ. m. 17 shlj. atkv.

Br.till. (420), við 14. gr. B. 11, sþ. m. 21 shlj. atkv.

22. breyt.till. (432), við 14. gr. B. 13, sþ. m. 18 shlj. atkv.

6. br.till. (415), við 14. gr. B. 14, feld með 13 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Bjarnarson,	Björn Kristjánsson,
Guðl. Guðmundss,	Eggert Pálsson,
Hannes Hafstein,	Einar Þórðarson,
Jóh. Jóhannesson,	Hannes Þorsteinss.,
Jóh. Ólafsson,	Herm. Jónasson,
Lárus H. Bjarnas.,	Magnús Andrésson,
Ol. Briem,	Magnús Stephensen,
Pétur Jónsson,	Ólafur Ólafsson,
Stefán Stefánsson.	Ol. Thorlacius,
	Skúli Thoroddsen,
	Tr. Gunnarsson,
	Þórh. Bjarnarson.

Br.till. (425), við 14. gr. B. 16, sþ. án atkv.gr.

23. br.till. (432), við 16. gr. B, feld m. 12 : 9 atkv.

24. br.till. (432), við 16. gr., feld með 11 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Eggert Pálsson,	Björn Bjarnarson,
Herm. Jónasson,	Björn Kristjánsson,
Jóh. Jóhannesson,	Einar Þórðarson,
Lárus H. Bjarnas.,	Guðl. Guðmundss.,
Magnús Stephensen,	Hannes Hafstein,
Ol. Briem,	Hannes Þorsteinss.,
Pétur Jónsson,	Jóh. Olafsson,
Stefán Stefánsson,	Magnús Andrésson,
Tr. Gunnarsson,	Ol. Olafsson,
Þórh. Bjarnarson.	Skúli Thoroddsen.

Br.till. (399) við 16. gr. samþ. með 12 : 2 atkv.

Br.till. (398) við 16. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

2. br.till. (407) við 16. gr. felld með 14 : 7 atkv.

25. br.till. (432) við 16. gr. sþ. með 17 shlj. atkv.

26. br.till. (432) við 19. gr. samþ. án atkv.gr.

Br.till. (419) við 19. gr. sþ. með 22 shlj. atkv.

Br.till. (429) við 19. gr. samþ. með 19 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Árni Jónsson,	Björn Bjarnarson,
Jón Magnússon,	Guðl. Guðmundss.,
Björn Kristjánsson,	Hannes Hafstein,
Eggert Pálsson,	Lárus H. Bjarnason.
Einar Þórðarson,	
Hannes Þorsteinss.,	
Herm. Jónasson,	
Jóh. Jóhannesson,	
Jóh. Olafsson,	
Magnús Andrésson,	
Magnús Stephensen,	
Ol. Briem,	
Olafur Olafsson,	
Olafur Thorlacius,	
Pétur Jónsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Tr. Gunnarsson,	
Þórh. Bjarnarson.	

7. br.till. (415) við 19. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Frumv. í heild sinni, með áorðnum breytingum, samþ. í e. hlj., og verður afgr. til Ed.

Ein umr., 22. ágúst (C. bls. 728, 754, 765, 767—770).

Framsögum. (Pétur Jónsson): Eg ætla ekki að fara að halda langa ræðu um brt. þær, sem nefndin hefir komið fram með við frv., því að fyrir þeim er gerð grein í áliti nefndarinnar í aðalatriðunum, þó að brt. séu ekki skýrðar hver fyrir sig. Nefndarálitið er að vísu stutt og ekki nákvæmt; ætla eg þó ekki að fara að ganga inn á öll þessi atriði, því að háttv. þingdeildarmönnum eru þau svo kunn frá fyrri umr. frv., en eg vildi í fám orðum skýra frá, fyrir nefndarinnar hönd, aðalágreiningsatriðunum á milli deildanna. Í mínum augum er hann ekki eins stór og sýnist.

Það er eitt atriði í nefndarálitinu, sem eg vildi skýra nánar. Þar er sú hugsun, sem liggur til grundvallar fyrir túngirðingafrumvarpinu, sem Ed. samdi og samþykti, sett í samband við aðra hreyfingu, nefnilega stofnun Ræktunarfélags Norðurlands. Svona stór fyrirtæki eru nokkuð nýstárleg, og allir skynsamir menn sjá, að þau hljóta að benda á það, að mönnum er farið að skiljast, að nauðsyn rekur til að eitthvað sé gert sem um munar hjá þjóðinni. Sem þriðja atriðið í þessu sambandi mætti nefna bæði ritgerðir í blöðum, og ræður, sem haldnar hafa verið í Reykjavík síðastliðinn vetur, um ræktun landsins. Það er enginn vafi á því, að sá sem því kom af stað, hefir vakið mjög úr dái þær hugsanir, hve afar mikið lífsspursmál ræktun landsins hlýtur að vera, og sérstaklega þetta, að hún verður að byggjast á vísindalegum grundvelli. Eg hefi viljað leiða þetta fram, til þess að benda á, að eg álít, að fjárveitingarvaldið megi ekki ganga fram hjá þessum hreyfingum, sem fram hafa komið, og allir hljóta að sjá, að eru lífsnauðsynlegar.

Þetta vona eg líka að réttlæti það, þó mikið fé sé nú veitt til nýrra fyrir-

tækja, og þó þingið stigi í því efni nokkuð stærra spor en áður.

Að því er brt. snertir, þá mun eg ekki fara að telja þær upp allar, því flestar þeirra eru svo kunnugar áður.

Eg vil geta þess um fyrstu breytt. nefndarinnar á þgskj. 602, að þar er prentvilla: Fljótshlíð í staðinn fyrir Fljótsdal. Eg ætla svo að víkja að 7. brt. á sama þingskj., um athugasemd, sem fylgir fjárveitingunni til ritsímans. Þessi tillaga hefir verið gerð samkvæmt tillögum samgöngumálanefndarinnar, og ímynda eg mér að framsögum. þeirrar nefndar gefi skýring henni viðvíkjandi. 8. brt. fer fram á að færa upp húsaleigukostnað Möðruvallaskólakennaranna um helming. Þessi tillaga er í samræmi við þá tillögu, sem samþykt var í Ed. og stóð í fjáraukalagafrumv. því, sem nýlega hefir verið samþykt, og vona eg því að hún þurfi ekki frekari skýringa við.

9. og 10. brt. er viðvíkjandi fjárveitingunni til kvennaskólans á Akureyri. Eins og það atriði fór héðan, þá var það alls ekki meining nefndarinnar að gefa með því nokkra bendingu um, að þessi skóli ætti að standa lengur, ef gagnfræðaskóli kæmi þar upp jafnt fyrir karla og konur, heldur að hann myndi standa þetta fjárhagstímabil, og þá áleit nefndin ekki rétt, að vera að minka þessa fjárveiting.

Þá vildi eg drepa á 13. lið á þgskj. 602. Það er styrkurinn til organleikarans á Akureyri. Sams konar liður var settur inn í háttv. Ed. viðvíkjandi Reykjavík, og hefir nefndin viljað láta þessa tvo liði fylgjast að. Nefndin vildi fella báða liðina, en þegar þetta kom aftur frá hv. Ed., þá hefir nefndin fallist á, að þessi maður á Akureyri, Magnús Einarsson, hafi sams konar styrk, vegna þess að hann hefir líka haft á hendi ergelkenslu þar um allmörg ár. Nefndin hefir líka fallist á að slík kensla væri engu síður nauðsynleg þar, en hér í Reykjavík.

Þá kem eg að búnaðarskólunum, og skal eg sérstaklega minnast á búnaðarskólann á Hólum. Mér finst h. Ed. ekki hafa athugað hvernig til hagar með hann, og eigi hefir heldur verið skýrt nákvæmlega frá því hér í deildinni, af því hann sætti eigi mótmælum. Skóli þessi er nú orðinn frábrugðinn að sniði hinum búnaðarskólunum, að því leyti, að á honum fer fram búnaðarkensla að eins að vetrinum, en tilætlunin sú, að nemendum, eða nokkrum hluta þeirra, séu útvegaðir staðir að sumrinu, þar sem þeir geti notið verklegrar kenslu. Ætlast er og til að á skólanum verði, og enda sótt um hann, nærri ferfalt fleiri nemendur með þessu nýja fyrirkomulagi, en á nokkrum hinna skólanna. Það er sérstaklega með tilliti til þessa nemendafjölda, og jafnframt hinnar verklegu kenslu að sumrinu, að nefndin leggur það til, að Hólaskóla séu veittar 500 kr. umfram hina búnaðarskólana. Vér vitum það, að það hefir að undanförnu verið ágreiningur um það, hvort réttara sé að hafa verklegu kensluna og bóklegu kensluna sameinaða eða aðgreinda. Þetta þarf að rannsaka, og það verður ekki á annan hátt betur gert en með reyndinni. Því má telja það heppilegt, að þessi skólastofnun hefir tekið að sér, að reyna að leysa úr þessari vafaspurningu, og eg vona það takist, ef fjárskortur hamlar því ekki, að tilrauninni sé haldið áfram. Þennan eina vetur sem af er, hefir aðsóknin verið hin æskilegasta, og skólinn hefir haft töluverð áhrif út á við, meðal annars með hinum svokallaða bændaskóla sínum. Það gefur að skilja,

að af því að nemendurnir voru fleiri en að undanförnu, og fleiri en á hinum búnaðarskólunum, þá hefir skólinn og meiri styrks þörf; það er enginn vandi að halda honum við með einum 12 nemendum með þeim styrk, sem er allsendis ófullnægjandi þegar nemendur eru um 40. Þegar á það er litið, sem eg hefi tekið fram, þá mun það ekki verða talið ósanngjarnt, þótt skóli þessi fái meiri styrk nú en hinir búnaðarskólarnir. Fái hann ekki þennan aukna styrk, þá verður hann annaðhvort að draga saman seglin, svo illa sem það þó væri farið, eða amtið verður að taka upp á sig þyngri byrði, en það í raun og veru er fært um.

Þá skal eg víkja að 27. brt. nefndarinnar, um breyting á fyrirsögninni fyrir styrkveitingunni til Ásgeirs Torfasonar. Menn úr fjárlaganefndinni hafa átt tal við Ásgeir, og hann hefir látið það í ljós við þá, að hann mundi taka á móti fjárveitingu þessari, og álíta sig siðferðislega bundinn til að taka að sér forstöðu efnafræðisstofnunarinnar, er hún væri komin á fót, þótt eigi væri það tekið fram með berum orðum við fjárveitinguna. Nefndin lítur nú svo á, að það gæti verið fult eins mikil og óþægileg bönd fyrir landsstjórnina eins og styrkþega, að fyrirsögnin væri orðuð eins og er í 27. brt.; hún hefir því komist að þeirri niðurstöðu, að réttast sé að taka brt. aftur.

Nefndin vill að bætt sé inn í 16. gr. 250 kr. styrkveiting til ekkjufrúar Valgerðar Þorsteinsdóttur. Hv. Ed. hafði dregið styrkveiting þessa út úr fjárlögunum, líklega með það fyrir augum, að hún fengi styrkinn í annari mynd. En nefndin í Nd. lítur svo á, að kona þessi ætti að fá styrk þenna, sér í lagi af því að hún hafði lengi og með heiðri og sóma veitt forstöðu kvennaskóla, og yfir höfuð brotið ísinn í kvennaskólamálum vorum; hún vill því skoða styrk þenna sem eins konar heiðurslaun og viðurkenning þess, að hún eigi skilið svipuð eftirlaun sem kennarar við aðra skóla, er landið kostar. Nefndin vill því að styrkveiting þessi standi í 16. gr. svo sem að undanförnu. Eg finn eigi að svo stöddu ástæðu til að fara út í brt. einstakra h. þm.

Björn Kristjánsson: Eg hefi leyft mér að koma fram með brt. á þingskj. 605, við 14. gr. B 15, um kaup á gufuvagni eða mótorvagni. Mér þykir þessi liður nokkuð óviðfeldinn, eins og hann er orðaður í fjárlagafrv., og eg óttast að styrkveitingin komi ekki að liði, ef hún gengur fram, eins og hún er orðuð nú. Manninum, sem veitt er féð til mótorvagnkaupanna, eru engin skilyrði sett; hann getur keypt svo ódýran vagn, að hann þurfi ekki að leggja fram einn eyri úr sínum vasa, máske ekki einu sinni verja allri upphæðinni til vagnkaupanna. Verð mótorvagnanna er svo afar mismunandi; það má fá þá fyrir 1500 kr. og þeir geta líka kostað 5000 kr. og þar yfir; það fer eftir því, hve vandaðir og stórir þeir eru, og til hvers þeir eru ætlaðir. Það má kaupa skrautvagna til fólksflutninga, og það má kaupa vöruflutningavagna, og í því skyni er það sérstaklega, sem fjárlaganefndin að líkindum vill fá vagninn, en tillagan er svo óákveðin, að hún tryggir það ekki. Landsstjórninni er ekki heldur heimilaður nokkur réttur til að láta reyna vagninn, og þyrfti það þó að vera. Þessi maður þarf ekkert annað að gera, en að lofa landsmönnum að sjá hvernig vagninn hleypur á vegunum, en mér er engin nýjung á slíku, og vil ekki kaupa það fyrir 2000 kr., og svo hygg eg að fleiri muni vera. Til þess að gera tillöguna um fjárveitinguna ákveðnari og líklegri að koma að haldi,

hefi eg leyft mér að koma með brt. á þingskj. 605, sem fer fram á það, að varið sé alt að 5000 kr. fyrra árið til þess að kaupa hentugan gufuvagn eða mótorvagn, til þess að flytja ofaníburð ofan í vegi, og að landsstjórnin annist um kaup á vagninum eftir tillögum vegfræðings landsins. Eg álít sérstaka nauðsyn bera til þess, að fá nú vagn til þessa, þar sem það liggur fyrir, að leggja jafn langan veg og t. d. Fagra dalsbrautina; sá vegur sýnist hér um bil sjálfkjörinn til þess, að gera á honum tilraunina. Eg álít það heppilegra að landsstjórnin hafi óbundnar hendur með það, hvort hún útvegi heldur gufuvagn eða mótorvagn; geri eg að sjálfsögðu ráð fyrir, að hún hagi þar vali sínu eftir upplýsingum þeim, sem treysta má að hún útvegi sér um málið. Eg veit það, að sumt mælir með gufuvélinni, fram yfir vélar sem knúðar eru áfram með steinolíu eða benzíni; þannig veit eg t. d., að gufuvél með 10 hesta afli knýr betur áfram, en steinolíuvél eða benzínvél með jafnmargra hesta afli, en af því að eg er eigi fullfróður um, hvort aflið verði oss að öllu samanlögðu hagkvæmara hér, þá hefi eg tekið þetta ráð, að fela stjórninni að velja á milli þessa í samráði við verkfræðing sinn. Eg vona að háttv. deild vilji heldur hallast að tillögu minni en tillögu háttv. nefndar, og eg vona að eigi sé búið að byggja þann múr um tillögur hv. fjárlaganefndar hér í deildinni, að engar skynsamlegar breytingar á þeim geti komist að.

Þá verð eg að minnast fám orðum á fyrri brt. mína á þingskj. 605, við 12. gr. B. 4. H. fjárlaganefnd vill að hin sama athugasemd gildi um alla þrjá sýsluvegina, og að við hana, eins og hún kom frá h. Ed., sé bætt því, að tillagið frá sýslunum megi ekki taka af hreppavegagjaldi. Það getur verið að þetta ákvæði geti átt full vel við sýsluvegina í Dalasýslu og í Skagafjarðarsýslu, en við sýsluveginn í Gullbringusýslu á það mjög illa, því að vegur sá, sem hér ræðir um, er sameiginlegur póstvegur, sýsluvegur og hreppavegur. Eg hefi því farið fram á, að úr brt. h. nefndarinnar séu feld orðin: »eða hreppavegagjaldi«. Vatnsleysustrandarmenn hafa t. d. ekki annan veg um hrepp sinn en sýsluveg þann, sem hér ræðir um, og ef þeir mega ekki leggja hreppavegagjald sitt í hann, sem tillag að nokkru leyti á móti landssjóðstillaginu, þá veit eg ekki hvað þeir eiga að gera með það. En eitt saman er það þó allsendis ónógt. til þess að gera veginn um hreppinn viðunandi; því þurfa þeir að leggja fram meira fé en það eitt, þótt þeir fái styrk nokkurn úr landssjóði. Eg held það sé nóg, að fyrirmuna sýslunni að nota nokkuð af sýsluvegagjaldinu til vegagerðarinnar, lengra sé ekki skynsamlegt að fara. Að öðru leyti hefi eg ekkert á móti því, að verkfróður maður standi fyrir verkinu, þótt eg að vísu álíti þá athugasemd óþarfa, því að svo mundi verða gert hvort sem væri.

Loks skal eg minnast á tillöguna á þingskj. 597, um styrkinn til Ásgeirs Torfasonar. Eg held það sé hvorki rétt að færa hann niður né fella hann burt. Það er sitt hvað, að æfa sig praktiskt við vélar og í efnafræði; við vélarnar geta menn fengið kaup og æft sig um leið, en því er ekki að heilsa við æfingar á labóratórium; mér er kunnugt um það, að í Hamborg verða menn að borga 25 kr. á mánuði eða 300 kr. á ári, fyrir að fá að ganga á labóratóríum til praktiskra æfinga; auk þess verða menn að borga dálítið fyrir áhöld, líklega alt að 100 kr. á ári.

Yrðu þá ekki eftir nema um 1,100 kr. af þessum 1500 kr. styrk, og er það ekki of mikið til að lifa á í bæ, sem nokkuð dýrt er að lifa í. Eg vil því óska, að fjárveiting þessi fái að standa óhögguð. Maðurinn, sem styrkinn á að fá, er fátækur, og getur ekki lagt neitt í kostnað frá sjálfum sér. Vér verðum að gæta þess, að þetta er eina augað, sem vér komum til að sjá með í þessu efni; og það ríður mjög á að það sé vel skygnt.

Framsögum. (Pètur Jònsson): Mér gleymdist áðan að minnast á brt. á þgskj. 592, sem fer fram á að Rangárvallasýslu séu gefnir upp $^2/_3$ af láni því, er henni voru veitt á síðasta þingi, í stað helmings uppgjafar, eins og hv. Ed. vill hafa það. Því hefir verið hreyft viðvíkjandi láni þessu, að sýslan sé eigi búin að vinna lánið alt upp enn, heldur eigi nokkuð af lánsfénu óeytt. Út af þessum orðasveimi vildi eg víkja þeirri spurningu að hv. þm. Rangv. (E. P. og M. St.) hvort nokkur fótur muni vera fyrir þessu, því að það getur haft nokkur áhrif á undirtektirnar undir uppgjöfina, hvernig þessu er háttað.

Úr því eg stóð upp, þá ætla eg að minnast á fyrri brt. á þgskj. 605, um að orðin »eða hreppavegagjaldi« skuli falla burt úr brt. fjárlaganefndarinnar. Eg held að brt. þessi sé sprottin af misskilningi hjá hv. flm. hennar (B. Kr.). Tillaga nefndarinnar fyrirgirðir það alls eigi að hreppavegagjald megi nota til vegagerðarinnar, en að eins verður það að vera umfram þann helming, sem sýslan á að leggja fram. Eg get ekki skilið í að ekki megi verja af sýsluvegasjóði og hreppavegagjaldi til að leggja fyrir sýsluvegi þessa, sé það framlag eigi reiknað með þeim helmingi, sem áskilið er að sýslan skuli leggja fram móts við landssjóðsstyrkinn; þennan skilning finst mér og mega lesa út úr athugasemdinni, enda væri það hneyksli næst, ef ætti með þessu að útiloka sýslubúa frá að leggja fram meira en helming til vegagerðanna. Það er líklegt, að ekki veiti af að lagt væri þrefalt eða fjórfalt móts við landssjóðsstyrkinn til vegarins í Gullbringusýslu, ef nokkuð að ráði á að verða ágengt með hann. Nefndin mun ekki vilja víkja frá tillögu sinni um mótorvagninn, því að fyrst og fremst þykir henni það áhættuminna, að einstakur maður taki að sér tilraunina með hann, og í öðru lagi er það kostnaðarminna fyrir landssjóð að leggja fram 2000 kr. til vagnkaupa, en að kaupa fyrst vagn fyrir 5000 kr. og hafa síðan allan veg og vanda af honum, og í þriðja lagi setur nefndin það skilyrði í brt. sinni á þgskj. 602, að vagninn sé reyndur á flutningabrautum landsins, og getur þá landsstjórnin heimtað, ef svo sýnist, að hann sé einmitt reyndur á Fagradalsbrautinni, svo að hægt sé að haga lagningu hennar eftir því, sem reynslan með vagninn bendir á. Maður sá, sem nefndin samdi við, kveðst þegar hafa pantað vagn, og á hann að geta borið 5000 pund, og það álítur nefndin nægilegt. Eg held því að eigi þurfi mjög að óttast grýlur hv. 1. þm. G. K. (B. Kr.).

Eggert Pálsson: Við þm. Rangv. eigum hér brt. á þgskj. 592, og fer hún í þá átt, að víkja athugasemdinni við 4. gr. 2, um eftirgjöf af láni því, er sýslusjóði Rangárvallasýslu var veitt til fyrirhleðslu í skörð, er Þverá braut gegnum bakka sína, við í sama horf, sem hún var í, þegar fjárlögin fóru héðan úr deild. Þegar frv. fór héðan, var svo ákveðið, að 4000 kr. af láninu skyldu gefnar eftir, en hv. Ed. hefir klipið af þessu, og vill ekki gefa eftir nema helminginn, eða 3000 kr., en af

hvaða ástæðum hún hefir gert þetta, það veit eg ógerla.

Eg finn eigi ástæðu til að rifja nú upp sögu láns þessa, hún mun flestum hv. dm. í fersku minni, og einnig það, hvernig verkið mistókst, sem fyrir lánsféð var unnið.

Eg sagði að mér væri lítt kunnar ástæður hv. Ed. fyrir undirtektum hennar undir mál þetta, en borist hefir mér þó til eyrna, að þær muni hafa stafað af því, að sú frétt hafi borist, að eitthvað mundi enn óeytt af lánsfénu. Eg skal játa það, að mér er ekki fullkunnugt um þetta, því að eg er ekki meðlimur sýslunefndarinnar í Rangárvallasýslu, og því síður get eg sagt um, hvernig fénu hefir verið eytt, því að eg er ekki heldur gjaldkeri sýslumannsins þar. En eins og hv. deild mun kunnugt, lá fyrir þinginu í fyrra skýrsla um það, að til verksins hefði verið eytt 8350 kr., en upp í það hefði fengist frá Búnaðarfélagi landsins 500 kr. (*Þórhallur Bjarnarson*: Og 1000 kr. síðar). Til að greiða þær 7850 kr., sem þá voru eftir, þurfti að taka lán, og fengust úr landssjóði þær 6000 kr., sem hér ræðir um. Af þessu yfirliti má sjá, að 6000 kr. hafa ekki einu sinni hrokkið til þess að borga það, sem eftir var af kostnaðinum við að hlaða upp í Valalæk, eftir að Búnaðarfélagið hafði lagt fram sinn skerf, og þótt 1000 kr. viðbót þessi, sem þm. Borgf. (Þ. Bj.) mintist á, sé reiknuð með, hvað þá heldur að afgangur hefði átt að geta orðið af þeim.

Mér er að vísu kunnugt um það, að sýslumaður gerði tilraunir til að fá eitthvað frá eigendum jarða þeirra, sem átti að bjarga undan skemdunum, en þeir færðust undan að borga, og það var eigi hægt að skylda þá til þess, því að engir samningar höfðu verið gerðir við þá fyrirfram, enda höfðu sumir þeirra engin ráð á því, því að þeir höfðu orðið fyrir skaða svo að mörgum hundruðum króna og jafnvel svo þúsundum króna skifti.

Til styrkingar því, að ekki muni hafa verið eftir óeytt af lánsfénu hjá sýslumanni, skal eg geta þess, að síðastliðið haust skipaði sýslumaðurinn hreppsnefndinni í Vestur-Landeyjahreppi að leggja á hreppsbúa þar 300 kr. upp í kostnaðinn við hleðsluna í Valalæk. Það er óhugsandi að sýslumaður hefði gert þetta, ef eftir hefði verið hjá honum óeytt af láninu. Þegar athugaður er kostnaðurinn við verkið, eftir opinberri skýrslu sýslumanns, sem enginn getur rengt, þá mun tæpast nokkur geta trúað því, að eftir séu 2000 kr. óeyddar af þessu láni. En sé eitthvað eftir enn, þá hlýtur það að stafa af því, að enn sé ógreitt einhverjum, sem að verkinu unnu; en það fé, sem þannig kann að vera óborgað, er í sjálfu sér sama sem eytt fé.

Þegar þetta er athugað, vona eg að hv. deild sýni þá sanngirni, að setja málið í sama horf og það var áður í hér í deild. Eg get því fremur vonað þetta, sem þetta er nálega hin eina upphæð, sem farið er fram á að Rangárvallasýslu sé veitt á þessu þingi, nema ef telja skyldi í hennar hlut nokkuð af þeim 300 kr., sem ætlaðar eru til gufubátsferða milli Eyrarbakka og Holtsvara; en það er harla óvíst, að bátur fáist til að fara ferðir þessar; að minsta kosti hefir það gengið tregt að undanförnu, og nú sem stendur veit eg ekki til að um annað geti verið að ræða, en ef vera skyldi, að hægt yrði að fá gufubátinn »Odd« til að fara ferðir þessar, en það mun þó meira en tvísýnt að hann fáist.

Sem sagt vænti eg þess, að hv. deild fallist á það, að gefa eftir $^2/_3$ af láninu, eins og við förum fram á með brt., og

sízt af öllu ættu þær fregnir, sem borist hafa um það, að Hekla sé í undirbúningi með að gjósa, að skemma hugarþel hv. deildar til Rangárvallasýslu. Og þótt þær fregnir kunni að vera skröksögur einar, þá er það víst, að Rangárvallasýsla á að ýmsu leyti við ramman reip að draga af völdum náttúrunnar, og verðskuldar bæði af þeim ástæðum og öðrum að njóta velvildar þingsins og að henni sé gaumur gefinn.

Ólafur Ólafsson: Það gleður mig að geta byrjað mál mitt með því, að slá hinni hv. fjárlaganefnd gullhamra fyrir, að hún hefir tekið upp þá meginreglu, er eg benti henni á við 2. umr., að þó að vér getum ekki líknað öllum, þá eigum vér þó að reyna að líkna sem flestum. Það gleður mig að hún hefir ekki viljað láta falla niður styrkinn til sjúkraskýlis á Brekku í Fljótsdal. Enn fremur stendur í 13. gr. VI., undir liðnum l., fjárveiting til kenslu blinds drengs, Erlendar Páls Jónssonar, í Danmörku og ferðar hans þangað. Það er kunnugt, að Brt. um þetta kom inn hjá hv. Ed. En eg sé, að hin hv. fjárlaganefnd hefir ekki hróflað við því. Og einmitt það, að hún hefir ekki hróflað við þessari fjárveitingu, hefir komið mér til að bera fram brt. þess efnis, að veittar skuli 150 kr. hvort árið Þorkeli Hreinssyni, til að standast kostnað við dvöl vitfirtrar dóttur sinnar á vitfirringastofnuninni Karensminde. Eg þarf ekki að lýsa eymdarástandi þessarar stúlku; því var glögglega lýst við 2. umr. bæði af mér og öðrum. Enda þykist eg viss um, að úr því nefndin hefir fallist á fjárveitingu til hins blinda drengs, þá muni hún líka telja það sjálfsagt að veita styrk þessari vitfirtu stúlku; er það bæði skyld krafa og hógvær, því að hér er farið fram á miklu minni upphæð en þá, er styrkurinn til drengsins nemur. Að vísu er svo háttað um drenginn, að ef hann kemst út og getur notið kenslu, eru allar líkur til að gera megi úr honum nýtilegan borgara fyrir mannfélagið; hann getur t. d. lært einhverja handiðn. Öðru máli er að gegna um stúlkuna vitfirtu. Að þessu leyti stendur misjafnt á; því stoðar ekki að neita. En þrátt fyrir það er ástæða til að líkna þessari veslings stúlku, svo að faðir hennar, er hefir varið til þess miklum hluta eigna sinna að kosta hana til útlanda, þurfi nú ekki að taka hana heim aftur. Eg geri mér því von um, að hin hv. deild, og sérstaklega hin hv. fjárlaganefnd, samþykki þessa brt. mína í samhljóði við brt. þá, er inn kom í efri deild, og nefndin hefir ekki hróflað við.

Þá skal eg í sambandi við þetta minnast á eina af brt. nefndarinnar. Eins og kunnugt er, voru allar fjárveitingar til prestsekkna, er gengið höfðu í gegn hér í deildinni, feldar í efri deild. Nú hefir nefndin ekki fundið ástæðu til að taka upp aftur nema eina af öllum þessum ekkjum, sem sé Valgerði Þorsteinsdóttur. Eg skal fúslega játa, að þessi ekkjufrú er heiðurs og sæmdarkona, og á alt gott skilið af þingi og þjóð. En viðkunnanlegra finst mér þó að hinar hefðu fengið að fljóta með, Eg hefi þó ekki komið fram með brt. þess efnis, því að eg þóttist vita, að svo væri um hnútana búið, að það mundi ekki verða til neins. (*Landsh.*: Prestsekkjum er ætlaður styrkur annarstaðar!) Það er að vísu satt, að þeim er að nokkru leyti ætlaður styrkur annarstaðar, en eftir því, er biskup hefir sagt mér frá, verður sá styrkur til hverrar einstakrar minni en sá, er hér var um að ræða; og hér fer sem oftar, að betri er einn fugl í hendi en 10 á þaki; það er jafnan betra að halda sér að vissunni, heldur en að eiga und-

ir óvissunni. En ekki þýðir að sakast um orðinn hlut. Eg vildi að eins ekki láta þess ógetið, að mér finst það ósanngjarnt, að veita einni styrk en ekki öðrum.

Að því er snertir brt. á þgskj. 592, þá mun eg nú sem fyr hiklaust greiða atkvæði með efni hennar. Enda þótt eg sé ekki búsettur þar eystra, þá er mér þó kunnugt um ástæðurnar til að þessi málaleitan kom fram, og tel eg það fyllilega sanngjant að gefnar séu eftir 4000 kr.

Skúli Thoroddsen: Eg vil leyfa mér að fara fám orðum um þær brt. sem eg hefi með að gera, enda þótt búið sé að ræða þær töluvert hér í deildinni áður. Fyrsta brt. (þingskj. 598) fer fram á, að veittar skuli 500 kr. fyrra árið til Guðmundar skálds Guðmundssonar, til þess að ljúka við ljóðabálkinn »Strengleikar«.

Tillaga þessi féll við 3. umr. með að eins eins atkvæðis mun, og hefir mér síðan heyrzt á ýmsum háttv. þm., að sú atkvæðagreiðsla hafi ekki farið sem vera átti. Og þar sem nú báðum deildum hefir komið ásamt um, að veita Guðmundi Magnússyni 1200 kr., þá finst mér þingið geti ekki verið þekt fyrir að neita Guðmundi Guðmundssyni um styrk, sem óneitanlega er miklu hæfara skáld. Vona eg því að háttv. deild geri nú bragarbót fyrir aðferð sína við 3. umr. um þetta efni.

Eg þarf ekki að þreyta háttv. deild með því að fara mörgum orðum um tillögu mína til styrkveitingar Sighvati Grímssyni. Hún var ítarlega rædd við 2. og 3. umr., og er því síður ástæða til að orðlengja um hana nú, sem hún var samþ. við 3. umr. með 15 atkv. Býst eg við að þeim háttv. þingdm., er greiddu atkvæði með henni þá, hafi ekki snúist hugur síðan. Miklu fremur er hugsanlegt, að fleiri yrðu með henni nú, því að það væri sannarlega hart, ef þessum fræðimanni, sem er sá einasti af alþýðumönnum hér á landi, er gefur sig við ritstörfum, og mikið liggur eftir bæði í handritum og á prenti, (t. d. í Safni til sögu Íslands), — það væri sannarlega hart, segi eg, ef honum væri neitað um styrk til að fullkomna safn sitt, með því að auka það og lagfæra eftir ritum, er til eru í bókasöfnum hér í Reykjavík. Enda vona eg, að ekki komi til þess.

Undir 14. gr. B 10 hefir Ed. veitt cand. polyt. Ásgeiri Torfasyni 1500 kr. hvort árið til að stunda verklegar æfingar í efnarannsóknum erlendis. Með brt. minni á þgskj. 597, hefi eg leyft mér að leggja til, að þessi liður falli burt. Efri deild hefir álitið, að ekki sé ástæða til að setja hér upp efnarannsóknastofnun að svo stöddu, og neðri deild hefir fallist á þá skoðun. En þá verð eg líka að líta svo á, að ekki sé ástæða til, fyr en þar að kemur, að fara að kosta mann til þess að læra efnarannsókn. Og auk þess er það að minni hyggju heppilegra, þegar efnarannsóknastöðin verður sett á stofn, að fá einhvern viðurkendan efnafræðing, danskan eða hverrar þjóðar sem er, til að veita henni forstöðu. Eg get fyrir mitt leyti ekki séð, að nokkur trygging sé fyrir því, að þessi maður sé fær um að standa fyrir slíkri stofnun, enda þótt hann hafi leyst af hendi gott próf í efnafræði. Yfir höfuð virðist mér sú stefna hafa verið oft mjög ríkjandi hjá þinginu, að binda sig við innlenda menn, í stað þess að fá útlenda menn, sem full trygging er fyrir, að geti unnið þjóðfélaginu verulegt gagn. Þótt einhver hafi leyst próf af hendi með heiðri, þá er það harla lítil trygging fyrir því, að hann geti tekið að sér jafn vandamikla stöðu sem þá, er hér er um að ræða.

Til vara hefi eg lagt það til, að styrkveiting þessi verði lækkuð niður í 800 kr. á ári. Eg get engan veginn verið samdóma hv. þm. Gullbrs. (B. K.), að nokkur þörf sé á svo hárri upphæð, sem Ed. ætlast til að veitt skuli. Maður, sem tekið hefir próf, ætti að geta innunnið sér fé við ýmislegt, þó að hann þurfi að verja 1—2 stundum á dag til þess að vera á labóratóríi. Þess vegna finst mér 800 kr. fyllilega nægur styrkur. Sú styrkveiting væri þá til að hvetja hann til að afla sér aukinnar fræðslu í fræðigrein sinni. En hitt finst mér allsendis óþarft, að kosta hann að öllu leyti sem dýran ó maga. Svo gæti líka farið, að næsta þing frestaði að setja á fót efnarannsóknastofnun, og þá geng eg að því sem vísu, að þessi maður mundi koma til þingsins og biðja um áframhaldandi styrk.

Þá hefi eg einnig lagt það til, að liðurinn 14. gr. A 31 falli burt. Háttv. Ed., — þessi sparsemdardeild, er fundið hefir ástæðu til að strika út ýmsar nauðsynlegar fjárveitingar til eflingar samgöngum -- hefir þar smelt inn 800 kr. fjárveitingu (400 kr. hvort árið) til Halldórs Lárussonar hraðritara. Nú vil eg spyrja hv. þm., hvort þeir í raun og veru hafi trú á, að þessi fjárveiting komi að nokkru gagni. Hingað til hefir hraðritunarkunnátta hr. Halldórs Lárussonar að harla litlu haldi komið. Því til sönnunar má benda á, að hann hefir sótt um þingskriftir, en aðrir, er ekki kunna hraðritun, hafa verið teknir fram yfir hann. Þetta er nú sá vitnisburður, sem hann hefir fengið hjá forsetum þingsins. Eg held því að þessi fjárveiting, er ber það nafn með rentu að heita bitlingur, muni naumast mælast vel fyrir.

Um styrkveitinguna til cand. mag. Sigfúsar Blöndal; þarf ekki að fjölyrða. Tillaga mín um að hún falli burt er í fullu samræmi við atkvæðagreiðsluna hér í deildinni við fyrri umræðu málsins. Þessi maður hefir þegar áður fengið styrk af ríkissjóði Dana, og skil eg ekki að ástæða sé til fyrir þing Íslendinga að hlaupa undir bagga með honum um það verk, er hann, samkvæmt samningi við Dani, er skyldur til að inna af hendi.

Fleiri brt. frá mér hefi eg ekki ástæðu til að mæla fram með, þar sem hv. deild sýndi það annálsverða frjálslyndi að synja þeim aðkomu. Sú aðferð hefi eg heyrt að stafi af því, að hv. fjárlaganefnd hafi hnýtt annari nefnd aftan í sig, er vön er að ferðast á mótorvögnum og öðrum hraðfara samgöngufærum, og því er liðug í snúningunum. Nefndin leggur það til, að styrkur sé veittur ekkjufrú Valgerði Þorsteinsdóttur, en engri ekkju annari. Þessari tillögu verð eg að greiða atkvæði á móti; þykir mér það næsta einkennileg aðferð, er þingið ætlar sér þar að beita. Sú ekkja, er eg bar fram, er ekkja eftir skyldurækinn lækni, er að vísu dó gjaldþrota; hún á fyrir barni að sjá og er svo fátæk, að ekki liggur annað fyrir henni en að leita sveitarstyrks, verði henni ekki hjálpað á annan hátt. Henni er synjað um styrk. En aftur á móti er tekin upp á fjárlögin ekkja, er fær styrk annarstaðar frá og líður enga neyð. Eg átti í því góðan þátt áðan, að koma henni inn á fjárlögin, af því að hún er mesta heiðurskona. En þar sem nú þingið beitir svona aðferð, verð eg að greiða atkvæði á móti henni. Og ef svo skyldi fara, að atkvæðagreiðslan sannaði sögusögnina um áður greint samband, þá liggur ekki annað fyrir okkur hinum, en að leita samtaka við Ed. Þegar

tvær nefndir, samtals 14 manns, taka höndum saman um þessa fornrómversku meginreglu »*do ut des*«, þá er ekki von að vel fari. En skyldi hins vegar atkvæðagreiðslan sýna, að sá orðasveimur, sem gengur, sé tilhæfulaus, þá mun enginn verða glaðari en eg.

Landshöfðinginn: Eg vil leyfa mér að segja nokkur orð í tilefni af tillögu háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) um, að liðurinn 14. gr. A 33 falli burt. Mér blandast ekki hugur um, að einkaræskilegt sé, að íslenzk dönsk orðabók komi út. Hefi eg jafnan saknað þess, að engin slík orðabók er til, sem að nokkru sé nýt. Og þar sem veittur hefir verið styrkur í mörg ár til að semja íslenzk-enska orðabók, þá virðist eigi síður ástæða til að stuðla að því, að samin verði íslenzk-dönsk orðabók. Þar sem háttv. þm. sagði, að cand. S. Blöndal hefði þegar fengið styrk úr ríkissjóði Dana, þá er það ekki alls kostar rétt hermt. Svo er mál með vexti, að í fyrra var þess farið á leit við fjármálaráðgjafa Dana, hvort fá mætti styrk úr ríkissjóði til þess að semja íslenzk-danska orðabók. Fjármálaráðgjafinn skrifaði Íslandsráðgjafa um þetta, og frá Íslenzka ráðaneytinu var svo skrifað hingað heim. Svarið hljóðaði á þann veg, að það væri æskilegt, að farið væri fram á, að styrkurinn yrði veittur úr landssjóði. Skrifaði þá ráðgjafi Íslands fjármálaráðgjafanum aftur, og kvaðst mundu leggja fram með styrkveitingu af hálfu Íslands til samningar bókinni. Og þar sem það nú er kunnugt um styrkbeiðanda, að hann er einkar vel hæfur til að leysa þetta verk af hendi, þá er engin ástæða til að synja um þessa fjárveitingu. Enda vona eg að brt. hv. þm. N.-Ísf. um þetta efni verði feld.

Árni Jónsson: Þyngsti pósturinn, og sá er mest eykur tekjuhalla þann, sem skapast við brt. nefndarinnar, eins og þær liggja fyrir, er brt. 4, um fjárframlag til brúargerðar á Jökulsá í Axarfirði. Eg játa, að þar sem svo örðugar horfur eru nú fyrir fjárhaginn, þá geti það verið álitamál fyrir sumum, hvort þessi fjárveiting megi ekki bíða betri tíma. En það gleður mig þó, hversu vel deildin hér hefir tekið þessu máli. Sama skoðun hefir komið fram í nefndaráliti Ed., og við framsögu málsins þar, að hér væri um nauðsynlegt fyrirtæki að ræða, og að það megi engan veginn bíða lengur en um þetta fjárhagstímabil. Þetta er mikill styrkur fyrir málið, enda vona eg að þessi háttv. deild sjái, að lítið er unnið við að fresta því um 2 ár, en hins vegar mikið unnið fyrir hlutaðeigandi héraðsbúa, að veita féð nú þegar. Eg vænti þess því, að hv. deild samþykki tillöguna.

Undir umræðunum í Ed. kom fram sú skoðun, — sem sjálfsagt er sprottin af ókunnugleik, — að ástæða gæti verið til að athuga, hvort brúin ætti að vera á þessum tilætlaða stað eða öðrum; þótti svo, sem heppilegra hlyti að vera, að hafa brúna á aðalpóstleiðinni, sem liggur um Hólsfjöll, heldur en á aukapóstveginum við Ferjubakka. En þess ber að gæta, að enda þótt vegurinn um Hólsfjöll sé aðalpóstvegur, þá víkur því þó ekki þannig við, að þar sé neitt svipuð umferð sem um Ferjubakka. Áður var það svo að vísu, en síðan strandferðir urðu tíðari, hefir dregið mjög úr umferð um aðalpóstveginn, eins og um aðra fjallvegi yfir höfuð. Ána leggur þar upp frá á vetrum, og þá er góð brú undan Grímsstöðum, en Jökulsá verður aldrei farin á ís undan Ferjubakka. Pósturinn frá Akureyri fer ekki nema að Grímsstöðum.

Af því að eg og fleiri heyrðum próf. Prytz segja í skógræktarfyrirlestrum sínum um daginn, að Grímsstaðir væri í eyði, þá skal eg taka það fram, að svo er að eins um Grímsstaði hina fornu; bærinn stendur sem sé nú á öðrum stað en fyrrum, nær ánni, svo að því fer fjarri að segja megi að Grímsstaðir séu í eyði. Þetta, að bærinn var fluttur nær ánni, varð til þæginda fyrir póstinn; hann fer stundum ekki lengra en að ánni með hesta sína, og þarf því ekki að leggja þá í hana; getur hann fengið aðstoð hinumegin til þess að flytja póstinn heim að Grímsstöðum. Svo er nú líka komið, að þeir sem annast eiga ferju þessa við Reykjahlíð, hafa látið í ljós, að þeir geti ekki staðist kostnaðinn við það, nema þeir fái styrk. Það sýnir að umferðin er því nær engin. Enn er þess gætandi, þegar um það er að ræða, hvar brúin eigi að vera, að þar sem Jökulsá fellur um Ferjubakka, skiftir hún tveim blómlegustu sveitunum þar nyrðra; austanmegin er Axarfjarðarhérað, vestanmegin Kelduhverfi. Þessi voða vatnastrengur klýfur sveitirnar sundur. Eg hefi tekið það fram áður, að lítil hagsbót er að fá lækni, er á að þjóna þeim sveitum, nema brú verði lögð, er bindi þær saman. Annað er það, að sýslumaðurinn situr á Húsavík, í fjarlægð frá Norðursýslunni; en eins og gefur að skilja þarf hann oft að fara þangað norður, ekki einungis er hann heldur manntalsþing, heldur eru einnig skipströnd tíð á Sléttu og málaferli hafa komið þar fyrir nokkur. Sá maður, er nú gegnir þessu embætti og er sérstaklega kunnugur öllum staðháttum og samgöngum þar nyrðra, álítur líka að eitt af því fyrsta, er gera þarf þar um slóðir til samgöngubóta, sé að leggja brú á Jökulsá við Ferjubakka.

Eg vil leyfa mér að nefna lítið dæmi. 6. júní í sumar er að morgu leyti minnisstæður dagur bæði fyrir Eyfirðinga, Strandamenn og Norður-Þingeyinga. Þá var kjörfundur þeirra, og að því er N.-Þingeyinga snertir, áttu þeir þenna dag að sækja kjörfund að Skinnastað. Þegar við komum að Jökulsá var veður hvast, og tvísýnt að hægt mundi vera að ferja yfir ána. Var ferjumaður lengi að ráða það við sig, hvort hann ætti að ferja. En loks fór svo, að hann lagði út á ána og kom öllum mönnunum yfir. En enginn hestur var leggjandi í ána. Það varð að skilja þá alla eftir, og oddviti kjörstjórnarinnar og við allir, um 20 manns, urðum að ganga frá ánni á kjörfundarstaðinn. Þegar svo kjörfundi var lokið, var orðið framorðið, og svo biðum við við ána þangað til komið var fram yfir miðnætti, í þeirri von að hún mundi minka, eins og venja er til, — á nóttunni. — En þá fór hún að vaxa, og veðrið hægði heldur ekki að mun. Var því ekki eftir betra að bíða, svo ferjumaður lagði með nokkra menn yfir hana, upp á líf og dauða, en sumir urðu eftir. Annað eins og þetta kemur oft fyrir, þar sem hvergi er vað á ánni fjalls og fjöru milli. Hún er sá farartálmi, sem á hverju ári verður mönnum til óþæginda og stórskaða. Það eru ýmist vextir, hvassviðri og krapaferð, þó ekki sé jakaburður, sem gera það ómögulegt að ferja yfir ána svo og svo langan tíma, og verða menn oft lengi að sæta færi, unz þeir komast yfir. Þessi brú er því hið mesta nauðsynjamál, og skal eg ekki fara fleiri orðum um þetta; en eg vildi gefa þessa skýringu, af því að eg álít, að ekki sé jafnmikil nauðsyn að brúa nokkurstaðar eins og Jökulsá.

Björn Bjarnarson: Eg á brt. við 13. gr. B VIII 2. lið, á þingskj. 591, sem gengur út á að hækka ferðakostn-

aðarstyrk Guðm. Finnbogasonar úr 800 kr. upp í 1000 kr. Mentamálanefndin samþykti þetta hér, og deildin var á sama máli, en hv. Ed. hefir þóknast að færa þetta niður og taka 200 kr. af þessum styrk. Mér finst engin ástæða til að vera að klípa af þessu, því að eg álít, að þetta fé sé ekki of mikið. Sem kunnugt er ganga fjárlögin í gildi 1. janúar í vetur, og þá fyrst getur þessi maður byrjað að ferðast, og það er augljóst, að hann verður að ferðast að vetrinum, til þess að kynna sér alþýðufræðsluna; það er eins og gefur að skilja, að veturinn er langhentugasti tíminn til þess að kynna sér slíkt; þá eru allir skólar starfandi og kensluaðferðinni í þeim er ekki hægt að kynnast nema þá. Sömuleiðis er fólk þá meira heima en endranær, og því betra að grenslast eftir allri heimilisfræðslu. Eins og allir vita, eru ferðalög hér á landi að vetrarlagi mjög dýr, og þá er hætta á, ef féð er ekki nóg, að maðurinn verði að hætta í miðju kafi. Eg sé heldur ekki að það sé nein hætta að færa þetta upp í 1000 kr., það er hvort sem er fé, sem borgað er eftir reikningi, og ekki ástæða til að ætla, að maðurinn bruki meira fé en hann nauðsynlega þarf. Eg vona því að hv. deild aðhyllist þetta og sjái að það er skynsamt. Eg vona líka að brt. mínar á þingskj. 609 verði samþ.; og hvað brt. við 14. gr. B 12 snertir, þá vona eg að hv. deild finnist hún aðgengilegri, ef þessari grein er bætt við; en þá fyrri, við 13. gr. A b, þóknaðist háttv. fjárlaganefnd að skera niður, en eg vona að þessar tillögur fái samþykki háttv. deildar.

Framsögum. (Pétur Jónsson): Það er ekki nema fátt eitt, sem eg þarf að minnast á nú, því að flest af því hefir verið rætt rækilega af öðrum. Eg ætlaði fyrst að víkja að ræðu háttv. 2. þm. Árn. (ÓI. ÓI.) viðvíkjandi ekkjustyrknum. Þessi ekkja, sem hann talaði um, á að fá styrk samkv. öðrum lið á fjárlögunum; en fjárlaganefndin hefir að eins leyft sér að færa þann styrk, sem ekkjufrú Valgerði Þorsteinsdóttur er fyrirhugaður í sama lið, undir 16. gr., og þetta er gert af því, að hún fær ekki styrk þenna sem prestsekkja, heldur sem kona sú, er starfað hefir mikið í þarfir þjóðfélagsins. Með þessari breyting nefndarinnar er alls ekki raskað ákvæðum hv. Ed. að öðru leyti.

Hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) gekk út frá því sem mjög líklegu, að nefndin og deildin yfirleitt mundi verða með styrknum til Sighvats Grímssonar. Eg ímynda mér að nefndin muni dræm að fylgja honum, því hún hefir neitað honum áður, og þó að hann kæmist að í fyrra skiftið, þá var það ekki því að þakka, að nefndin væri honum eiginlega mjög hlynt, en nú þegar hv. Ed. hefir algerlega felt hann burt, þá er nefndin ófús á að halda honum fram. Í raun inni vill nefndin ekki gera ágreining við hv. Ed. nema í því, sem henni finst varða mjög miklu. Eg skal játa það, að nefndin hefði gjarna óskað, að nokkrir liðir, sem hún ekki gerir brt. við, þó smávægilegir sé, hefði verið öðruvísi en þeir komu frá hv. Ed. En nefndin álítur ekki heppilegt að neyta aflsmunar við hv. Ed., ef um smávægileg atriði er að ræða. Hitt er nokkuð annað mál, þar sem hv. Ed. stóð á móti ýmsum atriðum, sem nefndin hér hefir álitið varða miklu.

Hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) vill að feldur sé niður styrkurinn til Ásgeirs Torfasonar, eða þá minkaður að nokkrum mun. Alþingi 1901 og 1902 komu málinu í hreyfingu, um að fá hér efnarannsóknastofu og er ekki ástæða til að hætta nú á miðri leið, nema menn með

því játi, að það hafi verið flapur eitt, sem ekki sé takandi mark á, og vona eg að fáir geri það. Þessi maður hefir verið styrktur áður í þessum tilgangi, og ef efnarannsóknastofan er mönnum áhugamál, þá má það ekki vera minni undirbúningur en þetta, sem að þessu sinni er gert. En ef að þessi styrkur er feldur, þá gefur þingið þar með yfirlýsingu um, að það vilji ekkert við málið eiga. Eg sé því ekki ástæðu til annars en að það fái að standa, sem hv. Ed. hefir gert í þessu efni, og ef á að minka styrk þenna, þá hefir nefndin álitið eins gott að aftaka hann með öllu. Það gat verið álitamál, ef brt. hefði farið í þá átt, að fá annan mann fullnuma til þess að standa fyrir efnarannsóknastofu, þá hefði það verið sök sér, og taka þá upp aftur hina upphaflegu fjárveiting til stofnunarinnar, en nefndin álítur, að það sé nær að styrkja vel færan íslenzkan mann til þessa starfs, auk þess sem hann hefir verið áður styrktur, og vantar ekki mikið á að vera fullnuma í sinni grein. Loks liggur engin brt. fyrir í þessa átt nú. Sami hv. þm. (Sk. Th.) lýsti allmikilli þykkju sinni yfir því, að brt. frá honum voru feldar frá umræðu í dag, og er það því undarlegra, sem hann veit það, að óþarfi er að vera að koma með brt. á fundinn, þegar menn hafa tíma svo sólarhringum skiftir áður, til þess að undirbúa brt. Að koma með brt. á síðustu stundu er vani, sem þingið ætti ekki að láta líðast, því að það eru mörg dæmi til þess, að menn hafa hrapað að því að samþykkja tillögur, sem hafa ekki komið fyr en á fundinum sjálfum, af því þeir hafa ekki haft nægan tíma til að yfirvega þær. Auk þess geta ýms önnur atvik ráðið því, að menn mundu ella greiða öðruvísi atkvæði. Mér finst það því ekki nema rétt, að hleypa ekki brt. að, sem eru alveg óathugaðar, og sérstaklega legg eg áherzlu á þetta við seinustu umr. fjárlaganna. Þetta er ekki af því, að eg hafi neitt á móti tillögunum í sjálfu sér, heldur af því princípi, sem eg vildi að fylgt væri, og sem betur væri að kæmist á. Eg ætla svo ekki að fjölyrða þetta frekar, en vona að umræðum fari nú að létta sem fyrst fram úr þessu.

Björn Kristjánsson: Það var viðvíkjandi brt. minni á þgskj. 605, sem eg ætlaði að segja fáein orð. Eg réði það af svari hins hv. frsm. (P. J.), að hann hélt að eg hefði misskilið sig. En svo var ekki; eg skildi fyllilega orð hans, en eg verð að álíta, að rétt sé að orðin: »eða hreppavegagjaldi« falli burt, vegna þess að eg hygg, að fyrirtækið sé mjög svo heft, ef ekkert má leggja af hreppafé á móti landssjóðsstyrknum. Þessi vegur er eini vegurinn, sem um sýsluna liggur, og hann er alt undir eins, þjóðvegur, sýsluvegur og hreppavegur. Eg held fast við það, sem á brt. stendur, að orðin falli burt. Viðvíkjandi mótorvögnunum þá álít eg að betra sé að kaupa vagn fyrir 5000 kr. en gefa 2000 kr. fyrir ekki neitt. Eg vona að hin hv. deild fallist á það, að réttara sé að kaupa nauðsynlegan hlut, þó hann sé nokkuð dýrari, heldur en gefa fé, þó það sé nokkru minna, fyrir ekkert.

ATKV.GR.: Brt. 607–610, er útbýtt hafði verið meðan á fundi stóð, voru feldar frá að koma til umr. og atkv. með 14 : 8 atkv.

Brt. 592, við 4. gr. 2, sþ. með 15 shlj. atkv.

1. brt. 602, við 11. gr. (nýr liður 11), sþ. með 18 shlj. atkv.

2. brt. 602, við 12 gr. B. 1, sþ. með 20 shlj. atkv.

3. brt. 1. 602, við 12. gr. B. 4, sþ. með 18 shlj. atkv.

Brt. (602) 2. lið., við 12. gr. B. 4, sþ. með 18 shlj. atkv.

4. brt. (602) 1. liður sþ. með 17 shlj. atkv.

4. brt. (602) 2. liður sþ. með 18 shlj. atkv.

5. brt. (602), við 12. gr., sþ. með 17 shlj. atkv.

1. brt. (604), við brt. 5. á 602, feld með 15 : 3 atkv.

Viðb. við aths., við 12. gr. B. 8, sþ. með 21 shlj. atkv.

Brt. (604) sþ. án atkvgr.

Brt. (602) 6 a. fallin af sjálfu sér.

6. brt. b. (602) við 12. gr. C, sþ. með 21 shlj. atkv.

7. brt. (602), við 12. gr. D, sþ. með 17 shlj. atkv.

Aths. sþ. í e. hlj

8. brt. (602), við 13. gr. B. IV. b, sþ. með 16 shlj. atkv.

9. brt. (602), við 13. gr. B. VI. a. 4, sþ. með 15 : 1 atkv.

10. brt. (602), við 13. gr. B. VI. a. 5, sþ. með 15 : 2 atkv.

11. brt. (602), B. VI. b. 1, sþ. með 21 shlj. atkv.

12. brt. (602). við 13. gr. B. VI. b. 2, sþ. með 21 shlj. atkv.

13. brt. (602), við 13. gr, B. VI., sþ. með 13. shlj. atkv.

Brt. (599), við 13. gr. B. VI., sþ. með 14 shlj. atkv.

14. brt. (602), við 13. gr. B. VI., sþ. með 17 shlj. atkv.

15. brt. (602), við 13. gr. B. VIII. 1, sþ. með 18 shlj. atkv.

Brt. (591), við 13. gr. B. VIII. 2, sþ. með 13 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Bjarnarson,	Árni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Jón Magnússon,
Einar Þórðarson,	Jóh. Ólafsson,
Hannes Hafstein,	Herm. Jónasson,
Jóh. Jóhannesson,	Lárus H. Bjarnason,
Magnús Andrésson,	Magnús Stephensen,
Ólafur Briem,	Hannes Þorsteinss.,
Ólafur Ólafsson,	Eggert Pálsson,
Ólafur Thorlacius,	Tryggvi Gunnarss.
Pétur Jónsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Þórh. Bjarnarson.	

16. brt. (602), við 14. gr. A. 2, sþ. með 17 shlj. atkv.

17. brt. (602), við 14. gr. A. 3 a, sþ. með 18 shlj. atkv.

1. brt. (598), við 14. gr. A., sþ. með 13 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Bjarnarson,	Árni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Jón Magnússon,
Eggert Pásson,	Herm. Jónasson,
Einar Þórðarson,	Lárus H. Bjarnason,
Hannes Hafstein,	Magnús Stephensen,
Hannes Þorsteinss.,	Ólafur Briem,
Jóh. Jóhannesson,	Pétur Jónsson,
Jóh. Ólafsson,	Tryggvi Gunnarss.,
Magnús Andrésson,	Þórh. Bjarnarson,
Ólafur Olafsson,	
Olafur Thorlacius,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson.	

18. br.till. (602), við 14. gr. A., sþ. m. 15 shlj. atkv.

2. br.till. (589), við 14. gr. A., sþ. m. 12 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Kristjánsson,	Björn Bjarnarson,
Eggert Pálsson,	Árni Jónsson,
Einar Þórðarson,	Jón Magnússon,
Hannes Þorsteinss.,	Hannes Hafstein,
Jóh. Jóhannesson,	Lárus H. Bjarnas.,
Jóh. Olafsson,	Magnús Stephensen,
Magnús Andrésson,	Ol. Briem,
Olafur Olafsson,	Pétur Jónsson,
Olafur Thorlacius,	Herm. Jónasson,
Skúli Thoroddsen,	Tr. Gunnarsson,

já:
Stefán Stefánsson,
Þórh. Bjarnarson.

3. breyt.till. (598), við 14. gr. A. 31, feld með 11 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Bjarnarson,	Árni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Jón Magnússon,
Einar Þórðarson,	Eggert Pálsson,
Jóh. Jóhannesson,	Hannes Hafstein,
Magnús Andrésson,	Hannes Þorsteinss.,
Magnús Stephensen,	Herm. Jónasson,
Ol. Thorlacius,	Jóh. Ólafsson,
Skúli Thoroddsen,	Lárus H. Bjarnas.,
Stefán Stefánsson,	Ol. Briem,
Tr. Gunnarsson,	Ólafur Ólafsson,
Þórh. Bjarnarson.	Pétur Jónsson.

4. br.till. (598), við 14. gr. A. 33, feld m. 12 : 5 atkv.

Br.till. 1. (602), við 14. gr. B. 1. a. 1., sþ. m. 19 shlj. atkv.

19. br.till. 2. (602), við 14. gr. B. a. 1, sþ. m. 18 shlj. atkv.

20. br.till. (602), við B. 1. a. 2, sþ. m. 19 atkv.

21. br.till. (602), við B. 1. a. 3, sþ. m. 19 atkv.

22. br.till. (602), við B. 1. a. 4, samþ. m. 19 atkv.

23. br.till. (602), við B. 1. a. 5, sþ. m. 19 atkv.

24. br.till. (602), við B. 1. c, sþ. m. 20 atkv.

25. br.till. (602), við B. 1. j, sþ. með 17 atkv.

Br.till. (603), við B. 3, samþ. með 13 atkv.

26. br.till. (602), við B. 6, samþ. með 15 atkv.

Br.till. (597), við 14. gr. B. 10, feld m. 17 : 2 atkv.

Varatill. (597), við 14. gr. B. 10, feld m 16 : 3 atkv.

27. breyt.till. (602), við 14. gr. B. 10, tekin aftur.

28. br.till. (602), við 14. gr. B. 13, sþ. m. 17 shlj. atkv.

Br.till. (602), við 14. gr. B. 14, sþ. m. 18 shlj. atkv.

Br.till. (605), við 28. br.till. 602, feld m. 15 : 6 atkv.

Br.till. (602), við 14. gr. B. 15, sþ. m. 15 : 3 atkv.

29. br.till. (602), við 16. gr., sþ. með 15 : 1 atkv.

30. br.till. við 19. gr., sþ. með 17 shlj. atkv.

Frumv. í heild sinni, með áorðnum breytingum, samþykt í einu hljóði og endursent forseta Ed.

Útflutningsgjald af hvalafurðum.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum 11. nóv. 1899 um útflutningsgjald af hvalafurðum; 1. umr., 24. júlí. (C. bls. 310).

Ólafur Thorlacius: Frumv. þetta er komið frá nefndinni, sem sett var til þess að íhuga fiskiveiðamál landsins, og orsökin til þess, að hún fór að fást við það, er það, að bæði á Norður- og Austurlandi hefir verið sterk hreyfing á móti öllu hvaladrápi. — Það er alment alit manna um alt Norður- og Austurland, að hvaladráp spilli yfirleitt öllum fiskiveiðum, en sérstaklega síldarveiði. Þetta hefir komið fram opinberlega bæði á málfundum og í blöðum. Á Seyðisfirði var síðastliðinn vetur í febrúar haldinn fundur um hvalveiðamálið, og var þar samþykt ályktun til ráðaneytisins um að gera ráðstafanir til að hefta þetta gegndarlausa hvaladráp Ráðaneytið safnaði sér upplýsingum um málið í Noregi og þær upplýsingar hafa nú legið fyrir nefndinni. Fyrst og fremst var þó

leitað álits fiskifræðings landsins, er gekk í þá átt, að hann áliti hvalaveiðar skaðlausar fyrir fiskiveiðar yfirleitt. Þessu gagnstætt voru aftur skoðanir merkra norskra fiskifræðinga; skal eg t. d. nefna dr. Hjort, sem segir að steypireiðurinn geri mikið gagn með því að reka síldina upp að landinu og inn á firðina, og þannig létta mikið veiðina.

Að athuguðum þessum upplýsingum fanst nefndinni vera ástæða til að verða við þessum almennu umkvörtunum, að einhverju leyti, en sá sér hins vegar ekki fært að ráða til algerðrar friðunar á hvölunum, meðan enn væri leyfilegt að drepa þá bæði við Noreg og Færeyjar. Mundi því, á meðan svo er, almenn friðun hér við land ekki koma að tilætluðum notum; hvölunum fækka í Norðurhöfunum eftir sem áður, en vér missa þann arð, sem nú er af hvalaveiðunum. Við höfum þess vegna ekki farið fram á annað, en nokkra hækkun á gjöldunum af hvalafurðum. — Nefndin gat ekki fyllilega komið sér saman um hve hækkunin ætti að vera mikil. Meiri hlutinn áleit, að ekki væri vert að fara frekara í hækkunina en gert er að þessu sinni, en eg fyrir mitt leyti get ekki annað hugsað, en að hvalveiðamenn þoli og eigi að bera talsvert hærri gjöld; og komi fram nokkrar breyt.till. um hærri gjöld en nefndin hefir stungið upp á, þá mun eg greiða þeim atkvæði mitt

Það er alt útlit fyrir að fjárlögin fari héðan úr þinginu með ekki svo litlum tekjuhalla, því að ýms stór fyrirtæki eru nú á prjónunum, sem kosta landið stórfé, t. d. útrýming fjárkláðans o. fl. Þetta fé verðum vér að taka einhverstaðar, og finst mér þá ekki nær að taka það frá landsins eigin börnum, heldur en þessum útlendingum, sem reka hér arðsama iðn og flytja stórfé út úr landinu.

Eg skal játa, að það gæti verið full þörf á, að miklu meira væri gert til að stemma stigu fyrir þessu hóflausa hvaladrápi en farið er fram á í frv., en nefndinni yfir höfuð fanst þó ekki ástæða til að fara lengra að þessu sinni, með því líka að mjög lítið útlit er fyrir, að þær ráðstafanir næðu samþykki þingsins eins og það nú er skipað.

Stefán Stefánsson: Eg hafði búist við því, að fiskiveiðanefndin hefði tekið betur í lurginn á hvalveiðamönnunum norsku, fyrst hún á annað borð fór að skifta sér af hvalveiðamálinu. Hækkunin á gjöldunum af afurðunum er svo lítilfjörleg, að hún getur ekki aukið tekjur landssjóðs að neinum mun, en enn þá minni þýðingu hefir hún þó í þá átt, að stemma stigu fyrir þessum hóflausu hvaladrápum. — Framsögum. nefndarinnar (Ol. Thorl.) sagði þó, að breyt.till. nefndarinnar væru fram komnar í því skyni, en það sér hver heilvita maður, að þessi lítilfjörlega hækkun, 25 aurar á lýsistunnuna o. s. frv., getur ekki haft hina minstu þýðingu fyrir þessa stóreignamenn, er reka þessa mikilfenglegu og einkar-arðsömu atvinnugrein.

Eg skal ekki fara frekar út í einstök atriði nú, en að eins drepa á það, að mig furðar stórlega á því, að nefndin skuli ekki hafa hreyft minstu vitund við öðru atriði, sem mikið hefir verið talað um, nefnilega því, að þessir atvinnurekendur hafa ætíð verið lausir við að borga nokkurn tekjuskatt af atvinnu sinni, sem aðrir atvinnurekendur þó verða að gera. Hinir skriftlærðu hafa útskýrt þá grein í lögunum um tekjuskatt, sem hér að lýtur, svo, að það mætti ekki leggja á þá tekjuskatt

af því þetta væri sjávarútvegur, og þeir borguðu tíund af skipum sínum. — En þessi útskýring finst mér vera alveg röng, því þetta starf ber fremur að skoða sem iðnað, þar sem úr hvölunum er unnin ýms vara í reglulegum verksmiðjum. Vegna þessarar lagaskýringar verður þessu þó ekki kipt í lag nema með nýjum lögum, og slík lög hefði því nefndin átt að semja, og leggja fyrir hina h. deild.

Eg skal svo ekki fara frekar út í málið að sinni, en vonast fastlega til þess, að einhver verði með mér, að flytja breyt.till. í þá átt, að hækka að mun útflutningsgjaldið af hvalafurðunum við næstu umræðu.

Skúli Thoroddsen: Af því að eg var einn þeirra manna, er í nefndinni sátu, vil eg leyfa mér að tala nokkur orð.

Háttv. framsm. (Ó. Th.) skýrði frá áliti nefndarinnar, að því er mér virtist, fremur frá sínu sjónarmiði en okkar hinna. Fyrir mér og sumum öðrum í nefndinni vakti alls ekki, að frv. þetta ætti að vera neitt friðunarfrumv., eða að það miðaði til að minka hvaladráp hér við land, heldur var það tilgangur okkar, að verða með því við óskum landsmanna um, að hvalveiðamenn gyldu nokkru meiri gjöld til landssjóðs, en þeir hafa goldið til þessa.

Háttv. 2. þm. Skagf. (St. St.) kvað tollhækkun frumv. óverulega. Hann mun ekki hafa gjört sér vel ljóst, hversu langt nefndin í rauninni hefir farið í þessari hækkun. Hann hefir víst ekki gætt þess, að farið er fram á að hækka tollinn á hvallýsinu um 150%, á hvalkjötsmjölinu um 100% og á hinum 2 öðrum tegundum hvalafurða um 150% á hvorri. Eg býst þó við, að öðrum borgurum landsins mundi þykja hækkuð gjöld sín til landssjóðsins að mun, ef þau væri aukin að sama skapi. Að landssjóð muni ekkert um hækkun þessa, er heldur ekki rétt. Miðað við skýrslu fyrir árið 1900 mundi þessi tollhækkun auka tekjur landssjóðs um 45 þús. kr. á ári. Það er ekki heldur ástæða til þess fyrir sama háttv. þm., að álasa nefndinni fyrir það, að hún hefir ekki komið fram með tillögu um tekjuskatt á hvalveiðamenn, því að nefndin hefir sem sé í hyggju, að koma fram með sér stakt frumv. um það efni. Af því að þetta frumv. hefir meiri þýðingu til tekjuauka fyrir landssjóð, áleit hún réttara að flýta því fremur en hinu. Tekjuskattur, er lagður er á einstakar atvinnugreinar, er jafnaðarlega ærið óviss, þar sem hann er bygður á framtali hlutaðeiganda. Er því hætt við, að tekjuskattur sá, er hér er um að ræða, yrði eigi þungur ávalt í vasa landssjóðs, eður fremur í orði en á borði.

Það er mín skoðun á þessu máli, að ekki sé ástæða til þess fyrir þingið, að fara lengra en gjört er í þessu frumv. Býst eg við að mörgum muni þykja þar full-langt farið. Eg var mótfallinn þeirri hækkun á gjöldum hvalveiðamannanna, er farið var fram á á þinginu í fyrra, en á þingmálafundi í N.-Ísafjarðarsýslu, er haldinn var í vor, var það álit manna, að eigi myndi ósanngjarnt að hækka útflutningsgjald af hvalafurðum að nokkrum mun, en hinu voru menn mótfallnir, að nokkuð það yrði gjört, er miðaði til að bægja hvalveiðamönnum úr landi. Enda eru til aðrir vegir fyrir þá, til að reka atvinnu sína. Þeir geta t. d. komið upp fljótandi veiðistöðvum utan landhelgi, og drepið hvali eftir sem áður, og missir þá bæði landssjóðurinn og ýms sveitarfélög töluverðar tekjur. —

Jóhannes Jóhannesson: Eg get tekið undir með háttv. 2. þm. Skagf. (St. St.) Þegar eg sá frumv., gat eg varlega trúað, að þetta væri alt, er kæmi frá nefndinni viðvíkjandi þessu máli. Eins og menn vita, hefir mál þetta verið rætt með miklum áhuga um alt Norður- og Austurland, fundir verið haldnir og ritað í blöðin, og hvervetna hefir áherzla verið á það lögð, að nauðsyn bæri til að friða hvalina, og að hvalveiðamenn gyldu til landssjóðs að minsta kosti í réttu samræmi við aðra atvinnurekendur.

Að því er til þess kemur, að hvalveiðamenn hafa hingað til ekki greitt tekjuskatt, þá er eg, eins og hinn h. 2. þm. Skagf. (St. St.), í vafa um, hvort skilningur landsstjórnarinnar á þessu atriði er réttur. En svo mikið er víst, að við hann verður að standa þangað til breyting kemst á með lögum. Nú hefir háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) gefið von um, að nefndin muni koma fram með frumv. um tekjuskatt á hvalveiðamenn, og skyldi það gleðja mig, ef það kemur svo snemma, að það geti orðið að lögum frá þessu þingi. Vil eg því skora á nefndina að flýta framkomu þessa frumv. sem mest.

Eg er á þeirri skoðun, að oflítill tollur sé ætlaður á hvallýsi, enda mun eg koma fram með breyt.till. í þá átt að hækka hann.

Eg hafði búizt við því af hinni h. nefnd, að hún mundi koma fram með frumv. um að friða vissar hvalategundir. Nú mun það ef til vill orðið um seinan fyrir mig að gjöra það sjálfur, þannig að það geti orðið útkljáð á þessu þingi. Er því óvíst að eg ráðist í það, úr því nefndin ekki hefir gjört það, en á það reiddi eg mig.

Hannes Hafstein: Mér er það kunnugt, að mörgum mun þykja of skamt farið með frumv. þessu, eins og háttv. 2. þm. Skagf. (St. St.) og háttv. 1. þm. N.-Múl. (Jóh. J.) tóku fram. Á Norðurlandi og Austurlandi þykjast margir sannfærðir um, að hvaladráp sé til hnekkis fiskiveiðunum, og vilja því láta friða hvalina hér við strendurnar algjörlega, með því að banna hagnýting hvalafurða hér á landi fyrir fult og alt, eða leggja á svo hátt útflutningsgjald, að veiðin verði ómöguleg. Þessi skoðun um skaðsemi hvaladrápsins er runnin frá Finnmörkinni í Noregi, þar sem hvalaveiðar einnig eru stundaðar, og hefir borist hingað með norskum síldveiðamönnum. Hefir verið rætt og ritað í Noregi síðastliðin ár af hinu mesta kappi um mál þetta, og er það þar enn óútkljáð, eins og kunnugt er. Það er skoðun ýmsra manna á Norður- og Austurlandi, er jafnvel telja sig hógværa um þetta mál, að á meðan ekki séu fengnar fullnaðarsannanir fyrir, að hvalveiðarnar séu óskaðvænar fiskiveiðunum, beri löggjafarvaldinu skylda til að koma í veg fyrir, að öðrum aðalatvinnuveg landsins gæti verið stofnað í hættu með þeim; óvissan megi ekki vega meira hjá því, en ótti sjómanna eða síldveiðimanna. Það er von að þeim, sem þannig líta á málið, þyki nokkuð skamt farið með frv. þessu. En eg efast ekki um að háttv. nefnd hafi farið nærri um það, hvað ítrast væri unt að gjöra sér von um að fá framgengt á þinginu, er hún gjörði tillögur sínar, enda getur verið ástæða til að bíða eftir úrslitunum á rannsókn og athugunum Norðmanna um þetta efni, sem búast má við að komi fram á þingi þeirra næsta ár, er málið kemur þar til endanlegra úrslita. Nú sem stendur er málinu frestað þar.

En þó að þannig ekki séu nú ástæður til á þessu þingi að banna algjör-

lega hvalveiðar hér við strendurnar, þá mætti þó eitthvað gjöra í þá átt, að friða hvalinn við strendur landsins, frekar en gjört er í gildandi lögum. Og væri þá að minni hyggju tiltækilegast að byrja á því að fullkomna landhelgisfriðunina, þannig, að hún gildi árið um kring. Í lögum frá 19. febr. 1886 voru hvalir fyrst friðaðir í landhelgi, og þá að eins frá 1. maí til 31. október ár hvert. Með lögum frá 15. jan. 1892 var friðunartíminn færður þannig, að hvalir voru friðaðir frá 1. apríl til 1 október, og var þá gengið út frá því, að hvalveiðarnar hér við land færu ekki fram á öðrum tíma en þessum. Það mun og hafa verið svo til skamms tíma, að hvalabátarnir hafa ekki farið út til veiða fyrr en í aprílmánuði. En í seinni tíð hefir verið byrjað á veiðunum þegar í marzmánuði eða jafnvel fyr, og hvalir þá skotnir á fjörðum inni. Nú er því sama ástæða til að láta friðunina gilda alt árið, sem þá var, er þessi lög voru samin, til að friða þá um þann tíma, er þá var til tekinn. Vil eg skjóta því til nefndarinnar, hvort hún mundi eigi vilja koma fram með frumv. í þá átt; ella mun eg gjöra það.

Eiginleg friðun hvala fyrir *utan* landhelgi getur vitanlega ekki átt sér stað með íslenzkum lögum. Oss brestur vald til að banna hvaladráp *utan* landhelgistakmarksins, nema að svo miklu leyti sem veiðin er rekin frí og flutt að ströndum landsins. Vér getum að eins bannað hvalveiðastöðvar á landinu, og kemur þá fram sú spurning, hvort núverandi hvalveiðamönnum verði skipað að leggja niður atvinnurekstur sinn, og ónýta þannig dýrar verksmiðjur og áhöld, án endurgjalds. Í Noregi hefir verið gjört ráð fyrir, að ríkissjóðurinn yrði að greiða hvalveiðamönnum skaðabætur fyrir eignatjón, ef slík lög væri sett þar, og að *því leyti til* mundu væntanlega sams konar rök verða færð að því er Ísland snertir. Eignatjónið yrði sams konar í báðum löndunum. En það er annað, sem ekki er alveg sams konar. Það er ávinningurinn af hvalveiðum Norðmanna í Noregi og hvalveiðum Norðmanna hér við land. Þótt Norðmenn, sem hvalveiðar reka hér við land, séu hér »búsettir« meðan þeir reka veiðina, þá er þó búsetan heldur laus, og viðbúið að þeir ílengist hér ekki til langframa heldur flytji til Noregs aftur, með það, er þeir kynnu að græða á veiðinni. Gróðinn af hvalveiðunum verður þá aukning á þjóðareign Noregs, en ekki að sama skapi aukning á þjóðareign Íslands, þótt talsverðar tekjur falli af hvalveiðunum á ýmsan hátt. Það er því meiri ástæða til þess að leggja skatt á þessa atvinnu hér en í Noregi. Nú hefi eg fyrir satt, að norskir hvalveiðamenn borgi í Noregi 1 kr. skatt af lýsistunnu hverri (eða lýsisfati) þar af 60 aura í ríkissjóð og 40 aura í spítalasjóð, gegn ókeypis læknishjálp og spítalavist. — Það virðist því ekki verða annað sagt, en að háttv. nefnd hafi farið hógværlega í sakirnar, er hún hefir stungið upp á að hafa útflutningsgjaldið á lýsistunnunni 1 kr. 25 aura. Gjaldið, sem hún hefir stungið upp á að leggja á aðrar hvalafurðir, er ef til vill heldur ekki mjög hátt í sjálfu sér, en í hlutfalli við lýsistollinn virðist það ekki sem réttast tiltekið. Eg hefi leitað mér upplýsinga um söluverð á hinum ýmsu tegundum hvalafurða, og eftir því telst mér til, að tollur sá, sem *nú* er á hvalkjötsmjöli, gúanó og hvalskíðum samsvari að hundraðstiltölu alt að 150 aura gjaldi á hvallýsinu. Nú hefir nefndin hækkað gjaldið á hvalafurðum, öðru en lýsi, að mjög miklum mun, en ekki sett gjaldið af lýsinu

nema 125 aura, svo hlutfallið verður ekki rétt. En það er eiginlega ekki ástæða til að hækka tollinn á hvalkjötsmjöli, gúanó og hvalbeinamjöli fram yfir það, sem nú er, því framleiðsla þeirra afurða er dýr atvinna; en á hinn bóginn er það mjög æskilegt, að þessar vörutegundir séu framleiddar, úr því hvalveiði er stunduð á annað borð, því að væri hvalkjötið, beinin og úrgangurinn eigi notuð upp á þann hátt, mundi þetta úldna upp til óhollustu eða reka til og frá um sjóinn til skaða og óþæginda fyrir menn. Allir hljóta því að óska, að þessi efni séu hagnýtt á einhvern hátt. Það er jafnan óviðfeldið að nýtileg efni fari forgörðum, og hér er um mjög mikið efni að ræða, sem getur komið að góðum notum. Eg vil því skjóta því til hinnar háttv. nefndar að íhuga, hvort ekki væri rétt að koma fram með breyt.till. í þá átt, að láta þessar vörutegundir hlutlausar, en hækka þá heldur gjaldið á lýsinu, sem vitanlega mest munar um fyrir landssjóð.

Jóhannes Ólafsson: Það lítur út fyrir, að hin háttv. fiskiveiðanefnd hafi litið svo á, að það heyrði ekki undir hennar starfsvið að hlynna að sjávaratvinnugreinunum. Eg hefði þó haldið að það væri jafnt ætlunarverk hennar, sem hitt er ætlunarverk landbúnaðarnefndarinnar, að sjá landbúnaðinum borgið.

Þessi hreyfing, að vilja útbola hvalveiðunum, er ríkjandi að eins á Norðurlandi og Austfjörðum. Og hvaðan er hún runnin? Frá norskum sjómönnum! En eftir þeim sönnunum, sem fram eru komnar til þessa tíma, eru þó veiðar þessar allsendis óskaðvænar fyrir fiskiveiðarnar. Að þeirri niðurstöðu hafa fiskifræðingar Norðmanna komist, og á sömu skoðun er fiskifræðingur landsins. Háttv. framsm. hefir að vísu vitnað í einhvern spónnýjan fiskifræðing, er kvað halda því fram, að dráp sumra hvalategunda sé til hnekkis fyrir fiskiveiðarnar. En á hvaða rökum skoðun hans er bygð, skal eg ekki segja; hann er mér óþektur og líklega fleirum hér.

Háttv. 2. þm. Skagf. (St. St.) þótti of skamt farið í frumv. Eg skal játa, að það getur verið þægilegt á stundum, að grípa hendi í annara sjóð; en óréttlát er slík áníðsla eigi að síður. Satt að segja þykir mér það undarlegt og næsta ósanngjarnt af þinginu, að vera svona hvað eftir annað að elta hvalveiðamenn á röndum. Fyrst koma út lög 11. nóv. 1889 um útflutningsgjald af hvalafurðum. Svo komu önnur 13. apríl 1894 um útflutningsgjald af hvalskíðum. Og hvaða gagn gjörðu þau lög? Jú, þau hafa gjört það gagn, að nú liggja hvalskíðin ónotuð hingað og þangað með ströndum fram í nánd við veiðistöðvarnar.

Nú hefi eg heyrt af hvalveiðamönnum sjálfum, að ef útgjöld þeirra væru hækkuð úr þessu, mundu þeir verða neyddir til að flýja af landi burt, með því að veiðarnar gætu þá eigi borgað sig. Í gærkveld var því stungið að mér af einum hv. þm., að þeir hefðu svo háar prócentur af sölu afurða sinna, að þeir auðveldlega gætu borið þetta og jafnvel meira til. En sjálfir hafa þeir sagt við mig, að mörg árin hafi þeir óskað þess, að peningar sínir stæðu í öðrum fyrirtækjum.

Hv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) skaut því til nefndarinnar, að flýta sem mest frv. um tekjuskatt á hvalveiðamenn. Það tel eg henni óskylt mál. Frv. þetta gæti fremur komið frá hinum hv. þm. sjálfum.

Hv. 2. þm. Skagf. (St. St.) þótti of

lág afgjöldin. Þar til get eg ekki öðru svarað, en að mér þykir þau of há, að minsta kosti á sumum tegundum afurðanna. Eg er hv. 2. þm. Eyf. (H. H.) samdóma um, að of hátt gjald er lagt á þrjár síðasttöldu tegundirnar, einkum á hvalbeinamjölið. Það er mög hætt við, að hvalveiðamenn mundu þá hætta að búa til hvalbeinamjöl, með því að það er lítt arðvænleg atvinna. Sama er að segja um framleiðslu hvalgúanós; Þeir hafa jafnvel þegar látið í veðri vaka, að þeir mundu ekki halda áfram að hafa slíkar verksmiðjur, sakir þess að það svaraði naumast kostnaði. Væri það mjög slæmt fyrir landsmenn, ef framleiðsla þessara afurða legðist niður, bæði sakir gagns þess, er þeir hafa af þeim, og sakir þess, að annars mundu hvalleifarnar hrekjast eftir fjörðunum, berast til hafs og sökkva þar niður, og verða varnargarður gegn fiskigöngum.

Hv. 2. þm. Eyf. (H. H.) vildi láta friða hvali í landhelgi árið í kring. Til þess að framfylgja slíkum lögum þyrfti öflugt eftirlit. Það hefir reynzt fullörðugt að hafa eftirlit með trollurunum. Og þá yrði víst ekki mikið úr, er þetta bættist ofan á.

Það vill svo óheppilega til að einu leytinu, að eg og hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) skulum vera úr kjördæmum, þar sem hvalveiðar eru mestar hér við land. Það er óheppilegt að því leyti fyrir málstað okkar, að sumir kunna að líta svo á, að við séum hér að berjast fyrir hagsmunum einstaklinga eða einstakra sveita, án þess að gæta hagsmuna landsins í heild sinni, en vel stöndum við aftur að vígi að því leyti, að við höfum meiri reynslu og meiri þekkingu á máli þessu en flestir eða allir hv. þm. aðrir, og við vitum það fullvel, hve lítinn skaða hvalveiðarnar hafa gert fiskveiðum á Vesturlandi, og á þessari þekkingu byggist afstaða okkar í málinu.

Þótt óvænlega líti út, þar sem eg býst við að hvalveiðafénður muni vera í meiri hluta, hefi eg hugsað mér að koma með brt. til annarar umr. um að lækka hið fyrirhugaða útflutningsgjald á öðrum hvalafurðum en lýsinu.

Jóhannes Jóhannesson: Hv. þm. N. Ísf. (Sk. Th.) áleit að eigi hefði legið nær nefndinni í fiskiveiðamálinu en hverjum öðrum þm. að koma fram með tillögur um að tekjuskattur skuli lagður á hvalveiðamenn. En eg verð að líta svo á, að hér sé að ræða um einn þátt hvalveiðamálsins, og því hafi það verið hlutverk nefndarinnar að koma fram með tillögur um tekjuskatt hvalveiðara, engu síður en um hækkun útflutningsgjalds af hvalafurðum; vér verðum að taka það til athugunar, hvort þessir menn beri sömu skatta og skyldur sem aðrir landsmenn, og með því að eg álít að þeir geri það ekki, og með því að eg sé enga ástæðu til að ívilna þeim fremur öðrum, þá verð eg að ítreka þá ósk, að nefndin dragi eigi um of að bæta úr þessu.

Hv. þm. N. Ísf. (Sk. Th.) sagðist ekki vilja leggjast á sjávarútveginn, og var að skilja á honum, að svo væri gert, ef hvalveiðurum yrði gert að skyldu að greiða tekjuskatt. En eg verð nú fyrst og fremst að telja það vafasamt, hvort hægt sé að telja hvalveiðar undir sjávarútveg, í þeim skilningi sem vér tökum það orð venjulega; það mun öllu réttara að telja hvalveiðamennina mótgangsmenn fiskiveiðanna; en auk þess verð eg að telja það svo fjarri, að það sé að leggjast á fiskiveiðarnar, þótt hvalveiðarar verði að gjalda tekjuskatt, að eg skoða það beinlínis miða til að koma á jafnrétti milli manna þessara og annara landsbúa. Eg vildi fyrir mitt leyti miklu fremur rétta sjávarút-

veginum hjálparhönd, en leggjast á hann; það munu nógir aðrir verða til þess hér í deildinni að sveigja að honum þótt eg gangi undan.

Björn Bjarnarson: Eg verð nú að álíta þessa gjaldahækkun, sem farið er fram á í frv. alt of litla; hvalveiðararnir hafa hingað til sloppið of vel við gjöld hér á landi, þeir hafa meira að segja haft létt ri gjaldabyrði en sjálf landsins börn; þeir hafa grætt ógrynni fjár á veiðum sínum hér við land, og þetta fé hafa þeir svo flutt úr landinu. Eg játa það, að ýmislegt er óljóst enn í hvalveiðamálinu, en eitt vitum vér þó með vissu, og það er, að hvalveiðamennirnir eru að eyðileggja atvinnugrein, sem síðarmeir hefði getað orðið auðsuppspretta fyrir landsmenn. Þetta er áreiðanlegt, það sýnir ástandið nú. Fyrst þegar farið var að veiða hvali hér, gátu hvalveiðamenn irnir veitt þá örskamt frá hvalveiðastöðvunum, en nú er svo komið, að þeir verða að leita hvalanna lengra og lengra út í haf, jafnvel alla leið til Grænlands. Þetta sýnir bezt, hvernig verið er að eyðileggja hvalina, og um leið tekjugrein, sem æskilegt væri að varðveittist landinu, þangað til landsmönnum vex svo fiskur um hrygg, að þeir geta hagnýtt sér hana. Af þessum ástæðum öllum mun eg verða með brt., er fari fram á að hækka gjöldin á hvalveiðamönnum.

Eg held það sé ekki til neins að vera að káka við að friða hvalina í landhelgi alt árið, því að bæði mun verða erfitt að gæta þess, að ákvæði um það verði ekki brotin, og hver má vita hvort hvalveiðurum getur ekki tekist, að minsta kost stundum, að reka hvalina út fyrir landhelgislínuna, þótt þeir hitti þá fyrir innan hana.

Ólafur Thorlacius: Flestir hv. þgdm., sem talað hafa í máli þessu, hafa tekið í þann strenginn, að frv. færi fram á ofiitla hækkun á tolli af hvalafurðum.

Eins og eg tók fram í fyrri ræðu minni, þá er það persónuleg skoðun mín, að nefndin hafi sett gjöld þessi of lág, þótt eigi gerði eg það að beinu ágreiningsatriði í nefndinni, og komi fram brt. um að hækka gjöld þessi, þá mun eg greiða atkvæði með henni, þótt hækkunin nemi töluverðu, en spá mín er það, að þessi hækkun muni þykja nóg, þegar til efri deildar kemur. Að því er tekjuskattinn snertir, þá mun það mál verða íhugað betur í nefndinni, og ef til vill komið með frv. um hann frá henni.

Jóhannes Ólafsson: Hv. 1. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) kvað hvalveiðamennina ekki bera sömu gjöld sem aðra landsmenn; en skotist getur skýrum sem óskýrum. Eg veit nfl. ekki til, að hvalveiðamenn séu undanþegnir nokkrum þeim gjöldum hér, sem þeir mundu eiga að greiða, þótt þeir væru innlendir menn, sem hefðu hér fasta búsetu; hvorki tekjuskatti né öðrum gjöldum.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Önnur umr., 27. júlí (C. bls. 310, 345, 353).

Björn Bjarnarson: Eg hefi leyft mér, ásamt öðrum háttv. þm. (Ol. Ol), að koma fram með breyt.till. á þskj. 193.

Eins og sjá má af breyt.till., þá fer hún fram á, að hækka útflutningsgjaldið á hvallýsistunnunni úr 1 kr. 25 a. upp í 2 kr., á hverjum 100 pundum af hvalkjötsmjöli úr 50 aurum upp í krónu, af hverjum 100 pundum af hvalgúanó upp í 60 aura úr 25 aurum, og af hverjum 100 pundum af hvalbeinamjöli úr 25 aurum upp í 60 aura. —

Orsökin til breyt.till. er sú, að mér fanst þau útflutningsgjöld, sem frumv. nefnir, vera alt of lág í samanburði við þann mikla arð, sem hvalaveiðarnar gefa af sér. Þessir hvalveiðamenn hafa hingað til ekki borgað neitt til muna í landssjóð, en hafa árlega flutt of fjár út úr landinu, og hafa um leið unnið að því, að gjöreyða fyrir landsmönnum heilli atvinnugrein, og það með svo góðum árangri, að nú þegar eru meira að segja afleiðingarnar farnar að koma í ljós. Áður rak hér oft mikið af hvölum, sem oft urðu til þess að bjarga heilum landshlutum við hungurdauða; nú eru hvalrekar orðnir mjög sjaldgæfir, sem stafar af þessu gegndarlausa hvaladrápi.

Auk þess er það því sanngjarnara, að landsmenn hafi eitthvað að marki upp úr þessum hvalveiðum, sem mikill vafi leikur á því, hvort þær ekki stór-skemmi aðra helztu atvinnugrein landsins, fiskiveiðarnar, að minsta kosti hafa Norðmenn fullan vilja á því, að lögbanna alt hvaladráp fyrir endilöng um Noregi.

Jóhannes Jóhannesson: Eg hefi, ásamt öðrum háttv. þm. (St. St.), leyft mér að koma fram með breyt.till. á þskj. 203, við 1. og 2. lið í 1. gr. frv. — Fyrri liðurinn á breyt.till. okkar er samhljóða 1. lið á breyt.till. háttv. þm. Dal. (Bj. Bj.) á þingskj. 193, en síðari liðurinn á breyt.till. okkar gengur ekki eins langt og tilsvarandi liður á breyt.till. hans. Eg mun samt greiða atkvæði með þeirri breyt.till., sem lengra fer.

Það hefir lengi verið ríkjandi skoðun almenn, að hvalveiðamenn hér við land hafi sloppið alt of vel við útflutningsgjald af afurðum sínum, og er það alveg rétt skoðun. En þeir hafa ekki einungis sloppið alt of vel við útflutningsgjaldið, heldur hafa þeir einnig verið algerlega lausir við að borga nokkurn tekjuskatt til landssjóðs, og því meira gleðiefni er mér það að sjá, að nefndin í fiskiveiðamálinu hefir nú komið fram með frumv., sem gengur í þá átt, að ráða bót á þessu. Þannig lagað frumv. er alveg óhjákvæmilega nauðsynlegt, fyrst stjórnin hefir lagt þann skilning inn í lögin um tekjuskatt, að þessir menn séu ekki skyldir að greiða tekjuskatt vegna þess, að atvinnuveg þeirra beri að skoða sem sjávarútveg. Eg hefi heyrt það sagt, að til sé landshöfðingjabréf þessa efnis til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu; raunar hefi eg ekki getað fundið bréfið í Stjórnartíðindunum, en það stafar líklega eingöngu af því, að gleymst hefir að prenta bréfið. Eg get nú raunar alls ekki fallist á, að þessi skýring landshöfðingja á tekjuskattslögunum sé rétt, því hvalveiðar eru alt annað en fiskiveiðar, og væri nægilegt í því efni að eins að benda á, hvernig þessi orð eru þýdd á dönsku. Fiskiveiðar eru kallaðar: »Fiskeri«, en það orð er *aldrei* notað um hvalveiðar, heldur eru þær kallaðar sérstöku orði nefnilega »Hvalfangst« og aldrei annað.

Eg bendi á þetta að eins til að sýna fram á, að það er nokkuð langt farið hjá háttv. þm. V.Ísf. (Jóh. Ól.) er hann sagði, að hvalamenn hefðu fylstu lagaheimild til að vera lausir við tekjuskatt. — Öllu heldur hefði mátt segja, að það væru fylstu ástæður til að efast um það, að þeir hefðu nokkra heimild til þess, að vera lausir við þenna skatt.

Ólafur Thorlacius: Eins og eg gat um við síðustu umr., þá var það samhuga álit nefndarinnar, að auka gjöldin á hvalveiðamönnum hér við land, en banna ekki hvalveiðar að svo stöddu. Hitt er aftur á móti álitamál, hvað mikið eigi að auka gjöldin.

Hvort það eigi að hækka þau svo mikið, að hvalveiðamennirnir geti ekki haldist hér við, eða ekki fara lengra en það, að þeir rétt sæu sér fært, að halda veiðinni áfram. Nefndin vildi ekki spenna bogann svo hátt, að þeir neyddust til að fara, og meiri hluti nefndarinnar áleit ekki rétt, að hækka gjöldin meira en farið er fram á í nefndarálitinu, eða um 150%. Eg fyrir mitt leyti lýsti því aftur yfir við síðustu umræðu, sem minni hluti nefndarinnar, að eg mundi ekki vera því mótfallinn, þótt farið væri fram á meiri hækkun.

Eg mun því greiða atkvæði með breyt.till. á þskj. 203, en hvað br.till. á þskj. 193 snertir, þá get eg ekki verið með því, að hækka svo mikið útflutningsgjaldið á gúanó og hvalbeinamjöli, því það eru afurðir, sem geta komið okkur Íslendingum sjálfum að gagni, og því megum við ekki gera of erfiða framleiðsluna á þeim.

Hannes Hafstein: Það er að eins örstutt athugasemd, sem eg vildi gera, til þess að skýra fyrir háttv. þingd.m., að hlutfallið milli hinna einstöku útflutningsgjalda eftir breyt till. á þskj. 193, borið saman við það, er fæst fyrir vörurnar, er ekki sem bezt, eins og eg drap á við 1. umr.

Meðalverð á hvallýsi árið 1901—1902 var 33—34 kr. fyrir 210 punda tunnu. Tollurinn eftir breyt.till. er 2 kr. á tn., eða með öðrum orðum, sem næst 6% af »brúttó«-verði vörunnar. Sama ár er verðið á hvalmjöli 6 kr. 50 á hver 100 pd., en tollurinn á því samkvæmt breyt.till. á þskj. 193 er 1 króna, eða sem næst 16% af »brúttó«-verðinu. — Það sjá allir hve auðsær mismunur og ranglátur þetta er í sjálfu sér, en þar við bætist einnig, að hvalkjötsmjöl eða kraftfóðrið er vara, sem kemur landsmönnum sjálfum að góðu haldi. — Auk þess borgar sig mjög illa að búa þessa vöru til, og að lokum er það æskilegt fyrir alla, að á meðan þessar hvalveiðar eru reknar hér á annað borð, þá séu hvalirnir notaðir sem bezt. — Þetta gildir einnig fyrir þá, sem helzt vilja banna alt hvaladráp, því að það er auðsætt, að því minna sem hagnýtt er af hverjum hval, því meira verður drápið; þess vegna var það alveg rétt tekið fram af háttv. 1. þingm. S.-Múl. (Ol. Th.), að það væri mjög óheppilegt, að gera framleiðsluna á þessari vörutegund of erfiða. Vörumagnið af þessum afurðum nemur og tiltölulega litlu í samanburði við lýsið. — Gjaldið af lýsinu verður aðal-gjaldliðurinn, og lang-tilfinnanlegast fyrir hvalveiðamennina, svo að þeir, sem vilja flæma þá burtu með gjöldum, geta náð þeim tilgangi sínum, þó að ekki sé hækkuð gjöld á öðru en lýsinu, án þess að gera kraftfóður- og »gúanó«-framleiðsluna ómögulega, meðan efni til þeirra vörutegunda er fyrir hendi. — Hinir, sem vilja auka tekjur landssjóðs með auknum gjöldum á hvalveiðarnar, ná einnig bezt tilgangi sínum með því að hækka hæfilega á lýsinu; því að um gjöldin af því munar lang-mest fyrir landssjóðinn; tekju-aukinn af auknu gjaldi á kraftfóðrið og »gúanóið« yrði aldrei verulegur í samanburði við lýsistollinn.

Landshöfðingi: H. 2. þm. Eyf. (H. H.) gat þess, að gjöld þessi væru ósanngjörn, ef þau væru borin saman innbyrðis; en hvað verður þá, ef þau eru borin saman við útflutningsgjöld á öðrum svipuðum tegundum. Ef tollurinn á hvallýsi er borinn saman við útflutningstollinn á hákarlalýsi, til dæmis, þá yrði hann eftir þessu frv. hvorki meira né minna en átta sinnum hærri — Þetta finst mér vera það ranglæti, sem ekki sé hægt að réttlæta, og sem þing-

ið ekki getur verið þekt fyrir að láta frá sér fara.

Jóhannes Jóhannesson: Eg get ekki verið samdóma hæstv. landsh. — Mér finst vera nokkurn veginn hægt að réttlæta fullkomlega, þó hærra útflutningsgjald sé sett á hvallýsi en á hákarlslýsi. Það er öllum kunnugt, að hvalveiðar eru einhver sú allra arðsamasta atvinnugrein, sem rekin er á landinu, að undantekinni, ef til vill, síldarveiði, þegar hún hepnast vel; en við hana er þess að gæta, að hún er fjarska stopul, einkum meðan jafnmikið er drepið af hvölum og hér er nú. — Hvalveiði er aftur á móti mjög viss atvinnugrein. Hvalveiði er því miklu færari um, að bera hærri skatta hlutfallslega en nokkur önnur atvinnugrein á landinu. Eg get raunar ekki sagt, hve margar tunnur af hvallýsi þessir hvalveiðamenn fá í meðalári, en eg veit það, að það kemur fyrir, að þeir veiða hvali, sem eru þeim alt að 40 þús. kr. virði. (*Landshöfðingi*: Einn hval?). Já, einn hvalur getur verið svo mikils virði. (*Landshöfðingi*: Það er vonandi, að það sjáist í Þingtíðindunum hvað mikils virði þeir eru!) Já, eg fyrir mitt leyti hefi ekkert á móti því, að þessi orð mín sjáist í Þingtíðindunum. Eg veit eg fer hér með rétt mál.

Enn svo er annað við þessar hvalveiðar að athuga, og það er það, að það eru útlendingar, sem reka þær. — Það eru Norðmenn, sem flytja hingað eingöngu til þess að veiða hvali, og fara að því loknu aftur heim til sín með allan arðinn. Og það sem raunar er allra verst, er það, að það eru útlend félög, sem fá allan arðinn í raun og veru. Vitanlega ganga þessar veiðar hér undir nafni einstakra manna, vegna þess, að það er óhjákvæmilegt, svo skipin geti fengið að ganga héðan, og geti haft leyfi til að veiða í landhelgi, en þeir eru að eins leppar fyrir stór og auðug félög í Noregi. Aftur á móti eru þorskveiðar og hákarlaveiðar reknar af innlendum mönnum, og allur arðurinn af atvinnu þeirra verður kyr í landinu.

Eg vona öllum skiljist af þessu, að það er í raun réttri engin furða, þótt gerður sé greinarmunur og hann talsverður á útflutningstolli á hákarlslýsi og hvallýsi.

Það er einnig á það að líta, að hér er um ekki lítinn ágóða að ræða fyrir landssjóð. Eftir síðustu útflutningsskýrslum frá árinu 1900, mun tekjuaukinn fyrir landssjóð, ef frumv. yrði samþykt með þeirri breytingu, sem eg hefi farið fram á, nema um 80 þús. kr. — Nú veit eg til þess, að árin 1901 og 1902 hefir útflutningur þessara afurða aukist mikið, og eins er hitt og alkunnugt, að lýsið hefir stigið mikið í verði síðan árið 1900, en við það ár miðaði háttv. 2. þm. Eyf. (H. H.) í sinni statistik. Með 2 kr. gjaldi á tunnuna verður það því ekki nema 5—6% af verðinu, sem tollurinn kemur til að verða.

Hitt skal eg aftur fúslega játa með háttv. 2. þm. Eyf. (H. H.), að það er ósanngjarnt, að leggja eins hátt gjald á hinar aðrar hvalafurðir, og að mikil ósamkvæmni sé í því fólgin, enda munar landssjóð það minstu, því útflutningsgjöld af þeim gætu aldrei orðið honum veruleg tekjugrein.

Björn Bjarnarson: Ut af orðum hæstv. landsh. skal eg taka það fram, að það er mikill munur á því, hvort það er um atvinnugrein að ræða, sem heldur áfram að vera í landinu meðan það byggist, eða það er um atvinnugrein að ræða, sem er að ganga sér

til þurðar, og í öðru lagi er mikill munur á því, hvort verið er að leggja skatt á landsins eigin börn, eða, eins og hér er tilfellið, á útlendinga, sem hlaupa burt með allan arðinn, þegar þeir eru búnir að eyðileggja alla hvali við landið. Það er engin furða, þótt menn vilji hafa meira upp úr þeim mönnum.

Annars skal eg geta þess, að eg hefi átt tal við sjálfa Norðmenn, sem eru alveg hissa á því, að við skulum leyfa löndum sínum að eyðileggja fyrir okkur allan hval, án nokkurs endurgjalds. — Alveg nýlega átti eg tal við Norðmann, sem var staddur hér í bænum, og sagði hann mér, að hvalveiðistöðin á Austfjörðum væri í ár búin að fá 250 hvali, og áleit hann það vera ógrynni fjár. Eg vona að menn sjái því, að það er ekki nema réttlátt, þótt svo arðsamri atvinnugrein sé gert að skyldu að bera ríflega sinn hluta af byrðum landsins.

Hvað snertir 2., 3. og 4. lið. á breyt.-till. minni, þá skal eg taka það fram, gagnvart hinum háttv. 2. þm. Eyf. (H. H.), að viðvíkjandi þessum afurðum er alt öðru máli að gegna en hvallýsið, svo það er alveg rangt, að fara út í nokkurn samjöfnuð þar. Það stendur nefnilega svo á með þessar afurðir, að »raaproduktið« í þær fæst fyrir alls ekkert.

Hvalveiðarnar eru reknar vegna lýsisins, og við þessar afurðir er því enginn annar kostnaður en sá, er vinnan við þær leiðir af sér.

Af þessari ástæðu þola þær tiltölulega miklu hærra gjald en lýsið, án þess það verði að nokkru leyti tilfinnanlegt.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þskj. 193, við 1. gr. 1, sþ. m. 14 : 3 atkv.

Breyt.till. á þskj. 193, við 1. gr. 2, feld með 13 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, vegna ógreinilegrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

já:	*nei*:
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Björn Bjarnarson,	Björn Kristjánsson,
Eggert Pálsson,	Guðl. Guðmundss.,
Einar Þórðarson,	Hannes Hafstein,
Hannes Þorsteinss.,	Herm. Jónasson,
Jóh. Jóhannesson,	Jóh. Olafsson,
Magnús Andrésson,	Lárus H. Bjarnason.
Olafur Olafsson,	Magnús Stephensen,
Olafur Thorlacius,	Ol. Briem,
Stefán Stefánsson.	Pétur Jónsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Tr. Gunnarsson,
	Þórh. Bjarnarson.

Breyt.till. á þskj. 203, við 1. gr. 2, feld m. 13 : 9 atkv.

Br.till. á þskj. 193, við 1. gr. 3, feld m. 12 : 10 atkv.

Br.till. á þskj. 193, við 1. gr. 4, feld m. 13 : 9 atkv.

1. gr. frv., með áorðinni breytingu, sþ. m. 19 : 2 atkv.

2. og 3. gr. frumv., samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Þriðja umr., 29. júlí (C. bls. 374).

Frumv. í heild sinni samþ. með 18 shlj. atkv., og verður afgreitt til forseta Ed.

Ein umr. 20. ágúst. (C. bls. 666; n. 675).

Framsögumaður (Ólafur Thorlacius): Frumv. þetta er eitt af þeim mörgu frumv., er komið hafa frá hv. Ed. í breyttu formi.

Eins og menn muna, var samþykt hér í deildinni að útflutningsgjald af hverri tunnu hvallýsis skyldi vera 2

kr., af hverjum 100 pd. hvalbeinamjöls 50 a. og af hverjum 100 pd. hvalgúanós 25 a. En nú hefir háttv. Ed. fært útflutningsgjaldið af lýsinu niður í 1 kr. og slept allri hækkun á útflutningsgjaldi af öðrum hvalafurðum frá því, er verið hefir. Fiskiveiðanefndinni virðist lýsistollurinn mega ekki vera minni en 1 kr. 25 a., eins og hún upphaflega lagði til, og hefir því látið sér nægja að færa hann upp í það í von um, að það mætti verða til samkomulags, og jafnframt vill hún verða við þeirri ósk Ed., að feld sé burtu frekari hækkun á öðrum hvalafurðum. Vonar nefndin að háttv. deild fallist á þessar tillögur.

ATKVGR.: Brt. á þingskj. 548, sþ. með 15 samhlj. atkv.

Frv. í heild sinni, með áorðinni breytingu, samþ. með 20 shlj. atkv. og endursendist Ed.

Viðauki við sveitarstjórnarlög.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög 9. jan. 1880, um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872; 1. umr., 8. júlí. (C. bls. 191).

Flutningsmaður (Björn Kristjánsson): Frv. þetta hefir ekki margar nýjungar fram að færa, heldur miðar það að mestu að eins til að skýra ákvæði viðaukalaga frá 9. jan. 1880. Lögum þessum hefir ekki verið framfylgt eftir þeim skilningi, er löggjafarnir höfðu ætlast til, nema fyrstu árin eftir að þau komu í gildi. En þá var það eitt sinn, að gjaldþegn nokkur í Reykjavík neitaði að borga aukaútsvar af eyju; svo feldur dómur féll í málinu, að hann væri ekki skyldur til að greiða gjaldið samkvæmt þessum lögum. Síðan hafa ýms frumvörp verið borin fram í þá átt, að ráða bót á þessu, en ekkert þeirra hefir náð fram að ganga. Samt sem áður höfum við flutningsmenn þessa frv. ekki látið letjast að gera enn þá eina tilraun.

Enn fremur ætlast lögin frá 9. janúar 1880 til, að lagt sé á ýmsar arðberandi stofnanir, sem er næsta óljóst ákvæði. Ef átt er við atvinnustofnanir, þá getur naumlega verið um þær að ræða, ef þær eru ekki reknar lengur en 4 mánuði árs, og þótt lögin nefni þetta atvinnustofnanir, þá hlýtur löggjöfin að hafa átt við ýms hlunnindi, eins og farið er fram á í frumvarpi þessu, sem notuð eru stuttan tíma. Svo er um æðarvarp, fuglatekju, selveiði, laxveiði. Til þess að fækka lagastöðum, höfum við tekið upp í frumvarpið lögin 6. marz 1896, sem er að eins ein lína, og svo hefði mátt steypa fleiri lögum saman, svo sem lögunum um bátfiski á fjörðum, en við höfum þó slept því. Við höfum heyrt undir væng það álit sumra háttv. deildarmanna, að ekkert lægi á þessum lögum, að þau gæti beðið eftir tillögum milliþinganefndarinnar. En það er ekki rétt skoðað. Það liggur einmitt mikið á þeim; þau hefðu átt að vera komin fyrir löngu. Einkum ber mikið á þessari nauðsyn í mínu kjördæmi. Þar má búast við að hver jörðin á fætur annari verði eign Reykjavíkurbúa, og að heyið af þeim verði flutt til Reykjavíkur. Svo er t. d. um jarðir á Álftanesi. Það ber nauðsyn til að vernda minni máttar félög frá algerðri eyðileggingu, með því að verða háð hinum meiri háttar. Það dugar ekki að láta það bíða von úr viti, að gera slíkar ráðstafanir. Yrði málinu vísað til milliþinganefndarinnar í fátækralöggjöfinni, er hætt við að það dragist á langinn, því enginn getur nú sagt um, hvenær tillögur hennar, þegar

þær koma, verða að lögum. Eg inti einn af meðlimum téðrar nefndar, er hér er við staddur, hvort hún mundi koma fram með tillögur sínar fyrir þetta þing. Hann kvað nei við. Um það er náttúrlega ómögulegt að segja, hvenær þær geti orðið að lögum. Það væri í mesta máta órétt gagnvart mörgum sveitafélögum að láta efni þessa frv. bíða enn í 4—5 ár. Það kostar ekki mikið ómak að útkljá það nú þegar, að eins að hleypa þessu frumv. gegnum þingið og skrifa stjórninni eitt bréf; það er alt ómakið.

Viðvíkjandi því atriði, að ekki hefir verið hægt að leggja á allar þær stofnanir, er löggjöfin hefir ætlast til að lagt yrði á, má geta þess, er nú er orðin tízka, að útlendir menn kaupa ítök, svo sem laxveiði, og reka sér til mikils arðs — eða gætu að minsta kosti gert það. Á slík arðberandi fyrirtæki er samkvæmt núgildandi lögum ekki hægt að leggja. Eigendurnir fara með allan arðinn til útlanda, án þess að gjalda af honum, hversu miklu fé sem hann nemur. Þess vegna höfum við farið fram á það í þessu frumv., að leggja megi á þess háttar ítök, þótt eigandi noti þau eða láti nota skemur en 4 mánuði.

Hefi eg svo ekki meira að athuga um þetta efni að sinni, en eg leyfi mér að láta þá von mína í ljós, að hin hv. deild fallist á, að rétt sé að semja þessi lög til bráðabirgða. Sjálfsagt er, að málið verði athugað af nefnd manna, og leyfi eg mér að stinga upp á 5 manna nefnd.

Jón Magnússon: Eg finn ástæðu til þess að skýra frá því, við þetta tækifæri, að milliþinganefnd sú, sem skipuð var til að íhuga fátækralöggjöfina, hefir ekki getað, eins og til var ætlast, lokið starfi sínu nú fyrir þing; ber það tvent til þess, að verkefni hennar hefir reynst umfangsmeira en við var búist, og annað hitt, að óviðráðanleg atvik hafa tálmað að nokkru störfum nefndarinnar. Að öllu sjálfráðu vonar þó nefndin, að hún muni hafa lokið störfum fyrir þing 1905.

Það hefði mátt búast við, að eigi þætti svo bráðnauðsynlegt að breyta sveitastjórnarlöggjöfinni, að eigi væri bíðandi eftir því, að milliþinganefndin kæmi fram með tillögur sínar, og úr því unað hefir verið við það ástand, sem hér er farið fram á að breyta, í 13 ár, þá er næsta líklegt, að enn mætti bíða í tvö ár, án þess verulegt tjón hlytist af, sérstaklega þegar þess er gætt, að eg hygg, að það atriði, sem hér ræðir um, sé mjög athugavert, og töluverðum vafa undirorpið, hvernig bezt verði úr því leyst.

Það er ekki svo að skilja, að eg í sjálfu sér telji ekki að frumvarpið fari í rétta átt, en eg er mjög hræddur um, að það sé svo úr garði gert, að það muni ekki ná tilgangi sínum, eins og það nú er orðað.

Eg geri t. d. ráð fyrir, að laxveiði sú, sem hv. flutnm. (B. Kr.) var að tala um, muni ekki falla undir ákvæði 2. gr., því að það er sitt hvað ítök í jörð (servitut), og hitt, ef einhver hluti fasteignar er greindur frá henni. Yfir höfuð er hér um svo óákveðin fyrirmæli að ræða, að eg geri ráð fyrir, að það sem vinnast kann við lög þessi, það muni meira en tapast við málaferli þau, er af þeim mundu rísa. Þó eg líti þannig á frv. þetta, þá er eg engan veginn óánægður yfir því, að það er komið fram, því að eg get vænt þess, að umræður um það hér á þingi geti orðið til leiðbeiningar fyrir milliþinganefndina.

Það mun sjaldan liggja svo á lögum

er snerta landið alt, að á liggi að þau séu drifin af á einu þingi. Málin hafa gott af því að vera athuguð rækilega og í góðu tómi, frambúðargagnið af því mun reynast notadrýgra en stundarhaginn, sem verða kann fyrir einstaklinga, af því að flaustra málinu af. Það er svo afarhætt við því, að þegar rutt er af mörgum málum og í flýti, þá muni sum af þeim verða afgreidd þannig, að það verði þinginu til vansæmdar, og er eigi langt síðan vér fengum dæmi slíks.

Um þetta mál vildi eg óska þess, að það að vísu yrði rætt nú, en eigi látið fara frá þinginu að þessu sinni.

Björn Kristjánsson: Eins og hv. þm. Vestm. (J. M.) tók fram, þá gat eg þess, að það væru 13 ár síðan að það var sannað með dómi, að lög þessi hefðu ekki náð tilgangi sínum; af þessari ástæðu áleit hann, að við einnig gætum beðið 2 ár til, en eg hygg helzt að biðin verði hvorki 2 né 3 ár heldur sjálfsagt 4—5 ár. Það er einmitt þetta, sem dregur markalínuna milli framsóknar og afturhalds, að þeir sem eru afturhaldssamir, þeim finst ætíð bezt að bíða, en þeir, sem eru framfarasamir, þeir vilja strax kippa því í lag, sem þeir sjá að aflaga fer og bóta þarf. Það er með afturhaldsmennina eins og fiskimann, sem vildi bíða að róa til morguns, af því að fiskurinn mundi bíða hans.

Eg tók áðan fram, að það væru heil sveitarfélög, sem ekki lægi annað fyrir um, en að þau yrðu kúguð af öðrum stærri og sterkari sveitarfélögum, og hvort halda menn þá, að það standi þessum sveitarfélögum á sama, hvort lög þessi öðlast gildi 2 árum fyr eða síðar; að eg ekki minnist á það, að enginn getur sagt um, hvenær tillögur milliþinganefndarinnar verða að lögum. Það kann vel að vera rétt hjá hv. þm. Vestm. (J. M.), að lög þessi nái ekki tilgangi sínum. en því fremur er ástæða til að setja nefnd í málið, eins og eg stakk upp á. Eg verð að halda því fast fram, að máli þessu liggi mikið á, og eg vona að þeir menn, sem fylgja þeirri sömu skoðun og eg, að bæta eigi strax úr þeim göllum, sem á eru, og hægt er að kippa í lag, þeir greiði atkvæði bæði með því að setja nefnd í málið, og að öðru leyti með framgangi málsins á þinginu.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Samþ. að kjósa 5 manna nefnd í málið með 13 gegn 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Kristjánsson,	Árni Jónsson,
Einar Þórðarson,	Jón Magnússon,
Guðl. Guðmundsson,	Björn Bjarnarson,
Herm. Jónasson,	Eggert Pálsson,
Jóh. Jóhannesson,	Hannes Hafstein,
Jóh. Ólafsson,	Hannes Þorsteinss.,
Magnús Andrésson,	Lárus H. Bjarnason,
Ólafur Briem,	Magnús Stephensen,
Ólafur Ólafsson,	Pétur Jónsson,
Ólafur Thorlacius,	Tryggvi Gunnarss.
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson.	
Þórh. Bjarnarson.	

Í nefndina voru kosnir:

Björn Kristjánsson	með	16 atkv.
Jóh. Ólafsson	—	14 —
Jón Magnússon	—	11 —
Pétur Jónsson	—	9 —
Hermann Jónasson	—	8 —

með hlutfallskosningu milli hans, Ólafs Ólafssonar og Guðl. Guðmuðmundssonar, er allir höfðu fengið jafnmörg atkvæði.

Önnur umr., 27 júlí. (C. bls. 191; n. 333).

Málið tekið aftur af flutningsmönnum.

Viðauki við sveitarstjórnarlög.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög 9. jan. 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi og breyting á lögum 9. ág. 1889 við nefnd lög; 1. umr. 22. júlí. (C. bls. 333).

Framsögumaður (Jóhannes Ólafsson): Eins og nefndarálitið ber með sér, hefir nefndin orðið sammála um að sleppa beri úr lögunum 9. jan. 1880 4 mánaða tímatakmarkinu; sömu leiðis orðunum »ábúð á jörðu eða jarðarhluta«. Fanst nefndinni eitthvað hljóta að vera bogið við þetta ákvæði um 4 mánaða ábúð, og svo er að sjá, sem það hafi komist inn í lögin af einhverjum misskilningi, því að vart getur hugsast maður, er býr á jörðu þessa mánuði ársins en eigi hina. Aftur á móti er algengt, að menn hafi jörð eða jarðarhluta til fullra afnota, án þess nokkru sinni að búa þar; láta þeir kaupafólk vinna á jörðinni; en til þess að afla afnota af henni á þenna hátt, þarf ekki meira en 3 $3^1/_2$ mánuð af árinu; það er að eins að láta vinna á að vorinu og heyja að sumrinu.

Þetta frumv. var fyrir þinginu 1889 sem stjórnarfrumv.; en þá stóðu áðurgreind ákvæði ekki í því. En Nd. bætir ábúðinni inn í það. Síðan hafa lögin verið dauður bókstafur, því að menn hafa eigi þorað að leggja aukaútsvar á þessar jarðir eða jarðarhluta, af því að ábúðarákvæðið stendur þar.

Þeirri mótbáru gegn þessu frv. var hreyft hér í deildinni við 1. umr., að málið væri eigi nægilega undirbúið, og væri því réttast að láta það bíða eftir milliþinganefndinni. En, eins og kunnugt er, er starf hennar svo mikið og vandasamt, að þess er ekki að vænta að hún verði búin á næsta ári eða næstu árum. Þess vegna virtist nefndinni ekki rétt að fresta málinu, þar sem einstök sveitafélög líða við það mikinn baga.

Í sambandi við þetta skal eg geta þess, að lögin frá 3. apríl 1900, um offur, dagsverk og lambsfóður, eru að miklu leyti stíluð upp á þessi afnot jarða. Það hefir því verið álit löggjafarvaldsins, að nauðsynlegt væri að koma í veg fyrir að þeir, er þeirra njóta, sleppi við gjöld af þeim.

Enn fremur er það haft á móti framgangi þessa frumv., að hreppsnefndirnar mundu misbeita valdi sínu, er þær færu að jafna þessu aukaútsvari niður. Mér þykir það undarlegt, að slík mótbára skuli heyrast á þessu þingi, þar sem svo mikið er talað um að auka vald hreppsnefndanna. Vegna þess er engin ástæða til að synja lögum um framgang, er miða til réttarbóta.

Þá er að víkja að laxveiðinni og hvalveiðinni.

Um laxveiðarnar er það kunnugt, að útlendingar kaupa árnar, stunda þar veiði lítinn tíma ársins, stinga svo ágóðanum í vasa sinn og hverfa af landi burt. Árnar voru áður hlunnindi eins eða fleiri ábúenda í hreppnum og höfðu þeir þá meira gjaldþol en eftir að þær hafa verið seldar. En eins og nú er, verður ekki útsvar lagt á eigendur veiðanna vegna þess, að þeir stunda þær svo stuttan tíma. Nú höfum vér með frumv. þessu viljað fá svofeldri breytingu á núgildandi lögum til leiðar komið, að hægt sé að leggja á veiðarnar, þó að þær séu stundaðar skemur en 4 mánuði.

Hvalveiðarnar virtist nefndinni líka rétt að taka með, sakir þess að nú eru hvalveiðamenn farnir að hafa veiðistöðvar á fleiri stað en einum. Getur þá verið, að þeir dvelji ekki meira en t. d. 2 mánuði á sömu stöðinni.

Að svo mæltu vil eg lýsa þeirri von,

að hin háttv. deild taki málinu vel, og leyfi því greiðan gang til 2. umr.

ATKV.GR:. Málinu vísað til 2. umr. í einu hlj.

Önnur umr. 29. júlí. (C. bls. 333).

Framsögumaður (Jóh. Ólafsson): Af því að þessar breyt.till. komu í dag á þgskj. 234, þá hefi eg ekki getað fengið færi á að kynna mér þær sem skyldi, en þó hygg eg að við 1. gr. sé rétt að bæta á eftir orðunum: »á hvalveiði«, og síldarveiði með nót; sömuleiðis breytingin á 2. gr., á eftir orðunum: »Eigandi laxveiði« komi: »og síldarútvegs«. Vér erum víst allir sammála um það, að þetta hlýtur að vera gert fyrir Norðmenn, sem fiska hér við land, til þess að ná útsvari af þeim, og get eg hugsað, að eg greiði atkv. með því. Hvað hina breyt.till. snertir, á þgskj. 235, þá hefi eg ekki almennilega getað áttað mig á henni, en þó hygg eg að eg muni geta greitt atkv. mitt með henni líka, því að eg skil ekki að hún sé skaðleg fyrir frumv. Hinir háttv. meðnefndarmenn geta sagt hvað þeim sýnist, og hefi eg svo engu frekara við að bæta.

Pétur Jónsson: Eg ímynda mér að eg geti alls ekki greitt atkv. mitt með þessum breyt.till., því að eg hefi ekki getað haft tíma til að átta mig á þeim. Eg vildi því helzt leyfa mér að stinga upp á því, að mál þetta sé tekið út af dagskrá áður en gengið er til atkvæða um það.

Forseti: Eg fyrir mttt leyti er mjög tregur til þess, að málið sé tekið út af dagskrá, vegna þess, að nú fara annir þingsins svo alvarlega í hönd. En þrátt fyrir það skal eg bera það undir deildina, en skal alls ekki ábyrgjast, hvenær það getur komist að aftur.

ATKV.GR.: Samþ. í einu hlj. að taka málið út af dagskrá.

Önnur umr. 6. ágúst. (C. bls. 333, 387, 508).

Framsögumaður (Jóh. Ólafsson): Við frumv. eru komnar fram 3 breyt.till., 2 á þgskj. 234 og 1 á þgskj. 235. Nefndin hefir tekið þessar breyt.till. til íhugunar, og leggur hún með 1. breyt.till. á þgskj. 234, að á eftir orðunum »Á hvalveiði« í 1. gr. komi, og síldveiði með nót. En um hinar er niðurstaða nefndarinnar önnur. Hún kemur sjálf með breyt.till. um að 2. málsgrein 1. gr. falli (»Eigandi laxveiðar ber ábyrgð á að aukaútsvarið sé greitt«), og verði hún samþykt, eru hinar breyt.till. báðar þar með fallnar.

Fleiri orðum tel eg óþarft að fara um þetta mál að sinni.

Magnús Andrésson: Það er auðvitað, að eg mun taka breyt.till. mína á þgskj. 235 aftur svo framarlega sem breyt.till. nefndarinnar á þgskj. 366 verður samþykt. En með því að það er ekki alveg víst, að svo fari, þá vil eg hér með í fám orðum gjöra grein fyrir till. minni.

Eins og kunnugt er, hafa margir bændur leigt Englendingum laxveiði sína um víst áratal, og gjört um það skriflega samninga. Þessir Englendingar koma hingað í júnímánuði, eru hér við veiðar um stund og fara svo aftur í júlí eða ágúst. Nú er aukaútsvari jafnað niður í október, og er þá gjalddagi 31. desember. En einnig má með sérstöku leyfi jafna á útsvari í júni, og er þá gjalddagi 31. ágúst. En hvort af tvennu sem gjört væri, þá eru Englendingar farnir burt á gjalddaga. Og enda þótt þeir ekki væri farnir, þá yrði erfitt fyrir eiganda að ná hjá þeim útsvarinu, sakir þess, að þeim mundi finnast það koma í bága við samningana. Niðurstaðan yrði því sú í báðum tilfellum, að eigandi yrði sjálf-

ur að borga aukaútsvar það, sem lagt væri á Englendingana. Það tel eg næsta ósanngjart, og þess vegna gjörði eg breyt.till. í þá átt, að þegar svo stendur á, að veiðin hefir verið leigð áður en lög þessi koma í gildi, og skriflegur samningur verið um það gjör, þá skuli eigandi veiðinnar ekki bera ábyrgð á greiðslu aukaútsvarsins þann tíma, sem leigusamningurinn nær yfir. Aftur á móti er engin ástæða til að gjöra þessa undanþágu um þá, er selja veiði á leigu eftir að lög þessi eru komin í gildi, því að auðvelt er fyrir þá að tryggja sér það í samningunum, að leigjendurnir greiði aukaútsvarið.

En, eins og eg hefi tekið fram, mun eg taka þessa breyt.till. mína aftur, ef breyt.till. á þgskj. 366 verður samþ.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þgskj. 234 við 1. gr. samþ. með 14. samhlj. atkv.

Breyt.till. á þgskj. 366 við 1. gr. sþ. með 15 samhlj. atkv.

Þar af leiðandi breyt.till. á þskj. 235 og breyt.till. 2 á þgskj. 234 þar með fallnar.

1. gr. frv., með áorðn. breyt., samþ. með 21 samhlj. atkv.

2. gr. frumv. óbreytt samþ. með 20 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 20 samhlj. atkv.

Þriðja umr., 8. ágúst. (C. bls. 526).

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni sþ. í einu hlj. og verður afgr. til Ed.

Viðauki við lög um hagfræðisskýrslur.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög 8. nóv. 1885 um hagfræðisskýrslur; 1. umr., 15. júlí. (C. bls. 212).

Hannes Þorsteinsson: Frumv. þetta er komið frá stjórninni, og er bygt á frumv., sem samið var á þingi í fyrra, af nefnd, sem skipuð var til að íhuga, hvort tiltækilegt mundi að stofna lífsábyrgðarfélag hér á landi. Nefndinni þótti eigi hægt að segja með vissu um slíkt, fyr en útveguð hefðu verið betri hagfræðisleg gögn en fyrir hendi eru. Í lögunum frá 1895, um hagfræðisskýrslur, vantar öll fyrirmæli um slíkt, og er þó undarlegt, að það skyldi gleymast þar að heimta þess konar skýrslur. Frumvarp það, sem nefndin samdi og þingið samþykti, átti nú að ráða bætur á þessu með því að heimta, að forstöðumenn og umboðsmenn ýmsra ábyrgðarfélaga sendu landshöfðingjanum ýmsar skýrslur um störf félaga sinna og hag þeirra. Stjórnin hefir viðurkent að fyrirmæli um þetta væru nauðsynleg, og hún hefir líka viðurkent, það, að eigi sé að svo stöddu hægt að segja með vissu um að svo stöddu, hvort fært sé að stofna hér lífsábyrgðarfélag, af því að skýrslur skorti; hún er þó í vafa um, að leggjandi sé út í þetta; eg er nú á nokkuð annari skoðun; eg hefi grun um, að miklu áhættuminna sé fyrir oss að stofna lífsábyrgðarfélag en brunabótafélag; og eg vona að hin nýja stjórn vor verði eigi í jafnmiklum vafa um stofnun lífsábyrgðarfélags hjá oss eins og hin núverandi stjórn virðist vera, og það að málinu órannsökuðu. Það var sérstaklega af einni ástæðu, að stjórnin synjaði frumv. í fyrra um staðfestingu, þeirri ástæðu, að öll erlend ábyrgðarfélög skyldu vera skyld að hafa aðalumboðsmann hér á landi. Stjórninni þótti það ósanngjarnt að leggja slíka kvöð á félög þau, er að eins hefðu örfáar ábyrgðir hér, og var

hún í þessu sammála því, sem landshöfðinginn hafði lagt til. Eg get ekki séð að þessi ákvæði séu svo hörð aðgöngu; fái félagið svo fáar ábyrgðir hér, að því þyki það ekki borga sig, að hafa hér ábyrgðarmann, þá er ekki annað fyrir það, en að hætta við starf sitt hér á landi; og í raun og veru mun ekki svo mikið tjón fyrir oss, þó svo kunni að fara með einstöku félag suður á Frakklandi eða annarstaðar úti um heim, er kynni að öðrum kosti að geta haldið hér fáeinum ábyrgðum. En stjórninni hefir nú fundist svo mikið um þetta ákvæði, að hún hefir ekki getað fengið af sér að samþykkja frv. vegna þess. Mér finst stjórnin aftur hafa gerst nokkuð fáráð, er hún fór að setja ákvæði í staðinn fyrir það, er hún gat ekki aðhylst; hún leysir hnútinn með því að setja það ákvæði, að hafi félagið engan erindreka eða fulltrúa hér á landi, þá skuli ábyrgðarmaður blaðs þess hér á landi, sem birtir auglýsingar fyrir það, eða prentari, sem prentar þær, sæta ábyrgð og sektum þeim, er félagið kann að verð dæmt í, fyrir að vanrækja að senda fyrirskipaðar skýrslur. Eg held þetta muni reynast óhagkvæmt og ósanngjarnt í framkvæmdinni. Eg skil ekki heldur til fullnustu, hvað meint er með erindreki í frv., líklega sama sem »agent«. Félagið getur haft hér farandagenta. Á þá ákvæðið að ná til þeirra? Eg skal nefna eitt dæmi til að sýna, hve illa hnúturinn er leystur í stjórnarfrv. Það getur komið fyrir, að eitthvert erlent ábyrgðarfélag sendi blaði hér á landi auglýsingu, með þeim fyrirmælum, að hún skuli birt í því árlangt eða lengur, og að það jafnframt skýri frá, að það hafi umboðsmann hér, og hver hann sé. Þetta getur verið alveg rétt frá skýrt, en svo getur það farið svo, að umboðsmaður láti af umboðsmensku sinni einhvern tíma á árinu, og sé hann í fjarlægð frá blaðstjóranum, þá getur brugðist til beggja vona um það, hvort hann fær nokkra vitneskju um þetta fyr en í ótíma, og jafnvel þótt hann sé í nágrenni. Afleiðingin af þessu yrði sú, að eiginlega þyrfti blaðstjórinn, í hvert sinn áður en hann lætur endurprenta auglýsinguna, að grenslast eftir, hvort umboðsmaðurinn haldi áfram umboðsmensku sinni, en slíkt getur stundum verið frágangssök. En hver á svo að borga sektirnar, þegar svo stendur á? Varla er hægt að heimta það af hinum fyrverandi umboðsmanni, en ósanngjarnt að blaðstjórinn verði fyrir því.

Eg geri það að vísu ekki að kappsmáli, að þessu sé breytt, og geri ekki uppástungu um að nefnd sé skipuð í málið að svo stöddu; en eg vildi vekja athygli á þessu, og sérstaklega vildi eg skjóta því til hæstv. landsh., hver hann telji að eigi að borga sektirnar, þegar svo stendur á, sem eg gerði ráð fyrir í dæmi mínu.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr í e. hlj.

Önnur umr., 17. júlí. (C. bls. 212, 232).

Ólafur Briem: Mig skal alls ekki furða á því, þótt fyrri viðaukatillaga mín á þingskj. 94 fái lítið fylgi; hún gengur nefnilega út á það, að skylda alla, sem komnir eru til lögaldurs, til að láta hlutaðeigandi stjórnarvöldum í té, þegar þess er krafist, fullkomna skýrslu um eignir sínar og skuldir. Eg get vel skilið það, að margir líti svo á, að ef þetta ákvæði yrði að lögum, þá sé gengið of nærri rétti einstaklingsins, og að löggjafarvaldið gangi inn á svæði, sem því er óviðkomandi.

Enn fremur get eg hugsað mér, að menn verði þessari viðaukatillögu mót-

fallnir vegna þess, að ef hún komi til framkvæmda, þá mundi hún spilla lánstrausti manna.

Eg verð nú samt að líta á þetta hvorttveggja frá nokkuð annari hlið.

Í fyrsta lagi sé eg ekki annað, en að ástríða manna til að dylja sinn eigin hag fyrir öðrum, eigi rót sína að rekja til einræningslegs hugsunarháttar og tepruskapar, sem gjarnan megi eyðast, og auk þess komast menn hvort sem er ekki hjá því, að náunginn sé að hnýsast í hag manns. Jafnvel hin gildandi löggjöf gerir mönnum að skyldu að grenslast eftir efnahag annara, með því að fyrirskipa hreppsnefndum að jafna sveitarútsvari niður eftir efnum manna og ástæðum. Hreppsnefndir verða því að kynna sér, eins ítarlega og þeim er unt, efnahag hreppsbúa, því annars getur hún ekki fullnægt skyldu sinni að jafna útsvarinu niður sanngjarnlega og samvizkusamlega. Og fyrst svo er, hvað er þá betra að neyða hreppsnefndir til að fara njósnarleiðina, en að ganga hreint og beint að verki, og reyna að fá sem áreiðanlegastar upplýsingar hjá hlutaðeigendum sjálfum.

Hvað það snertir, að tillagan í framkvæmdinni spilli lánstrausti manna, þá skal eg játa, að það geti verið, að hún spilli lánstrausti stöku manna í einstöku tilfellum, en eg verð þó að halda því fram, að lánstraust byggist ekki eingöngu á efnahag eða skuldlausri eign, heldur líka á manngildi hvers einstaklings, á dugnaði hvers einstaks manns, dáð hans og drengskap. Á hinn bóginn er það engu síður ókunnugleikinn, sem spillir lánstrausti manna. Eg ímynda mér, að það hafi ekki svo sjaldan komið fyrir í aðallánsstofnun landsins, bankanum hér í Reykjavík, að mönnum utan af landinu, sem komið hafa til að fá sér sjálfskuldarábyrgðarlán, hafi verið svarað þannig: það getur vel verið að þetta séu alt góðir og gildir menn, en við þekkjum þá ekkert, svo við getum ekki veitt lánið. Ókunnugleikinn einn hefir orðið til að spilla lánstrausti þessara manna.

Frá hagfræðislegu sjónarmiði mundu þessar skýrslur hafa afarmikla þýðingu, því með þeim væri fyrst fengið greinilegt yfirlit yfir efnahag þjóðarinnar yfirleitt, en þekking í þessa átt er grundvöllurinn undir þjóðmegunarfræðinni.

En þessar skýrslur hafa ekki einungis þýðingu fyrir hagfræðina, heldur einnig mikla fjárhagslega þýðingu. Eg skal nefna t. d. eina stétt manna, sem slíkar skýrslur gætu haft afarmikla þýðingu fyrir, sem uppörvun til að safna sér einhverjum eignum; það eru lausamennirnir. Margir menn í þessari stétt eru menn á bezta aldri, frá 20—30 ára; þeir eru flestir hraustir menn til vinnu og einhleypir. Þessir menn sýndust því einmitt standa vel að vígi í baráttu lífsins, til þess að búa sig undir framtíðina og verða efnalega óháðir menn, en reynslan er sú, að þeim oft og tíðum verður ekkert við hendur fast. Það er fyrst þegar þeir stofna bú og verða fjölskyldufeður, að þessir menn fara alvarlega að hugsa um að eignast eitthvað, það er fyrst þegar þeir fara að lýjast og hafa örðugri aðstöðu í lífinu, að þeir fara verulega að hugsa fyrir framtíðinni. En það er þó svo fyrir þakkandi, að það eru til margir menn, einnig í þeirri stétt, sem gætu verið stéttarbræðrum sínum sönn fyrirmynd í þessu, og góð fyrirmynd hefir ef til vill meiri og betri áhrif en nokkuð annað. Menn gætu auðvitað sagt, að dæmi slíkra manna ættu að vera til mestrar upp-

örvunar fyrir þá, sem eru daglega með þeim, en það er þó einmitt oft svo, að að það, sem vér höfum daglega fyrir augum, því er minstur gaumur gefinn, ef ekki er vakin sérstök eftirtekt á því, en það mundu einmitt þessar skýrslur gera; bæði skýrslurnar sjálfar, eins og þær lægju fyrir, og sérstaklega samanburðarskýrslur, sem samdar væru eftir þeim. Samanburðarskýrslurnar mundu auka metnað og samkepni. Þegar þessar skýrslur væru fengnar, þá væri fyrst til fullnustu hægt að svara þeirri þýðingarmiklu spurningu: Hvar stöndum vér? Því að þær hlytu að gefa betur en alt annað áreiðanlegt svar upp á þessa spurningu.

Síðari viðaukatillaga mín á þingskj. 94 er meinlausari og líka gagnsminni, en eiumitt fyrir það, get eg búist við að hún fái betri viðtökur. Eins og öllum er kunnugt, þá er verzlunarástandið hér á landi mjög mismunandi, og þar á meðal mjög mikill munur á því, hvað lánsverzlunin er víðtæk og yfirgripsmikil. Í sumum héruðum eru litlar eða nálega engar verzlunarskuldir, í öðrum héruðum aftur á móti keyra þær fram úr öllu hófi. Það eru mörg dæmi til þess, að bændur hafa veðsett mest allan bústofn sinn, eða sama sem aleigu sína, fyrir verzlunarskuldum, og verða svo að eiga alla sína afkomu undir lánardrotni. Þeir eru ekki einungis háðir honum hvað lán snertir, heldur standa þeir af þessum ástæðum mjög illa að vígi með að koma sínum eigin vörum í verð, eins og gefur að skilja, því þær verða að fara fyrir skuldir fyrir það verð, er kaupmaðurinn vill gefa, þegar þannig er ástatt. Og þó eru þeir enn þá ver settir með það að fá aðkeyptar vörur með viðunanlegu verði. Enda mun flestum koma saman um, að öll lánsverzlun sé skaðleg fyrir alla hlutaðeigendur, bæði viðskiftamanninn og kaupmanninn, og ekki að eins fyrir þá, heldur einnig fyrir verzlunina í heild sinni og alt viðskiftalíf.

Eg efast ekkert um, að flestir muni kannast við það, að það sé hlutverk löggjafarvaldsins, að reyna að ráða bætur á þessu, en til þess að lækna meinsemdina, er fyrsta sporið að þekkja hana til hlítar, og til þess eiga þessar skýrslur að hjálpa.

Hannes Þorsteinsson: Eg gat þess við 1. umr. þessa máls, að það væri sérstaklega eitt atriði í frv., sem þyrfti að athuga, enda þótt eg gerði þá ekki beinlínis uppástungu um nefndarkosningu. Nú sé eg að komnar eru fram 2 viðaukatillögur frá 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) Sérstaklega finst mér fyrri tillagan vera mjög athugaverð; síðari tillöguna álít eg aftur á móti góða. Af þessum ástæðum, og af því, að vera má að það sé fleira en þetta tvent, sem eg hefi bent á, sem æskilegt væri að athuga í nefnd, þá vil eg stinga upp á, að skipuð sé 3 manna nefnd í málið.

Pètur Jónsson: Eg hafði einnig hugsað mér að stinga upp á, að sett væri nefnd í þetta mál, en hv. 1. þm. Árn. (H. Þ.) hefir nú tekið af mér ómakið hvað það snertir. Eg vildi því að eins minnast stuttlega á, hvað mér finst nefndin sérstaklega þurfa að taka til íhugunar viðvíkjandi viðaukatillögum h. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.). Eg er nefnilega í dálitlum vafa um, að fyrri viðaukatill. geti komið til greina; mér finst hún vera of nærgöngul við mannlegt frelsi. Vitaskuld væri það ákaflega mikils virði, að geta fengið skýrslu frá hverjum einasta manni um efnahag hans, og þess vegna datt mér í hug, að það ætti að athuga það í nefnd, hvort ekki væri hægt að breyta till. svo, að hún væri ekki eins nærgöngul,

en gæti þó komið að einhverju gagni.

Um síðari tillöguna, um skýrslur frá verzlunum, kaupfélögum og pöntunarfélögum, viðvíkjandi skuldum (manna), er eg á sömu skoðun og tillögumaður. Þessar skýslur hafa mjög mikla hagfræðislega þýðingu, og eru á engan hátt nærgöngular. En mér finst að nefndin ætti að gera tillögu um, í hvaða formi þessar skýrslur ættu að vera, því það er ekki gott fyrir stjórnina að semja skýrsluform, nema hún viti, hvað fyrir þeim mönnum vakti, sem hafa samþykt tillöguna; það getur verið svo ýmislegt og er í sjálfu sér álitamál, hve nákvæmar skýrslurnar skuli vera. Það er alls ekki af því, að eg treysti ekki stjórninni til að semja skýrsluform, heldur af því, að mér finst lögjafarvaldið eigi með skýrsluforminu að láta í ljósi, hvað fyrir því vakir með tilgang skýrslunnar.

ATKVGR.: Annari umr. frestað og samþ. 3 manna nefnd. Þessir voru kosnir:

Ólafur Briem með 20 atkv.
Hannes Þorsteinsson m. 15 atkv.
Lárus H. Bjarnason m. 11 atkv.

Framh. 2. umr. 23. júlí. (C. bls. 212, 232, n. 286).

Framsögum. (Ólafur Briem): Þótt mál þetta sé ekki mjög yfirgripsmikið, þá hefir það þó orðið að ágreiningsefni milli þings og þjóðar. Á síðasta þingi var samþ. frv., er fór í sömu átt og það, er nú liggur fyrir, en það náði eigi staðfesting stjórnarinnar sakir eins atriðis, sem sé þess, að ákveðið var um öll ábyrgðarfélög, er ræki starfsemi hér á landi, að þau væri skyld til að hafa hér aðalumboðsmann. Stjórnin færði það sem ástæðu fyrir neitun sinni, að ákvæðið væri ósanngjarnt gagnvart einstökum félögum, og örðugt að koma því í framkvæmd.

Á þessa ástæðu stjórnarinnar hefir nefndin eigi getað fallist. En til þess ekki að stofna málinu í nýja hættu hefir hún þó orðið ásátt um að sleppa téðu ákvæði.

Hvað sem þessu líður, þá er það þó þakkarvert af stjórninni, að hún hefir komið fram með annað frv., er fer í sömu áttina, og jafnframt viljað bæta upp úrfelling ákvæðisins með nýju ákvæði, sem sé því, að láta ábyrgðarmenn blaða, er birta auglýsingar fyrir félögin, sæta sektum fyrir vanrækslu þeirra að senda landshöfðingja lögboðnar skýrslur, ef þau hafa engan erindreka eða fulltrúa hér á landi. Meiri hluti nefndarinnar áleit þó ákvæði þetta mjög óheppilegt og ósanngjarnt, og yrði það naumast réttlætt með öðru en þeirri kenningu, að tilgangurinn helgi meðalið. Réði hann því til að láta ákvæðið falla burtu.

Að því er snertir viðaukatillögurnar á þgskj. 94, þá mun hin fyrri tekin aftur, en hina síðari hefir nefndin aðhylst, með þeim breytingum, er teknar eru fram í nefndarálitinu undir staflið 1.—3. Breytingarnar undir 1. og 2. staflið eru efnisbreytingar. Aftur á móti er undir 3. tölul. farið fram á breytingu, er miðar til að gera viðaukatill. 2 á þgskj. 94 fyllri og gleggri. Tillagan gengur út á það, að heimta að skýrslur um skuldir og innieign landsmanna í verzlunum eða kaupfélögum séu látnar í té og sundurliðaðar fyrir hvert sveitarfélag og bæjarfélag. Slíkar skýrslur hafa ekki einungis hagfræðislega þýðingu, heldur er það einnig nauðsynlegt, að slíkar skýrslur séu fengnar þegar farið verður að hugsa til að bæta verzlunarástandið hér á landi, í þá átt, að takmarka hina núverandi vöruskiftaverzlun með lánsfyrirkomulagi, er heldur öllum vörum, bæði innlendum og útlendum, í óeðli-

legu verði. Til þess að koma fram umbótum á þessu meini, er mikilsvert að hafa slíkar skýrslur, sem hér er farið fram á, að í té séu látnar.

ATKV.GR.: Viðaukatill. 1 á þgskj. 94 tekin aftur.

1. gr. frv. sþ. í e. hlj.

2. gr. frv. sþ. í e. hlj.

3. gr. frv. sþ. í e. hlj.

Brt. 137, við 4. gr., sþ. með 13 shlj. atkv.

4. gr. frv., með áorðinni breyt., sþ. í e. hlj.

1. brt. á þgskj. 137 sþ. með 18 shlj. atkv.

2. brt. á þgskj. 137 sþ. með 20 shlj. atkv.

2. viðaukatill. á þgskj. 94, með áorð. breyt., sþ. í e. hlj.

3. brt. á þgskj. 137 sþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. sþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr. 25. júlí. (C. bls. 332).

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni sþ. með 16 shlj. atkv., og verður sent Ed.

Ein umr. 7. ágúst. (C. bls. 440, n. 476).

Framsögum. (Ólafur Briem): Orsökin til þess, að frv. er komið hingað aftur, er sú, að hv. Ed. breytti því nokkuð frá því, sem það var sþ. hér í deildinni. Þessi breyting er fólgin í því, að feld hefir verið burtu ein grein frumv., þess efnis, að heimtaðar væru skýrslur um útistandandi verzlunarskuldir. Nefndin hér hefir að vísu hvorki getað viðurkent að ákvæði í þessa stefnu væri óþarft né heldur hefir hún getað fallist á mótbárurnar hjá hv. Ed.; en til þess að frv. ekki verði felt, ef það kemur aftur upp í Ed., eða dagi uppi á þinginu, leggur hún það til, að það verði sþ. óbreytt.

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni sþ. óbreytt í e. hlj., og afgreiðist til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Eftirlit með mannflutningum.

FUMVARP til laga um eftirlit með mannflutningum til útlanda. 1. umr. 23. júlí. (C. bls. 287, n. 303).

Framsögumaður (L. H. Bjarnason): Tildrögin til þessa frv. voru þau, að samgöngumálanefndinni höfðu borist kærur um, að sumir þeirra manna, er staðið hafa fyrir mannflutningum til Vesturheims, hefðu farið í kringum útfaralögin, með því að flytja útfara með venjulegum mannflutninga skipum til Englands og þaðan aftur til Vesturheims, í stað þess að fara með þá beina leið til Vesturheims, en af því hefir aftur leitt, að lögreglustjórnin hefir ekki getað haft neitt eftirlit með skipunum, og því hefir oft farið illa um farþegana á þeim.

Tilgangur frv. er að reisa svo rammar skorður við þessu, sem kostur er á, og hugsaði nefndin sér að þeim tilgangi yrði bezt náð með því, að sömu ákvæði væri látin gilda um skip, er flytja útfara til næstu útlendu hafnar, sem þau, er flytja þá beina leið til annarar heimsálfu; með öðrum orðum, að fyrirmæli laga frá 14. janúar 1876 og 1. apríl 1896 væri einnig látin ná til þessara skipa.

Að vísu er eftir frv. ekki ætlast til að útfaraákvæðin nái til 1. og 2. farrýmis á almennum mannflutningaskipum. Nefndin var hrædd um að það mundi hefta um of farfrelsi manna. Hins vegar ná þau til 3. farrýmis og það mun nægja, því að það mun vera

nálega undantekningarlaus regla, að útfarar fari á 3. farrými, eða svo sem kallað er í frv., á svonefndu óæðra farrými.

ATKV.GR.; Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr. 25. júlí. (C. bls. 287, n. 303).

ATKV.GR.: 1. gr. frv. sþ. með 19 shlj. atkv.

2. gr. frv. sþ. með 19 shlj. atkv.

3. gr. frv. sþ. í e. hlj.

4. gr. frv. sþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin sþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr. 28. júlí. (C. bls. 287).

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni sþ. með 20 shlj. atkv. og verður afgreitt til forseta Ed.

Ein umr. 8. ágúst (C. bls. 482).

Framsögum. (**Lárus H. Bjarnason**): Háttv. Ed. hefir að eins gert örfáar orðabreytingar við frumv., og þær eru fremur til bóta en hitt.

Samgöngumálanefndin ræður því h. deild til að samþ. frumv. óbreytt.

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni sþ. með 18 samhlj. atkv. og verður afgr. til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Birting augl. í Statstidenden.

FRUMVARP til laga um breyting á gildandi ákvæðum um almennar auglýsingar og dómsmálaauglýsingar 1. umr. 13. júlí. (C. bls. 203).

ATKV.GR: Frumv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

Önnur umr. 15. júlí. (C. bls. 203).

ATKV.GR.: Frv.gr. sþ. í einu hlj.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hlj.

Þriðja umr. 17. júlí (C. bls. 203).

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 22 samhlj. atkv. og afgreiðist til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Uppgjöf Ölfusárbrúarláns.

FRUMVARP til laga um uppgjöf eftirstöðva af láni til brúargerðar á Ölfusá 1. umr. 6. ágúst. (C. bls. 400).

Hannes Þorsteinsson: Eg vona að eg þurfi ekki mikið að mæla með þessu frumv.; mönnum er það svo kunnugt frá þinginu í fyrra, þar sem samþykt voru lög um þetta og staðfest af konungi, að helmingurinn væri gefinn upp eða 22,000 kr. Skyldi sýslunefndin borga helming en jafnaðarsjóð úr helming af þessu upphaflega láni, en það gengust menn undir þá, því þá var það ekki orðið eins ljóst í hugum manna, að landssjóður væri skyldur til að kosta allar hinar stærri samgöngubætur. Þá neyddist sýslan til að taka þetta lán, og nú er búið að greiða vexti af því í 10 ár. Afborgun og vextir af því eru nú 965 kr., og nú þegar helmingurinn af því var feldur, þá er upphæðin nú árlega, sem af skal borga, 9000 kr.; af því á Árnessýsla að greiða 120 kr. og Rangárvallasýsla jafnmikið. Þetta verða þá 240 kr., en það er ekki nema helmingurinn, því jafnaðarsjóður Suðuramtsins borgar 240 kr. líka.

Þegar þetta var samþykt hér á þinginu í fyrra, þá voru menn á því, að það væri sjálfsagt að gefa upp þetta lán, en það fórst þó fyrir þá; en það var ekki af því að menn álitu ekki að það væri sanngjarnt. Þó að ekki þyki

kannske mikið fé þetta, þá væri þó hægt að leggja það til ýmsra framkvæmda í sýslunni. Nú er frumvarp á ferðinni hér á þinginu, sem líklega kemur til leiðar æði mikilli gjaldahækkun á þessari sýslu, nefnilega frumv. um viðhald veganna. Eg vona því að þingið taki þessu frumv. vel, og það fái að ganga áfram, því það hlýtur að álitast sanngjart og rétt, að þetta gamla lán verði eftirgefið, bæði jafnaðarsjóðnum og sýslusjóðunum.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 13 samhlj. atkv.

Önnur umr. 8. ágúst (C. bls. 400).

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 11 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Björn Bjarnarson,
Eggert Pálsson,	Einar Þórðarson,
Guðl. Guðmundsson,	Herm. Jónasson,
Hannes Hafstein,	Ólafur Briem,
Hannes Þorsteinss.,	Ólafur Thorlacius,
Lárus H. Bjarnason,	Pétur Jónsson,
Magnús Andrésson,	Skúli Thoroddsen,
Magnús Stephensen,	Tryggvi Gunnarss.,
Ólafur Ólafsson,	
Þórh. Bjarnarson.	

Jóhannes Jóhannesson, og Stefán Stefánsson greiddu ekki atkv. en teljast til meiri hlutans.

Jóhannes Ólafsson fjarverandi.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 16. samhlj. atkv.

Þriðja umr. 13. ágúst. (C. bls. 400).

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni sþ. með 12 : 4 atkv., og verður afgreitt til forseta Ed.

Meðalmeðlag ómaga.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl. frá 12. jan. 1900; 1. umr., 23. júlí. (C. bls. 307).

Framsögumaður (Hannes Hafstein): Það gleður mig að nefndinni, er sett var til að athuga skipun hinnar æðstu umboðsstjórnar, hefir lánast að kæta hug margra þingmanna með þessu litla frumv. Það hefir vakið mikinn hlátur í báðum deildum, að þetta frv. skyldi koma frá þeirri nefnd. Sumir hafa talið, að nefndinni hafi hér fæðst óskilgetið afkvæmi, utan við starfsvið hennar; aðrir hafa blátt áfram neitað því, að það gæti verið rétt, að frumv. kæmi frá þeirri nefnd, sem slíkri, og því talið það rangfeðrað. Eg finn því ástæðu til að gangast við frumv. fyrir nefndarinnar hönd. Það er vissulega skilgetið afkvæmi hennar, og andlegt barnabarn hæstv. landsh.

Í bréfi því, sem prentað er með frumvarps-ástæðunum, þar sem sundurliðað er, hve skifta skuli störfum amtmanns milli stjórnarráðsins og annara yfirvalda, hefir hæstv. landsh. lagt það til, að sýslumönnum verði falið að ákveða framfærslueyri, en jafnframt getið þess, að þá væri væntanlega heppilegt, að ákveða um leið með lögum meðalmeðgjöf, á líkan hátt og í Danmörku.

Þessa bendingu hæstv. landsh. tók nefndin til greina, og þess vegna er frv. þetta fram komið frá henni, eins og fram er tekið í nefndarálitinu. — Frumv. er sama efnis eins og 5. gr. í hinum dönsku lögum um framfærslueyri, að eins löguð eftir landshögum, og álít eg ekki þörf á, að útlista frv. frekar við þessa 1. umræðu, nema ef einhverjar mótbárur skyldu koma fram.

Vona eg að frumv. fái greiðan gang gegnum deildina og þingið.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 25. júlí. (C. bls. 307).

ATKV.GR.: Frumvarpsgreinin samþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin samþykt án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað til 3. umræðu í einu hlj.

Þriðja umr., 27. júlí. (C. bls. 307, 356, 372).

Björn Bjarnarson: Eg hefi leyft mér að koma fram með viðaukatill. á þskj. 215, sem háttv. deild hefir leyft að kæmist að, af þeirri ástæðu, að eftir lögum 12. jan. 1900 er ekki hægt að fá úrskurð um meðlag með óskilgetnu barni, eftir að faðirinn er dáinn. — I Dalasýslu hefir komið fyrir tilfelli í þessa átt. Faðirinn hafði gengist við barninu, og borgað ríflega með því, og var þá ekki við því að búast, að móðirin færi að rekast í því, að fá meðlagið úrskurðað; en þegar svo faðirinn dó, var ekki hægt að fá meðlagið goldið, af því það hafði ekki verið úrskurðað. — Undir þessum kringumstæðum, að faðirinn deyr, stendur móðirin uppi og fær ekki styrk af búinu, ef ekki er búið að úrskurða það áður en faðirinn dó.

Þessi ósanngirni er orsökin til þess, að eg kom fram með viðaukatill., og eg vona, að engum blandist hugur um, að það er sanngjarnt, að meðlagið sé alveg eins greitt úr búi föðursins, þótt úrskurður sé ekki fenginn áður en faðirinn dó, þegar faðernið er sannað.

Vona eg því, að h. deild samþykki viðaukatill.

Hannes Hafstein: Það hefir ekki verið tækifæri til að bera viðaukatill. þessa, sem annars virðist mjög heppileg að efni til, undir nefndina. Það sem helzt gæti virzt athugavert við hana, er það, að vafi gæti á því leikið í hverju einstöku tilfelli, hvort hinn látni hefði skýlaust kannast við faðernið, ef það hefir ekki verið gert fyrir rétti eða á annan þann hátt, að það sé *nótóriskt*, þannig, að hér gæti verið hætta á því, að menn, sem ekki geta lengur borið hönd fyrir höfuð sér, væri hafðir fyrir rangri sök.

En þar sem hér er að ræða um kröfu í dánarbú, þá mundi það í hvert skifti liggja undir úrskurð skiftaréttar, hvort nægar sannanir væru færðar fyrir því, að hinn látni hefði í raun og veru kannast við faðernið, og álít eg því að ekki þurfi að óttast misfellur í þessu efni.

Þess vegna mun eg fyrir mitt leyti greiða atkvæði með till.

Um breyt.till. á þskj. 211 skal eg taka það fram, að hún er ekki vel skýrt orðuð, en meiningin mun vafalaust vera sú, að sýslunefndir ákveði upphæð meðalmeðlags fyrir hreppana í sýslunni og bæjarstjórnirnar hver fyrir sinn kaupstað, og er það samkvæmt því, sem til var ætlað með frumvarpinu.

Þórhallur Bjarnarson: Breyt.till. 211 er gerð í samráði við nefndina, bara gleymst þarna að nefna bæjarstjórnir; meiningin auðvitað sú, að hvor um sig, sýslunefnd og bæjarstjórn, ákveði meðalmeðgjöfina á sínu svæði.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þskj. 211 sþ. m. 19 shlj. atkv.

Viðaukatill. á þskj. 215, sþ. með 16 shlj. atkv.

Frv. í heild sinni, þannig breytt, sþ. í e. hlj., og sendist Ed.

Innbyrðis brunabótafélag.

TILLAGA til þingsályktunar um innbyrðis brunabótafélag; ein umr., 24. ágúst. (C. bls. 752).

Flutningsmaður (Ólafur Briem): Það kann nú að vera, að sumum háttv. þingdeildarm. þyki undarlegt, að þessu máli skuli vera hreyft hér í deildinni nú, þegar þess er gætt, að á síðasta þingi var samþykt frumvarp, sem fór í þessa átt, og þegar á hinn bóginn er litið á það, að ekkert hefir verið gert í málinu af stjórnarinnar hálfu, þótt raunar það megi virðast undarlegt, hvað frumvarpi síðasta þings hefir að fótakefli orðið hjá stjórninni. Við flutningsmenn þessarar tillögu álítum samt, að það ætti ekki við, að láta þetta þing svo hjá líða, að minnast ekki á málið; en ástæðan til þess, að við höfum valið þingsályktunarleiðina, og ekki flutt málið fram í frumvarpsformi, er sú, að við þóttumst mega ganga út frá því sem vísu, að þá mundi málið sæta somu meðferð hjá stjórninni, og verða þagað í hel, eða, ef bezt léti, synjað staðfestingar, vegna agnúa, sem á frv. væru. Það, sem vakti fyrir okkur flutningsmönnum, var því það, að koma málinu inn í annan farveg, en það áður hefði verið í, farveg, sem meiri líkur væru til að til framkvæmda leiddi. — Það, sem við höfðum fyrir augum, var að finna eitthvert það fyrirkomulag, sem sneiddi hjá þeim annmörkum, sem vitanlega voru á frumvarpi síðasta alþingis, og sem engum hefir dottið í hug að neita.

Helzti annmarkinn, sem fundinn var til á móti því, að stofna innlent brunabótafélag, var fyrst og fremst sú þvingun, sem lægi í því, að skylda alla húseigendur í helztu verzlunarstöðum landsins, til að vátryggja hús sín í félaginu. — Þessum annmarka viljum vér flutningsmenn till. ryðja úr vegi, með því að láta stofnun slíks félags vera komna undir sveitarfélögunum sjálfum, hvort þau vilji ganga í innlent brunabótafélag.

Annar annmarkinn á móti frumv. andanfarandi þinga var sá, að í þeim var gert ráð fyrir, að landssjóður tæki á sig allmikla peningaábyrgð. — Til þess að minka þessa ábyrgð, er nú farið fram á það, að hið innlenda almenna brunabótafélag taki ekki að sér ábyrgðina fyrir allri vátrygging r-upphæðinni, heldur hvíli hún að nokkru leyti á innbyrðis brunabótafélagi eða félögum bæja- og sveitafélaga.

Þetta fyrirkomulag ætti þá einnig að geta orðið til þess, að ryðja úr vegi þriðja annmarkanum, sem fundinn hefir verið til, nefnilega þeim agnúa, að nauðsynlegt væri, að endurtryggja húseignir að einhverju leyti hjá erlendum eldsábyrgðarfélögum, sem gæti verið ýmsum annmörkum bundið, þar þau hefðu haft samtök sín á milli um, að taka ekki húseignir á Íslandi utan Reykjavíkur nema með afar-kostum. — Verði ábyrgðinni skift á hin einstöku brunabótafélög bæja- og sveitafélaganna og landsábyrgðar-brunabótafélagið, þá er sýnilega miklu minni þörf á endurtryggingu.

Enn eitt, sem vakti fyrir oss flutningsmönnum, var það, að með þessu fyrirkomulagi er miklu greiðari aðgangur fyrir bændur, að koma bæjum sínum í brunabótafélag, en eftir hinum fyrri frumvörpum. Eftir þeim voru bæir ekki teknir nema þegar þess var sérstaklega óskað af eigandanum, og auk þess voru á því fleiri vafningar, sem gerðu það kostnaðarmeira fyrir bændur að tryggja bæi sína, en þörf væri á, ef þeir hefðu sérstakt brunabótafélag

fyrir sig. Enn fremur eru allar líkur til þess, að slík brunabótafélög í sveitum gætu fengið betri kjör, með því að vera út af fyrir sig, því ef nauðsynlegar varúðarreglur eru settar með útbúnað í kringum ofna og pípur, sem frá þeim liggja, þá geta aldrei orsakast neinir stórskaðar af eldi í sveitum; í fyrsta lagi vegna þess, að einstakir bæir í sveitum eru ekki mikils virði, bornir saman við húseignir í kaupstöðum, og í öðru lagi vegna þess, að af því að bæirnir standa svo afskektir og strjálir, þá getur aldrei verið að tala um neina stórbruna, heldur að eins um, að eitt og eitt hús eða bær farist í sama bruna. — Þetta, að hús og bæir í sveitum geti átt kost á að komast í innlent brunabótafélag, álít eg einnig þýðingarmikið, að fleiru leyti en því, sem eg hefi bent á. Ef nefnilega rannsóknirnar á byggingarefni eiga að koma að fullu gagni, þá er það ekki einhlítt, að fundið sé haganlegt og haldgott efni; eigi húsabæturnar að koma til framkvæmda, þá er líka nauðsynlegt, að bændunum opnist vegur til að hafa ráð á að koma þeim upp. Það má sem sé ganga út frá því sem vísu, að finnist endingargott byggingarefni, þá muni það verða mun dýrara í svip að byggja úr því, þótt með tímanum sé sparnaður að því að nota það, sakir varanlegleika þess; en sé svo, þá geta bændur ekki komið upp slíkum byggingum nema með láni út á byggingarnar, en til þess að geta fengið það, er nauðsyn fyrir þá, að geta trygt byggingarnar fyrir brunahættu. En eins og tekið hefir verið fram, þá eru kjör þau, sem þeir nú eiga völ á, mjög svo óaðgengileg.

Eitt er enn, sem mikla þýðingu hefir. Ef þetta fyrirkomulag kæmist á, að smá brunabótafélög mynduðust út um landið, þá yrði eftirlitið kröftugra og ódýrara. Það er gengið út frá því sem vísu, að nauðsynlegt sé að setja ákveðnar reglur til að verjast brunahættu, en þó reglur væru settar um það með lögum, þá er engin hætta á að þeim yrði ekki framfylgt, því þegar einstakar sveitir bera ábyrgðina, þá er hvöt fyrir einstaklingana til að hafa gát hver á öðrum, og eftirlitið verður ódýrara en ef landið ætti að kosta það. Þetta fyrirkomulag getur ekki komist á, nema með frjálsum samtökum, og eg býst ekki við að það kæmist til fullra framkvæmda, nema þingið gefi út lög, er leyfðu sjóþorpum, og ef til vill sveitunum líka, að gera samþyktir. Og sú stefna, að veita einstökum héruðum heimild til að setja ákvæði um sín eigin mál, hefir að undanförnu haft talsvert fylgi á þingi, og mælst vel fyrir. — Þetta fyrirkomulag er í samræmi við forn lög. Fornmenn innleiddu hjá sér sameiginlega ábyrgð á húsum. Og líkt fyrirkomulag er komið á til sveita í Noregi.

Eg efast því ekki um, að þessari tillögu verði tekið vel eins og hún liggur fyrir. En í sambandi við þetta mál vil eg leyfa mér að spyrja hæstv. landsh., hvað stjórnin hefir gert í tilefni af brunabótafrv., er þingið samþykti í fyrra.

Landshöfðingi: Eg skal svara því, að eg hefi ekki fengið skýrslu frá stjórninni um það, hvað hún hefir gert við málið; en mér er kunnugt um, að hún hefir leitað skýrslna hjá erlendum brunabótafélögum, en þær skýrslur voru ókomnar. Menn verða að gæta þess, að frv. var samþykt á aukaþinginu í fyrra, og stjórnin hefir því ekki haft tíma til að leggja málið fyrir þetta þing. En á næsta þingi kemur sjálfsagt eitthvað um það.

ATKV.GR.: Tillagan samþykt með

20 samhlj, atkv. og verður afgreidd til landshöfðingja.

Stofnun seðladeildar í landsb.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög um stofnun landsbanka 18. sept. 1885; 1. umr. 8. ágúst. (C. bls. 528).

Flutningsmaður (L. H. Bjarnason): Eg vil leyfa mér, sem flutningsmaður, og fyrir hönd meðflutningsmanna minna, að gera grein fyrir því, hvers vegna frv. þetta er fram komið. En fyrst vil eg biðja hv. forseta að gefa gaum að því, að við prentunina hefir fallið úr greinartalan 7 á undan orðunum: »Deildinni skal stjórnað« o. s. frv.

Eg vil taka það fram, að frv. þetta er engan veginn fram komið í því skyni, að spilla á nokkurn hátt fyrir frv. því, sem samþykt var á þinginu 1901, um stofnun hlutabanka hér á landi. Þetta frv., sem vér höfum gerst flutningsmenn að, er fram komið vegna þess, að oss leikur nokkur vafi á um það, hvort hinn fyrirhugaði banki muni komast á. Maður sér engan undirbúning. Engir menn komnir, ekkert hús fengið og hlutafé sagt ófengið enn.

Aftur á móti dylst oss það eigi, að veltufé landsbankans er alt of lítið, og eini vegurinn til þess að auka það, eftir því sem nú standa sakir, er sá, að gefa út innleysanlega seðla, og ættu þeir seðlar helzt að vera gefnir út af sérstakri deild, deild, sem væri að sínu leyti eins háttað og veðdeildinni. Því er í frv. farið fram á, að bankinn megi gefa út alt að 1 miljón króna í seðlum. Þetta fé er ef til vill of lítið vegna þarfanna, sem eru svo margar og miklar, en eg hygg að það ætti samt að duga til 1905, enda er óvíst að bankinn sé fær um, alveg undirbúningslaust, að setja nægilega tryggingu fyrir meiri fjárupphæð en 1 milj. kr.

Ef frv. verður samþykt, býst eg við að bankastjórnin uppfylli nú hið 17 ára gamla fyrirheit bankalaganna, um stofnun útibúa; sérstaklega vil eg benda á nauðsynina á slíku útibúi á Austfjörðum.

Með þessum orðum læt eg hér staðar numið, enda býst eg við að nefnd verði sett í málið, að umræðunni lokinni.

Jón Magnússon: Eg leyfi mér að stinga upp á því, að 5 manna nefnd verði kosin í þetta mál.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

5 manna nefnd sþ. í e. hlj., og í hana kosnir:

Tryggvi Gunnarsson	með	17	atkv.
Lárus H. Bjarnason	—	17	—
Guðl. Guðmundsson	—	14	—
Björn Kristjánsson	—	12	—
Hannes Þorsteinsson	—	12	—

Önnur umr. 11. ágúst. (C. bls. 528, n. 568).

Framsögumaður (L. H. Bjarnason): Nefndin er sammála flutningsmönnum frv. um það, að eitthvað verði að taka til bragðs, til þess að auka peningamagnið í landinu. Fé landsbankans mun nú, að sparisjóðsfé og seldum bankavaxtabréfum meðtöldum, ekki vera meira en um 3 milj. kr., eða á borð við umsetning Reykjavíkur einnar. En það er alt of lítið. *Lands*bankinn á ekki að vera fyrir Reykjavík eina, hann á að vera fyrir landið alt.

Því er brýn nauðsyn á að auka fjármagn bankans, en eini vegurinn til þess er að gefa út fleiri seðla, óinnleysanlega eða innleysanlega seðla.

Auðvitað væri þægilegra og kostnað-

arminna fyrir bankann, að auknir væru óinnleysanlegu seðlarnir, en það mætti ekki auka þá um meira en 250,000 kr. í hæsta lagi, og það hrykki skamt. Þess vegna hvarf nefndin frá því, enda gengi maður út á hált svell, ef farið væri að auka óinnleysanlegu seðlana úr því sem er.

Þá var ekki annað fyrir hendi en að veita bankanum heimild til að gefa út innleysanlega seðla, og nefndin er samdóma flutningsmönnum frv. um, að eigi muni veita af 1 miljón, enda væntir nefndin þess fastlega, að bankastjórnin stofni nú undandráttarlaust útibú á Ísafirði og Seyðisfirði.

Eg fyrir mitt leyti álít, að þessi aukning seðlanna um eina milj. sé of lítið fé til að bæta úr peningaskortinum, en það er ekki hægt að fara fram á meira en bankinn er fær um að gefa tryggingu fyrir, og að svo stöddu er ekki að búast við að hann geti lagt fram meira af málmforða til tryggingar seðlafúlgunni, en sem svarar ½ milj. kr. Að því er stjórn hinnar nýju deildar snertir, þá er ætlast til að hún verði með líkum hætti og stjórn veðdeildarinnar, enda heyri deildin algerlega undir bankann.

Eg skal loks geta þess, að nefndin hefði helzt kosið, að óinnleysanlegu seðlarnir hefðu verið dregnir inn og innleysanlegir settir í þeirra stað, en hún féll frá því aftur, því að tíminn var orðinn alt of naumur til að gera jafn gagngerða breytingu á bankanum, enda treystir nefndin því fastlega, að bankamálið verði tekið til alvarlegrar íhugunar á næsta þingi, ef svo fer, að hlutafélagsbankinn kemst ekki á, en þangað til býst nefndin við að una megi við frv.

Nefndin leyfir sér, að svo mæltu, að ráða hinni hv. deild til að sþ. frv. án efnisbreytinga; en lítilfjörlegar orðabreytingar kemur nefndin fram með, sem sé þær, að fyrirsögnin orðist svo:

Frv. til laga um stofnun seðladeildar í landsbansbankanum í Reykjavík, og að í 1. gr. kæmi í stað: »sérstaka deild«, »seðladeild«.

ATKV.GR.: 2. brt. á þgskj. 444, við 1. gr. frv., sþ. í e. hlj.

1. gr. frv., þannig breytt, sþ. í e. hlj.

2. gr. frv., óbreytt, sþ. í e. hlj.

3.—9. gr. frv. sþ. í e. hlj.

1. brt. á þgskj. 444, breyting á fyrirsögninni, sþ. í e. hlj.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr. 13. ágúst. (C. bls. 613, 628).

Framsögum. (Lárus H. Bjarnason): Nefndin hefir haft sáralítinn tíma til að átta sig á breyt.till. þeirri, sem hér liggur fyrir á þgskj. 485; þó gat nefndin athugað hana lítið eitt á fundi, er skotið var á í morgun, þar sem mættir voru 4 af þeim 5, sem sæti eiga í nefndinni.

Aðalbreytingin er í því falin, að þar sem enginn frestur er tiltekinn í frumv. fyrir því, hvenær hlutafélagsbankinn skuli vera kominn á fót, þá er þessi frestur í breyt.till. einskorðaður við 1. okt. 1903, eða við þann dag, er frestur þeirra Arntzens og Warburgs er á enda. Með öðrum orðum: eftir frumv. var ekki tiltekið hvenær seðladeildin skyldi komast á. Breyt.till. segir að landsbankinn megi fara að gefa nýju seðlana út eftir 1. okt. 1903. Meiri hluti nefndarinnar kannaðist við það, að meiri trygging væri fyrir bráðri stofnun seðladeildarinnar, ef frestur væri settur, því eftir bankalögunum 7. júní 1902 hafði stjórnin heimild til þess, að

veita einkaréttindin til stofnunar hlutafélagsbankans hverjum, sem henni þóknaðist, að þeim Arntzen og Warburg frágengnum, en á hitt er ekki leggjandi mikil áherzla, hvaða tímatakmark er sett, hvort heldur það er 1. okt., eins og hæstv. landsh. hefir stungið upp á, eða 31. des., eins og einn h. meðnefndarmaður hefir haldið fram, og ætlar að koma með breyt.till. um.

Síðari breyt.till. á þgskj. 485 er að eins eðlileg afleiðing af fyrri breyt.till., og því er óþarft að fara frekara út í hana.

Björn Kristjánsson: Eg sá þessa breyt.till., er hér liggur fyrir, ekki fyr en ½ tíma áður en fundur var settur, og hefi þess vegna haft mjög lítinn tíma til þess að koma fram með breyt.-till. við hana, en eg vona samt, að hún komist að hér í deildinni, þar sem eg kom henni undireins í prentsmiðjuna og eg hafði séð þessa breyt.till.

Breyt.-till. mín fer fram á að frestur verði settur til að stofna hlutafélags bankann til 31. desbr. Eins og menn muna, þá gefa bankalögin frá 7. júní 1902 stjórninni heimild til að veita öðrum rétt til að stofna hlutafélagsbanka hér, að þeim Arntzen og Warburg frágengnum. Það er mín skoðun, að peningamál vor komist aldrei í gott horf, nema því að eins, að hlutafélagsbanki sé stofnaður með útlögðu fé. Sú peningastofnun, sem ætlar sér að reka verzlun sína, bygða á eintómu láni, getur eðlilega aldrei komið landsmönnum að nægum notum. Mér finst því ekki rétt að knýja stjórnina til þess að hætta við alla viðleitni í þessa átt, með því að láta hana *engan* frest hafa til að veita öðrum einkaleyfið, ef þeir Arntzen og Warburg ekki notuðu það, og eg verð að greiða atkv. móti breyt.-till. hæstv. landsh., ef breyt.till. mín ekki verður samþykt.

Landshöfðingi: Eg þykist ekki þurfa að mæla mikið með þessari br.-till. minni, því háttv. framsm. (L. H. Bj.) hefir gert það í minn stað. Mér fanst þetta vera eðlilegt tímatakmark, 1. okt. 1903, því þá er frestur sá útrunninn, sem þeim Arntzen og Warburg var settur. Nú er alt útlit fyrir, eftir þeim fregnum, sem sannastar hafa borist frá útlöndum, að ekkert verði úr þessari bankastofnun þeirra. Þeir hafa nú hatt heilt ár til undirbúnings, og ekki enn getað fengið það fé, er þeir þurftu á að halda, og eru þá lítil líkindi til, að úr því rætist nokkuð frekar, þótt fresturinn væri lengdur til 31. des., enda engin ástæða til að veita þeim þenna aukafrest.

Það er einnig nauðsynlegt, að bankanum hér sé sem fyrst veitt þessi heimild, svo hann strax í haust geti farið að búa sig undir að útvega sér nægilegan gullforða, og búa til nýju seðlana.

Pétur Jónsson: Viðvíkjandi þessum 2 breyt.till., sem hér liggja fyrir, þá finst mér atkv. manna hljóta að veita á því um þær, hvort þeir óski, að sú heimild, sem veitt er í hlutabankalögunum (7/6 1902) sé notuð eða ekki. Mér finst sú spurning hljóti að vakna fyrir mönnum: er það beinlínis æskilegt, að þessi heimild sé notuð? Hér er auðvitað alls ekki um það að ræða, að rýra þá heimild, sem þeim herrum Arntzen og Warburg er veitt með nefndum lögum, því um hana er enginn ágreiningur, heldur um hitt, hvort heppilegt sé að hún sé veitt öðrum. — Eg fyrir mitt leyti álít það ekki heppilegt, svo framarlega, sem þeir hverfa frá að nota heimildina, að veita sömu heimild öðrum. Eg mun því

greiða atkv. á móti þeirri breyt.till., sem setur frestinn til 31. des., en með hinni, sem takmarkar frestinn við 1. október.

Björn Kristjánsson: Það var alls ekki meining mín með þessari breyt.-till. minni, að hún ætti að vera aðallega fyrir þá Arntzen og Warburg, heldur átti fresturinn að vera til þess, að stjórnin gæti fengið einhverja aðra menn til að taka að sér hlutafélagsbankastofnunina, ef þessir menn ekki notuðu heimild þá, sem þeim var gefin, innan þess tíma, sem lögin ákveða.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þgskj. 486 var feld með 14 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Kristjánsson,	Árni Jónsson,
Einar Þórðarson,	Jón Magnússon,
Guðl. Guðmundss.,	Eggert Pálsson,
Jóh. Jóhannesson,	Hannes Hafstein,
Magnús Andrésson,	Hannes Þorsteinss.,
Ólafur Ólafsson,	Herm. Jónasson,
Skúli Thoroddsen,	Jóh. Ólafsson,
Stefán Stefánsson.	Lárus H. Bjarnason,
	Magnús Stephensen,
	Ólafur Briem,
	Ólafur Thorlacius,
	Pétur Jónsson,
	Tryggvi Gunnarss.,
	Þórh. Bjarnarson.

1. breyt.till. á þgskj. 485 samþ. með 16 samhlj. atkv.

2. breyt.till. á þgskj. 485 samþ. með 18 samhlj. atkv.

Frumv. í heild sinni, þannig breytt, samþ. með 20 samhlj. atkv., og verður afgr. til Ed.

Laun bankabókarans.

FRUMVARP til laga um breyting á 1. gr. í lögum frá 7. október 1891, 1. umr. 12. ágúst. (C. bls. 569).

Flutningsm. (Lárus H. Bjarnason): Það kann að fara hrollur um suma, þegar minst er á launahækkun. Eg skal því strax taka fram, að hér er ekki farið fram á hækkun á launum úr landssjóði, heldur á launum úr bankanum, og starfið, sem um er að ræða, er eftirlaunalaust. Samkvæmt lögum frá 2. okt. 1901 eru bókari og gjaldkeri jafnháir að föstum launum, en gjaldkeri hefir auk þess 1/5 pr.mille af allri umsetningu bankans, og kvað það fé nema fram undir það jafn miklu og föstu launin, sem eru 2400 kr. Gjaldkerinn hefir þannig fram undir helmingi hærri laun en bókarinn, en starf hans kvað þó vera alt að helmingi minna. Bókarinn verður því að vera sér úti um önnur störf, en það er mjög óheppilegt. Hann ætti að vera svo launaður, að hann gæti varið öllum kröftum sínum í þarfir bankans, enda ætlast nefndin til þess, að hann hafi engin önnur störf á hendi, fái hann þessa launaviðbót.

Annars er launahækkunin að nokkru leyti meiri í orði en á borði. Bókarinn kvað sem sé fá alt að 700 kr. fyrir aukastörf í þarfir bankans, en sú þóknun fellur eðlilega niður, þegar launin verða hækkuð, og nemur launahækkunin í rauninni þannig ekki nema 500 kr. Og þá hækkun vona eg að deildin samþ. með glöðu geði, enda er það sannarlega tilvinnandi, til þess að geta notið sem lengst jafn góðs starfsmanns.

ATKV GR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hlj.

Önnur umr. 14. ágúst. (C. bls. 569).

ATKV.GR.: Frumv.-greinin samþ. í einu hlj.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.
Málinu vísað til 3. umr. í einu hlj.

Þriðja umr. 17. ágúst. (C. bls. 569).

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni samþ. með 19 samhlj. atkv. og verður afgreitt til Ed.

Stofnun lagaskóla.

FRUMVARP til laga um stofnun lagaskóla á Íslandi; 1. umr., 28. júlí. (C. bls. 356).

Flutningsmaður (Jón Magnússon): Það er ekki þörf á að flytja langt erindi, því þetta mál hefir verið margrætt svo að kalla á hverju þingi síðan 1845, og það er víst, að bæði hjá þingi og þjóð hefir verið brennandi áhugi á því, að fá lagaskóla, og hefir hann, eins og einn flutningsmaður hans komst að orði, verið vöggukvæði þingsins.

Eg hefi samið þetta frumv. í öllum verulegum atriðum eftir frumv. því, sem samþykt var af þinginu 1899. — Það má vera, að það hefði legið eins nærri að taka upp frumv., sem samþykt var á þinginu 1897, en munurinn er ekki mikill.

Eg óska, að málinu verði vísað til mentamálanefndarinnar, en að bíða um, að því sé vísað til 2. umr., vona eg að ekki þurfi.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Vísað til mentamálanefndarinnar með 13 atkv.

Önnur umr., 11. ágúst. (C. bls. 356; n. 526).

Framsögumaður (Stefan Stefánsson): H. flutningsm. (J. M.) tók fram, að þetta mál væri ekki nýtt. — Það er sannleikur, því fá mál hafa legið eins oft fyrir þinginu og þetta. Eg hefi ekki mikið að segja hér, en eg ætla að eins að hreyfa við nokkrum smá-atriðum. Nefndin er á einu máli um það, að hér þurfi að stofna lagaskóla. Þessi skóli hefði átt að vera kominn fyrir löngu; hann hefir langtum fleiri skilyrði til að geta orðið fullnægjandi hér, en t. d. læknaskólinn. — En þó nefndin sé fullkomlega ásátt um það, að skólinn eigi að stofnast, þá álítur hún, að nú bæri ekki svo brýna nauðsyn til þess, að hann eigi að ganga fyrir öðrum nauðsynlegum stofnunum á þessu fjárhagstímabili. — Nú er svo margt, sem kallar að, margar nauðsynlegar stofnanir, þar á meðal tvær dýrar skólastofnanir, sem þurfa að komast á fót nú þegar. Þótt fjárhagurinn sé ekki slæmur, þá sá maður þó af fjárlagafrumvarpinu, sem var afgreitt frá deildinni í gær, að tekjuhallinn er þó all-mikill, meiri en endranær.

Þess ber líka að gæta, að þörfin á lögfræðingum er óvenjulega lítil, því nú eru 10 til 15 kandídatar, sem ekki hafa neitt fast embætti, og við háskólann lesa milli 25 og 30 stúdentar lög. — Þegar nýja stjórnin er komin, þá verða um 25 júrídisk embætti á öllu landinu. Það virðist því svo, að við munum hafa nóg fyrstu árin, og því litlar líkur til þess, að lagaskólinn yrði sóttur fyrst um sinn. Enn fremur er fremur útlit fyrir, að sýslumönnunum verði fækkað, ef dómarastaðan verður skilin frá umboðsstarfinu, eins og nú vakir fyrir mörgum. En eigi að síður mundi þó verða aðsókn að skólanum, ef þeir einir fengju aðgang að embættum, sem tækju próf við hann, eða ef þeir væru kandídatar frá Kaupm.höfn,

þá yrðu þeir að taka aukapróf við hann.

Þá skal eg minnast á smá breytingar við einstöku greinar. Í 1. gr. stendur: »kensluskóli fyrir lögfræðinga«, en í stað þess leggur nefndin til, að komi: »lagaskóli«. Enginn vafi getur heldur leikið á því, að lagaskóli er einmitt kensluskóli fyrir lögfræðinga.

Breyt.till. við 2. gr. er þar á móti veruleg breyting. Nefndinni reis hugur við, að stofna alt of mörg embætti, og áleit líka nóg, að einn fastur kennari væri við skólann; hún vill því fella burtu annan kennarann, en aftur á móti leggja kensluna á yfirdómarana; auðvitað gegn aukaborgun fyrir hana. — Auðvitað er ekki hægt að gera þeim núverandi dómurum að skyldu, að taka á móti þessu starfi, en nefndin hefir líka séð við því, með því að veita 2,500 kr. til aukakenslu fyrst um sinn. — Í 3. gr. stendur: »ráðgjafinn fyrir Ísland«, en í stað þess viljum við setja »ráðherrann«.

Breytinguna á 4. gr. hefi eg minst á áður.

I 5. gr. þykir betur eiga við að taka það fram, að skólinn sé kostaður af landssjóði.

Og seinasti varnaglinn, sem við sláum, er að skólinn taki ekki til starfa, fyr en fé er veitt til hans á fjárlögunum.

Lárus H. Bjarnason: Eg er nefndinni samdóma um það, að hér á landi er mikil nauðsyn á lagaskóla, enda hefir hann lengi staðið á dagskrá, og þörfin á honum verður því meiri, sem lengra líður. Lögfræðin er hér algerlega óyrktur akur; nú kunna ekki einu sinni lögfræðingar lög. Mikinn þátt í þessu á það, hvað fá hjálparmeðul eru til; lagasöfnin eru ónýt, sérstaklega af því, að real-registur vantar. Það er því mesta nauðsyn á, að vinda bráðan bug að málinu. Hins vegar er eg ekki samdóma hinni háttv. nefnd um það, að ætla yfirdómurunum að hafa kenslu á hendi við þenna skóla. Menn kunna nú að segja, að slíkt sitji ekki á mér, þar sem eg vil láta biskupinn hafa forstöðu og kenslu á hendi við prestaskólann, en hér er alt öðru máli að gegna. Guðfræðin er vel plægður akur, og almenn fræðigrein. Það er engin sérstök íslenzk guðfræði til, og því þarf enga sérstaka rannsókn eða vísindamenn til að kenna hana nokkurn veginn, en íslenzka lögfræðin er að mörgu leyti sérstæð eða *séreign* okkar; en þótt einhver sé góður dómari, getur hann vel verið ónýtur lögfræðiskennari. — Það mætti náttúrlega bæta nokkuð úr ástandinu með því að láta kenna íslenzkum lögnemum í Kaupmannahöfn það helzta úr íslenzkum lögum, en það yrði þó aldrei nema bráðabirgðarkák. Því verðum við að stofna skóla í landinu sjálfu, enda má alstaðar kenna lög.

Eg er nú að vísu ekki ánægður með það fyrirkomulag, sem hér er farið fram á, en eg tek því þó, sem vísir til annars meira.

Hannes Hafstein: Eg vildi leyfa mér að gera grein fyrir því, hvers vegna eg hefi skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara. Sá fyrirvari er alveg bygður á tveimur atriðum, sem háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) tók fram. — Eg álít, að það þurfi að vinda bráðan bug að lagakenslunni, meðal annars af því, að ef skilja á í sundur dómsvald og umboðsvald í landinu, þá væri nauðsynlegt, að lagaskólinn væri kominn á fót nokkru áður, að minsta kosti innlend lagakensla, er nægði þeim embættismönnum eða sýslunarmönnum, sem hin óæðri umboðslegu störf út um landið mundu verða fengin.

Eg held og, að það sé ekki nóg að

hafa einn kennara, að minsta kosti ekki, ef skólinn á að verða nokkuð fullkominn; eg held að það dygði ekki að kasta þessu starfi á yfirdómarana. — Lagaskólinn heimtar mennina alla og óskifta. Hér þarf að rita bækur, og það getur orðið heilt lífsstarf.

Frv. er þó, eins og það liggur fyrir, betra en ekki neitt, og mun eg því greiða atkvæði með því.

Jón Magnússon: Eftir atvikum get eg verið nokkurn veginn ánægður með tillögur hv. nefndar, því að aðalatriðið er að skólinn komist á stofn. Ástæðurnar, sem hv. frsm. (St. St.) flutti fram á móti lagaskólanum, eru svo margtugnar, að það var von, að þær létu enn til sín heyra. Hin fyrsta af þessum ástæðum er sú, að við verðum að láta lagaskólann bíða þangað til við ekki höfum annað við peningana að gera, og hefir þessi ástæða verið látin í veðri vaka svo að segja stöðugt í 50 ár; önnur ástæðan, sem er álíka gömul, er sú, að við höfum nóg af lögfræðiskandídötum. Ef þessar ástæður ættu að gilda, yrðum við víst að bíða nokkur hundruð ár enn þá eftir lagaskóla, því eflaust verður altaf nóg annað við peningana að gera, og líklega verður og altaf til nóg af kandídötum frá háskólanum, í þessi fáu lögfræðisembætti hér á landi.

Um nauðsynina á lagaskóla hér skal eg eigi orðlengja, því að öllum hv. þingmönnum hlýtur að vera kunnugt mál þetta, sem er samvaxið frelsisbaráttu vorri. Ástæðurnar fyrir því að stofna lagaskólann eru margsagðar og standa prentaðar í þingtíðindunum ár eftir ár, og hafa aldrei verið hraktar. Nauðsynin fyrir því að stofna skólann fer ávalt vaxandi, og eg er samdóma hv. 2. þm. Eyf. (H. H.) um, að þörfin á lagaskóla verði enn meiri, ef dómsvaldið og umboðsvaldið verður aðskilið.

Hin hv. nefnd hefir breytt til bóta, með því að heimta próf við lagaskólann af öllum þeim, er lögfræðisembætti vildu fá hér á landi, en hitt hefir hún að mínu áliti ekki verið heppin með, að ákveða, hvað langan tíma þeir, sem lögfræðispróf hafa tekið við Kaupmannahafnarháskóla, þurfi að stunda lögfræði við lagaskólann. Slíkt ætti algerlega að vera reglugerðaratriði.

Hvað námstímann við skólann annars snertir, hygg eg að 3 ár væru nógur tími. Svo er það í Frakklandi og víðar. Ef aðallega væri kend teórí, væri 3 ár nóg, og verkleg æfing mætti heimta á eftir. Hv. þm. Snæf. (L. H. B.) og 2. þm. Eyf. (H. H.) töluðu á móti því, að fela yfirdómurunum kensluna. Eg er alveg samdóma þessum hv. þm., enda kemur slíkt fyrirkomulag í bága við aðferð annara þjóða, er um kenslu er að ræða, eins og áður hefir verið tekið fram í þessu máli af einum hv. þm., sem að vísu var á móti skólanum. Í öðrum löndum eru menn vanalega rosknir og ráðnir er þeir verða dómarar, og er líklegt, að svo kunni oft að verða hér, en til kennara taka menn annarstaðar helzt unga menn og efnilega. Undir kennarastarfið er álitið að menn þurfi að búa sig sérstaklega og helzt á unga aldri. Þetta hefir hv. mentamálanefnd séð vel, er um alþýðumentunina var að ræða, en það virðist svo sem meiri hluta hv. nefndar hafi eigi verið jafn ljósar kröfur hinnar æðri mentunar. Annars hefir hin hv. nefnd gleymt einni af gömlu ástæðunum móti frv., þeirri, að það vanti kennaraefni. Þvert á móti gerir hún ráð fyrir svo miklum kenslukröftum, að hægðarleikur sé að

fá tímakennara, þótt yfirdómararnir gangi frá.

Mér hefir ekki komið til hugar, að skólinn gæti byrjað á næsta fjárhagstímabili. En ef frv. nú væri sþ., gætu ungir menn og efnilegir búið sig undir kennarastarfið, og ætti skólinn þá að geta tekið til starfa einhvern tíma á árinu 1905.

Enn vantar í nefndarálitið að taka það fram, að skilyrðið fyrir embætti væri fullkomið próf við skólann, en sumum af hinni hv. nefnd hefir ef til vill ekki verið kunnugt um, að til eru ýmis konar lögfræðispróf, bæði meiri og minni, og að menn ekki þurfa mikinn undirbúning til þess að taka hin minstu af þess háttar prófum.

Ekki get eg séð neitt athugavert við það, að segja »kensluskóli fyrir lögfræðinga«; ef til vill er orðið ekki vel heppilegt, en alþingi 1879 ber ábyrgð á því. Að í frv. stendur »ráðgjafi« í stað »ráðherra«, er rétt, því að orðið »ráðherra« er ekki löghelgað enn. Annars skal eg geta þess, að mér virðist orðið »ráðherra« mjög óviðkunnanlegt og óheppilegt, og hefði það aldrei átt að komast inn í stjórnarskrárfrv. Að landssjóður borgi allan kostnað við slíkan skóla, er sjálfsagt, og óþarfi að taka það fram í lögunum. — Þar sem brt. nefndarinnar munu greiða framgang málsins, þótt þær séu, sumar hverjar, mjög varhugaverðar og skemmi hið upphaflega frv. mjög, mun eg þó greiða atkvæði með þeim.

Þórhallur Bjarnarson: Hv. flm. (J. M.) talaði um eitt atriði í nefndarálitinu, sem snertir mig sérstaklega, af því það var eg, sem kom því að í nefndinni. Það var um það ákvæði, að lögfræðiskandídatar frá Khöfn, sem embætti vildu fá hér á landi, skyldu vera eitt ár á skólanum. Þetta getur auðvitað, eins og hv. flm. tók fram, verið reglugerðaratriði, en það getur líka verið lagaákvæði. Það sem lá á bak við ákvæðið var það, að bersýnilegt er, að nemendur eiga ekki kost á því, að fá sérfróðleik í ísl. lögum annarstaðar en við lagaskólann hérna, svo nauðsynlegt er, að þeir sæki skólann, og virtist því tryggilegra og réttara að taka það fram í lögunum. Eg er ánægður með það, hvernig umræðurnar hafa fallið í þessu máli. Nú eigum við stutt í land með að fá lagaskóla og það skóla, sem verður notaður, og við erum orðnir gætnari, þegar við vitum að frv verður staðfest, og er nú öðruvísi ástatt en 1895, þegar eg var neyddur til að vera á móti frv., af því eg fekk ekki það ákvæði inn í lögin, að þeir einir, sem próf hefðu frá lagaskólanum íslenzka, gætu orðið júrídiskir embættismenn hér á landi. Nú vona eg að málið nái fram að ganga í því formi, sem mentamálanefndin hefir steypt það í, og er þá stórt spor stigið til að færa vora æðri mentun inn í landið.

Björn Bjarnarson: Það er aðallega tvent, sem menn hafa fundið frv. þessu til foráttu, eins og það liggur fyrir frá nefndinni. Annað atriðið var það, að yfirdómararnir ættu að hafa kenslu á hendi, og hitt, að skólinn tæki of seint til starfa. Eg verð nú að segja, að eg get ekki fundið neitt athugavert við þetta, og eg hefi jafnvel gert bæði þessi atriði að skilyrði fyrir atkvæði minu í nefndinni. Yfirdómararnir eru víst ætíð beztu lögfræðingar landsins, og ættu að vera fullkomlega hæfir til þess að hafa þessa kenslu á hendi, enda hafa þeir nægan tíma til undirbúnings undir slíka kenslu. Það er ekki meira á móti því, að þeir kenni við þenna skóla, en að biskup hafi á

hendi kenslu við prestaskólann og landlæknir við læknaskólann. — Ekki get eg heldur séð neina ástæðu til þess, að láta skólann byrja strax. Það er mikið af ungum mönnum í embættum og nóg af lögfræðiskandídötum, sem bæði væri ósanngjarnt og ómögulegt að heimta próf at aftur. Eg get ekki heldur séð, að stofnun lagaskóla standi í nokkru sambandi við aðskilnaðinn á dóms- og umboðsmálum, og það eru margir hlutir, sem nauðsynlegra er að veita fé til strax, en til lagaskólans nú sem stendur.

Hannes Hafstein: Hv. þm. Dal. (B. B.) virtist hafa misskilið mig. Það var ekki vegna hinnar æðri administratiónar, sem eg taldi nauðsynlegt að skólinn kæmi sem fyrst upp, heldur lægi mest á hinu, að kensla fengist handa þeim mönnum, sem við væntanlega embættisumsteyping ættu að takast hin óæðri embætti á hendur, og riði þá mest á að koma fyrst upp slíkri kensludeild; en seinna gæti svo úr þessum skóla myndast fullkominn laganámsskóli.

Framsögumuður (Stefán Stefánsson): Eiginlega er það óþarfi fyrir mig að standa upp, því að aðrir nefndarmenn hafa svarað mótbárum þeim, er fram hafa komið gegn tillögum nefndarinnar; og í annan stað hafa þeir, sem á móti hafa mælt, allir saman endað á því, að þeir mundu samþykkja brt. nefndarinnar.

Það er einhver sem segir: »Litlu verður vöggur feginn«. En eg veit ekki hverju ein nefnd á að verða fegin ef ekki því, að allir samþykkja tillögur hennar og þær ná fram að ganga, jafn vel þó ýmsar athugasemdir komi fram við þær.

Hv. fim. frv. þessa (J. M.) tók það fram, að ástæður þær, er eg hefði fært fyrir brt. nefndarinnar, væru gamlar. Það skal eg að vísu játa; en eg get ekki séð, að ástæðurnar séu verri fyrir því, þó þær séu gamlar; ef þær hafa staðið óhraktar um langan aldur, þá eru þær að betri. En hafi mínar ástæður verið gamlar, þá var sannast að segja ekki heldur neitt nýjabragð að hans ástæðum.

Hann talaði um, að það væri heppilegra að hafa yngri menn fyrir kennendur, en að yfirdómendurnir væru venjulega eldri menn. Eg get nú ekki séð, að það væri galli, þó kennararnir væru eldri menn, er fengið hefðu reynslu nokkura; eg held þvert á móti að það væri óheppilegt, ef þeir hefðu ekki reynslu, praktiska æfingu, að minsta kosti sumir. Og hvað það snertir, að yfirdómararnir séu vanalega eldri menn, þá er það engan veginn föst regla; þannig voru þeir yfirdómarar, sem nú eru, einmitt ungir menn, er þeir tóku við yfirdómaraembættinu; enda er eðlilegt við skipun slíkra embætta, að meira sé litið á, að mennirnir séu góðir lögfræðingar, heldur en hitt, hve lengi þeir hafa í embættum setið.

Það gekk hann þó inn á, að nafnið »kensluskóli« í 1. gr. sé ekki gott. Mér finst það orð nauðalíkt orðinu »lagajúrísti«, og hefði því helzt átt að standa samræmisins vegna: Kensluskóli handa lagajúrístum. Og þó þetta orð sé í gömlu frumvörpunum, þá er það ekki betra fyrir það, og ekki vanþörf á að breyta því til batnaðar.

Eg man nú ekki eftir fleiru, sem aðrir hafa ekki þegar bent á. Það er eins og við var að búast, að það mundi ekki vera fyrir mig, að verjast öllum lögfræðingunum hér í deildinni; þar eru ekki lömbin að leika sér við, og það fyrir annað eins barn í lögum eins og eg er.

Björn Bjarnarson: Það getur

meir en verið, að eg hafi misskilið hv. 2. þm. Eyf. (H. H.); en eftir upplýsingu þá, er hann gaf, verð eg að segja, að mér finst enn þá minni þörf á því, að þessi skóli taki strax til vinnu. Fyrst og fremst á það nú langt í land, að sú breyting komist á aðmínistratión landsins, sem fyrir honum vakir, og í annan stað held eg að hreppstjórarnir mundu ekki þurfa margra ára undirbúning, né heldur fá svo mikil laun, að tilvinnandi væri að ganga 5 eða 6 ár á skólann. Yfir höfuð hygg eg að það sé nógur tími að fara að hugsa fyrir þessum skóla, þegar maður sér fram á, að breytingin muni komast á. Og hvað snertir kennara handa hinum óæðri hluta umboðsvaldsins, þá ætla eg að það muni ekki vera ýkja mikill vandi fyrir menn með praktiska lögfræðismentun og æfingu, að undirbúa hreppstjóra undir störf þeirra.

Enda þótt eg kannist fyllilega við það, að full þörf sé á betri þekking í íslenzkum lögum heldur en lögfræðingar hingað til hafa fengið við Kaupmannahafnarháskóla, þá hygg eg, að þessi lagaskóli gæti ekki fyrst um sinn fengið mikla praktíska þýðingu, því svo sem kunnugt er, er nú til mesti fjöldi af lögfræðiskandídötum, sem munu taka við embættum, er þau losna.

Guðl. Guðmundsson: Eg hafði eiginlega ekki ætlað mér að tala í þessu máli; það er orðið gamalt mál og þvælt, og engar nýjar ástæður hefi eg að þessu sinni heyrt fram bornar. En það, sem kom mér til að standa upp, var það, er háttv. framsögumaður sagði, að hinar gömlu ástæður gætu verið eins góðar í dag og þá, er þær voru fyrst bornar fram. (*Stef. Stef.*: Það sagði eg aldrei). H. þm. sagði það; en það er ekki rétt, því þær gátu vel hafa verið góðar þá, þó þær séu ekki góðar nú. Þörfin á slíkum skóla er miklu meiri nú en fyrir 10—20 árum vegna þess, hve löggjöf vor er orðin sundurleit eftir vort sérstaka löggjafarstarf meira en 20 ára tíma; er því miklu minna gagn nú en áður að háskólamentuninni. Auk þess stöndum við á öðrum grundvelli en Danir, og höfum þeim ólíka réttarmeðvitund, og kemur þetta enn skýrara fram í hinni yngri löggjöf vorri en áður. Þess vegna er enn brýnni þörfin en áður á sérstakri fræðslu í íslenzkum lögum. Það er að vísu satt, að það er enginn hörgull á lögfræðiskandídötum um þessar mundir. En úr því þeir eru svo margir, þá er það einmitt víst, að enginn skortur mundi verða á lærisveinum á íslenzkan lagaskóla; því að kandídatarnir þurfa að setja sig sem bezt inn í hina sérstaklegu íslenzku löggjöf, og mundi það spara þeim mikla fyrirhöfn að ganga á slíkan skóla. Það má taka hvað sem vill af löggjöf vorri, og mun það reynast dagsanna, að kandídat, sem er nýkominn frá »græna borðinu«, stendur eins og álfur í þeim lögum gagnvart hverjum greindum bónda. Að því er snertir þann 8—10,000 kr. kostnað á ári, er leiða mundi af skólahaldi þessu, þá gat það verið góð ástæða gegn lagaskólanum, meðan tekjur landssjóðs voru ekki nema $^1/_2$ miljón; en nú, þegar þær eru komnar að 2 miljónum, og verulegar framfarir byrjaðar, þá er það sannarlegur smásálarskapur að horfa í þann kostnað. Eg þori að fullyrða, að mörgum 10 þúsundum er ver varið á fjárlögunum nú, en þó þær væru lagðar í lagaskóla. Kostnaðarástæðan er því einskis virði nú.

Eg fæ því ekki skilið, hvers vegna hv. nefnd hefir ekki tekið mál þetta

í alvöru; því það sem hún hefir að gert, skoða eg sem högg út í vindinn, þar sem hún hefir ekki gert annað en smíðað nafn, sem aldrei getur komist í framkvæmd, eða að minsta kosti aldrei orðið að neinu gagni. Það hefir verið tekið fram, að þessi skóli eigi ekki einungis að veita praktiska þekkingu, heldur einnig teóretiska; og með það fyrir augum, að ætla að eins einn mann sem fastan kennara, það sjá allir að það nær engri átt; einum manni er það með öllu ofvaxið. En svo eiga dómararnir í landsyfirréttinum að hlaupa undir baggann, og taka að sér kenslu'na að nokkru leyti. Gaman væri að h. nefnd vildi benda á það í einhverju síðuðu landi, að dómarar væru settir til að kenna lögfræðislega teóri.

Ef h. nefnd hefði verið alvara með að gera lagaskólann annað en blóðlausa hugmynd, þá hefði hún átt að fylgja frumvarpinu eins og það lá fyrir, en bæta því við, að jafnhliða hinni teóretisku kenslu væri praktisk kensla, og hana skyldu dómendur landsyfirréttarins hafa á hendi. Í því hefði verið vit; en að ætla dómara, sem hefir alt annað að gera en að rannsaka hverja vísindalega teóri, sem fram kemur, ætla honum teóretisk kenslustörf, það skil eg ekki að menn geti lagt til í alvöru.

Þetta stendur fyrir mér fullkomlega ljóst; en eg ætla ekki að fara að rekja í sundur ástæðurnar fyrir því. Ef h. nefnd veit þetta ekki sjálf, þá verður það ekki á stuttum tíma gert skiljanlegt fyrir henni. En allir þeir, sem vit hafa á þessu máli, skilja, að það er óhugsandi.

Að öðru leyti fæ eg ekki betur séð, en að það sé hættulaust að afgreiða frumv. um lagaskóla, enda er þess brýn þörf. Eina hættan, sem menn hafa talað um, er sú, að forstöðumaður mundi trauðlega fást á stuttum fresti; en eg ímynda mér, að þegar stjórnarbreytingin verður, þá verði völ á vel hæfum manni til þessa, enda tel eg sjálfsagt, að það séu margir af okkar ungu kandídötum, sem á 1 eða 2 ára fresti gætu búið sig undir það.

Jón Magnússon: Það er ekki af því, að eg sé ekki samdóma h. þm. V.-Sk. (G. G.) í flestum atriðum, sem hann nú hefir tekið fram, að eg greiði atkvæði með breytingartill. hv. nefndar, — því að eg tel fyrirkomulag það, sem hún stingur upp á, óhafandi til frambúðar, — heldur er það af því eg er sannfærður um, að þegar skólinn er kominn á stofn, muni verða heimtaður annar kennari og eflaust fást, með því skólinn getur ekki komið að fullum notum án 2 fastra kennara, að minsta kosti.

Annars skal eg ekki fara frekara út í þetta, en að eins geta þess, að loforðið um lagaskóla er 40 ára gamalt, síðan 1862; væri því vonandi, ef nýtt loforð væri gefið nú, að það yrði efnt innan 40 ára.

Viðvíkjandi breytingu þeirri, sem h. nefnd hefir stungið upp á við 1. gr., þá skal eg játa, að orðið »kensluskóli« er ekki heppilegt; en það er líka óheppilegt — enda ekki venja í lögum — að taka sjálfan titil laganna upp í 1. gr., en reyna ekki heldur að skýra hann með öðrum orðum; hefði því verið heppilegra, að nefndin hefði reynt að finna önnur orð, heldur en brúka að eins titilinn.

Hin 4. brt. háttv. nefndar, sem sé 4. gr., eins og hún vill orða hana, er mjög óheppileg. Eftir því sem hún er orðuð, mundi hún svifta þá lögfræðiskandídata, sem búnir verða að ljúka sér af áður en lög þessi koma til framkvæmdar, retti sínum til embætta; gæti jafnvel ef til vill náð til manna í em-

bættum, en án alls efa falla kandídatarnir inn undir ákvæði greinarinnar; og væri það sannarlega hart fyrir menn, er hefðu verið kandídatar með fullum rétti til embætta, segjum í 10 ár, að verða að fara að ganga á skólann. Annað er einnig athugavert við greinina; það stendur þar »eftir eins árs nám«, mega alt svo ekki vera tvö ár. Það er ekki af tómri hó fyndni að eg bendi á þetta; það er svo víða við háskóla, að prófin eru einskorðuð við vissan tíma; þannig á Frakklandi við ár, á Englandi við ársfjórðung, í Noregi einnig við vissan tíma; og eftir brt. h. nefndar yrði ekki leyfilegt að taka aukaprófið, nema eftir eins árs dvöl, en alls ekki eftir lengri dvöl. Hér er sem sé tekið upp ákvæði, sem heima á í reglugerð fyrir skólann, og er það að vísu ekki rangt í sjálfu sér, en það verður þó að vera vit í því. Það lítur sannarlega svo út, sem meiri hluti nefndarinnar hafi ekki hirt um að kynna sér fyrirkomulag sams konar skóla í útlöndum.

Sem sagt mun eg greiða atkvæði með frumvarpinu eins og nefndin hefir breytt því; en eg geri það einungis af því eg treysti því, að misfellurnar verði lagaðar, þegar skólinn er kominn á fót; og sumar jafnvel við 3. umræðu málsins.

Framsögumaður (Stefán Stefánsson): Það er merkilegt, að háttv. flutningsm. (J. M.) skuli ekki hafa komið fram með brt., til að kippa málinu í æskilegt horf, sem hefði verið hægðarleikur, þar sem nefndarálitið hefir legið svo lengi fyrir; t. d. þetta, að ákvæðið í 4. gr., eins og nefndin hefir orðað hana, nái til eldri júrista og manna í embættum, sem alls ekki var meiningin. Eg skal játa, að greinin er et til vill ekki heppilega orðuð, en það má laga til 3. umr. Sama er að segja um orðin: »eftir eins árs nám«; það hefði verið heppilegra að segja: »að minsta kosti eins árs nám«, eða jafnvel að sleppa alveg þessu tímaákvæði; og hefði hvorttveggja mátt gera með einfaldri brt., ef mönnum hefði verið um það hugað.

H. þingm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.) ætla eg ekki að svara neinu; í því, sem hann sagði, var ekkert nýtt, nema upphróparnir og stóryrði. Hann sagði að nefndin hefði ekki gert annað en að smíða nafn, sem aldrei yrði að neinu gagni; slíkt er létt að segja, en erfiðara mundi að sanna það. Að skóli með einum föstum kennara og þremur aðstoðarkennurum geti aldrei orðið að gagni, það stendur fyrir mér sem hver önnur meiningarlaus fjarstæða; annað mál er það, að betra og fullkomnara hefði ef til vill verið að hafa annað fyrirkomulag. Hann sagði og, að einn maður ætti að kenna alt, en slíkt kemur ekki til neinna mála; hvað ættu þá aukakennararnir að kenna, ef hinn eini fasti kendi alt.

Þá get eg ekki séð, að alt blóð hafi verið tekið úr frumv. með þessum eina kennara, sem burt hefir verið feldur, og að minsta kosti hefir annað blóð verið sett inn í staðinn. Breytingar þær, sem nefndin hefir gert, eru að miklu leyti teknar eftir frumvörpunum gömlu, t. a. m. það, sem hann einnig játaði að væri rétt, að próf við þenna skóla væri gert að skilyrði fyrir embættum.

Þar sem h. flutningsmaður sagði, að réttara væri að hafa orðið »ráðgjafi« heldur en »ráðherra«, þá veit eg það vel, að orðið ráðgjafi er enn í gildi; en þegar stjórnarskrárbreytingin kemst á, þá verður þessu orði breytt í »ráðherra«, og er þá óviðfeldið, að hann standi í nýjum lögum með öðru nafni.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg

þarf ekki að eyða mörgum orðum til að svara háttv. framsögum. (St. St.), því að hann hefir ekki hrakið orð mín að neinu leyti. Eg færði rök fyrir því í fyrri ræðu minni, að hér væri verið að smíða nafn en ekki gagn. Eg færði rök fyrir því, að þessum eina manni, er á að vera fastur kennari við skólann, sé of mikið ætlað, og að það sé hrein og bein fjarstæða, að ætla dómurum landsyfirréttarins að gegna teóretiskri kenslu við skólann. Itrari rök get eg ekki fært, og hafi háttv. þingm. ekki skilið þau, þá er það hans sök en ekki mín. Hann hugsaði sér, að kennarinn og dómararnir skiftu námsgreinunum á milli sín. Mér er ekki ljóst, hvernig það mætti verða. — Háttv. þingm. virðist að gera sér harla óljósa hugmynd um mismuninn á dómarastarfi og kenslu í teóríi.

Háttv. framsögum. (St. St.) kvað mig hafa kallað frv. gott. Það voru ekki mín orð, heldur hitt, að það væri betra eins og það er, heldur en með breytingum nefndarinnar. Eg kvaðst heldur hafa óskað, að bætt yrði við einum kennara, heldur en að einn væri numinn burtu.

Eg skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta efni. Frv. er heldur seint fram komið til þess, að það geti komist í verklega framkvæmd nú. En sjálfsagt verður það eitt af þeim málum, er nauðsynlegt þykir að ráða til verklegra lykta á næsta þingi.

Jón Magnusson: Eg mótmæli því, að þetta mál sé of seint fram borið til þess, að það nái fram að ganga, jafn vel undirbúið sem það er af undanförnum þingum. Og enn er nægur tími til þess, að það verði afgreitt frá þinginu í ár, sem lög.

Þórhallur Bjarnarson: Eg ætla að eins að leyfa mér að gera stutta athugasemd um þá höfuðsök, er nefndinni er fundin. Eg skoða það sem aðalmótbáruna þetta, að óheppilegt sé, að hafa ekki meira en einn fastan kennara við skólann. En til þessa má dæmin telja. Nefndin hafði það til samanburðar, að við læknaskólann er að eins einn fastur kennari; landlæknirinn og héraðslæknirinn eru bara aukakennarar, samhliða öðrum umfangsmiklum störfum. Frá þessu sjónarmiði séð virðast heldur harðar sakir bornar á nefndina. Hitt efar enginn, að skólinn væri enn fullkomnari með því, að hafa 2 eða jafnvel 3 fasta kennara, en vonandi sjá allir háttv. deildarmenn, hvað nefndinni hefir gengið til, sem sé þetta, hvort ekki væri vegur til þess að koma lagaskóla á fót, án þess að stofna mörg dýr embætti með eftirlaunarétti.

Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) hélt því fram, að eldri menn gæti ekki verið kennarar í teóríu. En hvernig hefir það ekki verið við prestaskólann og læknaskólann? Landlæknirinn hjá okkur er t. d. einn með eldri mönnum í embætti, og gegnir þó teóretiskri kenslu, og svo er það um allan heim.

Annars mun nefndin fúslega bera sig saman við háttv. þm. Vestm. (J. M.) um breytingu á 4. gr., ef hann álítur það nauðsynlegt.

Má vera, að þessi ágreiningur standi til lagfæringar.

Larus H. Bjarnason: Eg stend upp að eins til þess að árétta eitt atriði í ræðu minni áðan, er háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) virðist ekki hafa skilið, sem sé það, að ekki stoðar að draga ályktan af kenslustarfi landlæknis við læknaskóla eða biskups við prestaskóla til stuðnings því, að dómarar geti verið kennarar við lagaskóla.

Læknisfræðin er ekki spesíelt íslenzk, guðfræðin ekki heldur, en mikill hluti þeirrar lögfræði, er kend yrði á þess

um skóla, snertir eingöngu Island. — En — eru yfirdómararnir nokkrir spesíalistar í íslenzkri löggjöf?

Framsögumaður (Stefán Stefánsson): Má eg leyfa mér að benda háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) á, að við höfum átt mann, sem hét Magnús Stephensen? — Ef til vill hefir háttv. þm. heyrt hann nefndan. — Eg man ekki betur, en að hann væri dómari, en hann var þó líka ágætur lögfræðingur, og hefir ritað meira en aðrir íslenzkir lögfræðingar í þeirri grein, jafnframt því er hann hafði mörgum öðrum umfangsmiklum ritstörfum að sinna. — Er nú ekki hugsanlegt, að svona maður hefði getað kent á lagaskóla? Að minsta kosti getur það ekki komist inn í mitt ferkantaða höfuð, að dómari geti ekki verið kennari, af því að hann er dómari!

Lárus H. Bjarnason: Eg vil leyfa mér að spyrja háttv. framsögum. (St. St.), í hverju Magnús Stephensen hefir sýnt afbrigði, sem íslenzkur lögfræðingur. Eg veit ekki til þess, að hann hafi skrifað neitt sérlega merkilegt lögfræðislegs efnis, er fyrir almennings sjónir hafi komið, nema dispútasíu sína. Og þó að hann nú hafi verið beztur íslenzkur lögfræðingur, þá er sannarlega þar með ekki mikið sagt.

Framsögumaður (Stefán Stefánsson): Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) hefir víst ekki heyrt nefnt Jónsbókarhandritið, er Magnús Stephensen rannsakaði og ritaði skýringar við; þó að það sé ekki gefið út, þá er það þó engu að síður mikið verk og merkilegt, og er lagt til grundvallar fyrir nýrri útgáfu Jónsbókar.

ATKV.GR.: Br.till. 1 á þskj. 380, við 1. gr. frumv., samþ. með 18 shlj. atkv.

Breyt.till. 2 á þskj. 380, við 2. gr., sþ. m. 16 shlj. atkv.

Br.till. 3 á þskj. 380, við 3. gr., sþ. m. 17 shlj. atkv.

3. gr., þannig breytt, samþ. með 19 atkv.

Br.till. 4 á þskj. 380, við 4. gr., sþ. m. 15 atkv.

Br.till. 5 á þskj. 380 (ný 5. gr.) sþ. m. 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Þriðja umr., 13. ágúst. (C. bls. 612, 622).

Framsögumaður (Stefán Stefánsson): Mentamálanefndin hefir komið sér saman um, að koma fram með breyt.till. við 4. gr., til að laga misfellur þær, er háttv. flutningsm. frv. fann á þessari grein. Eins og hún er nú orðuð, er ekki gert ráð fyrir aukaprófi fyrir þá, sem tekið hafa lögfræðispróf við Kaupmannahafnarháskóla, áður en liðin eru 3 ár frá því, er lagaskólinn tekur til starfa. En ef svo seinna þykir þörf á því, hefir nefndin hugsað sér, að mætti gera það með reglugjörðar-ákvæði.

Eg hefi svo ekki meira að segja, en vona að þessi breyt.till. sé í beinu samræmi við þær tillögur, sem komu fram við 2. umr.

Landshöfðingi: Eg verð heldur að ráða þeim háttv. þm., sem eru frv. þessu hlyntir, frá því að samþykkja breyt.till. á þskj. 478. Eg er hræddur um, að hún verði skilin svo, að þeir, sem tekið hafa próf við Kaupmannahafnarháskólann 3 árum eftir að lagaskólinn tekur til starfa, hafi ekki rétt til lögfræðisembætta hér á landi, nema þeir gengju í gegnum lagaskólann. — En því líkt ákvæði yrði skoðað sem brot á þeirri reglu, að allir þegnar ríkisins njóti jafnréttis, og yrði það því

frumv. að falli; það stendur reyndar í frumv.: »þeir einir, sem leysa próf af hendi við skólann«, og mætti skoða það svo, sem meint væri aukapróf, en seinni parturinn, er gerir undanþágu með þá, sem taka próf við háskólann áður en 3 ár eru liðin frá því skólinn tekur til starfa, sýnist benda á, að hér sé átt við embættispróf.

Mér er ekki ant um skólann, og er því sama þó breyt.till. verði samþykt, og verði til að fella hann.

En eg vildi að eins benda á hættuna.

Framsögumaður (Stefán Stefánsson): Eg er hæstv. landsh. þakklátur fyrir bendinguna. En eg skal geta þess, að nefndin breytti þessu með vilja, og setti »próf« í staðinn fyrir »burtfararpróf«, svo að það gæti líka náð yfir »aukapróf« fyrir þá, er lokið hefðu námi við háskólann.

Með þessari skýringu finst mér ekkert athugavert við breyt.till.

Jón Magnússon: Eg get ekki verið hæstv. landsh. samdóma um, að í þessu ákvæði, hvernig sem það er skilið, liggi nokkur röskun á jafnrétti þegnanna. Mér sýnist það rétt, að Danir, sem ætla að fá lögfræðisembætti á Íslandi, taki próf á lagaskóla hér, ef þess er krafizt, að Íslendingar geri það sjálfir. En við gætum aftur ekki fengið embætti í Danmörku með prófi frá þessum lagaskóla, og fengjum líklega ekki neina linun í kröfum þeim, sem gerðar eru við háskólann í Kaupmannahöfn, þótt vér hefðum lagaskólapróf.

Landshöfðingi: Það sem vakti fyrir mér, var það, að eg er í efa um, hvort stjórnin, sem á að semja reglugerð fyrir lagaskólann, álíti sér heimilt að taka upp í hana nokkur ákvæði um aukapróf fyrir þá, er lokið hafa lögfræðisprófi við háskólann í Khöfn, hvort hún ekki líti svo á, að með því væri ákveðið, að þeir sem tækju próf við háskólann, eftir að lagaskólinn hefði starfað í 3 ár, hefðu engan rétt til embætta á Islandi.

Eg fyrir mitt leyti þyrði ekki að setja neitt ákvæði um aukapróf í reglugerðina.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þskj. 478, við 4. gr. frumv., samþ. með 15 shlj. atkv.

Frumv. í heild sinni, með áorðinni breytingu, samþ. með 19 shlj. atkv., og sendist Ed.

Kennaraskóli í Reykjavík.

FRUMVARP til laga um kennaraskóla í Reykjavík; 1. umr. 21. júlí. (C. bls. 246; n. 277).

Frams gumaður (Þórh. Bjarnarson): Það hefir nú hizt svo á, að tveir skólar verða samferða á dagskránni í dag, og gert ráð fyrir, að annar kosti um 70,000 kr., en hinn 55,000 kr., og er þá eðlilegt, að mörgum vaxi í augum hvað féð er mikið, enda kostar það mikið að verða mentuð þjóð.

Ef eg man rétt, þá kom kennaraskóli fyrst á dagskrá hjá oss á þinginu fyrir 8 árum. Rétt á undan hafði verið veittur ofurlítill styrkur til kennarafræðslu í Hafnarfirði, en svo færðu menn sig upp á skaftið, og vildu í stað 6 vikna kennarafræðslu fá kennaraskóla. En málið féll í Nd.; 2 árum síðar féll það aftur við 3. umr. í Ed. En málið komst þó það áleiðis, að viðurkend var þörfin á kennarafræðslu, svo að kennarafræðslan við Flensborgarskólann var færð úr 6 vikum um

vorvertíðina upp í vetrarkenslu. Nú er kominn sá tími, að meiri hluti þjóðarinnar er farinn að skilja, að undirstaða alþýðumentunarinnar er að fá góða kennara, með fullkominni kennaramentun, með öðrum orðum, kennara með svo mikilli sérmentun, að ekki dugir minna en 3 vetra skóli til að veita hana til fulls.

Það er töluverður hópur manna, sem nú gefur sig við kenslustörfum, en það er hörmulega illa launað starf, og ekki nema fáir menn, er gefi sig nema part af æfinni við því. Eg skoða það svo, ef kennaraskóli er stofnaður, að með því viðurkennir löggjafarvaldið, að það verður að taka að sér að bæta kjör þeirrar stéttar, sem skólinn er stofnaður fyrir, og launa þeim betur, þegar kröfurnar til mentunar þeirra eru auknar. Og verði ekki kjör kennaranna bætt, þá er hætt við að lítil aðsókn verði að kennaraskóla þeim, sem þingið setur á stofn.

Stofnun kennaraskóla núna er viðurkenning á því, að þingið vill nú taka alþýðumentunina að sér fyrir alvöru og leggja til hennar eitthvað til muna.

Eins og nefndarálitið ber með sér, álítur nefndin farandi af stað, þótt minna sé veitt en frumv. ákveður, en niður fyrir lægra markið, 40,000 kr., má alls ekki fara.

Eg hygg það sé að eins til að eyða tímanum að fara inn á einstök atriði frumv. við þessa umr. En hitt veit eg fyrir víst að allir háttv. þm. muni sjá, að þetta mál er svo þýðingarmikið, að þeir greiði atkvæði með því til 2. umræðu.

Landshöfðingi: Eg er háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) fullkomlega samdóma um það, að vér þurfum af fá betri kennarafræðslu. En eg er honum ekki samdóma um, að til þess þurfi annnað eins bákn og þenna kennaraskóla. Eg hefi ekki sannfærst um, að það þurfi að byggja hús strax, og eg skil ekki að það sé nauðsynlegt að setja 3 kennara við skólann. Eg er viss um, að það má hæglega fá hús til leigu í Rvík handa skólanum; og að kennararnir við skólann eiga að vera 3, grunar mig að komi af því, að nú eru 3 menn við kennaraskólann í Flensborg. Kennaraskóli þessi er ekki að eins kennaraskóli, heldur líka gagnfræðaskóli, og eg get ekki hugsað mér annað, en að þeir, sem gengið hefðu á Möðruvallaskólann, þyrftu ekki að ganga 3 ár á þenna skóla.

En það er nú ekki nóg með þenna kostnað, heldur boðaði framsögumaður einnig annan kostnað, í viðbót við það að bæta kjör sveitakennaranna, og þann kostnað átti líka að taka úr landssjóði, því alt á að koma þaðan. Eg ber nú landssjóðinn alt af nokkuð fyrir brjósti, og kostnaðarins vegna get eg ekki verið með þessu frumv. Eg gæti samþykt að hafa 2 kennara við skólann, og byggja ekkert hús.

Lárus H. Bjarnason: Hæstv. landsh. hefir nú í rauninni tekið af mér ómakið, en eg ætla nú samt að segja nokkur orð. Eg skal strax geta þess, að eg er mjög hlyntur kennarafræðslu, og álít ekki rétt að horfa í *nauðsynleg* útgjöld til hennar. En eg er ekki sannfærður um, að byggja þurfi hús til þess, og eg hygg að mætti notast við Flensborg til bráðabirgða. Eg sé að nefndin telur það ekki tiltækilegt, þar sem hún víkur að því í nefndarálitinu, en hún hefir auðsjáanlega ekki rannsakað það. »Það *mundi* þurfa að byggja húsið upp að nýju«, segir hún. Þá get eg hugsað að kennarafræðslu mætti koma fyrir í latínuskólanum, ef afnumdar væru heimavistirnar þar, sem

ekki eru til annars en að kveikja ófrið milli kennara og pilta. Enn fremur er sjúkrahúsið í Reykjavík nálega autt, og mætti þá nota það. Loks væri vafalaust hægt að leigja hæfilegt hús handa skólanum. Þetta finst mér full ástæða til að athuga, þar sem fjárframlögin á þessu þingi eru svo gífurleg. Akureyrarskólinn á að verða 1/3 dýrari en stjórnin ætlaðist til, kennaraskólinn á að kosta 55,000 kr., og meðan eg hefi ekki séð uppdrátt af honum, trúi eg ekki að hann verði bygður fyrir það; svo á að byggja ráðherrabústað fyrir 80 þús. kr., hús handa söfnunum fyrir annað eins (*Landsh.*: Meira!) girða tún fyrir 500 þús. kr., útrýma kláðanum o. s. frv. Það er því ekki vanþörf á að líta á kringumstæðurnar, að minsta kosti hefði eg búist við, að nefndin væri svo fjárglögg, að hún sætti sig við lágmarkið, 40 þús. kr., upphæð, sem hún sjálf telur viðunanlega.

Yfir höfuð álít eg að réttara sé að fara hægt á stað, en þannig, að hægt sé að byggja við eftir þörfum, og því meiri ástæða er til þess, þar sem hv. framsögum. lét í ljós, að óvíst væri, hve mikil aðsókn yrði að skólanum í svipinn. Eg tel og það á móti því, að veita fé til að byggja skólahúsið, að ekki fylgir nein áætlun, þar sem séð verði, við hvað þessar 55 þús. kr. eru miðaðar. Annars er líkt um þetta frv. eins og margt annað, sem kemur inn á þetta þing; það er líkast afturgöngu feitra loforða frá kjörfundunum. En með kennarafræðslu vil eg vera, og eins skal eg vera með því, að veita fé til byggingar, ef mér verður sannað, að hvorki sé hægt að fá skólahúsnæði leigt, né hægt að notast við hús, sem kostur er á.

Framsögumaður (Þórh. Bjarnarson): Hæstv. landsh. og háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) komu inn á atriði, sem eg hafði hugsað að réttara væri að geyma til 2. umr.

Nefndin hefir gert sér far um að íhuga húsnæðisspursmálið, sem hæstv. lh. og hv. þm. Snæf. viku að. Að hafa húsnæði í latínuskólanum er ómögulegt, því latínuskólinn verður að halda á sínu húsrúmi sjálfur. Hann vantar bæði slöjdherbergi og teikningarbekk, og að því færist, að koma á gagnfræðakenslu við hann. (*Landsh.*: En þetta verður gagnfræðaskóli!) Mér virðist hæstv. landsh. ekki hafa gert sér það ljóst, að hér er ekki um gagnfræðaskóla að ræða. Aðalatriðið við kennaraskólann eru kensluæfingar með börnum í barnabekk, þar sem menn verða leiknir í listinni við það að iðka hana, eins og menn verða smiðir við að smíða. En þetta, að kensluæfingarnar eru aðalatriðið, gerir hitt skiljanlegt, að svona marga kennara þarf við skólann. Þar bindur hvað annað. Mörgverður eigi komið að í senn við kensluæfingar. Þótt nefndin hafi ekki nú skoðað Flensborgarskólahúsið, þá hefir hún kynt sér hvernig það er. Húsið er gamalt, hrörlegt og ófullnægjandi þeim kröfum, sem gerðar eru nú til kensluherbergja.

Ef ætti að nota staðinn, yrði fyrst að rífa húsið niður að grunni. Sama verður uppi á teningnum, ef litið er til gamla sjúkrahússins hérna. Þó að þar mætti fá rúm, þá er það algerlega óhentugt til kenslunota. (*Landsh.*: Það má laga það). Ekki þegar búið er að byggja hús í 14 álna fjarlægð, sem tekur alla birtu frá því. Þar sem hæstv. landsh. gerði ráð fyrir, að þeir, sem gengið hefðu á gagnfræðaskóla, þyrftu ekki eins langan tíma á kennaraskólanum, þá verða auðvitað sett ákvæði um það í reglugerð skólans, hver inntökuskilyrði skuli heimta í hvern bekk

um sig. Að vísu yrðu þá færri í lægri bekkjunum, ef menn gætu gengið upp í 2. eða jafnvel 3. bekk; en hins vegar er ætlast til, að hlynt verði að því, að farkennarar geti sem flestir fengið undirbúning undir starfa sinn á einum vetri, fyrst um sinn.

Mér er kunnugt um, að hæstv. lh. hefir áður litið svo á málið, að kennaraskóli væri betur settur í Reykjavík en Hafnarfirði (*Landsh.*: Eg hefi ekki sagt annað) og við höfum sérstaklega borið okkur saman við þá menn um þetta, sem eru kennarar við skólann þar, svo þetta fyrirkomulag er vandlega hugsað. Á einstökum atriðum mun nefndin gefa skýringar við 2. umræðu.

Landshöfðingi: Út af því sem eg sagði, að kennaraskólinn yrði líka gagnfræðaskóli, þá skal eg biðja hv. þm. að bera saman 4. gr. frv. á þgskj. 103 og 2. gr. frv. um gagnfræðaskóla á Akureyri. Kenslugreinarnar eru hinar sömu, nema það sem á kennaraskólanum er bætt við kristinfræðum, uppeldis- og kenslufræði og kensluæfingum, og þess vegna ættu þeir, sem gengið hafa á gagnfræðaskólann, að geta lokið sér fljótt af á kennaraskólanum.

Eg hefi litið svo á, að kennaraskólinn ætti aðallega að vera æfingaskóli, þar sem jafnframt væru kendar þær greinar, sem ekki eru kendar á gagnfræðaskólanum, uppeldis- og kenslufræði og kensluæfingar, en að kenslan færi svo fram með betri skilyrðum en í Flensborg.

Lárus H. Bjarnason: Út af því, sem háttv. framsm. sagði um það, að nefndin hefði íhugað húsnæðisspursmálið, má eg geta þess, að mér fanst ræða hans ljós vottur þess, að svo var ekki. Framsm. sagði, að skólinn þyrfti sérstakt hús vegna kensluæfinganna, en eg skal benda á, að í næst síðustu grein nefndarálitsins stendur, að bæjarstjórn Reykjavíkur muni heimila bekki í barnaskólanum til kensluæfinga. Frsm. sló því fram, að það mundi þurfa að rífa Flensborgarskólahúsið, en því trúi eg nú ekki, þó því sé slegið fram svona út í loftið. Að því er latínuskólann snertir, þá er mér ekki kunnugt um, að þar fari fram gagnfræðakensla eftir núverandi reglugjörð hans, og mætti því brúka herbergin til kennarafræðslu, þangað til latínuskólinn hefir fært út kvíarnar. Eg verð að halda því fram eins og áður, að hægt væri líka að fá húsnæði til leigu fyrir skólann, og er það ekki vandara en að láta ráðherrann búa til leigu til bráðabirgða. Eg gæti nefnt »Vinaminni«, hús Jóns Sveinssonar o. fl, sem komið gætu til greina. Enn fremur vildi eg fá að vita nú, hvers vegna 55 þús. eru tilteknar, og hvað af þeim er ætlað til hússins og hvað til annara muna.

Framsögum. (Þórhallur Bjarnarson): Eg verð enn einu sinni að standa upp, til að svara hinni beinu fyrirspurn háttv. þm. Snæf. (L. H. Bj.) um það, á hverju nefndin bygði það, að ætla 55,000 kr. til byggingar kennaraskólahússins. Nefndin bygði á því, að yrðu æfingarbekkir hafðir í sjálfu kennaraskólahúsinu og 30 heimavistir, þá mundi ekki veita af, að gólfflötur hússins væri 800 □ álnir. Nú höfum vér reynslu fyrir því hér í bæ, að í tvílyftu húsi, með kjallara undir, er byggingarkostnaðurinn minst 60 kr. á hverja ferhyrningsalin; yrðu það þá hér 800×60 eða um 48,000 kr., og má reyndar gera ráð fyrir, að kostnaðurinn fari upp í 50,000 kr., en þá eru eftir 5,000 kr., sem ætlaðir eru til útbúnaðar í skólahúsinu. Sé aftur ákveð-

ið lágmark heimavistanna 20, og slept að hafa æfingarbekkina í skólahúsinu sjálfu, þá mundi gólfflötur hússins ekki þurfa að vera stærri en 600 □ álnir, líklega heldur minni; mundi þá byggingarkostnaðurinn verða nálægt 36,000 kr., og til útbúnaðar slíku húsi höfum vér álitið að 4,000 kr. mundu nægja, við þetta höfum vér miðað lægri upphæðina, 40,000 kr.

Þessar upplýsingar get eg nú gefið um þetta atriði, en tek að öðru leyti til greina bendingu h. forseta í öðru máli nú fyrir skemstu, og geymi að fara frekara út í einstök atriði málsins, þangað til við aðra umræðu. Að öðru leyti er það mjög eðlilegt, þótt bæði h. þm. Snæf. (L. H. Bj.), og aðrir háttv. þm. vilji athuga málið sem bezt, og fá sem flestar og rækilegastar upplýsingar um það, og skýringar á því.

ATKV.GR:. Málinu vísað til 2. umr. í einu hlj.

Önnur umr. 23. júlí. (C. bls. 246; n. 277; brt. 321).

Hermann Jónasson: Þessar br.-till. á þgskj. 170, sem eg hefi leyft mér að koma fram með, ásamt háttv. 1. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.), fara fram á, að byggingarkostnaðurinn verði færður niður í lágmarkið, sem mentamálanefndin á-leit fært að setja. Í nefndinni hélt eg mér stöðugt að lágmarkinu, jafnvel þótt eg ekki gerði neitt ágreiningsatkvæði í nefndarálitinu.

Hámarkið hjá nefndinni var það, að skólinn væri bygður fyrir alt að 30 heimavistir, og til þess varið 55 þús. Lágmarkið var aftur, að ekki væri varið til byggingar skólahússins nema 40 þús. kr. með 20 heimavistum, en svo væri alveg slept öllum æfingarbekkjum. Það má auðvitað segja, að sumt mæli með því, að hafa þessa bekki í skólanum sjálfum, en hins vegar fylgir því einnig kostur, að hafa æfingarbekkina í barnaskólanum, og sparar auk þess mikið fé.

Í fyrsta lagi sparast við þetta fyrirkomulag réttar 15,000 kr. í eitt skifti fyrir öll í byggingarkostnað. Í öðru lagi sparast einnig töluverður árlegur kostnaður við kensluna, því búast má við, að kennaraskólinn mundi taka að sér kenslu í einum til tveim bekkjum í barnaskólanum og fá fulla borgun fyrir. Þenna sparnað má sjálfsagt gera um 4—800 kr. árlega. Auk þess geta þessir skólar á ýmsan hátt verið hvor öðrum til styrktar. Það hefir bætandi áhrif á kensluna í barnaskólanum, að hafa æfingarbekkina þar, og hins vegar er miklu hægara aðstöðu fyrir kennaraskólann, að fá til æfinga börn á mismunandi aldri og þroskastigi í barnaskólanum en annarstaðar.

Það er líka eitt atriði, sem kemur til athugunar, ef skólinn er bygður hér í Reykjavík og æfingarbekkir hafðir í honum. Það yrði nefnilega óumflýjanlegt að byggja skólann á hagkvæmum stað í bænum, vegna barnanna, svo þau ættu hægt með að sækja skólann, en nú er mjög lítið um hentug byggingarstæði hér í bænum, og mundu þau þess vegna mjög dýr. Aftur á móti liggur barnaskólinn á mjög hentugum stað, svo þótt kennaraskólinn liggi dálítið út úr, þá getur það ekki bakað kennurunum og kennaranemendunum, sem gera má ráð fyrir að séu ungir menn á bezta aldri, nein veruleg óþægindi.

Það, sem mælir með breyt.till., er sérstaklega þetta. Við hana sparast 15 þús. kr. í eitt skifti fyrir öll, og að minsta kosti 400—800 kr. árlegur kostnaður, og skólinn verður miklu þægilegri aðstöðu fyrir nemendurna hvað æfingarnar snertir. Og þótt heimavistunum sé lítið eitt fækkað, þá

er ekki víst að aðsóknin verði svo mikil, að það þurfi á þeim að halda; og þótt svo væri, þá er hér svo miklu hægara að fá húsnæði fyrir nemendurna heldur en t. d. á Akureyri, og þess vegna órétt að fleygja meiru út í bráð en þörf er á. Þótt eg væri eindregið með heimavistunum á Akureyri, þá er alt öðru máli að gegna hér í Reykjavík, þar sem svo hægt er um húsnæði, eins og eg mintist á.

Eg sé því ekki betur, en að flest mæli með þessari brt. okkar, og eg veit einnig, að mentamálanefndin í heild sinni muni ekki setja sig á móti henni.

Björn Kristjánsson: Eins og sjá má af brt. á þgskj. 171, erum við fim. hennar ekki samdóma hv. nefnd, hvorki um fé, sem verja skuli til skólahússbyggingarinnar, né um staðinn handa skólanum. Mér er kunnugt um það, að það er eindreginn vilji Hafnfirðinga, að skólinn haldi áfram að vera þar sem hann er nú. Þetta er eðlilegt, því að bæði munu þeir sakna skólans úr bænum, og svo munu þeir líta svo á, að þeir sýni ræktarleysi við gjöf gefanda Flensborgarskólans, ef þeir styðja að því, að skólinn flyttist burtu. Og þótt það hafi má ske ekki stóra þýðingu í þessu máli, eitt út af fyrir sig, þá má þó gera ráð fyrir, að skólastjórann mundi taka það sárt, að vita hús það, sem faðir hans gaf til skólahalds, notað sem t. d. fiskihús eða geymsluhús annarar vöru. En það er ekki einungis eðlilegt, að Hafnfirðingum þyki það leitt, að skólinn sé lagður þar niður, en mér virðist, að þingið ætti einnig að taka tillit til þess, hvernig hann er stofnaður, og sýna honum rækt; en það sýnir ekki nægа ræktarsemi hjá þinginu, að vinna að því að eyðileggja skólann, og geri það slíkt, þá er það sízt hvöt fyrir núlifandi menn, að gefa gjafir til þjóðþrifastofnana.

Eg játa það, að það *gætu* verið knýjandi ástæður fyrir hendi að leggja skólann niður, þrátt fyrir alt og alt. En svo er ekki. Það hefir verið tekið fram, að sömu mundu verða kennarar við Reykjavíkurskólann og Flensborgarskólann, enda líklega ekki völ á öðrum betri; sömuleiðis hefir það verið tekið fram, að kenslu við hinn nýja skóla mundi hagað svipað og í Flensborg. Breytingin er þá ekki æði mikil, þar sem hún mun helzt verða sú, að kennararnir séu settir á föst laun. Það hefir verið tekið fram, að ýmsir kostir væru við að flytja skólann til Reykjavíkur; en flest hefir það verið fremur léttvægt, og varla gert að vega á móti kostunum við að hafa hann kyrran í Flensborg. Hið eina, sem játa má að við nokkuð hafi að styðjast, er það, að hægra sé að fá tímakennara í Reykjavík en í Hafnarfirði; það kann vel að vera, að eins og nú stendur verði nokkuð örðugra að fá þar tímakenslu í söng, teikningu og leikfimi. En það má fulltreysta því, að úr þessu muni brátt bætast. Eins og vér vitum, er söngmentinni óðum að fara fram, og bær, eins margmennur og Hafnarfjörður, getur ekki lengi verið svo afskiftur með söng, að það megi ekki fá allnýtan söngkennara. Sama er um teikninguna að segja, fjöldi manna lærir hana nú á teiknískólanum, og má telja sjálfsagt, að einhver þeirra, er þar hafa lært, settist að í Hafnarfirði, ef hann vissi þar atvinnuvon við teiknikenslu. Það mætti má ske segja, að einna erfiðast yrði með leikfimiskenslu, — og þó held eg það ekki, — en þó nú svo væri, þá álít eg hana sízt nauðsynlega af þessu þrennu fyrir fólk það, sem á kennaraskólann gengur; það er á skólanum að eins að vetrin-

um, og það fáa vetur, en gengur flest að allri almennri erfiðisvinnu hinn tímann. Eg sé ekki betur en að gera megi ráð fyrir því með allmikilli vissu, að undir eins og veruleg atvinnuvon yrði í Hafnarfirði við að kenna þessar námsgreinar, þá mundi og engin vandræði verða á að fá mann eða menn til að kenna þær, það mundi fleiri en einn fús á að setjast þar að við þá kenslu, eða einhver Hafnfirðingurinn leggja sig eftir að læra þessar listir. Svo að í raun og veru er hér engin sterk ástæða gegn því, að skólinn sé í Hafnarfirði. Það er einmitt gert ráð fyrir, að tímakennarar verði við gagnfræðaskólann á Akureyri, sennilega til að kenna einmitt þessar sömu greinar; við það hafa menn ekkert að athuga, og mun Akureyri þó ekki standa öllu betur að vígi með að útvega sér slíka kennara en Hafnarfjörður, því að þegar um frambúðarfyrirkomulag er að ræða, þá má ekki líta á, hvernig ástatt kann að vera í svipinn, ekki líta á það, þótt Akureyri kunni t. d. að hafa betri söngkennara í svip en Hafnarfjörður; slíkt er ekki lengi að breytast.

Það mun reynast svo, hvað sem nú kann að verða sagt, að skólavistin mun reynast dýrari í Reykjavík en í Hafnarfirði, þannig munu flestir nemendur eyða þar meiri vasapeningum en í Hafnarfirði.

Í Hafnarfirði hafa nemendur verið stakir reglumenn, en þegar vér lítum á skólana hér, þá er því miður ekki hægt að segja hið sama um alla þá, sem á þá hafa gengið. Það sjá allir hve nauðsynlegt það er, að þeir, sem eiga að læra að ala upp ungmenni, venjist á námsárum sínum á að vinna, hlýða og vera reglusamir, og ef dæma má eftir reyndinni, þá er Hafnarfjörður líklega fult svo vel fallinn til þess að kenna slíkt sem Reykjavík.

Eins og kunnugt er, þá hefir fjöldi nemenda sýkst í skólum í Reykjavík, og eigi allfáir dáið, en þau rúm 20 ár, sem skóli hefir verið í Flensborg, hefir ekki nema einn nemandi dáið þar, og mjög lítið verið um veikindi í skólanum, og það lítið, sem það hefir verið, engin alvarleg veikindi, og þetta þrátt fyrir það, þótt langt sé frá að skólahúsið fullnægi þeim kröfum, sem gera má til skólahúsa. Þetta sýnir, að engin sýki loðir við skólahúsið í Flensborg, og að vist muni vera þar holl fyrir heilsuna. Það er og sjálfsagt af þeim ástæðum, að kennaraskólar eru víða erlendis hafðir utan við bæina, að það þykir hollara fyrir nemendur. Það er ekki gott að segja, hvað kosta muni að gera við skólahúsið í Flensborg, svo að vel megi við una. Eg er sjálfur ekki fullkunnugur skólahúsinu í Flensborg, og verð því að nokkru leyti að fara eftir sögusögn kunnugra manna. Eins og húsið er nú, er þar rúm fyrir 4 bekki, 15 heimavistir og íbúð handa skólastjóra. Kunnugur maður, sem töluvert skyn ber á byggingar, hefir sagt mér, að hann álíti að hægt væri að byggja húsið um, af sömu stærð, en hækka það þó undir lott, fyrir 10,000 kr., og hefi eg heyrt að skólastjórinn muni vera á sömu skoðun, og að hann byggi hana meðfram á ummælum húsasmiðs, sem hefir athugað málið. Við höfum sett upphæðina dálítlu ríflegri til vonar og vara. Þegar húsið væri búið að fá þessa endurbót, ætti það að vera því nær eins og nýtt, og nægja fyrst um sinn. Það er ekki óhyggilegt, að sjá hverju fram vindur, sjá hver aðsóknin verður, áður en farið er að byggja verulega stórbyggingu. Reyndist aðsóknin mikil, mætti byggja nýtt hús í viðbót, en nota gamla húsið fyrir heimavistir og kenslustofur líka, ef rúm vinst til.

Eg gleymdi að geta eins áðan, og það er, að börnin í Hafnarfirði eru af töluvert annari gerð en börn í Reykjavík, og miklu líkari börnum upp til sveita, með öðrum orðum þeim börnum, sem meginþorri kennaraefnanna á að kenna síðar meir; og það er verulegur kostur, að þau fái að venjast við á kennaraskólanum börn, sem líkust þeim, er þau eiga að fást við, þá er þau eru orðin kennarar.

Þegar eg virði alt þetta fyrir mér, sé eg ekki betur, en að réttast sé að halda sér nú við það, að gera við skólahúsið í Flensborg og halda kennaraskólanum uppi þar; meðal annars má líta á, hvílíkur fjársparnaður það er. Þá má og geta þess, að yrði síðar hugsað til að byggja skólahúsið úr steini, mundi það verða ódýrara í Hafnarfirði en í Reykjavík, því að þar er bæði möl, mulningur og sandur rétt við hendina.

Skal eg svo ekki fjölyrða um þetta fyr en eg heyri nýjar ástæður og ný mótmæli; en vona að hv. deild taki brt. okkar vel.

Framsögumaður (Þórh. Bjarnarson): Eg skal fyrst vikja að brt. hv. 1. þm. Húnv. og 1. þm. N.-Múl., er kom fram í samráði við nefndina, og með samþykki hennar. Hún fer fram á að færa fjárveitinguna niður í hið lægra mark, sem nefndin hefir sett, og er nefndin því samdóma. Aftur er nefndin algerlega ósamþykk brt. á þgskj. 171, og skal eg koma að því síðar.

Þegar mentamálanefndin var sett hér í deildinni, þá var af flutnm. till. lögð mikil áherzla á það, að landið vantaði »fag»kenslu. Þetta líkaði mér vel, því menningin er undir því komin, að störfin greinist sem mest, svo að hæfileikarnir æfist og skerpist til sérstakra starfa og verði færir um að leysa þau sem bezt af hendi. En til þess þarf fagmentun. En mentamálanefndinni er það fyllilega ljóst, að kennaraskólinn á að vera fagskóli. Eg hefi lesið umræðurnar um kennarafræðslu á undanförandi þingum, og þar hefir ráðið þessi raunalegi misskilningur, sem enn þá eldir eftir af, að kensla á gagnfræðaskóla, kvennaskóla, eða í lægri bekkjum latínuskólans væri nóg til þess, að búa menn undir að kenna í barnaskólum. Að vísu þarf á kennaraskóla að læra ýmsar greinir, sem kendar eru á þessum skólum, en á kennaraskólanum verður aðaláherzlan að hvíla á því, að læra að kenna. Að læra einhverja grein, og að læra að kenna hana, er sitt hvað. En leikni í því að kenna, leikni í kenslulistinni fæst að eins með því að iðka hana. Það má kenna námsgreinarnar svo, að þær verði mjög lélegt sálarfóður, og það verður oft. En á kennaraskólanum á alt að snúast um þetta, að æfa kennaraefnin í að kenna námsgreinarnar svo að haldi komi, og þetta verður skólinn að hafa fyrir augum frá fyrstu til síðustu kenslustundar.

En það getur enginn gagnfræðaskóli gert.

Annað meginatriði, er nefndin heldur fast fram, er það, að heimilisvistir verði við skólann. Skólinn verður í kaupstað, hvort heldur hann verður í Reykjavík eða Hafnarfirði, og verður þá dvölin við hann alt af dýr, ef ekki verður ókeypis bústaður, með væntanlegum útbúnaði til sameiginlegs fæðis. Við vorum að leggja þetta niður fyrir okkur, og komumst að þeirri niðurstöðu, að dvölin yrði nemendum hálfu ódýrari með heimavistum en án þeirra.

Það kom til tals í nefndinni, að veita húsaleigustyrk, en það mundi verða langt um dýrara fyrir landið en að hafa heimavistir. Auk þess ættu allir

að skilja, að heimavistir undir góðum skólastjóra skapa samlíf, er hefir holl áhrif á nemendurna.

Gagnvart háttv. 1. þm. Gullbr. og Kjósarsýslu skal eg taka það fram, að við ætlumst til, að slíkur skóli með heimavistum yrði ekki settur inni í bænum, heldur hefði sitt fría svæði utan við bæinn; en hins vegar held eg ekki að Reykjavík sé sú Babýlon, (*L. H.B.*: Sódóma!) eða að hér sé svo mikið sukk, að það væri svo hættulegt fyrir nemendur. Og að því er snertir börnin hér í Rvík, vona eg að þau séu ekki svo illa uppalin, að ekki væri hægt að tjónka við þau í æfingarbekk. Ólæti koma oftast af því, að börnunum leiðist kenslan, og þeim leiðist hún af því, að kennararnir kunna ekki að kenna.

Þriðja atriðið, sem nefndin leggur áherzlu á, er að skólinn verði í Reykjavík. Það stendur í sambandi við að kennaraskólinn er fagskóli. Flensborgarskólanum verður ekki breytt úr alþýðuskóla í kennaraskóla, því það er á móti gjafabréfinu. Það var réttilega tekið fram af hæstv. landsh. 1895, að þó að kennarafræðslu mætti setja í samband við Flensborgarskólann, sem framhaldsfræðslu, er sérstakt fé væri veitt til, þá gæti kennaraskóli ekki komið í stað gagnfræðaskólans.(*Landsh.*: Þetta er líka gagnfræðaskóli). Í annan stað er það efalaust nokkuð tvísýnn hagur við það að byggja upp húsið í Hafnarfirði. Því eru nú aðrir kunnugri en eg, og gæti eg búist við, að formaður nefndarinnar skýrði það mál betur. En það veit eg, að húsið er svo gallað, að það verður að byggja það upp að nýju. En það er ekki aðalatriðið, heldur hitt, að hér eru alt önnur og betri skilyrði fyrir kennaraskólann en í Hafnarfirði. Hér má hafa æfingarbekk, eða æfingarbekki, og fá úr þessum mikla fjölda í þá börn á mismunandi reki, og er full vissa fyrir því, að það verður af bæjarstjórnarinnar hálfu gert svo greiðlega, sem frekast er unt. Í nefndarálitinu er það tekið fram, að bæjarstjórnin muni greiða hið sama fyrir kensluna og hún annars greiðir. Að vísu er það ekki stórvægilegt atriði, en taka má það til greina. Í Reykjavík er hægt að fá góða krafta til stundakenslu. Það ætti og að hafa mentandi áhrif á nemendur, að geta hér notið hins helzta, er bærinn hefir að bjóða, af fyrirlestrum, söng, og eg leyfi mér að bæta við sjónleikum, auk annars fleira. Yfir höfuð eru hér margs konar tækifæri til að afla sér frekari mentunar en í smákaupstað, fyrir þá sem efnilegir eru. En sérstaka áherzlu legg eg á það, að með því að stofna reglulega myndarlegan kennaraskóla í Reykjavík, er því heitið af hálfu löggjafarvaldsins, að alþýðufræðslan verði nú tekin til rækilegra umbóta, og kjör kennaranna bætt, bæði af hálfu landssjóðs og sveitarsjóðanna. Eitt atriði er það, sem skýra verður betur, og það er kostnaðaráætlunin. Hún byggist á því, þegar nú er haldið lægra markinu, að húsið verði tvílyft, og 600 □ álnir að grunnstæði. Þessar 1200 □ álnir yrðu þá notaðar þannig, að 4—500 □ álnir yrðu kenslustofur, lestrarstofa, kennarastofa og geymsluherbergi, 400 □ álnir til íbúðar fyrir skólastjóra og rúmar 200 □ álnir fyrir 20 heimavistir, og er þá ætlast til að 10—12 □ álnir í gólfi séu fyrir hverja heimavist. Minna verður með engu móti komist af með, þar sem nemendur í svefnherbergjum sínum verða að hafa geymsluskápa m. m. Eru þá eftir 100—200 □ álnir til ganga og forstofu. Þetta verður að teljast hæfilegt. Svo ætlumst vér til, að hverri □ alin megi koma upp fyrir röskar 60 kr., með þeim prís

um, sem nú eru á efni og vinnu. Í kjallaranum getur verið íbúð fyrir matselju, herbergi fyrir matarhald og geymslu. Þetta er nú stofnkostnaðurinn. Viðvíkjandi árlegum kostnaði, þá höfum vér sett launin svo lágt, sem nefndin hugði að mætti bjóða, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess, að þetta eru ekki eftirlaunaembætti. Og þar sem gagnfræða- og kennarafræðslan í Flensborg nú kostar 6800 kr. á ári, þá mundi árskostnaður við kennaraskólann verða 9000 kr., og getur sá viðauki engum vaxið í augum. Því var hreyft hér við 1. umr., hvort nauðsyn væri að hafa 3 fasta kennara, og mætti ef til vill fara á stað með 2, þó að það sé alt af mjög leiðinlegt, að verða að lifa á mikilli tímakenslu, en engin brt. liggur fyrir um það.

Eg get vel skilið, að Hafnarfjörður sjái eftir því að missa skólann. En við það getur maður ekki miðað, ef hér er um verulega bót að ræða. Hitt get eg ekki séð, að með þessu sé á nokkurn hátt sýnt ræktarleysi við hinn látna gefanda. Gjafabréfið gerir ráð fyrir því, að svona geti farið. Skólastofnunin legst niður um stund, þangað til hún er orðin nógu rík, til að bera sig sjálf, eða þingið síðar veitir fé til viðbótar í skólahald, sem samrýmist gjöfinni. Því hefir verið hreyft, hvort kennararnir í Flensborg væru því hlyntir að flytja hingað. Eg hefi ekki haft tal af 3. kennaranum, en eg hefi skilið það svo, sem hinir tveir væru breytingunni ekki mótfallnir, en ekki heldur sérlega fúsir á það.

En verður nú aðsóknin nóg að skólanum? Það er alvarlegasti pósturinn. Hún hefir ekki verið mikil í Flensborg; í vetur sem leið voru þar 6, en að eins 2 tóku próf. En eg álít, að kennaraskólastofnunin sé svo ljós vottur um, að nú sé vaknaður áhugi og lagt inn á nýja braut í lýðmentamálunum, að það nægi til að draga menn að skólanum, og vekja betri vonir um alþýðukennarastöðuna, auk þess sem Reykjavík hefir margsýnt það, að hún dregur sérstaklega að sér nemendur.

Skúli Thoroddsen: Af því eg er annar flutningsmaður breyt.till. á þskj. 171, þá langar mig til að fara um þær nokkrum orðum. Skal eg þá fyrst víkja að því, sem háttv. framsögum. sagði síðast í ræðu sinni: »Verður skólinn fjölsóttur?« Aðsóknin að Flensborgarskólanum bendir ekki á það. Þar luku 2 próf síðasta vetur. Með þetta fyrir augum álít eg að þingið geri rétt í því, að fara gætilega á stað, leggja eigi of fjár fram að óþörfu til skólahússbyggingar í Reykjavík, en gera kennarafræðsluna í Flensborg á hinn bóginn sem bezt úr garði. Kjör alþýðukennaranna eru svo bágborin, að ekki er við því að búast, að aðsóknin að skólanum verði mikil fyrst um sinn. — Þess vegna finst mér ekki ástæða til að setja á stofn svo dýran skóla, sem nefndin fer fram á, með 20—30 heimavistum. Fyrst um sinn gætu menn látið sér nægja að nota það húsrúm, sem er í Flensborg. Setjum að þingið aðhyltist að færa byggingarkostnaðinn niður í 40,000 kr., þá sparast þó 28 þúsund kr., ef þingið aðhyltist tillögu okkar; og þó að síðar þyrfti að auka og bæta húsið, ef aðsókn að skólanum yxi að mun, þá yrði það ódýrara í Hafnarfirði, því eins og kunnugt er, þá er byggingarkostnaður talsvert meiri hér í Reykjavík, en raun verður á annarstaðar. En eg get, sem sagt, ekki gert mér von um, að aðsókn að kennaraskóla verði mjög mikil í bráðina. — Hitt verður fyrst að ganga á undan, að kennararnir eigi von á lífvænlegri

stöðu á eftir. En staða þeirra er nú mjög bágborin. Jafnvel í sjávarþorpum fá þeir ekki nema 300—400 kr. yfir allan skólatímann, og það er ekki svo fýsileg staða að búa við, að þeir verði ýkja margir er vilja kosta sig 3 ár á kennaraskóla til þess að ná í hana.

Eg verð líka að líta svo á, að það verði dýrara að lifa í Hafnarfirði en í Reykjavík (*Þórhallur Bjarnarson*: Ekki með heimavistum). Enda þótt heimavistir verði í skólanum, efast eg um, að kostnaðurinn verði ekki meiri í Reykjavík; meðal annars mundu nemendurnir brúka hér meira í skemtanir af ýmsu tagi, og fæði og þjónusta einnig kostnaðarmeira; og þar sem sú ástæða var færð fram, að hér væru söfnin við hendina, þá er hún ærið þýðingarlítil í *mínum augum*, þar sem fjarlægðin er svo lítil milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, að þeir, sem þar væru, gætu notað söfnin hér eins oft og þeir þyrftu. Þeir, sem hér eru, nota þau ekki nema ef til vill tvisvar eða þrisvar í mánuði.

Eins og tekið var fram við 1. umr., þá er þessum kennaraskóla svo fyrir komið, að hann er í raun og veru þetta tvent: gagnfræðaskóli og kennaraskóli. En eins og menn vita, stendur fyrir dyrum, og verður án efa ekki langt þess að bíða, að það verði gerð breyting á latínuskólanum í þá átt, að gagnfræðakensla fari fram í hinum neðri bekkjum hans. Þá höfum við því í raun og veru 2 gagnfræðaskóla í Reykjavík, og það sjá allir, að það er óþarft, og fer því betur á því, að annar gagnfræðaskólinn, sem jafnframt er kennaraskóli, sé í Flensborg. — Svo er og á það að líta, að þegar gagnfræðakensla er komin á í latínuskólanum, þá mætti virðast, að það væri ekki brýn þörf á því, að hafa alþýðuskóla í Hafnarfirði. En nú vitum við, að gjafabréfið er þannig orðað, að þar á að vera alþýðuskóli. — Undir þessum kringumstæðum sé eg ekki betur, en að menn geti ekki notað þau hlunnindi, sem gjafabréfið veitir; en ef samhliða við alþýðuskólann í Flensborg er kennarafræðsla, þá fellur alt í ljúfa löð.

Þá er enn eitt atriði. Eg get ekki betur séð, en að hinum núverandi kennurum skólans í Flensborg sé gert rangt til. Hvar höfum við nokkurn staf fyrir því, að kennararnir við Flensborgarskólann verði skipaðir við kennaraskólann í Reykjavík? Við höfum enga tryggingu fyrir því. Nefndin hefir að vísu látið í ljósi, að sér finnist eðlilegt, að þeir menn verði þar skipaðir kennarar; en um það stendur ekkert í frumvarpinu; það er ekkert, sem knýr landsstjórnina til að taka þá; landsstjórninni er fullkomlega frjálst, eftir þessum lögum, að taka aðra menn til þess. En eg geri ráð fyrir, að þegar þingið er búið að setja á stofn kennaraskóla í Reykjavík, þá verði það ótúsara á að leggja jafnframt fé til Flensborgarskólans; og þá verður þeim mönnum, sem hafa starfað í mörg ár fyrir landið með fremur litlum launum, í einni svipan kastað út á klakann. — Háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) tók það fram, að aðalatriðið í þessu máli væri það, að kennaraskólinn ætti að kenna mönnum að kenna; en eg get ekki séð, að það séu betri tök á því hér í Reykjavík heldur en í Hafnarfirði. Barnaskólabörn í Hafnarfirði munu nú vera nálægt 100, eða þar í kring, og það er söfnuður, sem ætti að nægja til þess, að kennaraefnin geti fengið nægilega æfingu. Að öðru leyti legg eg eigi mjög mikla áherzlu á það hlutverk kennaraskólans, að kenna mönnum að kenna, því að kennarahæfileikar manna

fara svo afar-mikið eftir því, hvort menn eru vel fallnir til kenslustarfsins eða ekki, og yfir höfuð kunna að hafa þau tök á börnum, sem vera þarf.

Eg get ekki séð, að menn hér á landi muni fremur komast á þá skoðun, að þingið vilji nú fyrir alvöru fara að gera eitthvað fyrir alþýðumentunarmálið, þó menn byggi hús fyrir 40—50 þúsund kr., heldur en ef menn settu á stofn kennaraskóla í Flensborg, sem hægt er að gera fyrir miklu minna fé. — Eg held að almenningur út um land hljóti að segja sem svo: Það er auðséð, að þingmennirnir vilja hlynna að alþýðumentunarmálinu; en þeir hafa farið óskiljanlega kjánalega með fé landsins, þar sem þeir veittu 40 þús kr. til húsbyggingar í Reykjavík, en höfðu þó hús í Flensborg í Hafnarfirði, sem þeir ætla nú að láta standa ónotað, en eigi mundi þurfa að kosta meira upp á en 10—12,000 kr., til að gera það full-viðunandi. Hvað getur mönnunum nú gengið til þessa? Hér hljóta að vera einhverjar persónulegar ástæður; það mundi þó ekki vera það, að Reykjavíkursóttin sé farin að grípa svo um sig, að kennararnir í Flensborg haldist þar ekki við lengur?

Sem sagt, að það sé nokkur knýjandi ástæða til þess, að fara að eyða að óþörfu nálægt 30 þús. kr. úr landssjóði, að eins til þess að hafa skólann hér í Reykjavík, í staðinn fyrir í Hafnarfirði, það hefi eg ekki getað sannfærst um, og finst þær ástæður, sem hafa verið færðar fyrir því, ekki vera fullnægjandi.

Hannes Hafstein: Það er mjög eðlilegt, að háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) og háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) séu með því, að halda skólanum í Hafnarfirði, þar sem annar er þingmaður kjördæmis þess, sem Hafnarfjörður er í, en hinn á heima í nándinni, og auðvitað vill koma sér vel við nágrannana. — En það tjáir ekki að taka tillit til einstakra manna eða einstakra sveitarfélaga, heldur verður að eins og eingöngu að hafa það fyrir augum, hvað málefninu og landinu í heild sinni sé fyrir beztu.

Mér skildist á háttv. ræðumanni, sem síðast talaði, að þetta mundi vera borið fram af því, að einstakir menn vildu flytja sig til Reykjavíkur, og eg gat ekki betur skilið, en að þessu væri fleygt til núverandi kennara í Flensborg. — En mér er kunnugt um, að yfirkennarinn óskar fyrir sína persónu mikið eftir því, að geta verið kyr, þar sem hann er, og ef hann mætti kjósa, eftir því sem honum er geðfeldast og hagkvæmast, þá mundi hann vafalaust óska framgangi fyrir breyt.till. h. hv. þingmanna. En hann hefir sýnt það lengi, að málefni það, sem hér er um að ræða, alþýðufræðslan og kennarafræðslan, er einlægt áhugamál hans, sem hann vill leggja mikið í sölurnar fyrir; og ef hann gengur inn á það, að flytjast með skólanum til Reykjavíkur, þá er það af því, að hann vill leggja sínar persónulegu óskir og persónulegu hagsmuni undir almenningshag, og láta á móti sér málefnisins vegna.

Það er auðheyrt á báðum hinum h. þingmönnum (B. Kr. og Sk. Th.), að þeir misskilja hvernig fyrirkomulag þessa kennaraskóla er hugsað. Þeir hafa báðir komið með það sama, að það sé meiningin, að það eigi að verða aðallega gagnfræðaskóli; háttv. 1. þm. G. K. (B. Kr.) sagði, að 2 fyrstu árin ætti að vera gagnfræðakensla eingöngu, en að eins síðasta árið kennarakensla jafnframt, eins og verið hefir í Flensborg síðustu ár. Hann hefði átt að líta á nefndarálitið. Meiningin er sú, eins

og háttv. framsögum. tók fram, að þetta sé eingöngu kennaraskóli; kennaramentunin á að byrja strax í fyrsta bekk, þar sem frá upphafi á að kenna hinar tilteknu námsgreinar, (sbr. 4. gr.), með það sérstaklega fyrir augum, að nemendurnir læri að kenna þær frá sér.

Háttv. þm. N.-Isf. (Sk. Th.) sagði, að það væri eins hægt að kenna mönnum að kenna í Hafnarfirði eins og í Rvík. — Það er að vísu satt, að öðru jöfnu; en það er ekki eins hægt að kenna mönnum að vera góðir kennarar með stuttri aukakenslu, sem hnýtt er aftan í gagnfræðakenslu, eins og með sérstökum kennaraskóla, og slíkan sérstakan skóla getur löggjafarvaldið ekki sett upp í staðinn fyrir Flensborgarskólann. Flensborgarskólinn verður eftir stofnskrá gefandans að vera alþýðuskóli og gagnfræðaskóli, sem að vísu getur haft kennarakensludeild á samt aðalstarfi sínu. En að breyta honum í *kennaraskóla eingöngu*, sem ekki væri jafnframt alþýðuskóli og gagnfræðaskóli fyrir *aðra* en kennara efni, það væri gagnstætt gjafabréfi síra Þórarins sál. Böðvarssonar. Hætti hið opinbera að leggja fé til Flensborgarskólans, sem *alþýðu- og gagnfræðaskóla*, þá er engin heimild til að taka hann til annarar notkunar, heldur á þá, eftir stofnskránni, að geyma og ávaxta tekjur stofnunarinnar, þangað til henni vex svo fiskur um hrygg, að nóg fé er fyrir hendi til þess, að hinum upphaflega tilgangi væri náð og skólinn getur af eigin rammleik fullnægt tilgangi stofnanda.

Eg hefi því miður ekki neina sérstaka þekkingu á húsinu í Flensborg; eg veit ekki annað um það, en það sem skólastjóri og aðrir kunnugir menn hafa sagt mér, og var það nokkuð svipað því, sem háttv. 1. þingm. G.-K. (B. Kr.) tók fram, að það mundi mega nota húsið, ef það væri rifið og bygt upp aftur; upphæðin, sem hann taldi að til þess mundi þurfa, var og svipuð þeirri, er háttv. þingmaður nefndi. — En svo fór eg nákvæmar að spyrjast fyrir um, hvað nota mætti úr húsinu, ef það væri bygt upp aftur. Eg spurði, hvort nota mætti grindina, og var svarað: *nei*, stafirnir yrðu of stuttir; hvort nota mætti klæðninguna eða þilin — *nei*; hvað það væri þá? Það kom þá fram, að það sem nota mætti, væri ýmislegt úr húsinu í skilrúm — undir »betrek«, og svo borðviðinn til að hafa undir pappaklæðning eða járnklæðingu. — »Hvernig getur þá staðið á því, að þið hugsið ykkur að byggja megi upp fyrir svona lága upphæð?«

»Það er af því, að það verður billegra, ef við eigum að gera það sjálfir, heldur en ef hið opinbera gerir það«. — Eitthvað í þessa átt var samtalið. Grundvöllurinn undir fjárhagslegu hliðinni á breyt.till. er því eftir minni hyggju nokkuð laus.

Það er sannfæring mín, að jafnvel þó ekkert sérstaklegt væri því til fyrirstöðu, að landið legði niður alþýðu- og gagnfræðaskólann í Flensborg, og bygði þar upp kennaraskóla í staðinn, þá yrði það ekki ódýrara en hér, ef húsið ætti að vera þannig úr garði gert, að það fullnægði kröfum tímans. Spurningin verður þá að eins um, hvort það verður hentugra að byggja slíkt hús í Hafnarfirði heldur en í Reykjavík. — Eg fyrir mitt leyti verð að álíta, að það sé eðlilegast, að kennaraskólinn sé reistur hér í Reykjavík, eins og stefnan er, að flytja hinar æðri mentastofnanir til höfuðstaðarins. Og það er margt, sem til þess ber. Það er bæði betra að fá tímakenslu hér en í Hafnarfirði; svo er það og hagur að geta notað söfnin, og hagnýtt sér ýmislega auka-

kenslu, svo sem tekniskan kvöldskóla o. fl.

En af því marga, sem mælir með því, að skólinn sé hér heldur en annarstaðar, þá legg eg mesta áherzlu á það, að aðsóknin að skólanum mundi vissulega verða meiri hér heldur en annarstaðar. Þetta hlýt eg að telja aðalatriði. Það er engin sönnun fyrir því, að menn vilji ekki ganga á kennaraskóla, þótt aðsóknin hafi verið lítil við kennarafræðsludeildina í Flensborg. — Því fyrir hvað hefir það verið? I fyrsta lagi hefir þar ekki verið fagskóli, heldur að eins ófullnægjandi aukakensla í þeirri grein, og svo hefir mönnum ekki þótt fýsilegt að fara þangað, af því að heimavistirnar hafa ekki verið eins góðar og vera ætti, og ekki eins góðar og í öðrum skólum. — Svo hefir mönnum úr fjarlægum héruðum þótt óeðlilegt, að fara fram hjá höfuðstaðnum, úr því menn þyrftu á annað borð að sækja langar leiðir suður á land.

Þetta og ýmislegt annað hefir gert það að verkum, að almenningsálitið hefir orðið fremur lítið fylgjandi kennarafræðslunni í Flensborg, og skólinn hefir ekki haft það aðdráttarafl, sem ella mundi.

En eg held að nýr staður, ný bygging og nýtt fyrirkomulag yrði sterk hvöt til þess, að draga nemendur að skólanum, og þannig bæta úr þeirri miklu þörf, sem landið hefir fyrir kennara handa æskulýðnum út um landið.

Það er vitaskuld, eins og háttv. þm. N.-Isf. (Sk. Th.) tók fram, að þau kjör, sem kennarar eiga við að búa nú, eru ekki sérlega laðandi eða lokkandi fyrir menn til þess að ganga þenna veg. — En allir, sem játa að kennarafræðslan sé mikilsverð, og vilja að kennaraskólinn komist á og verði vel sóttur, þeir hljóta að kannast við, að það þarf margt að laga, að því er kjör kennara snertir; það verður að gera eitthvað verulegt til þess að laða menn að þessu mikilsverða starfi; það verður að tryggja stöðu þeirra, gefa þeim forgangsrétt, er á skólann ganga, og sjá um, að kennarar fái borgun, með því að binda landssjóðsstyrk því skilyrði, að sveitarfélögin eða aðstandendur borgi þeim sómasamlega auk landssjóðsstyrksins.

Eg skal í þessu sambandi taka það fram, að það var ekki rétt, sem háttv. þm. tók fram, að það þurfi endilega að ganga á skólann í 3 ár, til þess að geta verið sveitakennari eða umgangskennari; því að það er einmitt ætlast til þess, og tekið fram, að farandkennarar geti lokið sér af á 1 ári fyrst um sinn.

Að endingu skal eg taka það fram, að mér finst, að úr því menn verða að viðurkenna, að góð kennarafræðsla sé undirstaða undir góðri alþýðufræðslu, og bygging kennaraskóla eigi að vera fyrsta sporið í þá átt, að löggjafarvaldið taki nýja stefnu í alþýðufræðslumálum landsins, þá eigi ekki við, að vera að gera það með því, að lappa upp á gamlan skóla og gamalt bráðabirgðarfyrirkomulag, setja nýja bót á fornt klæði eða nýtt vín á gamla belgi, heldur eigi að reisa hið nýja af nýju.

Eg treysti því þess vegna, að þeir sem unna alþýðumentun landsins, greiði atkvæði með frumvarpinu, en ekki með breytingartill. háttv. 1. þingm. G.-K. (B. Kr.).

ATKV.GR.: Br.till. 2 á þskj. 171 feld m. 12 : 6 atkv.

Br.till. á þskj. 170, við 1. gr., sþ. í e. hlj.

1. gr., með áorðinni breytingu, sþ. m. 20 shlj. atkv.

3. brt.till. á þskj. 171 feld með 14 : 7 atkv.

1. br.till. á 171, þar með fallin.

Br.till. á þskj. 170, við 2. gr., sþ. í e. hlj.

2. gr. með áorðinni breytingu sþ. m. 21 shlj. atkv.

3. gr. sþ. m. 21 shlj. atkv.

4. gr. sþ. m. 20 shlj. atkv.

5. gr. sþ. m. 21 shlj. atkv.

6. og 7. gr. samþ. með 22 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþykt án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað til 3. umræðu í einu hlj.

Þriðja umr., 29. júlí. (C. bls. 331; 373).

Framsögumaður (Þórh. Bjarnarson): Nefndinni hefir borist erindi frá forstöðunefnd Flensborgarskólans í Hafnarfirði, um að setja kennaraskólann þar, og snikkari Jóhannes Reykdal í Hafnarfirði boðist til að reisa skóla þar fyrir 15,000 kr. á rústum gamla hússins, en áskilur sér svo efnið úr því. Í samræmi við þetta bréf er brt. á þingskj. 220.

Þessu verður skjótast svarað með því, að það er ómögulegt að snúa þessum skóla í Flensborg upp í kennaraskóla eða sérmentaskóla; var það sýnt við 2. umr., og vitnað í orð hæstv. lh. á þingi 1895 (Bdeild bls. 571), sem taka af öll tvímæli. Gjafabréfi þeirra hjóna, sira Þórarins heitins og konu hans, getur löggjafarvaldið ekki snert við, en samkvæmt því á skólinn að vera alþýðu- og gagnfræðaskóli. Það er hægt fyrir löggjafarvaldið að leggja fram fé í sambandi við alþýðu- og gagnfræðaskóla, en ekki afnema hann og setja annan skóla í staðinn. Það væri líka í sjálfu sér undarlegt, að gefa þeirri sjálfstæðu stofnun stórfé. Því líklega er meiningin, að hún ætti alt fé), sem lagt væri til, því hún verður að standa á sínum eigin fótum.

En auk þessarar principíellu mótbáru, bætist það við, að mentamálanefndin getur ekki með neinu móti kannast við, að þetta fé geti hrokkið til að koma upp kennaraskóla.

Það eru 15,000 kr., sem um ræðir, og brakið úr gamla húsinu. Nú hefi eg spurt, hvað svona gamalt hús gæti kostað til niðurrifs, og þeir, sem allra hæst nefna, vilja kannske fara upp í 5000 kr. Það yrði þá í hæsta lagi framt að 20 þús. kr., sem úr væri að spila. Nú komum við ekki upp fullstóru skólahúsi hér í Reykjavík fyrir minna en 36 þús. kr.; hvernig á maður þá að hugsa sér, að eins gott hús verði bygt í Hafnarfirði fyrir 20,000 kr.? slíkt er hrein og bein fjarstæða. Tilboðið ber og með sér, að ekki er gert ráð fyrir kjallara, og hvað verður þá úr heimavistunum með sameiginlegu fæði. Kannske heimavistirnar séu sniðnar eftir fyrirkomulagi latínuskólans, sem allir fordæma; líklega mun þó hugsað fyrir tveim svefnsölunum, stúlkunum sér og piltunum sér? Annars er tilboðið svo lauslegt, að ekkert er á því að byggja, sýnist lítið sem ekkert gert fyrir þeirri sundurhólfun, sem heimavistirnar hafa í för með sér. Fyrir þetta verð kemur enginn upp því húsi, sem þarf, og vér heimtum.

Það er bæði frá lagalegu sjónarmiði gagnvart gjafabréfinu, og eins miðað við þarfir sjálfs skólans, ómögulegt að ganga að tilboðinu og brt. á þingskj. 220.

Við 2. umr. voru teknir skýrt fram kostir og ókostir við að kennaraskólinn væri hér í Reykjavík, og álít eg enga ástæðu til að endurtaka sjálfan mig um það mál. Skal eg að eins benda mönnum á, að kynna sér ræki-

lega grein, sem magister Guðmundur Finnbogason hefir skrifað, og sem var útbýtt hér í gær. Nefndin ræður því deildinni eindregið til að samþykkja frv. óbreytt, í þeirri mynd, sem það fekk við 2. umr.

Björn Kristjánsson: Við flutnm. höfum leyft oss að koma fram með brt. á þingskj. 220. Það kann nú að vera, að h. mentamálanefnd þyki það vera að bera í bakkafullan lækinn, að koma með þessa tillögu, þar sem nálega samhljóða tillaga frá mér og öðrum háttv. þm. var feld við síðustu umræðu hér í deild, en ástæðan til þess, að við höfum aftur komið fram með hana, er sú, að nú liggja fyrir alveg nýjar upplýsingar í málinu. H. frmsm. mentamálanefndarinnar (Þ. B.) bar mér á brýn, að eg hefði barist svo mikið fyrir þessu máli vegna kjördæmis míns, en eg get lýst því yfir, að við síðustu umræðu fylgdi eg eingöngu minni eigin skoðun. Eg hafði við engan mann úr kjördæmi mínu átt tal um þetta mál, nema einn einasta mann, og hann gaf mér engar upplýsingar um það, hver vera mundi almenn ósk kjördæmis míns. En einmitt síðan frumv. var síðast hér fyrir deildinni, hafa mér borist upplýsingar og áskoranir frá skólanefndinni fyrir Flensborgarskólanum, og get eg því nú lýst því yfir, að eg í dag tala bæði fyrir hönd kjördæmis míns, og mína eigin, því skoðanir mínar og þess falla alveg saman.

Skólanefndin færir einmitt þær ástæður fyrir skoðun sinni, sem eg færði fram hér í deildinni við 2. umr., nefnilega þær, að það sé miklu meiri trygging fyrir því, að nemendurnir noti vel kensluna, ef hún fer fram í Hafnarfirði, heldur en ef hún er hér í Reykjavík, þar sem svo margt glepur fyrir, og að dvölin við skólann verði mun dýrari hér en í Hafnarfirði, sem er vitanleg reynsla fengin fyrir. Svo heldur nefndin því enn fremur fram, að flestir aðstandendur nemendanna vilji fremur eiga ungmenni sín við nám í Hafnarfirði en í Reykjavík, auk þess sem Flensborgarskólinn sé svo vel settur, að nemendurnir á honum geti haft full afnot af öllu því góða, sem Reykjavík hafi fram að bjóða, en geti haldið frá sér því illa, sem þar kunni að vera að hafa.

Þessum upplýsingum skólastjórnarinnar um það, hvernig hún lítur á þetta mál, fylgir svo tilboð frá aðalsmiðnum, sem er í Hafnarfirði, Jóh. Reykdal, um að taka að sér að rífa niður og byggja upp aftur Flensborgarskólann með sömu flatarstærð, en með tveimur loftum, og kvisti, sem nái yfir þvert húsið, fyrir 15 þús. kr. H. framsm. (Þ. Bj.) dró það í efa, að það væri hægt að byggja upp húsið í þessari stærð, fyrir þessa upphæð, en mér finst það varla ætlandi, að hygginn og ráðsettur maður, eins og alkunnugt er að þessi hlutaðeigandi maður er, fari að koma með tilboð, sem hann hljóti að skaðast á. (*Stefán Stefánsson*: Það er ekki ákveðið). Jú, það er einmitt mjög svo ákveðið, því það er lofað í tilboðinu að haga húsinu eftir því, sem æskt verður eftir. Það stendur beint í tilboðinu, eftir að búið er að lýsa stærð hússins, að herbergjaskipun öll skuli verða góð og hentug, *eftir því sem fyrir verður lagt.*

Þeir, sem talað hafa móti því, að hafa kennaraskólann í Flensborg, hafa aðallega borið fyrir sig tvær ástæður.

Önnur aðalástæðan er sú, að það komi í bága við gjafabréf síra Þórarins heitins Böðvarssonar, að reisa kennaraskóla í Flensborg, enda þótt hér sé að eins um nafnið eitt að ræða, því skóli sá, sem frv. fer fram á að stofna, er alveg eins mikið gagnfræðaskóli og

kennaraskóli. Þetta sést greinilega af 4. gr. frv., því þar eru taldar upp þær námsgreinar, sem eigi að kenna á skólanum, sem sé, íslenzka, danska, saga, landafræði, náttúrufræði, reikningur, rúmfræði, skrift, teikning, handavinna, leikfimi, söngur, og svo síðast kristinfræði, uppeldis- og kenslufræði; eða með öðrum orðum nákvæmlega það sama, sem kent er við Flensborgarskólann nú. Og þar sem kenslunni var hagað þannig, *áður en síra Þórarinn heitinn dó*, þá má geta því nærri, hvort það hafi verið gert að honum nauðugum. En til þess að taka af öll tvímæli um það, hvort stofnun kennaraskóla í Flensborg sé á móti gjafabréfinu, þá skal eg leyfa mér að lesa upp 1. gr. úr reglugerð skólans 21 júlí 1882. Greinin hljóðar svo: »Ætlunarverk skólans er, að veita lærisveinum þeim, er í hann ganga, almenna mentun, glæða sálargáfurnar, auka þekkinguna, og styrkja siðferðislega hæfilegleika þeirra, að þeir verði hæfir til að standa vel í stöðu sinni sem alþýðumenn, og jafnframt gera þá færa um, *að taka að sér barnakenslu*. Ef þetta, að nemendurnir skuli verða gerðir hæfir til að taka að sér barnakenslu, er ekki næg sönnun fyrir því, að það er fullkomlega leyfilegt, samkvæmt gjafabréfinu, að stofna kennaraskóla í Flensborg, þá veit eg ekki hvaða sönnun hægt væri að fá fyrir því, því þessi reglugerð er samin í síra Þórarins Böðvarssonar lifanda lífi, og því með hans fulla samþykki og vilja.

Út af orðum háttv. framsögum. (Þ. B.), að ekki sé hægt að byggja kennaraskóla fyrir 15 þús. kr., þá skal eg leyfa mér að skjóta inn í nokkrum orðum, úr vottorði frá hinum núverandi skólastjóra, sem eg með leyfi h. forseta skal lesa upp: »Að gefnu tilefni skal eg láta það álit mitt í ljós, að 15 þús. kr. muni nægja til þess að byggja Flensborgarskólahúsið upp svo, að það verði viðunanlegt kennaraskólahús fyrst um sinn.

Flensborg 26. júlí 1903.

Jón Þórarinsson.

Um þetta atriði þykist eg ekki þurfa að fara fleiri orðum.

Hin aðalástæða andmælenda minna er sú, að þessi skóli eigi að vera skóli handa kennaraefnum, *eingöngu* til að læra að kenna. Eg verð að halda því fram, að þetta geti ekki verið rétt, meðan á meðal þeirra fræðigreina, sem kenna á á skólanum, standa fræðigreinar svo sem reikningur, náttúrufræði, landafræði og fleiri greinar, sem heyra beinlínis undir gagnfræðisnám. Væri það skilyrði sett, að nemendurnir skyldu hafa leyst af hendi próf á einhverjum gagnfræðaskóla, þá gæti eg fyrst skilið í því, að eitthvað kynni að vera rétt í því, sem h. 2. þm. Eyf. (H. H.) sagði, að hver tími, hver stund og hvert orð, gengi til þess að kenna lærisveinunum að kenna, en áður en það geti orðið, verða nemendurnir fyrst að hafa lært sjálfir, því það er ekki hægt að kenna öðrum eða læra að kenna öðrum það, sem maður ekki kann sjálfur. Að segja það, að það eigi að kenna nemendunum að kenna, um leið og þeir eru sjálfir að læra, það væri sama sem að segja við söngkennara, að hann ætti að kenna að spila með smekkvísi og af list, um leið og hann kendi lærisveinunum að þekkja nóturnar, og áður en hann væri búinn að kenna honum hvernig hann ætti að bera fingurna. Eg held enginn, ekki einu sinni slæmur söngkennari, léti sér detta í hug að nota slíka kensluaðferð.

Þriðju ástæðu mótmælenda minna í þessu máli mætti einnig nefna, sem sé

þá ástæðu, að aðsóknin að skólanum mundi verða meiri í Reykjavík en hún hefir verið í Flensborg. En í hverju liggur þá það, að aðsóknin verði meiri að skólanum ef hann verður í Reykjavík. Liggur það í því, að það verði betri kennarar við skólann? Nei, því það er ætlast til, að það verði sömu kennararnir og við Flensborgarskólann. Ekki getur það heldur verið, að ódýrara sé fyrir nemendurna að lifa í Reykjavík, og því megi búast við meiri aðsókn, því það er alveg fráleitt, enda enginn treyst sér að halda því fram. Ekki getur það heldur legið í því, að nemendurnir eigi von á betri launakjörum eftir á, því við þeim hefir ekki verið hreyft. Nei, ástæðan getur ekki verið önnur en sú, að búist er við, að nemendur muni fremur hænast að skólanum vegna þeirra *skemtana*, sem þeir eiga von á að geta veitt sér í Reykjavík. Eg verð að segja það, að sé ástæðan fyrir þá til að sækja skólann aðallega eða eingöngu sú, að eiga góða og skemtilega daga, þá vildi eg helzt óska að þeir menn, sem svo hugsuðu, kæmu þangað aldrei, því þeir eru varla færir um að ala aðra upp, sem þann hugsunarhátt hafa. Nei, þetta er heldur ekki, sem betur fer, ástæðan til að kennaradeildin í Flensborg hefir verið svo illa sótt. Vitanlega er ástæðan engin önnur en sú, að kennarastörf eru svo hrapallega illa borguð hér á landi. Þetta er orsökin og engin önnur.

Því hefir verið haldið fram, að Hafnarfjörður væri svo mikið út úr, að hvorki kennarar né lærisveinar gætu haft not af bókasöfnunum. Hafnarfjörður er þó, ef satt skal segja, ekki lengra frá Reykjavík en það, að það er hægt að hafa full not af öllum bókasöfnum, sem hér eru, ef það á annað borð væri hægt að hafa not af þeim í þessum greinum; en kunnugir menn hafa sagt mér, að svo sé eigi, því þar séu engar bækur að fá í alþýðumentunargreinum, sem notast verði við.

Það hefir verið sagt, að hægra sé að fá tímakennara í teikningu hér í bænum, en sannleikurinn er sá, að það er ekki einn einasti maður í öllum bænum, sem kann »Anskuelsestegning« eða er fær um að kenna þá teikningaraðferð, sem þó er nauðsynleg fyrir svona skóla, svo að því leyti er skólinn alveg jafn vel settur, hvort hann er reistur hér eða í Hafnarfirði. — Þá hefir því einnig verið haldið fram, að nemendurnir eigi örðugra með að sækja hollar og göfgandi skemtanir, svo sem samsöngva og sjónleika; en það er augljóst, að nemendurnir geta jafnt fyrir því, þótt þeir eigi heima í Hafnarfirði, sótt slíkar skemtanir, og hafa einnig gert það, það er að segja, sækja hverja skemtan einu sinni, en þeir eiga örðugra með að vera tíðir gestir á þeim, og hafa þannig sneitt hjá því að eyða of miklu fé í þær. Með öðrum orðum, það er hreinn og beinn sparnaður fyrir piltana í þessu tilliti að eiga heimili í Hafnarfirði, en hafa hins vegar full not alls þess, sem vert er að sækjast eftir af þeirri tegund hér í bænum.

Að kennararnir standi betur að vígi með að semja kenslubækur hér í Reykjavík, af því að þeir geti haft stuðning af bókasöfnunum, því er fullsvarað með því, að söfnin hér eiga engar slíkar bækur í fórum sínum, er þeim geti verið til stuðnings. Enda hefir það sýnt sig, að flestar af þeim kenslubókum fyrir alþýðu, sem til eru, þær eru einmitt verk kennara, sem hafa ekki átt heima í Reykjavík. Ekki get eg heldur gert mikið úr þeirri ástæðu, að samlífið við þá kennara, sem eru við þá skóla, sem nú eru hér í

Reykjavík, mundi hafa svo stór bætandi áhrif á kennara kennaraskólans, þegar litið er til þess, að það er eingöngu kennurunum við Flensborgarskólann að þakka, að kennarafélagið hefir lifað fram á þenna dag, og að þeir hafa varla getað nuddað kennurunum hér í Reykjavík á fund með sér, eftir að þeir hafa gengið hingað inneftir.

Það hefir verið sagt, að kennaraskólar erlendis séu eins hafðir í stórbæjum, en allir þeir 4 kennaraskólar í Danmörku, sem eru ríkisskólar, eru hafðir úti á landi, í *smáþorpum*; mér er kunnugt um þetta, því eg hefi sjálfur verið á einum þessara skóla. Þessir 4 skólar eru: Jónstrúp á Sjálandi, Skaarup á Fjóni, og Jelling og Ranum báðir á Jótlandi. Það er að vísu satt, að í Kaupmannahöfn eru einnig tveir kennaraskólar, Blaagaardsseminarium og Vesterbrosseminarium, en þessir skólar eru privatskólar og ekki ríkisskólar. Einhver ástæða hlýtur þó að hafa verið til þess, að velja smáþorpin fram yfir stórbæina.

En látum nú svo vera, að við látum kostina og gallana við að hafa kennaraskóla í stórbæjum fallast í faðma við kostina og lestina á þorpsskólunum, skyldi þá ekki vöxtunum af þessum 25 þús. kr., sem spöruðust við að hafa skólann í Flensborg, mega verja á einhvern hátt betur. Þessir vextir nema 1000 kr. á ári; skyldi nú ekki vera nær að verja þeim t. d. til þess að styrkja pilta til að ganga á skólann í Flensborg, með því að veita 20 piltum 50 kr. árlegan styrk, í staðinn fyrir að verja upphæðinni að óþörfu í byggingu í Reykjavík.

Eg skal að endingu bæta því við, að það er óhugsandi, að kennaraskólinn geti til frambúðar haft not af að standa í sambandi við barnaskólann hér, sem stendur undir alt annari stjórn, enda er það líka grunur minn, að þess verði ekki lengra að bíða en til næsta þings, að komið verði til þingsins, til þess að biðja um fé til þess að koma upp æfingarbekkjum við kennaraskólann sjálfan.

Framsögumaður (Þórh. Bjarnarson): Ræða h. 1. þm. G.-K. (B.Kr.) bar þess ljósan vott, að þm. brestur skilning á því, sem hér er verið að tala um að gera, nefnilega að stofna alveg sérstakan fagskóla. Ræðan var bygð á sama skilningi og kemur fram hjá gefendum Flensborgarskólabússins fyrir 20 árum síðan, að hægt sé að sameina gagnfræðakenslu og kennarakenslu. Skólinn var stofnaður af góðum huga, og það var ekki nema eðlilegt, að slíkur skilningur væri ríkjandi þá, og að menn byggjust við að það spor, sem stigið var í alþýðumentamálinn með stofnun Flensborgarskólans, mundi nægja fyrir heilan mannsaldur, en nú krefjast menn meiri og annars undirbúnings fyrir kennara.

Hvað snertir þessa 1. gr. í reglugerðinni fyrir Flensborgarskólann, sem h. þm. (B. Kr.) las upp, þá skal eg geta þess, að mentamálanefndinni var þessi grein vel kunn, og hafði athugað hana vel, en nefndin var einnig sannfærð um, að hún gat ekki samrýmst þeirri hugmynd um kennaraskóla, sem hún gerir sér.

Annars vona eg að fiestöllum háttv. þingdm. sé nú farið að verða ljóst, bæði af orðum mínum og h. meðnefndarmanna minna, hvað það sé, sem mentamálanefndin er að berjast fyrir í þessu máli. Eg skil ekki annað en að mönnum sé nú almennt farið að skiljast það, að það er ekki einhlítt, til þess að geta kent eitthvað, að kunna það sjálfur; að til þess að geta kent, hvaða námsgrein svo sem um er að ræða, þá

þurfi maður að hafa tamið sér það að kenna sem hvert annað verk, og að það, sem fyrir nefndinni vakir, er einmitt þetta, að á kennaraskólanum skuli verja hverjum einasta tíma með það fyrir augum, að gera nemendurna leikna í að æfa þessa list, að kenna öðrum. Það er æfingin að kenna, sem er það þýðingarmikla atriði í þessu máli. Auðvitað getur það átt sér stað, að einstaka menn geti aldrei orðið vel hæfir kennarar; en þá er það kennaranna á kennaraskólanum að skýra slíkum nemendum frá því, og gefa þeim bendingu um, að þeir skuli hætta við það nám. Einmitt af þessum ástæðum, að hér er um sérskóla að ræða, er það, að nefndin heldur fast við þá skoðun sína, að löggjafarvaldið hafi ekki hina minstu heimild til þess, að snúa þessum alþýðu- og gagnfræðaskóla upp í kennaraskóla.

H. 1. þm. K.-G. (B. Kr.) vék einnig að því í ræðu sinni, að kennarafræðslan væri talin síðust af námsgreinunum, sem taldar eru upp í 4. gr. frv., og að þess vegna væri það sýnilegt, að lögð væri minst áherzla á hana. Þegar frv. var áður til umræðu hér í deildinni, þá gat eg einmitt um, að nefndin hefði, eins og oft er gert, talið upp námsgreinarnar í þeirri röð, að hún teldi síðast upp þá námsgreinina, sem hún ætlaðist til að langmest áherzla yrði lögð á, það getur hver séð sem greinina les.

Sami þm. (B. Kr.), mintist einnig á bréf frá skólastjóranum í Flensborg, viðvíkjandi því að byggja upp skólahúsið þar. Eg hefi átt tal við skólastjórann, og ímynda mér því, að eg kunni réttan skilning á því bréfi. Skólastjórinn segir í því, að fyrir þessar 15 þús. kr. megi byggja upp viðunandi hús, svo að nóg pláss sé fyrir kennaraskólann. Og á þar við húsrúm handa skólanum sjálfum eingöngu, en ekki fyrir heimavistir, og svo bætir skólastjórinn því við, sem þm. varaðist að leggja neina áherzlu á, að húsrúmið væri nægilegt fyrir skólann *fyrst um sinn*. Það er ómögulegt í ekki stærra húsi að koma fyrir heimavistum, en það er það, sem ríður baggamuninn, hvort skólinn kemur að tilætluðum notum eða ekki.

Það á að vera einhver sérstakur sparnaður samhliða því, að byggja hús í Hafnarfirði, en eg held að hver maður, sem þekkir nokkuð til byggínga hér í Reykjavík og Hafnarfirði, verði að leggja þær alveg að jöfnu hvað kostnaðinn snertir. Það er nokkuð, sem hver maður getur sagt sér sjálfur, sem eitthvað dálítið þekkir til bygginga, að þegar byggja á hús, sem er 500 □ álnir á stærð, tvílyft með kvisti, þá verður það ekki gert fyrir 20 þús. kr., svo í nokkru lagi sé, enda þótt það sé kjallaralaust. Það er auk þess hrein og bein meiningarleysa hjá þessum trésmið, að bjóðast til þess að byggja húsið fyrir þessa upphæð, á þann hátt, sem hann verði beðinn um, eins og það auki ekki kostnaðinn að mun, að sundurhólfa svo og svo margar stofur í húsinu. Allur sá sparnaður, sem ynnist við að byggja upp aftur gamla skólahúsið, í staðinn fyrir nýjan skóla hér í Reykjavík, getur ekki legið í öðru en þessu timburbraki, sem fæst úr gamla húsinu, og sem kunnugir segja mér, að geti ekki með neinu móti numið meir en 5 þús. kr. Þetta er allur sparnaðurinn við að byggja í Hafnarfirði; en hver er svo sá negatívi sparnaður? Það er 15 þús. kr., sem kastað er burt úr landssjóði í efasömu augnamiði; því það er auðvitað, að landssjóður er ekki eigandi skólahúss-

ins í Flensborg, og mundi því heldur ekki verða eigandi hins nýja húss.

Eg er þakklátur h. þm. (B. Kr.) fyrir að hann minti mig á eitt þýðingarmikið atriði í þessu máli, sem mér hafði láðst að taka fram. Hann sagði að það væru engar alþýðufræðslubækur til á Landsbókasafninu, og kann vel að vera, að safnið sé of fátækt af slíkum bókum, því skal eg alls ekki neita; nú, en ráðið til þess að bæta úr því, er þá að fá safnið til þess að afla sér slíkra bóka og rita, og það mundi ekki torsótt; en í sambandi við þetta minnist eg þess, að síðastliðinn vetur stofnuðu kennararnir við barnaskólann hér í Reykjavík félag með sér, til þess að kaupa nýjustu og helztu tímarit og bækur, sem snerta alþýðufræðslu yfirhöfuð og uppeldisfræði. Það er ekki ómögulegt að með tímanum gæti orðið meira en vísir einn úr þessu félagi. Hér er barnaskóli með 4—500 börnum, auk þess margir aðrir æðri og lægri skólar; allur sá mikli her af kennurum, sem þess vegna er bundinn við þetta bæjarfélag, er trygging fyrir því, að andlegt samlíf milli kennaranna geti og eigi að þrífast vel hér.

Til þess að hrekja yfirburði Reykjavíkur yfir Hafnarfjörð, gat þessi sami h. þm. (B. K.) þess, að hér væri enginn í bænum, sem fær væri um að kenna þá teikniaðferð, sem nauðsynleg væri fyrir kennaraskólann, þá teikniaðferð, sem kölluð er á dönsku »Anskuelsestegning«. Eg er einnig þakklátur h. þm. fyrir að hafa mint mig á þetta atriði, því mér hafði sést yfir að geta um það. Hér verður í bænum einmitt kona, sem, meðfram að áeggjan barnaskólanefndarinnar hérna, hefir verið heilt ár ytra, einmitt til þess að læra þessa teikniaðferð, svo hún gæti tekið að sér kenslu í teikningu við skólann þegar hún kemur heim. Verður nú þessi kona í Hafnarfirði? Getur kennaraskólinn haft nokkra von um að geta notið tilsagnar hennar, ef hann verður reistur þar? Nei, en einmitt svona er það í einu sem öðru; ef menn að eins vildu horfa út fyrir hreppapólitíkina, þá hlytu menn að sjá það, að það er Reykjavík ein, sem getur orðið skólanum að fullu gagni, svo hann geti tekið nokkrum þjóðþrifum. Eða hvað hefir t. d. þessi kennaradeild í Hafnarfirði dregið að sér marga nemendur? 2—3 á vetri. Og hvað dregur svo Reykjavík að sér? Samanburðurinn er öllum augljós. Alt þetta tal um þessar afarmiklu hættur, sem hér eigi að freista nemendanna, get eg ekki skoðað öðruvísi en sem hégómatal; það er rétt eins og Reykjavík væri einhver Sódóma, eins og kastað var fram inn í fyrri umræðu málsins; en þótt eitthvað kunni að vera hér, sem miður fer á, þá er svo guði fyrir þakkandi, að enn sem komið er held eg þó ekki að hægt sé að kalla Reykjavík neitt hættulegan eða siðspillandi bæ.

Í bréfi skólanefndarinnar fyrir Flensborgarskólanum er vikið að því, að skólinn eigi land í kring um sig þar suður frá. Eg skal fúslega játa það, að það muni varla eins fallegur blettur vera til hér fyrir skólann, en hins vegar hefi eg leyfi til að skýra frá því, að bæjarstjórnin mundi þar sýna allan greiðleik, og hefir t. d. alls ekki í hyggju að beita þeim heimildarlögum fyrir lóðasölu, sem samþykt hafa verið á þinginu nú í sumar, gegn kennaraskólanum, og mun láta í té ókeypis land undir skólann, og það vel rúmgott. Mér er einnig kunnugt um, að hin núverandi barnaskólastjórn og bæjarstjórn munu vinna saman að því, í bezta samkomulagi við stjórn kennaraskólans, að gera alt til að greiða fyrir kennaraskólanum, og sé það í nokk-

urra hagsmuna skyni fyrir Reykjavík, sem eg vinn að þessu máli, þá er það ekki vegna þeirra auknu tekna, sem bærinn kann að hafa af kennaraskólanum, því þær munar bæinn alls ekki um; — eitt einasta þilskip er stærri tekjupóstur fyrir Reykjavík, — heldur er það eingöngu til þess að koma góðum umbótakröftum í samband við langstærstu og sterkustu alþýðukennarakrafta, sem til eru á landinu. En sá hagur, sem eg játa að Reykjavík hefði af þessu, það er einnig hagur alls landsins.

Að lokum skal eg taka það fram, að eg álít rétt, að deildin viti, að mentamálanefndin litur öll í heild sinni svo á, að málinu sé hreint og beint eytt, og að frv, verði verra en ekki neitt, ef brt. kemst að, sérstaklega með tilliti til þess, að með henni eru foknar allar heimavistirnar, því fyrir þá upphæð, sem brt. fer fram á, er ómögulegt að reisa viðunandi kennaraskóla með heimavistum. Öll skólastofnun yrði á þann hátt ekkert annað en versta kák út í hreina óvissu, en til mikils kostnaðar fyrir landssjóð, og með því ráðlagi getur nefndin ekki gefið atkvæði sitt.

Guðlaugur Guðmundsson: Það kann að mega segja, að þetta mál komi mér lítið við, og að eg dæmi þar eins og blindur um lit. En þetta er eitt af allra alvarlegustu málum, sem þingið hefir til meðferðar, og ríður því á, að því sé ekki ráðið til lykta vanhugsuðu.

Þar sem eg stóð upp, þá var það vegna þess, að háttv. framsögum. var að hallmæla framliðinni borg, er hann kallaði »Sódóma«. Það sem h. frmsm. hefir meint með þessu nafni, hefir sjálfsagt verið stór borg. Slíkar borgir hafa allar nokkrar bjart r hliðar í ríkara mæli en smáborgirnar, en þær hafa líka eðlilega dekkri skuggahliðar. — Eg álít, að allar borgir, sem ekki eru stórborgir, hafi meira af skuggahliðunum fyrst í stað, en björtu hliðarnar ekki fyr en þær fara að verða stórborgir. — Reykjavík er engin »Sódóma«, o: stórborg, og hefir því ekki kosti slíkra borga. En hún er þó vaxin upp úr því að vera kotbær, og er því að þessu leyti á millibilsstigi. Reykjavík hefir ekki náð því stigi, að hún sé nokkur »Sódóma«, en það er ekkert hróssyrði til hennar, sem staðar fyrir kennaraskólann. Einmitt af því, að hún er ekki nógu lítil til að halda kostum smábæjanna, og ekki nógu stór til að vera búin að ná kostum stórbæjanna, er hún ekki hentugur staður fyrir kennaraskólann.

Það hefir verið tekið fram, að mikil aðsókn væri að Reykjavík. En er það heppilegt fyrir landið eða þjóðina, að ýta undir aðsókn þessa, »til að menta sig« mun fólkið kalla það. Er sú mentunaraðsókn öll gagnleg? Að kunnugra manna sögn gengur slíkt fólk hundruðum saman um göturnar hér í Reykjavík vetrum saman, og alt mentunarstarfið er, að það lærir ensku 2 tíma á viku, og annað ekki. Er það holt fyrir landið, að draga þannig ungt fólk úr sveitunum, til að slæpast hér iðjulaust, án þess að læra nokkuð til gagns eða til hlítar? En þessi stefna er æði rík. Eg er sannfærður um, að kennaraskólinn hér mundi fá marga aðsækjendur af þessari tegund fólks, menn, sem vildu reyna að klína utan á sig einhverju mentunarnafni til þess að þurfa ekki að vinna, né hugsa um að verða nýtir menn og gera eitthvert gagn.

Þetta virðist ef til vill freklega til orða tekið, en eg skal benda á fyrirkomulag skóla, sem stendur á gamalli rót hér í bænum, undir umsjón völdustu manna. Hvernig er latínuskólinn?

Okkur eldri mönnum er sagt, að það sé háskaspil að senda syni okkar í þann skóla. Það er sagt, og því miður — það er satt. Mundi ekki eitthvað svipað verða með kennaraskólann? Mundi ekki þessum unglingum verða hætta búin, að þeir drægjust út í slark með jafnöldrum sínum hér úr bænum? Mundi ekki verða hættara við því hér en á afskektum stað? Og er það heppilegt fyrir kennaraskólann að tara svo á stað? Eg held ekki. Eg skal ekki víkja mikið frekar að þessu, en latínuskólanum er ekki einum áfátt, heldur einnig okkar æðri mentastofnunum. — Stúdentalíf hér er enn sem komið er engin fyrirmynd. Þar finnast enn þá menn innan um, sem ábyrgðarhluti er að sleppa lausum á mannkynið. Hvaða hreyfing hefir komið frá þeim hér í bæ? Engin. Og eina hreyfingin meðal kennaranna, kennarafélagið, er einmitt komin frá kennurunum í Hafnarfirði. — Skoðað frá þessari hlið, þá vildi eg heldur vita kennaraskólann í einhverri »Sódóma«, heldur en í Reykjavík. — Þar væri þó kostur á að sjá góðar og fagrar fyrirmyndir, bæði í listum, vísindum og í stórborgarlífinu sjálfu, en hvar er slíkt í Reykjavík?

Mér finst háttv. framsögum. sérstaklega leggja áherzlu á það, að á kennaraskóla ættu nemendur ekki að læra að teikna, skrifa, reikna o. s. frv., heldur að læra að kenna að teikna, skrifa, reikna. En eg lít svo á, sem kennaraefnin þurfi fyrst að læra námsgreinarnar sjálfir, og síðan að læra að kenna þær, því varla get eg ímyndað mér, að háttv. framsögum. vilji halda því fram, að á kennaraskóla geti maður lært að kenna það, sem maður ekki kann sjálfur. En við höfum ekki í landinu þau skilyrði, að við getum heimtað, að nemendurnir kunni námsgreinarnar áður en þeir koma á skólann. Eg er enginn sérfræðingur í þessu og veit því ekki, hvort nauðsynlegt er að kenna greinarnar öðru vísi þeim, sem síðar eiga að læra að kenna þær. — Hvað tímakennara snertir, þá getur verið að betra sé að fá þá hér í Rvík. Um það skal eg ekki dæma. En ekki vil eg tefla kennaraskólanum í tvísýnu fyrir það.

Það er búið að taka það fram, að hvað bækur, kensluáhöld og æfingarskóla snertir, stendur Hafnarfjörður ver að vígi.

Húsið má gera viðunanlegt fyrir 15,000 kr., og hefir hús fyrir það verð hér um bil 500 ferh. álna grunn. (*Þórhallur Bjarnarson*: Fæst ekki). Það hefir fengist á Hvanneyri, og er þó mun ódýrara að byggja í Hafnarfirði en þar. Hvað hefir Stýrimannaskólinn kostað? Mig minnir, að 20,000 krónur væri talin nægileg fjárveiting. Hér við bætast 5,000 kr. í fornum viðum.— Og það munar þó um 25,000 krónur. Geti maður náð sviplíku marki fyrir 15,000 krónur, og fyrir 40,000 krónur, þá hallast eg fyrir mitt leyti að lægri upphæðinni.

Hannes Hafstein: Eg heyrði, að nokkrir háttv. þingdeildarm. hrópuðu »heyr!«, þegar háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) las upp 1. gr. úr reglugerð fyrir alþýðu- og gagnfræðaskólann í Flensborg, til að sanna, að heimild væri til að hafa kennarakenslu í Flensborg eða breyta skólanum þar í kennaraskóla. — Þetta »heyr« sannar greinilega, að þeir hafa ekki vel ljósa hugmynd um, hvað um er að ræða, að það er einmitt meiningin, að hverfa frá þeim skoðunum um undirbúningsmentun kennaraefna, sem liggja til grundvallar fyrir og koma fram í þessari reglugerðargrein, og reyna að leggja nýjan grundvöll undir lýðmentunina í landinu með því, að stofna öflugan kennaraskóla

fyrir landið, er samsvari kröfum tímans. — Í reglugerðinni er bersýnilega að eins að ræða um alment mentandi gagnfræðaskóla, og þar sem sagt er, að ætlunarverk skólans sé jafnframt, að gera lærisveina færa um að taka að sér barnakenslu, þá sýnir það að eins, að fyrir þeim, sem skrifuðu þetta, hefir ekki vakað að annað þyrfti til að gera nemendur færa til kenslustarfsins, en að láta þá ganga á alþýðuskólann. — Það sannar ekki að neinu leyti, að leggja megi niður þenna skóla, til að stofna annan skóla í staðinn, sem eingöngu hefir kennarafræðslu að markmiði. — Landshöfðingjabréfið frá 21. júlí 1882 ber það með sér, að reglugerðin er að eins fyrir skólann, sem alþýðu- og gagnfræðaskóla, og skal eg í því efni sérstaklega benda á 11. gr., sem eg skal leyfa mér að lesa upp. Hún segir svo: »Reglugerð þessi kveður að eins á um skólann, sem alþýðuskóla- og gagnfræðaskóla; en hitt verður á valdi skólanefndar þeirrar, er sýslunefnd Kjósar- og Gullbringusýslu, samkvæmt 2. gr. reglugerðarinnar, á að skipa, að kveða á um skilyrðin fyrir því, hversu barnakenslunni fyrir Garðahrepp verði komið fyrir í skólahúsinu, og á hvern hátt hún að öðru leyti verði sett í samband við alþýðuskólann«. Þetta lýtur að því, að gjöfin er ekki til gagnfræðakenslu einnar, heldur líka til barnakenslu í Garðahreppi, og þess vegna hefir landsstjórnin ekki stjórn skólans og umsjón á hendi, heldur 3 manna nefnd, kosin af sýslunefnd Kjósar- og Gullbringusýslu. — Þótt nú væri hægt að reisa kennaraskóla fyrir 15,000 krónur, þá getur þingið ekki hrundið þessu ákvæði, heldur yrði að haga svo til, að jafnan væri þar pláss fyrir barnakenslu, sem hlyti eftir gildandi lögum að liggja undir hlutaðeigandi héraðsstjórn. Þannig ætti þá að verða grundvöllurinn undir hinni nýju kennarafræðslu og lýðmentun í landinu! Sú stofnun ætti eftir breyt.-till., að liggja undir umsjón og stjórn manna, sem sýslunefndin í Kjósar- og Gullbringusýslu kýs, án tilhlutunar landsstjórnarinnar. (*Lárus H. Bjarnason*: Landshöfðinginn hefir yfirstjórnina). — Það stendur í 2. gr., að skólinn sé undir umsjón 3 manna nefndar, sem á að skipa kennarana, hafa á hendi fjárgæzlu skólans o. s. frv. Reglugerðinni getur að vísu orðið breytt af landshöfðingja. En þingið hefir enga heimild til þess að »oktroyera« neina breyting, og landshöfðingi getur ekki farið út fyrir grundvöll gjafabréfsins.

Ef breyt.till. verða samþyktar, þá er kastað út miklu fé, sem ekki er hægt að hafa eftirlit með af landsstjórnarinnar hálfu, og vikið frá þeim grundvallarsetningum, sem nefndin hefir hugsað sér að bygt yrði á. Það er vitaskuld, að mönnum er heimilt að víkja frá þeim grundvallarsetningum, en vilji þeir byggja kennarafræðsluna á öðrum grundvelli, þá ættu þeir að kannast við það, og ekki vera að reyna að smeygja þessum *fleyg* inn, því að breyt.till. er ekkert annað en *fleygur* til að eyðileggja þann grundvöll, sem við viljum byggja á. Því þó kennaraskóli væri stofnaður samkvæmt breyt.-till., þá stæðum við *ekki hænufeti* nær því marki, sem við viljum ná, og gætum því eins vel fallið frá því, að hafa það öðruvísi en nú er, samkvæmt fjárlögunum.

Eg vona, að háttv. þingdeildarmenn vilji gera sér þetta ljóst, áður en þeir greiða atkvæði með breyt.till. eða móti frumv.

Háttv. þingm. V.-Sk. (Guðl. G.), sem þykist vera svo kunnugur í »Sódóma«, lagði áherzlu á, að kennaraskólinn yrði illa settur hér vegna þess, að Reykjavík hefði ókosti smábæjanna, en ekki

kosti stórborganna. En eg veit ekki betur, en að háttv. þm. V.-Sk. (G. G.) sé nýbúinn að samþykkja, að flytja gagnfræðaskólann frá Möðruvöllum til Akureyrar, einmitt af þeim sömu ástæðum, er valda því, að við viljum hafa kennaraskólann í Reykjavík, af því að kenslan verði betri, aðsóknin hægri og vistin að öllu leyti hagfeldari. — Eg skal ekki blanda mér í það, hve mikil »Sódóma« Reykjavík er, eg þekki það ekki. En ef kennaraefnin gætu ekki flotið hér án þess að sökkva, þrátt fyrir góðar heimavistir, og undir umsjón góðs skólastjóra, þá eru þeir ekki menn, sem trúandi sé fyrir mentun æskulýðsins. Og Reykjavík væri þá hentugt sigti til þess að losna við slík kennaraefni.

Eg endurtek það, að hér er ekki að ræða um það, að breyta frv., heldur að umsteypa því algerlega og ónýta það, og verði þessar breyt.till. samþyktar, þá erum við ekki komnir allra minstu vitund nær takmarki nefndarinnar en áður.

Stefán Stefánsson: Eg ætlaði mér ekki að tala, en eg gat ekki stilt mig um það, eftir allan þenna lestur hjá þm. V. Sk. (G. G.) og 1. þm. G. K. (B. Kr.). Hv. framsm. (Þ. B.) tók ýmislegt ágætlega fram, sem er aðalmergurinn í þessu máli. Eg fæ ekki betur séð en bæirnir, og þá einkum höfuðbæirnir, bæði séu og eigi að vera menningarmiðstöðvar í hverju landi. Landsstjórnin á að styðja það af öllu afli, svo að þaðan geti færst líf og ljós út yfir landið. Í Reykjavík eru líka allar helztu mentastofnanir landsins, embættisskólar, fagskólar o. s. frv. Þegar nú er verið að tala um að reisa kennaraskóla, leggja hyrningarstein undir lýðmentun landsins, þá á hann auðvitað að vera þar, sem skilyrðin eru flest og bezt. En engum ætti að blandast hugur um það, að það er einmitt Reykjavík, sem er sá rétti staður, og allar mótbárur á móti því hafa líka reynst tómur hégómi. Því hvað er það, sem sérstaklega dregur til Hafnarfjarðar? Jú, þessi gamli Flensborgargrunnur, þessar gömlu Flensborgarspítur. Það er eftirtektarvert, hve mikill töfrakraftur býr í þessum gömlu grunnum! Eg vil biðja menn að líta 25 ár aftur í tímann. Þá var líka verið að ræða um að stofna gagnfræðaskóla á Norðurlandi, og til þess að nota gamla Friðriksgáfugrunninn varð hann endilega að vera á Möðruvöllum, og ekki nóg með það, skólahúsið varð algerlega að laga sig eftir grunninum, því við honum mátti ekki hrófla og varð fyrir þá sök mjög óhentugt að öllu leyti. Ofan á þetta bættist svo, að grunnur þessi var ónýtur orðinn að 10 árum liðnum, svo nýjan grunnmúr varð að byggja undir óhentuga skólahúsið. Fyrir þessa grunnhyggni manna misti landið þannig stórfé bæði beinlínis og óbeinlínis. Ef kennaraskólinn yrði nú bygður á Flensborgargrunninum, þá hygg eg að eins mundi fara, og að vart mundu 10 ár liðin áður en menn iðruðust eftir því. Gætum líka að því, hvað aðsóknin hefir verið lítil að skólanum. Það lítur ekki út fyrir að Hafnarfjörður hafi haft mikið aðdráttarafl. Í vor útskrifuðust að eins 2 piltar, og þegar litið er á té það, sem lagt var til kennarafræðslunnar, þá kosta þeir hvor um sig ekki minna en 19000 kr. á ári. (*Lárus H. Bjarnason*: Mundu þeir kosta minna í Reykjavík?) Efalaust, því aðsóknin hlyti að verða meiri, svo framarlega að fyrirkomulagið yrði á þann veg, sem nefndin leggur til, að minsta kosti mundu ýmsir Reykvíkingar sækja skólann, sem

ekki sæktu hann í Hafnarfirði. Eg vil ekki eyða orðum að því, sem þm. V.Sk. (G. G.) sagði. Bjóst eg ekki við að slíkar lokleysur mundu velta úr svo gáfuðum og vel mentuðum manni, og þóttu mér þær fremur líkjast því, að viss barnakennari, sem við þekkjum allir, hefði látið sér þær um munn fara. Hefir nokkur heyrt annað eins? Reykjavík á að vera langtum verri en Sódóma; Sódóma, sem hefir verið tekin sem viðvörunardæmi í sögunni frá elztu tímum. Hvaða kosti hafði Sódóma? Gamli Lot var þar sá, sem Jehóva taldi réttlátan, og eftir því ættu þeir réttlátu hér í Reykjavík að vera færri en einn eða með öðrum orðum enginn. Guð hjálpi höfuðstaðnum okkar. En væri nú svo, að margt væri ábótavant í þessum bæ, væri þá ekki réttara að bæta eitthvað úr því, reyna að efla bæinn, efla hans andlega og siðferðislega líf heldur en að veikja hann og draga frá honum það, sem gæti orðið honum til andlegra hagsbóta. Væri ekki sæmilegra að bæta og auka við mentastofnanirnar hér og halda fána þessa bæjar hátt, svo hann gæti verið til sóma fyrir alt landið. Eg sé annars ekki þessa miklu ókosti hér, þetta afarmikla slark og þenna feikna slæpingsskap. Og það furðar mig mjög, að þm. V.-Sk. (G. G.), sem hefir svo langa lífsbraut bak við sig, og hefir reynt og séð svo margt, skuli láta sér vaxa þetta svo mjög í augum. Furðar mig að þingm. eða nokkur yfir höfuð að tala skuli álíta, að skólanum sé stofnað í tvísýnu með því að setja hann hér.

Svo eg víki mér að ræðu 1. þm. G. K. (B. Kr.), sem var veigameiri en þm. V.Sk. (G. G.), þá skal eg minna hann á tilboðið um skólabygginguna. Það vantar alt plan, t. d. hvernig herbergin eigi að vera; enn fremur hve mörg þau eigi að vera. Það stendur enn fremur í brt., að heimavistirnar verði eins og húsrúm leyfi. Eftir því sýnist mér geta verið vafasamt, hvort nokkrar heimavistir verði einu sinni, því ef húsrúmið alls ekki leyfir þær — hvað svo? En verði engar heimavistir, þá mun þó víst flestum þykja illa farið. Og að því er snertir kjallaraleysið, þá mun það verða því til hindrunar, að samlagsbú verði hjá nemendunum, en af gamalli reynslu veit eg hvað mikið það sparar. — Annars er eg á sama máli og hv. framsögum., og þykist viss um, að allur þessi glundroði er kominn af því, að hinir hv. þm., sem komu með brt., vita ekki hvað þeir eru að gera. Þykir mér það líka vera vottur þess, að þm. Snæf. (L. H. B.) kallar uppeldisfræðina óverulegan dindil. En ekki má marka það á því, þó hún væri nefnd seinast, því eg vona að þm. kannist við orðatiltækið: »seinast en ekki sízt«. Uppeldisfræðin á einmitt að vera þungamiðjan í þessum skóla. — Eg vil biðja menn að taka vel eftir þessum orðum úr bréfi skólastjórans í Flensborg: »Eg álít að á þenna hátt megi gera skólann viðunanlegan fyrst um sinn«. Þarna kemur það. Menn vilja klípa og klípa af fénu, þangað til það er orðið með öllu ónýtt, og búa svo til einhverja bráðabirgðarómynd, tjalda til einnar nætur, og auka sér með því ótreiknanlegan kostnað. Nei, vér mótmælum því, vér viljum hafa skóla, sem standi jafnfætis sams konar skólum erlendis. Þar sem verið er að tala um, að í Danmörku séu skólarnir ekki í bæjunum, þá er það fyrst og fremst ekki rétt, því margir ágætis privatskólar eru þar einmitt í stórbæjunum. Og þó svo væri, að allir kennaraskólar Dana væru í sveit eða smáþorpum, þá vil eg benda hin-

um hv. þm. G. K. (B. Kr.) á, að Danmörk er ekki allur heimurinn. Við þurfum ekki langt að fara; skreppum yfir sundið til Svíþjóðar. Þar eru skólamál í ágætis horfi, og einnig þar eru allir kennaraskólarnir í bæjunum. Sama er að segja í Noregi að mestu leyti, enda sníða Norðmenn mjög skóla sína eftir beztu fyrirmyndum hjá þeim þjóðum, sem lengst eru komnar í skólamálum. Þá er bókaspursmálið. Það er nú engan veginn rétt, að hér á söfnunum séu engar bækur, sem hægt væri að nota. En þó svo væri, því mætti þá ekki útvega þær? Er það ekki eins gott eins og að stofna bókasafn í Flensborg? Eg tek það að endingu fram, að ef þessi brt. verður samþykt, þá er eg á móti kennaraskólanum. Þeir sem vilja drepa þetta ágæta fyrirtæki, skulu greiða atkvæði með brtill. Við getum ekki lappað upp á þessa Flensborgarkenslu, til þess að fá kannske tvo pilta með ærnum kostnaði. Nei, vilji menn endilega hola skólanum niður í eitthvert hraun, þá er Hafnarfjarðarhraun ekkert mætara en t. d. Hallmundarhraun. Það mætti alveg eins dubba Surtshelli upp og gera hann að skólahúsi Þar hafa áður verið skólapiltar að sögn, og ekki verður það haft á móti honum, að hann standi ekki á nógu fornum grunni.

Skúli Thoroddsen: Það er engin furða þó að nefndin leggi kapp á frv., þar sem það er afkvæmi hennar, en viss þykist eg um það, að ef nefndarmennirnir hefðu ekki setið í þessari nefnd, þá hefðu þeir rétt oss hendur og greitt brt. atkvæði sín. (*Stefán Stefánsson*: Aldrei). Eg þekki þingm. alt of vel til þess, að eg viti eigi, að hann hefði fyrstur manna fylgt jafn góðum málstað, ef hann hefði haft óbundnar hendur. Mér blöskrar að heyra sagt, að við ekki viljum málinu vel. Við lítum ekki eingöngu á sparnaðinn, en á hitt, að skólinn er ver settur í Reykjavík heldur en í Hafnarfirði, og yfir höfuð að tala berum við betra traust til hans í Flensborg. Við aðsóknirnar hingað til má ekki miða, því meðan alþingi ekki bætir hag kennaranna, þá er lítil von til þess, að þeir séu margir, sem leggja stund á að afla sér kennarafræðslu, þar sem þeir eigi geta vænzt nema 300—400 kr. launa að afloknu námi.

Að gjafabréf síra Þórarins Böðvarssonar og reglugjörð skólans sé því til hindrunar, að kennaraskólinn sé reistur í Flensborg, það er bygt á misskilningi. Kennaraskólinn er, eins og alþýðugagnfræðaskólinn, uppeldis og kenslustofnun. Og þó gjafabréfið geri ráð fyrir alþýðu- og gagnfræðiskenslu, þá get eg ekki séð annað en það geti samrýmst, þar sem námsgreinar verða allar hinar sömu á kennaraskólanum, þótt hin sérstaka kennarafræðsla bætist þar við. 2. þm. Eyf. (H. H.) skírskotaði í reglugjörð skólans, og að stjórnarnefnd skólans stæði undir sýslunefndinni í Gullbr. og Kjósarsýslu. En samkvæmt seinna gjafabréfi síra Þórarins, þá heyrir það undir verksvið landshöfðingja að semja skipulagsskrá og reglugjörð skólans, og getur hann því breytt hvorutveggja, ef þurfa þykir; en þættu landshöfðingja vandkvæði á því, þá er þó altaf hægt að breyta stofnskránni með konungsúrskurði.

Eg skil annars eigi kapp það, er nefndin leggur á það, að skólinn sé hér. (*Stefán Stefánsson*: Vilji allrar þjóðarinnar). Eg neita því gagngert. (*Stefán Stefánsson*: Þingmálafundir.) Þeir hafa að eins óskað aukinnar alþýðumentunar, en ekkert sagt um það, hvort reisa ætti nýjan kennaraskóla, eða hvar slíkur skóli væri bezt settur. Hvaða höfuðmunur er það eiginlega, hvort

skólinn er hér eða í Flensborg? Kennararnir eiga að vera þeir sömu, námsgreinar þær sömu. Munurinn er því aðallega sá, að mentamálanefndin vill fyrir hvern mun verja 40 þús. til húsbyggingar í Reykjavík, en vér viljum spara allan óþarfan kostnað. Hvort húsið er í Hafnarfirði eða í Reykjavík skiftir ekki máli, heldur hitt, að skólinn sé sem bezt úr garði gerður, að því er öll kensluáhöld snertir, hvar sem hann er settur.

H. þm. Borgf. (Þ. B.), framsögumaður mentamálanefndarinnar, tók það fram, að ástæður þær, sem nefndin hefði fyrir sér, er hún vill hafa skólann í Reykjavík, væru teknar fram í skjali því eftir heimspeking Guðm. Finnbogason, er hefði verið útbýtt hér í deildinni í dag. Það er orðið ekki óvanalegt, að prívatmenn utan þings reyna að »agítera« í þingmönnum á þann hátt, að láta prenta ritlinga, sem þingmenn svo reka sig á í sætum sínum; en að því er þetta skjal hr. Guðm. Finnbogasonar snertir, verð eg að segja, að eg álít hinum háttv. höfundi hafi oft tekist betur að færa rök fyrir máli sínu en í þetta sinn. Þær ástæður, sem hann færir fyrir því að hafa skólann í Rvík, eru að mínu áliti feykilega léttvægar, og þó að flestar þeirra hafi verið hraktar við 1. umr., þá skal eg þó stuttlega leyfa mér að fara um þær nokkrum orðum.

Fyrsta ástæðan er sú, að í Reykjavík gæti kennaraskólinn, eða kennendur hans, verið í samráði og samvinnu við yfirstjórn lýðskólanna. Höf. gerir sem sé ráð fyrir því, að skipuð verði yfirstjórn alþýðumentamálanna, og að sú yfirstjórn verði látin sitja í Reykjavík. En sjá ekki allir, hve léttvæg þessi ástæða er? Eins og kennaraskóli í Hafnarfirði geti ekki eins staðið í sambandi við lýðskólastjórnina, þó hún sé búsett hér í Reykjavík, þegar við athugum, að það er að eins klukkutíma reið héðan úr Rvík til Hafnarfjarðar, og þar að auki »telefón«, svo að ef kennendurnir þar eru í vafa um eitthvað, þá geta þeir eftir svo sem 5 mínútur verið búnir að fá svar upp á þær vafaspurningar, sem þeir vilja heyra álit lýðskólastjórnarinnar um.

Önnur ástæðan er sú, að söfnin séu hér í Reykjavík. En dettur nokkrum í hug, að kennaraefnin muni daglega nota söfnin, þó skólinn verði í Rvík? Það verður auðvitað ekki nema örsjaldan, kannske einu sinni á mánuði, eða jafnvel ekki nema 2—3 á vetri, að kennaranum þykir ástæða til að fara með nemendur á söfnin, til að sýna þeim þetta og þetta. Ekkert væri því auðveldara, en að skólasveinar í Hafnarfirði gætu haft full not safnanna. Fæ eg því ekki betur séð, en að þessi ástæða sé fullkomlega þýðingarlaus.

Sama er um þá ástæðu, að það sé betra að fá stundakennara í Reykjavík en í Hafnarfirði. [*Þórh. Bj.*: Þetta er sannað af h. 1. þm. K.-G. (B. Kr.)]. En því er algerlega neitað af mér; því að þær vísindagreinir, sem tímakenslu mundi þurfa í, eru skrift, handavinna, leikfimi og söngur; og í öllu þessu álít eg að hægt sé að fá tímakenslu í Hafnarfirði. Skólanum þar fylgir einmitt leikfimishús, og leikfimi er kend þar; í handavinnu mun ekki síður kostur á að fá kenslu í Hafnarfirði en hér; sömuleiðis er þar völ á söngfróðum mönnum, og skrifandi menn eru líka í Hafnarfirði.

Sem fjórða ástæða er talin hin mentandi áhrif, sem nemendurnir mundu verða fyrir hér í Rvík; en eg er hræddur um, að það sé mjög hætt við, að áhrif höfuðstaðarins á nemendurna

mundu einmitt verða í gagnstæða átt, og höfuðstaðarvistin reynast óheppilegur undirbúningur undir stöðu þeirra í þjóðfélaginu. H. 2. þm. Eyf. (H. H.) tók fram, að það gæti verið gott að Reykjavík yrði nokkurs konar »sigti«, til að sía þá frá, sem væru ómögulegir. En mér er spurn: hefir prestaskólinn reynst slíkt sigti? Eg held að þeir, sem á einhvern hátt hafa getað leyst af hendi próf við prestaskólann, eða fengið á sig prófstimpilinn, þeir muni í flestum tilfellum hafa fengið eitthvert prestsembætti, og eins mundi reynast með kennaraskólann, því að margur getur leyst próf af hendi þolanlega, þótt óreglusamur sé, ef námshæfileikar hans eru góðir; en það játa víst flestir, að slíkir menn ættu þó alls eigi að fást við uppfræðslu ungmenna. Eg held því að kennaraskóli í Reykjavík mundi ekki reynast »sigti« til að byggja á í þessum efnum.

Fimta ástæðan er sú, að það mundi verða auðveldara að fá hæfilegan bústað handa þeim piltum, sem ekki hefðu heimavist, í Reykjavík en í Hafnarfirði. Eg verð að vera alveg á gagnstæðri skoðun; því það er kunnugt, að húsaleiga hér í Rvík er dýrari en í Hafnarfirði. Þeir nemendur, sem ekki gætu búið í skólanum, mundu því komast að betri kjörum með húsnæði í Hafnarfirði en í Rvík, og mundi það fremur auka aðsóknina þangað en hingað.

Sjötta ástæðan er sú, að samgöngurnar séu beztar til Reykjavíkur hvaðanæfa af landinu.

Menn sjá, hve þessar ástæður eru voðalega léttvægar, þegar farið er að gera greinarmun á samgöngunum til Reykjavíkur og til Hafnarfjarðar, og þess er gætt, að eftir að nemandinn er kominn til Reykjavíkur, þá kostar það ekki nema rúman klukkutíma gang að labba í hægðum sínum suður í Hafnarfjörð. Þetta sýnir, á hve veikum grundvelli mentamálanefndin byggir í þessu máli, þar sem helztu styðjendur hennar færa fram svona nauðaómerkilegar ástæður. Má og geta þess, að ef nemandinn kæmi landveg austan úr Árness- eða Rangárvallasýslu, þá er jafnvel styttra að ríða til Hafnarfjarðar en til Reykjavíkur.

Þá er sú hin sjöunda ástæða, að það sé hægra að koma upp æfingaskóla hér í Rvík heldur en í Hafnarfirði. Þessu verð eg alveg að mótmæla. Það er einmitt í gjafabréfi sira Þórarins tekið fram, að barnaskóli skuli vera í sambandi við Flensborgarskólann; nú er í Hafnarfirði barnaskóli, sóttur af 100 börnum, og eg ætla að þau börn séu ekki að neinu leyti ver úr garði gerð né óhentugri til æfinga heldur en Reykjavíkurbörn.

Áttunda ástæðan mun eiga að vera sú, að kennaraskólinn standi betur að vígi í Reykjavík, að því er snertir samlíf og samvinnu milli hinna ýmsu skóla; en þessi ástæða virðist mér ekki heldur hafa mikla þýðingu, þar sem fjarlægðin milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur er ekki meiri en víða er í stórborgum erlendis úr einum stað í annan.

Eftir því sem eg skil skjal þessa manns, eiga þar að vera taldar allar þær ástæður, er mæla með því, að landið eigi að fara að kosta 40,000 kr. til skólabyggingar hér í Rvík, í stað þess að endurbyggja Flensborgarhúsið fyrir 15000 kr. Mér finnast þær ekki merkilegar.

H. þm. Borgf. (Þ. Bj.) tók það fram, að með því að byggja skólann í Flensborg, gæfi landið það fé, sem það legði til byggingarinnar. En það fé, sem tilheyrir Flensborgarstofnuninni, er opinbert fé, þó það sé fé, sem ætlað er

til sérstaks augnamiðs; fæ eg því ekki séð, að landið afsali sér því fé, sem það leggur til Flensborgarskóla, á annan hátt en því, sem lagt væri til skólans í Reykjavík. Og svo er aðgætandi, að þó þingið kynni einhvern tíma að komast að þeirri niðurstöðu að leggja niður kennaraskólann í Flensborg, þá hlýtur þar þó ávalt, eftir gjafabréfi síra Þórarins, að vera alþýðufræðsla, svo að húsið væri ekki ónýtt fyrir það.

H. 2. þm. Skagf. tók það fram, að aðsóknin að skólanum mundi aukast með færslu hans til Reykjavíkur. En á hverju hann byggir það, það er mér óskiljanlegt, þegar kennararnir eru þeir sömu. Hafi orsökin til þess, að skólinn hefir verið lítið sóttur í Hafnarfirði, verið sú, að mönnum líkaði ekki við kennarana, þá mundi aðsóknin ekki aukast fyrir það, þó skólinn væri færður til Reykjavíkur; og hvað verður þá úr þessari ástæðu? Nema það ætti að vera Reykjavíkurlífið, sem hefði svo laðandi áhrif á menn. Það gæti að vísu verið, ef skólinn yrði bygður hér í Reykjavík, að stöku Reykvíkingar mundu ganga á skólann, það yrði aukningin; en að Reykjavík yfir höfuð léti af hendi mest »Contingent«, til alþýðufræðslu landsins, það álít eg ekki heppilegt; eg álít það heppilegra, að það séu menn úr sveitunum, sem stunda kennarafræðslu og taka að sér kennarastöðu í sveit; enda held eg að það væri hætt við því, að þeir, sem hafa alist upp í Reykjavík, mundu síður una sér í kennarastöðu upp til sveita.

H. 2. þm. Skagf. (St. St.) tók það enn fremur fram, að þætti manni lífið í Rvík að einhverju leyti ekki gott eða holt, þá væri vegurinn að setja kennaraskólann hér, til að breyta og umbæta Reykjavík. En þ ð verð eg að skoða sem barnaskap hjá h. þm., að hugsa sér að nokkrir unglingar, sem koma utan af landinu, mundi hafa svo breytandi áhrif á bæ með 8—10000 manns. Eg held það mundi þvert á móti verða hið gagnstæða; það yrði Reykjavíkurlífið, og kannske ekki hin heppilegri heldur hin óheppilegri hlið þess, sem gæti haft áhrif á þá.

Sé kennaraskólinn hafður í Flensborg, þá sparast, eins og tekið hefir verið fram, 25000 kr.; og yrði mikil aðsókn að skólanum, þá má auðvitað auka við húsið síðar meir. En nú er það enn fremur aðgætandi, að þó kenslumálanefndin hafi áætlað kostnaðinn við skólabygginguna, þá hefir hún eigi gert ráð fyrir neinum kostnaði við lóðina; og þó bæjarstjórn Rvíkur verði svo »flott« að gefa lóð undir skólann einhverstaðar uppi í holtum, einhverja grjóturðina, þá leiðir af sjálfu sér, að það mundi koma til landssjóðs kasta, að gera við grunninn; kringum slíka stofnun verður að rækta grasblett, og yfir höfuð gera þar laglegt svæði, og myndi það kosta talsvert fé; en að því er Hafnarfjörð snertir, þá á skólinn þar jörðina Hvaleyri, og snotran blett við skólahúsið.

Fleira held eg að eg finni ekki ástæðu til að taka fram um þetta mál. En að lokum skal eg endurtaka það, að það, sem vakir fyrir okkur flutnings mönnum breyttill., er sannarlega ekki það, að við viljum þessu máli ilt; við höfum alveg eins mikinn áhuga á því eins og mentamálanefndin. En fyrir okkur vakir sú hugsun, að eigi mentamál þessa lands að komast í gott horf, þá sé það einmitt lífsspursmál, að skólinn standi ekki í Reykjavík, heldur á einhverjum jafn hentugum stað og Hafnarfjörður er, utan Reykjavíkur; og væri skólinn bygður í Reykjavík, þá gæti komið sá tími síðar meir, að menn vildu flytja hann til Hafnarfjarðar.

Svo er enn eitt atrið í þessu máli, að

í Hafnarfirði á landið þenna sjóð, gjafasjóð síra Þórarins Böðvarssonar; en þegar kennaraskólinn væri settur á stofn hér í Rvík, þá væri sú gjöf ónotuð; því það liggur í augum uppi, að landið ter ekki að styrkja gagnfræðakenslu þar, auk þeirrar gagnfræðakenslu, sem verður við þenna skóla, og í neðri bekkjum latínuskólans. Eg álít ekki rétt, að landið láti vera að nota opinbera gjöf, sem það gæti notað, ef kennaraskólinn yrði sameinaður við Flensborgarskóla.

Hannes Hafstein: Það eru að eins stuttar athugasemdir, sem eg vildi gera. Mér fanst aðal-mótbáran í ræðu háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) vera sú, að skólinn sé hér óheppilega settur, og aðal-ástæða breyt.till., að skólinn væri betur kominn í Hafnarfirði. Setjum svo, að þetta væri rétt skoðað, að það væri hættulegt, að hafa skólann í Reykjavík, en að öllu leyti gott að hafa hann í Hafnarfirði, þá er vegurinn til þess, að fá framgengt góðum kennaraskóla í Hafnarfirði ekki sá, að samþykkja þessa breyt.till., sem ekki er annað en kák, þar sem það er bersýnilegt, að með slíkri tilhögun, sem breyt.-till. fer fram á, þá getur kennarakenslan ekki orðið annað en aukaatriði eða *appendix* við gagnfræðakenslu, heldur er þá vegurinn sá, að reisa af nýju sæmilegan landsskóla í Hafnarfirði, lausan við Flensborg; og hefðu því háttv. flutningsm. átt að koma með þannig lagaða tillögu; en breyt.till. þeirra finst mér með engu móti geta náð þeim tilgangi, að efla lýðmentunina á þann hátt, að lagður sé með því nýr grundvöllur undir alþýðumentun landsins.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) sagði, að eg mundi ekki hafa veitt því eftirtekt, að í seinna gjafabréfi síra Þórarins, dags. 1. júní 1882, er sagt, að skólinn sé lagður undir stjórn landshöfðingja; og það var að því leyti rétt, að eg hafði alls ekki séð það gjafabréf fyrr en eftir að eg talaði. En það gerir enga breytingu. Hin sömu orð, sem eg tilfærði, standa í 2. grein sömu reglugerðar, sem háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) las upp úr. En hversu sem landshöfðingi getur breytt þessari reglugerð, þá getur hann aldrei breytt því, að skólinn sé þannig úr garði gerður, að þar geti jafnframt fram farið gagnfræðakensla án kennarakenslu og barnakensla. — Hvort sem landssjóður leggur fé til Flensborgarskóla eða ekki, þá getur sýslunefnd Kjósar- og Gullbringusýslu heimtað, að þar sé barnaskóli fyrir hreppinn. Þetta barnaskóla-ákvæði er kannske nú ekki notað; eg hefi heyrt það sagt, að húsið sé ekki notað til slíks, og að hreppsnefndin hafi gert aðrar ráðstafanir fyrir barnakenslu sinni. — En eftir gjafabréfinu er það víst og áreiðanlegt, að hvenær sem hreppsnefndin krefst, að fullnægt sé vilja gefendanna, þá hlýtur þessi skóli að breytast aftur.

Þetta var það, sem eg vildi taka fram.

Ef þessum mönnum, sem álíta það svo hættulegt, að setja skólann í Rvík, er mikil alvara, þá ættu þeir að koma með tillögu um fyrirkomulag, sem ekki ræki sig á annað, sem sé tillögu um, að landssjóður kosti að öllu leyti kennaraskóla annaðhvort í Hafnarfirði eða annarstaðar utan Reykjavíkur. En að sameina alþýðuskólann í Flensborg við stofnun landsins til kennaramentunar, það nær ekki tilganginum.

Eg skal því að endingu taka fram, að það, að greiða atkvæði með breyt.-till., það er ekki að stofna málinu í tvísýnu, heldur sama sem að drepa það algerlega.

Framsögumaður (Þórh. Bjarnarson): Það eru að eins örfá orð, sem

eg vildi segja. Þeir, sem mælt hafa sem mest á móti því, að hafa kennaraskólann í Reykjavík, hafa ekki komið með neitt það, sem gefi mér ástæðu til að vera langorður.

Að því er sérstaklega snertir ræðu háttv. þm. V.-Sk. (Guðl.G.), þá skal eg alveg sneiða hjá henni, því að skrifari nefndarinnar (St. St.) hefir tekið hana til réttrar athugunar frá minu sjónarmiði.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hélt sér við ástæður og röksemdir; en í ræðu hans var fátt það, sem ekki væri áður skýrlega hrakið af hálfu vor nefndarmanna. Í einu atriði er eg samdóma h. háttv. þingm., nefnil., að það væri óheppilegt, ef Reykjavík legði til flest kennaraefnin. Einmitt þess vegna er það, að nefndin hefir lagt svo sterka áherzlu á heimavistirnar; en breyt.till. er gersamlega til að drepa þær. — Eg hefi leyfi til að skýra orð skólastjórans í Hafnarfirði; þegar hann segir: »viðunandi kennaraskólahús«, þá er meining hans að eins sú, að hægt sé að gera þar nægar kenslustofur, en vitanlega verður þar ekkert plass fyrir heimavistir. Hann hefir aldrei sagt, að það yrði viðunandi kennaraskóli með heimavistum, heldur að eins, að húsið mætti verða viðunandi til að kenna í, fyrir þetta verð, sem breyt.till. miðar við.

Það sem háttv. þm. N.-Isf. (Sk. Th.) lagði aðal-áherzluna á, af því, sem ekki hefir verið talað um, var það, að gjafasjóður sira Þórarins yrði ónotaður. — En sannleikurinn er sá, að hann verður ekki ónotaður. Eignin og stofnunin heldur sér, og verði hún ekki fær um að vinna strax og halda uppi alþýðukenslu eftir tilgangi gefendanna, þá verður að eins að bíða í nokkur ár; en ósefað má telja, að hreppurinn og kaupstaðurinn muni ávalt hafa einhverja þörf á og tækifæri til að nota þessa góðu gjöf.

Aðal-atriðið í ræðu háttv. þm. N.-Isf. (Sk. Th.) og mergurinn málsins hjá þeim andmælendum, en sem hann tók einna skýrast fram, var þetta, sem er ákaflega leiðinlegt að heyra, að það sé lífs-spursmál, að skólinn sé ekki í Reykjavík. Það er hart að heyra þessu slöngvað fram hér í salnum; en í sjálfu sér er það svo fráleitt og frámunalega barnalegt, að maður getur jafnvel hlegið að því. Datt nokkrum lifandi manni t. d. í hug, að setja Stýrimannaskólann annarstaðar en í Reykjavík? Auðvitað gat mönnum dottið í hug að hafa hann á Ísafirði; en engum skynberandi manni gat hugkvæmst að setja hann annarstaðar en í öðrum hvorum stærsta kaupstað og útvegsbæ landsins. — Hefir nú nokkur heyrt, að lærisveinar Stýrimannaskólans verði hér fyrir þessum margumræddu illu áhrifum? Eða þá stúlkurnar á Kvennaskólanum hérna? Það er satt, að frá fornu fari hefir sú óheilla fylgja loðað við hinn lærða skóla, að þar hefir verið meiri eða minni óregla, og komið þaðan á embættaskólana.

En af því h. þm. N.-Isf. (Sk. Th.) vék sérstaklega að prestaskólanum, þá skal eg taka það fram, að hann hefir nú í mörg ár sem næst verið algerlega laus við óreglu hjá stúdentum, enda hygg eg að af hálfu kennaranna geti hann ekki orðið betur varinn en gert hefir verið; því að eins og háttv. þingm. veit, þá gildir þar stúdentsrétturinn til upptöku. — Hinu verð eg gersamlega að mótmæla, að þeir skólar, sem stofnaðir hafa verið í Reykjavík á seinni árum, hafi með nokkru sýnt hin umtöluðu spillandi áhrif höfuðstaðarlífsins.

Allar hinar ástæðurnar, um yfirburði Reykjavíkur að mentunarfærum yfir hina kaupstaðina, standa óhaggaðar.

Aðal-atriðið í þessu máli er að fá komið inn hjá mönnum réttum skilningi á því, nefnil., að hér sé um reglulegan kennaraskóla að ræða, o: fagskóla, þar sem nemandanum, frá þeim fyrsta degi, er hann kemur inn á skólann, sé kent með það fyrir augum, að hann læri að kenna.

Skal eg ekki endurtaka oftar það, sem í þessa átt hefir verið sagt af okkur, sem höldum því fram, að skólinn geti ekki verið annarstaðar en í Reykjavík. Við höfum allir svo skýrt tekið þetta fram, að menn að minsta kosti geta ekki gleymt því, þó menn ef til vill láti ekki skipast við það.

Háttv. 2. þm. Eyf. (H. H.) tók fram þann lagalega skilning á gjafabréfinu, og sama skilningi hélt landshöfðingi ótvírætt fram á þinginu 1895; og treysti eg skilningi þessara lögfræðinga beggja. — Það væri fullkomið heimildarleysi, fullkomin fjarstæða, að löggjafarvaldið tæri að umturna slíkri gjöf eða ónýta hana.

Seinasta spursmálið í þessu máli er það. Vill þingið verja 40,000 krónum, sem nefndin heldur fram í frumvarpinu, og hefir sannarlega varið með kappi— því við teljum okkur sóma, að berjast með kappi fyrir því máli, sem er allra mála stærst og þýðingarmest fyrir þjóðina — vill þingið verja 40,000 kr. til að fá upp myndarlegan skóla, sem geti komið landinu að gagni? Eða vill þingið láta sér nægja kákið, og fá þá upp alveg ófullnægjandi, heimavistarlausan, óhentuglega settan skóla, og sem vitanlega þarf þá að verja miklu fé til strax á næstu árum, svo að notum verði?

Guðlaugur Guðmundsson: Mér þykir það dálítið undarlegt af háttv. frmsm. (Þ. B.) og háttv. 2. þm. Skagf. (St. St.), að það er eins og þeir vilji gefa í skyn, að við berjumst á móti málinu í sjálfu sér. Það er misskilningur. — Háttv. frmsm. (Þ. B.) tók það fram, að nefndin áliti það mjög þýðingarmikið, að kennaraskóli kæmist á stofn í Reykjavík; og kvað hann hana berjast fyrir því með kappi, og telja sér sóma að. En til er gamalt máltæki, sem segir: »Kapp er bezt með forsjá«. Ef háttv. nefndarmenn berjast með kappi án forsjár, þá er hætt við að þeir hafi lítinn sóma af málinu. Við álítum það aftur á móti óheppilegt fyrir málið, að hafa skólann hér. Sannleikurinn mun vera sá, að hér er á báðar hliðar verið að berjast fyrir því, að koma alþýðumentamálinu í sem heppilegast horf. — En eg get ekki séð, að stefna nefndarinnar sé betri en sú, er kemur fram í breyt.till. okkar.

Það er ekki rétt, er tekið hefir verið fram, að gjafabréfið sé því til fyrirstöðu, að kennaraskólinn standi í Hafnarfirði.

Um einstök atriði, er fram hafa komið í umræðunum, þá get eg verið stuttorður. Það leit út fyrir, að háttv. þm. Skagf. (St. St.) ætlaði sér að »brillera« hér með biblíulærdómi sínum, sérstaklega um Sódómaborg. Eg eftirlæt honum æruna af því og játa, að hann stendur mér framar í þeim efnum. — Af því að ráðist hafði verið á Sódóma, nefndi eg hana sem ímynd stórborga, er standa á því stigi, að eiga fegurðina í sinni beztu mynd, og lestina í þeirra verstu mynd. Eg neitaði að Reykjavík væri komin á þetta stig. Eg hélt því fram, að borgir með 1—2 miljón íbúa ættu færari menn í listum og vísindum en Reykjavík, en á hinn bóginn líka stærri lesti. Reykjavík kvað eg vera á því vaxtarstigi, að hún hefði meira til að bera af verra taginu en af því betra. Það var ekki hið síð-

lausa »slark«, ekki hin »raffineraða« spilling, er eg kvað þar eiga heima, heldur slæpingsháttur inn.

Háttv. 2. þm. Skagf. (St. St.) sagði, að við ættum að kippa Reykjavík upp úr þessu feni, með því að fá hingað fáeina bændasonu ofan úr sveit. — Þeir yrðu þá án efa að vera úr Skagafirði, ef þeir ættu að verða færir um að kippa Reykjavík upp úr feninu! — Hann kvað ekki duga orðin tóm. En skyldu þá 2 tugir bændasona duga? — Að öðru leyti þakka eg fyrir ræðu hans; eg ætla mér ekki að fást um gamanyrði hans.

Að eins eitt atriði vildi eg athuga. Hann hélt, að það yrðu einhver grundvallarlýti á kennaraskólanum, ef hann væri bygður upp úr gömlum staurum, þótt húsið væri að öðru leyti gott. — Undirstöðuna, — sem er grjót en ekki staurar, — vildi hann láta rífa upp og fleygja burt öllum viðum. Eg efast ekki um, að enda þótt húsið sé orðið fornt, finnist þó í því fult svo traustir viðir sem þeir, er nú flytjast til landsins. Fyrir mér liggur dýpri hugsun á bak við. Eg vil ekki láta rífa upp undirstöðuna og brenna húsið til kaldra kola, fyr en maður getur fengið betri efnivið til nýrrar byggingar.

Stefán Stefánsson: Eg vildi að eins víkja fám orðum að háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.). Mér þótti það illa við eiga, að vera að finna að því, að í gær var útbýtt meðal þm. grein frá þeim manni, er þingið hefir valið til þess að fara til útlanda og kynna sér lýðmentun og skólafyrirkomulag annara landa, í því skyni, að hann síðar skyldi vera ráðunautur þess og leiðbeinandi, er það færi að fást við umbætur á mentamálum landsins. Háttv. þm. talaði um hann sem óviðkomandi utanþingsmann. Er það harla óviðeigandi, þar sem þingið hefir haft hann í sumar sem ráðunaut sér við hlið. Því fór svo fjarri, að það væri nokkur frami í því af þessa manns hálfu, að benda þm. á það, er hann áleit rétt í þessu máli, sérstaklega er hann sá, að þeir voru komnir á fremsta hlunn með að gjöra sig seka í afglöpum, heldur var það blátt áfram skylda hans. Ættu þm. að kunna honum þakkir fyrir. H. þm. fór svo að reyna að hrekja röksemdir Guðm. Finnbogasonar, en ekki þótti mér honum takast það að neinu leyti; sumum slepti hann blátt áfram, af því að hann treystist ekki að mæla á móti þeim; naumast hefir viljann vantað. Þannig hagaði hann sér t. d. gagnvart þeirri ástæðu Guðm. Finnbogasonar, að skólinn sé bezt settur í Reykjavík, kenslunnar og aðsóknarinnar vegna. Er það ekki eðlilegt og sjálfsagt, að setja skólann þar, sem mest er þörf á honum. Þetta er einmitt mjög mikilsverð ástæða. Það er sama ástæðan sem bæði eg og aðrir hafa fært fyrir því, að Möðruvallaskólinn yrði fluttur til Akureyrar. (*Lárus H. Bjarnason*: Því þá ekki til Reykjavíkur?). Af því að sá skóli er aðallega fyrir Norðurland og Austurland. En þessari ástæðu slepti háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), og svo var um ýmsar fleiri.

Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.) end aði ræðu sína með þeirri fjarstæðu að fullyrða, að það væri lífsspursmál, að kennaraskólinn yrði ekki í Reykjavík. Hann kvað og mig hafa ætlað að kippa Reykjavík upp úr feni spillingarinnar með kennaraskólanum. Eg hefi aldrei hugsað mér að það yrði gjört með honum einum, svo framarlega sem hún er sokkin í nokkurt fen. Eg hefi að eins sagt, að væri lífið í Reykjavík svo djúpt hnigið, sem háttv. þm. taldi það vera, þá ættum við að reyna að bæta

það, þá væri það skylda okkar fremur að efla bæinn en að rýra hann. En það tel eg sé að rýra Reykjavík, að setja þar ekki beztu mentastofnanir landsins. Eg get ekki skilið, hvers vegna það sé betra að hafa kennaraskólann í Hafnarfirði heldur en í hverjum öðrum smákaupstað á landinu. Það mætti eins setja hann austur á Seyðisfjörð, norður á Akureyri eða vestur á Ísafjörð. Það var borið fram sem ástæða, að kennararnir ættu að vera þeir sömu, sem nú eru í Hafnarfirði. Þó að leggja mætti áherzlu á þetta, sem eg þó ekki gjöri, þá verða þeir þó aldrei eilífir. Þeir eru sjálfsagt mjög góðir kennarar, það efast eg ekki um, þótt þeir seu mér lítt kunnugir sem kennarar, og líklega er það fremur staðnum að kenna, að svo lítil aðsókn hefir verið að kennaraskólanum í Flensborg. En þá er um að gjöra að losast við staðinn. Við kennarana losast maður einhver tíma.

Að öðru leyti vil eg leyfa mér að þakka fyrir ræðu háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.). Hann talaði miklu rólegar en seinast, og með sérstakri vinsemd í minn garð og annara. Það sem hann sagði um sögu Sódómaborgar, hygg eg sé hans eigin hugarburður, en styðjist eigi við nein söguleg skilríki. Hann kvað fegurðina hafa átt þar heima í sinni beztu mynd. Ekki styðst það við ritninguna, er segir borgina hafa verið svo djúpt sokkna, að Jehóva varð að senda eld af himni, til þess að afmá hana af jörðunni. Það mun því hafa verið svívirðingin, en ekki fegurðin, er þar bar mest á. Og þar sem háttv. þm. kvað Reykjavík á því vaxtarstigi, að þar bæri mest á því illa, þá verð eg að segja, að eg þekki ekki til að svo sé. Mér finst Reykjavík hafa nú fengið miklu meira af því, sem fagurt er, en hún hafði til að bera fyrir 2 tugum ára. Og við eigum að stuðla að því af fremsta megi, að þessar björtu hliðar hennar verði æ stærri og bjartari. Það getum við bezt gjört með því að safna þar saman beztu stofnunum landsins. — Gagnvart því, er háttv. þm. talaði um grunninn og spíturnar, tek eg það fram, að eg vil ekki að neinum fúa sé komið inn í þessa stofnun; eg vil að hún sé ný bæði hið ytra og innra, og standi bæði andlega og líkamlega á traustum grunni.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þgskj. 220, við 1. gr. frv., feld að viðhöfðu nafnakalli með 15 : 8 atkv., og sögðu

já:	*nei*:
Björn Kristjánsson,	Árni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Jón Magnússon,
Guðl. Guðmundss.,	Björn Bjarnarson,
Hannes Þorsteinss.,	Einar Þórðarson,
Jóh. Ólafsson,	Hannes Hafstein,
Lárus H. Bjarnason,	Herm. Jónasson,
Magnús Stephensen,	Jóh. Jóhannesson,
Skúli Thoroddsen.	Magnús Andrésson,
	Ólafur Briem,
	Ólafur Ólafsson,
	Ólafur Thorlacius,
	Pétur Jónsson,
	Stefán Stefánsson,
	Tryggvi Gunnarss.,
	Þórh. Bjarnarson.

Breyt.till. á þgskj. 220, við 2. gr., þar með fallin.

Frumv. í heild sinni óbreytt samþ. með 21 samhlj. atkv. og verður afgreitt til Ed.

Eitt umr. 22. ágúst. (C. bls. 676; n. 687).

Framsögum. (Þórhallur Bjarnarson): Frumv. þetta er nú aftur komið hér fyrir deildina í sömu mynd og það lá hér fyrir í breytingartillögum, sem deildin þá hafnaði með stórum atkvæðamun. Bæði málið sjálft og eins

þessar breyt.till. var þá ítarlega rætt hér í deildinni, og þess vegna mun ekki vera nein þörf á að fara að ræða það á ný, bara til að þreyta sjálfan sig og aðra á því.

Eg skal að eins geta þess, að auk þess sem háttv. Ed. hefir tekið upp breyt.till. um annan skólastað, og að byggja húsið upp fyrir gjörsamlega ónógt fé, þá hefir hún einnig farið fram á, að ársdeildirnar séu ekki nema tvær í stað þriggja, og að ekki séu heldur hafðir nema 2 kennarar. Það var vikið að því við umr. hér í deildinni, að ekki mætti gera minni kröfur til skólans en svo, að námstíminn stæði yfir 3 ár. En eins og vikið er að í nefndarálitinu, mundi nefndin þó engu að síður, heldur en að láta skólastofnunina farast fyrir, hafa gengið að báðum þessum breytingum, í því trausti, að hér væri að eins um millibilsástand að tala, sem þörfin fljótt mundi kippa í rétt horf. En því er ekki að heilsa, að samkomulag fáist við háttv. Ed., þó að vér vildum slaka til í þessu atriði.

Sem sagt eru samkomulagshorfurnar ekki miklar, en eg hefi þó nokkra ástæðu til að ætla, að þeir, eða að minsta kosti sumir þeirra, sem breyttu frumv. í þá mynd, sem það hefir nú, hafi gert það fult eins mikið í því skyni, að láta málið bíða eitt fjárhagstímabil enn, heldur en hitt, að þeir kannist ekki við, að skólinn getur hvergi annarstaðar verið en einmitt hér í Reykjavík, þegar tími er á annað borð kominn, að þeirri dómi, til þess að stofna þenna skóla.

Eg vona að þessi deild sýni hinn sama áhuga og fylgi við þetta mál og hún hefir áður gert, með því að halda því óbrjáluðu í hinni sömu mynd og það var í, er það síðast fór frá deildinni, eða með öðrum orðum, að heimta góðan og myndarlegan kennaraskóla í sjálfum höfuðstað landsins.

Björn Kristjánsson: Eins og nefndarálit hv. Ed. ber með sér, þá hefir deildin fallist á álit skólastjórnarinnar í Flensborg og þá skoðun, sem eg lét í ljós, er mál þetta var til umræðu hér í deildinni. — Raunar hefir hv. Ed. gert dálitla breytingu á frv., þar sem hún ætlast til að ekki séu nema 2 fastir kennarar við skólann; en jafnframt ætlast hún til þess, eins og sjá má af fjárlögunum og umræðunum um þau í Ed., að gagnfræðakenslan í Flensborg haldi áfram, og verða við hana auðvitað áfram þessir sömu 3 kennarar, sem verið hafa. Efnisbreyting er þetta því í raun og veru engin, því allir þessir 3 kennarar verða við báða skólana eftir sem áður. Nefndin í Ed. hefir fallist á þá skoðun, að rétt sé að hlynna að þeim vísi til kennaraskóla, sem stofnaður hefir verið í Hafnarfirði, og eg held því að það sé ekki rétt hermt hjá hv. framsm. (Þórh. Bj.), að þeir, sem breytt hafi frv. í það form, sem það nú er í, vilji kannast við það sem sína skoðun, að kennaraskólinn geti hvergi annarstaðar verið en í Reykjavík, þegar tími sé kominn til að stofna hann á annað borð, enda er það líka tekið fram í nefndarálitinu, að Hafnarfjörður hafi ýmsa kosti fyrir þenna skóla, sem Reykjavík hafi ekki.

Sjálfur verð eg að halda fram hinni sömu skoðun og áður, að eg álít skólann betur settan í Hafnarfirði en í Reykjavík, bæði sparnaðar vegna fyrir piltana, og þó sérstaklega vegna þess, að þeir eru þar miklu síður útsettir fyrir óreglu og eyðslusemi. Það liggur í augum uppi, að jafn fámennur skóli getur engin áhrif haft á bæ á stærð við Reykjavík, heldur er það einmitt

bærinn, sem hefir áhrif á nemendurna, enda hefir það sýnt sig ljóslega á þeim skólum, sem hér eru.

Nefndin í Ed. hefir einnig fallist á þá sömu skoðun og eg hélt fram, að meðan kjör kennaranna, »sultarkjör« kallar nefndin það, séu jafn bágborin og þau eru, þá gæti ekki um neina verulega aðsókn að kennaraskólanum verið að ræða. Eg benti á það hér í deildinni um daginn, að í fyrra höfðu 10 piltar sótt um inntöku á kennaraskólann í Flensborg, en um haustið hefðu þó að eins 4 þeirra komið. Og hvers vegna? Eingöngu af því að hinum bauðst önnur atvinna, sem borgaði sig betur en sveitakennarastörf. Það er þetta, sem stendur í veginum fyrir aðsókninni að kennaraskólanum. Eg sé því enga ástæðu til að verja 40 þús. kr. til að byggja skóla, sem vit anlega að eins örfáir nemendur sækja. Fyrsta stigið í alþýðumentamálunum verður að vera það, að bæta kjör kennaranna, eins og réttilega er tekið fram í nefndaráliti Ed., og áður en það stig er stigið, er ekki rétt að vera að kasta út stórfé í byggingar. Raunar gæti eg vel trúað því, að ef skólinn væri hér í Reykjavík, þá mætti safna dálítið fleiri nemendum á hann héðan úr bænum, en með því væri að mínu áliti skólinn litlu eða engu bættari, því það er skoðun mín, að þenna skóla eigi helzt sveitapiltar að sækja, því að þeim sé betur trúandi til að hafa á hendi uppfræðslu *barna* en piltum, sem ala aldur sinn að meiru eða minna leyti hér á götunum.

Eg get því að öllu leyti sætt mig við frv. eins og það kemur frá hv. Ed., einmitt vegna þess, að aðalatriðunum er haldið þeim sömu, sem eg hélt fram; að vísu gæti eg einnig gengið inn á brt. um 3. kennarann, en því get eg aldrei gefið mitt atkvæði, að flytja skólann frá Flensborg og hingað til Reykjavíkur.

Annars furðar mig það mest, hve mikið kapp hefir komið fram í þessu máli. Væri um það að ræða, að stofna hér almennan alþýðu- eða gagnfræðaskóla, þá skyldi eg fúslega vera með því, og eg hefði viljað óska, að mentamálanefndin hefði látið sér eins ant um og sýnt jafn mikið kapp á að koma upp slíkum skóla hér, því það er sannarlega hörmuleg sjón, að sjá hér fleiri hundruð ungra manna eyða tíma sínum á vetrum á götunum og veitingahúsunum, án þess þeir eigi nokkurn kost á að fá þá fræðslu, sem þeir þarfnast svo mjög fyrir. Slíkur skóli gæti orðið Reykjavík að stórmiklu gagni, þar sem kennaraskólinn aftur á móti hefði enga þýðingu fyrir bæinn hér, en gæti hins vegar haft talsverða þýðingu fyrir Hafnarfjörð.

Framsögumaður (Þórh. Bjarnarson): Eg hélt að eg þyrfti ekki að fara að endurtaka það, sem margbúið er að sýna fram á, að tilboðið um að byggja skólahús með skólastofum, íbúð fyrir skólastjóra og 20 heimavistir, og leikfimishús fyrir einar 15000 kr. er hreinasta húmbúg, er sett var upp til þess að fleyga málið. Þetta veit hlutaðeigandi skólastjóri sjálfur og hefir kannast við það við mig, að þetta er langsamlega ónógt. Tilboðið var gert í flasi, og rétt á eftir gerir sami maðurinn annað tilboð um að byggja skólahúsið upp fyrir 25000 kr., eins og sjá má á nefndaráliti Ed. Í því gat verið einhver meining. En með því að samþykkja frv., eins og það nú er, verða heimavistirnar algerlega burtstrikaðar. En á heimavistirnar hefir þessi deild lagt mjög mikla áherzlu, því vér ætlumst til, að kennaraskólinn verði fyrir

menn úr sveitunum, og til þess að gera þeim veruna sem allra ódýrasta, verða að vera heimavistir.

Það hefir verið sagt, að kennaraefnin mundu hér í Reykjavík hverfa eins og dropi í hafið og verða fyrir slæmum áhrifum, en þessi slæmu áhrif hér hafa ekki sýnt sig annarstaðar, og hins vegar viljum við einmitt að kennaraefnin hafi heimili í skólanum. Það hefir verið sagt, að kennaraskólar um þyrftu að vera samferða umbætur á kjörum kennaranna, og það er dagsatt. Það hefir líka Ed. viturlega tekið fram, og sagt að kjör þau, sem barnakennarar landsins víða eiga við að búa, séu »hrein og bein sultarkjör«. En hvað hefir svo hv. Ed. gert? Jú, hún hefir strikað út því sem næst alt það, sem þessi deild hafði gert á fjárlögunum til að bæta kjör þessara manna. Það er rétt að láta þess minzt í sambandi við góðu orðin í garð kennaranna frá nefndinni í hv. Ed.

Það hefir verið sagt, að reynsla sú, sem fengin væri um kennaraskóla hér, benti ekki á, að mikil aðsókn mundi verða að þessum skóla. En hvernig hefir átt að fá reynslu um kennaraskóla, meðan hann var enginn til í landinu? Það eitt er fullreynt, að kennarafræðslan í Flensborg hefir ekki dregið menn að sér. Eg verð að álíta, að úrslit þessa máls í Ed. hafi komið af því, að hún vildi ekki taka beint á sig ábyrgðina af að fella kennaraskólann, og ekki heldur kveða hreinlega upp með það að fresta honum, og því hefir hún valið þessa leið, sem þó er ekki annað en krókaleið til að koma honum fyrir kattarnef að þessu sinni. En betra er að bíða enn eitt fjárhagstímabil en að fá upp ónýtan skóla og kasta út fé í aðra stofnun, sem landssjóður á ekkert í, og sýna og sanna að löggjafarvaldið hefir enga heimild til að umturna.

Skúli Thoroddsen: Það hefir verið fundið ýmislegt að gjörðum háttv. Ed., og sumt með rökum. En að því er þetta mál snertir, þá hefir hún farið hyggilega að, og þannig bætt fyrir ýmislegt. Þegar málið var fyrir þessari deild, var hér álitlegur minni hluti, er hélt fram sömu skoðunum og háttv. Ed. hefir nú fylgt fram. Eg verð því að mótmæla því, að háttv. Ed. hafi fært frumv. í þetta horf, af því hún vildi eyðileggja málið, og sé lagður saman meiri hluti Ed. og minni hluti Nd. í þessu máli, þá er það í raun og veru meiri hluti þingsins sem vill hafa skólann í Hafnarfirði. Mér virðist háttv. mentamálanefnd þessarar deildar hafa tekið það í sig að vilja ekki sannfærast. Það var sýnt fram á það við fyrri umr. málsins með ljósum rökum, að skólinn væri betur settur í Flensborg, og skal eg ekki endurtaka það. En næst er mér að spá því, að komist þetta mál í sameinað þing, þá sé það fallið, og þó að það takist þannig að eyðileggja þetta nauðsynjamál á þessu þingi, þá tekst ekki betur að setja kennaraskólann í Rvík á næsta þingi, því eg er sannfærður um, að menn átta sig á því, að kennaraskólinn er betur settur í Hafnarfirði en í sollinum hér. Mér finst því deildin verði að hugsa sig vel um, áður en hún samp. breyt.-till. mentamálanefndarinnar, sem eru meira af kappi en forsjá, því það sér hver maður, sem vill koma alþýðumentuninni í gott horf, að vel má útbúa kennaraefni í Hafnarfirði. Aðalatriðið er að kennararnir séu góðir, og kennararnir eiga að vera hinir sömu þar eins og hér, og húsið á að eins að vera stærra hér, og mér finst ekki af þeirri ástæðu þurfi að snara út 40,000

kr. til að byggja kennaraskóla einhverstaðar hérna í holtunum.

Þar sem háttv. framsm. (Þ. B.) tók fram, að löggjafarvaldið hefði enga heimild til að breyta Flensborgarskólanum í kennaraskóla, þá hefir það verið hrakið við umr. hér í deildinni, og stofnskráin leggur skólann hins vegar undir vald landsh. Enda liggur í augum uppi, að það kemur ekki í bág við tilgang gefandans, þótt skólinn væri jafnframt kennaraskóli, því auðvitað verður hann jafnframt barnaskóli. Það er engin ástæða til að rengja tilboðið um að byggja skólann fyrir 15,000 kr., þó að sami maðurinn vilji taka við 25,000 kr., þegar hann heyrir að þingið vill veita svo mikið. Enda er það engin fjarstæða að byggja megi upp húsið í Flensborg fyrir 15,000 kr., því það er ekki svo lítið rof, sem kemur úr slíku húsi Þar sem háttv. framsm. (Þ. B.) kritíseraði Ed. fyrir að hún hefði skírskotað til undanfarandi kennarafræðslu, og sagði, að ekki hefði verið hægt að fá reynslu um kennaraskóla, þar sem enginn kennaraskóli hefði verið í landinu, þá held eg hann hafi lagt helzt til mikla áherzlu á orðið skóla. Eg skil ekki að þurfi að gjöra svo mikinn mun á »skóla« og »fræðslu«. Kennarafræðslan í Flensborg hefir verið kennaraskóli í smáum stíl. Eg skal svo ekki fara fleirum orðum um þetta, en vona að háttv. þm. hugsi sig um, áður en þeir fylgja mentamálanefndinni út í ógöngur.

Hannes Hafstein: Eg ætla að eins að segja örfá orð. Mig furðaði á því, að heyra háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) endurtaka það, að mentamálanefndin vildi koma kennarskólanum í ógöngur, þar sem það er bersýnilegt, að ekki að eins háttv. Ed. heldur og þm. sjálfur vilja eyðileggja kennaraskólann, með því að setja í stað hans eintómt kák í Flensborg, og fyrirbyggja þannig að þessu velferðarmáli verði komið í framkvæmd í næstu framtíð. Þm. getur ekki verið svo blindur að ætla, að unt sé að koma upp viðunanlegum kennaraskóla fyrir 15,000 kr. Eg veit til að smiðurinn hefir sagt síðan, að það væri ekki unt fyrir minna en 25,500 kr., sem er þó líklega oflítið. Allir, sem hugsa um þetta með athugun, hljóta því að sjá það, að það er röng og ómakleg getsök móti oss nefndarmönnum að bera oss á brýn, að vér viljum eyðileggja skólann, er vér erum að reyna að aftra því, að háttv. Ed. gjöri málið að hégóma; en það er einkennilegt fyrir háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) að bera öðrum á brýn að þeir séu að gjöra það, sem hann er að sjálfur, svo það er ekkert nýtt. En eg verð að mótmæla þessu fyrir hönd mentamálanefndarinnar. —

Því fer fjarri að það hafi verið sannað, að breyta mætti Flensborgarskólanum í kennaraskóla eingöngu samkvæmt gjafabréfinu; eg álít einmitt að hitt hafi fremur verið sannað, að ekki er heimild til að hafa þar kennarafræðslu nema í sambandi við alþýðu- og barnaskólann. — En hér er að ræða um að setja á fót sjálfstæða stofnun, er nægi til að breyta grundvellinum undir alþýðufræðslunni, og koma henni í nýtt og betra horf, en það fæst ekki með því að setja kennaraskóla í þessum búningi í Flensborg (*Lárus H. Bjarnason*: Skólinn er gagnfræðaskóli). Það er ekki rétt athugað, að kennaraskólinn eigi að verða gagnfræðaskóli, þó kenslugreinarnar séu sumar hinar sömu, heldur á hann að vera skóli fyrir kennaraefni, þar sem frá upphafi vega er lögð áherzlan á það, að búa kennaraefnin undir kennarastöðuna. Þetta hefir verið tekið svo skýrt fram, að ekki ætti að þurfa að gjöra það

nákvæmar. Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) sagði, að mentamálanefndin hefði tekið það í sig að láta ekki sannfærast. En þm. má vita, að nefndin getur ekki sannfærst af slíkum rökum, sem notuð eru móti henni, rökum, sem sumpart bera það með sér, að sumir hlutaðeigendur geta ekki trúað á þau sjálfir.

Framsögumaður (Þórh. Bjarnarson): Eg neyðist til enn þá einu sinni að taka það fram, gagnvart orðum háttv. þm. N-Ísf. (Sk. Th.), að aðaláherzlan liggur á því, að 15000 kr. eru allsendis ófullnægjandi, nema til þess að byggja heimavistalausan skóla. En að svifta burt öllum heimavistum er sama sem að eyðileggja skólann. Það hefði þá verið heldur nær lagi að taka upp síðara tilboðið frá smiðnum í Hafnarfirði, er hljóðaði upp á 25,000 kr., og hefði það verið gert, mundi kannske hafa komið eitthvert hik á mentamálanefndina, en nú hikar nefndin ekki hið minsta; hún telur oss betur borgið með því að bíða eftir skólanum til 1905, heldur en að fá eitthvað kák nú þegar.

Eg tek ekki í m l að fara enn á ný að eltast við hinar óviðjafnanlegu »sódómitisku« röksemdir þeirra háttv. þm., er álíta kennaraskóla óhafandi í Rvík, vegna þess hvað hún sé mikið spillingarbæli. Hitt vil eg minna á, hversu vel þetta ágreiningsatriði um skólastaðinn skýrðist af umræðunum milli mín og háttv. 1. þm. G.K. (B. Kr.) þegar málið var hér áður fyrir. Hann taldi til ýmislegt, er kennaraskóli þyrfti að hafa, og þá sýndi eg með rökum fram á, að einmitt þau skilyrði hefir Reykjavík til að bera og enginn annar staður á landinu.

Því hefir verið haldið fram, að hér væri um alþýðuskóla að ræða. Það er misskilningur. Alþýðuskóli er alt annað en kennaraskóli. Alþýðuskóli er skóli fyrir öll landsins börn, þar sem þeir er vilja, geta fengið framhaldsmentun af barnaskólafræðslunni, án þess að hafa sérstakt markmið fyrir augum, sérstakan undirbúning undir ákveðið lífsstarf. En það er einmitt það, sem kennaraskóli gerir; tilgangur hans er að búa menn undir ákveðna lífsstöðu; með öðrum orðum, hann er fagskóli.

En hvað sem öðru líður, þá ætti það eitt að vera nægilegt til að ráða úrslitum þessa máls, að ein 15 þús. kr. eru allsendis ófullnægjandi til að koma upp nýtanlegu skólahúsi, enda þótt nota megi til sparnaðar eitthvað af brakinu úr gömlu byggingunni (*Lárus H. Bjarnason*: Á hverju byggir þm. þetta?) Það hafa hvað eftir annað verið færð rök að því, og harla tornæman kalla eg háttv. þm. Snæf. (L. H. B.), ef hann hefir ekki enn látið sér það skiljast. Við 2. umr. var sýnt fram á, hvað mikið gólfrými þyrfti að vera í skólabyggingu, sem ætti að rúma ekki einungis kenslustofur, heldur einnig heimavistir og svo húsnæði handa skólastjóra; það var sýnt fram á, að slíkur skóli yrði að nema að minsta kosti 600 ferálnum að gólfrými, og eftir áreiðanlegri reynslu manna við slíkar byggingar, mundi hann ekki kosta minna en 36 þús. kr.

Skúli Thoroddsen: Það er leiðinlegt að þurfa að vera að tala aftur og aftur í máli, sem búið er að ræða jafn ítarlega og þetta mál. Það er sérstaklega eitt atriði í þessu máli, sem háttv. mentamálanefnd hefir sýnilega enga áherzlu lagt á, þó að oft hafi verið vikið að því áður, og það er breytingin á kenslunni í lærða skólanum. Það er breyting, sem þingið hefir haft á prjónunum, og fer fram á að koma á realkenslu í hinum lægri bekkjum lat-

inuskólans, svo að ef það kemst á, myndast þar nokkurs konar realskóli. Ef nú kennaraskólinn væri settur á stofn hér í Reykjavík við hliðina á hinum, þá yrðu hér tveir gagnfræðaskólar, því að kennaraskólinn verður aðallega gagnfræðaskóli, þó að eitt eða tvö »fög« séu kennarafræðsla. Eg get því ekki annað séð, en að það sé fullkominn óþarfi fyrir landið, að hafa hér í Rvík tvo sams konar skóla hvorn við hliðina á öðrum. Þar að auki er það sjálfsagt, að gagnfræðaskólinn í Flensborg hlýtur að standa eftir sem áður, og þegar svo þrír sams konar skólar eru komnir hér upp, svo að segja hver við annars hlið, þá getur mér ekki annað fundist, en þetta sé nokkurs konar skólaæði, að vilja hrúga öllum þessum skólum upp hverjum ofan á annan, sem allir veita sömu fræðsluna.

Það sem aðallega vakir fyrir mér í þessu efni er það, að þegar um alþýðufræðslu er að ræða, þá blandast mér ekki hugur um, að það sé heppilegra, að hennar verði notið utan höfuðstaðarins, og þá er Hafnarfjörður einkar vel valinn staður að mínum dómi. Þar er bæði fagurt, friðsamlegt og rólegt pláss, og þar sem svo er, geta menn notið fræðslunnar helmingi betur, þar sem ekkert glepur fyrir, heldur en hér í Reykjavík, innan um allan glauminn og sollinn.

Eg ætla nú í þessu sambandi ekki að fara að svara ræðu háttv. 2. þm. Eyf. (H. H.), því að slíkum orðum þýðir ekki að svara með rökum. Það mátti segja um þessa ræðu hans, að hún hafi verið skáldskapur frá upphafi til enda, eða eins og einn þm. tók fram, hreinasta »lyrik«, því að maðurinn lætur tilfinninguna leiða sig en ekki röksemdir, og það er oftast tilfellið með þessa geðríku menn, einkum ef þeir eru skáld, að þeir geta ekki fest sig við röksemdir né sannanir. Að því er það snertir, sem hann talaði í minn garð, þá voru það getsakir einar, sem ekkert komu málinu við, og furðaði mig á að háttv. forseti skyldi ekki taka til bjöllunnar, þegar þessi h. þm. fór svo langt út fyrir efnið. En þessum getsökum hans í minn garð vil eg ekki svara, því eg þekki manninn of vel til þess, að það hefir enga þýðingu. En þar sem hann var að sletta því, að eg tryði ekki á þær ástæður, sem eg færði fram fyrir mínu máli, þá vil eg leyfa mér að vísa því frá mér sem tilhæfulausum orðum. Hann vék líka að því, að stefna mín í þessu máli væri þannig löguð fyrir persónuleg áhrif skólastjórans í Flensborg; en þó að menn haldi fast við sína skoðun, þá er merkilegt, er menn kasta fram slíkum getsökum. Eg ætla svo ekki að lengja umræðurnar um þetta atriði, en hins vildi eg geta, að því er snertir hina háttv. mentamálanefnd, að hún hefir ákveðið forlög þessa máls áður, og er því ekki til nokkurs að koma með röksemdir. En hvort sem þessi háttv. deild hnígur að stefnu mentamálanefndarinnar eða ekki, þá fellur frv. í sameinuðu þingi. Hvað sem svo mentamálanefndinni gengur til, er ekki gott að vita, því að á næsta þingi byrjar sama þjarkið, og getur þá ekki ástæðan verið sú, að hrinda sem fyrst í betra horf alþýðumentamálum. Frv. þetta, eins og það kom frá h. Ed., ber með sér, að í skólanum eiga að vera 20 heimavistir, og get eg ekki séð annað en að það sé nóg, eftir þeirri aðsókn að dæma, sem verið hefir til kennaradeildar Flensborgarskólans undanfarin ár, því að áður hafa þar verið 2—3 á vetri; og 10 til 15 næstu árin ímynda eg mér að ekki verði meiri

aðsókn en svo, að þessar 20 heimavistir nægi handa skólanum. Auk þess er miklu hægra fyrir nemendur utan af landi að komast að góðum kjörum í Hafnarfirði, heldur en hér í Reykjavík, því að flest verður þó dýrara hér en í Hafnarfirði. Þó að hér yrði nú reistur skóli fyrir 40000 kr., þá sannast það, að eftir 10—20 ar þyrfti að stækka hann, og þó að hið sama kæmi fyrir í Flensborg, þá finst mér það ekkert hneykslanlegt, því að eftir því sem tímar liðu, þarf oftast að breyta og fylgjast með tímanum, og eg býst ekki við að þó skólinn stæði hér, að hann yrði óhaggaður um aldur og æfi. Eg hygg svo að ekki muni þýða að fara fleiri orðum um þetta mál.

Stefán Stefánsson: Eg ætla ekki að fara að lengja umræðurnar, en eg vildi beina nokkrum orðum til háttv. þm. N-Ísf. (Sk. Th.) gagnvart því, sem hann sagði um tilgang mentamálanefndarinnar í þessu máli. Eg vil leyfa mér að vísa því á bug fyrir nefndarinnar hönd, að það sé tilgangur hennar að eyðileggja málið, heldur er framkoma hennar í þessu efni í beinu samræmi við þá stefnu, að gera það eitt, sem að notum geti komið. Kákið hefir ávalt verið sá rauði þráðurinn, sem gengið hefir í gegnum alla meðferð þingsins á mentamálum hingað til. Það hefir mentamálanefndinni skilist og því hefir hún í þessu efni lagt til, að farið væri inn á nýja braut. Hún vill fá skóla, sem getur komið að notum, þó hann sé dýrari, heldur en skóla, sem er ekki annað og getur ekki verið annað en »húmbúg«, og þó að málið fái ekki fram að ganga á þessu þingi í þeirri mynd, sem mentamálanefndin óskar, þá vill hún það heldur, en að komið sé upp einhverri skólanefnu í Hafnarfirði. Mætti þá, áður en næsta þing kemur saman, leita álits þjóðarinnar í þessu efni. Ef vér förum nú að flana að því að lappa við skólann í Flensborg, þá yrði það sjálfsagt því til fyrirstöðu, að vér fengjum almennilegan kennaraskóla næstu 10—20 ár, eða ef til vill miklu lengur. Og því er betri enginn skóli en kákskóli, sem að engu leyti getur fullnægt kröfum nútímans.

Hannes Hafstein: Eg ætlaði mér að eins að gera örstutta athugasemd, því að eg ætla mér ekki að fara að skattyrðast hér í þingsalnum, upp á landsins kostnað, við h. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.). Það má gera það annarstaðar, ef mann langar til. Ummæli hans um að orð mín hafi verið tómur skáldskapur, eru orðin nokkuð slitin og útjösk uð fyndni, því það mun nú vera í 3. sinnið á þessu þingi, sem hann kemur með hana. Það fer að verða leiðinlegt, að heyra það staglað upp aftur og aftur, sem ekki er meira spakmæli en það. Mér finst það bera vott um, að þessi h. þm. (Sk. Th.) sé í meira lagi fátækur af ástæðum og andagift, að vera altaf að klifa á þessu í röksemda stað. Hann var að segja að eg hefði gert sér getsakir, en sá var munurinn, að eg var að bera getsakir hans af nefndinni, þær ómaklegu getsakir, að hún væri viljandi og vísvitandi að eyðileggja þetta þýðingarmikla mál. [*Skúli Th.*: Það er játað af 2. þm.Skagf. (St. St.)]. Það er þvert á móti, h. 2. þm. Skagf. hefir mótmælt þessu. En það er bersýnilegt, að þeir menn vilja eyðileggja málið, sem berjast fyrir því, að farið sé að káka við Flensborgarskólann og fleygja þannig út 15000 kr. í sjóinn, í stað þess að fá almennilegan skóla. Eg ætla svo ekki að orðlengja þetta frekar, því að eg álít þess enga þörf.

ATKVGR.: 1. brt. á þingskj. 562, við 1. gr., sþ. með 15 gegn 2 atkv.

2. brt. á þgskj. 562, við 3. gr., sþ. með 15 shlj. atkv.

3. brt. á þgskj. 562, við 5. gr., sþ. með 14 shlj. atkv.

4. brt. á þingskj. 562, við 5. gr., sþ. með 13 samhlj. atkv.

5. brt. á þgskj. 562, við fyrirsögn, sþ. án atkv.gr.

Frumv. í heild, með áorðnum breytingum, sþ. með 17 atkv. og verður endursent Ed.

Gagnfræðaskóli á Akureyri

FRUMVARP til laga um gagnfræðaskóla á Akureyri; 1. umr., 4. júlí. (C. bls. 110, stj.frv.).

Málinu vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

Fimm manna nefnd var samþykt í einu hlj.

Hlutfallskosning var viðhöfð og voru þessir kosnir:

Stefán Stefánsson,
Hannes Hafstein,
Björn Bjarnarson,
Einar Þórðarson,
Hannes Þorsteinsson.

Önnur umr., 21. júlí. (C. bls. 110, n. 257).

Framsögumaður (Stefán Stefánsson): Eg ímynda mér að allir háttv. þingdeildarmenn séu á einu máli um það, að aftur beri að reisa gagnfræðaskóla á Norðurlandi, og þá ekki á rústum hins gamla á Möðruvöllum, heldur beri að flytja hann til Akureyrar. Um þetta hefir enginn ágreiningur orðið. En aftur á móti hefir ágreiningurinn aðallega snúist um það, hvernig eigi að byggja skólann, hvernig honum eigi að vera fyrir komið, hvort þar skuli vera heimavistir eða eigi. Þó mun ágreiningurinn ekki stafa svo mjög af því, að menn séu á móti heimavistunum, heldur af hinu, að þeir sjá í kostnaðinn; menn vilja ekki leggja fram svo mikið fé, sem ætlað er að þurfi, ef skólinn á að vera heimavistaskóli. Í stjórnarfrv. er gert ráð fyrir að skólinn heimavistalaus muni kosta 57,000 kr. Stjórnin hefir sem sé látið semja tvær aðal-áætlanir, eftir því hvort heimavist á að vera í skólanum eða ekki Þessar áætlanir stjórnarinnar eru mismunandi, frá 37,000 kr. upp í nálega 120,000 krónur; alt eftir því, hversu vel skólinn skal úr garði ger. — Það er engin furða, þótt mönnum þyki þetta nokkuð mikið, — 120,000 kr. eru ekkert smáræði, — þar sem svo margt annað þarf að gera. Nefndinni þóttu líka upphæðirnar nokkuð háar. — Snéri hún sér því til landshöfðingja og bað hann að vísa sér á mann, er gæti dæmt um áætlanirnar. Hann gerði svo lauslega áætlun um, hvað skólabygging handa 100 nemendum og með 60 heimavistum mundi kosta; og gerir hann ráð fyrir, að kostnaðurinn, að meðtöldum ofnum en ekki áhöldum, mundi verða um 70,000 krónur. — Nokkru dýrara mundi húsið verða ef miðstöðvarhitun væri í því. Hversu miklu það mundi muna, gat hann ekki sagt, en stjórnin gerir ráð fyrir, að miðstöðvarhitun í heimavistalausan skóla mundi kosta 15 þúsund kr., og er þá líklegt, að í heimavistaskólann mundi hún kosta 20 þús. kr. eða rúmlega það. — Ofnar eru aftur á móti ódýrari, og nú eru þeir orðnir svo fullkomnir, að þeir væru máske fult eins haganlegir að vissu leyti og miðstöðvarhitun.

Eg skal ekki hér fara út í að telja upp, hvaða kosti heimavistir hafi frá

almennu sjónarmiði. Það hefi eg gert áður. Og eg er enn á sömu skoðun. — Tel eg þær hafa mikla þýðingu í uppeldislegu tilliti, að því leyti er piltar sæta áhrifum af umgengni við kenn arana og hver við annan. En það er annað atriði, er eg vil leggja meiri áherzlu á, og það er hin praktiska þýðing þeirra eftir því, sem hér stendur á. Á Akureyri er ekki svo húsum háttað, að nemendur geti komið sér vel fyrir til húsnæðis. Menn hafa borið við sýkingarhættu móti heimavistunum. Eg sýndi fram á í fyrra, hversu mjög þessi mótbára er fjarri öllum sanni. — Ef þeir menn, er halda henni fram, sæju herbergin, er skólasveinar bjuggu í á Akureyri í fyrra, þá mundi þeim ekki blandast hugur um, að betra væri fyrir piltana og hættuminna, að búa í hreinlegum stofum heima á skólanum. — Það liggur í augum uppi, að ekki er betra að þeir holi sér niður í smáherbergi hingað og þangað út um bæ, þar sem misjafnlega er um gengið, heldur en að búa í loftgóðum herbergjum í skólanum, þar sem allrar varúðar og hreinlætis er gætt.

Svo eg víki aftur að kostnaðinum, þá vil eg leyfa mér að benda á, að eftir áætlan hins byggingarfróða manns, er hæstv. landshöfðingi vísaði okkur á, þá nemur kostnaðurinn við byggingu þessa heimavistarskóla, er nefndin gerir ráð fyrir, að eins 13 þúsund krónum meira en stjórnarfrumv. ætlast til að veitt sé til heimavistalausrar skólabyggingar. Og þegar nú þess er gætt, að skólinn á rúmlega 30 þúsund kr. fyrirliggjandi upp í kostnaðinn, þá er ekki mikið í sölurnar lagt af landssjóði, þótt hann verji 40 þús. kr. til þess að koma upp góðum og fullkomnum skóla fyrir 100 nemendur. Til þess enn að draga úr kostnaðinum við heimavistir, svo að hann vaxi mönnum ekki of mjög í augum, þá hefir nefndin stungið upp á því, að heimasveinar borgi árlega fyrir vistina, svo að landið þurfi ekki öðru til að kosta en húsnæðinu í eitt skifti fyrir öll.

Að því er snertir einstakar gr. frv., þá hefir nefndin að eins gert orðabreytingar við 1. og 2. gr., en við 3. gr. hefir hún farið fram á efnisbreytingu. — Í stjórnarfrv. er ætlast til þess, að kennarar séu 4. I stað þess þá hefir nefndin stungið upp á því, að kennarar skuli vera 3, eins og nú er, en aftur á móti sé tímakennurum talin kensla í sumum greinum. Styður nefndin þessa uppástungu við það, að greinar þær, er kennara vantar í, eru svo sundurleitar, að erfitt muni að fá svo fjölhæfa fastakennara, að sami kennarinn geti veitt góða fræðslu í þeim öllum.

Önnur efnisbreyting við stjórnarfrv. er nefndin hefir gert, er lækkun á launum kennaranna. Var það sparnaðartillitið, er réði hér sem annars, en ekki hitt, að nefndinni þætti launin í sjálfu sér of há. Þegar þess er gætt, að kennaralaun við lærða skólann eru ekki miklu meiri, enda þótt skólatíminn sé lengri, þá er þó þessi breyting í rauninni ekki ósanngjörn. En hins vegar þótti nefndinni óréttlátt, að núverandi kennarar gagnfræðaskólans fengi enga uppbót fyrir aukakostnað þann, er á þá legst við flutning til Akureyrar. Þetta atriði læt eg mér samt óviðkomandi, og ætla eg öðrum nefndarmönnum að gera grein fyrir því.

Yfirgnæfandi meiri hluti nefndarinnar var eindregið á því, að heimavistir ættu að vera í skólanum, og bætti því inn í frv. sérstakri grein um það efni, er verður 4. gr.

Aftan af 4. gr. frv., er verður 5. gr.,

hefir fallið burt svolátandi málsgrein: »Laun og annar kostnaður til skólans greiðist úr landssjóði«, og mun þetta leiðrétt til þriðju umræðu.

Hefi eg svo ekki meira að segja í svipinn, en eg vona, að málið hafi ekki minna fylgi nú en í fyrra, og að hin háttv. deild fylgi fram sömu stefnu og kom fram í þingsályktunartillögu þeirri um skólann, er samþykt var í fyrra. — Það má líka heyra á stjórninni, að hún er ekki eiginlega mótfallin heimavistunum, heldur sér að eins í kostnaðinn.

Landshöfðingi: Eg á sammerkt við h. háttv. framsögum. (St. St.) með það, að eg eins og hann er á sömu skoðun viðvíkjandi heimavistunum og eg var í fyrra, og hefi, eins og hann, ekki breytt minni skoðun um þær.

Eg er alveg mótfallinn því að stofna skóla á Akureyri með 60—70 heimavistum, ekki einungis vegna kostnaðarins, sem er miklu meiri, en h. frmsm. (St. St.) vildi gera úr honum, heldur einnig af því, að eg er mótfallinn öllum heimavistum í sjálfu sér, vegna þess, hve illa þær hafa gefist hér í Reykjavík, svo illa, að það hefir orðið að leggja þær niður hér við latínuskólann, eftir samhljóða ráði læknis og kennara skólans.

Eg hefi einnig við reynslu sjálfs míns að styðjast í þessu efni, því eg hefi sjálfur verið í latínuskólanum, og á minni tíð voru þessar heimavistir ekki eftirsóttar af þeim, sem gátu verið án þeirra.

Kostnaðurinn við byggínguna er í frv. nefndarinnar áætlaður 70,000 kr., en eg er hræddur um, að þessi upphæð sé alt of lág. Eg hefi ástæðu til að ætla, eftir samtali við byggingarfróðan mann hér í bænum, að kostnaðurinn verði nær 80,000 kr. en 70,000 krónum, og þó ekki þá gert ráð fyrir meiru en 50—60 heimavistum. — Eg ætla ekki að öfunda hina nýju stjórn, sem á að láta framkvæma þessa byggingu. Annars ímynda eg mér, að það sé til lítils að vera að þrátta um þessar heimavistir. Það er spursmál, sem að flestir þingdeildarmenn munu vera búnir að gera sér ljóst, og eg býst við að það fari með það eins og á síðasta þingi, að hverjir haldi sinni skoðun þar um.

Aðrar breytingar hefi eg ekkert sérstaklegt við að athuga. Þó skal eg geta þess, að það er lítilfjörlegt atriði í frv. nefndarinnar, sem eg ekki skil fyllilega. Það stendur í 2. grein, að meðal annara fræðigreina skuli einnig kenna yfirlit yfir löggjöf landsins í landsrétti og landsstjórn. Mér er ekki fyllilega ljóst við hvaða fræðigrein hér er átt. Hvort það er það, sem á útlendu máli er kallað »Juridisk Encyclopædi«.

Háttv. framsögum. (St. St.) bar hrós á nefndina fyrir það, að hún vildi spara, sérstaklega við kennarana, með því að setja laun 1. og 2. kennara niður um 400 kr. hvors. Þetta er rétt; nefndin setur niður launin um 400 kr. í 1. og 2. málsgrein 3. gr., en haldi maður áfram að lesa greinina, þá fer að minka um sparnaðinn, því í 3. gr. stendur: að hvorum kennaranum fyrir sig skuli veitt 400 kr. uppbót eða nákvæmlega sama upphæð og launin voru færð niður um í 1. og 2. málsgreininni.

Eg álít annars ekki frekari þörf að fara lengra út í málið, en held fast við mína fyrri skoðun, að eg er á móti heimavistunum, og álít yfirleitt breytingar nefndarinnar á frumv. ekki hafa verið til bóta.

Hannes Þorsteinsson: Eg get að mestu leyti verið samdóma nefndinni, og þó eg hafi skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara, þá á sá fyrir

vari að eins við eitt einasta atriði. — Að öllu öðru leyti er eg fullkomlega samdóma meðnefndarmönnum mínum, og sérstaklega um niðurfærsluna á launanum til kennaranna, því eg sé ekki betur, en að hér sé um töluverðan sparnað að ræða fyrir landssjóð. — Þessi aukaviðbót, sem hæstv. landsh. talaði um til 1. og 2. kennara, sem voru við Möðruvallaskólann, stafar af því, að okkur þótti öll sanngirni mæla með því, að þessir kennarar fengju einhverja uppbót fyrir að taka sig upp og flytja inn á Akureyri. Það varð þá að samkomulagi, að þessi uppbót yrði jafnhá því, er launin sjálf voru ákveðin í stjórnarfrumvarpinu. En það er misskilningur, að hér sé ekki um sparnað fyrir landssjóð að ræða, því þessi uppbót, er að eins persónuleg uppbót, sem fellur burtu strax og kennaraskifti verða.

Það er mikill munur hvort þannig löguð uppbót er veitt meðan einhver viss maður gegnir embættinu, uppbót, sem fellur niður, þegar embættið losnar, eða þegar launaupphæðin er lögákveðin fyrir embættið, hver sem gegnir því. Það er sitt hvað, eins og hverjum manni liggur í augum uppi.

Það er einnig töluverður sparnaður fyrir landssjóð, að sleppa 3. kennaranum, og hafa tímakenslu í staðinn. — Þetta sparar landssjóði fyrst í stað að minsta kosti 600 krónur á ári, því að nefndin gerði ekki ráð fyrir, að meira þyrfti að borga fyrir tímakensluna á ári en 1000 kr., en laun 3. kennara voru ákveðin í stjórnarfrumv. 1600 kr. —Þegar svo 800 kr. uppbótin á hinum tveimur embættum fellur niður, þá verður sparnaðurinn alls um 1400 kr. á ári, nema þá verði búið að samþykkja einhverjar launaviðbætur, sem ekki eru svo sjaldgæfar, en fyrir þau sker getur hvorki þessi nefnd né nein önnur synt.

Það atriði, sem eg ekki gat komið mér saman um við meðnefndarmenn mína, voru heimavistirnar, og var það aðallega kostnaðarins vegna, sem eg held að verði miklu meiri en gert er ráð fyrir í áætlunum þeim, er fyrir liggja. — Eg get ekki gert mikið úr lauslegri áætlun trésmiðs hér í Reykjavík, sem ekkert þekkir til á Akureyri. Auk þess gat hann enga áreiðanlega áætlun gert um miðstöðvarhitun, en kostnaður við hana mundi að minsta kosti nema 15—20,000 kr., eftir þeim upplýsingum, er stjórnin hefir fengið um hvað slíkar hitavélar kosta. Eftir áætlun Sigtryggs Jóhannessonar kostaði skólahúsið með heimavistum 95800 kr. auk miðstöðvarhitunar, en eftir áætlun þessa smiðs hér í Reykjavík ekki nema 70 þús. kr. Munurinn er 25 þús. kr. Nú get eg vel ímyndað mér, að áætlun Sigtryggs hafi verið heldur há, því það er venja, að gera fremur ríflegar áætlanir, þegar landssjóður eða hið opinbera á í hlut, en munurinn verður samt æði mikill. Auk þess vantar allar áætlanir um innanstokksmuni (inventarium); en öll slík skólahúsgögn, borð, bekkir, skápar, og öll slík áhöld, hljóta að kosta mikið fé. Er það mjög mikill galli, að engar áætlanir um þetta skuli liggja fyrir þinginu. Eg gæti bezt trúað því, að heimavistaskóli á Akureyri, með öllu því er byggingu hans fylgir, að utan og innan, mundi kosta hátt á annað hundrað þúsund kr., er öll kurl væru komin til grafar, og finst mér þá borgað heldur mikið fyrir brúsann. Það er ógnarlega hægt að gera lágar áætlanir og útreikninga í byrjuninni, meðan verið er að koma þessu á landssjóðinn, því menn vita, að hann verður hvort sem er að halda

áfram, ef einu sinni tekst að koma byrðinni á hann, þótt hann svo ætli að sligast undir henni, þá er fram í sækir. —Það má eigi skilja þessi orð mín svo, að eg sé því mótfallinn, að skólinn sé í sem beztu og fullkomnustu standi, en eg vil að eins byrja með heimavistalausum skóla, sem sé svo haganlega bygður, að það megi stækka hann og færa út kvíarnar, og þá síðar bæta við heimavistunum, ef mönnum þá sýnist svo og efnin leyfa.

Mér fanst t. d. sú áætlun, er kom frá Snorra Jónssyni, um 32×20 stórt skólahús án heimavista, fyrir 37,500 krónur vera mjög álitleg áætlun, og að vel hefði mátt ganga út frá henni. — En nú hefir stjórnin tekið hærri áætlunina, áætlun, sem er 20,000 þús. kr. hærri, en auðvitað er húsið stærra og fullkomnara eftir henni en eftir áætlun Snorra. En sameiginlegt er það fyrir allar áætlanirnar, að ekki er gert ráð fyrir neinu »inventarium«, eða hvað það mundi kosta.

Svo gat hv. framsm. (St. St.) þess, viðvíkjandi heimavistunum, að það væri mjög erfitt fyrir pilta að fá húsnæði á Akureyri. Það getur verið að svo sé sem stendur, en eg hygg að það mundi ekki verða til langframa, því Akureyrarbúar mundu brátt fara að sjá sér hag í því að byggja hús til að leigja þau út, og það mundi ekki verða piltum miklu dýrara heldur en gert er ráð fyrir að veran á skólanum kosti þá.

Annars get eg ekki gert mikið úr þessum útreikningum amtmanns Páls Briems, sem miðaðir eru eingöngu við staðháttu á Möðruvöllum og ástandið þar, þar sem piltarnir urðu fyrir sérstaklega góðum kjörum. Hygg eg að þeir mundu ekki komast að jafngóðum kjörum á Akureyri. Auk þess er það víst alveg óvíst, að sá maður, sem seldi piltum allan greiða (St. St.) og sem mér er sagt að sé búhöldur mikill, sjái sér nokkurn hag í að taka þann starfa að sér á Akureyri.

Mér sýnist einnig vera litið nokkuð einhliða á gagnsemi þessara heimavista yfirleitt. Það hefir að eins verið prentuð umsögn Páls amtmanns Briems um málið, en alveg slept skoðunum skólastjóra, sem eru alveg gagnstæðar áliti amtmanns. Þetta finst mér ekki vera rétt. Það hefði átt að líta á málið frá báðum hliðum, prenta bréf skólastjórans samhliða bréfi amtmannsins. Eg get heldur ekki lagt svo mikið upp úr því, sem amtmaðurinn vitnar í Brockhaus Konversations-leksikon um heimavistirnar, að þær hafi sína yfirburði, einkanlega að því er snertir einfalda lífernishætti og reglusemi, jafnleika og strangleika, aga og venju á skipulegt samlíf. Brockhaus er ekki mitt átrúnaðargoð, enda dregur líka töluvert úr kostunum í niðurlagi tilvitnaninnar, þar sem sagt er, að heimavistirnar leggi »tálmanir í veg fyrir þroska á sérkenniseðli nemendanna. Ef þær verða til þess að varpa sérkenniseðli nemendanna, sem mér skilst eigi að tákna sama sem á útlendu máli er kallað »Individualitet«, þá get eg ekki séð, að það sé mikill fengur í þeim. Eg álít ekki heppilegt að allir séu steyptir í sömu skeiðina, skeiðina hans Per Gynts. — En eins og eg sagði áður, hefi eg ekki jafn mikinn átrúnað á öllu því, er í Brockhaus stendur, eins og amtmaðurinn á Norðurlandi virðist hafa, og þess vegna legg eg ekki svo mikla áherzlu á ummæli þessi um heimavistirnar, hvorki til né frá.

Eg skal loks taka það fram, að eg tel það ekki rétt hjá hæstv. landsh., að bera saman heimavistirnar í latínuskólanum hvað heilbrigðisástandið snertir og þessar heimavistir, sem hér er um að ræða, því þar sváfu margir

piltar saman í sömu svefnstofu og lásu undir tíma í sömu stofunum og notaðar voru fyrri hluta dags sem kenslustofur, en hér er aftur á móti gert ráð fyrir, að að eins fjórir piltar séu saman um 2 herbergi, lestrarstofu og svefnstofu og að kenslan fari fram í bekkjum, sem ekki eru til annars notaðir.

Einar Þórðarson: Eins og sést af nefndarálitinu þá hefir nefndin lagt mikla alúð og áherzlu á heimavistirnar. Það vakti fyrir mér og meiri hluta nefndarinnar, að með heimavistunum gæti skólinn fyrst orðið að fullu gagni.

Eins og hv. framsm. (St. St.) benti á, þá er það þegar ástæða til að halda heimavistunum, að piltar eiga mjög örðugt með að fá húsnæði á Akureyri, og það er líka *sterk* ástæða með heimavistunum, að piltunum mundi líða miklu betur á skólanum en utan. 1. þm. Árn. (H. Þ.) benti á, að það mundi að eins vera stuttan tíma, að piltar ættu örðugt með að fá húsnæði, því Akureyrarbúar mundu fara að spekúlera í að byggja hús til að leigja þau út. Hvað þessa athugasemd hv. þm. snertir, þá er fyrst á það að líta, að þessar spekúlatiónir mundu þó taka nokkurn tíma, áður en þær kæmu til framkvæmda og svo er einnig á það að líta, í hverju hér væri verið að spekúlera, nefnilega því, að veita bláfátækum skólapiltum húsnæði, það er alls ekki víst, að þær spekúlatiónir þættu svo glæsilegar. Eg lít svo á, að sé heimavistunum slept, þá séu þar með allar hinar fjarlægari sveitir algjörlega útilokaðar frá að nota skólann að nokkrum mun. Skólinn yrði þá aðallega fyrir Akureyri og þau héruð, sem lægju þar næst. Enn fremur eru það sterk meðmæli með heimavistunum, að með því einu móti er líklegt að skólinn verði svo ódýr, að hægt sé að gera sér vonir um mikla aðsókn að honum. Reynslan frá Möðruvöllum sýnir, að heimavistirnar geta verið mjög ódýrar, og það er líklegt að þær geti verið fult eins ódýrar á Akureyri, því þess ber að gæta, að á Möðruvöllum varð að leggja allmikinn kostnað í flutning á föngum og vistum utan frá Akureyri.

Hæstv. landsh. tók það fram, að hann væri á móti heimavistunum, af því að hann þekti hvernig þær hefðu gefist í latínuskólanum. Eg þekki einnig heimavistirnar í latínuskólanum, en eg bygði mitt atkvæði með þeim ekki á þeirri þekkingu. Hefði eg ekki getað bygt á öðru, þá mundi eg heldur ekki hafa verið með þeim. Eg bygði mitt atkvæði á þeim upplýsingum, sem lágu fyrir nefndinni, en eftir þeim er einmitt aðalókostunum við heimavistirnar í latínuskólanum rutt úr vegi. Þar urðu piltarnir að sitja allan daginn í slæmu lofti í sömu stofunum, bæði í kenslustundum og undirbúningsstundum, en á Akureyrarskólanum er ætlast til að kenslustofurnar séu ekki notaðar til annars. Í latínuskólanum sváfu margir piltar í sama svefnlofti, sem einlægt getur verið viðsjárvert, en hér er ekki ætlast til þess, heldur eru að eins 4 piltar um sömu svefnstofuna og hafa svo aðra stofu til undirbúningslesturs undir tíma.

Þar sem 1. þm. Árn. (H. Þ.) gat þess, að í bréfi amtmanns Páls Briems kæmi fram, að heimavistirnar hefðu einnig óheppileg áhrif á piltana í aðra röndina, þá er þetta auðvitað miðað við langan skólatíma, en getur ekki komið til greina, þegar um svo stuttan tíma er að ræða og hér er, og auk þess er þess að gæta, að flestir piltar, sem sækja þenna skóla, eru svo þroskaðir þegar þeir koma þangað, að grundvöllurinn undir sérkenniseðli þeirra er þegar lagður.

Framsögumaður (Stefán Stefánsson): Meðnefndarmenn mínir hafa að mestu tekið af mér ómakið og svarað mótmælum hæstv. landsh., að svo miklu leyti sem þess var þörf.

Eg hafði engar vonir gert mér um það, að hæstv. landsh. mundi nú fremur en í fyrra vera hlynntur heimavistunum, en hinu hafði eg raunar búist við, að fá að heyra einhverjar nýjar ástæður og ekki aftur allar þær sömu, sem voru gersamlega hraktar í fyrra. En það hefir algerlega brugðist. Það eru upp aftur sömu ástæðurnar. Það er þýðingarlaust að vitna til þess, hve heimavistirnar í latínuskólanum hafi gefist illa, þeim var alt öðru vísi fyrir komið, en ætlast er til að þær verði í Akureyrarskólanum.

Hvað snertir þessa áætlun, sem nefndin hefir bygt á, þá er hún eftir mann, sem hæstv. landsh. sjálfur vísaði nefndinni á, svo ætla mætti að hún væri svo áreiðanleg, sem unt væri að fá hana. Það er ekki hægt að gera ráð fyrir því, að stjórnarfulltrúinn vísi þingnefnd, sem leitar ráða hjá honum, til manns, sem ekki má treysta.

Hvað þá athugasemd hæstv. landsh. snertir, að hann skilji ekki hvað átt sé við með þessari fræðigrein, sem nefnd er í 2. gr. »yfirlit yfir landsrétt og landsstjórn«, þá get eg algerlega vísað honum til stjórnarfrv., því það er tekið óbreytt upp þaðan og stjórnin verður því að bera ábyrgð á því. Eg get þó látið þess getið, að einn lögfræðingur, sem átti sæti í nefndinni, var mótfallinn þessari fræðigrein, en nefndin þorði þó ekki að breyta því, þar sem það bæði var í stjórnarfrv. og eins tekið upp úr eldra frv. Nefndin þóttist einnig skilja nokkurn veginn, við hvað átt væri með þessari fræðigrein. Eg hygg það muni vera nokkuð líkt og á dönsku er kallað »Statsforvaltning og Statsforfatning«. Landshöfðingja hlýtur einnig að vera kunnugt, að ágrip í þessari grein hefir verið kent á Möðruvallaskólanum eftir sérstakri bók eftir skólastjórann, sem heitir: »Hvernig er oss stjórnað?« og sem eg geri ráð fyrir að landshöfðingi þekki. Það hefir hvorki nefndinni og eg held ekki hinum hæstv. landsh. getað komið til hugar, að þetta ætti að vera vísindaleg lögfræðiskensla.

Annars skal eg leyfa mér að benda hinum hv. þgdm. á að kynna sér yfirlit Páls amtmanns Briems yfir kostnaðinn við heimavistirnar, sem er þess vert. Áætlun hans er bygð á þeirri reynslu, sem við höfum haft á Möðruvöllum. Það sést af því, að heimavistirnar verða ódýrastar fyrir pilta, og eg ímynda mér að það hljóti að vaka fyrir öllum að hafa skólann sem ódýrastan, svo sem flestir geti átt kost á að nota hann. Því það var alveg rétt tekið fram, sem 2. þm. N.-Múl. (E. Þ.) benti á, að yrði skólinn ekki ódýr fyrir pilta, þá kæmi hann ekki að hálfum notum, vegna þess að meiri hluti alls landsins yrði þá í raun og veru útilokaður frá að nota skólann. Flestir af nemendunum eru fátækir, svo að kostnaðurinn yfir veturinn má ekki fara fram úr því, sem þeir geta unnið sér inn um sumartímann. Það er til lítils gagns fyrir landið að vera að reisa dýran skóla með 4—5 kennurum, ef búast má við því, að skólinn eftir á standi að mestu leyti tómur, og það verður þó að vera þyngst á metunum, þegar ræða er um þessa stofnun, að hún geti komið að fullum notum.

ATKV.GR.: 1. brt. á þgskj. 113, við 1. gr. frv., sþ. með 17 atkv.

1. gr. frv. þar með fallin.

2. brt. á þgskj. 113, við 2. gr. frv., sþ. með 21 atkv.

2. gr. frv. þar með fallin.

3. brt. á þgskj. 113, við 3. gr. frv., sþ. með 22 atkv.

3. gr. frv. þar með fallin.

4. brt. á þgskj. 113, (ný 4. gr.), sþ. með 17 atkv.

5. brt. á þgskj. 113 sþ. með 22 atkv.

4. gr. frv. þar með fallin.

5. gr., óbreytt, sþ. með 22 atkv..

6. brt. á þgskj. 113, (5. gr. verði 6. gr.), sþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 atkv.

Þriðja umr. 23. júlí. (C. bls. 292).

Framsögumaður (Stefán Stefánsson): Hvorki við 2. umr. né 3. umr. hafa komið fram neinar breyt.-till., og verð eg að taka þetta svo, sem deildin sé á einu máli um það, að sþ. frumv. óbreytt. Eg verð að skoða þetta sem vott þess, að háttv. þingdm. hafi ekkert á móti frumv. í aðalatriðinu, eða að minsta kosti að það fáa, sem þeir kynnu að hafa að athuga við það, sé þannig vaxið, að þeir sjái sér ekki til neins að koma fram með br.-till. í þessa átt. Þetta er sannarlegt gleðiefni fyrir alla þá, sem eins og eg eru sannfærðir um, að góður gagnfræðaskóli á Norðurlandi sé til sannra þjóðþrifa, ekki að eins fyrir Norður- og Austurland heldur fyrir alt landið.

Eg vona einnig að frumv. fái sömu góðu undirtektirnar hjá háttv. Ed. Eg hefi raunar heyrt því fleygt, að einhverjir þm. í Ed. hafi látið sér um munn fara, að ekki sé rétt að verja miklu fé til að koma upp skóla á Norðurlandi, að það væri miklu réttara að koma heldur upp sem fullkomnustum skóla í Reykjavík, en aftur á móti setja upp einhverja skólanefnu nyrðra, en eg vona að þetta sé ekki annað en flugufregn. Eg vona að það sé enginn sá þm. til á þessu þingi, sem ekki vilji unna Norður- og Austurlandi að fá góðan gagnfræðaskóla, sem gæti orðið menningarstöð til að efla þar alls konar mentun, og glæða og ala upp hjá þeim og öllum landsbúum ættjarðarást og allar fagrar tilfinningar og hugsjónir.

Auk þess er þar við að athuga, að slíkur skóli í Reykjavík yrði að eins fyrir bæinn og nágrenni hans, því það er svo miklu dýrara fyrir nemendur úr fjarlægum héruðum að sækja skólann, ef hann verður í Reykjavík heldur en á Akureyri. Ætti skólinn í Reykjavík að verða nemendunum jafn ódýr og á Akureyri, þá hlyti hann því að verða landssjóði afardýr.

Eg gat þess við aðra umr., að aftan af 5. gr. frumv. hefði fallið burtu mjög þýðingarmikil grein, og þess vegna höfum við leyft okkur að koma fram með þessa viðaukatill. á þgskj. 145, um að laun og annar kostnaður til skólans greiðist úr landssjóði.

Eg hefi svo ekki fleira að segja, en vona að málið fari með sóma út úr þessari deild, og verði vel tekið í h. Ed. Eg veit að það er fátt, sem getur glatt Norðlinga og Austfirðinga meir að heyra, en hve vel þessu máli hefir verið tekið það sem af er, því það er sem stendur eitt af heitustu áhugamálum almennings.

ATKV.GR:. Viðaukatill. á þgskj. 145 samþ. með 19 samhlj. atkv.

Frumv. í heild sinni samþ. með 20 samhlj. atkv. og verður afgreitt til Ed.

Ein umr. 20. ágúst. (C. bls. 666; n. 671; brt. 679, 721.)

Framsögumaðnr (Stefán Stefánsson)) Þótt mál þetta hafi verið rætt allítarlega hér í deild áður, og þótt nefndin hafi nú fært rök fyrir breytingum þeim, sem hún leggur til að gerðar séu á frv. háttv. Ed., þá finn eg mig þó knúðan til að fara fám orðum um málið.

Það, sem háttv. Ed. hefir sérstaklega fært sem ástæðu fyrir því, að fækka heimavistunum eins stórkostlega og hún hefir gert, er fyrst og fremst það, að hún býst ekki við, að aðsóknin að skólanum verði nándarnærri eins mikil eins og hér í deild var gert ráð fyrir. Þó er eigi í frumv. háttv. Ed. farið fram á að skólinn sé bygður handa færri nemendum en stjórnin og þessi deild gerði ráð fyrir, og má það þó virðast dálítið kynlegt, ef hún á annað borð þykist viss um, að álit sitt um aðsóknina sé á rökum bygt. Það sem h. Ed. þykist hafa við að styðjast um aðsóknina að Akureyrarskólanum er það, að á Möðruvallaskólanum hafi ekki verið nema 30 nemendur á ári að meðaltali, frá því hann var stofnaður. Það er tekið fram í nefndaráliti voru, að tala þessi sé mjög villandi, því að um nokkurt árabil var aðsókn að Möðruvallaskóla mjög lítil, og miklu minni en nú allmörg síðari árin. Frá því 1888 fór aðsóknin sívaxandi fram að þeim tíma er skólinn brann, svo að meðaltalið yfir þann tíma nálgast 40 á ári, og hér er það einmitt meðaltal síðustu áranna, sem mest er að byggja á, er gera skal áætlun um, hve margir muni sækja skólann framvegis. Þessa hefir háttv. nefnd í Ed. eigi gætt, og enn er annað, sem henni sýnist hafa sést yfir. Það er gert ráð fyrir, að skólinn verði héreftir þriggja ára skóli, en af því leiðir, að með jafnri aðsókn og áður verða þriðjungi fleiri nemendur í skólanum en verið hefir. En nú er þess að gæta, að þessi skóli á að verða jafnt fyrir konur sem karla, og það er enginn efi á því, að margar stúlkur munu framvegis sækja hann, eigi sízt ef sú uppástunga fengi framgang, sem eg heyri að sé á ferðinni, að leggja niður kvennaskólann á Akureyri; reyndar geri eg ráð fyrir, að sú tilraun muni ekki hepnast að svo stöddu. Hið þriðja sem mun auka aðsóknina að skólanum er það, að hann er á Akureyri. Á meðan skólinn var á Möðruvöllum, sóttu mjög fáir piltar af Akureyri hann, en undir eins og hann fluttist til Akureyrar, jókst aðsókn Akureyrarbúa til muna, svo að hér um bil 1/4 nemendanna síðasta vetur var af Akureyri, og þar á meðal 4 stúlkur; voru þó ýms óþægindi við að hagnýta sér skólann, húsrúm ekki hentugt, skólinn haldinn á óhagkvæmum tíma dags o. fl. Þess er og að gæta, að um allmörg undanfarin ár hefir á hverju ári allmörgum verið neitað um inntöku í skólann. Það sýnir eitt með öðru hve þeir, sem mest fjölluðu um málið í háttv. Ed., eru því ókunnugir, að þar voru bornar brigður á þetta af þeirri ástæðu, að skólinn hefði þó eigi jafnan verið fullskipaður. Það stendur svo á þessu, að af því að plássið í skólanum var takmarkað, þá var ekki hægt að veita þar móttöku nema ákveðinni tölu, þannig að ef fyrir voru í skólanum 20—25 nemendur, þá var ekki hægt að bæta við nema 15—20. Þegar nú menn fóru að reka sig á þetta, að eigi varð veitt móttaka öllum, sem um skólann sóttu, þá fóru menn að keppa eftir að sækja sem fyrst um hann, stundum heilu ári á undan. Þegar svo ákveðin tala var komin, varð skólastjóri að neita um inntöku þeim, er síðar komu, og voru þeir stundum viðlíka margir og hinir, er aðgang fengu. En eins og skiljanlegt

er, þá breyttust ástæður ýmsra frá því að þeir sóttu um skólann og þangað til þeir áttu að fara að ganga í hann, atvinna brást, veikindi komu upp á eða enn annað hindraði. Af þessum ástæðum var það, að skólinn varð stundum eigi fullskipaður að hausti, þótt fleiri hefðu sótt um hann en rúmast gátu. Það er ekki óeðlilegt, þótt ókunnugir hafi ekki gert sér þetta ljóst, en innanhandar hefði verið fyrir háttv. nefnd í Ed. að fá upplýsingar um þetta, ef hún hefði gert sér far um það.

Þegar þess er gætt, að síðustu árin hafa að jafnaði sótt svo margir um skólann, að í honum mundi hafa verið um 50 nemendur á ári, ef engum hefði þurft að synja um inntöku, en það svarar til 75 nemenda á ári, þegar skólinn er orðinn þriggja ára skóli, og þegar þess er enn fremur gætt, hve aðsóknin hlýtur að aukast við það, að skólinn er fluttur til Akureyrar, og við það að konur munu sækja hann fremur hér eftir en hingað til, þá vona eg að flestir muni sannfærast um, að full ástæða sé til að ætla, að skólinn muni þegar verða fullskipaður, eða því sem næst, þótt ætlað sé rúm handa 100 nemendum í honum, enda væri ástæðulaust að byggja hann eins stóran og ráð er gert fyrir, ef menn hefðu ekki trú á þessu.

Ein mótbára h. Ed. gegn því, að aðsóknin mundi verða jafnmikil að Akureyrarskólanum eins og vér höfum gert ráð fyrir, var sú, að kennaraskólinn mundi draga úr henni. En þessi mótbára byggist á sama misskilningnum, sem kom fram hér í deild, að kennaraskólinn sé almennur mentaskóli en eigi sérskóli. Þeir, sem ætla að afla sér almennrar mentunar, þeir munu fara á gagnfræðaskóla en eigi kennaraskóla; þessir tveir skólar geta því ekki dregið að nokkrum mun hvor frá öðrum. Mig furðaði annars á því, er h. frmsm. málsins í Ed. (J. Jak.) færði það fram sem ástæðu fyrir því, að menn mundu ekki sækja skólann, að hann gæfi ekki von um neina vissa atvinnu eða stöðu. Það kom þar fram hjá h. framsögum. (J. Jak), þótt undarlegt væri, hinn sami misskilningur, sem svo oft bregður fyrir, að almenna mentunin sé í sjálfu sér einskis virði, hún fái fyrst þá þýðingu, er hún sé undirbúningur þess, að komast í embætti, eða ná einhverri fastri stöðu í mannfélaginu. Það er ekki von að byrlega blási fyrir alþýðumentamáli voru, ef margir þeir, sem kallaðir eru leiðandi menn þjóðarinnar, hafa þessa skoðun.

Enn var sú ástæða borin fram í h. Ed., að það mundi draga úr aðsóknninni að Akureyrarskólanum, er latínuskólinn kæmist í betra horf, og gagnfræðakensla yrði tekin þar upp. Þessi ástæða er einskis virði, því að hingað til hafa nálega engir Sunnlendingar sótt Möðruvallaskóla, og tók eg þá því eigi með í áætlan minni áðan. Kæmi gagnfræðadeild við latínuskólann, mundu Sunnlendingar nota sér hana, og ef til vill Vestfirðingar að nokkru leyti, en Norðlendingar og Austfirðingar mundu ekki fara suður til að ganga í gagnfræðaskóla, heldur til Akureyrar.

Eg hefi nú minst á höfuðástæður h. Ed. fyrir því að fækka heimavistunum í Akureyrarskólanum. En nokkrar fleiri ástæður komu þó fram; ein var sýkingarhættan, sem af þeim mundi leiða, og var tæring sérstaklega tilnefnd. Það var sagt, að eftir skýrslum að dæma væri Eyjafjörður og Akureyri mesta tæringarbæli á landinu, eða eins og einn h. þm. komst að orði, »mesta pestarbæli«. Þetta væri eigi álitlegt, ef áreiðanlegt væri, en eg efast

um að svo sé. Að meira orð er gert af tæringu þar og hér í höfuðstaðnum en víða annarstaðar, mun stafa af því, að á Akureyri og í Reykjavík mun haft betra gát á þeim sjúkdómi en víðast annarstaðar á landinu. En þótt svo væri, að á Akureyri væri tæringarhætta, þá er svo fjarri, að slíkt ætti að vera mótbára gegn heimavistunum, að þörfin á þeim yrði einmitt miklu brýnari fyrir þá sök, því að það er miklu hættumeira, að nemendur komi sér fyrir í óhagkvæmum og máske óþriflegum húsum út um bæinn, og það ef til vill stundum í húsum, sem tæringarveiki hefir fest við, en að þeir búi í hagkvæmum og vel hirtum skólaherbergjum, undir umsjón kennara og jafnvel læknis. Eg þykist þess fullviss, að foreldrar muni fúsari á að senda börn sín í góða heimavist í skóla, en að þurfa að eiga það á hættu, að verða að hola þeim niður út um bæ, í mismunandi húsakynni, og sjálfsagt eigi ætíð góð; þeir eiga meðal annars ekki jafnan kost á að fá vissu sína um það, hvort tæring hafi ekki einmitt tekið sér bólfestu í húsum þeim, sem börn þeirra kunna að lenda í. Mér finst nú að þessi afturganga héðan úr deild ætti með þessu að vera að fullu kveðin niður, og ætti ekki framar að stinga fram höfðinu, hvorki í ræðu né riti.

Nefndinni hér í deild hefði verið kærast að halda fast við fyrri tillögu sína, um að heimavistirnar skyldu vera 60—70, byggjandi á því, að í skólanum mundu að jafnaði vera að minsta kosti 60—70 utanbæjar nemendur. En af því að h. Ed. hefir farið svo langt í niðurfærslu heimavistanna, þá vildi nefndin slaka nokkuð til, ef hægt yrði með því að ná samkomulagi milli deildanna, hún hefir jafnvel farið þar lengra en góðu hófi gengdi, og orðið að ganga út frá, að ýmsir utanbæjarnemendur hlytu að fá sér vist úti í bæ. Nefndin hafði lagt það til, að heimavistirnar yrðu 45 - 55, en formaður hennar hefir nú komið með brt. í þá átt, að þær skuli vera 45—50, og er hún gerð til að leita enn meira samkomulags við h. Ed., enda vona eg að hún geti nú fallist á frv. í þeirri mynd, sem eg vona að það fari í héðan úr deild. Eg efast alls eigi um, að þessi háttv. deild muni fallast á að hafa heimavistirnar alt að 50, og veita 67000 kr. til skólahússbyggingarinnar, þar sem hún hefir fyrir skömmu samþykt, með miklum meiri hluta atkvæða, að heimavistir skyldu vera 60—70, og að 70000 kr. skyldi varið til húsbyggingarinnar, auk innanhússmuna. Það skyldi þá helzt vera, að henni þætti hér of skamt farið, en eins og eg hefi tekið fram, þá hefir nefndin slakað til, í því skyni að leita samkomulags við h. Ed.

Eg þykist hafa sýnt fram á, að 24 heimavistir séu allsendis ófullnægjandi. Það er spursmál, hvort þær eru ekki verri en ekki neitt. Eitt er víst, þær verða tiltölulega margfalt dýrari, en séu þær fleiri; þetta mætti sýna með ljósum tölum; eg skal að eins benda á það eitt, að fyrirhöfnin við t. d. 40 heimavistir er litlu meiri en við 24. Það er annars undarlegt, hvað mikið er talað um kostnað landssjóðs við heimavistirnar, þar sem það er berlega tekið fram í frv., að nemendurnir, sem þeirra njóta, eigi að bera hann. Það yrði því að eins aukinn byggingarkostnaður, sem hér getur komið til tals, en það mætti, ef svo sýndist, taka tillit til hans, þegar ákveðið væri hvað nemendur ættu að greiða fyrir heimavistina; en það verður reglugerðaratriði, að gera út um þetta.

Það er hin mesta furða, hvernig h. Ed. hefir hagað sér í mentamálunum á þessu þingi. Allar tillögur héðan úr

deild um þau hafa annaðhvort verið drepnar, þegar þangað hefir komið, eða limlestar til stórskaða. Þetta er því furðanlegra, sem í þeirri deild sitja 10 lærðir menn, og þeir tveir, sem eftir eru, eru vel mentir menn, sem gengið hafa í skóla. Það lítur því ekki efnilega út með mentamál vor á þessu kjörtímabili, ef skipun Ed. breytist eigi til batnaðar. En það vill nú svo vel til, að það á að skifta um hina konungkjörnu áður en næsta þing kemur saman, og það er vonandi að þann flokk skipi þá færri mentaóvinir. Vér búumst og við, að þá muni bætast tveir þjóðkjörnir þingmenn í deildina, og má vænta þess, að til þess verði fremur valdir mentavinir en hitt.

Mér er mál þetta fullkomið áhugamál; eg hefi fengist við kenslu nú í 15 ár, og fundið hve mörgu ábótavant hefir verið, og þráð að því yrði kipt í lag. Sérstaklega hefi eg fundið sárt til þessa eftir að eg var erlendis 1899, og sá þar, hvílíkum framförum skólahald alt hefir tekið, og hvílíkt áhugamál mönnum var þar að bæta skólana sem mest, og horfa ekki í smáfjárútlát til þess. Eg þykist og sannfærður um það, að það sé rétt séð hjá framfaramönnum annara þjóða, að mentamálin séu einna þýðingarmest allra mála, og að staðgóð mentun sé einasti trausti grundvöllurinn, sem framfarir og velmegun þjóðar geti bygst á. Af því að eg hefi þessa trú, vona eg að mál þetta fái góðan framgang og að h. Ed. bæti ráð sitt, og sjái að hér dugar ekkert kák, því að það skal vel vanda, sem lengi á að standa.

ATKVGR. 1. brt. (540), við 1. gr. frv., samþ. með 18 shlj. atkv.

Brt. (573), við 2. brt. á þingskj. 540, sþ. m. 19 shlj. atkv.

2. brt. á þgskj. 540 og brt. á þgskj. 555 þar með fallnar.

Frv. í heild sinni, með áorðn. breytingum, samþ. með 21 samhlj. atkv., og verður endursent Ed.

Mentamál.

TILLAGA til þingsályktunar um mentamál; ein umr. 9. júlí. (C. bls. 192).

Lárus H. Bjarnason: Enda þótt eg sé ekki skólamaður, hefi eg samt orðið til þess að koma fram með tillögu þessa ásamt fleiri háttv. þingdm. Eg hefi gert það, af því að mér er mál þetta áhugamál.

Eg finn það fullvel, að mentun og kunnátta er oflítil hér í landi, bæði sérmentun og almenn mentun. Almenna mentunin, er stúdentar alment bera frá borði úr latínuskólanum, er sáralítil. Eg fór að minsta kosti svo þaðan, að það gat ekki heitið, að eg gæti gert mig skiljanlegan á öðru máli en móðurmáli mínu, og eftir þessu var annað. Í grasafræði var kenslan ekki fullkomnari en það, eða meir sniðin eftir lífinu en svo, að það var eigi grasfræðiskennaranum að þakka, að eg þekti fífil frá fjólu, heldur eftirtekt minni frá barnsárunum.

Og líku máli gegnir um sérmentunina. Kunnátta lögfræðiskandídata í íslenzkum lögum er lítil eða engin. Hér er enginn reglulegur verzlunarskóli til, né heldur iðnskóli, enda mun verzlunarstétt og iðnaðarstétt einskis lands jafnstutt á veg komin og þessar stéttir í landi voru. Af þessu seyði fáum vér og að súpa á marga vegu, það teppir framkvæmdir og framfarir, því að það er staðreynt, að mentunin er móðir framkvæmda og framfara, hún er lykill að hliðum náttúrunnar, nokkurs konar Sesam á klettinn, sem oft byrgir fyrir okkur björgina.

En mér dylst það ekki, að það kostar mikið að eignast lykil þenna. Það er mikið verk að laga alt í einu, sérmentunina og almenna mentun. Og hvaðan á að taka nægilegt fé til þess? Vér rekum oss þar, eins og svo víða annarstaðar í framfaraviðleitni vorri, á gamla þrándinn í götunni, féskortinn. Verðum vér því að sníða oss stakk eftir vexti. Vér getum ekki tekið alt í einu. Þá kemur fram sú spurning:

Hvað á að ganga á undan og hvað á að koma á eftir? Úrlausn þessarar spurningar er aftur komin undir úrlausn annarar spurningar: Hvað er það, sem oss ríður mest á að fá bætt? Eg játa það, að bókleg þekking sé að vísu oflítil hér í landi, en minni tiltölu lega er þó verklega þekkingin. Því þarf hún að ganga á undan eða að minsta kosti jafnhliða bókþekkingunni. Hún á að verða til þess að losa oss úr verstu vandræða fjötrunum, fátæktinni.

Vér kunnum svo sáralítið til handanna. Vér kunnum ekki að búa til föt úr ullinni okkar svo í lagi sé, heldur sendum hana til útlanda, og fáum svo föt gerð úr henni þar, eftir að hún hefir verið blönduð lakari ull. Vér sendum skinnin okkar út, af því að vér kunnum ekki að fara með þau, og kaupum þau svo aftur dýrum dómum frá útlöndum, og þá stundum menguð sóttkveikjuefnum. Vér sendum út illa verkað og þar afleiðandi verðlágt kjöt, en kaupum aftur frá útlöndum niðursoðið kjötmeti. Vér sendum út tólgina, en fáum attur sæbland vatns og olíu í margarínínu, og svona mætti halda áfram að telja upp, hve illa vér hag nýtum oss afurðir landsins sökum verklegrar vanþekkingar. Það er ekki ofdjúpt tekið í árinni, þótt sagt sé, að öll verkleg kunnátta sé hér í flagi, og svo framarlega sem þetta er rétt, — og eg held því fram að svo sé, — þá þurfum vér einna fyrst að kippa þessu í lag. Þessi niðurlæging atvinnuveganna, og skortur á verklegri kunnáttu, stendur í nánu sambandi við það, að þjóðin lítur meira á, *hvaða* verk maðurinn vinnur en *hvernig* hann vinnur það. Það má segja, að yfirleitt þyki ekkert verk hér »fínt«, nema verk embættismannsins, enda trúir þjóðin þeim auðsjáanlega bezt. Kosningarnar til alþingis bera sorglegan vott um vantraust það, sem bændur hafa á sér og sinni stétt, þær sýna það, að þeir kunna ekki að meta manngildi sitt rétt. Þeir eiga hér ekki nema örfáa fulltrúa. Og líkt er því háttað með iðnaðarmennina eða öllu heldur ver, því að þeir hafa hér ekki einn einasta fulltrúa.

Þegar eg athuga þetta, sýnist mér full þörf sé á því, að aðaláherzlan sé lögð á verklegu fræðsluna; að því vil eg að þingið rói öllum árum. En þótt eg telji að verkleg fræðsla eigi að vera efst á baugi hjá oss, þá er fjarri því að eg telji bókfræðslu alþýðu í góðu lagi, eða vilji amast við því, að hún sé aukin. En það mál er svo yfirgripsmikið og vandasamt, að eg tel enga von þess, að því geti orðið ráðið viðunanlega til lykta nú á þessu þingi. Það sem vér nú getum sérstaklega snúið oss að í þá átt, er stofnun kennaraskóla, og aðhlynning þorpskóla og kauptúnaskóla handa börnum? Aftur tel eg sjálfsagt, að vér verðum að gera oss farandkenslu að góðu víðast hvar til sveita. Landinu er svo háttað, bæði að strjálbygð og efnahag, að vér getum fyrst um sinn ekki hugsað til að koma upp almennum sveitaskólum. Farandkenslan ætti líka að geta komið að verulegu haldi, ef eftirlitið er bætt, og hert er á kröfunum, einkum að því er snertir mentun kennaranna,

Það má ekki lengur ganga svo, að kenslustarfið sé boðið út á undirboðsþingi, og sá kennarinn tekinn, sem lægst heimtar kaupið. En jafnframt farandkenslunni verður heimiliskenslan að haldast við. Þær verða að haldast í hendur fyrst í stað, enda væri illa farið, ef heimiliskenslan þyrri þar; það er hún, sem hingað til hefir verið hyrningarsteinninn undir þekkingu alþýðu, og við megum ekki missa hana, að minsta kosti ekki fyrst um sinn.

Eg vildi óska þess, að þingið hlypi nú þegar undir bagga með það, að menta iðnaðarstétt vora og verzlunarstétt; vildi óska að það legði nú sem mest af mörkum til iðnaðar- og verzlunarskóla. Mér er að vísu sagt, að verzlunarmenn hér í Reykjavík hafi stofnað kvöldskóla, en skóli þessi hefir hingað til eigi verið styrktur af landsfé, og væri þó full ástæða til að íhuga, hvort eigi sé rétt fyrir þingið að hlynna að honum með fjárframlagi. Reynslan hefir hvervetna sýnt það, að ötul og vel mentuð verzlunarstétt hefir verið ein hin öflugasta lyftistöng framfaranna hjá þeim þjóðum, sem hafa verið svo hepnar, að eiga slíka sétt. Líka væri ástæða til að íhuga búnaðarskólamálið betur. Stefnan sýnist hafa verið sú, að hafa þá sem flesta, en eg hygg að leiðarsteinn vor í því máli ætti eigi að vera sá, að hafa þá sem *flesta*, heldur að hafa þá sem *bezta*, og sá tilgangur næst bezt með því að hafa þá sem *fæsta*. Það liggur í augum uppi, að það kostar minna að gera einn skóla betur úr garði en fjóra, og það má telja víst, að hægt sé að fá betri kenslukrafta handa einum skóla en fjórum; og varla er hægt að halda því fram með rökum, að staðhættir eða búnaðarhættir séu svo ólíkir hér á landi, að þess vegna þurfi að hafa hér fjóra búnaðarskóla.

Að því er lærða skólann snertir, þá mun það óhætt að fullyrða, að það muni vera vilji þings og þjóðar, að námið í honum sé gert praktiskara, meðal annars með því að afnema grískunám og takmarka latínulærdóminn. Aðalmark skólans ætti að vera að búa nemendur undir lífið, en því marki nær hann ekki eins og honum er nú hagað. Það er átakanlegt fyrir íslenzkan stúdent, að kunna töluvert hrafl í latínu og grísku, en geta ekki gert sig skiljanlegan á meginmálum mentaheimsins: þýzku, ensku og frönsku, né heldur skilja þá, er tungur þessar tala.

Nú, þótt eg óski að undinn sé bráðastur hugur að mentamálunum, sérstaklega verklegu fræðslunni, þá lít eg svo á, að kappið sé hér eins og annarstaðar bezt með forsjá, enda álít eg að mentamálið sé ekki svo undirbúið enn, að vér getum ráðið því til fullnaðarlykta á þessu þingi. Eg hefi að vísu séð tillögur manns þess, er gerður var út af þinginu 1901, til þess að kynna sér mentamál erlendra þjóða; en eg fæ ekki séð, að þær séu svo ákveðnar, skýrar eða rökstuddar, að höfundur þeirra geti heimtað, að þingið taki þær ómeltar upp á arma sína; eg býst ekki heldur við að hann muni sjálfur ætlast til þess.

Lýk eg svo máli mínu með því að leggja það til, að 5 manna nefnd sé skipuð í málið, og vona eg að sú nefnd vinni að því, ekki einungis með kappi heldur líka og engu síður með *forsjá*.

Pétur Jónsson: Eg hefi hugsað mér að mæla nokkur orð, þó eg sé ekki skólamaður og þekki lítið til skólamála. Eg geri ráð fyrir að nefndin taki aðallega alþýðufræðsluna til íhugunar, og virðist mér þá rétt að fyrst sé athugað, hvað þingið hefir áður gert

í þessu máli, hvort atgjörðir þess hafa verið spor í rétta átt, svo að halda beri áfram í sömu áttina, eða þær hafa verið spor í öfuga átt, svo að breyta verði um stefnu. Fyrri þing hafa einkum haft breytingu á lærða skólanum til meðferðar, og skal eg ekki fjölyrða um það. En hvað alþýðumentunina snertir, get eg að miklu leyti tekið undir það, sem síðasti ræðumaður sagði; mér hefir mest af öllu blætt í augum þekkingarleysi manna í verklegum efnum. Síðasta þing var á þeirri skoðun, að eitthvað sérstakt yrði að gera í þessu máli, eitthvað meira en hingað til fyrir alþýðumentunina, og athuga hvað vér gætum tekið til fyrirmyndar hjá öðrum þjóðum, þó að vér sniðum oss stakk eftir vexti. Þess vegna var sendur maður til útlanda til að kynna sér alþýðumentamál hjá öðrum þjóðum, og var til ætlast að hann gæti svo orðið eins konar ráðunautur þingsins í þessu máli. Hefir hann nú lokið starfi sínu og komið fram með tillögur sínar, og geri eg ráð fyrir að þetta sé spor í rétta átt, og að vér getum að nokkru leyti tekið aðrar þjóðir til eftirdæmis, þó að það verði, eins og hv. þm. Snæf. (L. H. B.) tók fram, að vera með forsjá. Eg get búist við, að á þessu þingi verði ekki unt að láta í té stórar fjárveitingar, og að hins vegar verði enn að undirbúa málið betur. Því hefir verið haldið fram að stofna sem fyrst kennaraskóla hér í Rvík, til að veita kennaraefnum þá þekkingu, sem þeim er nauðsynleg, og er full þörf á því, að það yrði gert sem fyrst, vegna þess að kennaraskóli hér í Rvík getur ekki orðið svo stór, að hann á stuttum tíma geti framleitt nógu marga kennara. Skólar í kaupstöðum og sjóþorpum eru þegar orðnir svo margir, að nokkur ár þarf til að undirbúa kennara handa þeim öllum, hvað þá ef þeim er fjölgað. Þetta verður því að taka til meðferðar nú, þetta er verkefni fyrir tilvonandi mentamálanefnd. Annað atriði, sem eg vil minnast á, er að heppilegt gæti verið að setja á fót eins konar kenslumálastjórn hér í Rvík, er hefði eftirlit með skólum þeim, sem þegar eru til og komið yrði á fót, og hins vegar agíteraði fyrir mentamálin út um landið. Þetta starf er nauðsynlegt, því nú eru bæði skólarnir í sjóþorpunum og farkenslan út um landið eftirlitslítið. Þriðja atriðið, sem fyrir mér vakir, er það, að hvort sem umferðaskólar og fastir skólar verða fleiri eða færri, þá þyrfti að skapa úr þeim kerfi. Til þess að finna heppilega úrlausn á þessu, hefir þegar nokkuð verið gert, en þó ekki nóg til þess að vel sé. Það verður líka að rannsaka ástandið hér innanlands, því ekki verður séð hvað bezt á við í hverjum stað, nema að þekking sé fengin á ástandinu í sveitunum, og það verður að vita hvað þetta og hitt kostar. Það er ekki nóg að vita að börn geti gengið að heiman á skóla af svo og svo mörgum bæjum, heldur verður og að gæta hins, hve mikinn tíma má missa börn frá heimilunum, 7—14 ára gömul.

Þá virðist mér og að rannsaka ætti mentunarástandið í landinu, hvað vér höfum til brunns að bera í mentunarlegu tilliti, hvað hefir haldið við því, sem er einhvers virði, og hverjar eru orsakirnar til þess, sem einkum er ábótavant. Eg þekki ekki skóla mikið, en heimilisfræðsluna þekki eg ögn og veit að hún á sér djúpar rætur í lífi þjóðarinnar, og er tengd gamalli venju. Og þar sem heimilin eru góð, veit eg að þau hafa svo djúp áhrif á börnin og unglingana, að verði þeim áhrifum kipt burt að nokkrum mun, þá verð-

ur að setja eitthvað sérlega gott í staðinn. Þetta alt virðist mér ekki síður nauðsynlegt að rannsaka en útlent skólafyrirkomulag og vona eg að nefndin taki það til íhugunar, og að í hana verði kosnir vel hæfir menn.

Eggert Pálsson: Þetta mál er eitthvert hið mikilverðasta allra mála, enda drap hv. aðalflutn.m. á mýmörg atriði þess og er því ekki fyrir mig ástæða til að minnast á margt. Þó vil eg drepa á eitt atriði, sem að alþýðumentuninni lýtur og eigi hefir verið hér á minzt.

Eg vænti þess fastlega, að nefndin vilji gera alt, sem hún sér að ekki er kröftum vorum of vaxið, til að efla alþýðumentunina. En sé fyrir því séð, að börn og unglingar fái nokkurn veginn hæfilega undirbúningsmentun, þá verður ekki síður heldur jafnframt að sjá fyrir því, að sú mentun kulni ekki út með árunum. En þá kemur sú spurning fram: Hvað á að gera fenginni mentun æskulýðs til viðhalds og aukningar? Hverjar ráðstafanir á að gera til þess, að unglingarnir gleymi ekki jafnharðan því, sem þeim eitt sinn hefir verið kent? Þessari spurningu verður ekki svarað á annan hátt en þann, að brýna nauðsyn beri til að unglingarnir — eigi síður til sveita en annarstaðar — geti átt aðgang að nægilegum og góðum bókaforða.

Það hefir líka komið fram tillaga í blöðum vorum frá að vísu sjálfmentuðum en skarpgáfuðum manni, er eg persónulega þekki, um það, að bókasafn yrði sett á stofn í hverri sýslu landsins og hefir sú tillaga við harla mikið að styðjast; því þó að lestrarfélög séu víða í hreppum, þá hafa þau litlu fé yfir að ráða til bókakaupa sinna og koma þar af leiðandi að of litlum notum. En það að stofna svona löguð lestrarfélög fyrir sýslurnar er vart mögulegt að komist í framkvæmd, nema landssjóður leggi fram nokkurt fé, gegn því að sýslusjóðir og enda hreppssjóðir legðu fram eitthvað á móti. Til þessara sýslulestrarfélaga mundu svo námfúsir unglingar leita, til að halda við og auka mentun sína, og þau mundu fullnægja þörfunum betur en hin smáu bókasöfn í hverjum einstökum hreppi.

Það hefir verið sagt, að lestrarfélögin spiltu fyrir bókakaupum alment, en eg held að því sé ekki svo varið, því þeir, sem kynnast góðum bókum, fá einmitt fyrir það einatt löngun til að eignast þær sjálfir, og að minsta kosti spillir eigi eitt gott bókasafn í hverri sýslu meir fyrir almennum bókakaupum en mörg og smá í hverjum hreppi. Að ætlast til þess að alþýða manna af eigin rammleik kaupi allar bækur, er hún þarf með til mentunar og fróðleiks, er með öllu óhugsanlegt, þar sem þeir, er betur teljast settir í mannfélaginu, verða einatt, sakir efnaskorts, að láta sig vanta hinar allra nauðsynlegustu bækur. En að öðlast undirstöðumentun, án þess að hafa nokkur tæki til að auka hana og viðhalda, má skoðast sem nokkurs konar harmabrauð fyrir hvern sem við það á að búa.

En á þessu atriði, um hina brýnu nauðsyn á að stofna góð og hæfileg sýslubókasöfn, vildi eg vekja athygli nefndar þeirrar, er skipuð verður í þetta mál, og áleit heppilegra að það kæmi fram í umræðunum en að rita henni um það, þó það hefði má ske eins vel mátt.

Stefán Stefánsson: Eg hafði ekki ætlað mér að taka til máls nú, því eg bjóst við að gefast mundi tækifæri til þess seinna að ræða þetta mál, en eg get ekki annað, eftir ræður þær, sem haldnar hafa verið, sérstaklega þá,

er hv. flutningsmaður hélt. Eg vona að það hafi ekki verið af því, að hv. flm. hefðu neitt á móti mér sem meðflm., að mér var ekki sýnd tillagan og gefinn kostur á að vera með, og eg vona að það verði ekki tekið svo, að eg hafi minni áhuga á þessu máli en aðrir, þó eg sé ekki flutn.m. Eg þykist sannfærður um, að ákafi flm. hafi komið frá hjartarótunum og sé ekki orðin tóm, og það er ákafi sem gladdi mig mjög. Því eg hefi oft tekið það fram, að eg tel alþýðumentunina aðalundirstöðu allra þjóðþrifa, og sé það rétt, þá er það víst, að vér getum aldrei lagt of mikið fé til hennar, því fyr en vér fáum trausta alþýðumentun, getum vér aldrei staðið á réttum fótum. Eg hefi orðað það svo, að við hefðum ekki efni á að láta neitt ógert til eflingar alþýðumentuninni. En þá er spurningin: á hverju á að byrja? Hv. flm. vildi byrja á verklegu kenslunni, en það tel eg öfugu leiðina. Alþýðumentunin verður fyrst og fremst að eflast, því til þess að geta orðið vel að sér í verklegum efnum, verður fyrst að hafa fengið þann grundvöll almennrar mentunar, sem er nauðsynlegt skilyrði verklegrar kunnáttu. Hv. flutn.m. var harðorður um það, hve stutt vér værum á veg komnir í verklegu tilliti, en það finst mér of mikið sagt, að vér kunnum ekkert til verka; vér kunnum alt of lítið, og fyrir því verður að hafa það hugfast, að styðja verklegu kenslуna jafnframt því, sem lýðmentunin verður aukin. Eg vona að hv. flm. verði því með því, að styðja beiðni um iðnskóla hér í Rvík, mekaniskt verkstæði o. fl. í þá átt. Það var ofsagt hjá hv. flm., að alþýðumenn teldu engin verk fín nema embættisverk, og eins hitt, að bændur kunni ekki að meta manngildi sitt. Það getur verið satt um suma, en það á ekki alment heima og furðar mig að hv. þm. S.-Þing. (P. J.) mótmælti ekki slíku, því eg þekki að minsta kosti Suður-Þingeyinga svo vel, að eg veit að þeir þekkja margir mæta vel manngildi sitt. Hv. flm. tók fram, að stofna þyrfti kennaraskóla og koma á og efla lýðskóla í kaupstöðum, þorpum og víðar um land og jafnframt bæta farkensluna. Þessar tillögur eru í fullu samræmi við tillögur Guðm. Finnbogasonar, og eg sé ekki betur en að flm. hafi tekið upp tillögur hans. Engu að síður sagði hann um þær tillögur, að þær væru ekki svo skýrar né rökstuddar, að neinu föstu yrði ráðið til lykta á þessu þingi. Eftir þessa löngu ræðu segir svo hv. flm., að vér verðum að fara varlega. Ræðan byrjaði á »fjárskorti« og endaði á »varasemi«. Eg játa það, að kapp er bezt með forsjá. En þingið hefir einmitt viljað beita forsjá. Það hefir leitað sér upplýsinga til að undirbúa málið, en auðvitað eru þær ekki nægilegar enn, einkum að því er snertir ástandið hér á landi, og eg veit að ráðunautur vor er á sömu skoðun, að það verði að rannsaka málið betur áður en því verði ráðið til lykta. Eg felli mig vel við að skipuð yrði þegar kenslumálastjórn, er meðal annars undirbyggi málið undir næsta þing. Það er oft látið klingja út í loftið, að vér getum svo lítið vegna fjárskorts, en þá ástæðu má líka nota til að draga kjark úr mönnum, svo að þeir þori ekki í neitt að ráðast, og henni er oft slegið fram einmitt í þeim tilgangi. Þess vegna létu niðurlagsorð hv. flm. svo illa í eyrum mínum eftir allan lesturinn.

Lárus H. Bjarnason: Það eru að eins örfá orð, sem eg hefi að bæta við.

Það gleður mig, að háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) félst á þá skoðun mína, að rannsaka þyrfti fyrst og fremst mentunar-

ástandið í okkar eigin landi, áður en tekin væru ákvæði um, hvernig bætt skyldi úr þeim, og því meira gleðiefni er mér þetta, sem eg á þinginu 1901 tók það skýrt fram, að þessi rannsókn hlyti að vera aðalskilyrði fyrir nokkrum umbótum á alþýðumentun vorri, jafn nauðsynlegt skilyrði okkur og lækninum er það að þekkja meinsemd þá, er hann á að gefa ráð við. Ekki er mér það síður gleðiefni, að sjá að h. sessunautur minn (St. St.) er nú kominn á alt aðra skoðun um þetta atriði, en hann hafði 1901, en eg mun síðar víkja dálítið nánar að ræðu þm.

Enn fremur gleður það mig, að h. þm. S.-Þ. (P. J.) vildi ekki nú þegar missa heimakensluna, sem hingað til hefir verið hyrningarsteinninn undir allri alþýðumentun vorri, og verður að vera það enn um nokkurn tíma.

H. 1. þm. Rangv. (E. P.) tók það fram, að alþingi ætti að styrkja sýslubókasöfn, til þess að hlúa að þeirri mentun, sem skólarnir og alþýðukensluan veitti æskulýðnum, og er eg honum fyllilega samdóma, að það eigi að gera og einmitt með þeim kjörum, sem hann einnig benti á, nefnilega á þann hátt, að sýslufélögin bæri einhvern vissan hluta af kostnaðinum. Eg hefi sjálfur reynt hve góð áhrif slíkar stofnanir hafa, því eg kom því til leiðar, að stofnaður hefir verið í Stykkishólmi lestrarsalur til afnota fyrir alþýðu manna á sunnudögum, og get eg vottað, að að þeim lestrarsal hefir verið gleðilega mikil aðsókn.

Þá skal eg leyfa mér að snúa mér að h. sessunaut mínum (St. St.). Eg sé, mér til mikillar gleði, að hvað alþýðufræðsluna snertir sjálfa, erum við í flestu eða öllu samdóma. Það sem okkur ber á milli er því að eins skiljanlegur nábúakritur, sem ekki hefir aðrar afleiðingar en að skerpa kærleikann.

H. þm. (St. St.) beindi þeirri spurningu til mín, því hann hefði ekki fengið að vera meðflutnm. að þessari till. Jafnvel þótt eg kannist ekki við það, að nokkur þm. þurfi að spyrja um leyfi eða gera grein fyrir hverja meðflutnm. hann velur sér, eða af hvaða ástæðu hann velur þessa og ekki hina, þá skal eg þó verða við þessum tilmælum hans. Ástæðan var sú og engin önnur, að eg náði ekki til hans. Eg taldi það heldur ekki svo nauðsynlegt, því eg áleit sjálfsagt, að hann ætti sæti í þeirri væntanlegu nefnd.

H. þm. (St. St.) lét í ljós þá von, að þau orð, er eg talaði hér áðan, væru mitt hjartans mál. Eg skal ekki fara langt út í það mál, en láta mér nægja að benda þm. á það, að flokkurinn, sem eg heyri til, hefir gert þetta mál eitt af sínum aðalmálum, og þótt þm. þættist hafa einhvern rétt til að gruna mig, þá hefir hann engan rétt til að fella grun á allan flokkinn.

Að aldrei verði of miklu fé varið til alþýðumentunarinnar, eins og h. 2. þm. Skagf. (St. St.) hélt fram, það get eg ekki fallist á. Geti þjóðin ekki risið undir þeim útgjöldum, þá er farið of langt.

En hvað er svo það, sem kallað er alþýðumentun? Eg hefi pælt í gegnum þessar 50 fyrstu síður af »Lýðmentun«, en eg er jafnnær eftir. Það væri þó ekki úr vegi að fá það nánar ákveðið (preciserað) hvað orðið feldi í sér, við hvers konar fróðleik er átt.

Mér skildist á h. þm., að hann væri mér samdóma um, að við kynnum fátt að búa til, og ætti þá ekki að vera erfitt að skera úr, á hverju ætti að byrja. Eg kann nú að vísu að hafa oftalað er eg sagði, að vér kynnum fátt

eða ekkert, því að eg hefi rekið mig á það, að eitt kunnum við hér á þingi þó að búa til, og það eru axarsköft.

Háttv. sessunautur minn (St. St.) kvað það enn fremur staðleysu hjá mér, að fá verk þættu fín hér á landi önnur en embættismanna verk, en eg skal leyfa mér að benda á aðsóknina að lærða skólanum. Hvað sannar hún? Eg skal leyfa mér að benda á búnaðarþingið. Þar sátu tómir embættismenn, því sá eini maður þar, er telja hefði mátt bónda, hann var umboðsmaður og því eiginlega opinber sýslunarmaður, og ekki nema brot úr bónda. Hér á þingi eiga sæti einir 2 bændur, og því efdirtektaverðara er þetta, sem við nú stöndum á krossgötum, líkum þeim, sem vér stóðum á 1874 eða 1875, en þá áttu þó 15 bændur sæti á alþingi. Af hverju kemur þetta öðru en því, að bændur eru hættir að finna til manngildis síns; þeir hafa mist traust á sjálfum sér eða hafa að minsta kosti of lítið af því. Þessu veldur fátæktin fyrst og fremst, þótt margar aðrar ástæður kunni að hafa hjálpað til. Mér þykir annars undarlegt, að kvartanir yfir þessu ástandi þurfi að koma frá öðrum en bændunum sjálfum, og get að því leyti tekið undir með þm. Skagf. (St. St.). Eg þykist ekki þurfa að afsaka mig fyrir því, að eg með þessu vilji skjalla bændur; eg þarf þessa ekki með; eg á hér sæti jafnt og aðrir þingmenn í næstu 6 ár, og auk þess þykist eg eiga sæti mitt hér, að minsta kosti meðfram, af öðru en skjalli.

Að tillögur mínar séu teknar upp eftir bók þess manns, er styrktur var af alþingi 1901, til að kynna sér skóla- og alþýðumentun erlendis, er alls ekki rétt. Mér mundi enginn vansi þykja að játa það, ef svo væri; mig gildir einu, hvaðan gott kemur, en það vill svo vel til, að eg get sannað, að þm. fer hér með ósatt mál. Tillögur mínar eru þær sömu sem samþyktar voru á þingmálafundi 6. júní í Stykkishólmi. Eg hefi fundargerðina hér fyrir framan mig, og skal með leyfi forseta lesa upp hér að lútandi kafla; hann hljóðar svo: »Fundurinn var einróma á þeirri skoðun, að haga beri kenslunni í latínuskólanum svo, að hún geti komið lærisveinum hans að sem beztu haldi í lífinu. Alþýðumentun telur fundurinn bezt borgið með því, að reistir verði sem víðast barnaskólar í kauptúnum og sjóþorpum landsins, en farandkennarar látnir fara um sveitina, enda hert mikið á kröfunum til þeirra, og glöggar gætur hafðar á kenslu þeirra«.

Þann 27. júní á póstskipinu, á leið til Reykjavíkur, heyrði eg aftur fyrst talað um þessa bók um lýðmentun, en annars gleður það mig auðvitað, að tillögur mínar skuli fara saman við tillögur þessa manns.

Eg skal ekki neita því, að mér þyki það dálítið kynlegt, að 2. þm. Skagf. (St. St.) skuli nú vilja setja á laggirnar heila kenslustjórn til að rannsaka mentunarástandið hér á landi, en vildi þó ekki 1901 verja til þess nokkrum hundruðum króna, handa einum af kennurum landsins. Háttv. þm. fann að því, að eg hefði lagt ofmikla áherzlu á forsjónina, og það var auðheyrt, að hann dauðlangaði til að stimpla mig sem afturhaldsmann. H. þm. hefði verið það guðvelkomið. Eg er ekki hræddur við slíkan stimpil. Það er ekki sá stimpill, er aðrir setja á manninn, sem merkir hann, heldur sá stimpill, sem hann setur á sig sjálfur.

Eg verð að taka það upp aftur, að það hefir mikla þýðingu, að mál þetta sé undirbúið með mikilli fyrirhyggju, enda sé eg ekki hvers vegna ætti að hrapa að því. Það þarf vel að vanda sem lengi á að standa. Og hvað á

nýja stjórnin að hafa fyrir stafni, ef henni eru lokuð öll sund til að kippa í lag því, sem nú fer aflaga. Í fyrra var dembt inn á þing og samþyktar 11 tillögur, sem þingið fyrirfram mátti vita að stjórnin gat ekki leyst af hendi, og því undarlegra er þetta, sem þetta er stjórn, sem er að fara frá völdum.

Eg veit ekki hvort orð mín finna nokkurt bergmál í þessum þingsal, en eg er þess þá albúinn, að standa hér sem hrópandi rödd í eyðimörkunni, jafnan reiðubúinn til að áminna um að nota fyrirhyggju í hverju máli er vera skal.

Stefán Stefánsson: Eg játa það, að eg hefi enga von um að verða hrópandi rödd í eyðimörkunni, því eg geri mér ekki í hugarlund, að eg hafi þá eiginlegleika, sem til þess þurfa.

H. þm. Snæf. (L. H. B) heldur því fram, að eg sé nú á annari skoðun en 1901, og segir að eg hafi þá barist á móti því, að þessar rannsóknir færu fram, en þessu mótmæli eg algerlega. Þá var einungis farið fram á að styrkja einn mann til að ferðast um á sumrin, og athuga barnaskóla, og hélt eg því fram, að það væri gagnslaust, og það geri eg enn. Það er lítið að græða á því viðvíkjandi mentunarástandinu hér, þótt skoðuð séu á sumrum tóm skólahús, en að hinu getur verið mikið gagn, ef maðurinn er viðstaddur kensluna sjálfa á veturna. Þá er fyrst nokkur meining í þessari styrkveitingu. Það, sem hér er farið fram á, er alt annað en það, sem lá fyrir þinginu 1901. Herra Guðm. Finnbogason hefir lagt til að skipaðar séu nefndir í hverjum hreppi, sem hafi það hlutverk að annast kensluna, að koma skipulagi og reglu sérstaklega á farandkensluna, og sendi svo skýrslur sínar til einhverrar mið-tjórnar hér í Reykjavík, hvort sem í henni eiga sæti einn maður eða fleiri.

Eg held það hafi verið óþarfi af þm. Snæf. (L. H. B.) að vera að afsaka sig af því, að hafa verið að skjalla bændur, með því að bera á þá mesta last, sem sagt verður um þá, að þeir þekki ekki manngildi sitt. Það er að minsta kosti einkennilegt skjall. Þm. tók t. d. sem sönnun þessarar skoðunar, að flestir, sem ættu sæti á búnaðarþinginu og á alþingi væru embættismenn. En hverjum er þetta að kenna? Er það bændum sjálfum að kenna? Jú, að því leyti, að þeir hafa ekki kjark og þrek til að standa á móti embættismönnunum, en það getur verið gildur bóndi og greindur og þekt fyllilega manngildi sitt, þótt hann skorti áræði til að standa á móti oft misjöfnum meðölum embættismanna. Það hefir oft hrygt mig, hve ístöðulitlir bændur eru gagnvart embættismönnum, en það er þó sitt hvað, að vanta þrek og að þekkja ekki manngildi sitt. Auk þess var þessi skýrsla þm. Snæf. (L. H.B.), hvað töluna snertir, ekki rétt, því þótt þeir sýslumenn, sem búa í kaupstöðum, eigi margir og helzt til margir sæti á þingi, þá eru þeir þó í minni hluta, en þeir fleiri, sem lifa á landbúnaði meðfram, og má þ i eins telja þá með bændum. Þannig tel eg mig miklu fremur sem bónda en sem embættismann, því þær tekjur, sem eg hefi haft af landbúnaðinum, hafa verið mér miklu notadrýgri en þessi litlu embættislaun. Og þótt bændur beri fult traust til slíkra manna, þá sé eg ekki, að það beri neinn vott um lítilfjörlegt mentunarstig né heldur að þeir eigi neitt álas skilið fyrir það.

Að þm. kunni að smíða axarsköft, því skal eg ekki neita. En vei þeim er það gera, og vildi eg óska þm. þess, að hann yrði ekki til að smíða fleiri í sumar en komið er.

Lárus H. Bjarnason: Eg hefi ekki haft tíma til að leita nákvæmlega í

þingtíðindunum frá 1901 að andagift h. þm. Skagf. (St. St.), en svo mikið hefi eg þó fundið, að hann hefir verið mótfallinn tillögu minni þá. Hann segir: »Eg get nefnilega ekki sannfærst um, að þannig löguð fjárveiting komi að tilætluðum notum« og um skýrslurnar segir hann: »En þær skýrslur getur landsstjórnin alveg eins fengið með því að snúa sér skriflega til þessara manna«, nefnilega kennaranna. Eg sé ekki betur en að þessar tvær tilvitnanir séu nægilegar til að réttlæta þá staðhæfingu mína, að hann hafi verið þá á annari skoðun en nú. Nú er sýnilega altannað uppi á teningnum, en hver orsökin er, hvort hún er það, að nú á að stofna sérstakt embætti handa sérstökum manni, það skal eg láta ósagt. Eða hvers vegna leggur þm. svo mikla áherzlu á, að ný skólastjórn verði sköpuð áður en búið er að rannsaka fyrirkomulag og ástand skólanna? Eg læt þm. eftir að svara þessu.

Guðl. Guðmundsson: Það hefir verið tekið fram í upphafi þessara umræða, að þetta mál sé eitt af þýðingarmestu málum landsins og er eg samdóma því, ef það á að taka hér undir, ekki einungis barnaskóla og barnafræðslu yfirleitt, heldur líka búnaðarskóla, gagnfræðaskóla og tekniska skóla og enn fremur gera einhverjar tillögur um latínuskólann, sem allir verða að játa, að ekki er eins heppilegur hvað fyrirkomulagið snertir og æskilegt væri. Sé það meiningin, að nefndin eigi að fjalla um þetta alt saman, þá er þetta auðvitað eitt langþýðingarmesta mál þjóðarinnar. Það vita allir, að við stöndum á miklu lægra menningarstigi en nágrannaþjóðir okkar, en það þarf bæði mikla fyrirhyggju og mikið fé til að kippa þessu máli í lag, það hefir sömuleiðis verið tekið fram, að það megi ekki hika um of; allir vilja fara varlega, en ef varúðin lendir út í það, að ganga ekki að neinu nema því, sem full vissa er fyrir að sé hið eina rétta, þá getur svo farið, að góð stefna deyi út af úr hor. Eg hefi ekki viljað ganga inn á nein einstök atriði í málinu, vegna þess að formælandi tillögunnar er dauður, en að eins með þessum fáu orðum viljað réttlæta þá uppástungu mína, að sett verði 7 manna nefnd í málið.

Hermann Jónasson: Eg er því samþykkur, að ekki veiti af 7 manna nefnd í mentamálið, en það hefir komið til orða, að skipa líka nefnd í Ed í þetta mál og að báðar nefndir ynnu svo saman. Ef þetta næði fram að ganga, virðist nægilegt, að skipuð yrði 5 manna nefnd í hvorri deild.

Guðl. Guðmundsson: Mér finst formlegra að deildin kjósi sjálf 7 manna nefnd, heldur en að hún leggi það vald í hendur nefndinni að bæta við síðar.

ATKVGR.: Tillagan samþ. í e. hlj.

7 manna nefnd feld með 12 gegn 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei*:
Björn Kristjánsson,	Árni Jónsson,
Einar Þórðarson,	Jón Magnússon,
Guðl. Guðmundss.,	Björn Bjarnarson,
Jóh. Jóhannesson,	Eggert Pálsson,
Magnús Andrésson,	Hannes Hafstein,
Olafur Briem,	Hannes Þorsteinss.,
Olafur Olafsson,	Herm. Jónasson,
Skúli Thoroddsen.	Jóhannes Olafsson,
Stefán Stefánsson,	Magnús Stephensen,
Þórh. Bjarnarson.	Olafur Thorlacius,
	Pétur Jónsson,
	Tr. Gunnarsson.

Lárus H Bjarnason greiddi eigi atkvæði, og telst því til meiri hlutans.

Þar með var 5 manna nefnd álitin samþ.

Fór síðan fram hlutfallskosning, eftir ósk nokkurra þingmanna, og voru kosnir í nefndina.

Hannes Hafstein,
Stefán Stefánsson,
Þórh. Bjarnarson,
Björn Bjarnarson,
Hermann Jónasson.

Kensla í lærða skólanum.

Tillaga til þingsályktunar um kenslu í lærða skólanum í Reykjavík.

Einumr., 25. ágúst. (C. bls. 637, 679, n. 809).

Framsögumaður (Þórh. Bjarnarson): Athugasemdir nefndarinnar liggja fyrir í álitinu, og þar gerð grein fyrir þeim. Það tókst miður til en skyldi, að samvinna komst eigi á milli mentamálanefndanna í þessu máli í báðum deildum, og vér erum miður vel ánægðir með orðalagið hér í till. Ed., og söknum all þýðingarmikilla atriða, en þar sem vér erum alveg sammála háttv. Ed. í aðal-atriðunum, þá ráðum vér þessari háttv. deild til þess, að samþykkja tillöguna óbreytta, til þess að hún hafi því meira fylgi og kraft hjá landsstjórninni. Það eru síður breytingar, sem nefndin mundi hafa óskað að fara fram á, heldur viðaukar í sömu átt og háttv. Nd. setti í fyrra inn í þingsályktunartill., sem þá var afgreidd í þessu máli. Nefndin vonar, að þær bendingar háttv. Nd. 1902, áréttaðar nú, muni verða teknar til greina eins fyrir því, þó tillögunni sé ekki breytt. Neðri deild lagði sérstaklega í fyrra áherzlu á »slöid«, leikfimi og drátthst, og handavinnu verður þar við að bæta, er lærði skólinn fer líka að verða fyrir stúlkur. — Yfir höfuð að hugsa meira en gert hefir verið um að menta líkamann; um þetta var svo rækilega rætt í fyrra, að það þýðir ekki að vera að taka það upp aftur, það nægir að vísa til þess og herða á því.

En eitt er nýstárlegt; það er bending sú, sem nefndin víkur á í niðurlagi nefndarálitsins, það er um skólagjald. — Nefndin telur það heppilegt, að sú hugsun komist inn hjá mönnum, að kenslan sé ekki að sjálfsögðu ókeypis, og álítur það kost, að eitthvert haft sé gagnvart tornæmum eða miður ánægjulegum piltum í öðrum greinum, sem eiga ekki erindi í skóla. Sumir foreldrar eru af hégómaskap að pína drengi sína lærða veginn, og fá oftar ónytjunga upp úr því, en spilla kannske um leið góðum verklegum hæfileikum til búsýslu eða annars, og er sannarlega maklegt, að leggja skatt á slíkt háttalag.

Það hefir líka verið bent á, að námssveinar í lærða skólanum séu jafnan að tiltölu lang-flestir úr Reykjavík; og þó að vitanlega hafi verið þar á meðal einstöku sérlega efnilegir piltar, þá munu þó tiltölulega hafa verið einna flestir af þeim slakari úr Reykjavík, og er óþarfi að halda dýran frískóla fyrir þá. Yfir höfuð er síður en ekki ástæða til þess, að örva aðsókn að lærða skólanum fram yfir beinar þarfir. — Margt mælir með því, að hér sé innleidd sama regla, sem er á Norðurlöndum og víðar, um eitthvert sanngjarnt skólagjald, sem auðvitað yrði eftirgefið fátækari efnispiltum eftir einhverju vissu hlutfalli, er setja mætti. — Eg skal taka það fram, að það er ekki meining nefndarinnar, að landssjóður fái tekjur af þessu gjaldi, heldur hitt, að það komi sem viðauki við námsstyrk þann, sem þingið hefir veitt og mun veita framvegis. Gallinn við allar slíkar hlunninda-veitingar er það, að munurinn er ekki gerður nógu mikill milli maklegra og ómaklegra.

Aðal-breytingin við lærða skólann fæst væntanlega nú, nefnil., að fella grísku alveg burtu sem skyldunámsgrein, og takmarka latínunámið að mun. — Í grísku munu nú vera 25 stundir á viku, sem þá féllu alveg burt, og yrðu notaðar til annars þarfara; í latínu eru 43 stundir á viku, en þó þeim væri fækkað segjum í 5 stundir í 4 efstu bekkjunum, hverjum um sig, og væri hætt að lesa latnesk skáldrit, þá mundi mega læra svo mikið, sem nægði til að skilja latínu í óbundnu máli.

Þá er eitt, sem nefndinni er áhugamál, nefnil., að franskan falli burt. — Yfir höfuð að kenna færra, en gera það rækilegar, t. a. m., að menn verði færir um að rita og tala ensku álíka vel og nú gerist með dönsku; enginn skóli kennir auðvitað til fulls að tala mál.

Eg skal ekki fara út í bendingar þær, er nefndin hefir komið með úr hinum dönsku skólalögum. Það hefir oft verið sagt, að við »dependeruðum af þeim dönsku«, og vanalega verið sagt til hnjóðs, í þetta sinn er oss ánægja að gera það í þessu lærðaskólamáli; í hinum nýju skólalögum Dana, og hinum rækilegu ástæðum fyrir þeim höfum vér mjög góða fyrirmynd.

Nefndin hefir eigi séð sér fært að fara neitt út í það, að gefa bendingar um samband lærða skólans við aðra skóla; það verður að bíða þess, að mentamál vor yfir höfuð skipist betur.

Um breyt.till. 554 er talað í nefndarálitinu. Nefndin er því í fylsta máta samdóma, að kenslan í sögu landsins og bókmentum þess verði stórum aukin frá því, sem nú er, og vonar að það verði tekið til greina í nýrri reglugerð.

En af því nefndin hefir hallast að því, að gera engar breytingar né viðauka við þingsályktunartill., þá sér hún heldur ekki ástæðu til þess að breyta till. vegna þessa eins.

Háttv. flutningsm. ræður auðvitað, hvort hann vill halda henni fram, það er ómögulegt, að greiða atkvæði á móti henni, en eftir atvikum réttast, að láta hana ekki koma til atkvæða.

Eitt var það atriði, er mikil áherzla var lögð á í fyrra, og hefir það einnig stuðning í dönsku lögunum nýju, að ekki séu fleiri en fimm stundir á degi hverjum til bóknáms. Það þreytir og sljófgar að sitja lengi yfir bókunum, og er betra að vinna styttri tíma, en nota hann með kappi, og ætla vel fyrir stundunum til að hressa og styrkja líkamann.

Hannes Þorsteinsson: Eg skal ekki fara langt út í efni þingsályktunartillögunnar á þskj. 496. Nefndin hefir gert það töluvert rækilega í áliti sínu, og er eg því samdóma, er hv. frmsm. (Þórh. B.) tók fram, að tillagan hefði í ýmsum atriðum getað verið ákveðnari og fyllri. En hins vegar get eg ekki séð, að það mundi verða tillögunni til meins, þótt hér væri skotið inn einhverjum dálítið fyllri ákvæðum, sem eru í algerðu samræmi við það, er háttv. efri deild hefir samþykt. Eg get ekki séð neina ástæðu til þess, að landsstjórnin mundi taka hana síður til greina fyrir það. Það er einmitt æskilegt, að hún fái sem ljósastar bendingar um það, í hvaða atriðum menn óska sérstaklega breytinga á kenslu skólans, og í hvaða átt.

Það er auðvitað margt, er þyrfti að kveða skýrara á um, en þó er það sérstaklega eitt atriði, er eg álít, að ekki megi missast, af því að kensla í þeirri grein er svo hrapallega vanrækt í skólanum. Eg á við kenslu í sögu

og bókmentum Islands. Eins og menn vita, er saga Islands alls ekki kend í skólanum, nema að því leyti, er piltar í 6. bekk eru látnir rifja upp Ágrip sira Þorkels Bjarnasonar, sama kverið og lesið er undir skóla; þetta er stutt kver og ófullkomið, og gefur mjög óljósar hugmyndir um sögu landsins. — Slíkt held eg sé eins dæmi um allan hinn mentaða heim, að sama kunnátta í sögu ættjarðarinnar sé heimtuð til burtfararprófs af lærðum skóla, sem til inntökuprófs. Það er ekki að eins hlægilegt, heldur hreint og beint hneykslanlegt.

Sama vanrækslan á sér stað að því er íslenzka bókmentasögu snertir. — I 5. og 6. bekk eru piltar látnir kynna sér Ágrip af sögu íslenzkra bókmenta eftir prófessor Finn Jónsson. Það er að vísu allgott ágrip að sumu leyti, en mjög stutt, og þar af leiðandi fremur þurt og óaðgengilegt. Eins og sjá má af skólaskýrslunum, þá nær kenslan í bókmentasögu landsins að eins til 1800. — Um bókmentir 19. aldarinnar er ekkert kent; það er eins og þær séu engar til. Og þó er það stórstigasta og byltingamesta öldin í bókmentum þjóðarinnar á síðari öldum. Það er því alveg sjálfsagt, að í lærða skóla landsins væri þessum nýjustu bókmentum vorum einhver gaumur gefinn. En svo er ekki.

Nú kunna menn að segja, að bækur vanti til þess, að aukin verði kensla í sögu og bókmentum landsins. En það er engin afsökun. Kennararnir eiga að vera svo færir, að þeir geti haldið fyrirlestra um þetta efni, og með þeim gefið lærisveinunum ljóst yfirlit yfir þýðingarmestu atriðin í sögu og bókmentum síns eigin lands. Það er einmitt það, sem er svo mjög áríðandi við alla sögukenslu, að hún verði ekki í molum. Kennarinn verður að leiðbeina piltunum á þá leið, að þeir sjái glögt hina stóru drætti í atburðarás og mentalífi þjóðarinnar. Sé hann ekki fær um það, þá ætti hann alls ekki að vera kennari.

Þar sem nú svo er ástatt, sem eg hefi greint, um kenslu í þessum greinum við lærða skólann, þá get eg ekki annað en haldið fast fram þessari tillögu minni. Enda efast eg ekki um, að hún verði samþykt, því að ella gæti landsstjórnin ætlað, að þingið teldi enga þörf á umbótum í þessu efni. Þetta er að eins bending til landsstjórnarinnar, en alls ekki nóg, að á þetta sé lauslega vikið í nefndarálitinu.

Undarlega þykir mér það orðað í nefndarálitinu, að nefndin hafi ekki treyst sér til þess að mæla með því, að þessi viðaukatillaga mín yrði tekin upp, af því að nefndin sjálf kæmi ekki með neina breyt.till. Ef efni hennar er í sjálfu sér gott og heppilegt, — og það skildist mér að háttv. framsögum. (Þ. B.) kannaðist við, — þá finst mér lítil ástæða fyrir nefndina að hafna henni, vegna þess, að hún flutti ekki tillöguna sjálf.

Eg sé enga ástæðu til að taka tillöguna aftur, og ætla að sjá hvað deildin gerir við hana, sjá, hvort hún gerir sér til sæmdar (!) að fella hana, en eg trúi því ekki fyr en eg tek á.

Framsögumaður (Þórh. Bjarnarson): Mér finst afstaða nefndarinnar í þessu efni ofur skiljanleg. Hún leggur t. d. áherzlu á það, að fá aukna kenslu í dráttlist og leikfimi, og að tekin sé upp kensla í handavinnu. — En hún lætur sér nægja, að benda á þessar breytingar í álitsskjali sínu; og hið sama hefir hún gert um efni breyt.till. háttv. 1. þingm. Árn. (H Þ.); hún

gerir henni hvorki hærra né lægra undir höfði en sínum eigin óskum. — Til meira getur háttv. flutningsmaður sannarlega ekki ætlast.

Af ástæðum, er háttv. deild skilur, þá gátum við ekki gert undantekningu um þessa einu breyt.till., enda þótt vér könnuðumst við það, að efni hennar væri gott og rétt í alla staði.

Það var ýmislegi fleira í tillögunni, þar sem vér hefðum viljað víkja við eða auka, en oss fanst það viðsjálft, af þeirri ástæðu, er eg áður hefi tekið fram.

ATKV.GR.: Viðaukatill. á þskj. 554 samþ. með 13 : 9 atkv.; að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Björn Kristjánsson,
Einar Þórðarson,	Guðl. Guðmundsson,
Hannes Hafstein,	Herm. Jónasson,
Hannes Þorsteinss.,	Jóh. Jóhannesson,
Jóh. Ólafsson,	Magnús Andrésson,
Lárus H. Bjarnason,	Pétur Jónsson,
Magnús Stephensen,	Skúli Thoroddsen,
Ólafur Briem,	Tryggvi Gunnarss.
Ólafur Olafsson,	
Olafur Thorlacius,	
Stefán Stefánsson,	
Þórh. Bjarnarson.	

Björn Bjarnarson greiddi eigi atkv., og telst með meiri hluta.

Tillagan í heild sinni, með áorðinni breytingu, samþ. í einu hlj., og verður afgreidd til landshöfðingja.

Lestrarbók handa alþýðuskólum.

TILLAGA til þingsályktunar um lestrarbók handa alþýðuskólum.

Eiu umr., 21. júlí. (C. bls. 261).

Stefán Stefánsson: Eg ímynda mér að eg þurfi ekki að vera langorður um þetta mál, og að eg muni ekki þurfa að færa mörg rök fyrir því, hvílík nauðsyn það sé, að eignast góða lestrarbók handa alþýðuskólum, og handa alþýðu yfir höfuð.

Hver sá, sem hugsar um að bæta mentun alþýðu, rekur sig fyrst á það, að vér þurfum góða alþýðukennara, og að oss vantar góða alþýðukennara, og málið, sem vér höfðum til meðferðar hér næst á undan, er fram komið af því, að vér erum farnir að finna sárt til þessa skorts; farnir að finna til þess, að alþýðukennara vora vantar yfir höfuð bæði nægá almenna þekkingu og kunnáttu í því að kenna.

En oss vantar *tiltölulega* eigi síður hentugar bækur handa börnum, til að kenna eftir nálega í hverri grein. — Það hefir að vísu verið veitt fé á fjárlögunum síðustu ár til þess að gefa út slíkar bækur, en árangurinn af því hefir orðið lítill. Að vísu höfum vér eignast kenslubækur handa börnum í landafræði, náttúrufræði og reikningi, en þeim er í mörgu ábótavant, og þær síðri en tilsvarandi kenslubækur í útlöndum, en um þær má þó segja, að betra sé að veifa röngu tré en engu. — Aftur erum vér alveg á flæðiskeri staddir með lestrarbókina, og þar er skorturinn lang-tilfinnanlegastur; oss vantar þar bók, sem ekki á einungis að fræða, heldur engu síður að vekja; bók, þar sem safnað sé saman í gimsteinum úr íslenzkum bókmentum; bók, sem hafi að geyma það, sem bezt hefir verið sagt á íslenzka tungu og ritað í bundnu máli og óbundnu; bók, sem veki námfýsi, góðar tilfinningar og ættjarðarást hjá börnum þjóðarinnar.— Eg þarf ekki að fara mörgum orðum um efni slíkrar bókar, því að eg veit, að mörgum háttv. þingdeildarm. muni

kunnar þess konar bækur annara þjóða, og að þeir af þeim geti gert sér allglögga grein fyrir, hvernig lesbók vorri ætti að vera háttað.

Vér höfum hugsað oss, að hin fyrirhugaða nefnd útvegi sér hinar beztu af þessum útlendu lestrarbókum, til að hafa þær til fyrirmyndar, og til þess að hagnýta sér þær við samningu lestrarbókarinnar, að því leyti, sem það getur látið sig gera. Enn fremur gerum við ráð fyrir, að nefndin safni til lestrarbókarinnar því, sem hún telur bezt og hentugast í bókmentum vorum; þá gerum við ráð fyrir því, að nefndin leiti fulltingis færustu manna með að fá frumsamda ýmsa kafla lestrarbókarinnar, — en að landsstjórnin annist svo útgáfu hennar, og láti hana koma út í bindum, þannig, að fyrsta bindið taki við af stafrófskverinu, og að bókin smáþyngist svo eftir þroska þeirra, sem hana eiga að nota. Vér gerum ráð fyrir því, að lestrarbókin yrði ekki einungis notuð í barnaskólum, heldur líka við heimiliskensluna.

Eins og nú stendur á, þá eru menn í hreinum vandræðum með bækur handa börnum til að lesa; það hefir að vísu verið reynt nokkuð til að bæta úr þessum vandræðum, en ekki hepnast. — Fornsögnþættirnir hafa meðal annars þann galla, sem lestrarbók handa börnum, að réttritunin á þeim er forn. — Íslendingasögur eru að vísu góðar í sinni röð, en nokkuð eru þær einætar. Lestrarbókin þarf að vera fjölbreytt að efni, svo að börnin hitti jafnan fyrir eitthvað nýtt og ferskt, er haldi við lestrarfýsninni og glæði hana.

Eg hefi nú í fám orðum gert grein fyrir því, sem vakti fyrir nefndinni, og eg vona að háttv. deild skilji, að hér sé um verulegan skort að ræða, og að hér sé spor stigið í rétta átt, er vér erum að hugsa um að bæta fræðslu og skóla hjá oss, og að sjálfsagt sé að sjá kennurum fyrir verkfæri í höndurnar til að vinna með.

Landshöfðingi: Eg vil leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hv. flm. (St. St.), hvort það sé meining nefndarinnar, að þessar 2000 kr. skuli vera hónórar til þessara þriggja manna, sem tillagan nefnir.

Stefán Stefánsson: Í tillögunni stendur, að nefndin eigi að annast samning lesbókarinnar, og að verja megi alt að 2000 kr. til þess. Það er alls eigi tekið fram, að alt féð eigi að ganga til nefndarmanna sjálfra, enda mun svo eigi verða; þeir eiga og þurfa að útvega sér aðstoð hjá öðrum, eins og eg tók fram í fyrri ræðu minni, og eg geri ráð fyrir að meginhluti fjárins gangi til ritlauna fyrir samning bókarinnar.

Lárus H. Bjarnason: Eg held að sumir í hv. mentamálanefnd séu horfnir frá pólitíkinni yfir í lýríkina, að minsta kosti hefði eg ekki búist við að sjá tillögu slíka sem þessa koma frá nefndinni. Reyndar þykist eg vita, hvaðan alda þessi muni runnin; eg þykist sjá, að hugmyndin sé tekin úr bók Guðmundar Finnbogasonar um lýðmentun. Hugmyndin gæti nú að vísu verið fullgóð fyrir það, en eg kannast ekki við, að tillaga þessi bendi á eina eða sjálfsagðasta ráðið til að bæta úr lestrarbókarskortinum.

Guðmundur Finnbogason segir að allir mestu andans menn þjóðarinnar þurfi að vinna að samningu lestrarbókarinnar, en nefndin hefir dregið svo úr þessu — sennilega í sparnaðarskyni — að hún leggur til að verkið sé fengið að eins þrem mönnum, því að eigi er gerandi ráð fyrir að hún álíti, að

eigi séu nema þrír andans menn í landinu.

Eg álít að engin ástæða sé til að skipa *sérstaka* nefnd til að vinna verk *þetta*. Nú er verið að samþykkja að stofna kennaraskóla, og mætti ætla, að kennurunum við þann skóla væri trúandi fyrir að semja lestrarbókina. Og hví á að skipa sérstaka nefnd til að semja þessa bók fremur en aðrar kenslubækur handa börnum? Eg gæti bezt trúað því, að næsta daginn kæmi nefndin fram með tillögu um að skipa nefnd til að semja lærdómskver, og enn aðrar nefndir til að semja reikningsbók, landafræði o. s. frv.

Eg verð að vera samdóma hæstv. ráðh. um það, að tillöguna verði svo að skilja, að þessar 2000 kr. eigi að skoða sem ritlaun og ekki annað, en þá vantar fé til að koma bókinni út, fé fyrir pappír, prentun, band o. s. frv. Það er engin bending gefin um, hvað bókin eigi að vera stór, en hv. formælandi tillögunnar (St. St.) sagði, að í henni ætti að vera alt hið bezta úr bókmentum vorum í bundnu máli og óbundnu. Eftir þessu að dæma mun bókin verða allstór og um leið lítt við barna hæfi, því margt af því, sem í sjálfu sér er ágætt, mun vera lítt meltanlegt fyrir börn. Hér er annars lagt til að farin sé sú leið, sem mjög mun fátíð hjá öðrum þjóðum, og sem miður hefir gefist, þar sem hún hefir verið farin. Yfir höfuð fæ eg ekki séð annað en að með tillögu þessari sé verið að búa til bitling handa ákveðnum manni.

Stefán Stefánsson: Í öllu falli getur hér ekki verið að ræða um bitling til eins ákveðins manns, því að tillagan tekur það fram, að nefndarmennirnir skuli vera þrír. Eg hygg að flestum muni þykja það kynleg ályktun, að fyrst eigi séu nefndir nema þrír menn í tillögunni, þá álíti mentamálanefndin, að eigi séu til nema þrír andans menn í landinu. Eg tók það skýrt fram í fyrri ræðu minni, að nefndin ætlaðist til að þessir þrír menn leituðu liðsinnis hjá öðrum við samning bókarinnar, þetta tók eg svo skýrt fram, að mig furðar að hv. þm. Snæf. (L. H. B.) skyldi ekki taka eftir því; það er annars undarlegt, að greindir menn skuli vera að lengja þingræðurnar með óþarfa vafningum og firrum.

Það lítur nærri út fyrir að hv. þm. Snæf. (L. H. B.) sé farinn að gleyma ýmsu úr hinni löngu ræðu, er hann hélt, þegar það var á dagskrá hér að skipa mentamálanefndina; þá var hann á því, að ekki mætti spara fé til að auka mentun alþýðunnar, en nú rís hann öndverður gegn öllu í þá átt.

Það getur verið gott, að gjörðir nefnda séu athugaðar vandlega, en því að eins, að það sé gert í því skyni að leiðrétta og bæta; hitt er einskis þakklætis vert, að velt sé sér yfir þær með hártogunum og útúrsnúningum. Það er að eins eitt atriði í ræðu hv. þm. (L. H. B.), sem eiginlega er svaravert, það er um stærð bókarinnar. Nefndin hafði hugsað sér að gefnar yrðu út á ári um 30 arkir, og að 1000 kr. mundu nægja til að búa þær út og til að standa straum af bréfaskriftum og öðrum aukakostnaði, er söfnun og samning efnisins mundi hafa í för með sér.

Lárus H. Bjarnason: Hv. þm. (St. St.) þótti það óleyfilegur útúrsnúningur hjá mér, er eg sagði að fé þetta mundi ætlað einum manni. Hv. þm. (St. St.) er ekki eins glöggur og eg hélt, ef hann getur ekki samrýmt það, að tillagan geri ráð fyrir, að þrír menn skuli annast samning lestrarbókarinnar, við það, að verkið sjálft sé fengið einum manni, sem þá mundi og njóta fjárins. Annars vil eg spyrja: hví á endilega að *skipa* nefnd til þessa? hví

ekki lofa þeim mönnum að vinna verkið, sem finna hvöt hjá sér til þess? Eru ekki meiri líkur fyrir því, að þeir menn muni leysa verkið vel af hendi, en menn sem stjórnin *skipar* til þess? Hv. þm. (St. St.) þótti það undarlegt, að eg skyldi rísa á móti þessu, þar sem eg hefði haldið svo langa og, að mér skildist, fagra ræðu (*Stefán Stefánsson*: Ekki sagði eg það.) um mentamálið hér um daginn. Eg mun standa við það, sem eg sagði þá, en það lítur út fyrir, að hv. þm. (St. St.) sé búinn að gleyma því, að eg byrjaði og endaði ræðu mína með því að segja, að ef vel hefði átt að fara, þá yrðum vér í þessu sem í öðru að láta forsjá fylgja kappi. Eg læt mig það minstu skifta, þótt einstöku framhleypingar stimpli mig fyrir þetta sem kreddumann og afturhaldsmann, eg fylgi því jafnt fyrir það, sem eg ætla þjóðinni hollast. Hv. ræðumaður (St. St.) lauk ræðu sinni með því að þykjast svara spurningu minni um það, hvað lestrarbókin ætti að vera stór, og af hverju mentamálanefndin hefði tekið til 2000 kr. handa nefndarmönnum. Hann svaraði þessu með því að segja, að nefndin hefði hugsað sér að gefnar yrðu út 30 arkir á ári, eða 60 arkir á næsta fjárhagstímabili, en honum gleymdist að skýra frá því, hve nær útgáfunni mundi lokið, eða hvort henni mundi haldið áfram um aldur og æfi.

Þórhallur Bjarnarson: Þessi tillaga er gerð, til þess að reyna að bæta úr allra brýnustu þörfinni við alla barnaskóla á landinu. Eg er gjörkunnugur stærsta barnaskóla landsins, og eg hefi svo áþreifanlega fundið til þess, hvernig vér höfum orðið að gefa börnunum steina fyrir brauð, með því að verða að láta þau lesa í þeim bókum, sem orðið hefir að nota, af því að annað betra hefir ekki verið til. Móðurmálskenslan er ill-möguleg meðan góða lestrarbók vantar, og hvað segir það ekki? Það má óhætt telja eitt af hinu allra þýðingarmesta í barnamentunartilraunum vorum, að góð lestrarbók handa börnum fáist, og það er ekki nema fjöður af fati landssjóðs, þótt teknar séu úr honum 2000 kr. til að reyna að fá þessu framgengt. (*Landshöfðingi*: Hver á að gera þetta?) Hæstv. landsh. spyr hver eigi að gera það.

Væri hægt að benda á einhverja þá menn, er þingið fulltreysti til verks þessa, og þeir gæfu sig fram og bæðu um styrkinn, þá væri umsvifaminst að veita þeim fé þetta, án þess að blanda landsstjórninni inn í málið; mætti þá fela t. d. kennarafélaginu að hafa eftirlit með verkinu. En nú hafa engir slíkir menn boðið sig fram, og því hefir nefndin valið þann veg, að gera landsstjórninni mögulegt að koma þessu nauðsynjamáli í kring.

Telji hæstv. lh. það heppilegra, að fjárveitingin sé að eins sett á fjárlögin, og að engin ákvörðun sé gerð í þingsályktunartillögu um nefndarskipun, þá ætti það ekki að vera gert að kappsmáli, að minsta kosti mun eg ekki gera það fyrir mitt leyti. En eg álít það alveg hættulaust, þótt tillagan sé látin ganga til hv. Ed., og eg skil ekki í því, að það geti orðið nokkur vandræði fyrir landsstjórnina að fá forgöngumenn verksins, og úthluta fénu. Aðalatriðið er að góð forganga fáist fyrir verkinu, og að hægt sé að vinna færustu menn í ýmsum greinum til að vinna að því; hygg eg að sumir mundu fást til að rita kafla, hver í sinni grein, í bókina, án þess að þurfa að hugsa mjög um ritlaun; aftur eru aðrir, er æskilegt væri að í hana rituðu, þannig efnum búnir, að þeir mega ekki sjá af tíma sínum til slíkra starfa, nema þeir

fái verk sitt vel endurgoldið. Útgefandinn verður að fá handritið alveg ókeypis, svo að hann geti selt mjög ódýrt.

Landshöfðingi: Það er formið á tillögu þessari sem eg hefi á móti. Í stjórnarskránni, 24. gr., stendur, að ekkert gjald megi greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum, en slíka heimild vantar hér, hún verður ekki veitt með þingsályktun, og sé eg því ekki, hvernig tillögumenn hugsa sér svo að féð geti orðið greitt.

Hannes Hafstein: Eg vildi taka það fram, út af því sem hæstv. landsh. sagði, að mentamálanefndin gekk út frá því sem vísu, að yrði tillagan sþ. af deildinni, þá mundi hún síðar, er fjárlögin koma til meðferðar í deildinni, taka fjárveitinguna, sem farið er fram á, upp á fjárlögin. Að skipa þriggja manna nefnd til að annast um samning lestrarbókarinnar, virðist mér hið eina rétta, því ef ætti að fara að bjóða mönnum að »konkúrrera« um samning slíkrar bókar, þá er hætt við að lítið yrði úr framkvæmdunum, því menn hafa ekki fé og tíma til að semja slíka bók í óvissu um, hvort hún yrði tekin gild. Séu aftur á móti valdir 3 menn, sem áhuga hafa á málinu, til að annast um það, þá geta þeir snúið sér til þeirra manna, sem hæfastir eru til að rita um hvert efni um sig, leiðbeint þeim og dæmt um hvað bezt á við.

Eg ímynda mér að allir viðurkenni það, sem háttv. þm. Borgf. (Þ. Bj.) tók fram um nauðsyn á slíkri lestrarbók. En eg býst ekki við að hún yrði að eins úrval af skáldritum, eins konar »Snót«, eins og mér skildist háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) gjöra ráð fyrir, heldur yrði að frumsemja mest, en þýða sumt, og taka svo úr íslenzkum bókmentum að eins það, er þyrfti til að glæða fegurðartilfinninguna og vekja ættjarðarástina. — Eg vona því að h. deild samþ. tillöguna.

Pétur Jónsson: Mér finst að þessi meiningamunur um form tillögunnar þurfi ekki að hafa mikið að þýða. Auðvitað kemur tillagan ekki að notum nema féð verði veitt á fjárlögunum. (*Landshöfðingi*: Hún er óþörf). Það er annað mál, hvort hún er óþörf. Það, sem er aðalatriði tillögunnar, er að landsstjórnin skipi 3 menn til að annast um samning lesrarbókarinnar, og auðvitað má koma því ákvæði inn í fjárlögin, ef það þætti betra. Og gæti mentamálanefndin, ef henni sýndist, komið fram með tillögu um það til fjárlaganefndarinnar.

Stefán Stefánsson: Eftir þeim upplýsingum, sem fram eru komnar, væri ef til vill réttast, annaðhvort að taka tillöguna aftur, eða vísa henni til fjárlaganefndarinnar.

Forseti: Það getur ekki komið til mála, að vísa tillögu, sem komin er þannig frá mentamálanefndinni, til annarar nefndar. Og mun eg því bera hana undir atkvæði deildarinnar, verði hún ekki tekin aftur.

Hannes Hafstein: Eg get engan veginn séð, að það þurfi að vera tillögunni til forátttu, þó ákvæðið um fjárupphæðina standi þar. Að vísu játa eg, að það hefði mátt orða tillöguna heppilegar, að því er þetta atriði snertir; atriðið er engan veginn óþarft að efni til, og verði tillagan samþ., þá er afleiðingin af formgallanum að eins sú, að þeir, sem greiða atkvæði með tillögunni nú, skuldbinda sig með því til að greiða atkv. með fjárveitingunni, sem hún gjörir ráð fyrir, þegar hún kemur á fjárlögunum. Eg sé því enga ástæðu til að taka tillöguna aftur, og treysti

því fastlega að hún verði samþ. af öllum þeim, sem lýðmentun unna.

ATKV.GR.: Tillagan samþ með 15 : 2 atkv., og afgreiðist til Ed.

Biskupsembættið.

FRUMVARP til laga um aðra skipun á biskupsembættinu; 1. umr. 18. júlí. (C. bls. 237).

Flutningsmaður (L. H. Bjarnason): Eins og eg gat um á dögunum, þegar frumv. um æðstu umboðsstjórn landsins var til umr. hér í deildinni, þá er landið ákaflega stórt um sig og strjálbygt, og þess vegna verða embættismennirnir, þótt þeir ef til vill séu ekki ofmargir í sjálfu sér, að vera hlutfallslega fleiri en í öðrum löndum, miðað við íbúatölu landsins, enda eru embætttismenn á Íslandi miklu fleiri en í nokkru öðru mentuðu landi tiltölulega, og kostnaðurinn til embættismanna þar af leiðandi hlutfallslega miklu meiri.

Samkvæmt landsreikningunum 1900 1901 eru tekjur landssjóðs 1,684,032 kr. og 4 aurar. Af þessum liðugu 1600 þús. gengu 611,101 kr. til embættismannahalds, og eru þar í þó að eins talin laun og eftirlaun hinna reglulegu embættismanna, en ekki hinna svonefndu sýslunarmanna. Þetta er afarmikið fé.

Á sama tíma gengu 70,000 krónur til landbúnaðarins, en til iðnaðar og til sjávarútvegsins var engu varið, nema hvað mönnum var gefinn kostur á að fá lán úr landssjóði til þilskipakaupa, og svo það, sem Stýrimannaskólinn í Reykjavík kostaði landssjóð. Til samgangna á sjónum hins vegar brúkaðar rúmar 120 þúsundir, og til vega rúmar 185 þúsundir.

Þegar þetta er borið saman við þá upphæð, sem gengur til embættismannahaldsins, þá er ekki að furða þótt menn fari að líta í kringum sig eftir því, hvort ekki mætti fækka einhverju embættinu, eða steypa einhverjum þeirra saman. Eg fór líka að líta í kringum mig, og þá varð biskupsembættið fyrst á vegi mínum. Eg spurði sjálfan mig að því, hvort ekki mætti breyta því, og komst að þeirri niðurstöðu, að bæði mætti gjöra það og ætti að gjöra það, enda skal eg nú leitast við að sýna að svo sé, með því að telja upp þau helztu verk, sem þessum embættismanni er ætlað að hafa á hendi, samkvæmt erindisbréfi fyrir biskupa á Íslandi 1. júlí 1746 og Kirkjuréttinum, og mun þá hver maður geta skorið úr því með sjálfum sér, hvort þörf sé á að halda hálaunaðan embættismann þess vegna. Biskupinn á að sjá um að predikað sé ómengað guðsorð, og munu allir sjá, að ekki þarf sérstakt embætti til þess.

Honum er ætlað að halda yfirreið yfir landið til að vísitera hjá prestum og prófastum. Eg sé ekki betur en að þessu megi einnig vel koma við eftir frumv. okkar.

Honum er ætlað að útnefna prófasta, en þetta er ekkert annað en formið eitt, því prestar hvers prófastsdæmis velja þá í rauninni sjálfir.

Honum er ætluð hluttaka í veitingu brauða, en sú hluttaka er þó ekki í öðru falin en því, að hann velur ásamt landsh., eða réttara landsh. velur með ráði hans 3 af umsækjendum ef fleiri sækja, en 2 ef 3 sækja, og svo kýs söfnuðurinn milli þeirra. Þetta sýnist ekki vera umfangsmikið starf, og eg hygg, að það megi vel rýma það við frumv. okkar.

Annars skal eg taka það fram, að mér finnast prestskosningalögin mjög

óviðfeldin. Annaðhvort ætti veitingavaldið að hafa óbundnar hendur og skipa prest eins og áður var, eða þá, og það kysi eg helzt, ætti söfnuðurinn að mega velja um alla þá, sem í boði eru.

Þá er biskupnum enn fremur ætlað að vígja presta, og þeim starfa yrði auðvitað ekki létt af honum, en sá starfi sýnist heldur ekki vera svo mikill, að hans vegna þurfi að hafa sérstakt embætti.

Svo er biskupnum ætlað að sjá um, að nægar guðsorðabækur séu til í landinu. Þetta starf getur nú orðið engan tíma tekið, því nú er nóg til af slíkum bókum.

Biskupinn á einnig að veita eftirrit úr kirkjubókum. Sá starfi er nú ekki umsvifamikill, því að nú eru allar kirkjubækur eldri en 30 ára geymdar á landsskjalasafninu.

Biskupnum er ætlað að gefa undanþágu frá fermingarskilyrði um aldur barna. Þetta kemur líklega fremur sjaldan fyrir, enda engin þörf á að það heyri undir hans verkahring, það má leggja það undir stjórnarráðið eða öllu heldur undir prófasta.

Svo á biskup enn fremur að hafa eftirlit með tekjum kirkna og nokkrum kristfjárjörðum, en hvorugt þeirra verka mun útheimta mikil dagleg störf.

Hann tekur við skýrslum prófasta um héraðsfundagjörðir og önnur mál, og sendir landsb. aðalskýrslur um það, en þær skýrslur geta eins vel farið beint.

Hann er meðstjórnandi sýnódusar og stýrir sýnódusrétti, en það er hvorttveggja mjög hægt starf.

Þetta eru nú helztu störfin, sem á biskupsembættinu hvíla, og þau eru sannarlega fæst eða engin svo umfangsmikil, að óhjákvæmilegt sé þeirra vegna að hafa sérstakt embætti. Eg hygg að naumast þyrfti að fá nýja biskupinum nema 4 af þeim störfum, er eg hefi upptalið, sem sé að líta eftir réttum flutningi guðsorðs, að vígja presta, útnefna prófasta, og halda yfirreið yfir landið. Öll hin störfin, eða að minsta kosti flest þeirra, mætti annaðhvort láta falla alveg burt, eða leggja undir önnur stjórnarvöld. Og þessi 4 störf eru ekki svo yfirgripsmikil, að eigi megi vel sameina þau forstöðumannsembættinu við prestaskólann. Það er öllum kunnugt, að hinn núverandi forstöðumaður hefir ótal öðrum störfum að gegna við hliðina á embætti sínu, og það erfiðum störfum, svo sem formannsstöðunni í Búnaðarfélagi landsins. Auðvitað kann það nokkuð að vera að þakka hæfilegleikum þess núverandi forstöðumanns, en sé það rétt, sem mér hefir verið sagt, að forstöðumaður prestaskólans hafi ekki meiri kenslu á viku en 12 tíma, þá má auka störf hans töluvert án þess að misbjóða honum í nokkru.

Eg get ekki heldur kannast við það, sem eg hefi heyrt á sumum mönnum, að það sé að misbjóða virðingu biskupsembættisins, að láta biskupinn hafa á hendi umsjón með guðfræðiskenslunni á prestaskólanum. Eg veit ekki betur en að uppfræðing barna sé eitt að aðalverkum presta, og því þykir mér vel sæma að æðsti prestur landsins sé jafnframt æðsti kennari presta sinna. Það hefir heldur ekki þótt nein minkun fyrir landlækni, að hann er forstöðumaður læknaskólans.

Sumir hafa haldið því fram, að launin, sem eg ætla nýja embættinu, væru of lítil. Eg get ekki verið á því. Mér finnast 5000 kr. vera full sæmileg laun fyrir hvern mann, sem ekki er

því útsláttarsamari, og það er þó ekki gerandi ráð fyrir því, að biskup landsins verði það, og því fremur finnast mér launin hæfileg, sem landlæknirinn-æðsti embættismaður læknastéttarinnar, hefir ekki nema 4000 kr., og landritaranum, æðsta embættismanni landsins, samkvæmt tillögum nefndarinnar um hina æðstu umboðsstjórn, ekki eru ætluð hærri laun en 5000 kr. Það er því fremur þörf á að losna við þetta óþarfa sérstaka embætti, sem nú er verið að ráðgera að stofna ýms ný embætti. Mentamálanefndin leggur til að stofna kennaraskóla í Reykjavík með þrem nýjum kennurum, og til tals hefir sömuleiðis að minsta kosti komið, að bæta við einum kennara á gagnfræðaskólann, sem kendur er við Möðruvelli. Það er loks ekki einstætt, þó biskupsembættið yrði sameinað forstöðumannsembættinu við prestaskólann. Landlæknisembættið hefir, svo sem eg hefi tekið fram, alt af verið sameinað forstöðumannsembætti læknaskólans.

Að svo mæltu sé eg ekki ástæðu til að fara lengra út í þetta efni, en vona að háttv. deild taki frumv. vel, þótt eg búist við að hún skipi nefnd í málið, en hvort það verður 5 manna nefnd eða þriggja, læt eg mig einu skifta.

Jón Magnússon: Eg skal ekki vera langorður um þetta mál, með því að það mundi hafa litla þýðingu. Það sem frumv. fer fram á, er aðallega það að spara fé, eitthvað 4500 kr., fyrir landssjóðinn. En þó það sé gott að spara þetta fé, þá hefir það ekki mikla þýðingu fyrir landsbúskapinn. Aftur á móti getur það haft mjög mikla þýðingu fyrir kirkjuna að hafa biskup til að gegna störfum þeim, sem á honum hvíla, og þess vegna virðist mér varhugavert, meðan málið er ekki meira undirbúið, að fara að breyta skipun biskupsembættisins; einkum finst mér að sanngjarnt væri, að hin andlega stétt fengi tilefni til að láta áður í ljós skoðun sína um þetta atriði, og finst mér mætti bíða þangað til með að taka af biskupsembættið, í þeirri mynd, sem það nú hefir. Að vísu eru andlegrar stéttar menn hér í deildinni, en eg skoða þá fremur sem þingmenn kjósenda sinna en fulltrúa stéttar sinnar. Auk þess særir það mína hístórisku tilfinningu, ef lagt verður niður biskupsembættið. Ur því hér er að eins að ræða um að spara þessa fjárhæð, þá mætti ef til vill spara hana á annan hátt. Með þessum fáu athugasemdum vildi eg gera grein fyrir því, að eg greiði atkvæði móti frv.

Flutningsmaður (L. H. Bjarnason): Mér kom ekki á óvart þó h. þm. Vestm. (J. M.) talaði eins og hann gerði, því bæði þekki eg áður skoðun hans á þessu máli, og þó eg hefði ekki þekt hana, þá var mér kunnugt um hugsunarhátt hans frá síðasta þingi. Mér var kunnugt um, að hann álítur jafnan réttast að fresta því, sem fresta má, og láta stjórnina en eigi þingið eiga upptökin að sem flestu. Eg skal nú játa, að æskilegt væri að stjórnin hefði framtak í fleiri málum, en á meðan hún er önnum kafin í öðru, verður þingið að láta til sín taka. Þm. sagði að biskupsembættið gæti verið þýðingarmikið fyrir kirkjuna, og er það sjálfsagt um það eins og önnur embætti, að það getur haft einhverja þýðingu, ef í það velst góður maður. En nú fylgir því mjög lítið vald, og eg hygg að það sé því hugarburður, að það hafi svo mikla þýðingu, enda höfum vér lítt orðið varir við það í mörg ár.

Annars er hér ekki verið að tala um að »taka biskupinn af«, heldur um hitt að sameina 2 embætti. Eg skal að

öðru leyti ekkert hafa á móti því, að frv. verði orðað svo, að »biskup skuli hafa á hendi forstöðumannsembætti við prestaskólann«.

H. þm. vísaði á, að rétt væri að leita ráða prestastéttarinnar um þetta, en það er alveg óþarft, vér vitum það, hvernig hún sem stétt lítur á þetta mál, þar sem synódus hefir haft það til meðferðar fyrir fáum dögum. Hins vegar er mér gleðiefni að geta þess, að til eru í þeirri stétt víðsýnir og frjálslyndir menn; það sést bezt á því, að einn af mestu sóma- og hæfileikamönnum kirkjunnar er meðflutningsmaður minn að þessu frumv., maður, sem um mörg ár hefir rekið biskupsembættið að mestu leyti, fyrir $^1/_6$ af biskupslaununum.

Eg met auðvitað hina hístórisku tilfinningu h. þm. Vestmann. mikils, en mér þykir hún fara að verða nokkuð dýr, ef hún á að kosta landið 4500 kr. á ári.

Jón Magnússon: Eg átti nú von á því, að mér yrði brugðið um afturhald, af því eg vil ekki rasa fyrir ráð fram, og skal eg ekki gera það að deiluatriði. En h. þm. Snæf. tilfærði ekki rétt orð mín. Eg sagði ekki að »taka af biskupinn«, heldur biskupsembættið. Og eg tek það fram aftur, að eg get ekki séð að liggi á því að afnema það. Að öðru leyti ætlaðist eg ekki til að orð mín yrðu til að koma af stað neinum illindum.

Eg held því fram, hvað sem h. þm. Snæf. segir, að biskupsembættið hafi mjög mikla þýðingu fyrir kirkjuna.

Biskupinn er sálusorgari um 140 presta, og tekur mjög mikinn þátt í öllum andlegum hreyfingum kirkjunnar, og getur því haft mjög mikla þýðingu fyrir hið andlega líf hennar. Það sem eg fór fram á, var að hlutaðeigandi stétt fengi að segja sitt álit áður en málinu væri ráðið til lykta. Slíkt hefir tíðkast í Danmörku, og þótt fara vel. Hvað það snertir, að þetta sé áhugamál þings og þjóðar, þá hefir þingið ekki sýnt það enn þá, og þjóðin ekki heldur, því eg hefi ekki orðið var við, að því hafi verið hreyft á mörgum þingmálafundum. Eg hefi að eins séð drepið á það í blöðunum, að afnema mætti biskupsembættið. Annað veit eg ekki um þetta mál.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 17 gegn 2 atkv.

Síðan kosin 5 manna nefnd með hlutfallskosningu.

Í nefndina voru kosnir:
Magnús Andrésson,
Lárus H. Bjarnason,
Eggert Pálsson,
Jóhannes Jóhannesson,
Pétur Jónsson.

Önnur umr., 27. júlí (C. bls. 237; n. 326).

Framsögumaður (Magn. Andrésson): Nefndin, sem skipuð var til að athuga þetta frv., hefir komist að þeirri niðurstöðu, að ráða háttv. deild til að samþykkja það að efninu til, en að gera nokkrar breytingar á orðalaginu, sem sé þessar: 1. við 1. gr., að í stað orðanna: »Biskupsembættið — lætur af embætti«, komi: Forstöðumannsembættið við prestaskólann skal sameinað biskupsembættinu, þegar biskupsembættið losnar. 2. við 2. gr., að í stað orðanna: »Biskups- og forstöðumannsembætti«, komi: Embættið, og jafnframt, að fyrirsögnin verði orðuð svo, að hún komi í betri samhljóðan við frv., eins og það verður.

Þessar orðabreytingar miða að því, að láta hinn eiginlega tilgang frumv. koma enn betur í ljós, en hann er ekki sá, að afnema biskupsembættið, heldur að taka frá því nokkur störf, sem eru

því í rauninni óskyld, en leggja aftur til þess önnur skyldari, sem sé þau, er heyra til forstöðumannsembættinu við prestaskólann. Að vísu hafa komið fram nokkrar raddir um að afnema biskupsembættið nú, er stjórnarskiftin yrðu, og eg hefi sjálfur fengið áskorun í þá átt. En því er nefndin algerlega mótfallin. Kirkja án andlegs yfirmanns, kirkja án biskups, er höfuðlaus her. Það er því nauðsynlegt að kirkjan hafi biskup, er sé andlegur sambandsliður milli prestanna, og athvarf, er þeir geti leitað til með vandamál sín. Kirkjan verður að hafa yfirboðara, er sé vörður hennar, sverð og skjöldur.

En þrátt fyrir það er nú, þegar stjórnarskiftin verða, ástæða til að athuga, hvort ekki mætti nota á haganlegri hátt en nú er, krafta þessa valda og vel launaða manns. Og því verður ekki neitað, að biskupinn hefir nú að einu leytinu lítil völd, en að öðru leytinu mikil störf, sem ekki eru kirkjunni fremur viðkomandi en hver önnur störf í þjónustu þjóðfélagsins, störf iðnaðarmannsins, sláttumannsins eða sjómannsins. Biskupinn er í raun og veru orðinn, að talsverðu leyti, eins konar skrifstofustjóri undir veraldlegu valdi. Hann verður að búa veraldleg mál undir fyrir veraldleg yfirvöld. Í nefndarálitinu eru talin upp veraldleg störf, er biskupinn hefir á hendi. Hann á fyrst og fremst að taka á móti skýrslum presta og prófasta á öllu landinu, frá 142 prestaköllum, og eru að minsta kosti 8 skýrslur frá hverjum presti sendar til biskups, skýrslur, sem eru efni í statistiskar töflur. Getur hver sem vill reiknað, hve margar þær eru, 8×142, eða alls 1136 skýrslur. Þessar skýrslur á hann að rannsaka, búa til aðalskýrslu úr sumum, og senda þær síðan landshöfðingja, og þar byrjar svo sama rannsóknin á ný. Nokkrar af þessum skýrslum þarf biskupinn að fá, en flestar þeirra eru þannig vaxnar, að óþarfi er að fara þessa krókaleið með þær. Þess vegna virðist það rétt, nú er breyting verður á stjórnarfyrirkomulaginu, að losa biskupinn við þessi störf, og láta skýrslurnar ganga beina leið frá prófföstum til þeirrar stjórnarskrifstofu, er fær slíkt til meðferðar. Sama er að segja um bónarbréf umgangskennaranna og skýrslur um kenslu þeirra. Árið sem leið voru 154 umgangskennarar, er styrk fengu úr landssjóði, og enn fleiri sækja um hann. Er það ekki lítið verk að rannsaka skýrslur þeirra um kensluna, og reikna út hve háan styrk hver kennari eigi að fá, en það fer eftir kenslutíma, nemendafjölda og jafnvel námsgreinum. Virðist liggja beint við, að þetta sé gert á skrifstofu veitingarvaldsins.

Sem stiftsyfirvald hefir biskupinn eftirlit með ýmsum skólum, svo sem prestaskólanum, læknaskólanum, lærða skólanum, o. fl. Veit eg að því fylgir mikil fyrirhöfn, og virðist sjálfsagt, að þetta eftirlit verði nú fengið stjórnarráðinu í hendur.

Þá hefir biskupinn vald til að veita leyfi til að ferma börn, er ekki hafa náð fullum fermingaraldri (14 ár), ef þau vantar ekki meir en hálft ár upp á hann. Þetta veldur mikilli fyrirhöfn, því mikið er sótt um þetta leyfi, en hins vegar virðist það liggja nær, að láta prófastana veita þetta leyfi, eða lofa prestunum sjálfum að ráða þessu, og að eins gera grein fyrir því í fermingarskýrslunum. Fleira mætti telja. En þegar þetta er talið frá, er farinn ekki lítill partur af skrifstofustörfum biskupsins, líklega nálægt helmingur, eða ef til vill meira.

Og þegar þá er litið á hvað eftir er

af störfum, sem biskupinn verður að hafa á hendi sem biskup, sem er aðallega umsjón með prestum og kirkjum og eignum þeirra, þá fanst nefndinni það ekkert efamál, að honum væri ekki ofvaxið að vera jafnframt forstöðumaður prestaskólans, sérstaklega væri því hagað svo, að biskupinn kendi helzt þær námsgreinar, sem ekki þurfa mjög langan daglegan undirbúning. Aðalástæðan móti þessu væri sú, að við þetta mistist einn starfsmaður kirkjunnar, en það er ekki nema brot af biskupinum, sem missist við þetta fyrir kirkjuna, því hin veraldlegu störf, sem hann nú hefir á hendi, og nefndin vill að sé létt af honum, verður ekki sagt að séu unnin í kirkjunnar þjónustu. En að hinu leytinu væri það í betra samræmi við hugmynd biskupsembættisins, að biskupinn hefði það fyrir stafni að undirbúa prestana undir störf þeirra og starfa að vísindum. Það hafa biskupar áður haft á hendi hér á landi og í öðrum löndum.

En að því leyti, sem þetta fyrirkomulag er jafnframt til sparnaðar fyrir landið, þá er það breyting til bóta. Það sparast 4500 kr. árlega, auk væntanlegra eftirlauna, og er það ekki svo lítið fé. Vér höfum líkingu við þetta fyrirkomulag, þar sem landlæknirinn er jafnframt forstöðumaður læknaskólans, og hafa ekki þótt neinir annmarkar á því, og þó hafa störf landlæknis stórum vaxið á síðari árum, við það að læknum hefir fjölgað.

Að þessu athuguðu verður nefndin eindregið að ráða h. deild til að samþykkja frv. með þeim breytingum, sem farið er fram á í nefndarálitinu.

Skúli Thoroddsen: Af því að eg mun hafa verið sá fyrsti, er flutt hefir frumv. í þessa átt hér á þingi, þá get eg ekki leitt hjá mér, að fara nokkrum orðum um frumv. það, er nú liggur hér fyrir.

Á þinginu 1891 bar eg fram frumv. í þá átt, að biskupsstörfin skyldu falin prófastinum í Kjalarnesþingum. — Hér er aftur á móti farið fram á, að sameina biskupsembættið við forstöðumannsembætti prestaskólans.

Eg felli mig ekki eins vel við þetta, sem hitt. Þegar ræða er um, hvern taka eigi til biskups, þá ber að minni hyggju að leggja aðaláherzluna á það, að hann sé maður röggsamur og stjórnsamur. Þegar á hinn bóginn er að ræða um forstöðumann fyrir prestaskólann, eru það ekki þessir eiginleikar, sem mestu varða, heldur ber þá að líta á hæfilegleika mannsins, sem vísindamanns, með öðrum orðum, að hann sé lærður guðfræðingur. Þetta tvent, röggsemi og lærdómur, þarf engan veginn að fara saman. — Það getur hugsast maður, er sé vel fallinn til að veita prestaskólanum forstöðu sakir lærdóms síns, en þrátt fyrir það óhæfur til að vera yfirhirðir kirkjunnar. Eg get mint á einn mann, er eitt sinn var kennari við prestaskólann, er að líkindum hefði verið talinn vel hæfur til að veita honum forstöðu, frá vísindalegu sjónarmiði skoðað. En sá mun víst enginn, er hefði viljað telja hann færan um að gegna biskupsstöðu. Eg á við Hannes heitinn Árnason.

Ef aftur á móti biskupsembættið væri sameinað prófastsdæminu í Kjalarnesþingum, þá mundi meiri trygging fást fyrir því, að kirkjan fengi röggsaman biskup, því að til embættisins mundi ekki kosinn annar en sá, er prestarnir í því prófastsdæmi hefðu bezt álit á. Við því mætti líka búast, að hæfir menn mundu sækja þangað, þar sem yfirhirðir kirkjunnar yrði kosinn af prestum þess prófastsdæmis. Við kosn-

inguna yrði og sérstaklega tillit tekið til, að ekki væri einungis um prófastkosningu, heldur jafnframt um biskupskosningu að ræða, og prestar í öðrum prófastsdæmum landsins gætu í gegn um embættisbræður sína í Kjalarnesþingum haft áhrif á kosninguna.

Svo er á enn eitt að líta; þegar því er slegið föstu, að biskupsembættið eigi að vera sameinað forstöðumannsembættinu við prestaskólann, þá er því jafnframt slegið föstu, að til þess að geta orðið biskup útheimtist það, að hafa lokið námi við háskólann í Kaupmannahöfn, því að eg geri ráð fyrir, að þess þyki þörf, að forstöðumaður prestaskólans sé háskólagenginn maður. — En eg álít rangt, að gera þessar kröfur til þess manns, er á að verða biskup.

Eg er í engum vafa um, að það getur oft verið svo ástatt, að heppilegt sé að fá fyrir biskup einhvern þann mann, er notið hafi prestslegrar fræðslu hér á landi. Það, sem miklu varðar er biskup skal skipaður, er að mínu áliti það, að í það embætti sé valinn maður, er hefir kynt sig að kirkjulegri röggsemd og stjórnsemi. En þessa verður eigi gætt, ef biskupsembættið er sameinað forstöðumannsembættinu við prestaskólann, eins og frv. gerir ráð fyrir.

Þrátt fyrir þetta er eg því samþykkur, að biskupsstörfunum megi koma fyrir á kostnaðarminni hátt en nú; mér finst að eins, að nefndin eigi hafi valið sem heppilegast fyrirkomulag, og vil eg því skjóta því til hennar, hvort hún muni ekki sjá sér fært að breyta til 3. umr. frumv. á þann veg, sem eg hefi bent á.

Eg álít það einnig rétt, að prestastéttin hafi nokkur áhrif á biskupskosninguna, eins og var í fyrri daga, er prestar kusu biskupa sína, og yrði biskupsembættið sameinað prófastsembættinu í Kjalarnesþingum, þá er eigi ólíklegt, að prestastétt landsins gæti haft nokkur áhrif á biskupsvalið, gegnum stéttarbræður sína í Kjalarnesprófastsdæmi, eins og eg þegar hefi bent á. Yrðu þau tvö embætti á hinn bóginn sameinuð, sem frumv. nefnir, þá má búast við, að þá mundi kenslustarfið verða skoðað sem höfuðstarfið, og stjórnin mundi telja sér skylt, að hafa sérstaklega fyrir augum hæfilegleika mannsins til þess starfa, er hún ætti að veita embættið, og gæti það orðið kirkjulífinu í landinu miður heillavænlegt.

Framsögumaður (Magnús Andrésson: Það má bera undir nefndina, hvort hún muni vilja aðhyllast tillögu háttv. þm. N.-Isf. (Sk. Th.), en grunur minn er sá, að fyrirkomulag það, sem hann stingur upp á, muni eigi reynast annmarka minna en fyrirkomulag nefndarinnar. Vér vitum það, að í raun og veru er það komið undir því, hverja presta söfnuðir í Kjalarnesþingi kjósa; hver þar verður prófastur, og vér vitum það einnig, hve mjög það er undir atvikum komið, eins og nú hagar til, hver prestskosningu hlýtur; það getur oft orðið fyrir vali ungur maður og eigi mikilhæfur, eigi hann að eins nógu öfluga styrktarmenn í söfnuðinum. — Þetta eitt — þótt eigi sé fleira tekið til greina — getur gert það að verkum, að eigi er öllu sýnna, að prófasturinn í Kjalarnesþingi sé að jafnaði hæfilegra biskupsefni en forstöðumaður prestaskólans, nema síður sé, því að eg verð að líta svo á, að mótbárur háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) gegn biskupshæfileikum forstöðumanns prestaskólans, hafi fremur teóretiska þýðingu en praktiska.— Venjulega mun forstöðumaður prestaskólans verða mikilhæfur maður, og það ekki einungis sem vísindamaður,

og um það get eg fullvissað háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), að sá maður, sem hann nefndi til, mundi, þrátt fyrir marga góða hæfileika, aldrei hafa orðið forstöðumaður prestaskólans.

Að sjálfsögðu þarf að taka tillit til hins tvöfalda starfa, er skipa á embætti þetta, og þá skal eg játa það, að fyrir *getur* það komið, að útiloka yrði vísindamann frá honum sökum sameiningarinnar, en örsjaldan mundi það koma fyrir.

ATKV.GR.: 1. breyt.till. á þskj. 174, við 1. gr. frumv., samþ. með 18 shlj. atkv.

1. gr. frv., með áorðinni breytingu, sþ. m. 18 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, eftir ósk þessara þingmanna:

Lárusar H. Bjarnasonar, Stefáns Stefánssonar, Hermanns Jónassonar, Eggerts Pálssonar, Tryggva Gunnarssonar, Jóhannesar Jóhannessonar, Hannesar Þorsteinssonar og Björns Bjarnarsonar, og sögðu

já:	*nei*:
Arni Jónsson,	Jón Magnússon,
Björn Bjarnarson,	Einar Þórðarson,
Björn Kristjánsson,	Skúli Thoroddsen.
Eggert Pálsson,	
Guðl. Guðmundsson,	
Hannes Hafstein,	
Hannes Þorsteinss.,	
Hermann Jónasson,	
Jóh. Jóhannesson,	
Jóh. Olafsson,	
L. H. Bjarnason,	
Magnús Andréss.,	
Ólafur Briem,	
Ólafur Ólafsson,	
Ólafur Thorlacius,	
Pétur Jónsson,	
Stefán Stefánsson,	
Tr. Gunnarsson.	

Magnús Stephensen var fjarverandi, en Þórhallur Bjarnarson greiddi eigi atkvæði, og var afsökun hans tekin gild.

2. breyt.till. á þskj. 174, við 2. gr. frv., sþ. án atkv.gr.

3. br,till. á þskj. 174, við 2. gr. frv., sþ. án atkv.gr.

2. gr. frv., með áorðnum breytingum, sþ. m. 17 shlj. atkv.

4. br.till. á þskj. 174, við fyrirsögn frv., sþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 19 : 2 atkvæðum, að viðhöfðu nafnakalli, eftir beiðni sömu þm., sem óskuðu nafnakalls við 1. gr. frv., og sögðu

já:	*nei*:
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Björn Bjarnarson,	Einar Þórðarson.
Björn Kristjánsson,	
Eggert Pálsson,	
Guðl. Guðmundsson,	
Hannes Hafstein,	
Hannes Þorsteinss.,	
Herm. Jónasson,	
Jóh. Jóhannesson,	
Jóh. Ólafsson,	
Lárus H. Bjarnas.,	
Magnús Andrésson,	
Ólafur Briem,	
Ólafur Ólafsson,	
Ól. Thorlacius,	
Pétur Jónsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Tr. Gunnarsson.	

Magnús Stephensen var fjarverandi, en Þórhallur Bjarnarson greiddi ekki atkvæði, og telst því með meiri hlutanum.

Þriðja umr., 29. júlí. (C. bls. 374).

Einar Þórðarson: Af því að eg greiddi atkvæði móti þessu frumv. við 2. umr., þá verð eg nú að gera nokkra grein fyrir því.

Eg játa, að frumv. hefir tvo kosti til að bera. I fyrsta lagi þann, að það mundi leiða til sparnaðar fyrir landssjóð. Og í öðru lagi mundi biskupinn, ef hann jafnframt væri forstöðumaður prestaskólans, hafa nánari kynni af hinni upprennandi kynslóð presta og nánari afskifti af guðfræðisuppfræðslunni.

En á frumv. eru líka ýmsir agnúar. — Háttv. þingm. N.-Isf. (Sk. Th.) tók fram með rökum þann agnúa þess, að ekki væri víst, að æfiinlega væri völ á manni, er hefði hæfilegleika til að gegna báðum þessum embættum. — Eins og nú standa sakir, þá get eg vel gefið eftir, að það sé ekki of vaxið einum hæfilegleikamanni að gegna báðum embættunum. En jafnan hefi eg þó litið svo á, að forstöðumannsembættið við prestaskólann heimtaði heila og óskifta krafta þess manns, er á að gegna því. Hann verður að fylgjast vel með í guðfræðislegum bókmentum, og kenslan hlýtur að kosta töluverðan undirbúning. Mér er líka kunnugt um það, að lektor Helgi Hálfdánarson hafði einnig þá skoðun, að forstöðumannsstarfið krefðist heilla og óskiftra krafta.

Ef létt væri af biskupinum þeim störfum, er nefndin leggur til, þá játa eg að vísu, að hann hefði ekki mikil störf eftir það. En þess ber að gæta, að biskupinn er formaður í því félagi, er þjóðkirkja heitir, og til þess félags teljast nálega öll landsins börn. — Og undarlegt þætti mér, ef það hefði ekki brúk fyrir krafta eins manns heila og óskerta. Ef svo er, þá sé eg ekki betur en að því opinbera liggi skylda til, að láta kirkjunni þá krafta í té, meðan þau lög standa óbreytt, að það eigi að styðja hana og vernda.

En það sem sérstaklega hefir ráðið atkvæði mínu um þetta mál, er það, að í Ed. hefir komið fram tillaga um milliþinganefnd, til að athuga kirkjumálin. Er þar farið fram á, að kirkjan fái þá sjálfstjórn og það sjálfstæði, er henni ber eftir eðli sínu. Væri því eðlilegt, að þetta mál væri látið bíða, þar til er nefnd þessi hefir lokið starfi sínu, því að eg býst við, að nefndarskipun þessi fái góðan byr hjá þinginu, þar sem öllum mun bera saman um, að kirkjumálin þurfi að takast til rækilegrar íhugunar.

Auk þess er frv. þetta fram komið að fornspurðri kirkjunni; efni þess hefir ekki verið rætt á héraðsfundum, og synódus hefir ekki haft það til meðferðar. — Hér er einungis farið eftir einstakra manna röddum. Þó að málið væri látið bíða, mistist ekkert við það. Ef þingið skoraði á stjórnina að halda embættunum óveittum, svo framarlega sem þau losnuðu áður en milliþinganefndin hefði lokið störfum sínum, og borið fram tillögur sínar undir þingið, væri engin hætta á, að ekki fengist áheyrn. — Þá væru opnir vegir fyrir, að málinu yrði skipað svo, að allir yrðu ánægðir.

Framsögumaður (Magnús Andrèsson): Við 2. umr. málsins skaut hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) því til nefndarinnar að athuga, hvort ekki væri heppilegra að prófasturinn í Kjalarnesprófastsdæmi væri látinn gegna biskupsstörfunum, heldur en að hafa fyrirkomulag það, er frv. stingur upp á. Nefndin hefir nú tekið þetta til íhugunar, en ekki fundið það ráðlegt. Ástæðan er, eins og eg drap á þegar við 1. umr., sú, að á þenna hátt yrði biskupsvalið mjög undir tilviljun komið. Það getur komið fyrir, og hlýtur einhvern tíma að koma fyrir í hverju prófastsdæmi, að þar sé stundum prófastur, sem er enginn sérlegur hæfileikamaður og hefir jafn vel ekki yfirburði

yfir aðra presta prófastsdæmisins. Hann getur hafa verið kosinn prestur af því að ekki var völ á öðrum betri, eða fyrir vinfengis sakir, og prófastur getur hann hafa orðið vegna þess, að aðrir prestar í prófastsdæminu voru búnir að vera prófastar og vildu ekki vera það lengur. Auk þess er enginn efi á því, að maður, sem gegnir erfiðu prestakalli og auk þess prófastsstörfum, hefði eigi nægan tíma til að sinna biskupsembættinu. Mér finst líka að biskupsembættið lækkaði í tign við þetta, biskupinn yrði þá að eins einn af próföstum landsins, hann yrði þar að eins fremstur meðal jafningja, »primus inter pares«. (*Landshöfðingi*: Stumparaprestur).

Hv. 2. þm. N.-Múl. (E. Þ.) kom fram með nokkrar athugasemdir við frv., sérstaklega eina, sem nefnd var líka við 2. umr., að það gæti viljað til að erfitt yrði að fá mann, er bæði væri hæfur til að gegna biskups- og forstöðumannsembættinu. Auðvitað er það *hugsanlegt* en ekki heldur meir, og ó líklegt er að stjórnin yrði í vandræðum með að finna slíkan mann. Hitt getur varla komið til mála, að þegar öll veraldleg störf eru tekin frá biskupsembættinu, þá sé það of vaxið biskupinum að bæta við sig störfum forstöðumannsins við prestaskólans. Það er þá svo lítið eftir, og að hinu leytinu tek eg það aftur fram, að kenslustörfunum mætti haga svo, að þau tækju tiltölulega lítinn tíma, ef forstöðumaðurinn kendi einkum þær greinar, er ekki hafa mjög langan daglegan undirbúning, eins og t. d. sumar greinar í kennimannlegri guðfræði. Þar sem þm. nefndi milliþinganefndina, sem Ed. hefir farið fram á að skipuð yrði, þá getur þetta fyrirkomulag ekki komið í bága við hana. Því ef til þess kæmi, að fyrirkomulagi kirkjunnar yrði breytt svo, að hún yrði losuð við ríkið, þá mætti líka breyta þessu atriði með öðru fleiru. Það er líka auðvitað, að ef ríki og kirkja verða aðskilin, að þá er varla spurning um annað en að hún yrði að hafa sinn sérstaka formann eða yfirmann út af fyrir sig, hvort sem hann nú væri nefndur biskup, forseti eða annað, og prestaskólinn hefði þá sinn sérstaka forstöðumann, ef hann yrði ríkisskóli.

Þar sem þm. sagði, að þetta væri gert að kirkjunni fornspurðri, þá hefir að vísu ekki álits hennar verið leitað. En þm. mun kunnugt, að víða hafa komið fram raddir, er æskja eftir að gert sé annað miklu stórkostlegra í þessu efni, sem sé, að lagt sé niður biskupsembættið. Að eg er fim. þessa frv. er meðfram vegna þess, að eg vildi gera mitt til að koma í veg fyrir að slíkt yrði gert. Eg álít að hér verði *biskup* að vera, yfirmaður prestastéttarinnar og kirkjunnar. En eins og eg álít það óhæfilegt, að hafa engan biskup, þannig álít eg aftur, að þetta fyrirkomulag sé hentugt. Landssjóður sparar við það fé, og það göfgar biskupsembættið. Biskupinn fær við það tækifæri til að iðka vísindi og undirbúa prestaefnin og það er stöðu hans skylt og samboðið.

Eg skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum, en að eins óska að frv. verði samþ. af deildinni.

Einar Þórðarson: Eg hefi fáu við að bæta. En eg hjó eftir því hjá hv. frsm. (M. A.), að hann taldi líklegt, að þetta fyrirkomulag, sem hér er farið fram á, þyrfti að breytast, og svo framarlega sem kirkjan starfar með lífi og krafti, veit eg að það hlýtur að breytast. Því þá að hraða svo breytingunni? Hv. frsm. (M. A.) gerði líka

ráð fyrir því, að ef kirkjan yrði losuð við ríkið, þá þyrfti hún að hafa yfirmann sinn út af fyrir sig. Og eg held því fram, að verði kirkjan leyst úr böndum ríkisins, þá þarf hún að halda á sínum mikilhæfasta krafti óskertum í formannssætið.

En geti þjóðkirkjan ekki starfað með þeim krafti og því lífi, að hún þurfi að brúka krafta formanns síns alla og óskerta, þá er það mín tillaga, að skorið sé sundur hvert það band, sem bindur saman ríki og kirkju, því að þjóðkirkjan hefir þá bersýnilega sýnt, að hún er eigi þess verðug, að hún sé studd og vernduð af hinu opinbera.

Framsögumaður (Magnús Andrésson): Ef kirkjan verður skilin frá ríkinu, þá lenda svo mörg störf á biskupinum, sem nú eiga að hvíla á veraldlegum yfirvöldum, að við það eykst stórum starf hans.

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni sþ. með 17 : 2 atkv. og sendist Ed.

Kirkjumál.

TILLAGA til þingsályktunar um milliþinganefnd í kirkjumálum. Fyrri umr. 14. ágúst. (C. bls. 544).

Þórhallur Bjarnarson: Þessi tillaga, sem er komin hingað frá Ed., er svo umfangsmikil og felur svo mikið efni í sér, að það er ekki of sagt, að þetta er eitt með þýðingarmeiri málum þingsins í ár, og sérstaklega fagna eg því, að hv. Ed. hefir nú hreinlega tekið upp hið mikla íhugunarefni um aðskilnað ríkis og kirkju.

Eg hirði eigi nú að fara út í efni frv., því að þegar hv. deild samþ. tvær umr., þá skildi eg það svo, að nefnd ætti að setja í málið, og getur hún þá látið yfirveganir sínar og skýringar koma fram í ítarlegu nefndaráliti, sem svo gæti orðið til leiðbeiningar fyrir væntanlega milliþinganefnd og stjórnina.

Eg vil því, að lokinni þessari umr., gera það að tillögu minni, að kosin sé 5 manna nefnd til þess að athuga þetta mál.

Forseti: Vegna þess að þetta er fyrri umr. málsins, verður að fresta þessari umr. ef nefnd er sett í málið, og vil eg þá biðja þá, sem samþykkja að 5 manna nefnd sé kosin, að gera svo vel að standa upp.

5 manna nefnd sþ. með 19 atkv.

Kosnir voru í nefndina:

Þórh. Bjarnarson	með	20 atkv.
Stefán Stefánsson	—	14 —
Magnús Andrésson	—	13 —
Lárus H. Bjarnason	—	10 —

Guðl. Guðmundsson fekk 7 atkv., en Pétur Jónsson 6 og var það ekki nógur atkvæðafjöldi, og varð því að kjósa einn mann í viðbót í nefndina og hlaut kosninguna:

Guðl. Guðmundsson með 10 atkv.

Fyrri umr. málsins frestað.

Frh. fyrri umr., 24. ágúst (C. bls. 544; n. 725).

Framsögumaður (Guðl. Guðmundsson): Það er óneitanlega dálítið einkennilegt, að eg stend hér sem framsögumaður í kirkjumáli, en það kemur af því, að hinir kirkjulegu meðnefndarmenn gátu ekki orðið samferða okkur meiri hlutanum, hinum miður kirkjulegu.

Eins og kunnugt er, þá er tillagan á þingskj. 414 komin frá Ed., og eins og hún liggur fyrir er hún í raun og veru í mótsögn við sjálfa sig. Fyrri partur tillögunnar gengur í þá átt að gera kirkjuna sjálfstæðari og jafnvel aðskilja

kirkjufélag og ríkisfélag. En síðari hlutinn gengur í gagnstæða átt, sem sé þá, að löggjafarvaldið skipi prestaköllum og launum presta, sem varla verður hægt með öðru móti en að þeir verði launaðir úr landssjóði, eins og farið var fram á á þinginu 1899.

Einmitt þetta, að svona óljós tillaga kemur frá h. Ed., þar sem yfirstjórn kirkjumálanna situr, það sýnir að skoðanirnar á þessu máli eru svo á reiki, að misráðið er að setja milliþinganefnd nú; hún gæti ekki fengið neina bendingu um það, hvorki frá þingi né þjóð, í hvaða átt hún ætti að starfa eða stefna. Auðvitað þarf ástandið að breytast, en þegar farið er að tala um, í hvaða átt breytingarnar eigi að ganga, þá skiljast leiðirnar. Það hefir verið mikið ritað og rætt um þetta mál, en flest hefir það verið þoka og reykur, hvað í mótsögn við annað. Menn vilja gera kirkjuna frjálsa, en þó launa prestana af landssjóði. Eg ætla að það væri því réttara, að stjórnin undirbyggi þetta mál fyrst, safnaði nauðsynlegum skýrslum um það og réði það við sig, hvaða stefnu hún vildi fylgja, og leitaði upplýsinga hjá synódus, prestastefnum, héraðsnefndum o. s. frv., áður en milliþinganefnd yrði sett. En á milliþinganefnd verður því að eins þörf, að ráðið verði af að losa kirkjuna frá þjóðfélaginu. Verði niðurstaðan sú, sem kemur fram í síðari hluta tillögunnar, þá er engin þörf á milliþinganefnd, því það er ekki ofverk fyrir hina nýju stjórn, að vinna úr þeim skýrslum, sem fyrir liggja. Nú liggur fyrir nýafstaðið brauðamat og skýrslur um launakjör presta frá safnaðarnefndum og héraðsnefndum, sem lagt var fram 1901, og er það klif á best, sem eg þó ætla að enginn hafi lesið. Meðan málið er svona óljóst, er engin ástæða til að skipa milliþinganefnd, og engin ástæða til að ætla að hún mundi gera meira, til að hrinda málinu áfram, en landsstjórnin og kirkjustjórnin. Því að eins, að hugsað væri til að auka vald kirkjunnar, kynni að vera ástæða til að skipa milliþinganefnd. Það fyrirkomulag hugsum vér oss helzt á þann hátt, að kirkjunni yrði gefin sérstök stjórnarskipun, og fjárhagur hennar aðskilinn frá fjárhag ríkisfélagsins. En vel er hugsanlegt, að stjórnin gæti undirbúið þetta án milliþinganefndar.

Það er annars dálítið skrítin tröllatrú, sem menn eru farnir að hafa á milliþinganefndum í seinni tíð. Og þó hafa þær flestar verið fremur til ills en góðs. Að undantekinni skattanefndinni gömlu, hafa þær haft lítinn árangur. Landbúnaðarnefndinni eigum vér að þakka ábúðarlögin, sem allir eru óánægðir með. Fátækralaganefndin lætur ekkert til sín heyra. Menn hafa þokukendar hugmyndir um þessar milliþinganefndir eins og eitthvert allsherjarmeðal við öllum meinum þjóðarinnar. En þegar þessar nefndir eru skipaðar mönnum, sem hafa öðrum störfum að sinna, og engu minna að starfa en þeir, sem í stjórninni eru, og þegar þeir nú sitja sinn á hverju landshorni, þá má nærri geta, hvaða árangur þetta hefir. Í þessari milliþinganefnd mundu auk þess verða 2 menn eða fleiri úr yfirstjórn kirkjumálanna, og hvort þeir yrðu duglegri af því þeir hétu milliþinganefnd, en ef þeir ynnu á skrifstofum sínum, skal eg láta ósagt.

Eg álít því heppilegast, að beina því til stjórnarinnar, að hugsa sig um, hvaða stefnu hún vilji fylgja í þessu máli, og jafnframt fá að vita um vilja þjóðarinnar, og þá fyrst, þegar því er lokið, getur verið ástæða til að setja milliþinganefnd, þá fyrst gæti hún fengið hugmynd um í hvaða átt hún ætti að starfa.

Þórhallur Bjarnarson: Fyrirvari okkar tveggja nefndarmanna þýðir vitanlega það, að við erum í minni hluta. Við gátum ekki orðið samferða meiri hluta nefndarinnar í því að fella burtu það inngangs-ákvæði tillögunnar, að skipa skuli milliþinganefnd í kirkjumálum. Þó má vera, að háttv. með nefndarmaður minn, sá er ásamt mér skrifaði undir með fyrirvara, sé mér ekki að öllu leyti fylgjandi um það, er tekið er fram í nefndarálitinu sem skoðun minni hlutans, að tvö fyrstu atriðin í tillögunni geri milliþinganefndina sérstaklega ómissandi, hann mun eins telja hana nauðsynlega vegna tveggja síðari liðanna.

Aðal-ágreiningurinn er um þetta, hvort skipa skuli milliþinganefnd eða ekki.

Háttv. framsögum. (Guðl. G.) lagði áherzlu á, að hugmyndir manna í þessu máli væru svo mjög þokukendar og á reiki, að fyrir þá sök væri eigi tímabært að skipa nefnd. Eg er honum samdóma um það, að hugmyndirnar eru mjög á reiki, og að menn í sömu andránni heimta hvorttveggja, bæði sjálfstæði fyrir kirkjuna og nýja skipun frá alþingi á launum presta; og einmitt það, að svona reikul tillaga kemur frá háttv. efri deild, er bezta sönnunin fyrir þessu. En svo get eg ekki fylgt háttv. frmsm. (Guðl. G.) lengra. — Eg verð að álíta, að fyrst hugmyndirnar eru svona á reiki, sé milliþinganefnd betur til þess fallin að dreifa þokunni en landsstjórnin. Með öðrum orðum, eg tel þetta of örðugt og vandasamt verkefni fyrir hina nýju stjórn, sem hafa mun svo afarmörg önnur mikil og margbrotin störf með höndum.

Má vera að svo sé, sem háttv. frms. (Guðl. G.) segir, að starf þeirra milliþinganefnda, er áður hafa verið skipaðar, hafi harla litla ávexti borið. — En víst er þó um það, að sú milliþinganefnd, er skipuð var í prestakallamálinu fyrir 1880, gerði miklar breytingar og umturnaði ýmsu. Þannig fækkaði hún prestaköllum úr 170 niður í 140. — Að vísu hlaut hún misjafnar þakkir, sem skiljanlegt er. En hlutdrægnislaust held eg að menn verði að kannast við, að nefndin hafi gert mikið til að bæta kjör presta þá um sinn.

Það hefði óneitanlega verið æskilegt, ef tími hefði verið til, að láta þessar reikulu hugmyndir leiða saman hesta sína nú á þessu þingi, og sérstaklega að mönnum hefði gefist tími og tækifæri til að íhuga, hvernig kirkjan gæti fengið sjálfstæði, án þess þó fyllilega að verða aðskilin frá ríkinu, og án þess að stjórnarskrárbreytingu þyrfti til, því að svo miklar breytingar geta að öllum líkindum ekki náð fram að ganga fyrst um sinn.

Það sem vakti fyrir nefndinni, er hún kastaði fram þessari hugmynd, var fyrirkomulag í þá átt, að þjóðfélagið tæki við eignum kirkjunnar eftir mati; þær munu þó nema einni miljón; vextir af því yrði töluverð fúlga, og er þar við bættist það, sem löggjafar- og fjárveitingarvald ýmist beint veitir kirkjunni eða þá lögtryggir henni, og stofnaður yrði af því sérsjóður, þá yrði það töluvert fé, er kirkjan hefði til að skipa sínum málum með á sjálfstjórnarþingi sínu.

Yfir höfuð hefir það lengi verið sannfæring mín, að fríkirkjustefnan gæti orðið til jafn-mikillar blessunar bæði fyrir kirkjufélagið og þjóðfélagið. Og eg álít, að þessi hreyfing, er orðið hefir í sumar, komi því máli betur á dagskrá hjá kirkjunni, hvað hún vill vinna til, að fá hið eftirræskta sjálfstæði.

Því miður hafði nefndin mjög naumán tíma til þess að athuga og tala sig saman um þetta mál; en eitt urðum vér nefndarmenn þó sammála um, að sem bráðast þurfi að fá verulegar breytingar á skipun kirkjumála vorra. — Það er t. d. alveg fyrirsjáanlegt, að innan fárra ára verður hin mesta prestaekla í landinu. Athugi maður skýrslur prestaskólans, þá ber mjög á því, hversu fáir kandídatar hafa útskrifast þaðan síðasta áratug í samanburði við það, sem áður hefir verið.

Hingað til höfum vér búið að því, að svo margir kandídatar komu frá skólanum á árunum 1880—1890. — En nú getum vér ekki lengur búið að því. Það er svo margt, er stuðlar til þess, að fæla stúdenta frá að sækjast eftir prestsstöðunni. Hún þykir nú ófýsilegri en flestar aðrar stöður í landinu.

Eg get ekki verið í neinum vafa um, að milliþinganefnd mundi hrinda máli þessu betur áfram en hin nýja stjórn, enda þótt mér detti ekki í hug, að draga í efa góðan vilja hennar. — Verð eg því eindregið að leggja það til, fyrir hönd minni hluta nefndarinnar, að tillaga háttv. efri deildar fái að standa, í þeirri mynd, er hún er hingað komin.

Öll nefndin var meira og minna samdóma um það, hvaða aðal-leið sem farin væri, að til þess yrði óumflýjanlega að koma, að prestaköllum yrði enn fækkað, á líkan hátt og gert var 1879. — Nú eru prestaköll um 140 að tölu, og hver prestur hefir að jafnaði tveimur kirkjum að þjóna. Eg get bætt við þeirri athugasemd frá sjálfum mér, að eg tel það athugaverðara að fækka kirkjum. Þær mynda að fornu fari félagsheildir út af fyrir sig; þær afmarka söfnuði; og er óheppilegt, að gera miklar breytingar á því. Hitt verður hægra, að leggja saman tvö nágrannabrauð eða skifta sóknunum í heilu lagi.

Það væri auðvelt, að nefna til þessa all-mörg brauð í þrem sýslum, þar sem maður er vel kunnugur, en það mundi of mjög þreyta hina háttv. deild. — Á Suðurlandi og Norðurlandi er hægra viðgerðar í þessu efni, en fyrir vestan og austan, þó að þar séu líka gjörlegar sameiningar. Svo hafa og bætt samgöngufæri á síðustu 25 árum, brýr og vegir, allvíða gert hægra um sameiningar.

Eg vona, sem sagt, að h. háttv. deild taki vel tillögunni, eins og hún liggur fyrir, og deildin sýni með atkvæðagreiðslu sinni, að hún vilji greiða sem bezt fyrir málinu.

Framsögumaður (Guðl. Guðmundsson): Milliþinganefnd í þessu máli er ekki tímabær. Það eina, sem hún gæti gert, væri að skýra málið, en það sýnist mér, að eins megi fela stjórninni á hendur. Við milliþinganefnd er líka talsverður kostnaður, og sá kostnaður hefir ekki verið tekinn upp á fjárlögin. Hér er ekki staður til að ganga ítarlegar inn á, hvernig menn hugsa sér að bæta skipun prestakalla og kjör presta. Það verður að breyta verkahring þeirra, svo hægt sé að stækka prestaköllin. Það verður að losa þá við verzleg störf, manntal og skýrslur og fleira, sem ekki heyrir undir þeirra verkahring.

Ef meiningin væri að gera kirkjuna sjálfstæða, þá yrði að gefa henni stjórnarskrá, sem veitti henni löggjafarvald í hennar eigin málum, og jafnframt ákveða það árlega tillag, er hún fengi frá landssjóði fyrir eignir sínar. — Kirkjufélagið ætti þá sjálft að ráða tölu presta og launum þeirra.

En eins og málið liggur nú fyrir, þegar enginn veit hvaða stefnu þjóðin

óskar í þessu máli, þá getur vel farið svo, að milliþinganefndin fylgdi fram stefnu, sem fer þvert á móti vilja þjóðar og þings.

Nú finst mér ekki ástæða til annars, en gefa mönnum tíma til að átta sig á, hvaða stefnu þeir vilja fylgja í þessu máli, en fela annars stjórninni á hendur að undirbúa það eftir fremsta megni.

Þórhallur Bjarnarson: Eg vil að eins segja örfá orð viðvíkjandi einu atriði í ræðu háttv. þm. V.-Sk. (G. G.). Hann sagði, að kostnaðurinn við milliþinganefnd í kirkjumálum væri ekki tekinn upp á fjárlögin. Það er mikið rétt, en sama máli er að gegna um landbúnaðarnefndina, sem þó er samþykt í báðum deildum. Og það blandast mér ekki hugur um, að milliþinganefndin í kirkjumálum er enn þá sjálfsagðari en landbúnaðarnefndin. Eg ímynda mér að þessi fjárveiting geti vel beðið til aukafjárlaga 1905.

Eg er háttv. þm. samdóma um það, að ef prestaköllum yrði fækkað, þá verður jafnframt að losa kirkjunnar þjóna við mörg af þeim veraldlegu störfum, sem þeir nú hafa.

Slík lausn við veraldleg ríkisstörf fer í réttu áttina.

Ólafur Ólafsson: Það er hvorttveggja, að nú er komið nálægt þinglokum, enda er komið eitthvert mók á deildina, og ekki hægt að vekja fjörugar umræður um eitt einasta mál. Eg kann illa við, að ekki leggji aðrir en nefndarmennirnir orð í belg í svo þýðingarmiklu máli. Eg lýsi því yfir, að eg mun óhikað fylgja minni hlutanum. Eg vil að við fáum milliþinganefnd. — Eg er viss um, að allir eru mér samdóma um, að hér er um stórt nauðsynjamál að ræða. Allir segi eg, því þó einhverjir séu þeir, sem ekki fylgja trúarsetningum kirkjunnar, þá verða menn þó að játa, að kristindómurinn er sterkasta lyftistöngin, til að lyfta hverri þjóð til alls konar framfara. — Þetta mál er í mínum og margra annara augum komið í algert óefni. — Ef ekki verður bráðum breytt til um kjör prestanna, þá verður eftir stuttan tíma mikil fæð af prestum í þessu landi. Því launin eru afar-lítil, en þó er það enn lakara, hvað illa þeim er komið fyrir. Eins og það er víst, að maður ekki lifir á einu saman brauði, eins víst er, að maður getur ekki lifað án þess. — Það eru mörg rök, sem liggja til þess, og þjóðin óskar innilega eftir, að þessu máli verði hrundið í betra horf. — Þetta þing ætti að gera alvöru af því, að skipa milliþinganefnd í kirkjumálunum. Það er auðvitað gott, að nýju stjórninni sé ætlað nóg að gera, en hins vegar er óheppilegt, að alt of miklu sé dembt upp á hana. En yrði nú svo, sem eg hreint ekki byst við, að hún yrði lítið framtakssöm, þá væri því síður heppilegt að leggja of þungar byrðar á herðar hennar.

Eitt, sem háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) færði á móti því að setja milliþinganefndina, var, að skoðanir manna væri í svo mikilli þoku og reyk í þessu máli. — Þó eg vænti alls góðs af hinni nýju stjórn, þá hefi eg enga vissu fyrir, að sá byr, sem stendur undan hennar vængjum, muni geta dreift allri þokunni, öllum reyknum. Eg ímynda mér að milliþinganefndin ætti eins vel að vera fær um að dreifa þokunni og slá á reykinn.

Sami háttv. þm. V.-Sk. (G. G.) furðaði sig enn fremur á því, hve mikla tröllatrú menn hefðu á milliþinganefndum. En er það ekki eðlilegt, að vér viljum fá nefndir, til að athuga sem ítarlegast stærstu velferðarmál vor. — Stjórnin okkar gamla, sem bráðum má segja um, »de mortuis nihil nisi bene«,

hefir oft orðið nokkuð þung á sér til framkvæmdanna, og ekki gjarna beitt sér fyrir framfaramál vor. En aftur á móti hefir þingið svo stuttan tíma, og á því mjög óhægt með að leysa mikil mál af hendi.

Þegar þetta tvent fer saman, trúarleysið og framtaksleysi stjórnarinnar, þá er ekki nema um tvent að tefla, annaðhvort koma með sum málin alveg óundirbúin, eða þá skipa milliþinganefndir í þau.

Eg óska því, að milliþinganefnd verði skipuð í þetta mál, því með því þykist eg þó hafa vissu fyrir, að eitthvað verði gert.

Eg þykist hafa gert grein fyrir því, hvers vegna eg fylgi minni hlutanum í þessu máli.

Það er eitt, sem gleður mig mjög mikið, og það er, að þetta nefndarálit er þó á íslenzku. Flest frumv. eru á svo vondu máli, að þingið getur varla staðið sig við að láta þau fara þannig frá sér.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þskj. 584 feld m. 12 : 7 atkv.

Inngangurinn samþ. með 13 samhlj. atkv.

1. liður sþ. m. 13 shlj. atkv.
2. liður sþ. m. 15 shlj. atkv.
3. liður sþ. m. 15 shlj. atkv.
4. liður sþ. m. 15 shlj. atkv.

Fyrirsögnin samþykt án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað til síðari umr. með 17 shlj. atkv.

Síðari umr., 26. ágúst. (C. bls. 644).

ATKV.GR.: Tillagan í heild sinni samþ. m. 16 atkv., og verður afgreidd til landshöfðingja.

Árgjald af Prestsbakka.

FRUMVARP til laga um breytingu á 3. gr. laga 2. nóv. 1885, um breyting á 1. gr. í lögum 27. febr. 1880, um skipun prestakalla; 1. umr. 13. júlí. (C. bls. 203).

Landshöfðingi: Eins og h. þingd. er kunnugt, þá hefir sams konar frumv., nefnilega um að fella burtu afgjald það, sem hvílir á Prestsbakkaprestakalli, verið ekki alls fyrir löngu borið upp á þingi. Á þinginu 1901 var þannig lagað frv. borið upp í Ed., og samþykt með 9 atkvæðum, en þegar það kom hingað, í þessa h. deild, þá var það felt umræðulaust frá 2. umr. Þessi meðferð á frv. var bæði ókurteis gagnvart Ed. og eins ranglát í sjálfu sér. Yfirleitt er eg mótfallinn öllum árgjöldum af brauðum; eg álít þau ósanngjörn, en af öllum árgjöldum, sem eg man eftir, þekki eg ekki neitt ósanngjarnara eða ranglátara en þetta árgjald á Prestsbakkaprestakalli.

Það er tekið fram í ástæðunum fyrir frumvarpinu, á hverju þetta árgjald er bygt. Það er í fyrstu komið inn fyrir misreikning. Eg var þá í Ed., þegar þetta 200 kr. afgjald var samþykt eftir breytingartillögu 3. þingmanna. Þeir höfðu áætlað tekjur prestakallsins 1540 kr., og virtist þá ekki vera nein frágangssök að samþykkja árgjald; en reynslan hefir sýnt, að þessi áætlan var skökk; tekjur prestakallsins reyndust ekki meiri en rúmar 1200 kr., og þess vegna ekki nema rúmar 1000 kr. er árgjaldið var dregið frá.

Auk þess, sem þetta því er bygt á skakkri áætlun, þá kemur það í bága við þá grundvallarreglu, sem er viðtekin af alþingi, að rýra ekki tekjur prestakalla svo með lögboðnum greiðslum, að þær fari niður úr 1200 kr. Þessari grundvallarreglu er fylgt bæði

í lögunum um eftirlaun presta og lögunum eftirlaun prestsekkna, og kemur einnig fram í fjárlögunum, þar sem Reynistaðarprestakalli er sem bráðabirgðauppbót veitt úr landssjóði jafngildi afborgunarinnar.

Það má enn fremur taka það fram, er snertir þann þjónandi prest sérstaklega, að aðaltekjugrein prestakallsins, dúntekjan, mislukkaðist algerlega í fyrra, svo að það er fyrirsjáanlegt með þenna prest, að hann getur ekki einu sinni staðið í skilum með afborgunina. Eg játa það, að þessi prestur hefir raunar einnig staðið illa í skilum meðan hann þjónaði sínu fyrra brauði, á Staðastað, en þrátt fyrir það mælir þó alt réttlæti með þessari kröfu, og eg vona þess vegna, að deildin taki öðru vísi í þetta mál nú, en þegar það síðast lá fyrir henni.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg ætla mér ekki að hefja neinar umræður um þetta mál, en af því að það snertir fjárhagsmál landsins, og af því eg hefi dálitla ástæðu til að halda, að fjárlaganefndin muni veita þess háttar málum, sem hér er um að ræða, sérstakt athygli í þetta sinn, þá leyfi eg mér að stinga upp á, að þessu máli verði vísað til fjárlaganefndarinnar.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 22 samhlj. atkv.

Vísað til fjálagan. með 14 shlj. atkvæðum.

Önnur umr., 25. júlí. (C. bls.203; n. 342).

Framsögumaður (Þórh. Bjarnarson): Eg þarf ekki að vera langorður um frv. þetta, því eg ímynda mér að háttv. þingdm. hafi lesið nefndarálitið, sem liggur fyrir. Eins og sjá má af því, vill nefndin ekki leggja það til, að þetta eina prestakall verði tekið út úr, og því gefið eftir árgjaldið, einkum þar sem líklegt er, að alt þetta prestakallamál verði innan skamms tekið til meðferðar og athugað í einni heild.

Fjárlaganefndin, sem haft hefir þetta mál til meðferðar, kannast raunar við, að frumv. þetta sé síður en ekki tilefnislaust, en bæði er ástæðan á móti, sem þegar er nefnd, og nefndin treystir sér heldur ekki vel til þess, að mæla með uppgjöf áfallinnar skuldar. Hún mun því leggja það til á sínum tíma, að fjárveitingin til bráðabirgðauppbótar á fátækum brauðum verði hækkuð, einmitt til þess að Prestsbakkabrauðið geti notið góðs af því, ef kirkjustjórninni sýnist svo.

Landshöfðingi: Mér heyrðist á hinum háttv. framsm., að hann áliti ekki ástæðulaust, að frv þetta er framkomið, en eg verð að taka það fram, að af öllum árgjöldum, sem hvíla á ísl. brauðum, er ekkert eins ranglátt og þetta, vegna þess, að það er bygt á algerlega rangri áætlun um tekjur brauðsins. En sé nú svo, að árgjaldið af Prestsbakkabrauðinu sé ranglátt, þá er það skylda þingsins að afnema það, en ekki fara að eins og fjárlaganefndin stingur upp á, því það er vitlaust að veita uppbót á brauðum, sem árgjald hvílir á. Það var byrjað á þessu með Reynistaðarprestakall, en eg hefi ávalt álitið það rangt, að bæta upp brauð, sem árgjald hvílir á, því það er ekki annað en að taka úr einum vasanum og láta í hinn, og allir slíkir krullreikningar eru óviðkunnanlegir. Eg skora því á alla þingm., sem álíta þetta árgjald ranglátt, að samþykkja frumv., en fara ekki eftir tillögum nefndarinnar.

Framsögumaður (Þórh. Bjarnarson): Eg skal leyfa mér að geta þess, að fjárlaganefndin fór ekki út í

neinn samanburð. Hitt vissi nefndin, að prestur sá, sem var þar áður, og vitanlega ekki þurfti að svara neinu árgjaldi, komst vel af, og prestakallið var eftirsókt. Það er því víst öðrum þræði núverandi presti sjálfum að kenna, að leitað er þessarar uppgjafar. Hitt er rétt hjá hæstv. lh., að það er óviðkunnanlegt að bæta upp brauð, sem árgjald hvílir á, en fjárlaganefndin ætlast til, að þetta verði að eins millibilsástand, þangað til búið er að rannsaka málið í heild sinni. Á meðan má prestinum standa á sama, hvort hann fær þessar 200 kr. í uppbót eða í afléttu árgjaldi.

Landshöfðingi: Háttv. framsm. gekk í svari sínu fram hjá aðalatriðinu, sem sé því, hvort árgjaldið væri ranglátt á Prestsbakkabrauðinu. Eg skal geta þess, að 1891 kom áskorun um að nema burt árgjaldið, og þá var núverandi prestur ekki kominn þangað. Þótt næsti prestur á undan kæmist vel af, þá er það ekki að marka, því það var sérstakur dugnaðarmaður og við því verður ekki búist af öllum.

ATKVGR. Frv.greinin samþykt með 11 gegn 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Björn Kristjánsson,
Guðl. Guðmundsson,	Herm. Jónasson,
Hannes Hafstein,	Jóh. Jóhannesson,
Hannes Þorsteinss.,	Ólafur Briem,
Jóh. Ólafsson,	Skúli Thoroddsen,
Lárus H. Bjarnason,	Stefán Stefánsson,
Magnús Andrésson,	Þórhallur Bjarnars.
Magnús Stephensen,	
Ólafur Ólafsson,	
Ólafur Thorlacius,	

Tryggvi Gunnarsson greiddi eigi atkvæði og telst því með meiri hlutanum.

Fyrirsögnin sþ. áu atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 18. ágúst. (C. bls. 203; n. 342).

Framsögumaður (Þórh. Bjarnarson): Þetta mál var samþykt hér við 2. umr., þrátt fyrir eindregin mótmæli fjárlaganefndarinnar, en þá var þess að gæta, að umræður um sjálf fjárlögin voru ekki farnar fram. Fyrir hönd fjárlaganefndarinnar nægir mér að minna á það, að í 13. gr. fjárlaganna, er nú sett 5000 kr. uppbót til brauða. Í stjórnarfrv. stóðu 4000 kr. + 800 kr. til sérstakra brauða. Nefndin dróg báðar upphæðirnar saman og bætti við 200 kr., svo það urðu samtals 5000 kr., og færði nefndin þá ástæðu fyrir þessari hækkun sinni í nefndarálitinu, að hún gerði það með sérstöku tilliti til Prestsbakkaprestakalls. Þetta var svo orðalaust samþykt hér í deildinni, og fjárlaganefnd háttv. Ed. hefir ekkert hatt við þenna póst að athuga. Það sem þetta frumv. hér fer fram á, er því komið inn á fjárlögin, og er því óskiljanlegt, að þingið fari að samþykkja sömu fjárveitinguna í tvennu lagi. Vitanlega er í þessu frumvarpi jafnframt farið fram á uppgjöf þessarar kvaðar, sem á brauðinu hvílir frá fardögum 1901, en því vildi nefndin ekki leggja liðsyrði.

Sem kunnugt er, liggur það nú fyrir innan skamms, að gera þurfi verulegar breytingar á skipun kirkjumála og prestakalla, og er því þýðingarlaust, að vera að samþykkja sérstök lög í bili, viðvíkjandi þessu eina prestakalli.

En hvað um það, þessi fjárveiting til Prestsbakka, 200 kr., er komin inn á fjálögin með þeim hætti, sem nú er sagt, og því ekki þörf á að samþykkja það sérstaklega í öðru lagi.

Landshöfðingi: Eg þarf varla að taka það fram, að eg held fast við það

eins og við 1. og 2. umr., að eg álít árgjaldið af Prestsbakka ranglátt, og upphaflega komið inn af misskilningi. Háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) sagði, að það væri óviðkunnanlegt af þinginu, að fara að samþykkja sömu fjárveitinguna tvisvar, en að því er þessa uppgjöf snertir á árgjaldinu á Prestsbakka, þá veit eg ekki til að hún standi á fjárlögunum. Þessi upphæð, sem þar er veitt til uppbótar brauðum, er ekki meiri en svo, að eg hugsa að biskupinn komist fyrir hana, þó ekki sé veitt af henni sérstaklega til Prestsbakka, því nóg er til af brauðum, sem þurfa uppbótar við. Eg var viðstaddur í h. Ed., og heyrði háttv. þm. Strandam. (Guðj. Guðl.) geta þess, að Strandamenn hefðu óskað eftir sérstökum lækni, en það var felt hér á þinginu, þeir hefðu óskað eftir uppgjöf á láni til brúargerðarinnar á Laxá, en það var felt líka, en þetta er nú það þriðja, sem Strandamenn fara á leit um við þingið, og væri ekki nema sanngjarnt og rétt, að þingið tæki þó ekki nema eina af óskum þessa kjördæmis til greina. (*Þórh. Bjarnarson*: Þetta hefir verið tekið upp á fjárlögin). Það þýðir ekki neitt, enda hefi eg ekki séð það í fjárlögunum eins og þau eru nú. Mér finst það því vera skylda deildarinnar hér, að samþykkja þetta frv. nú, eins og við 2. umr., og bæta með því úr ranglæti og misskilningi þingsins 1885.

ATKVGR.: Frumv. felt með 14 atkvæðum gegn 9, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Bjarnarson,	Björn Kristjánsson,
Eggert Pálsson,	Einar Þórðarson,
Hannes Hafstein,	Guðl. Guðmundsson,
Hannes Þorsteinss.,	Herm. Jónasson,
Lárus H. Bjarnason,	Jóh. Jóhannesson,
Magnús Andrésson,	Jóh. Olafsson,
Magnús Stephensen,	Olafur Briem,
Olafur Ólafsson.	Ólafur Thorlacius,
	Pétur Jónsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,
	Tryggvi Gunnarss,
	Þórh. Bjarnarson.

Utanþjóðkirkjumenn.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 4, 19. febr. 1886, um utanþjóðkirkjumenn; 1. umr. 16. júlí. (C. bls. 211).

Flutningsm. (Guðlaugur Guðmundsson): Eins og sjá má af frv., eru það tvö atriði í núgildandi lögum, er þar er farið fram á að breyta, í því skyni að gjöra afstöðu utanþjóðkirkjumanna einfaldari og hagfeldari en hún er eftir núgildandi lögum. Önnur breytingin er sú, að utanþjóðkirkjufélög megi leita staðfestingar prestkosningum sínum innanlands, hjá ráðherra Íslands. Eg get ekki séð, að neitt verði á móti henni haft. Hin er í því fólgin, að utanþjóðkirkjusöfnuður, er mist hefir prest sinn — hvort heldur hann deyr eða segir upp starfinu — sé laus við gjöld til kirkna og presta þjóðkirkjunnar um hæfilegan tíma, þar til hann hefir kosið sér annan prest eða forstöðumann og fengið kosningu hans staðfesta.

Tilefnið til að frv. þetta er til orðið, var, eins og flestum mun kunnugt, að fríkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík misti snögglega prest sinn, en hafði ekki í tæka tíð séð sér fyrir öðrum. Í millibilinu verður hann samkvæmt lögunum 19. febr. 1886 að gjalda þjóðkirkjuprestinum öll lögskyld gjöld. Þetta

hefir ekki verið meining laganna. Að bæta úr þessu er tilgangur frv. Vona eg því að það nái að ganga gegnum deildina.

Landshöfðingi: Eg get ekki séð, að nein þörf sé á þessu frv. Að það sé konungur, er veitir staðfestinguna, eins og kveðið er á í lögum 19. febr. 1886, finst mér eðlilegast. Eg sé enga ástæðu til að taka hana frá honum, og fá hana í hendur ráðherranum.

Orsökin til að fríkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík hefir orðið að gjalda presti þjóðkirkjunnar, var sú, að þessi söfnuður hafði sjálfur sett sér lög, og samkvæmt þeim mátti eigi kjósa prest nema á aðalfundi í nóvember. En svo kom upp ósamþykki milli prestsins og safnaðarins, og leiddi það til þess, að presturinn sagði upp starfinu ekki löngum tíma eftir að aðalfundur hafði verið haldinn. Ástæðan til að kosningin, er síðan fór fram, var ólögleg og því ekki gat náð samþykki konungs, var sú, að hún hafði farið fram fyr en á var kveðið í lögum safnaðarins, eða á aðalfundí í nóvember.

Að breyta lögunum frá 19. febr. 1886 vegna þessa, virðist mér þarflaust. Ef söfnuðurinn hefði ekki sett svona óskynsamlegt ákvæði í lög sín um prestkosninguna, hefði hann eigi þurft að gjalda til þjóðkirkjuprestsins.

Flutningsm. (Guðlaugur Guðmundsson): Eg get ekki verið samdóma hæstv. landsh. Eg álít talsverða ástæðu til, að ráðherrann staðfesti þess háttar kosningu fremur en konungur. Hygg eg eigi með skakt mál farið, þótt eg bendi á, að þegar söfnuðirnir þurfa að sækja staðfestingu á kosningunum til konungs, þá geti það einatt orðið til þess, að hið geistlega vald í Danmörku láti til sín taka um þessi efni; hvort þau áhrif séu eða muni verða ill, skal eg ekki dæma um; en óréttmæt eru þau engu að síður.

Þótt málið eigi væri skoðað frá þessu sjónarmiði, þá er engin ástæða til að láta söfnuðinn bíða mánuðum saman áður en hann fær prest staðfestan, eftir að búið er að kjósa hann, og gjalda til þjóðkirkju á meðan. Hvort kosning fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík hefir verið lögleg eða ekki, um það skal eg ekki dæma, því eg er því máli ekki kunnugur. En mér er spurn. Getur ekki farið svo um fríkirkjupresta sem aðra menn, að eitthvað kunni að verða að þeim, að þeir deyi, — verði t. d. bráðkvaddir? Eg veit ekki betur en prestur safnaðarins í Reykjavík hafi einmitt orðið bráðkvaddur -- sem fríkirkjuprestur! Hvernig á þá söfnuðurinn að fara að? Í 16. gr. laga frá 19. febr. 1886 stendur: »kirkjufélag utan þjóðkirkjunnar, það er *prest hefir* eða forstöðumann, er fengið hefir kgl. staðfestingu, skal laust við gjöld« o. s. frv. Það liggur í augum uppi, að tilgangur laganna var alls ekki, að fríkirkjusöfnuður, er missir prest sinn eða forstöðumann, og svo strax kýs sér annan í staðinn, skuli, meðan á því stendur, fallinn undir þjóðkirkjuna og skyldur við hana, þótt þetta liggi í bókstaf laganna. Þess vegna ber nauðsyn til að breyta lögunum svo, að þau nái tilgangi sínum.

Hæstv. landsh. tók það fram, að söfnuðurinn í Reykjavík hefði sjálfur sett sér þau lög, að prest mætti eigi kjósa nema á aðalfundi í nóv. Eg efa ekki að þetta sé rétt hermt. En nú getur svo farið, að prestur deyi á miðjum vetri eða jafnvel þegar í desember. Þá er söfnuðurinn af sjálfu sér — ef á að skilja lögin »stricte« eins og hæstv. landsh. — fallinn inn undir þjóðkirkjuna. Hann má ekki

halda aukafund til að kjósa sér prest, heldur verður að bíða sér í vanhag til nóv. næsta árs. Eftir bókstaf laganna víkur þessu þannig við, en það er þvert ofan í tilgang þeirra og anda.

Eg get því ekki fallist á, að það ákvæði, er frv. fer fram á, sé ónauðsynlegt eða ósanngjart. Eg verð að halda því fram, að það sé fyllilega í anda fríkirkjulaganna og miði til góðra umbóta.

Landshöfðingi: Eg vildi að eins geta þess, að orsökin til ástands fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík var, að söfnuðurinn sjálfur hafði sett það ákvæði í lög sín, að kosning mætti eigi fara fram nema á aðalfundi í nóvember. Þetta getur hann því kent sjálfum sér um. Hvers vegna setti hann sér svo óskynlegt ákvæði? Eg vona að fríkirkjusöfnuðum lærist af dæmi hans að varast að binda sig slíkum ákvæðum. Af tilliti til þessa er því engin ástæða til að breyta lögunum frá 1886.

Flutningsmaður (Guðl. Guðmundsson): Eg vil að eins taka það fram, að meining frumv. er að eins að gjöra utanþjóðkirkjusöfnuði lausa við gjöld til þjóðkirkjunnnar um svo stuttan tíma, er þeir þurfa minst til að útvega sér, kjósa og fá staðfestan prest Hámarkið er sett 6 mánuðir.

ATKV.GR:. Málinu vísað til 2. umr. með 19 samhlj. atkv.

Önnur umr. 21. júlí. (C. bls. 211, 281).

Ólafur Ólafsson: Eg á aðra af þeim breyt.till., sem hafa komið fram við frumv. þetta, og verð að fara um hana fáeinum orðum. En svo hefir annar háttv. þm., sem var samflutningsmaður minn, komið fram með br.-till. við mína breyt.till., og get eg felt mig við hana, og mun aðhyltast hana, með því hún er alveg sama sem mín.

Lögin um utanþjóðkirkjumenn, nr. 4 19. febrúar 1886, hafa, eins og kunnugt er, heimilað mönnum að stofna safnaðarfélög utan þjóðkirkjunnar. Löggjafarvaldið hefir með því sýnt það, að það álítur, að slík félög eigi að hafa tilverurétt. Og löggjafarvaldið hefir gjört meira; það hefir stigið spor til þess að ryðja burt öllum þeim tálmunum, sem voru í vegi fyrir því, að slík félög gætu verið til og blómgast. Með þessum lögum hafa utanþjóðkirkjumenn verið leystir frá flestöllum gjöldum til þjóðkirkjunnar, svo sem aukaverk, dagsverk, offur, lambsfóður, lausafjártíund og ljóstoll. En þeir hafa samt ekki verið leystir undan öllum gjöldum. Með því að leysa þá undan þessum gjöldum hefir löggjafarvaldið sýnt, að það vill ekki íþyngja þeim; en af sérstökum ástæðum hafa þessi 2 gjöld orðið eftir, fasteignartíund og kirkjugjald af húsum. — Eg veit að það hefir verið tekið fram sem mótbára á móti því, að leysa utanþjóðkirkjumenn undan fasteignartíund, að hún væri gjald, sem hvíldi á öllum fasteignum landsins til þjóðkirkjunnar. Þetta er að sumu leyti satt, en að sumu leyti ekki fyllilega rétt. Það eru mjög margar jarðir hér á landi, sem engin fasteignartíund hvílir á. Það eru til heilar sveitir, þar sem svo að segja allar jarðir eru lausar við fasteignartíundina. Það getur orðið nokkuð mislitt ástandið í landinu. Hugsum oss t. a. m. að fríkirkjusöfnuður væri stofnaður í Skeiðahreppi; þá yrði sá utanþjóðkirkjusöfnuður laus við fasteignartíund. Aftur á móti, væri slíkur söfnuður stofnaður í Holtasveit eða Olfushreppi, þá yrði nokkur hluti safnaðarins laus við fasteignartíund, en nokkur

ekki. Nú með því allir hljóta að kannast við, að það eru margar jarðir lausar við fasteignartíund, þá er það auðsætt, að setning sú eða regla, sem haldið er fram móti afnámi fasteignartíundarinnar á utanþjóðkirkjumönnum, hún »stendur ekki stikk« sem maður kallar. Það er ekki gjald, sem hvílir á öllum fasteignum landsmanna; það er gjald sem hvílir á sumum en ekki sumum. Mér finst það því eðlilegast — og það munu fleiri vera á þeirri skoðun — að losa þá söfnuði, sem eru utan þjóðkirkjunnar, við þetta gjald.

Aðalspurningin í þessu máli er í minum augum þessi: Er þetta gjald réttlátt og er það sanngjarnt? Er það réttlátt og er það sanngjarnt, að láta þá menn, sem standa utan þjóðkirkjunnar vebanda, og hafa komið sér upp kirkju, og hafa prest með kgl. staðfestingu, bera byrðar í þjóðkirkjunnar þarfir — að leggja á þá menn þetta band — þetta í mínum augum óeðlilega band, að þeir verði að leggja skerf á borð þjóðkirkjunnar, — auk þeirrar byrði, sem þeir hafa í sínar eigin þarfir? Eg álít það ekki sanngjarnt, og eg veit það, að það eru mjög margir, bæði í þessum sal og annarstaðar, sem hafa alveg sömu skoðun. — Það er þessi grundvöllur réttlætis og sanngirni, sem eg álít að lögin um þetta eigi að byggjast á, — en ekki gömul venja. Gamlar venjur eru að sumu leyti góðar og gildar, en þær eru það ekki ávalt. Mér dettur í hug, í sambandi við þetta, ein spurning: Hvenær eigum vér að breyta lögum? Þegar nauðsyn eða einhverjar kringumstæður heimta það, sem ekki voru, þegar lögin voru gjörð. Og eg álít að hér standi svo á. — Það er satt, að þessi löggjöf um fasteignartíund er mjög gömul; en að henni megi aldrei breyta, það fæ eg ekki skilið. Það voru líka gömul lög um offur og dagsverk og þess háttar, en ekki svo gömul, að þingið sæi sér ekki fært að breyta þeim, þegar nauðsyn bar til. Eg álít að hér sé ekki um annað að tala, en að stíga það spor til fulls, sem þegar er búið að stíga af þinginu að mestu leyti. Það eru óeðlileg bönd í mínum augum, sem þjóðkirkjan er að reyna að hafa á þeim mönnum, sem gengnir eru úr henni; og eg er sannfærður um, að þau munu alls ekki duga til að halda nokkrum manni innan þjóðkirkjunnar vebanda, sem á annað borð ætlar sér að fara úr henni. Hví þá ekki að gefa menn lausa við þessi bönd?

Þessi gjöld á utanþjóðkirkjumönnum eiga líklega að vera stoðir undir byggingu þjóðkirkjunnar. En ef svo væri, að þjóðkirkjan hér á landi gæti ekki lifað án þess að hafa þessi óeðlilegu bönd á þeim mönnum, sem standa utan hennar, þá er eg hræddur um að hún verði skammlíf. Og ef hún getur ekki staðið nema með þessum óeðlilegu stoðum, þá er eg mjög hræddur um, að hrun hennar sé fyrir hendi áður en langt um líður. Eg álít meira að segja — og eg er viss um að margir hafa sömu skoðun, — að þjóðkirkjan sé of góð og of vegleg stofnun til þess að hún vilji þiggja gjald, sem ekki er bygt á réttlátari og sanngjarnari grundvelli heldur en þessi gjöld eru í mínum augum. Mér finst öll sanngirni og alt réttlæti mæla með því, að söfnuðir, sem hafa komið sér upp veglegum guðshúsum og hafa presta, sem eru staðfestir af konungi, séu lausir við öll gjöld til þjóðkirkjunnar presta og guðshúsa.

Vitaskuld eru þessi lög gjörð fyrir land alt; en það er þó ekki nema eðlilegt, þó manni um leið verði sérstaklega litið til þess safnaðar, sem

hér er næstur okkur, nfl. frikirkjusafnaðarins í Reykjavík. Hann er, eftir því sem eg veit frekast, ekki stærsti, en einn af stærstu söfnuðum þessa lands, og þessi söfnuður hefir leyst af hendi það verk, sem í mínum augum og eftir okkar íslenzka mælikvarða má heita sannarlegt sórvirki, hann hefir gjört meira en nokkur söfnuður hér á landi hefir nokkru sinni gjört fyrir safnaðarmál sín, hann hefir komið upp kirkju, sem kostar um 20,000 kr., og keypt í hana orgel, sem kostar hátt á 5. þúsund kr.; eg veit ekki til að nokkur söfnuður á landinu hafi gjört slíkt. Einn privatmaður, sem nú er kominn undir græna torfu, kostaði fleiri þúsund krónum til kirkjubyggingar; það var Ásgeir á Þingeyrum. Þeim heiður sem heiður heyrir. Það gengur ekki svona til, það er mér vel kunnugt um, þegar þarf að koma upp kirkju innan vebanda þjóðkirkjunnar; þá koma menn ekki að bjóðast til að leggja fram svo og svo mikið til kirkjubyggingarinnar; það, sem söfnuðirnir leggja þá oftast til, er að eins að vinna að grunninum og flytja efniviðinn; og þó leitt sé frá að segja, gengur oft tregt með flutning þann.

Það er svo langt frá því, að þessi hreyfing sé til nokkurs skaða, að eg vona þvert á móti, að hún sé þegar orðin og verði til stórgagns. — Vænti eg þess, að háttv. deild verði mér sam dóma um það, að það sé ekki nema réttlátt og sanngjarnt, að losa þenna söfnuð og aðra, sem eins stendur á með, undan fasteignartíund og kirkjugjaldi.

Eg skal að svo stöddu ekki fara fleiri orðum um þetta mál.

Þórhallur Bjarnarson: Frumv. þetta var upphaflega ekki sérlega efnismikið. Það var að eins um að ráðherrann staðfesti kosningu utanþjóðkirkjupresta og um undanþágu frá gjöldum til þjóðkirkjunnar fyrir utanþjóðkirkjusöfnuði, meðan á því stendur að fá nýjan prest, sem hvorttveggja sýnist ekki nema sennilegt, þó það skifti ekki miklu. En brt. þær, sem nú eru komnar fram, og sem að efninu til eru alveg samhljóða, þær gefa tilefni til meiri athugunar, — sömu athugunar eins og áður, er líkt hefir verið borið upp.

Að því er snertir undanþágu frá kirkjugjaldi af húsum, þá er það náttúrlega brennandi spursmál fyrir þenna eina stóra frikirkjusöfnuð hér á landi, frikirkjusöfnuðinn í Reykjavík, þar sem það er stórt peningaspursmál fyrir þann söfnuð. Og eg verð að álíta að það sé í alla staði réttmæt krafa; það er farið fram á að gefið sé eftir nokkuð af tekjum landssjóðs og hefir löggjafarvaldið auðvitað fullan rétt til þess; við það er ekkert að athuga. En aftur á móti vandast málið að því er snertir fasteignartíundina. Mér er óskiljanlegt annað en að bændakirkjurnar eigi fasteignartíundina eins víst og fast og maður á hverja aðra eign; mundu því að minni ætlan fyrir hverjum dómstóli bændakirkju verða dæmdar bætur, ef löggjafarvaldið ætlaði að svifta hana fasteignartíundinni. Hér er að ræða um okkar elztu lög, og engin lög hafa meiri helgi á sér en þau. Verður þá að gera ráð fyrir bótum handa þeim kirkjum, er annars yrðu sviftar eign sinni. Eg skal ekki hætta mér út í að tala um það, að hve miklu leyti löggjafarvaldið getur tekið þetta bótalaust af þeim kirkjum, sem enn þá eru undir stjórn prests eða safnaðar; en þessari athugasemd vildi eg skjóta til hv. flm. þessa frv. (G. G.), að eigi það að geta fengið framgang, er betra að gera ráð fyrir þessum bótum.

Landshöfðingi: Það er öðru líti

athugasemd, sem eg ætla að gera við þetta frv., sem er fremur formleg en efnisleg. Það er viðvíkjandi sambandinu milli hinnar nýju 3. gr. og 2. gr. — Eg skildi hv. flm. (G. G.) þannig, sem hann mundi taka sína brt. aftur. (*Forseti*: Það er ekki hægt; það er komin fram brtill. við brtill.). Jæja, hann getur þá fallizt á þá tillögu og samþykt að sín falli.

Það er nfl. þetta, að í 3. gr. stendur: »Allir þeir menn, sem eru í einhverju kirkjufélagi utan þjóðkirkjunnar, því er prest hefir eða forstöðumann, er fengið hefir staðfesting konungs eða ráðherra, skulu vera lausir við fasteignartíund til presta og kirkna þjóðkirkjunnnar, svo og við kirkjugjald af húsum«. En í 2. gr. stendur: . . . . . »njóta þá meðlimir utanþjóðkirkjufélagsins undanþágu þeirrar frá gjöldum til kirkna og presta þjóðkirkjunnar, er til er tekin í 16. gr. laga 19. febr. 1886«. Hafa þeir þá minni undanþágu í þessa 6 mánuði, heldur en annars? Það þyrfti að gera einhverja breytingu, sem kemur þessum tveim greinum í betra samræmi hvorri við aðra. Það var víst meining hv. flm. (G. G.), að menn nytu allrar sömu undanþágu frá gjöldunum þessa 6 mánuði sem annars; en það gera þeir ekki, eins og nú er orðið.

Ólafur Ólafsson: Eg vil leyfa mér að þakka hæstv. landsh. fyrir athugasemd þá, er hann gerði við brt.; hún var á rökum bygð og mun verða tekin til greina af flutningsmönnum við 3. umr.

Annars vildi eg svara hv. þm. Borgf. (Þ. B.) örfáum orðum. Athugasemdir hans voru ekkert annað en þessar gömlu klausur, sem búið er að margsyngja í báðum deildum. Meginsetning þeirra er að halda því fram, að fasteignatíundin sé þjóðkirkjunnar sérstaka eign, og því mundi svo fara, ef skyldukvöðin um greiðslu þessarar tíundar væri afnumin, að kirkjan gæti með dómi fengið bættan þann tekjuhalla, er hún biði við það afnám. En má eg spyrja: Var þá ekki eins ástæða til að greiða henni bætur er hún misti ljóstollinn? Hann var líka löghelguð tekjugrein kirkjunnar. Og sama er að segja um dagsverk og offur. En þó hefi eg hvergi um land alt heyrt slíkri endurbótakröfu hreyft. Að málssókn yrði hafin af kirkjunnar hendi, má vel vera. Og hvernig sú málssókn mundi fara, um það get eg engu spáð, enda er eg maður ólögfróður. En hvað sem því líður, þá finst mér ekki meira fyrir kirkjuna að missa þessi gjöld, er hér er um að ræða, en þau, sem hún hefir þegar mist. Eg kann ekki við þá hugsun, — og segi það sem gamall þjóðkirkjuprestur, — að kirkjan geti ekki haldið við munum sínum, messuklæðum og öðrum nauðsynlegum útbúnaði, án þess að menn, er standa fyrir utan hana, séu píndir til að greiða fé í hennar buddu. Ætli það yrði ekki talið ærið ósanngjarnt, ef íslenzkir borgarar, er flytja til Ameríku, væri skyldaðir til að inna af hendi öll lögskyld gjöld á Íslandi? Það er að sínu leyti eins. Fríkirkjumenn eru fluttir úr þjóðkirkjunnar landi í andlegum skilningi. Og samt eiga þeir að borga brúsann fyrir þjóðkirkjuna, enda þótt þeir sjálfir hafi komið sér upp guðshúsi, og það jafnvel miklu betra en þjóðkirkjusöfnuðurinn á. Öll þessi óeðlilegu bönd í andlegum efnum eru sannnefnd óheillabönd. Gamalt orðtak segir: »Viljugan er hvern bezt að kaupa«. Það er satt. Hvert það ok, sem lagt er mönnum á háls í þeim efnum, brýtur niður en byggir ekki upp. Sú hefir orðið raunin á um allan heim, og svo mun líka hér verða. — Auk þess álít eg ekk

meira fyrir kirkjuna að missa þessi gjöld en prestana.

Þrátt fyrir andmæli hv. þm. Borgf. (Þ. B.), er voru mjög hógvær, eins og við mátti búast af honum, verð eg að halda því fram, að öll sanngirni mæli með, að fríkirkjumenn séu látnir lausir við öll gjöld til þjóðkirkjunnar og presta hennar.

Athugasemd hæstv. landsh., er eg drap á í upphafi ræðu minnar, vona eg verði tekin til greina við 3. umr.

Tryggvi Gunnarsson: Eg er samdóma mörgu af því, er hv. þm. Borgf. (Þ. B.) sagði, og flestu af því, er hv. 2. þm. Árn. (Ó. Ó.) tók fram í fyrri ræðu sinni. Þó er eitt atriði, er eg vil bæta við til athugunar. Ef einhverjum kynni að hugkvæmast að fella frv. vegna tekjumissis landssjóðs, þegar hann missir skatt af húsum hér í Rvk. til fríkirkjunnar, þá vil eg biðja þá að minnast þess, að fríkirkjumenn hafa bygt kirkjuna af eigin fé og hafa með því létt stórri byrði af landssjóði. Hans skylda er að annast um að nægilegt pláss sé í kirkju fyrir söfnuð Reykjavíkur, en eins og kunnugt er, er fólksfjöldinn í bænum orðinn svo mikill, að dómkirkjan ein gat ekki nægt fyrir meira en rúman helming safnaðarins, landssjóður hefði því verið nauðbeygður til að bæta úr þessu og byggja nýja kirkju, en það hefði orðið honum tilfinnanlegur kostnaður. Nú hefir fríkirkjusöfnuðurinn létt þessari byrði af honum, með því að byggja sér kirkju af eigin rammleik. Það er sjaldgæft hér á landi, að menn með frjálsum samskotum komi slíkum stórfyrirtækjum í framkvæmd. Þetta eitt var sannarlega góðra gjalda vert, og hefði mátt halda að þrotið væri þrek þeirra og þor. En því fór fjarri. Þeir réðust jafnframt í að kaupa orgel í kirkju sína fyrir alt að 5000 kr. Í mörg ár hafa söknarmenn verið að tala um, að orgel dómkirkjunnar væri henni eigi samboðið, en ekkert hefir orðið úr því að keypt væri sæmilegt orgel til hennar fyr en nú, að fríkirkjumenn voru búnir að ganga á vaðið.

Slíkir menn, sem ráðast í svo mikið með eigin fé, eru sjaldgæfir hér á landi og eiga fullkomlega skilið að þeir séu styrktir.

Það er óneitanlega hart fyrir menn, að vera skyldir til að greiða gjöld til þeirrar kirkju, sem þeir aldrei koma í, en meiga ekki láta þau ganga til þeirrar kirkju, sem þeir verða að kosta að öllu leyti.

Af þessum ástæðum mun eg greiða atk. með frv. til 2. og 3. umr.

ATKV.GR.: 1. gr. frv. sþ. í e. hlj.

2. gr. frv. sþ. í e. hlj.

Brt. á þgskj. 129, við brt. á þgskj. 128, sþ. með 19 : 1 atkv.

Þar með brt. á þgskj. 128 fallin.

Fyrirsögn frv. álitin sþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Þriðja umr. 25. júlí. (C. bls. 291, 343).

Ólafur Ólafsson: Frv. þessu hefir, eins og kunnugt er, verið mjög vel tekið af deildinni, og sé eg því ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um það nú. Að eins vildi eg stuttlega leyfa mér að gera grein fyrir brtill. minni og meðflutningsmanna minna á þgskj. 188. Hún er fram komin af athugasemd hæstv. landsh. við 2. umr. og meiningin með henni er sú, að koma því til leiðar, að utanþjóðkirkjumenn séu ekki einungis lausir við gjöld til prests og kirkju, er til eru tekin í 16. gr. laga 19. febr. 1886, heldur einnig þau gjöld, sem nefnd eru í 3. gr. frv.,

nfl. við fasteignatiund til prests og kirkna þjóðkirkjunnar og við kirkjugjald af húsum.

Að öðru leyti vænti eg þess, að hv. deild láti sér farast eins vel við frv. við þessa 3. umr., og hún hefir gert við 1. og 2. umr.

ATKV.GR.: Brt. á þgskj 188, við 2. gr., sþ. með 18 shlj. atkv.

Frv. í heild sinni, með áorð. breyt., sþ. með 18 shlj. atkv., og afgreiðist til Ed.

Ein umr. 19. ágúst. (C. bls. 637).

Ólafur Ólafsson: Eins og deildarmönnum er kunnugt, þá hefir frv. þetta tekið nokkrum breytingum í hv. Ed. Þessar breytingar eru aðallega fólgnar í því, að þegar utanþjóðkirkjumenn hafa komið sér upp kirkju, þá fyrst skuli þeir vera undanþegnir gjaldskyldu til þeirra kirkna, sem eru eign landsins og að undanþágan sé aðallega bundin við landssjóðskirkjur. Eg fyrir mitt leyti hefði nú fremur óskað, að þessar breytingar hefðu ekki verið gerðar, en þó vil eg leggja til að frv. sé samþykt óbreytt. Vegna þess að hv. Nd. tók frv. svo vinsamlega, þá vona eg líka að hún geri nú slíkt hið sama og samþykki það með þessum breytingum, og þykist eg þá ekki þurfa að fara fleiri orðum um það.

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni sumþ. í e. hlj., og verður afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi*.

Afnám messugjalds.

FRUMVARP til laga um breyting á konungsbréfi 3. apríl 1844 viðvíkjandi Brúarkirkju í Hofteigsprestakalli. 1. umr. 11. júlí. (C. bls. 197).

Flutningsmaður (Einar Þórðarson): Eg skal leyfa mér að skýra þetta mál nokkuð. Gjaldið, sem um er að ræða, er svo til komið, að 4 bændur í Hofteigsprestakalli sóttu um leyfi til að byggja kirkju að Brú. Leyfið var þeim veitt með konungsbréfi 3. apríl 1844, en meðal annars var þeim jafnframt lagt á herðar, að greiða prestinum í Hofteigi 20 álnir fyrir hverja messuferð. Með landshöfðingjabréfi 29. apríl 1892 var sú breyting gerð á sóknaskipuninni, að 6 bæir voru lagðir til sóknarinnar frá Hofsteigssókn, en ekkert ákveðið um gjaldið.

Þess vegna er nú orðin talsverð réttaróvissa með gjald þetta. Það er óvíst og ágreiningur um það, hvort gjaldið hvílir nú á öllum söfnuðinum eða að eins þessum 4 bæjum, er upphaflega fengu kirkjubyggingarleyfið. Til bendingar skal eg geta þess, að fyrir nokkru kom það til tals að byggja Brúarkirkju, og var þá gerð fyrirspurn um það til stiftsyfirvaldanna, hverjir ættu að greiða kostnaðinn, en þau litu svo á, sem sú kvöð lægi á þessum 4 bændum. Ef það er rétt, þá hlýtur messugjaldið líka að hvíla á þeim. Þetta gjald, sem ávalt hefir verið óvinsælt, er þá líka ranglátt. Það er ranglátt að 4 bændur af 13 borgi gjald fyrir alla; í sókninni eru nú sem sé 13 bæir, því auk þeirra 10 bæja er eg gat áðan, hafa þar verið bygð 3 nýbýli síðan 1844.

Af því að gjaldið er ósanngjarnt, þá er viðbúið að það leiði til sundurlyndis í söfnuðinum. Eg hefi því leyft mér að leggja það til, að það félli niður. Ef til vill væri ástæða til að bæta prestakallinu það upp, því það er eitt af hinum tekjumiðstu prestaköllum landsins, en eg hefi ekki farið fram á það, af því þingið hefir áður farið að eins og hér er stungið upp á. Og að

því er Hofteigsprestakall snertir, þá verður að líkindum jafnt sótt um það eftir sem áður, þótt gjald þetta sé afnumið.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Önnur umr. 16. júlí. (C. bls. 197).

ATKV.GR.: Frv.gr. sþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögnin álitin sþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Þriðja umr. 18. júlí. (C. bls. 197).

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni sþ. með 20 atkv., og afgreitt til Ed.

Afnám Maríu- og Péturslamba.

FRUMVARP til laga um afnám svo nefndra Maríu- og Péturslamba; 1. umr. 31. júlí. (C. bls. 379).

Flutningsmaður (Jóhannes Jóhannesson): Það má segja um frv. þetta, að það sé ekki alveg nýr gestur hér á þingi.

Árið 1877 var það borið fram á þingi í Ed., en féll þá; árið 1880 var það aftur borið upp, en féll í h. Nd. við 2. umr. Loks var það þó samþykt á aukaþinginu 1886, en var þá synjað staðfestingar af stjórninni með konungsúrkurði útgefnum 8. jan. 1887, og var þar farið eftir tillögum landshöfðingja, sem mun hafa lagt á móti frv., af þeirri ástæðu, að í frumv. er hlutaðeigandi prestaköllum ekki áætluð nein uppbót fyrir þann tekjumissi, sem þau líða. — Eg hefi nú í frv. tekið tillit til þessarar ástæðu, og því breytt því í þá átt, að um leið og þessi fóðurskylda sé látin falla niður, þá sé prestaköllunum bættur upp tekjuhallinn úr landssjóði.

Eftir þeim upplýsingum, er fyrir liggja og eg hefi tekið úr bréfi landshöfðingja til stjórnarinnar frá 16. okt. 1886, þá eru þessi Maríu- og Péturslömb til í einum 5 sóknum á öllu landinu, nefnilega í Hjaltastaðarsókn, Desjarmýrar-, Klippsstaðar-, Svalbarðs- og Sauðanessóknum. Menn mega því ekki halda, að hér sé um neina verulega útgjaldagrein að ræða fyrir landssjóð, því eftir sama landshöfðingjabréfi frá 16. okt. 1886, þá námu þessi gjöld, fyrir

Hjaltastaðarsókn . .	kr.	80 28
Desjarmýrar	—	62 44
Klippsstaðar	—	31 22
Svalbarðs	—	55 92
Sauðaness	—	69 90
Samtals kr.		299 76

eða ekki fullar 300 kr. Eg vona því, að engum geti blætt upphæðin, sem á landssjóðinn legst, í augum, því hún er sannarlega ekki svo stór, og í öðru lagi er vonandi, að sú breyting verði á prestaskipun landsins yfirhöfuð innan skamms, að prestunum verði fækkað og kjör þeirra bætt svo, að ekki þurfi þeirra vegna að halda við gjöldum, sem í eðli sínu eru ranglát, en það vona eg allir játi sé tilfellið með þessi gjöld.

Eg get ekki skilið annað, en að öllum finnist það í hæsta máta ósanngjarnt og enda hlægilegt, að bændur á Íslandi á 20. öldinni skuli vera skyldir til að fóðra lömb fyrir hinn heilaga Pétur postula og Maríu mey, og það er föst trú mín, að þingið geri ekki sjálfu sér þá skömm að styðja að því, að þessi ósiður haldist lengur við. Það hefir annars verið töluverður ágreiningur um það, hvernig standi á þess-

um furðulegu gjöldum, en eftir því, sem menn þykjast hafa komist næst um uppruna þeirra, þá er hann sá, að þau eigi að vera þóknun fyrir greiða, sem presturinn lét sóknarfólkinu í té. Presturinn fóðraði nefnilega belju fyrir Pétur postula, og var mjólkin úr henni notuð til hressingar kirkjufólki, en til að bæta prestinum upp kýrfóðrið aftur, þá fóðruðu bændur lömb fyrir prestinn.

Það hefir verið sagt, að þetta gjald hvíldi á jörðunum sjálfum, sem kvöð, og að eigendur jarðanna því mundu græða við að þessum gjöldum yrði létt af, en þetta er alls ekki.

Gjöld þessi hvíla eingöngu á ábúendunum, en alls ekki jörðunum sjálfum, sem sést bezt á því, að jarðirnar eru bygðar með nákvæmlega sömu leigu skilmála og byggingarmála, sem aðrar jarðir í nágrenni við þær, og á því, að prestarnir hafa engan kröfurétt gegn eiganda jarðanna, heldur ábúanda einum, og ef þær leggjast í eyði, fá prestarnir engin lambsfóður.

Að öðru leyti er mál þetta svo einfalt, að eg sé enga ástæðu til að setja nefnd, og vona það fái torfærulaust að ganga til 2. umr. og svo áfram leið sína, því mér er óskiljanlegt, að h. þm. geti ekki skilist það, að hér er um órétt að ræða, sem þarf að ráða bót á, og það sem allra fyrst, því hann hefir haldist helzt til lengi.

Kvöðin er í sjálfu sér ekki þung, en óvinsæl vegna upprunans og þess, að hún hvílir að eins á einstöku mönnum, sem eigi vita hvers þeir eiga að gjalda.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 17 samhlj. atkv.

Önnur umr., 5. ágúst. (C. bls. 379).

Flutningsmaður (Jóh. Jóhannesson): Af því að engum mótmælum hefir verið hreyft gegn þessu frumv., þá leyfi eg mér að vænta þess og óska, að frv verði einnig samþykt við þessa 2. umr.

ATKV.GR.: Frumvarpsgreinin sþ. með 14 gegn 1 atkv.

Fyrirsögnin samþykt án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Þriðja umr., 7. ágúst. (C. bls. 379).

Hannes Hafstein: Eg vil að eins taka það fram, að þó að eg fyrir mitt leyti álíti æskilegt, að þessi gamla skyldukvöð geti orðið afnumin, þá skil eg ekki hvers vegna landssjóður á að borga fyrir það. Hér er að ræða um kvöð, sem á jörðunum hvílir, kvöð, sem er lögð á af privatmönnum eins og ítök og slíkt, og á hið opinbera engan þátt í því. Eg sé ekki betur en að það megi afnema þetta gjald án endurgjalds, þannig, að breytingin komist ekki á fyr en brauðin losna. Ef landssjóður ætti að blæða fyrir það, að þessi lömb eru skorin niður, þá mætti eins fara fram á að borgað væri úr landssjóði fyrir hverjar aðrar kvaðir eða ítök, sem á privateignum hvíla, og eigendur eru leiðir á.

Flutningsmaður (Jóh. Jóhannesson): Mér kom það nokkuð á óvart, að háttv. 2. þm. Eyf. (H. H.) skyldi fara að tala á móti þessu frv. nú við 3. umr., þar sem engum mótmælum var hreyft við tvær þær fyrstu. Eg vil svara stuttlega því, sem hann skildi ekki, og það er það, að ástæðan til þess, að frumv. fer fram á að landssjóður borgi þessa kvöð, hún er sú, að vér höfum hér á landi þjóðkirkju, sem landið styður, og sum af þeim brauðum, sem eiga heimting á þessum tekjum, eru svo rýr, að þau mega einskis í missa, t. d. eins og Desjarmýri, enda varð það til þess, að sams konar frv., sem þingið samþykti 1886, var neitað

staðfestingar, að prestaköllunum var þar eigi ætluð nein uppbót. Sami h. þm. sagði það, að þessi kvöð hvíldi á jörðinni, en þetta er ekki rétt. Þessi kvöð hvílir á ábúandanum en ekki jörðinni. Ef jörðin er í eyði, þá er heldur ekki um neitt Maríu- eða Péturslamb að ræða. Það er því eftir öllum atvikum kominn fyllilega tími til að nema þessa fóðurskyldu úr gildi, og fer frv. fram á, að þetta sé gert frá fardögum 1904 að telja. En þá verða prestarnir að fá uppbót einhverstaðar frá, og stendur þá næst að sú uppbót verði greidd þeim úr landssjóði. Eg upplýsti það við fyrstu umr., að þetta mundi ekki nema fullum 300 kr. á ári. Eins og eg tók fram áður, eru sum brauð svo rýr, að þau geta ekki mist þessar tekjur, nema þær séu bættar upp, en það er nú vonandi, að það verði ekki langur tími, sem landssjóður þyrfti að borga þessa upphæð, því að með annari skipun prestakalla, sem stendur til að komist á áður en langt um líður, vona eg að prestum verði fækkað svo verulega, að eigi þurfi að grípa til eins óeðlilegra og ranglátra gjalda til að launa þeim, sem eftir verða, eins og þetta gjald er, þótt lítið sé, að því vil að minsta kosti eg vinna. Það hlýtur líka öllum að vera ljóst, að þetta gjald ætti fyrir löngu að vera undir lok liðið, það er hefð, sem haldist hefir frá katólskri tíð, og það sjá allir, hve illa það á við, til þess að launa með lútherska presta.

Hannes Hafstein: Háttv. flutnm. (J. J.) sagði, að þessi kvöð, sem hér er um að ræða, lægi á ábúendunum, en ekki á jörðinni. Eg held þetta sé ekki rétt. Gjaldið er bundið við jörðina; sé því af létt, hækkar jörðin í verði. Hér er því að ræða um gjafir til privatmanna. Ef prestaköll þau, sem hér eiga hlut að máli, eru svo rýr, sem flutnm. sagði, þá má vænta þess, að þau fái uppbót úr landssjóði sem önnur fátæk prestaköll, og er það viðkunnanlegra, heldur en að landssjóður sé múlkteraður fyrir skyldukvaðir, er hvíla á jörðum privatmanna.

Flutningsmaður (Jóh. Jóhannesson): Eg verð að halda því fast fram, að kvöðin liggur alls ekki á jörðinni eða eiganda hennar, heldur á ábúandanum. Sést það berlega á því, að presturinn hefir engan kröfurétt til eiganda jarðarinnar heldur til ábúanda, jörðin er ekki að veði fyrir gjaldinu, og ef hún fer í eyði, er ekkert lamb fóðrað. Ef háttv. 2. þm. Eyf. (H. H.) hefði kynt sér þetta betur, þá hefði hann hlotið að sannfærast um, að þetta getur aldrei orðið jarðeigendunum að neinum notum og jörðin stígur ekkert í verði við það, þó kvöðinni sé létt af. Jarðirnar eru seldar og leigðar án þess að tekið sé nokkurt tillit til fóðurskyldunnar, eins og þingmenn geta sannfært sig um, með því að lesa bænarskrá til þingsins, um að afnema fóðurskyldu þessa, frá bændum í Hjaltastaðarþinghá, sem liggur frammi á lestrarsalnum. Mér þótti það satt að segja dálítið skrítið, að h. 2. þm. Eyf. (H.H.) skyldi verða til þess að bera blak af landssjóði, þegar ekki var um stærri upphæð að ræða en þetta, eins óhlífinn og mér finst hann oft við landssjóð.

Landshöfðingi: Eg er fullkomlega samdóma háttv. 2. þm. Eyf. um það, að kvöðin hvílir algerlega á jörðinni sjálfri, alveg eins og hver annar ábúðarskattur. Eg skil því ekki hvernig háttv. flutnm. getur sagt, að jörðin stígi ekkert í verði, ef þessi kvöð er afnumin.

Mér sýnist þetta svo bersýnilegt, að eg skil ekki í því, að nokkrum geti bland-

ast hugur um það, nema ef vera skyldi Múlsýslungum. Landsdrottinn er sá eini, sem græðir þegar jörðin stígur í verði, og hann getur hækkað ábúðina það, sem þessari kvöð nemur. Eg fæ því eigi betur séð, en að það sé með öllu ranglátt, að heimta að landssjóður borgi þetta, því ef hann gerir það, þá útbýtir hann beinlínis gjöfum til hlutaðeigandi manna.

Björn Bjarnarson: Hæstv. landshöfðingi hefir þegar tekið fram það, sem eg ætlaði að segja í þessu máli; að eins var eitt atriði, sem eg vil athuga hér, það er þegar þessi kvöð hvílir á kirkjujörðum. Háttv. framsm. sagði, að ekki væri rétt að halda þessari kvöð, sem væri eldgamall katólskur siður, til þess að launa með lútherska presta, en eg sé eigi að þetta sé gild ástæða, því eg veit ekki betur en að flest laun presta séu frá katólskum sið, svo sem tíundir.

ATKV GR.: Frv. í heild sinni sþ. með 12 gegn 6 atkv., og afgreiðist til Ed.

Landbúnaðarmálanefnd.

I.

TILLAGA til þingsályktunar um skipun fimm manna nefndar til að íhuga landbúnaðarmál.

Ein umr., 7. júlí. (C. bls. 182).

Þórhallur Bjarnarson: Eg tel það sjálfsagt, að allir háttv. þingd.m. muni sammála um, að kjósa nefnd þá, sem tillagan fer fram á; það er því óþarfi að færa ástæður fyrir tillögunni, og málalenging tóm, að fara að rekja það alt í sundur, er væntanleg nefnd muni hafa um að fjalla.

Eg gæti að eins nefnt eitt atriði af mörgum, að nefndin mun geta fengið upplýsingar frá hæstv. landsh. um það, hver árangur hafi orðið af þingsályktunartillögu þeirri, er beint var til landsstjórnarinnar á síðasta þingi um, að útvega nú fyrir þetta þing sem rækilegastar upplýsingar um leiguliðaábúð í landinu; þessar upplýsingar, að svo miklu leyti sem þær nú eru framkomnar, býst eg við að nefndin taki til íhugunar og hagnýtingar.

Það er tekið til í tillögunni, að fimm manna nefnd skuli skipa í málið, en nú hefi eg heyrt því hreyft, að eigi mundi veita af sjö manna nefnd. — Engin tillaga er komin fram um það, að hafa nefndina svo fjölskipaða, en berist henni mjög mikið verkefni, sem við má búast, þá er alt af innan handar, að bæta tveimur mönnum við síðar.

ATKV.GR.: Tillagan samþ. í einu hljóði.

Fimm manna nefnd samþykt í einu hljóði.

Kosnir í nefndina með hlutfallskosningu:

Hermann Jónasson,
Þórhallur Bjarnarson,
Eggert Pálsson,
Ólafur Briem,
Björn Bjarnarson.

Viðbót við nefndina, á fundi 11. júlí.

Björn Bjarnarson: Samkvæmt 2. gr. þingskapanna skal eg leyfa mér, fyrir hönd landbúnaðarnefndarinnar, að óska þess, að hin háttv. þingdeild gefi nefndinni leyfi til þess að bæta við sig tveim þingdeildarmönnum. Þessir tveir menn eru háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) og háttv. 2. þm. Árn. (Ól. Ól.).

ATKV.GR.: Beiðnin samþykt með öllum greiddum atkvæðum.

II.

TILLAGA til þingsályktunar um milliþinganefnd í landbúnaðarmálefnum.

Einumr., 6. ágúst. (C. bls. 400).

Björn Bjarnarson: Eg skal vera mjög stuttorður. Eg þarf ekki að taka það fram, því öllum er það kunnugt, að alment er það mjög rík ósk manna, að landbúnaðarlöggjöfin verði endurskoðuð. En þar sem margt er að athuga, þá er auðvitað alveg ómögulegt að koma því af á einu þingi, þess vegna ber nú brýna nauðsyn til þess, að skipa milliþinganefnd. Árið 1901 kom það til orða, en þá var álitið rétt að fresta því, en nú ætti ekki að draga það lengur. Yfir höfuð að tala eru mjög fá laga-ákvæði um landbúnaðinn, og þeim, sem til eru, er mjög ábótavant. — Helzta laga-ákvæðið er frá 12. jan. 1884, sem frá upphafi var að mörgu leyti óhaganlegt, um byggingu og ábúð. — En það er mjög eðlilegt, að lögin verði ófullnægjandi, þegar tekið er tillit til þess, að landbúnaðurinn breytist ár frá ári.

Eitt atriði er t. d. afar-óheppilegt. — Flestar jarðir, ef til vill $^2/_3$ þeirra, er bygðar til tveggja eða þriggja ára. — Engum getur blandast hugur um það, að lítil von er um framfarir, þegar leiguliðarnir vita ekki hvar þeir muni fá húsaskjól í næstu fardögum.

Annað atriði vil eg drepa stuttlega á. — Eins og ásigkomulagið er nú, þá fá leiguliðarnir vanalega ekki neitt fyrir þær jarðabætur, sem þeir láta gera. — Þetta stendur landbúnaðinum auðvitað stórkostlega fyrir þrifum, því ekki er von, að menn vilji leggja út stórpeninga, og fá ekkert fyrir snúð sinn og snældu. Það er auðsætt, að nauðsynlegt er að tryggja leiguliðunum andvirði fyrir þær jarðabætur, sem þeir gera. Og þó þeir ekki fengi fullan arð, þá ættu þeir þó að fá sem mest. — Með þessu móti mundu leiguliðarnir gera miklu meiri jarðabætur. Eg skal ekki fara neitt út í, hvernig þessari tryggingu ætti að vera hagað, en sjálfsagt má gera það á ýmsan hátt. — Þá eru enn ýmisleg ákvæði um girðingar, ábyrgð á skepnum, húsfólk o. fl., sem hin væntanlega nefnd þarf að taka til athugunar.

Þá má ekki gleyma hve óheppilegt það er fyrir landbúnaðinn, að jörðunum er oft deilt í marga hluti, kannske fjóra, fimm eða jafnvel enn þá fleiri. — Slíkt er þriflegum búskap afar-mikið til hindrunar. Einhver kann nú að segja, að ekki sé hægt að reisa landbúnaðinn við með tómum lögum. — Því er eg fullkomlega samdóma, en góð lög geta þó veitt mikinn stuðning. — Aðal-atriðið verður auðvitað alt af mentun, dugnaður og framtakssemi bændanna.

Eg vona, að eg þurfi ekki að fara fleirum orðum um þetta, en treysti því, að allir skilji og sjái hve mikla nauðsyn ber til þess, að landbúnaðarlöggjöfin verði endurskoðuð.

ATKV.GR.: 1. liður till. samþ. með 21 shlj. atkv.

2. liður till. samþyktur með 21 shlj. atkv.

Verður afgreidd til forseta efri deildar.

Útrýming fjárkláðans.

TILLAGA til þingsályktunar í fjárkláðamálinu.

Einumr., 6. júlí. (C. bls. 181).

Árni Jónsson: Eg þarf ekki að mæla með mörgum orðum fyrir tillögu þessari, því að það tel eg vafalaust, að

allir háttv. þingdeildarm. séu samdóma um, að hér sé um mikið nauðsynjamál og velferðarmál að ræða.

Á aukaþinginu í fyrra var hér í deildinni samþykt tillaga um það, að hefjast sem fyrst handa til að útrýma fjárkláðanum, og það gleður mig, hve vel h. hæstv. landshöfðingi og stjórnin hefir tekið í þann strenginn. Fjárlagafrumv. ber þess auðsæjan vott, og athugasemdirnar við það. Það er ekki lítið fé, sem á fjárlagafrumv. er ætlað til fjárkláðans á næsta fjárhagstímabili: 37750 fyrra árið og 40750 síðara árið. — Þessi fjárveiting er aðallega ætluð til tvenns, til kláðalækningakenslu og til útrýmingar fjárkláðans.

Oss flutningsmönnum tillögunnar getur ekki annað en þótt það gleðilegt, að skoðanirnar á meðferð kláðamálsins, sem áður hafa verið nokkuð tvískiftar, virðast nú mjög ordnar samhljóða. — En þótt málið líti nú vænlegar út en fyr, hefir oss eigi að síður sýnst rétt, að koma fram með tillögu þessa. — Meðal annars gæti verið ástæða til að íhuga, hvort eigi væri gerlegt, að vinna nú sem fyrst að útrýming fjárkláðans með meira krafti og á stærra svæði, en gert er ráð fyrir í stjórnarfrumv. — Því þegar svona mikið fé er lagt fram, þá er það tilfinnanlegt, ef við stöndum í stað, en getum ekki neitt verulega komist áfram með það, að uppræta fjárkláðann.

Sú skoðun hefir að undanförnu verið ríkjandi í Norðuramtinu, að nauðsyn beri til þess, að snúa sér sem fyrst að útrýmingu fjárkláðans, og sú skoðun hefir einmitt styrkst og eflst við það, að kláðalæknir hr. O. Myklestad, sem til Norðurlandsins kom í vetur frá Noregi, þar sem hann með góðum árangri hefir unnið að útrýming fjárkláðans, — hann hefir gefið oss góðar vonir um og kveðst vera algerlega sannfærður um það, að vér munum geta losast við óvætt þenna bráðlega, ef vér ráðumst á hann af alefli.

Það vill nú svo vel til þess, að þessi maður er staddur hér í bænum, og það meðal annars ýtti undir oss að koma með tillöguna, því að vér væntum þess, að hann bæði vilji og geti gefið nefnd þeirri, er farið er fram á að skipuð verði, góðar leiðbeiningar í þessu velferðarmáli.

Skal eg svo ekki tala meira fyrir tillögunni, vona að háttv. deild taki henni vel, og sting upp á því, að fimm manna nefnd sé skipuð í málið.

ATKV.GR.: Fimm manna nefnd sþ. í einu hlj.

Í nefndina kosnir með hlutfallskosningu:

Olafur Thorlacius,
Árni Jónsson,
Magnús Andrésson,
Stefán Stefánsson,
Jóhannes Ólafsson.

Útrýming fjárkláðans.

FRUMVARP til laga um ráðstafanir til útrýmingar fjárkláðanum; 1. umr. 20. júlí. (C. bls. 245; n. 237).

Framsögumaður (Stefán Stefánsson): Eg álít, að eg þurfi ekki að fara mörgum orðum um frumv. þetta, eftir undirtektum þeim, sem málið hefir fengið á þinginu, að dæma. Eins og h. þingdm. er kunnugt, hefir málið verið borið undir þm. alla á privatfundi hér á þinginu, og þá voru samþ. með yfirgnæfandi atkvæðafjölda fjárframlög þau, sem hér er gert ráð fyrir. Hér er enn haldið sömu stefnu, sem tekin var í fyrra, og sem kom fram í þingsályktunartillögu, er þá var samþykt, stefnu, sem stjórnin hefir aðhylst með

því að ætla á fjárlögunum töluvert fé til útrýmingar kláðanum. Nefndin hefir verið einhuga á því, að ráðast skuli sem fyrst í þetta, og að horfa eigi í það, þótt það hljóti að kosta allmikið fé. Nefndin reyndi að gera sér það ljóst, hvað útrýmingin mundi kosta, og í því skyni bjó hún til áætlun, og verð eg að segja það, að sú áætlun varð lægri en eg hafði búist við, og svo mun vera um fleiri; er hún þó gerð svo rífleg, að eg vona að kostnaðurinn muni ekki í reyndinni fara fram úr henni.

Nefndin var í vafa um það, hvað mikið landssjóður ætti að leggja fram af kostnaðinum, sérstaklega var hún í vafa um, hvort leggja skyldi á hann að greiða kostnaðinn við baðanirnar, og komst hún að þeirri niðurstöðu, að það mundi tryggast og skynsamlegast að gera það. Eg bendi á þetta til athugunar, af því að eg get búist við, að einhver muni koma fram með þá breyt.till., að baðanakostnaðurinn leggist á fjáreigendurna sjálfa.

Nefndinni þótti sjálfsagt, að koma fram með frumv., er gengi í þá átt, að skipa fyrir um útrýming fjárkláðans; kláðalöggjöf vor hefir hingað til bygt á alt öðrum grundvelli en vér getum nú bygt á; hingað til hefir það verið trú manna, að fjárkláðinn væri fremur óviða hér á landi, en nú hefir reynslan sýnt, að hann er útbreiddur um mestan hluta landsins, það eru einar þrjár sýslur á landinu, sem menn vita ekki af honum í.

Það hefir reyndar verið sagt, að menn vissu eigi, hvað margt fé kunni að vera kláðasjúkt í landinu; en það gerir ekki svo mikið til, þótt eigi sé full vitneskja fengin um það, því að þegar kláðinn er eins útbreiddur eins og vér nú vitum að hann er, þá verðum vér að beita alveg sömu ráðstöfunum til útrýmingar, eins og þótt hann væri í hverri kind á grunaða svæðinu. Í frumv. eru ekki tekin upp nein sektarákvæði, en gert ráð fyrir, að þau verði tekin upp í reglugjörðina. Lögfræðingur einn hefir bent mér á, að þurfa mundi að taka upp í lögin ákvæði um sektir fyrir brot á lögunum sjálfum. Þetta atriði má taka til íhugunar og laga, ef þörf þykir. Annars get eg ekki betur séð, en taka megi lögin eða ákvæði úr þeim upp í reglugjörðina, og ákveða þar svo sektir á brotum á þeim ákvæðum.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Önnur umr. 22. júlí. (C. bls. 245, n. 237).

Framsögumaður (Stefán Stefánsson): Eftir þeim undirtektum, sem málið fekk við 1. umr., mætti það virðast óþarfi að fara um það fleiri orðum. Engu að síður finst mér rétt að skýra nokkuð, hvað nefndin hugsaði sér með einstökum ákvæðum í frv.

Í 1. gr. veitist landsstjórninni heimild til að gera ráðstafanir til algerðrar útrýmingar fjárkláða. Þá heimild hafði hún að vísu áður eftir gildandi lögum, en svo er bætt við, að hún megi ráða til þess starfa einn framkvæmdarstjóra fyrir land alt. Með þessu ákvæði hafði nefndin einn vissan mann í huga, norðmanninn O. Myklestað, af því við vissum engan þann mann, er betur væri treystandi til að gjöra útrýmingarráðstafanir svo að haldi kæmi. Hann hefir reynst svo vel við þetta í Noregi, og fengið þar svo yfirgripsmikla reynslu, að það eru eins dæmi. Á Norðurlandi hefir hann vakið svo mikið traust hjá almenningi, að menn mundu hika sér við að leggja svo mikið fé fram, nema það væri undir hans stjórn. Í frumv. er gjört ráð fyrir, að hann taki sér að-

stoðarmenn, og hefir nefndin ætlað þeim að eins 4,800 kr. Hugsuðum við okkur að það yrðu í hæsta lagi 2 menn, sem herra Myklestað hefði sér til aðstoðar, til að kenna alt, sem að kláðalækningum lítur, og hafa umsjón með böðunum, og er það auðsætt, að einn maður getur ekki annast það, þegar böðun fer fram á fleiri en einum stað í senn. Nefndin ætlast til, að auk framkvæmdarstjóra og aðstoðarmanna verði hinum svonefndu böðurum greidd laun úr landssjóði. Það gæti nú komið til athugunar, hvort ekki væri rétt að láta fjáreigendur launa þá. Við höfum gjört ráð fyrir, að það yrði 200 manns. er gengi að þessu starfi, og sé þeim ætlaðar 3 kr. á dag hverjum, verður launakostnaðurinn um 26 þús. kr. En eg skal taka það fram, að þessi liður áætluninnar er óvissastur, því ýms atvik, veður og fleira, grípur þar inn í, svo ekki er gott að ætlast á um kostnaðinn. Það sem mælir með því, að þessi kostnaður verði greiddur úr landssjóði, er, eins og tekið er fram í nefndarálitinu, að fjáreigendur mundu taka útrýmingarráðstöfunum með ljúfara geði, og því mundi ganga léttar að koma þeim í framkvæmd. En með því að fjáreigendur borgi mælir það, að þeir mundu fremur flýta fyrir verkinu, ættu þeir að greiða daglaun, og væri víst gjald fyrir hverja kind, þá mundi verkið verða betur vandað, þar sem menn gætu búist við tvöföldum eða þreföldum kostnaði ef böðunin mislukkaðist. Okkur taldist til, að laun baðaranna myndu verða um 5 aurar á hverja kind, en ekki er auðvelt að ákveða það með vissu, þó mun þetta ekki fara fjarri lagi. Væri ákveðið gjald fyrir hverja kind, sem böðuð væri, lagt á fjáreigendur, og gjaldið reyndist of lágt þegar til kæmi, mætti borga það, sem á vantaði, úr landssjóði.

Eg benti á þetta til athugunar við 1. umr., en enginn hefir komið með breyt.till. við það. Í 2. gr. er sagt, að landsstjórnin semji reglugjörð um framkvæmd verksins, og álítum við sjálfsagt, að samin verði ítarleg reglugjörð, og lagðar sektir við brotum. Eg gat þess líka við 1. umr., að ef til vill hefði farið eins vel á því, að taka sektirnar upp í lögin, en úr því má bæta með reglugjörðinni.

Þegar litið er á kostnaðaráætlunina, þá sést það, að gert er ráð fyrir, að um 100000 kr. gangi í baðlyf, og er það langstærsti útgjaldaþátturinn; en eftir núgildandi lögum á landssjóður einmitt að borga baðlyfin, svo að hér er um enga breytingu eða nýjar álögur að ræða. En auk þessa er fleira tekið til, sem vér álítum réttast að landssjóður borgaði, t. d. eirpottarnir, sem Myklestað telur nauðsynlega við tóbakssuðuna; þeir eru dýrir nokkuð, en þeir ættu ekki að skemmast að mun við þessa brúkun, nema fyrir slys, því þeir eru þykkir mjög og geta enzt svo mannsöldrum skiftir. Sá útgjaldaliður er því ekki nein veruleg byrði fyrir landssjóð nema í bráð, því að pottarnir eiga að geta selst nærri fullu verði, þegar eigi þarf lengur á þeim að halda við baðanirnar. Eg trúi ekki öðru, en að margur bóndinn mundi vilja kaupa eirpottana, þegar hann á kost á því, og seldust þeir ekki hér, þá má þó alt af senda þá til útlanda og selja þá þar.

Eg verð að játa það, að launin til aðstoðarmannanna eru sett nokkuð af handahófi, 800 kr. það sem eftir er af þessu ári, og 2000 kr. hvort hinna áranna; en varla mun áætlun þessi þó fjarri lagi.

Sá kostnaður, sem eftir er og á fjáreigendur legst, er þá: flutningur á baðlyfjum, baðker og fyrirhöfn öll á heimilinu við baðanirnar, því að vér hugsum oss, að eigi sé nema einn baðari launaður af landsfé við böðunina á hverjum stað.

Eg hefi svo ekki fleira að segja, en vona að málið fái að ganga áfram hér í deild, og að það fái eins góðar undirtektir í hv. Ed. eins og það hefir fengið hér í deild.

Björn Bjarnarson: Eg ætla að leyfa mér að gera að eins örstutta fyrirspurn. Er það meiningin, að borga eigi líka úr landssjóði eldiviðinn, sem gengur til þess að hita við baðlyfin? Eftir 3. gr. frv. virðist það liggja beint við, að sú sé tilætlunin, því að þar sem það er talið upp, er fjáreigandi eigi til að kosta, þar er eldiviðurinn alls eigi nefndur, en í niðurlagi greinarinnar segir, að *allur* annar kostnaður — en sá sem á undan er talinn í greininni — við ráðstafanir til útrýmingar fjárkláðanum, greiðist úr landssjóði. Hér er reyndar um smámuni að ræða, en mér sýnist þó óþarfi að landssjóður borgi eldivið þenna, en að réttara sé og viðkunnanlegra, að fjáreigendur leggi hann til ókeypis, hver fyrir sitt fé.

Stefán Stefánsson: Eg skal geta þess, að nefndinni þótti það of lítilfjörlegt, að vera að taka upp í lög bein ákvæði um það, hvort landssjóður eða fjáreigendur ættu að borga eldiviðinn undir baðlyfin. Nefndinni kom ekki til hugar, að nokkur bóndi væri svo naumur, að hann léti sig muna um fáeinar taðflögur til þess að sjóða við baðlyfin, að minsta kosti þektum við Norðlendingar, sem í nefndinni sátum, eigi þann hugsunarhátt í vorum héruðum. Vér álítum, að þetta gæti heimfærst undir það, sem fram er tekið, að fjáreigandinn eigi að leggja til nægilega aðstoð við böðunina, þar undir telur nefndin að heyri, að hann leggi til stúlku til að hita baðlyfin og flögur undir pottinn. Að öðru leyti hefi eg ekkert á móti, þótt hv. þm. Dal. (B. B.) kæmi fram með brt. um þetta, ef honum finst það þurfa, eg fyrir mitt leyti sé enga þörf á því.

ATKV.GR.: 1. gr. frv. sþ. í e. hlj.
2. gr. frv. sþ. í e. hlj.
3. gr. frv. sþ. með 21 shlj. atkv.
4. og 5. gr. frv. sþ. í e. hlj.
Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.
Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr. 24. júlí. (C. bls. 245).

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni sþ. e. hlj. og verður sent Ed.

Túngirðingar.

FRUMVARP til laga um túngirðingar; 1. umr., 13. ágúst. (C. bls. 616).

Hermann Jónasson: Eg er hv. efri deild þakklátur fyrir, hvað vel hún hefir tekið þessu máli. Frmsm. þess skýrði stefnu frv. mjög ítarlega, og gaf eins nákvæmar upplýsingar um, hvað mikinn kostnað það mundi hafa í för með sér, eins og hægt var. — Líkindi eru til þess, að kostnaðurinn verði í öllu falli ekki hærri en áætlað er, en verði hann minni, þá gerir það ekki til, því þá verður bara lánið, sem tekið er, minna.

Eg hefi heyrt marga minnast á þetta frumv., en svo lítur út, sem sumum þeirra hafi ekki verið ljóst það »princip«, sem hér liggur til grundvallar. — Hér er ekki um annað að ræða, en að

þingið hvetur landsstjórnina til þess að útvega lán, með sem beztum skilyrðum, til fyrirtækis, sem hefir stór-mikla þýðingu fyrir landbúnaðinn. Í þessu efni er einnig afar-nauðsynlegt að stofna til félagsskapar, því við það fæst efnið mikið ódýrara, og það, sem mest er um vert, þá er hægt að fá það langtum betra og vandaðra. Á þenna hátt sparast einstaklingnum mikil fyrirhöfn, og við félagsskapinn nær hann í það, sem honum hefði ef til vill verið ókleift að fá upp á eigin spýtur. — Hér er ekki um fyrirtæki að ræða frá landssjóðs hlið, og því getur heldur ekki komið til tals, að honum sé stofnað í voða. Það eru einstaklingarnir, sem leggja út í fyrirtækið, en hver einstaklingur er sjálfráður að því, hvort hann vill taka þetta lán og girða tún sitt.

Eg vil reyna að skýra þetta enn þá betur. Landssjóður kemur til einstaklingsins og segir við hann: »viltu girða túnið þitt? Ef þú vilt kosta það sjálfur, þá skal eg útvega þér efni, eins gott og ódýrt eins og mögulegt er. — Þú þarft að eins að kaupa girðinguna, og leggja ofurlítið hærra gjald í sýslusjóð. En ef þú hefir ekki fé, þá skal eg lána þér $^3/_4$ af girðingarefninu í 41 ár með 4% vöxtum, ef að þú býr á sjálfseign, en búir þú á landssjóðsjörð eða kirkjujörð, þá skal eg lána þér það alt um þenna tíma«.

Eg sé því enga ástæðu til þess að spyrja þjóðina, því hér er ekki verið að tala um að eyða fé úr landssjóði, og heldur ekki lagðar skyldur á einstaklingana, því hver er sjálfráður um það, hvort hann vill taka þetta lán eða ekki. Eg er viss um, að þjóðin mundi líka veita þessu máli fylgi sitt. — Hér er alls ekki verið að tala um fyrirtæki, heldur hreint og beint um lán. Væri það ekki ósamkvæmni, að vera alt af að stagast á því, að landbúnaðinum sé að hnigna, en vilja þó ekki veita lán til þess að koma honum upp? Sumir segja, að þetta sé hættulegt fyrir landssjóðinn, því eftir nokkurn tíma, þá muni verða beðið um uppgjöf á láninu. En ekki er eg hræddur við það, því gjaldið er tiltölulega mjög lágt, eða 5% í vexti og afborgun. — Frumv. ákveður líka, að girðingunum skuli haldið við, og að þær skuli verða teknar út, og því auðvitað greitt álag fyrir fyrningu. Eins gerir frumv. ráð fyrir, að fráfarandi eða eigandi borgi girðingarkostnaðinn, ef jörð fer í eyði. En þó nú jörð fari í eyði, þá mundu menn samt vilja hafa girðinguna nokkur ár á eftir, eða meðan sú rækt helzt í túninu, að það svari meira en kostnaði að slá það. En þó svo væri, að einhver smá vanskil yrðu, sem ekki væri hægt að fyrirbyggja, þá mundu þau þó vega æði lítið á móti þeim hagsmunum, sem leiddi af þessu láni.

Eitt vil eg enn fremur benda á, að þó stundum sé beðið um eftirgjöt á stórlánum, þá hefir þó einmitt aldrei verið beðið um uppgjöf á lánum, sem fara í líka átt og þetta. Eg vil nefna lánið — 10,000 kr. — sem 1886 var veitt æðarvarpsfélaginu á Breiðafirði. — Þessu fé átti að verja til þess að drepa varg. En féð þraut, og hætt var við tilraunirnar, og vargurinn var alveg eins mikill og áður. Þetta fé átti að leggjast á æðardún hjá varpeigendum, og greiðast með 6% á 28 árum, en sýslumennirnir áttu að innheimta. — En það fé, sem hér er um að ræða, á að innheimtast á manntalsþingum. — Nú verður að taka tillit til þess, að síðan hefir dúnn fallið í verði, en vargurinn jafn-mikill og áður, en enginn hefir þó enn þá hreift við því, að fá eftirgjöfina.

Hér er um svo mikið nauðsynjamál að ræða, að það má með engu móti fresta því, heldur verður það að komast leiðar sinnar á þessu þingi. — Einkum þar sem eitt sumar gengur í mælingar á túnum, því fyrri er ekki hægt að byrja á girðingunum.

Þá hefi eg heyrt suma menn telja það ókost á gaddavírnum, að mjög væri hætt við því, að hann gæti bæði skaðað menn og skepnur. En eg skal geta þess, að skepnur varast ótrúlega vel þessar gaddavírsgirðingar, þegar þær fara að venjast þeim. En hvaða hlutir eru það annars, sem ekki geta haft einhverja hættu í för með sér? Ekki dettur neinum í hug að hætta við ljáinn, þó menn oft og einatt skaði sig á honum. Tugir manna fara í sjóinn. — Engum dettur þó í hug að banna mönnum að fara á skipsfjöl. Maskínurnar, sem svo margar af framförum nútímans byggjast á, valda ótal slysum, en enginn hefir neitt á móti þeim. — Nei, á slíkt dugir ekki að líta, því þá væru öll fyrirtæki ómöguleg. — Þar á móti má telja mörg smá þægindi við gaddavírsgirðingarnar. T. d. nú eru skepnur oft hundbeittar, þegar þær standa í túnunum, en þegar túnin eru girt, þá er auðvitað loku skotið fyrir það. Ef sauðfé kemst eigi á tún, þá verður því minna hætt við sullaveiki. — Enn fremur, þegar skepnur í gróandanum komast á tún, þá sækja þær þangað stöðugt, og verða mjög óeirðarfullar, en slíkt er þeim skaðlegt. — Menn geta sagt, að einstaklingarnir sjálfir geti gengið í broddi fyrir þessu. En því ver og miður, það er ekki rétt. Þjóðin hefir verið og er alt af sofandi, og þótt hagurinn sé mikill við að girða túnin, þá hefir það enn viðast hvar eigi komist í framkvæmd. En það er eigi fremur í þessu efni, en svo mörgu öðru, sem þetta hefir komið fram. — Frá því land bygðist hefir t. d. verið nóg af fiski, síld o. s. frv., en þó hafa menn dáið úr sulti sakir fákunnáttu og framtaksleysis.

Fyrst í allra seinustu tíð hafa menn vaknað nokkuð af þessum dvala, og bygt þilskip o. fl. o. fl.

Það er eðlilegt, að sérstök skylda hvíli á löggjöfum þjóðarinnar til þess að reyna að vekja áhuga, til þess að reyna að halda þjóðinni vakandi. — Það er því nauðsynlegt, að þingið taki vel í þetta mál, því með því sýnir það, að það hafi trú á landinu. En því ver og miður eru alt of margir, sem eru búnir að missa trúna á því. Upp til sveita bera menn mesta óhug til búskaparins, og þeir, sem ekki rjúka til Ameríku, reyna með öllu móti að komast til sjávarins. Og margar jarðir mundu leggjast í eyði, ef ekki stæði svo á, að eigendurnir sjálfir eru bundnir við þær, eða þá leiguliðarnir eiga hús á þeim, sem þeir ekki geta selt. — Þjóðin verður að trúa á sjálfa sig, trúa á landið. Og ef þessar 500 þúsundir gætu stutt að því, þá væri þeim vel varið, jafnvel þó þær væri gefnar. — Sveitabúskapurinn er nú í mesta voða. Þarfirnar eru miklar, en framleiðslan dýr, og illa borguð. Það er næstum því ómögulegt, að búskapurinn geti borið sig með öllum þeim skyldum og sköttum, sem á honum hvíla, nema breytt sé um búnaðarhættina. En því miður eru það alt of fáir menn, sem geta búið á skynsamlegan hátt, allur fjöldinn býr á ótryggan hátt. Þegar eg aðgæti það, að seinustu 15 ár hafa flest verið góðæri, en þó hafa menn meira og minna átt við heyskort að búa hér og þar á landinu. Ef harður vetur kæmi, eins og t. d. 1881, þá lægi landið í blóði sínu. Nauðsynin knýr

okkur til þess að breyta búskaparlaginu. Fyrst er að rækta landið, svo byggja hús, spara vinnukraft o. s. frv. En ef menn hugsa til þess að rækta, þá verða menn að girða það, sem á að rækta. Málsháttur inn, sem skáldið Steingrímur Thorsteinsson bjó til, þegar hann heyrði um girðingarnar, er mjög góður. Hann hljóðar þannig:

»Það grær, sem girt er«.

Hvaða ræktun sem er, er mjög erfið án girðinga.

Allar sléttur, hverju nafni sem nefnast, skemmast mjög, ef ekki eru hafðar girðingar um þær. Sama er að segja um matjurtarækt un. Ef túnin væru girt, þá mundi hún koma af sjálfu sér. — Svona mætti telja ótal mörg dæmi. En eg ætla að eins að bæta einu við, nefnlega skógræktuninni, sem svo mikið hefir verið talað um. Ef túnin væru girt, þá mætti planta nýgræðinga inn í þessar girðingar.

Þá er einn hagnaður við girðingarnar, að sjálfsagt mætti tví-slá girt tún. — Nú er það víða ekki hægt, eingöngu af því, að túnin eru ekki varin. Enn fremur mætti hafa haga þar fyrir kýrnar seinni part sumars, og þá fengist meiri og kostabetri mjólk.

Það má annars lengi telja kosti túngirðinganna. Þeir eru svo margir. — Þótt aðal-kosturinn verði að álítast, að vera laus við þá miklu vinnu, er gengur til túnvörzlunnar.

Þessi fyrirhöfn, sem sparast, vegur mikið meira en viðhald girðinganna, og af þeim vextir og afborgun.

Þá má eigi ganga fram hjá því þýðingarmikla atriði, hve mikið töðufallið eykst við girðingarnar.

Sumir hafa sagt, að þeir hafi fengið $^1/_4$, $^1/_5$ eða $^1/_6$ meira; og mun það ekki vera of djúpt tekið í árinni, þó gert sé ráð fyrir að töðufall á landinu öllu mundi aukast um $^1/_5$, ef öll tún væru girt. Eg get nú ekki sagt. hve mikið af túnunum er girt; en af búnaðarskýrslum má sjá, að árið 1900 hefir töðufall af landinu verið 624738 hestar, og 1901 638650 hestar; lætur þá nærri að meðaltalið þessi 2 ár sé 630000 hestar. Hér er að vísu ekki eingöngu um ógirt land að ræða, en aftur á móti eru, svo sem kunnugt er, búnaðarskýrslurnar fremur lágar, svo að óhætt mun að láta það, sem þær eru of lágar, samsvara því, sem girt er af túnum. Væri nú þetta rétt— og eg ætla að það muni ekki skakka miklu — þá yrði viðbótin 158000 hestar á ári, og ef hesturinn er metinn á 4 kr., verður það 632000 kr. árlegur hagur. Eg veit að menn muni svara mér því, að ef það sé svona mikill hagur að girða túnin, þá ættu bændur að girða túnin af sjálfsdáðum; en eg segi: það verður að hvetja þá til þess, með því að hjálpa þeim með lánum; og þó að landið sjálft ætti að taka lán til þess, þá kostaði það í raun réttri alls engu til, því það muni ekki þurfa að borga hærri rentu, en það mundi taka af lánþiggjendum. Eg endurtek það, að eg get ekki annað séð, en að það fari að verða lítt búandi hér á landi, nema með því að auka jarðræktina, en erfitt að auka hana nema með girðingum. Spurningin er blátt áfram þessi: Á að rækta landið? Á að styðja að því, að íslenzkur sveitabúskapur geti þrifist og blómgast? Það er þessi spurning, sem h. deild á að svara; h. Ed. hefir svarað henni með heiðri og sóma. Nú þótt eg álíti, að mál þetta hafi verið vandlega skoðað í h. Ed., þá byst eg þó við að h. deild vilji athuga það í nefnd.

Tryggvi Gunnarsson: Eg ætla nú að hætta á að bæta einu atriði við, til sönnunar því, að eg sé afturhalds-

maður, og vera á móti þessu frumv. Ber margt til þess, að mér virðist mál þetta ekki eins og h. flutnm.

Það fyrsta, sem mér þykir að því, er að verja til þess svona miklu fé, demba svona miklu láni upp á lands menn, að þeim alveg fornspurðum.

Háttv. 1. þm. Húnv. (Herm. J.) sagði, að allir væru sjálfráðir hvort þeir tækju þessi lán eða ekki, og væri því ekkert í hættunni. Vitaskuld er fyrsti maður sjálfráður; en það er ekki víst, hve lengi hann situr að jörðinni, og næsti maður eftir hann er skyldugur að taka við að borga lán það, er hinn fyrsti tók, o. s. frv.; það er því með öllu fráleitt, að allir landsmenn verði sjálfráðir um það, hvort þeir bendlast við þessi gaddavírslán.

Þá er og þess að gæta, að slík lán verða margsinnis að engu gagni, heldur að eins til byrðarauka. Þannig má nefna sem dæmi Staðarbygðarmýrarnar, þar sem þingið veitti fyrir mörgum árum 6000 kr. lán til vatnsveitinga; þar voru hlaðnar stýflur og grafnir skurðir, en eftir fá ár voru stýflurnar sprungnar og skurðirnir fyltir; hið eina sem eftir varð, var endurborgunin á láninu, eftirgjaldið var auðvitað hækkað af jörðunum, og leiguliðar sátu eftir með óánægju að greiða fyrir það, sem þeir höfðu ekkert gagn af.

Það er hætt við að hér fari eins, girðingarnar fara að forgörðum, en endurborgunin liggur á jörðum landsins og hækkar afgjöld þeirra. Annað dæmi er það, sem h. 1. þm. Húnv. kom með sjálfur, það er um lánið, er veitt var til að eyða vargi á Breiðafirði; hann sagði, sem satt er, að það lán hefði ekki komið að neinu gagni, vargurinn lifði, æðarungar væru drepnir eins og áður, en menn yrðu að endurborga lánið árlega. Enn má nefna prestakallalánin; það eru víst margir prestar, sem mundu óska að fyrirrennarar þeirra hefðu aldrei tekið þessi lán til húsagerða eða jarðabóta svo kallaðra. Þar hefir farið alveg eins og hér mundi ganga, sumir hafa kannske haft gagn af þeim, en miklu fleiri ógagn.

H. 1. þm. Húnv. (H. J.) gerði svo mikið úr kostnaðinum við að verja túnin; en eg hygg að víðast hvar megi láta unglinga verja þau kostnaðarlítið; mér finst heldur eigi, að mestu framfarir í landbúnaðinum eða túnrækt séu fólgnar í girðingum, heldur í aukning áburðarins; væri hægt að auka áburð um helming, þá mundu túnin batna og töðufall aukast að sama skapi sem h. þm. gerði ráð fyrir við girðingar; og væri áburður aukinn með þeim tilkostnaði, sem gert er ráð fyrir til girðinga, þá mundi það borga sig miklu betur.

Auk þessa er þess vel að gæta, að þetta mundi verða mikil fjárútlát fyrir landssjóðinn, því að það má ganga að því vísu, að mikið af lánum þessum yrði aldrei endurborgað, heldur gefið upp. Reynslan sýnir, hve fast menn sækja á hér á þingi að fá eftirgjöf á áður fengnum landssjóðslánum.

En það, sem mér þykir allra verst við frumv., er hinn langi endurborgunartími, sem sé 40 ár; þetta bendir á, að jafnvel sjálfir flutningsmennirnir hafa ekki mikla trú á þessu fyrirtæki, því að ef þeir hefðu haldið að það mundi borga sig, þá hefðu þeir ekki tiltekið svona langan tíma til endurborgunar lánunum. Tíminn mætti ekki vera lengri en 15 ár, því þá mundu girðingar víða vera orðnar ónýtar, og þá ættu þær að vera búnar að gefa af sér meira en lánið er, ef annars að nokkurt vit er í þessu fyrirtæki. Það má eiga það víst, að þegar girðingarnar eru orðnar ónýtar, þá borga menn ekki lengur með góðu geði, en ólmast

um uppgjöf, og ekki hætt við öðru en þingmenn þeirra verði þeim meðmæltir, ef að vanda lætur. Ef töðuaukinn yrði svo mikill, sem h. þm. gerði ráð fyrir, hví þá að hafa endurborgunartímann svo langan, úr því girðingin, eftir áliti flutningsmanna, yrði búin að margborga sig á miklu skemri tíma? Þá verð eg að leggja áherzlu á það, sem h. þm. kannaðist líka við, að gaddavírsgirðingar eru mesta skaðræði fyrir skepnur; hygg eg að talsvert af töðuaukanum mundi ganga til að bæta fyrir skemdir á skepnum.

Það er ekki svo að skilja, að eg sé á móti túngirðingum, en mér þykir þetta alt of stórt í ráðist, að fornspurðum öllum þeim, sem lánin eiga að taka. Hinu hefi eg alt af verið með, að landssjóðurinn ætti að vera hinn bezti landsdrottinn, og mundi eg fúslega samþykkja það, að landssjóður veitti til reynslu einum 50—60 af sínum jörðum fé til túngirðinga, og ef þær hepnuðust, mundu brátt aðrir taka upp sama sið.

Enn má nefna ýms vandkvæði við lög þessi, svo sem t. a. m. við innheimtuna eftir 4. gr. Hver á að greiða afborgunina á kirkjujörðunum, ef landsetinn getur ekki greitt gjaldið? Annað er það ákvæði, að ef maður fer um hlið og lætur ekki aftur, þá á hann að greiða 10—20 kr. í sekt; ætli það yrði ekki vandkvæðum bundið, að elta uppi alla slíka ferðamenn, til að ná af þeim sektinni eða lögsækja þá.

Yfir höfuð er á þessu öllu saman svo mikið flýtisverk og frumv. svo vanhugsað, að eg get ekki verið með því. Hitt mundi eg fúslega samþykkja, sem eg drap á áðan, eða eitthvað í þá átt.

Guðl. Guðmundsson: H. 1. þm. Húnv. (H. J.) hélt all-langan fyrirlestur um túngirðingar og arðinn af þeim. Dettur mér sízt í hug að fetta fingur út í það, því að eg ætla að allir muni vera samdóma um, að túngirðingar séu eitt hið fyrsta skilyrði fyrir góðri túnrækt; um þetta hélt eg ekki að þyrfti að fræða neinn, þó að einstöku menn sé þeir áhugamenn, að þeim þykir mannalegra að hafa á sér andvara til að verja túnin, heldur en að girða þau. Ef hér lægi fyrir að greiða atkvæði um það, eins og h. þm. sagði, hvort ætti að rækta landið og styðja landbúnaðinn eða ekki, þá þykist eg viss um, að enginn mundi í vafa um, hvernig hann ætti að greiða atkvæði. En hann hljóp yfir að færa nokkrar sönnur á, að þetta frv. geti komið þessu mikla gagni til vegar, og eg ímynda mér, að um það séu einmitt deildar skoðanir. Háttv. þm. gekk út frá því sem sönnuðu, er hann átti að sanna.

Ekki sannaði hann heldur neitt um það, að þetta mundi verða til að bægja frá landinu óhug á framtíð þess, Ameríkuhug o. s. frv. Það þætti mér mjög vel farið, ef til þess hittust einhver ráð, en eg efast um að þetta frv. geti orðið að því liði.

Hið fyrsta, sem þurfti að sanna, var það, að girðingar þessar væru varanlegar, en yrðu ekki ordnar ónýtar eftir ein 10—15 ár. Eina slíka girðingu hér í Reykjavík, sem mun eiga að vera fyrirmyndargirðing, skoðaði eg nákvæmlega í gær ásamt öðrum glöggskygnum manni; hún hefir nú staðið í 4 eða 5 ár, en er þegar farin að ryðga og jafnvel detta í sundur, og tel eg ekki líkur til, að af henni sjái annað eftir önnur 4—5 ár en ónýtt slitur. Væri það nú til að efla framfarahug og festa menn við land þetta, ef tekin væri $^1/_2$ miljón að láni, sem bændur skyldu endurborga í 41 ár, eða með öðrum orðum, ef girðingarnar entust í 15 ár, — sem nóg mun sagt, — halda áfram að borga í 26 ár fyrir ekki neitt, eða þá

verða að endurnýja girðingarnar á sinn eigin kostnað og jafnframt borga skatt til endurgreiðslu þessa láns? Væri þetta glæsilegt? Eg segi nei. H. þm. hefði átt að sanna það, að þessar túngirðingar entust í 41 ár eða lengur; en því gekk hann alveg þegjandi fram hjá.

Eg verð að segja, að mér finst þetta ekki heppilegri vegur, en að halda áfram að girða sem víðast með grjóti, eins og gert hefir verið. Það má geta nærri, hvort óbugur mundi ekki vaxa við það, er menn þyrftu á hverju ári að greiða svo og svo hátt gjald fyrir það, sem fyrir löngu væri að engu orðið. Þetta yrði því til að auka skatta á bændum, án þess þeir hefðu nokkuð í aðra hönd.

Þá væru þessi lán frábrugðin öllum öðrum landssjóðslánum í því, að það er alls engin trygging sett fyrir þeim, ekki einu sinni lögtaksréttur; má því búast við, að meiri hluti þeirra mundi tapast, og jafnvel að jarðir með áhvílandi þessum þunga skatti yrðu beinlínis yfirgefnar og legðust í eyði, og hvar ætti landssjóður þá að taka sitt? En eg er sannfærður um, að þó einhverjir kynnu að verða fegnir að fá þessi lán, mundi allur þorri manna skirrast við það, einkum þeir, sem væru ærlegir og ætluðu sér að borga. Auk þess mundi þessi $^1/_2$ miljón ná skamt. Gjörum ráð fyrir að hver faðmur í girðingunum kostaði 50 aura, og vita þó allir, að svo ódýr girðing er ónýt. Nú er á landinu alls um 8000 jarðir, að meðaltali 10 hndr. að dýrleik; ummál allra túna til samans getur ekki verið minna en 500—1000 mílur; mundi því þurfa hátt á aðra miljón eða jafnvel fullar 2 miljónir króna til að kaupa vírgirðing utan um þau öll. Með öðrum orðum, það, sem hér er tiltekið, er ekki meira en $^1/_4$ partur af þeirri upphæð, er minst mundi nægja.

Mér virðist því þetta frumvarp, eins og það liggur fyrir, í alla staði óaðgengilegt. Annað mál er það, hvort mögulegt er að breyta því svo, að það verði nýtilegt, og þó eg sjái ekki veg til þess, þá mun eg þó greiða atkvæði með að það gangi til 2. umr., ef formælendur þess kynnu að geta fundið einhver haldbetri meðmæli með því, heldur en fyrirlestur h. 1. þm. Húnv.(H. J.) um túngirðingar.

Pétur Jónsson: Eg vil með fáum orðum láta í ljós álit mitt á aðalatriðum þessa máls. Eg hefi heyrt þetta frumv. kallað gaddavírsfrumv., og ætti gaddavírinn eftir því að vera aðalatriði frumv.; en í mínum augum er það ekki gaddavírinn heldur túngirðingarnar, sem eru aðalatriðið. Í mínum augum er frumv. þetta eitthvert hið merkilegasta mál, sem hefir komið fram á þingi. Það er stór hugsun, að ætla sér að girða öll tún á landinu eftir vissum reglum, og hafa á fáum árum komið gripheldri girðingu um hvern ræktaðan blett á landinu. Þetta er í sannleika hugsun, sem ekki má sleppa aftur, úr því menn hafa haft djörfung til koma fram með hana. Hugsunin verður að lifa þangað til hún er framkvæmd. Um gaddavírinn ætla eg nú ekki að ræða; eg er ekki búinn að átta mig á honum, eg hygg yfir höfuð, að eigi sé enn fengin á honum nægileg reynsla; en þó ætla eg að h. þm. V-Sk. (G. G.) hafi skapað sér grýlur út af honum, eða málað fjandann á vegginn. En það er annað atriði í þessu máli, sem er að minni hyggju mjög mikilsvert. Ef mönnum kemur saman um að gaddavírinn sé hentugt girðingarefni, þá er hér leidd inn heppileg aðferð til útvegunarinnar, ɔ: að útvega hann í félagi

fyrir land alt. Þetta er aðferð, sem getur kent manni fleira, og átt við fleira en þessa einu vörutegund; og hún er út af fyrir sig svo mikils virði, að það má ekki ganga fram hjá henni.

H. þm. Rvk. (Tr. G) þótti hér ráðist í of mikil fjárframlög; en eftir frv. er það ekki svo griðarmikið; það er að eins að verja 100,000 kr. á ári til lána, til að bæta jarðirnar í landinu. Á hverju byggir landssjóður velmegun sína, fremur en því, að verðmæti jarðanna í landinu vaxi sem mest. Eg er viss um, að ef öll tún á landinu yrðu girt, þá mundi það hafa margfalda þýðingu við það, sem fæst fyrir þær 20—24000 kr., sem veittar eru nú á ári til búnaðarframfara.

En spurningin er: þarf ekki meira fé, eins og h. þm. V.-Sk. hélt fram? Reyndar fanst mér hann reikna nokkuð hátt, en líklegt þykir mér þó, að þurfa muni meira fé en hér er ætlað. Eg fyrir mitt leyti er ekki áfram um, að ráða þessu máli til lykta á þessu þingi. Eg vona að við höldum hugsuninni fastri, hvort sem hún kemur til framkvæmda fyr eða síðar. Ekki álít eg mikið gerandi út af því, að þetta sé að fornspurðum landsmönnum. Eg sé ekki betur, en að löggjafarvaldið hljóti að vera skyldugt að gera það, sem það álítur bezt fallið, landinu til viðreisnar. Löggjafarvaldið býður að eins fram þessi lán, en hitt er undir landsmönnum komið, hvort þeir vilja þyggja þau. Þar sem h. þm. V Sk. (G. G.) talaði um, að engin væri trygging fyrir lánunum, þá hefi eg skilið það svo, að tryggingin lægi í jörðunum sjáltum. (*Guðl. Guðm.*: Nei). Ef það er ekki, þá verður að laga það. (*Guðl. Guðm.*: Hvernig færi þá með fyrsta veðrétt?)

Þórhallur Bjarnarson: Eg ætlaði ekki að tala nú, af því eg bjóst við að málinu yrði vísað til landbúnaðarnefndarinnar, og að eg þá fengi tilefni til að láta skoðanir mínar í ljós. En af því 2 hv. þm. hafa mælt harðlega á móti frv., þá hefir hitnað svo í mér blóðið, að eg verð að mótmæla þeim.

Alt, sem eg hefi séð og skilið viðvíkjandi íslenzkum landbúnaði, hefir fullvissað mig um, að girðingaleysið er hans mesta mein, en jafnframt það mein, sem auðveldast er að bæta úr. Í mörg ár hefi eg varla komið svo á sveitabæ, að eg hafi ekki hugsað um, hvernig túngirðingu yrði þar haganlegast komið fyrir, og úr hvaða efni hún ætti að vera. Og eg er sannfærður um, að á meir en helming allra þeirra bæja, sem eg hefi litið til, verður ekki með hagsýni komið við að girða með öðru en gaddavír. Sú girðing hefir líka þann kost, að hún kemur einnig að haldi á vetrum, og víða er eins mikil aðsókn af hestum á túnin á vetrum, og er það túnunum engu síður skaðlegt þá. Þegar fyrst var farið að nota hér gaddavírsgirðingar fyrir nokkrum árum, heyrði eg menn, sem voru þeim móthverfir, segja, að þessar girðingar væru ein af þessum ameríkönsku nýungum, sem hefðu slæðst til Skotlands, en annarstaðar væri ekki litið við, að minsta kosti vildu Danir ekki hafa þær, og trúði eg því. Þess vegna rak mig í rogastans, þegar eg fyrir fáum árum var vikutíma á Fjóni og fór þar um gangandi og keyrandi, og sá í hve stórum stíl gaddavírsgirðingar voru notaðar þar til að girða við svæði, marga ferkílómetra. Þetta girðingarefni hlýtur alstaðar að ryðja sér til rúms, og hefir gert það ákaflega mikið á stuttum tíma.

Sannleikurinn er sá, að ógirt land er og verður óræktað land, hvernig

sem á það er borið. Þetta frv. með öðru fleiru, sem gert hefir verið á þessu þingi, markar beinlínis nýja stefnu í íslenzkum landbúnaði. Við höfum hingað til notað landið okkar nærri því eins og heiðingjar (Nomader), farið yfir það með ránshendi en ekki ræktað það. En eg fyrir mitt leyti álít, að við höfum bæði loftslag og önnur skilyrði til að geta ræktað landið á líkan hátt og gert er hjá frændþjóðum vorum á Norðurlöndum, þó ekki verði til kornyrkju, þá í grasræktinni. Okkar íslenzka mold er svo góð, að fóðra má kúna hæglega vetur og sumar á 6—8 dagsláttum og fjölskylda getur lifað á 50—60 dagsláttum, þar sem nær til rjómabús. Eg tel þetta frv. eitthvert hið þýðingarmesta, er liggur fyrir þessu þingi, af því að það rekur okkur inn á ræktunarbrautina. að dæmi siðaðra landbúnaðarþjóða. Og eg hefi heyrt á bændum hér nærlendis, að þeir búist ekki við öðru betra af þessu þingi en að það samþykti þetta frv.

Það hefir verið spurt, hve lengi gaddavírsgirðingar entust, og það er mikið satt, að þær endast ekki um aldur og æfi, en þó ekki yrði urmull eftir af þeim gaddavír, sem keyptur er fyrir lánin, eftir 15—20 ár, þá mundi fyrirtækið margborga sig, því það mundi koma mönnum út úr þeim villidómi ræktunarleysisins, sem hér hefir ríkt í margar aldir, og koma þeim í skilning um, hvað það hefir að þýða að eiga velgirt og algirt land. Mig langar til að segja hér dálitla sögu, sem hæstv. landsh. hefir einhvern tíma sagt mér, og getur hann borið um, hvort eg fer rétt með, en sagan er einmitt um föður hans. Hann var góður búhöldur austur í Skaftafellssýslu, og hafði girt tún sitt og borið vel á, svo að í stað þess, sem það áður hafði gefið af sér 120 hesta af töðu, gaf það nú af sér hjá honum 300 hesta. En svo tekur gamli maðurinn það í sig, að láta alls enga skepnu koma á túnið, og þá fór svo, að það komst upp úr því ræktunarhámarki, sem það hafði náð undanfarin ár, upp í 400 hesta. Þessi saga er merkileg, af því hún sýnir, hvað algerð friðun og varzla getur gert mikið.

Eg hefi oft í bæjarstjórninni hér í bænum leitt hest minn saman við hv. þm. Rvk. (Tr. G.) um gaddavírinn, og kannast við þessa hræðslu hans, en álít hana ástæðulausa. Eg hefi sjálfur hólfað mitt litla land í sundur með gaddavír til beitar á sumrin og haft þar þó nokkrar skepnur á, en engin þeirra, að undanteknum einum folaldsóvita, hefir skemt sig á vírnum. Slíkar skemdir eru hugsanlegar þar, sem ekki er nema einn strengur eða tveir, en alls ekki þar sem er fullkomin girðing með 4 eða 5 strengjum. Að því er oddana snertir, þá eru þeir að vísu ekki galvaniseraðir í sárið, þar sem sundur er klipt, og því hætt við að ryðga, en líklegt er að mætti verja þá ryði með því að mála þá. En sem sagt, efnið er svo ódýrt, að þó það endist ekki nema ein 10—20 ár, — eg ímynda mér að hann endist mun lengur, — þá borgar reynslan, sem við þetta fæst, það margsinnis. Því eg er sannfærður um, að komist menn upp á gagnið af slíkum girðingum, þá hætta menn ekki við þær aftur.

Hér er ekki um annað að ræða en að landsstjórnin réttir fram hjálparhönd, sem hver um sig ræður hvort hann vill þiggja eða ekki; hér er engin þvingun, og ástæðulaust tal, að svona frv. þurfi fyrst að bera undir þjóðina.

Árni Jónsson: Eg tek þar við, sem hv. síðasti ræðumaður hætti, að

þetta er framrétt hjálparhönd. En mér finst það þurfi fyrst að spyrja þjóðina, hvort hún vill þiggja þessa hjálparhönd, og þess vegna megi ekki ráða þessu máli nú þegar til lykta. Það er mín skoðun, að þingið eigi jafnvel í smæstu málum, er snerta þjóðina alment, að taka tillit til þjóðarviljans og gefa þjóðinni sjálfri tækifæri til að kynna sér málin, athuga þau og ræða á þingmálafundum, áður en þau séu til lykta leidd á þinginu. Og þetta mál snertir ekki að eins þjóðina að því leyti, hvort hún óskar þessa og er fús á að taka við því, sem henni er boðið, heldur hefir líka frv. svo mikil fjárframlög í för með sér, að nauðsynlegt væri að gefa mönnum kost á að athuga það. Mér finst það ekki svo lítill kostnaður, ef á að skoða öll girðingastæði á landinu fyrir 1. nóv. 1904, og ætti því ekki að leggja út í þann kostnað, fyr en menn hafa verið spurðir um, hvort þeir vilja leggja út í þessar girðingar. Það stendur í frv., að sýslunefndir eigi að annast þetta, og kostnaðurinn, er kemur á sýslusjóði, verður ekki lítill. Það má bera þetta mál saman við annað mál, sem var fyrir hér í deildinni, sem sé um nýtt jarðamat, og sem þm., að því er mér hefir síðan skilist, ekki vildu leggja út í, kostnaðarins vegna, og kostnaðurinn yrði ekki að mun minni við þetta, að fara um öll tún landsins og girðingarstæði. Einmitt vegna þess, að þetta mál snertir svo að kalla hvern búanda, finst mér, þótt hugmyndin sé góð, í of mikið ráðist, að ráða því til lykta á þessu þingi, án þess að vita fyrst um vilja þjóðarinnar. Eg get ekki annað séð, en að ef ekki er þörf á að leita álits manna um þetta mál, þá eigi þó að taka tillit til óska þeirra, er fram hafa komið í öðrum mikilsverðum málum, sem þeir telja stórnauðsynleg fyrir sig t. d. brúargjörðir, vegabætur o. s. frv.

Háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) sagði að við lifðum hjarðmannalífi. Ekki verður það alstaðar lagt mönnum til ámælis. Sumum sveitum er svo háttað, að menn verða að lifa þannig. Í mínu kjördæmi er t. d. ein sveit, þar sem engin tún eru. En þrátt fyrir það eru íbúar þeirrar sveitar einna beztir efnamenn þar í sýslu. Þótt jörðin sé þar svo sendin, að hún er óhæf til grasræktar, þá er hún hins vegar svo kjarngóð til beitar, að fénaður gefur þar meira af sér en víðast annarstaðar. Strjálbygðin og fámennið gera það að verkum, að sumir verða að lifa og bjarga sér á þenna hátt. Ef hægt væri að flytja menn saman í gróðursælustu landshlutana, þar sem alt er grasi vafið, gætu þeir að sumra áliti sjálfsagt lifað góðu lífi. En það er efamál, hvort allir vildu taka sig upp frá sínum æskustöðvum. Sumir vilja heldur búa til fjallanna. — Þótt þar sé kalt, þá er það þó karlmannlegt og kjarkeflandi. Er því ísjárvert að knýja fjallabúana til að flytja á hina svo kölluðu gróðursælli staði.

Hv. þm. Húnv. (H. J.) sagði, að jafnvel væri tilvinnandi að *gefa* þessa upphæð, ef það gæti orðið til þess, að breyta hugsunarhættinum svo, að menn hættu við að streyma af landi burt. Það er mikið rétt. En fyrir mér víkur þessu máli þannig við, að það miði ekki að svo komnu til þess að festa menn í landi. Eg álít ísjárvert, að lántakan vari svo mörg ár, meðan ekki er fengin trygging fyrir því, að girðingin endist að minsta kosti eins langan tíma Mönnum fellur jafnan illa, er þeir þurfa að borga lán, sem tekin hafa verið fyrir löngu, til umbóta eða fyrirtækja, sem þegar eru fallin um koll;

það er eins og að greiða skuld annars manns, án þess að hafa nokkuð í aðra hönd sjálfur.

Það hefir kveðið við í umr., að vér Íslendingar hefðum engar túngirðingar. Ekki er það alls kostar rétt. Túngirðingar hafa verið hér á landi frá elztu tímum, enda eigum vér traust girðingarefni þar sem grjótið er. Og á þeim stöðum, þar sem nóg er af því, og gerði verða hlaðin án sérlega mikils kostnaðar, er gott og réttmætt að styðja þannig lagaðar girðingar.

Þjóðin mun spyrja að því, hversu lengi þessar gaddavírsgirðingar muni endast. Þess vegna álít eg nauðsynlegt að afla sér fyrst kunnugleika í því efni, áður en farið er að samþ. svona lagað frumv.

Yfir höfuð er eg málinu hlyntur, en mér finst frumv., eins og það liggur hér fyrir, ekki þannig lagað, að heppilegt sé að ráða því til lykta á þessu þingi.

Hermann Jónasson: Eg er þakklátur háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) og háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) fyrir hlýlegar undirtektir þeirra undir þetta mál. En svo nær nú þakklæti mitt heldur ekki lengra. Háttv. þm. Rvk. (Tr. G.) talaði mikið um það, að þingið þyrfti fyrst að fá að vita, hvort þjóðin vildi hlíta þessu. En sú spurning verður lögð á sínum tíma fyrir hvern og einn. Hver getur hafnað, er vill; hinir þiggja. Og einmitt þetta er rétta aðferðin til að spyrja þjóðina, að hver einstaklingur geti svarað fyrir sig. Eg játa að sönnu, að dálítill kostnaður legst á sýslusjóðina. En eg er sannfærður um, að engin sýsluneíndin vildi segja nei, eða þyrði að segja nei við slíkum kostnaði, þegar um jafnmikið nauðsynjamál er að ræða.

Háttv. þm. Rvk. (Tr. G.) skildi ekki alls kostar rétt ummæli mín um lánið til Æðarvarpsfélagsins. Eg mintist á það, að eins til að benda á, að engin hætta væri á, að beðið yrði um uppgjöf á þessu láni. Lánið til Staðarbygðarmýra á eigi við að nefna í þessu sambandi, því að það var óheppilega stofnað. Einnig lán til prestakalla eru annars eðlis; þau miða ekki til arðs, heldur að eins til þæginda, þar sem þau eru veitt til þess að byggja upp hús staðarins. En oft og einatt hefir presturinn skaða af þeim í efnalegu tilliti, því að betri húsakynni þurfa meiri umhirðing og viðhald á þeim er dýrara; auk þess þurfa timburhús, eins og þau eru bygð í sveit, meiri upphitunar en torfbæir. Með þessum lánum og því, er hér ræðir um, er enginn skyldleiki.

Sami háttv. þm. sagði, að lánsfresturinn væri ætlaður of langur. Eg tel það einmitt nauðsynlegt að hafa tímann langan, því að ef hann væri stuttur, þá yrði það margur leiguliði, er byggi einn allan tímann á jörðinni, sem verið er að borga lánið, og yrði svo að skila henni með girðingum og fullu álagi. Auk þess er ástandi sveitabúskaparins þannig farið, að hann getur ekki borið nema lán til langs tíma.

Þá lagði háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.) mikla áherzlu á það, að þessar girðingar væru eigi varanlegar; kvað hann þær ekki mundu endast lengur en 15 ár í mesta lagi. Eg tók það fram áðan, að auðvitað væri ekki gott um það að segja, hve lengi þær mundu endast. En þess ber að gæta, að hægt er að fá girðingarefni með miklu betri kjörum, og mikið betri þegar í stórkaupum er keypt heldur en ella. Og enda þótt girðingarnar entust ekki nema í 15 ár, þá mundu þær hafa margborgað sig fyrir þann tíma. Þess-

ar girðingar eru þær ódýrustu, sem hægt er að fá, og lítum vér til torfgirðinga, þá sjáum vér að þær endast víða litlu lengur, eða jafnvel skemur en 15 ár. Eg fyrir mitt leyti hefi að minsta kosti oft og tíðum séð þær hrundar innar þess tíma. Grjótgirðingar játa eg aftur á móti að séu einhverjar þær beztu og varanlegustu, er hægt er að fá. En því happinu er nú ekki að heilsa, að alstaðar sé grjót fyrir hendi. Og auk þess eru þær girðingar svo kostnaðarsamar, að fáir bændur hafa kraft til að girða þannig alt tún sitt, enda þótt nægt efni sé fyrir hendi, en gagnslaus er girðingin, þar til er hún nær umhverfis alt túnið. Væri nú aftur á móti vírgirðingum komið á, mætti smátt og smátt hlaða grjótgarða fram með henni áður hún eyðilegðist.

Sumir háttv. þm. hafa látið sér þau orð um munn fara, að þetta væri alt bygt í lausu lofti. Eg gat þess í upphafi ræðu minnar, að svo væri ekki, en að það auðvitað hlyti að byggjast á ágizkun að nokkru leyti. Það nær engri átt, er háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.) tók fram um tölu túna á Íslandi. Þau munu vera alls ekki 8000 heldur um 6000. Eftir jarðamatsbókinni frá 1861 voru þau þá 5000 að tölu. Enn þá meiri fjarstæða er áætlan hans um ummál allra túna landsins.

Þó að frumv. sé að nokkru leyti bygt á ágizkun, þá fer því þó fjarri, að það megi heita bygt í lausu lofti. Eins og þegar var tekið fram, voru 5000 tún á landinu er jarðamatsbókin var lögleidd 1861, að hjáleigum meðtöldum. Nú gjörir frumv. ráð fyrir, að þar sem um einstakra manna eignir er að ræða, veiti landssjóður $^3/_4$ að láni til girðingarinnar; en aftur á móti til allrar girðingarinnar á hverri þjóðjörð, hvort heldur hún er kirkjueign eða landssjóðseign. Eftir jarðamatsbókinni 1861 voru 870 kirkjujarðir og 507 landssjóðsjarðir á landinu, en síðan hefir landssjóðsjörðum talsvert fækkað. Sé nú gjört ráð fyrir, að hvert tún sé að meðaltali nál. 400 faðmar ummáls, sem lætur nærri eftir töðufallinu, þá yrði ummál allra túna á landinu um 2 milj. faðmar eftir jarðamatsbókinni. Auðvitað er valt að byggja á þessu vegna mismunandi ræktar og lögunar túnanna, og svo hafa nokkrar breytingar orðið síðan.

Nú er gjört ráð fyrir, að með sérstakri reglugjörð yrði kveðið á um fyrirkomulag girðinganna, og mundi þar, eins og gjört er ráð fyrir í frumv., aðallega miðað við, að 5 snúrur yrðu í girðingunum; ef nú hver faðmur vírs kostar 5 aura, þá kostar vírinn alls í hvern faðm girðirðingarinnar 25 aura. Og ef nú hver teinn, er að meðaltali þyrfti að vera um 60 þuml. langur, — sumstaðar mættu þeir vera styttri, sumstaðar þyrftu þeir ef til vill að vera lengri, — kostar 18 aura, þá mundi hver faðmur girðingarinnar kosta að meðaltali 43 aura.

Þegar nú gert er ráð fyrir því, að hinar opinberu jarðeignir landsins þurfi 560,000 faðma í girðingar, en bænda eða privateignirnar 1,440,000 faðma, þá má gera ráð fyrir að opinberu girðingarnar kosti 236,800 kr., en girðingar á á bændaeignum 403,400 kr. eða alls 640,000 krónur. Að sönnu hefir bændaeignum talsvert fjölgað síðan 1861. En á hinn bóginn kemur það til athugunar að margar jarðir á landinu eru girtar, ýmist er girðing um túnið af mannavöldum eða þá af náttúrunnar völdum. Sumstaðar eru fljót eða vötn, klettar, hraun eða gjár og mundi þá

ekki þurfa að girða þar. Það er ómögulegt að segja, hvað mikið þetta kynni að draga úr girðingunum,

Það var eitt atriði í ræðu hins háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.), sem mig undraði mikið á. Hann sagði nefnilega, að það væri ekki nein trygging fengin fyrir því, að þetta lán yrði borgað. Eg eg vil leyfa mér, þó að málið sé nú til 1. umr., að biðja hæstv. forseta leyfis að lesa upp úr 4. gr. frv. þessi orð:

— — »gjaldið innheimtist hjá ábúendum á manntalsþingum eftir sömu reglum sem önnur manntalsþingsgjöld, og reiknast frá því, er efnið kom á þá höfn, sem um var beðið, en sé það ó fáanlegt frá ábúanda á einstaks manns eign, skal jarðeigandi greiða gjaldið«.

Þegar þetta atriði er nú tekið til athugunar, að það á að heimta þetta gjald með öðrum þinggjöldum, þá færist lögtaksrétturinn yfir á það, svo sem önnur manntalsþingsgjöld. (*Guðlaugur Guðmundsson*: Stór misskilningur!). Eg ætla mér ekki að fara að deila um þetta við þenna háttv. lögfræðing, en eg þarf úrskurðar frá hærri stöðum ef eg á að sætta mig við hann. En þótt hann hefði rétt fyrir sér, þá er enn þá hægt að breyta þessu.

Þá talaði sami háttv. þm. (Guðl. Guðm.) um það, að fé þetta mundi ekki verða notað, en eg álít, að hér sé engin hætta á ferðum, þótt lánið yrði eigi tekið, eða sízt ætti það að vera það í augum þeirra manna, sem eru hræddir við ákvæði frumv. um landssjóðslánið.

Guðlaugur Guðmundsson: Það er að eins örstutt athugasemd, sem eg ætlaði að gera út af ræðu þess háttv. þm., sem síðast talaði (H. J.). Hann kom ekki fram með eina einustu röksemd móti mínum þremur mótbárum. Hann kom ekki fram með neitt, sem sýndi, að girðingar þessar væru *varanlegar* og enga sönnun færði hann fyrir því, að *trygging* fengist fyrir endurborgun lánsins, og heldur ekki, að hin tiltekna fjárupphæð væri nægileg, ef alstaðar ætti að girða. Eg vil líka taka það fram gagnvart ræðu þessa h. þm. (H. J.), að lögtaksréttur getur hér ekki átt sér stað, því hann er ekki nefndur á nafn, en til þess að hægt sé að taka lögtaki, verða að vera skýlaus lagafyrirmæli. Lögtaksréttur er ekki nein trygging, og það er lítið vit að blanda honum saman við veðrétt eða veðtrygging.

Þórhallur Bjarnarson: Það er að eins örstutt athugasemd, viðvíkjandi varanleik þessara girðinga, sem hér er um að ræða. — Eg vil leyfa mér að spyrja: Að hverju leyti eru grjótgarðar, torfgarðar eða skurðir varanlegri? Eg get talað af nokkurri reynzlu í þessu efni, alténd að því er grjótgarðana snertir. Það þarf ekki annað en að komi snjóléttur kafli á vetrinum með töluverðu frosti, þá skekkjast garðarnir og hrynja um koll þegar jörð þiðnar. Torfgarðarnir eru þó enn endingarminni, nema hvað í einstaka stað kann að vera svo góð snidda og vel hlaðið að sér, að standi um hríð, en þar er vírinn þó ómissandi ofan á. Og hvernig fara þá ekki skurðirnir? En þó ekki sé litið á annað en kostnaðinn við að koma vörzlunni á, þá liggur það í augum uppi, að hann er miklu meiri við allar þessar girðingar í samanburði við vírinn, og auk þess sem þeim girðingum, er eg nefndi, verður víða alls ekki komið við.

Spurningin er bara þessi: Á að vera að hugsa upp á girt land eða ekki? Ef það er álitið lífsspursmál að fá túnin girt, þá vona eg að engum geti blandast hugur um, að vér eigum þá að fara leiðina, sem hér er vísað á, því

að varanleikur annara girðinga er ekki hætið meiri.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 20 samhlj. atkv.

Vísað til landbúnaðarnefndarinnar með 21 samhlj. atkv.

Önnur umr., 18. ágúst. (C. bls. 616; n. 647; brt. 671).

Framsögum. (Hermann Jónasson): Nefndin hefir gert sér far um, að athuga þetta mál sem bezt, og hefir meir og meir sannfærst um, hvað nauðsynlegt það sé. Nefndin hefir skoðað gaddavír sem víðast. Elzta girðingin hér er hjá Þorsteini Tómassyni í Reykjavík, og er hún tíu ára gömul, og á Meðalfelli í Kjós er níu eða tíu ára gömul girðing. Báðar þessar girðingar eru algerlega óskemdar. En aftur höfum við rekið okkur á það, að yngri girðingar, 4 til 5 ára gamlar, eru farnar að láta á sjá. En ástæðurnar til þess geta verið margar. Það hefir kannske verið farið illa með efnið áður en það var lagt í garðinn, o. fl. o. fl. — I því tilefni, sem fært var á móti gaddavírnum af háttv. þm. V. Sk. (G. G.) við 1. umr., þá lá vírinn $^1/_2$ ár í söltu vatni, og við það hefir galvaníseringin farið af. Stundum er vírinn líka illa strengdur, og strengir svo fáir, að skepnur ráðast á girðingarnar og beygja vírinn, en við það er hætt að galvaníseringin springi og vírinn ryðgi. — Svo er líka vírinn, sem fluttur er inn, mjög mismunandi. Það er gamall kaupmanna siður, að vanda vöruna fyrst, meðan verið er að fá álit á hana, og svo kaupa sem ódýrast, til þess að græða sem mest.

Í þessu frumv. er gert ráð fyrir því, að landssjóður kaupi vöruna vandaða, og svo ódýra, sem framast er hægt, og með þessu móti sé komið í veg fyrir, að einstakir menn kaupi verri vöru og við hærra verði. Munurinn á því, hvernig vírinn er, sést greinilega á því, að girðingar úr góðu efni eru óskemdar eftir 10 ár, en úr vonda efninu meira og minna skemdar eftir 5 ár. — Auðvitað hefir hirðingin líka mjög mikla þýðingu, en frumv. gerir einmitt ráð fyrir því, að eftirlitið verði mun betra með girðingunum. Á hvern veg, sem þetta mál er skoðað, er það sýnilegt nauðsynjamál.

Nefndin hefir mjög fáar breytingar. Flestar þeirra eru að eins orðabreytingar, eða miða þá til þess, að gera ýms ákvæði skýrari.

Við 1. umr. kom það í ljós, að vafasamt væri, hvort hægt væri að taka þetta gjald lögtaki; vér höfum því komið með breyt.till. við 4. gr. um, að því skuli fylgja skýlaus lögtaksréttur. — Við 6. gr. höfum vér bætt ákvæði, til frekari skýringar um, hvernig skuli farið að, þegar fleiri býli eru á einni jörð, eða margar jarðir liggja saman. — Breyt.till. við 8. og 9. gr. lúta að því, að færa fleiri ákvæði inn undir reglugerðina, til þess hægara sé að breyta til, samkvæmt þeirri reynslu, er fengist í framkvæmdinni.

Viðvíkjandi 10. gr. hefir ákvæði hennar verið skerpt, ef vanræksla er sýnd í því, að fullgirða túnin. — Breytingin við 13. gr. lítur einnig að því sama.

Við 14. gr. er tekið fram, að landssjóðstillagið sé að eins lán.

Við 15. gr. kemur í staðinn fyrir 5% 4%, til þess kjörin yrðu enn aðgengilegri fyrir leiguliða.

Breyt.till. við 16. gr. gerði nefndin í neðri deild í samræmi við skoðun nefndarinnar í efri deild. Sektarákvæðið er hér fært niður í 5–50 kr., og nefndin hefir leyft sér að bæta við: »auk skaðabóta«.

Þá kemur 16. breyt.till. við 18. gr.: í staðinn fyrir 1. apríl komi 1. febrúar. — Það vakti fyrir nefndinni, að sýslufundirnir eru stundum haldnir í febrúar og marz, en til þess að sýslunefndin geti kosið þessa menn, sem eiga að ákveða og skoða hversu mikið girðingarefni þurfi til hverrar jarðar, þá setti hún þessi ákvæði.

Þá er breyt.till. á þingskj. 539, en nefndin hefir ekki haft tækifæri til að athuga hana, og get eg því ekki sagt neitt um hana fyrir nefndarinnar hönd. —En eg ímynda mér, að hún nái ekki fram að ganga, því vafasamt er, hvað mikið svæði á að girða. Landssjóði gæti verið lagður of þungur baggi á herðar, hvað lánið snertir. En meining frumv. er, ef einhver vill gera aukagirðing, þá geti hann fengið hana með jafn góðum kjörum, hvað innkaup snertir, og á því efni, sem keypt er í sjálfa túngirðinguna.

Breyt.till. í þessa átt vildi eg gjarnan koma með til 3. umr.

Eg sé ekki betur en þetta sé líka meiningin í 7. gr., þó réttara væri kannske að taka það skýrara fram.

Árni Jónsson: Mér finst það ekki bera vott um, að háttv. þingdeildarm. skoði málefni þetta sem stórmál, að enginn þeirra skuli ætla að taka til máls. En eg álít, að mál þetta hljóti að teljast sannarlegt stórmál, þegar litið er á kostnað þann, er það hefir í för með sér, sem sé minst $^1/_2$ miljón beinlínis, og tugi eða jafnvel hundruð þúsunda óbeinlínis. Það er fornt máltæki: »Það skal vel vanda, sem lengi á að standa«, og svo finst mér þetta mál vera vaxið; eg álít það svo stórt og umfangsmikið, og svo mjög grípandi inn í allan hag bændastéttar vorrar, að eg get ekki sannfærst um það, að það sé rétt að ráða því til lykta þegar á þessu þingi. Eg álit, að það sé nú búið að fá góðan undirbúning á þessu þingi, fyrst í háttv. efri deild, og svo af 7 manna nefnd í þessari deild, og álít eg því, að hér eigi að láta staðar numið, að þessu sinni.

Eg lét það í ljós við 1. umr., að hér væri eigi að eins um stórt mál að tala í sjálfu sér, heldur og að kostnaðinn geti borið að jafnvel þegar á næsta ári, að minsta kosti að nokkru.

Þá verð eg og að telja ákvæðin í 5. gr. hæpin í framkvæmdinni; eg efast stórlega um, að alstaðar verði hægt að fá vel hæfa menn til þess að gefa leiðbeiningar þær, er þar ræðir um, eða hygg að minsta kosti, að það sé ekki hlaupið að því.

Sama er að segja um skýrslu-eyðublöðin; það er naumast við því að búast, að landsstjórnin fari að semja þau eyðublöð fyr en lögin hafa öðlast staðfesting; og verð eg þá að telja mjög hæpið, að þau verði komin út um land fyrir þann tíma, er sýslunefndarfundir eru haldnir.

Þá hefir nefndin alveg gengið fram hjá því, að ákveða nokkuð um það, hver laun þessir leiðbeiningarmenn skuli fá; en mér dylst það ekki, að þar er stór-miklum kostnaði dembt upp á sýslusjóðina, sem auk þess eiga á sínum tíma að kosta uppskipun girðingarefnisins, geymslu þess, afhending o. fl.

Það er þetta tvent, sem mér finst aðallega vera á móti því, að frumv. þetta verði afgreitt nú þegar af þessu þingi: *að* tíminn mundi verða of stuttur fyrir sýslunefndir og landsstjórn til undirbúnings undir framkvæmd laganna, og *að* réttara væri, að leita álits manna, er um svo mikil gjöld er að ræða og skyldur, er þeim verða lagðar á herðar. — Að vísu hefir því verið haldið fram, að hér sé ekki meiningin að leggja neinum skyldu á herðar, frekar en

hann vill sjálfur. En þá veit eg sannarlega ekki, hvernig á að skilja upphafið á 5. gr., ef þar er ekki að ræða um skyldu, er lögð sé sýslunefndunum á herðar. Og ef vér berum 11. grein saman við 5. gr., þá er þar aftur gert ráð fyrir, að þessir skoðunarmenn skuli vera svo vel að sér, að þeir geti gefið allar nauðsynlegar leiðbeiningar; en eg ætla, þar sem þessi girðingaraðferð er enn víðast hvar lítt þekt, þá geti það orðið fleiri enn ein sýsla, sem ekki eigi völ á slíkum mönnum, nema þá með lengri undirbúningi.

Það voru þessar athugasemdir, sem eg vildi gera við frumv. þetta, eins og það liggur fyrir.

Að öðru leyti get eg ekki verið samdóma hv. nefnd um það, að mál þetta þoli enga bið; því að þó eg geti tekið undir það, að »þjóðin óskar og væntir þeirra aðgerða alþingis, sem miða að því, að efla og glæða trúna á gæðum og framtíð landsins o. s. frv.«, þá vakir það á hinn bóginn fyrir mér, að það verði heppilegast í því tilliti, að löggjafarvaldið sinni sem mest þeim óskum og kröfum, er komið hafa fram frá héruðunum um umbætur, sem menn sjálfir hafa mestan áhuga á; en síður hitt, að ráðast í svona stórt fyrirtæki, sem vanséð er, að þeir hafi nokkra trú á, og sem þeim er enn þá allsendis ókunnugt um.

Að endingu vil eg minnast á viðbót þá, sem háttv. nefnd stingur upp á við 13. grein: »Hreppstjórnir skulu hafa eftirlit með viðhaldi girðinganna, og tafarlaust skýra sýslumanni frá, ef vanrækt á sér stað«. Eg veit ekki, hvað meint er með þessu orði »hreppstjórn«. (*Einhver*: Það er prentvilla fyrir »hreppstjórar«). En það er ekkert sagt um það, hvað sýslumaður á að gera, er hann fær tilkynninguna.

Einar Þórðarson: Eg hefi leyft mér að koma fram með breyt.till. við 6. gr., er fer fram á að fella burt niðurlag greinarinnar frá og með orðunum: »og eigandi og ábúandi kostar«. Þegar eg fór að athuga þetta ákvæði í 6. gr., í sambandi við endann á 7. gr., þá gat mér ekki skilist, að það þyrftu laga-ákvæði til þess, að heimila eiganda eða ábúanda að gera girðing á eigin kostnað, enda gerir 7. gr. eigi ráð fyrir því, að landsstjórnin sjái um pöntun á öðru efni en því, er þarf til að girða túnið sjálft.

Girðingar um tún hafa auðvitað marga kosti; en einn galla hafa þær, og hann er sá, að þær minka þá hvöt, sem ábúandinn hefir til þess að færa túnið sem mest út. Fyrir því er áríðandi, að innan girðingar verði svo stórt svæði, sem efni leyfa, af þeirri jörð, sem að túni mundi geta orðið; og þingið, sem með frumv. þessu ætlar að gefa mönnum hvöt til þess að girða tún sín, ætti sannarlega ekki að gera sitt til þess, að draga úr áhuganum á því, að færa þau líka sem mest út. En væri þetta ákvæði felt aftan af 6. grein, þá gæfi þingið eigi að eins hvöt til þess að girða túnin, heldur og ákaflega mikla hvöt til að stækka þau.

Að öðru leyti vil eg taka það fram, að mér virðist ýmislegt annað athugavert við frumv., t. a. m. það, sem gert er ráð fyrir í 15. gr., að leiguliði geti sett girðing, án þess að gera um það nokkurn samning við landsdrottin sinn, en eftir 4. gr. á eigandi að greiða afborgunina, ef leiguliðann brestur gjaldeyri; hér er með öðrum orðum lögheimilað fátækum ábúanda, sem ef til vill hefir hvorki mátt né vilja til þess að inna gjaldið, að leggja kvöð á landsdrottin.

Enn fremur er í 13. gr. jarðeigend-

um, hvort heldur eru einstakir menn eða stofnanir, gert að skyldu, að sjá um viðhald og endurbætur girðinganna, að viðlagðri 10 kr. sekt. Þetta þyrfti að vera ljósara orðað og nákvæmara. — Er sektin í eitt skifti fyrir öll? Og hvað er stofnun? Eru það kirkjujarðir og landssjóðsjarðir? Þetta þarf að orða nákvæmar.

En það, sem mest er að athuga við frv., er það, að þrátt fyrir allan góðan vilja nefndarinnar, þá hefir henni þó ekki tekist að útvega fullnægjandi upplýsingu um endingu vírgirðinganna. — Þeir, sem hæst hafa þorað að fara, hafa talað um, að þær mundu endast í 20 ár. Segjum nú að meðaltal endingar yrði 20 ára tími; þá þarf að girða aftur, en ekki meira en hálfnuð afborgun lánsins, sem eftir frumv. á að vera 41 ár; tæki ábúandinn þá nýtt lán, með sömu kjörum, til þess að girða á ný, þá verður hann eftir það að svara tveimur afborgunum, sem gætu farið að slaga upp í landskuldina af jörðinni; og þannig mundi myndast framhaldandi þungur skattur á jörðunum fyrir vírgirðingarnar. Nú með því endingarlíkindin eru ekki meiri, þá hefði verið réttara að hafa lánstímann styttri, og vona eg, að hin háttv. nefnd komi með breytingu á því ákvæði til 3. umr.

Svo er og athugandi, að gaddavírinn, sem enginn þorir að halda fram að sé endingarbetri en þetta, tekur frá mönnum hvöt til þess að girða með öðru endingarbetra efni, svo sem grjóti, er enginn mun geta neitað, að betur mundi endast í girðingu, ef vel væri hlaðið. Og gæti því verið álitamál, hvort eigi mætti finna heppilegri veg til að flýta fyrir því, að tún landsins yrðu girt.

Að endingu vil eg benda á það, að með þessu frumv. sé gengið inn á dálítið athugaverða braut. Sé það rétt, að þjóðfélagið hlaupi undir bagga með mönnum, að því er túngirðingar snertir, þá er það í augum uppi, að það mundi ná til fleira. Færi nú búnaður vor að taka framförum, þá þyrftu menn smám saman á öðrum verkfærum og dýrari að halda en þeim, er nú tíðkast, svo sem sláttuvélum, rakstrarvélum o. fl., og mundi þá landssjóður verða að útvega mönnum það eigi síður en girðingarnar.

Mér sýnist, að mikið álitamál geti verið, hvort rétt sé að halda inn á þessa leið, ef halda ætti sömu stefnu hugsunarrétt áfram, því óvíst er, hvort fjárhagurinn mundi leyfa, að veita slík lán, og tvísýnt hvort heppilegt væri, að fela stjórninni mikið af slíkum störfum.

Þess vegna finst mér réttast, að h. nefnd og deild íhugi mál þetta sem rækilegast, en ráði því eigi til lykta á þessu þingi.

Málið, — sem eg játa að er mjög mikilsvert, — hefir að eins gott af því.

Eggert Pálsson: Það hefir verið sagt, og það er satt, að mál þetta sé eitt af hinum stærstu málum, er komið hafa fram á þingi; enda hefir verið beitt við það miklum áhuga, bæði með og móti. Sumir hafa beitt áhuga og kappi á móti málinu, til að eyðileggja það; en aðrir hafa með engu minni áhuga reynt að greiða því veg gegnum þingið, og það hafa auðvitað sérstaklega verið þeir, sem mestir eru áhugamenn á landbúnaðarmálum og einkum hafa gagn sveitanna fyrir augum. — Utanþings hafa menn einnig fylgt máli þessu með allmiklum áhuga; þannig skal eg geta þess, að þá er eg í friinu, er til féll á laugardag og sunnudag,

brá mér upp í Kjós, í mína fornu átthaga, þá var það hér um bil hið eina, sem bændur spurðu um af þinginu, hvað liði túngirðingamálinu; fyrir því voru þeir mjög spentir. Enda er það ekki nema eðlilegt, að bændur hafi áhuga á þessu máli; það er svo margt, sem ber til þess.

Í fyrsta lagi er það hin afarerfiða og leiðinlega vörn á ógirtum túnum, og sem verður því erfiðari, sem mannfæðin verður meiri. Ímynda eg mér, að hver sá, sem alist hefir upp í sveit, skilji, hve mikil þreyta og tímaspillir það er, að verða að rölta á eftir hverri lambá til að koma henni úr túninu, því ekki tjáir að siga hundunum á þær, og svo tekur víða við túnið hjá ná grannanum, svo að úr þessu verður sífelt rölt alla daga. og jafn vel bæði nætur og daga.

Þá eru og, sem alkunnugt er, girðingar nauðsynlegt skilyrði fyrir jarðrækt, einkum þegar slétta skal eða plægja jörð og sá; það verður alt til ónýtis, ef girðingu vantar. Vel veit eg að menn geta sagt, að það megi nota grjót eða torf til að girða með. En þetta hefir verið notað síðan land bygðist og jafnan reynzt ófullnægjandi.

Fyrst hafa fæstir af eigin rammleik föng til að girða um alt túnið á einu eða tveimur árum; en þó verið sé að hlaða smábita af garði á ári hverju, þá kemur það að engum notum meðan girðingin nær ekki saman, og oft mun fyrsti búturinn vera fallinn áður en hinn síðasti er hlaðinn; og fer þannig vinnan til einskis.

En hér er farið fram á að koma upp girðingunum alt í einu, með tilstyrk eða láni af landssjóðs hálfu, og það, sem mest er um vert, girðingum, sem eru algerlega gripheldar. Í sambandi við þetta skal eg leyfa mér að segja sögu eina litla, er sýnir, hve lítilsverðar hinar gömlu torfgirðingar eru og hafa verið. Það bjó fyrir nokkru í Fljótshlíð maður að nafni Oddur Eyjólfsson, duganda maður og framkvæmdarsamur í jarðabótum. Eitt sinn girti hann blett nokkurn kringum fjárhús, og er hann hafði lokið girðingunni, settist hann niður með húskörlum sínum og sagði: »Nú skal eg ábyrgjast að engin skepna fer inn á blettinn«. En er hann var að sleppa orðinu komu ærnar hans þjótandi ofan úr heiði og hlupu garðinn allar saman.

Það hefir verið ein mótbáran gegn þessu frv., að efnið væri ekki varanlegt. En hv. framsm. (H. J.) kvaðst skoðað hafa 10 ára gamla vírgirðing, er alls ekkert hefði séð á; og á Meðalfelli í Kjós sá eg einnig 10 ára gamla girðingu, og sá alls ekki ryðblett á henni, nema á parti nokkrum, er bóndinn skýrði mér frá, að legið hefði alllengi niðri í túninu. Kvaðst hann ekki vera í minsta vafa um, að girðingin mundi endast mjög mörg ár, og mundi alls ekki sjá meira á henni eftir önnur 10 árin en þessi fyrstu, ef hún nyti sömu og ekki verri meðferðar.

Önnur ástæða, sem borin hefir verið fram gegn frv. þessu, er sú, að ekki liggi á, og megi vel bíða næsta þings og gefa þjóðinni kost á að segja álit sitt um málið. En mér finst þessi ástæða ekki á rökum bygð; því að hér er alls ekki farið fram á að neyða nokkru upp á þjóðina, heldur að þeir, sem girða vilja tún sín, geti fengið hjálp til þess; og í öðru lagi er hún ekki á rökum bygð sakir þess, að hér er ekki farið fram á að gefa einn eyri, heldur að eins veita lán úr landssjóði, og það að eins að nokkru leyti, nema á jörðum þeim, er landssjóður á sjálfur; þar er alt girðingarefnið lánað.

Þá fann hv. þm. N.-Þing. (Á. J.) það

að frv., að ekki væri ákveðið endurgjald handa skoðunarmönnum. En eg veit ekki til að vant sé að kveða á um slíkt í lögum. Svo er um skoðunarmenn jarðabóta, að sýslunefndirnar sjálfar tiltaka þá og ákveða laun þeirra, og hið sama sýnist eðlilegt í þessu tilfelli; enda er eg viss um, að með því að hafa endurgjaldið ólögbundið, muni mega komast að betri kjörum. En hvað hæfa menn snertir, þá er nú orðið svo margt til af búfræðingum, að engin hætta getur verið á því, að hæfir menn fáist ekki til að gefa leiðbeiningar um girðingarstæði; en girðingarefni er fastákveðið, svo að ekki þurfa neinar leiðbeiningar því viðvíkjandi.

Sami hv. þm. fór nokkrum orðum um ákvæðið aftan við 13. gr., að hreppstjórar skuli hafa eftirlit með viðhaldi girðinganna og skýra sýslumanni frá, ef vanrækt á sér stað. Hann kvað ákvæði þetta ónýtt, þar þess sé hvergi getið, hvað sýslumaðurinn ætti þá að gera, er hann fengi tilkynningu um vanrækt. Hinum hv. þm. hefir sézt yfir sambandið milli 13. gr. og 17. gr. Í 17. gr. er sem sé ákveðið, að með mál út af brotum, sem ræðir um í 13. gr. og sömuleiðis í 12. og 16. gr., skuli farið sem með opinbert lögreglumál. Þegar þessa sambands er gætt, get eg ekki skilið, að sýslumaður þurfi að vera í vandræðum um, hvað gera skuli, er hreppstjóri hefir tilkynt honum einhverja vanrækslu á meðferð girðinga.

Eg vona, sem sagt, að þetta frv. nái fram að ganga. Gild rök hafa verið færð með því, en engin móti. Hér er sem sé ekki verið að neyða neinu upp á þjóðina. En hins vegar er hætta samfara því að láta það bíða. Þegar búið er að fá 4 þingmenn í viðbót, alla úr kaupstöðum, þá mun ekki hægra viðureignar að koma fram þessu máli eða öðrum, er varða heill og framtíð landbúnaðarins.

Framsögumaður Hermann Jónasson: Hv. 1. þm. Rangv. (E. P.) hefir tekið af mér ómakið og svarað því, er svara þurfti, í ræðu hv. þm. N.-Þing. (Á. J.). En eg skal að eins geta þess, að það er jafnt enn sem við 1. umr. skoðun mín, að enda þótt sýslunefndirnar gætu sett sig á móti þessu, þá mundu þær hvorki þora það né vilja, af því að áhugi bænda á þessu máli mundi verða svo sterkur, að það leiddi af sjálfu sér, að sýslunefndirnar höguðu sér eftir honum.

Þá kom einnig hv. 2. þm. N. Múl. (E. Þ.) með ýmsar mótbárur móti frv. En satt að segja er mér ekki vel ljóst, hvað hann meinti með tölu sinni, því að eg hlýt eftir henni að dæma að skoða hann sem einn af heitustu fylgismönnum þessa máls. Í upphafi ræðu hans kom það sem sé í ljós, að hann vildi ganga lengra en nokkur annar hefir þorað að ganga, þar sem hann hélt því fram, að nauðsyn bæri til að stækka túnin sem mest með girðingunum og að landssjóður ætti að lána fé til þess. Eg hefi alt af talið það aðalkost gaddavírsgirðinga, hvað auðvelt er að færa þær úr stað; þess vegna er ekki nauðsynlegt að hafa girðinguna stærri í fyrstu, en þörf er í bráðina, því að síðar, er menn vildu stækka tún sín, er altaf hægurinn hjá að kippa upp girðingunum og færa þær út. Þetta er hinn afarmikli kostur, er vírgirðingar hafa fram yfir torfgarða og grjótgarða. Hins vegar hefi eg ekkert á móti því, er hinn hv. þm. sagði um kosti grjótgarða. En þetta frv. kemur alls ekki í veg fyrir það, að grjót verði notað til girðinga eftir sem áður, þar sem það þykir hagkvæmara.

Sami hv. þm. benti á, að 13. gr. væri eigi allskostar ljós. Eg er honum þakklátur fyrir það. Þar hafa sem sé fallið úr við prentunina orðin: »eða umboðsmenn þeirra« á eftir orðinu »stofnanir«, og er nauðsynlegt að bæta þeim inn í aftur fyrir 3. umr. En svo mintist hann einnig á 12. gr. í líka stefnu og hv. þm. N.-Þing. (Á. J.) á 13. gr. En eg get ekki séð, að þær aðfinningar hans séu á rökum bygðar, því að, eins og hv. þm. Rangv. (E. P.) tók fram, skýrir ákvæði 17. gr. nægilega þetta atriði. Þá get eg heldur ekki séð nein rök fyrir ummælum hans um 4. gr.; skoðuð í sambandi við 15. gr., er hún fullskýr og getur engan veginn talist óeðlilega hörð.

Hins vegar játa eg það rétt að vera, er sami hv. þm. sagði, að enn vantaði nægilega reynzlu fyrir því, hversu lengi gaddavírsgirðingar gætu enzt. En hér á landi er ekki hægt að fá meiri reynzlu fyrst um sinn en þá, er nefndin hefir aflað sér upplýsinga um. Gaddavírsgirðingar fluttust fyrst hér til lands um 1893. Eldri er reynzlan ekki. En þar sem nú þessi 10 ára reynzla sýnir, að vírinn er enn þann dag í dag alveg sem nýr, þar sem hann hefir verið góðrar tegundar og vel með hann farið, þá er einsætt, að hann getur enzt töluvert lengur, sérstaklega ef hann er vel galvaníseraður. Enn fremur vil eg leyfa mér að benda á reynzlu annara landa, er gengur í sömu átt. Þar eru í seinni tíð engin girðingaefni jafn mikið notuð sem gaddavír, og sýnir það, að reynzlan hefir bent til, að þær girðingar væri haldkvæmastar. Enn ber þess að gæta, að þessar 10 ára gaddavírsgirðingar, er nefndin hefir skoðað, liggja nálægt sjó. En það er auðsætt, að þær hljóta að endast ver við sjó en til sveita. Má því búast við, að þær, sem settar verða langt frá sjó, reyndust langtum endingarbetri, ef vel yrði með þær farið.

Þá hafa nokkrir talið það ókost, að lánið væri bundið við svo langan tíma sem 41 ár. En þar kemur álagið til greina. Og þegar meiri reynsla er fengin fyrir haldþoli girðinganna, mundu úttektirnar og álagið verða sniðið réttilega eftir því. Þó að ábúandi þyrfti að borga árlega 5% í vexti og afborgun, og 5—8% í álag, þá er auðsætt, að þetta fé er langtum minna en hagnaður sá nemur, er hann hefir af girðingunum. Það er þetta tvent, vextir og afborgun og álag, er taka verður til greina, en eg efast ekki um, að þar sem vel væri hirt um girðingarnar, mundu notin af þeim nema margfalt meiru.

Háttv. 2. þm. N-Múl. (E. Þ.) kvað viðsjárvert að ganga inn á þessa braut, því að þá færu bændur að biðja um fleiri nauðsynjaáhöld, er að landbúnaði lúta. Eg held það væri þá ekki hundrað í hættunni; það er ekki svo sem þingið sé þar bundið í neinu. En hins vegar vil eg taka það skýrt fram, að mín skoðun er, að það sé skylda þings og stjórnar, að hlutast til um, að landsmenn fái upplýsingar um, hvar og hvernig bezt áhöld verði fengin, og stuðlað sé að því, að þau fáist sem ódýrust og bezt. Eg tel þetta því fremur kost en ókost á frv. Annars skal eg ekki deila um það.

Þá skal eg geta þess, að nú sem stendur er mikið af hálfgerðum girðingum í landinu. Það hefir vakað fyrir mönnum um undanfarinn tíma, að girðingar væru einna þýðingarmesta atriðið í landbúnaðinum, og þegar fyrir mörgum árum komu víða upp girðingar. En það voru víðast hvar torfgerði, er hroðað var upp í snatri; svo sigu þau eða hrundu; og nú er fjöldi túna,

þar sem girðingarnar ná ekki hálfa leið í kringum þau, og eru því allsendis gagnslausar. Með því nú að taka upp þessa aðferð, er frv. bendir á, er hægt að fá fult verð upp úr öllum þessum girðingaspottum. Það má bæta þær upp og fullgera með gaddavír, og með því yrði þjóðareignin aukin, svo að tugum þúsunda króna skifti. Þetta tel eg næsta þýðingarmikið atriði.

Eg er einnig sannfærður um, að það er rétt, er háttv. 1. þm. Rangv. (E. P.) sagði, að þetta sé meðal þeirra mála, er menn út um land láta sig mestu varða allra mála, sem fyrir þinginu eru, og að menn óski þess af alhuga. Þess vegna þykir mér það undarlegt, er sumir h. þm. eru að halda því fram, að nauðsynlegt sé að spyrja þjóðina um vilja hennar í þessu máli. Það er vitanlegt, að hún vill framgang þess; það er vitanlegt að hún er ekki hugsunarlaus um velferð sína.

Árni Jónsson: H. 1. þm. Rangv. (E. P.) reyndi að gefa skýringu á því, hvernig kostnaður til skoðunarmanna ætti að greiðast. Hann kvað sjálfsagt að sýslunefndin annaðist um öll slík útgjöld, eins og til skoðunarmanna á jarðabótum.

Þetta er ekki sambærilegt. Þar sem eg þekki til, hefir sýslunefndin að eins útnefnt skoðunarmenn á jarðabótum, en alls ekki greitt þeim laun fyrir ómakið, heldur hafa þeir orðið að eiga um borgunina við hlutaðeigandi jarðabótafél.

Þá hafði eg spurt um það, hvað sýslumaður ætti að gera, er hann fengi tilkynning hreppstjóra um vanrækt á viðhaldi girðinga. Eg spurði að eins, og þótti því gott að heyra svar háttv. þm., að hann ætti að höfða mál, og virðist mér það nokkuð hart aðgöngu. En hins vegar dylst mér ekki, að nánari ákvæði þyfti um eftirlit með girðingunum í hinum einstöku hreppum. Ef hreppstjórinn ætti að geta haft eftirlit með girðingum þessum, svo í lagi væri, þá mundi það kosta hann allmikið; hann mætti ekki fara eftir því, er Pétur eða Páll segði, heldur yrði hann beinlínis að takast ferð á hendur um allan hreppinn á hverju ári og skoða girðingarnar rækilega, og það ef til vill oftar en einu sinni. En það gæti hann auðvitað ekki gert endurgjaldslaust. Ef hann aftur á móti ekki gerði það, þá er eg hræddur um að »tilkynningar« hans yrðu ekki ávalt mikils virði, og að oft yrði óvinsælt að höfða út af þeim lögreglumál.

Að öðru leyti ætla eg ekki að fjölyrða meira um frv. Enda þótt sumir kunni að segja um mig, að eg sé því ekki fast fylgjandi, eins og það liggur nú fyrir, þá verð eg að sætta mig við það, og fylgja minni eigin skoðun, sem eg við alvarlega íhugun hefi tekið í þessu mikilsverða máli. Að eins skal eg geta þess, að á þjóðarvilja er ekki hægt að benda um þetta mál, því að ekki verður það kallaður þjóðarvilji, þó að menn í Kjósinni óski því framgangs. Kjósin er að eins lítill hluti landsins. Það er líkt um hana og Kjósarostinn í samanburði við aðra osta. Málið hefir enn eigi verið borið undir atkvæði þjóðarinnar, og því er ekki unt að segja, að þjóðin vilji það. Og eg verð að halda fast við þá skoðun, að sjálfsagt sé að leita eftir áliti hennar um þetta efni, áður en þingið dembir svona lögum nýmælum og svona þungum álögum, og þeim langvarandi, yfir hana sem lögum.

Pétur Jónsson: Það hafa, eins og eðlilegt er, orðið miklar umræður um þetta mál, enda hlýtur það að vera mikið áhugamál. Það er stórmál, hvort sem litið er til fjárframlaga þeirra er það krefur, eða gagnsins, sem af því má

vænta. Eg fyrir mitt leyti, get sem nefndarmaður verið þeim mönnum þakklátur, sem mælt hafa á móti málinu, fyrir bendingar þeirra, því það er gott að aðfinslur komi við þessa umræðu, og mun nefndin telja sér skylt að athuga þær. H. þm. N. Þ. byrjaði ræðu sína á því, að honum þætti stórt í ráðist með þessu frv., og væri því réttara að bera það undir þjóðina áður en því væri ráðið til lykta. Eg lít nú svo á, sem hér sé ekki í svo ákaflega stórt ráðist, að mikil hætta væri á ferðum, þó frumv. væri samþykt. Hér er ekki slegið svo miklu föstu, að næsta þing geti ekki tekið í taumana, ef þetta reyndist óheppilegt. Þá yrði að eins búið að lána 100 þús. kr., og væri þá ekki hundrað í hættunni. Menn mega ekki láta sér vaxa í augum, þó hér séu nefndar hundruð þúsunda, eða jafnvel hálfar miljónir, þegar athugað er, hve miklu er varið til annars, t. d. samgöngumála á sjó og landi. Eg skal líka taka fjárveitinguna til búnaðarfélaga til samanburðar. Á fjárlagafrv. er hún 24 þús. og hefir að undanförnu verið 20 þús. Nú er það vitanlegt, að jarðabætur í búnaðarfél. eru það meiri en styrknum nemur, að þessa upphæð mætti áttfalda, ef meta ætti alla jarðabótavinnu, sem unnin er í þessum félögum, og verður það þá 160—180 þús., sem þjóðin leggur til að slétta þúfur, grafa nokkra skurði og setja upp nokkra girðingarspotta, og er það ekki þýðingarmeira fyrir landbúnaðinn, heldur en túngirðingarnar. Eg vildi benda á þetta til samanburðar. Og þúfnaslétturnar gera — að fróðra manna sögn, — ekki betur en halda við því, sem þýfist á hverju ári. Þess vegna þyrfti að efna til þessara jarðabóta í miklu stærri stíl, ef vel ætti að vera.

H. 2. þm. N-Múl. minti á, að afleiðingin af því, að veita styrk til gaddavírsgirðinga á þenna hátt, yrði sú, að þá yrði síðar að veita sams konar styrk til margs annars, t. d. að kaupa ýms jarðyrkjuverkfæri. plóga o. s. frv. En eg vil taka það fram, að þar er ólíku saman að jafna, því þótt verkfærin séu nauðsynleg, þá er ekki hægt að lána til verkfærakaupa fyrir langan tíma. Því að verkfærin sjálf geta ekki verið veð fyrir lánunum eins og jarðabæturnar. Ef mönnum nú kemur saman um, að túngirðingar séu undirstaða grasræktarinnar, og grasræktin undirstaða landbúnaðarins, þá er það auðskilið, að ekki getur verið hættulegt að styrkja þær, á þann hátt, sem hér ræðir um, þó afleiðingin yrði sú, að styrkja þyrfti aðra atvinnuvegi að sama skapi. Það verður að vera hlutverk þjóðfélagsins, að styrkja aðalundirstöðu atvinnuveganna sem bezt, og föng leyfa. Eg get skírskotað til þess, sem eg sagði við lok 3. umr. fjárlaganna, að þegar um eitthvað stórt er að ræða, þá er rétt að leggja fram kraftana, og spara þá frá því, sem minna er um vert, til hins, sem meira er í varið.

H. þm. N.-Þing. (Á. J.) mintist á ákvæðið, sem nefndin hefir bætt við 13. gr., um að hreppstjórarnir skuli hafa eftirlit með viðhaldi girðinganna. Nefndin var í nokkrum vafa um, hvernig þessu ætti að haga. Hún vildi ekki gera það að skilyrði, að hreppstjórinn færi árlega skoðunarferðir, af því það mundi kosta ekki svo litla borgun. En hins vegar er það auðvitað, að hreppstjórar gætu vitað nokkurn veginn hvernig girðingunum væri haldið við, af því þeir eru oft á ferð um sveitina, eru við úttektir á jörðum og fleira, og gætu því um leið kynt sér viðhald girðinganna, og er það ekki frábrugðið öðru eftirliti, er þeir verða að hafa, samkvæmt embættisskyldu sinni.

Það hefir verið minst á athugasemd h. þm. N.-Þing., um kostnaðinn við að mæla girðingarstæðin, lengd girðinganna o. s. frv., og játa eg að kostnaður er við það, en það getur verið tilvinnandi, því með því er mikill fróðleikur fenginn. Nefndin hugsaði sér að þetta yrði venjulega falið mönnum, sem hvort sem er ættu ferð um sveitina, til að skoða jarðabætur, og því yrði kostnaðurinn ekki tilfinnanlegur. Og auðvitað mundu sýslunefndir haga því svo, að þetta gæti sem oftast samrýmst við jarðabótaskoðanir. Viðvíkjandi því, sem h. þm. N.-Þing. sagði um frestinn, að hann væri of stuttur, þá mun nefndin athuga til næstu umræðu, hvort hún getur þokað til í því efni.

ATKVGR.: Brt. 1 á þingskj. 520, við 1. gr., samþ. með 17 samhlj. atkv.

1. gr. frv., þannig breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr. frv. samþ. með 12 samhlj. atkvæðum.

Brt. 2 á þingskj. 520, við 3. gr., sþ. með 14 shlj. atkv.

3. gr. frv., þannig breytt, sþ. með 13 shlj. atkv.

Brt. 3 á þingskj. 520, við 4. gr., sþ. með 16 shlj. atkv.

4. gr. frv., þannig breytt, sþ. með 12 shlj. atkv.

5. gr. frv. sþ. með 12 shlj. atkv.

Brt. á þingskj. 539, við 6. gr., sþ. með 13 gegn 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Bjarnarson,	Árni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Jón Magnússon,
Einar Þórðarson,	Björn Kristjánsson,
Guðl. Guðmundsson,	Herm. Jónasson,
Hannes Hafstein,	Magnús Andrésson,
Hannes Þorsteinss.,	Magnús Stephensen,
Jóh. Jóhannesson,	Ólafur Briem,
Jóh. Olafsson,	Olafur Ólafsson,
Lárus H. Bjarnason,	Pétur Jónsson,
Ólafur Thorlacius,	Þórh. Bjarnarson.
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Tryggvi Gunnarss.	

6. gr. frv., þannig breytt, sþ. með 13 shlj. atkv.

Brt. 4 á þingskj. 520, viðauki við 6. gr., sþ. með 14 shlj. atkv.

7 gr. frv. sþ. með 12 shlj. atkv.

Brt. 5 á þingskj. 520, við 8. gr., sþ. með 13 shlj. atkv.

8. gr. frumv., þannig breytt, sþ. með 12 shlj. atkv.

Brt. 6 á þingskj. 520, við 9. gr., sþ. með 15 shlj. atkv.

Brt. 7 á þingskj. 520, við 9. gr., sþ. með 14 shlj. atkv.

9. gr. frv., þannig breytt, sþ. með 13 shlj. atkv.

Brt. 8 á þingskj. 520, við 10. gr., sþ. með 15 shlj. atkv.

Þar með 10. gr. fallin.

11. og 12. gr. frv., óbreytt, sþ. með 13 shlj. atkv.

Brt. 9, við 13. gr., talin samþykt án atkv.gr.

13. gr. frv., þannig breytt, sþ. með 12 shlj. atkv.

Brt. 10 á þingskj. 520, viðauki við 13. gr., sþ. með 12 shlj. atkv.

Brt. 11 á þingskj. 520, við 14. gr., sþ. með 15 shlj. atkv.

14. gr. frv., þannig breytt, sþ. með 13 shlj. atkv.

Brt. 12 á þingskj. 520, við 15. gr., talin samþ. án atkv.gr.

Brt. 13 á þingskj. 520, við 15. gr., sþ. með 12 shlj. atkv.

15. gr. frv., þannig breytt, sþ. með 12 shlj. atkv.

Brt. 14 á þingskj. 520, við 16. gr., sþ. með 14. shlj. atkv.

Brt. 15 á þingskj. 520, við 16. gr., sþ. með 14 shlj. atkv.

Brt. 16. á þingskj. 520, við 16. gr., sþ. með 15 shlj. atkv.

16. gr. frv., þannig breytt, sþ. með 13 shlj. atkv.

17. gr. frv., óbreytt, sþ. með 12 shlj. atkv.

Brt. 17 á þingskj. 520, við 18. gr., sþ. með 12 shlj. atkv.

18. gr. frv., þannig breytt, sþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögnin talin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv,

Þriðja umr. 22. ágúst. (C. bls. 676, 695).

Framsögum. (Hermann Jónasson): Landbúnaðarnefndin hefir enn leyft sér að koma fram með fáeinar breyt.till. við frumv. þetta, og eru það mestmegnis að eins smábreytingar, til að gjöra frumv. ljósara. Þannig skal eg benda á, að í 1. gr. leggur hún til að bætt sé inn í orðunum »til lánveitinga«; og svo eru ýmsar smábreytingar í öðrum greinum, sem leiða af þessu, og eru alls engar efnisbreytingar.

Það kom fram við 2. umr. sú mótbára gegn frumv. þessu, að það væri lögð alt of þung byrði á herðar sýslunefndunum, er þær væru skyldaðar til að láta skoða öll tún í sýslunum. Nefndin hefir nú viljað taka þessa mótbáru til greina, og því komið fram með breyt till. við 5. grein, sem fer í þá átt, að sýslunefndirnar skuli ekki skyldar til að láta skoða og mæla öll tún og girðingarstæði í einu, heldur að eins jafnóðum og einhverjir óska þess. Kostnaður sá, sem af þessu leiðir, verður þá í réttu hlutfalli við áhuga sýslubúa á að girða tún sín; þar sem áhuginn verður lítill, þar verður og kostnaðurinn lítill; en þar sem áhuginn verður mikill og almennur, þar verður auðvitað meiri tilkostnaðurinn, og getur þá sýslunefndin, ef henni sýnist, látið skoða girðingarstæðin í allri sýslunni í einu, enda verður það þá ódýrast.

Þetta hefir verið gjört, til þess að taka til greina mótmæli þau, er komu fram við 2. umr., frá háttv. þm. N.-Þing. (Á. J.) o. fl.; og leyfir nefndin sér nú að treysta því, að allir megi vel við una frumv. með þessari breytingu.

Þá hefir nefndin einnig komið fram með breyt.till. við 6. gr., eða viðbót við fyrstu málsgrein hennar, og er það til þess að taka það skýrt fram, að ef einhver vill girða meira en sjálft túnið, þá skuli hann eiga kost á að panta efnið til þess á sama hátt og þann 1/4 hluta, sem hann á að borga fyrir samkv. 7. gr. — Þetta er enginn kostnaðarauki, hvorki fyrir landssjóð né sýslusjóð; því það tel eg ekki, þó uppskipun og afhending kynni að verða örlitlu dýrari. En fyrir hlutaðeiganda væri það trygging fyrir því, að fá efnið ódýrara og betra heldur en með því að panta það sjálfur. Það liggur hið sama til grundvallar fyrir þessari viðbót sem fyrir frumv. í heild sinni, sem sé það, að þeir landsmenn, sem vilja girða tún sín á þenna hátt, geti fengið efnið til þess sem ódýrast og bezt og umsvifaminst.

Það eru svo ekki fleiri breyt.till., sem eg sé ástæðu til að tala um.

Lárus H. Bjarnason: Eg ætla að eins með örfáum orðum að gjöra grein fyrir atkvæði mínu um frumv. þetta.

Eg játa að hugsunin er góð, sem liggur til grundvallar fyrir frumv.; játa það því fremur, sem mér sem þm. Snæf. var einmitt falið á hendur að stuðla að því, að tún yrðu alment girt. En eg hefi þó ýmislegt á móti frumv., eins og það liggur hér fyrir, og finst yfir höfuð málið vera lítt undirbúið; þannig fæ eg t. d. ekki séð, við hvað 500,000 kr. upphæðin er miðuð. Tel eg

víst, að tilkostnaður mundi verða miklu meiri; eg sé ekki betur en að upphæð þessi sé tiltekin alveg af handahófi, enda ómögulegt annað, svona með öllu rannsóknarlaust. Hið rétta hefði verið að veita fé nú til að skoða girðingastæðin og mæla þau, og svo hefði mátt gjöra nokkurn veginn áreiðanlega áætlun um girðingarkostnaðinn.

Í öðru lagi veit eg ekki til að nægileg reynsla sé fengin fyrir endingu gaddavírsins.

Í þriðja lagi þykir mér það nokkuð viðurhlutamikið að leggja á sýslunefndirnar svona mikinn kostnað, án þess þær séu um það spurðar. Úr þessu þykist eg sjá að háttv. nefnd hefir ætlað sér að bæta með 7. breyt.till. sinni; en eg verð að segja, að mér finst hún svo klaufalega orðuð, að eg hygg, að hún komi ekki að neinu haldi.

Eg get yfir höfuð ekki séð, að það liggi endilega á að ráða máli þessu til lykta á þessu þingi. Það hefir verið haft á móti ýmsum frumv., að þjóðin þyrfti að hafa tækifæri til að segja álit sitt um málin. Finst mér að þeir menn, sem fært hafa fram þessa ástæðu, sem mótbáru gegn jafnmeinlausum frv. og t. d. um afnám manntalsþinga, ættu að hugsa sig vel um, áður en þeir greiða atkvæði með þessu máli, að þjóð landsins fornspurðri.

Eg býst nú ekki við öðru en að mál þetta nái fram að ganga í þessari deild. En eg vona þó, að háttv. Ed. lagi 7. breyt.till. nefndarinnar svo, að sýslunefndum sé alveg í sjálfsvald sett, hvort þær láta fram fara skoðun og mæling eða ekki. Væri þetta svo ljóst orðað, að engin tvímæli gætu á leikið, þá kynni eg að greiða atkv. með frv.; en eins og það nú er orðað, get eg það ekki. —

Framsögum. (Hermann Jónasson:) Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) lét það í ljós, að kostnaðarupphæð sú, 500,000 kr., sem gjört er ráð fyrir í frumv. þessu, sé ekki á neinu byggð. Eg skal fúslega kannast við það, eins og áður hefir verið tekið fram, að hún er að eins byggð á áætlun, sem að vísu getur vel verið að reynist ekki fulláreiðanleg, en var þó gjörð svo nákvæm, sem unt var. Enda er, hvað þetta snertir, ekki til neins að láta málið bíða; því að þótt farið væri að kosta til að mæla lengd allra túngirðinga, til þess að byggja á áætlun um kostnaðinn, þá er aðgætandi, að það getur ekki hver ábúandi sagt, hvort hann vilji girða tún sitt eða geti það. Verður því eins á þingi 1905, eins og nú, að það verður ómögulegt að áætla nákvæmlega, hve miklu kostnaðurinn mundi nema, eða hve mikið lán landssjóður mundi þurfa að taka í þessu skyni. Enda fæ eg ekki séð að það skifti svo miklu; lán er lán, og hér er að eins tiltekið, hvað mest megi lána.

Þá hefir það verið haft á móti frv. þessu, að reynslu vanti, að því er snertir ending gaddavírsins; og get eg að vísu ekki á móti því borið, en hygg að það muni litlu nær með reynsluna, þó ein 2 ár líði. En við vitum þó, að gaddavír, sem hingað kom fyrir 10 árum, er enn með öllu óskemdur; og við vitum einnig, að gaddavírsgirðingar eru taldar hinar ódýrustu og hagfeldustu í öðrum löndum. Þar er komin 10—20 ára reynsla með gaddavír, og nokkurra tuga ára reynsla með sléttan vír. Englendingar telja gaddavír jafn öruggan til girðinga sem 6 feta háan grjótgarð, og það er einnig tvímælalaust, að vírgirðing endist betur en trégirðing, og betur en torfgarðar og vanalegir skurðir. Sama er að segja um grjótgarða, að þeir eru eigi tryggir, nema þeir

séu úr góðu grjóti, vel hlaðnir og á slétt land settir.

Sem sagt, hygg eg við mundum litlu nær með reynslu um ending vírsins eftir 2 ár eða svo. Það, sem alt er undir komið, er að vírinn sé vandaður; það hefir verið tekið fram, að það sjáist ekkert á 10 ára gömlum girðingum; en aftur eru aðrar girðingar 3—5 ára, sem mikið sér á. — Gaddavírsgirðingar eru nú óðum að innleiðast á landi voru; en sá vír, sem nú flyzt, er ekki eins vandaður og skyldi, og er honum því hætt við að skemmast fljótt. Það er svo mismunandi, hve vel er gengið frá galvanísering vírsins, og oss ríður á að fá trygging fyrir að fá góða vöru. Það er þessi reynsla, sem ríður á að fá, hvort landssjóður getur ekki útvegað hagkvæmt og gott efni með góðum kjörum; fyrir hinu höfum við nægja reynslu, að sá vír, sem nú flyzt, er ekki góður, enda alt of dýr.

Skúli Thoroddsen: Af því eg ætla að greiða atkvæði gegn frv. þessu, þá finn eg ástæðu til að gera grein fyrir atkvæði mínu. Eg játa að tilgangur þessa frumv. er góður; og ef það hefði verið í öðru formi, þá hefði eg eflaust verið með því. En hér vill þingið binda menn við ákveðið efni, binda lánveiting til túngirðinga því skilyrði, að það efni sé notað, en ekkert annað. Eg hefði felt mig betur við, að þingið hefði gefið mönnum kost á að fá lán — þótt hærri hefðu verið — til túngirðinga, án þess að binda menn við ákveðið efni, og hvort sem þær væru úr steini, torfi, tré eða gaddavír. En að þingið lýsi því yfir, að gaddavír sé hið eina girðingarefni, er styrkur sé veitandi úr landssjóði til að kaupa, það get eg ekki fallist á né álitið rétt. — Mér finst frumv. þetta bera vott, að vísu um mikinn framfarahug, en jafnframt um töluverða fljótfærni. Því að eins er framfarahugurinn góður, að honum sé beitt með skynsemi; en hér verð eg að segja, að mér virðist kenna flasfengni, og vitið ekki látið ráða svo miklu sem skyldi. Það sýnist nærri því svo, sem þeir menn, er komu upp með þetta mál, hafi beitt svo miklu kappi til að hafa það fram, af því þeir vilji láta þakka sér það, og hafa heiðurinn af því; allir erum við sem sé meira og minna hégómlegir. En mér virðist málið alt of lítið hugsað. — Eg skal taka fram eitt atriði. Hér er landsstjórninni ætlað að sjá um kaup á efni til girðinga; en hver segir að hún muni leysa það vel af hendi? *Landshöfðingi*: Heyr!). Eg veit ekki til, að landsstjórn sé að jafnaði valin með sérstöku tilliti til þess, að hún sé vel fallin til kaupskapar, nema þar sem væri sérstakt verzlunarráð; get eg því hugsað mér, að þetta ákvæði yrði einmitt til þess, að girðingarefnið yrði dýrara en það annars þyrfti að vera. — Þá er það eitt, að landsstjórnin á að gefa út áætlun um verð á hverjum girðingarfaðmi. Hvernig á hún að gera það? Menn munu svara, að hún eigi að semja við verksmiðju og áætla svo flutningskostnað og annan kostnað; en þá kemur til greina eitt, sem við kaupmenn rekum okkur svo oft á, þegar við fáum vörur frá útlöndum, að það koma fyrir ýms vanhöld, sem ekki fást endurgoldin. Gerum ráð fyrir, að t. a. m. sýslunefnd Húnavatnssýslu panti svo og svo mikið af girðingarefni; en svo kemur fram meiri og minni undirvikt; hver getur reiknað það fyrir fram? Eða að ef við uppskipun lendir eitthvað af efninu í sjóinn; hver á að borga það? Ekki vilja bændur borga það, sem ekki er von, og hætt er við, að Gufuskipafélagið, ef það flytur varninginn, eða hver annar sem er, þykist ekki eiga að bera ábyrgð á því, þó svo og svo

mikið af girðingarefninu liggi í sjónum á Húnaflóa, t. a. m. við Blönduós; það getur verið slæmt veður, og bryggjan, sem bygð var á landssjóðs kostnað, dugað illa. Og svona getur margt til borið, ef að landsstjórnin á að ákveða verðið fyrirfram, að landssjóður verði fyrir töluverðu fjártjóni, og verði hon um efnið dýrara en hann getur fengið borgað hjá þeim, er pantað hafa.

Eg verð líka að etast um, að það sé rétt skoðun, að landsstjórnin geti samið beinlínis við verksmiðju; þær hafa margar þá reglu, að skifta ekki við aðra en kaupmenn eða stórkaupmenn; og þó að landsstjórnin semdi beinlínis við verksmiðjuna, þá gæti vel farið svo, að hún kæmist að verri kjörum en einhver stórkaupmaður gæti fengið. — Eða ef landsstjórnin fæli útvegunina einhverjum manni, og hann tæki 10—20% í ómakslaun? Við þekkjum slíka menn.

Þá verð eg og að efast um, að í sveitum sé hvervetna kostur á mönnum, er séu færir um að setja niður girðingar þessar. Og svo getur það komið fyrir, að girðingar skemmast, annaðhvort af því þær sligast undan snjó, eða skepnur eyðileggja þær; mundi það þá ekki verða margur, er ekki væri fær um að gera við skemdirnar, auk þess sem allir þekkja trassaskapinn.

Að öðru leyti skal eg ekki segja, hve margir mundu vilja nota sér tilboð það, sem hér ræðir um, þar sem greiða á $^1/_4$ kostnaðarins fyrirfram; eg ímynda mér, að það ákvæði mundi draga talsvert úr. Við vitum, að nú eru örðugir tímar, og margur mundi telja það frágangssök, að leggja fram $^1/_4$ fyrirfram.

Þá er enn eitt, sem eg álít óhafandi í frumv., að ætla að smella á sýslusjóðina kostnaðinum við skoðunargerðirnar; eg lít svo á, að meiri nauðsyn bæri til, að reyna að finna veg til að minka gjöld þeirra, og um leið gjöldin til þeirra; það eru einmitt þessi mörgu beinu gjöld, sem mönnum eru örðugust, svo sem manntalsbókargjöldin, en einkum gjöldin til sýslusjóðs og sveitar. — Hvílíkur kostnaður þetta mundi verða fyrir sýslusjóðina, er vel hægt að gera sér grein fyrir. Við skulum t. a. m. taka sýslunefndina í Húnavatnssýslu, þar sem þessi öflugi gaddavírspostuli á sæti, og sem því má gera ráð fyrir, að mundi láta skoða túngirðingastæði á öllum jörðum sýslunnar. Eg ímynda mér, að skoðunarmenn mundu tæplega afkasta meiru en að skoða eina jörð á dag. Hér er nú ekki gert ráð fyrir neinni borgun til þeirra; það lítur út, sem flutningsmenn frumv. hafi hugsað sér, að menn mundu verða svo hrifnir af því, að þeir mundu keppast um að framkvæma skoðunargerðirnar fyrir ekki neitt; en eg verð að álíta, að skoðunarmennirnir mundu vilja hafa sína borgun, og ekki minni en 2—3 krónur á dag; yrði þá kostnaðurinn 5—6 krónur fyrir hverja jörð, því að ferðalaginu meðtöldu milli jarðanna mundi varla gerandi ráð fyrir, að þeir kæmu af meiru en einni jörð á degi hverjum.

Eg lít svo á, að það hefði verið réttara, að láta ekki sýslusjóðina heldur landssjóðinn bera þenna kostnað; því að hitt mundi íþyngja sýslusjóðunum of mjög og jafnframt verða til þess að draga úr lofsorði því, er formælendur frumv. hafa ætlað að vinna sér með því.

Þá er enn eitt í þessum lögum, að tryggingin fyrir, að landssjóður fái sitt aftur, er sára lítil. Það hefir verið bent á það undir umræðum málsins,

hve þungt það gæti orðið fyrir einstaka menn, að eiga að endurborga lán þetta á 41 ári, þó girðingarnar væru ordnar ónýtar og jafnvel jarðirnar komnar í eyði. En hver er svo tryggingin fyrir þessum endurborgunum? Eg verð að svara: hún er alls engin. Menn munu svara mér, að gjöld þessi eigi að innheimta, sem hver önnur gjöld, á manntalsþingum, og að þeim eigi að fylgja lögtaksréttur; en í slíku felst engin fullnægjandi trygging, því oft getur það borið til, að ekkert sé fáanlegt, til að gera lögtak í hjá ábúanda; og þó aðgangurinn eigi þá að vera að eigendum jarðanna, þá eru margar jarðir svo veðsettar, að hætt er við, að það yrði sömuleiðis lítið af þeim að hafa.

Sem sagt lít eg svo á, að málið sé svo illa undirbúið, að ekki sé rétt að láta það ganga fram á þessu þingi, en að þjóðinni sé gefinn kostur á því, að hugsa um hina fallegu hugmynd, er liggur til grundvallar fyrir því, áður en því er komið í framkvæmd.

Jafnframt vil eg taka það fram, að lánið ætti ekki að vera einungis bundið við þetta eina girðingarefni, heldur ættu menn einnig að hafa jafnan rétt til að fá lán, hvort sem notaður væri steinn eða eitthvert annað girðingarefni. — Hér er líka eitt, sem taka verður með í reikninginn. Mörgum einyrkjunum mundi verða það hagkvæmara, að fá lán til að grjótgirða tún sitt; gæti hann þá lagt fram vinnu sína, og líka fengið atvinnu, til þess að borga gjöld sín.

Það er margt fleira, sem eg hefi að athuga við frumv., og eins og eg lýsti yfir í upphafi ræðu minnar, hlýt eg því að greiða atkvæði móti því.

Hannes Hafstein: Eg ætlaði ekki að taka til máls, en þegar eg heyri hvernig flutningsmönnum frumv. eru valin orð af háttv. þm. N.-Isf. (Sk. Th.), þá get eg ekki orða bundist. Fyrst þegar eg heyrði getið um, að þetta frumv. væri á ferðinni í Ed., þá var eg ekkert hrifinn af því, en því meir sem eg hefi hugsað um málið og kynt mér frumv., því betur hefi eg fundið hinn hlýja anda, sem andar út úr því, anda ættjarðarástarinnar, sem framtíð landsins verður að byggjast á. — Það er því illa til fallið, að bera þeim mönnum, er flutt hafa þetta frumv., sem er eitthvert hið bezta þingmannafrumv., er lengi hefir fram komið, á brýn, að þeir séu af hégómagirni að reyna að koma því í gegnum þetta þing, og viðhafa þau orð, að þeir hafi »starfað með *flasfengni*«, og »ekki látið skynsemina ráða«, séu »stoltir og drambsamir«, og svo framvegis. — Mér er kunnugt um það, að þeir hafa starfað af ítrustu samvizkusemi með gagn og heill fósturjarðarinnar fyrir augum. Að þeir ekki vilja fresta þessu máli, kemur ekki af öðru en því, að þeir vilja ekki tefja fyrir því, sem getur orðið til gagns og góðs.. — Eg skal játa, að eg hefði óskað að ýms ákvæði væru öðruvísi orðuð, heldur en þau eru. En ekkert það sé eg í frumv., er neinn skaða gæti gert, þótt það verði samþykt óbreytt. Eg sé ekki að það sé gild ástæða á móti frumv., þó vér ekki vitum hvort kostnaðurinn verður meiri en 500,000 krónur. — Hér er að eins að ræða um alt að 100 þús. kr. á ári, sem lána má; en endist ekki sú upphæð, sem frumv. gerir ráð fyrir, þá má bæta við áður 5 ár eru liðin, með breyting á þessum lögum eða nýjum lögum. Upphæðin getur ekki orðið svo mikil, að það sé fráfælandi. — Ef landið er ekki þess megnugt, að útvega landsmönnum lán til annars eins og þess, að koma upp ódýrustu girðingum kringum túnin, þá er ekki til neins að hugsa um framtíð landsins.

(*Ldrus H. Bjarnason*: Gaddavírinn er óreyndur). Menn hafa hér nokkra reynslu um hann. Eg get heldur ekki gert mikið úr þeirri mótbáru, að girðingarnar ekki endist eins lengi og lánið, því það á að viðhalda girðingunum, svo þær séu eins eftir 40 ár. (*Stefán Stefánsson*: Kostnaður). Sá kostnaður hvílir ekki á landssjóði, og þegar menn færu að girða tún sín, telja þeir ekki eftir sér að halda girðingunum við, er þeir sjá, að það er undirstaða undir gagni og græðslu landsins.

Annars ætla eg mér ekki að svara hinum einstöku mótbárum, sem komið hafa fram móti frumv., því eg veit, að háttv. framsögum. (H. J.) muni svara þeim.

Eg stóð að eins upp til að lýsa því yfir, að hafi eg verið í nokkrum vafa um það, hvort eg ætti að greiða atkvæði með frv. út úr deildinni í þetta sinn, þá er eg í alls engum efa um það nú.

Björn Kristjánsson: Eg ætla að eins að segja nokkur orð til að réttlæta að eg greiði atkvæði móti þessu frv. Aðalástæðan er sú, að menn hafa bundið sig hér við eitt girðingarefni, sem sé galvaníseraðan gaddavír, og járnteina.

Að þessi girðing sé ekki sú eina, er menn ættu að halla sér að, byggi eg á reynslu hér á staðnum. Eg keypti fyrir hér um bil 10 árum galvaníseraða teina á Englandi, sem álitnir voru góðir þar, og sem almennast ganga í verzlun, og gerði eg það til reynslu. Þessa teina seldi eg manni hér í bænum, sem gerir mikið að því að girða og rækta tún, og fór eg til hans fyrir tveim dögum til að vita hvernig þeir hefðu reynst. Sagði hann, að á öðru ári hefðu flestir verið brotnir en að eins fáir eftir, og vissi hann ekki hvernig á því stóð. Þetta bendir á, að þessir teinar, sem alment eru brúkaðir í Skotlandi, endast ekki hér. Þeir þola ekki frostið. Eg segi þetta til að benda á, að það er ekki nóg að kaupa galvaníseraða teina, það verður að vera trygging fyrir því að þeir séu úr deigu járni, smíðajárni, því það er alveg víst, að ef þeir eru keyptir frá útlandinu eins og þeir alment gerast, úr vondu og hörðu járni, þá verða þeir fljótt ónýtir, en úr hreinu smíðajárni eru þeir dýrir. Teinar þeir, sem eg keypti, 6 feta langir, með götum, kostuðu hingað komnir kr. 1,25, og þegar ætlast er til, að að eins séu 8 faðmar milli hvorra teina, þá verður girðingin ekki ódýr, ef teinarnir eru úr deigu smíðajárni.

Þá er og efasamt, hvort rétt er að ákveða, að teinarnir skuli vera galvaníseraðir; ef þeir eru galvaníseraðir, kosta þeir 33% meira, og þess vegna getur verið efasamt, hvort hyggilegra sé að kaupa þá galvaníseraða. Það er heldur engin trygging fyrir því, að galvaníseringin haldist í götunum á teinunum, hún nuddast þar af og vírinn ryðgar þá, eins og ef þeir væru ógalvaníseraðir. Þess vegna ætti að mínu áliti að nota ógalvaníseraða stólpa. Auk þess má fá hjá járnsölumönnum, sem verzla með gamalt járn, ódýra stólpa, 5–6 aura pundið. Má því fá góða girðingu fyrir miklu minna verð en frv. fer fram á. Svo er annað atriði, sem mér geðjast ekki að, sem er, að hver skussinn sem er, má taka lán upp á ábyrgð jarðareigenda, án leyfis hans og vitundar, og láta hann borga. Það get eg ekki felt mig við. Það væri alt annað mál, ef það væri með samþykki jarðareiganda. Hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hefir tekið fram, hvernig landsstjórnin ætti að gera áætlun um efnið. Eg get tekið í alveg sama streng. Járn er vara, er stígur og fellur fljótar í verði en flestar aðrar vörur, svo

stjórninni væri ómögulegt að gera neina áreiðanlega áætlun. Ef hún fær tilboð, verður hún að svara undir eins með sama skipi, en það getur hún ekki, af því hún þarf fyrst að bera undir bændur, hvort þeir vilji ganga að verðinu. Einmitt af því við erum svo afskektir frá öðrum löndum, og að innanlands samgöngurnar eru svo ógreiðar, getur landsstjórnin alls ekki framkvæmt kaupin. Það væri annað mál, ef við hefðum telegraf við útlönd og innanlands. — Svo eru þessir »mátt-arstólpar« sem eiga að vera úr tré. Eg skil ekki, að ef girðingin á yfir höfuð að vera úr járni, að nokkrir stólpar þurfi að vera úr tré. Svo er eftirlit hreppstjóranna í stórum hreppum. Það má nærri geta hvernig fer um eftirlitið, þegar ekkert á að borga fyrir það. Eg skoða það sem einskis virði. Miklu fleira mætti segja um þetta frv., en eg vil ekki vera langorður. Eg vildi að eins gefa þessar upplýsingar áður en frv. færi úr deildinni, og mun eg ekki greiða atkvæði með því, enda þótt það sé mín skoðun að eitt hið fyrsta, sem þarf að gera, sé að girða túnin. En það þarf að undirbúa þetta mál miklu betur og er sjálfsagt að halda því vakandi. Að endingu skal eg taka það fram, að það ætti heldur að fela sýslufélögunum að annast kaup á girðingarefni, og veita þeim lánin, ef þau vilja, heldur en að láta landsstjórnina annast kaupin og láta landssjóð veita hverjum einstökum bónda lán.

Þórhallur Bjarnarson: Eg get verið stuttorður, af því búið er að tala svo rækilega um þetta mál; en af því aðalárásin virðist eiga að vera nú við 3. umr., vil eg segja nokkur orð til varnar. Árásirnar eru aðallega á formið eða fyrirkomulagið, því enginn þm. leyfir sér að neita, að hér sé um mikið mein að ræða, að það sé tilfinnanleg vöntun þetta, að það af landinu okkar, sem á að heita ræktað land, sé svo afarvíða óvarið. Eg bið menn að athuga, að frv. kemur fyrst til framkvæmda 1905; sé það felt nú, kæmi það fyrst til framkvæmda 1907. En þó þessi 2 ár gangi til undirbúnings, þá verður ekki búið að gera svo mikið 1905, að ekki megi gefa út viðaukalög. (*Lárus H. Bjarnason:* Þá verður búið að brúka 100 þús. kr.). Líklega verður það alls ekki svo mikið, en þó eitthvað enda gengi í súginn, þá væri því vel varið, svo framarlega sem með því væri búið að koma því rækilega inn hjá þjóðinni, hve nauðsynlegt það er að girða túnin. Það, sem menn aðallega höfðu á móti, var kostnaðurinn, er legðist á sýslusjóðina, en brt. nefndarinnar fer nú fram á, að taka burtu þá kvöð af sýslunefndum, að láta túnmælingarnar fara fram í einu 1904. Aðalagnúinn er þannig fallinn burtu. Og að því er snertir kostnaðinn, þá verða það í flestum tilfellum sömu mennirnir, sem mæla túnin, og þeir, sem skoða jarðabætur, og verður kostnaðurinn þá vart þungbær. Hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) sagði, að það gæti tekið heilan dag að mæla eitt tún. Eg treysti mér til að mæla umfar flestra túna á einum klukkutíma. Sem sagt, eg skil ekki annað en það sé meiri og minni vantrú á sjálfu fyrirtækinu, sem veldur þessum mótbárum, þar sem menn hengja sig þannig á einstök ákvæði. Hv. 1. þm. G. K. (B. K.) vék að ýmsum atriðum, en eg hygg að hann hafi ekki talað af nógum kunnugleik. Hann efaðist um að teinar og stólpar ættu að vera galvaníseraðir, en landbúnaðarnefndin leggur einmitt áherzlu á það ákvæði, af því að vírinn er galvaníseraður; komi galvaníserað járn við ógalvaníserað, þá ryðgar það og verður ónýtt. Það hefir verið sagt,

að hingað komi stundum ónýtur vír, en landsstjórnin þarf ekki að láta prakka upp á sig svikinni vöru. Það er svo með hvaða vöru sem er, að það má svíkja hana, en til þess hafa menn skynsemd og gætni, að láta ekki prakka slíku upp á sig. Mig furðaði á því, að hv. 1. þm. G. K. (B. K.) ekki skildi hvað meint var með máttarstólpunum. Þar sem girðingar eru langar, þurfa að vera á einstöku stöðum jarðfastir stólpar, sem ekki svigna fyrir stormum. (*Björn Kristjánsson*: En því mega þeir ekki vera úr járni?) Þeir mega líka vera úr járni, og það eru þeir t. d. hjá Rauðavatni, en þeir eru dýrari; hér er gert ráð fyrir tré að jafnaði. Það var vel og fallega borið til baka af hv. 2. þm. Eyf. (H. H.), að það væri af ofurkappi og metnaði, að vér vildum hafa þetta frv. í gegn, og er landbúnaðarnefndin honum þakklát fyrir þau orð hans og önnur í þessu máli. Það er ekki af metnaði, heldur af því að vér erum sannfærðir um, að verulegar girðingabætur fáist ekki hér á landi, nema menn noti gaddavír að stórum mun. Ef ætti að hugsa til að girða öll tún með grjóti, þá er það svo umfangsmikið verk, auk þess sem það víða er alls ekki til, að það tæki heilan mannsaldur, og hins vegar höfum vér hvorki nægan vinnukraft né peninga til þess. En þessi girðing, sem er svo ódýr, gerist með svona hjálp á mjög stuttum tíma, án mikils vinnuframlags.

Eg vona að hv. deild taki vel brt. nefndarinnar, sem miða að því, að gera málið aðgengilegra, og eg efast ekki um að hv. Ed. samþykki þær. Og þá mun það sjást, að þetta frv. verður það af verkum þessa þings, sem mest bætir fyrir landbúnaðinum íslenzka og hrindir honum áfram.

Framsögumaður (Hermann Jónasson): Eg er þakklátur h. 2. þm. Eyf. (H. H.) og þm. Borgf. (Þ. B.) fyrir, hvað rækilega þeir hafa hrakið margar af þeim mótbárum, sem komið hafa fram. H. þm. N-Ísf. lagði áherzlu á, að rétt væri að veita fé til annara girðinga en þeirra, sem hér er verið um að ræða. En nú er enginn vafi á því, að gaddavírinn er þægilegasta girðingarefnið. Eins og eg hefi líka tekið fram áður, þá fá þeir, sem eru í búnaðarfélögunum, þóknun fyrir torf og grjótgarða, sem þeir byggja, og þenna styrk er búið að veita í mörg ár. En til þess að þessar grjót og torfgirðingar verði að gagni, þá þarf helzt að vera vírstrengur ofan á þeim, og sérstaklega þó torfgörðunum.

Eg þarf ekki að taka það fram, það ætti að liggja svo í augum uppi, að það eru ósannindi, að þetta mál hafi verið flutt með nokkru ofurkappi hér í deildinni, enda hefir háttv. 2. þm. Eyf. hrakið það drengilega. Eins og önnur mál, sem hér hafa verið rædd, hefir það gengið hægt og rólega, þó agitatiónir hafi verið á móti frumvarpinu hér í bænum, þá kemur það ekki flutningsmönnum við. H. þm. N-Ísf. og h. 1. þm. K.-G., þótti óheppilegt að fela stjórninni þetta mál á hendur. Í nefndarálitinu er tekið fram, að hún eigi að gera þetta í samráði við Búnaðarfélag Íslands. Meiningin er ekki að ráðherrann eigi að standa fyrir kaupunum sjálfur, heldur að fela það einhverjum á hendur, sem hann álítur færastan til þess. H. þm. N-Ísf sagði, að landsstjórninni væri hvergi falið slíkt á hendur, heldur væri það verzlunarráðaneytið, sem annaðist um slík mál. En hvað er verzlunarráðaneytið annað en landsstjórn? Eini munurinn er sá, að það sem stærri löndin fela mörgum mönnum á hendur, það verðum vér að fela einum manni. H. þm. N.-Ísf. sá mörg

önnur ljón á veginum, fyrir þessu frv. Gerði ráð fyrir ýmsum slysum, sem gætu komið fyrir, og ollað miklum skaða. En auðvitað gerir hver kaupmaður ráð fyrir ýmsum óhöppum, og það mundi líka landsstjórnin gera í áætlun sinni. En þó við því mætti búast, að landssjóður yrði fyrir örlitlum skaða, — á þá að hugsa um slíkt, þegar um svona mikið velferðarmál er að ræða? Vér væntum þess, og búumst fastlega við því, að stjórnin geri sér far um að fá duglegan mann, sem annast um þessi kaup, og sjái um að þau verði sem ódýrust og vönduðust, hvort sem það er kaupmaður eða ekki, er það alveg sama. H. þm. N.-Ísf. sagði enn fremur, að mörgum mundi verða alveg ómögulegt að leggja þau útgjöld á sig, sem nauðsynleg væru til að fá girðingarnar. Eg skal ekki bera á móti því, að svo geti farið, að afleiðingin af því verði sú, að þá verður lánið, sem tekið er, minna. Þetta ætti h. þm. að athuga, ef hann ekki vill vera í ósamræmi við sjálfan sig.

Þá hefir ýmsum þótt kostnaðurinn nokkuð mikill á sýslunefndunum. H. þm. Snæf. þótti 5. gr. klaufalega orðuð, og lítt skiljanleg, en eg verð þar til að svara, að það er klaufaleg hugsun, sem ekki nær meiningunni úr henni. Kostnaðurinn við túnskoðanir getur ekki orðið svo sérlega mikill, ef öll túnin eru skoðuð í einu. Og það nær engri átt, að hann verði svo mikill, sem h. þm. N.-Ísf. gerði ráð fyrir. Því hér er engan veginn verið að tala um, að búa til kort yfir túnin, eins og t. d. kortin, sem hér voru lögð fram í deildinni yfir Hafnarfjörð eða Reykjavík. Sjálfsagt mætti skoða mörg tún á einum degi, sérstaklega ef skoðunin væri falin á hendur glöggskygnum manni. Það kemur undir happi eða óhappi sýslunefndanna, hvernig þær velja manninn.

Þar sem tekið hefir verið fram, að réttara væri fyrir menn að hlaða grjótgarða og byggja torfgarða, og fá svo laun fyrir vinnu sína úr landssjóði, þá vil eg svara því þannig, að sum vinna, eins og hún er launuð, borgar sig ekki vel, og búandi getur engu síður veitt sjálfum sér atvinnu með túnasléttu, garðyrkju o. fl.

Þá talaði 1. þm. K.-G. um hvað járnteinarnir væri oft ónýtir. Eg ber ekki á móti því, en það sannar ekki annað, en að nauðsynlegt er að vanda mjög kaup á þeim, og að vírinn verður að vera vel strengdur. Yfir höfuð að tala mun mönnum fljótt lærast að leggja vírinn vel.

H. þm. K.-G. sagði, að hver skussinn gæti komið upp túngirðingum á ábyrgð og kostnað landsdrottins, því hann yrði að ábyrgjast. En þetta er ekki rétt, því leiguliðinn verður að leggja á sig $^1/_4$ af girðingarefninu, og leggja til máttarstólpa og umbúnað í hlið. Og þar að auki verður hann að borga vexti og afborgun, svara til fyrningar á girðingunni og skila henni í góðu standi, þegar hann fer frá jörðinni. Sami h. þm. mintist á, að stólparnir mættu ekki vera úr járni, en í 7. gr. er einmitt sagt, að nota megi hvaða efni sem er, og gefin ákvæði um, hver ákveður þau.

Eg vil taka það mjög skýrt fram, að of mikið hefir verið gert úr því, hvað gaddavírinn entist illa. Allar girðingar aðrar, sem reyndar hafa verið, eru slæmar, nema reglulega vel hlaðnir grjótgarðar. En sé gaddavírinn vandaður og haganlega lagður, þá er enginn vafi á að hann er bezta girðingarefnið, þegar alt er tekið með í reikninginn. Hvernig sem þetta mál er

skoðað, get eg ekki séð neitt fráfælandi við það, en margt, sem mælir með því. Þetta mál er mjög þýðingarmikið, og þarf að komast sem fyrst í framkvæmd. Vona eg að h. deild styðji það af fremsta megni.

ATKVGR.: 1. brt. á þingskj. 568, við 1. gr. frv., samþ. með 13 samhlj. atkv.

2. brt. á þgskj. 568, við 1. gr., sþ. með 12 shlj. atkv.

3. brt. á þingskj. 568, við 2. gr., sþ. án atkv.gr.

4. brt. á þgskj. 568, við 3. gr., sþ. án atkv.gr.

5. brt. á þgskj. 568, við 4. gr., sþ. án atkv.gr.

6. brt. á þgskj. 568, við 4. gr., sþ. með 14 shlj. atkv.

7. brt. á þgskj. 568, við 5. gr., sþ. m. 14 shlj. atkv.

8. brt. á þgskj. 568, við 6. gr., sþ. með 14 shlj. atkv.

9. brt. á þgskj. 568, við 7. gr., sþ. án atkv.gr.

10. brt. á þgskj. 568, við 7. gr., sþ. án atkv.gr.

11. brt. á þgskj. 568, við 8. gr., sþ. með 13 shlj. atkv.

12. brt. á þgskj. 568, við 13. gr., sþ. með 14 shlj. atkv.

13. brt. á þgskj. 568, við 16. gr., sþ. með 14 shlj. atkv.

Frv. í heild sinni, með áorðn. breytingum, samþ. með 11 gegn 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Bjarnarson,	Árni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Jón Magnússon,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson,
Hannes Þorsteinss.,	Einar Þórðarson,
Herm. Jónasson,	Jóh. Jóhannesson,
Jóhannes Olafsson,	Lárus H. Bjarnason,
Magnús Andrésson,	Magnús Stephensen,
Olafur Briem,	Skúli Thoroddsen,
Olafur Olafsson,	Stefán Stefánsson,
Olafur Thorlacius,	Tr. Gunnarsson.
Pétur Jónsson,	
Þórh. Bjarnarson.	

Frv. endursendist Ed.

Fólksflutningar til Íslands.

FRUMVARP til laga um fólksinnflutninga til Íslands. 1. umr. 12. ágúst. (C. bls. 574).

Pétur Jónsson: Eg vil að eins víkja fram þeirri spurningu, hvort ekki væri ástæða til að setja nefnd í svona mikilvægt mál.

Þórh. Bjarnarson: Þetta mál miðar sérstaklega til að bæta landbúnaðinn, og vil eg því stinga upp á, að því sé vísað til landbúnaðarnefndarinnar.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Málinu vísað til landbúnaðarnefndarinnar með 19 shlj. atkv.

Önnur umr., 17. ágúst (C. bls. 575; n. 642).

Framsögumaður (Þórh. Bjarnarson): Frumv. það, sem hér liggur fyrir, gengur út frá því, að hér sé mikið ógert enn við þetta land, en að fá ar hendur séu til að vinna að því, er gera þarf, lítið fe fyrir hendi og þekkingunni ábótavant. Frv. á að vera lítil tilraun til þess að reyna hvort ekki sé hægt að fá fleiri vinnandi hendur, sem ef til vill þá um leið kæmu með dálítil efni með sér, en umfram alt flyttu með sér reynslu og þekking.

Nefndin, og eg hugsa að allir geti fylgt henni í því, er á einu máli um það, að tilgangur frv. sé góður; á hinu getur verið mikið meira tvísýni, hver árangurinn verður. Landbúnaðarnefndin, sem þetta mál var vísað til, var

þó á þeirri skoðun, að tilraunin væri þess verð, að hún væri gerð, sérstaklega með tilliti til þess, að nefndinni var kunnugt um, að meðal ýmsra manna í Danmörku, bæði danskra og mikils metinna Íslendinga, sem þar eru, er mikill áhugi í þessa átt. Að minsta kosti mætti auka þekkingu manna á Íslandi á Norðurlöndum, sem er sáralítil meðal almennings, og jafnvel mentaðra manna. Það má segja, að Ísland sé ekki mönnum kunnugt, nema sem sögulandið forna, og að þeir viti engin önnur deili á því.

Brt. nefndarinnar eru fáar, og gerðar eingöngu í því skyni að gera ákvæði laganna sem rýmst, svo að á jafn óprófaðri leið, og hér er farin, sé sem allra minst bundið föstum lagafyrirskipunum, en að allar slíkar nánari reglur skapist í hendi, eftir því sem reynslan sýnir fram á, að þörf krefur. Hvað annars aðalbrt. snertir, að 3. gr. falli burt, þá er hún gerð með ráði og samþykki nefndarmanna úr h. Ed., svo það sýnist ekki vera ástæða til að óttast, að hún geti orðið frumvarpinu að falli, en aðalhugsun þeirrar greinar er svo tekin upp með innskotinu, sem nefndin vill setja í 2. gr.

Landshöfðingi: Eg er samdóma h. framsm. lanbúnaðarnefndarinnar (Þ. B.) um það, að tilgangurinn með þessu frv. er góður, en eg hefi ekki minstu trú á því, að það hafi nokkurn árangur. Eg hefi enga trú á því, þótt farið verði að skrifa um landið og atvinnuvegi þess bæklinga og blaðagreinar í útlend blöð, að það laði nokkurn mann að landinu. En svo er það einnig mjög efasamt, hvort ákvæðið í 2. gr. getur staðist. Stjórninni er þar gefin heimild til að gefa burtu til einstakra manna ræktað land á þjóðjörðum. Þetta ákvæði held eg kæmi algerlega í bága við stjórnarskrána. Eg verð að álíta, að eftir stjórnarskránni hafi stjórnin ekki heimild til að láta af hendi þjóðeignir, nema samþykt sé af alþingi sérstök lög um það, í hverju einstöku tilfelli. Eins og menn muna, þá kom til tals einu sinni á þingi, að gefa stjórninni heimild til að selja þjóðjarðir yfirleitt (en bloc), en það var hætt við það vegna þess, að það var litið svo á, sem það kæmi í bága við stjórnarskrána. Sé nú skilningur stjórnarinnar hinn sami á þessu atriði og hinu, þá getur hún auðvitað ekki staðfest þessi lög. Eg skal taka það fram, að þetta er að eins mín persónulega skoðun, og að mér er ókunnugt um skilning stjórnarinnar á þessu atriði, en vildi að eins með þessum orðum vekja athygli nefndarinnar á því.

Framsögumaður (Þórh. Bjarnarson): Eg get ekki sagt, að þetta atriði, sem hæstv. landsh. benti á, hafi verið sérstaklega athugað í nefndinni, en hitt fann nefndin glögt, að það gæti verið vandkvæðum bundið fyrir stjórnina, að láta af hendi þjóðjarðir, sem byggjast, en hún áleit að hér gæti ekki verið mikil vandræði fyrir stjórnina að ráða fram úr, þar sem hægt væri að vísa á nóga óræktaða bletti í eyðijörðum til ræktunar. Í annan stað væri stjórninni það innan handar, að fá til kaups lóðarbletti hjá einstökum mönnum, því til þess hefir hún fulla heimild samkv. 1. gr. frv. Nefndin hugsaði einnig, að þar sem frv. væri búið að ganga í gegnum h. Ed., óátalið í þessu efni, þar sem hæstv. fulltrúi stjórnarinnar líka situr og tekur þátt í lagasmíðum, þá gæti það varla ráðist skaðsamlega á stjórnarskrána, en vitanlega mun nefndin taka þessa athugasemd hæstv. landsh. til athugunar.

Aðalstefna frv. er einkanlega sú, að gera landið og atvinnuvegi þess kunna, og þetta er skýrt tekið fram í þings-

ályktunartillögunni, sem frv. fylgir, og sett hefir verið á dagskrá í dag. Verði frv. samþykt í þeirri mynd, sem nefndin hefir stungið upp á, þyrfti raunar að víkja tillögunni dálítið við, svo að hún geti fallið saman við frv., og býst eg við að nefndinni gefist tæikfæri til að koma breytingu í þá átt að, með því að fá umræðunni um tillöguna frestað, þegar þar að kemur.

Annars skal eg taka það fram, sem mína persónulegu skoðun, að eg hefi meiri trú á því, að menn af Norðurlöndum, sem kynnu að vilja flytja hingað inn, mundu heldur kjósa sér bletti til ábúðar í blómlegustu og beztu héruðum landsins, sem eru lengst á veg komin, eða með öðrum orðum, héruðum, þar sem búið er að setja á stofn rjómabúin og atvinnuvegir eru komnir nokkuð á leið, því í þessum héruðum eru einmitt fyrir hendi skilyrði fyrir húsmenn til að geta haft býli með nægilegu landi fyrir 4—8 kýr; rjómabúin kæmu mjólkinni í peninga og eigendurnir væru lausir mestan hluta ársins til daglaunavinnu, og það væntanlega einmitt í sjálfum sveitunum. Nú er það svo hjá smábændunum, að kindaeignin bindur þá heima rétt alt árið, en þessi eign er svo lítil, að alveg ólíft er við hana; hún er glettilega arðsöm skepnueignin okkar, en höfuðstóllinn er svo sárlítill.

Mér hefir verið sérstaklega falið af nefndinni að taka fram eitt atriði, þessu máli viðvíkjandi, sem bendingu fyrir stjórnina, nefnilega það, hvort ekki mundi vera heppilegt að fá fólksinnflutninga hingað í sambandi við vegalagningarnar. Þetta kom til tals í fjárlaganefndinni, þegar þar var til umræðu vegalagningin um Fagradal, þar sem mikið verk á að vinna á stuttum tíma, og til Austurlandsins eru einna ódýrastir mannflutningar frá útlöndum. Þetta gæti verið heppilegt, bæði með tilliti til þess að spara þann vinnukraft innanlands, sem annars verður að taka frá landbúnaðinum, og einnig gæti það leitt til þess, að einhverjir af þessum vinnulýð settust hér að fyrir fult og fast. Þetta gæti verið íhugunarmál fyrir stjórnina, sem nefndin vildi benda á í sambandi við þetta frv., en auðvitað mál er það, að stjórnin verður sjálf að athuga það, hvort þessi aðferð getur borgað sig, þar sem gera má ráð fyrir æðimiklum ferðakostnaði fyrir þessa útlendinga, er borga yrði fram yfir verkakaup.

Landshöfðingi: H. frmsm. lagði svo mikla áherzlu á það, að í 2. gr. stendur, að stjórnin megi veita þessum útlendingum sér í lagi eyðijarðir. Eg get ekki betur séð, en að stjórninni sé jafn óheimilt að láta af hendi eign landsins, án sérstakrar lagaheimildar, hvort sem um eyðiland eða ræktað land er að tala, svo eg get ekki lagt neitt upp úr þeirri vörn, enda stjórnin, eftir lögunum sjálfum, alls ekki bundin við að velja aðallega eyðijarðir.

Framsögumaður (Þórh. Bjarnarson): Það, sem skilur á milli hæstv. landsh. og mín, er sýnilega þetta, að hann álítur, að heimild til að afhenda nokkuð af jarðeignum landsins, og þá eins lítla skika af þeim eða lóðir, þurfi að vera gefin í sérstökum lögum, fyrir hvert einstakt tilfelli, en eg verð að álíta, að þetta almenna lagaboð, sem er hér á ferðinni, og væntanlega fer frá þinginu, sé nægileg heimild fyrir stjórnina til að afhenda þá parta, sem hér getur verið um að ræða. Eins og frv. er orðað, þá eru einnig þessir jarðarhlutar í fyrstu að eins afhentir til afnota, og það er bundið skilyrðum, sem

stjórnin sjálf setur, hvort þeir verða að sjálfseign.

Eg vil taka það fram, að þó að nefndin felli burt 3. gr., vill hún alls ekki sleppa þeirri hugsun, að innflytjendurnir verði að fullnægja vissum skilyrðum um að rækta landið, áður en þeir geti fengið fullkominn eignarrétt yfir því. Nefndin álítur bara réttara, að slík skilyrði skapist í hendi, eftir því sem reynslan sýnir fram á, heldur en að ákveða þau fyrirfram með beinu lagaákvæði.

ATKV.GR.: 1. gr. frv. samþ. með 15 shlj. atkv.

1. brt. á þgskj. 508, við 2. gr., sþ. með 16 shlj. atkv.

2. gr. frv., þannig breytt, sþ. með 15 shlj. atkv.

2. brt. á þgskj. 508, (3. gr. falli burt), sþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Þriðja umr., 19. ágúst. (C. bls. 664).

Framsögumaður (Þórh. Bjarnarson): Eg hefi ekki annað að segja en það, að nefndin tók til íhugunar athugasemdir hæstv. landsh. um það, að ákvæði 2. gr. frv. kynnu að reka sig á 23. gr. stjórnarskrárinnar, er segir »að ekki megi selja eða með öðru móti láta af hendi neina af jarðeignum landsins, nema slíkt sé með lagaboði ákveðið«. Nefndinni gat ekki skilist betur, en að frumvarp það, sem hér liggur fyrir, væri nægilegt þess háttar heimildarlagaboð, sérstaklega þar sem ekki í því er farið fram á að selja nokkra jarðeign, heldur að eins að afhenda vissa tölu af dagsláttum í sérstaklega óræktuðu landi. Auk þess var nefndinni það ljóst, að þótt hún vonaðist eftir einhverjum árangri af þessari viðleitni, þá mundi þetta mál tæplega komast svo fljótt í kring, að ekki yrði tími til að bæta úr þessu, með því að leggja sérstök heimildarfrumvörp fyrir þingið 1905, ef svo færi, að stjórnin héldi fast við þessa skoðun hæstv. landsh.

Að öllu þessu athuguðu, hefir því nefndin komist að þeirri niðurstöðu að ráða deildinni til að samþykkja frv. óbreytt.

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni samþ. í einu hljóði og endursendist háttv. Ed.

II.

TILLAGA til þingsályktunar um ráðstafanir til að koma á fólksinnflutningum til Íslands.

Ein umr., 17. ágúst. (C. bls. 574).

Þórhallur Bjarnarson: Eg leyfi mér að stinga upp á því, að málinu sé vísað til landbúnaðarnefndarinnar og að umræðunni sé frestað.

ATKV.GR.: Tillögunni vísað til landbúnaðarnefndarinnar með 21 atkv. og umræðunni því frestað.

Frh. einnar umr., 20. ágúst. (C. bls. 574; n. 679).

Framsögum. (Þórhallur Bjarnarson): Það er svo sem ekkert að segja um þetta mál, fram yfir það, sem tekið er fram í nefndarálitinu. Þetta er framhald af frumv., sem nýskeð var á ferðinni um sama efni, og vill nefndin ekki breyta tillögunni nema sem minst að efni til, frá því, er háttv. efri deild hefir skilið við hana. Nefndin hefir sérstaklega trú á, að ritgerðir í blöðum og tímaritum mundu auka þekkingu og álit á landinu. Það er kunnugt, að myndablöð taka slíkar

greinir, ef að myndirnar fást. Og séu greinirnar vel ritaðar og myndirnar nýstárlegar, taka blöðin þeim tveim höndum. Nefndin telur það heppilegra, að viðhafa þessa aðferð, heldur en að gefa út bæklinga, sem hæpið er að nái út til almennings.

Þeim orðum, að flytja myndir »af nafnkendum stöðum« sleptum við. — Það er meiri ástæða í þessu sambandi, að sýna mynd af búskaparlífi voru, en t. d. af Geysi.

Þá er sjálfgefið að breyta 3. lið till., eftir þeirri breytingu, er frumv. hefir þegar tekið, og þarf eigi um það að tala.

Fleira gerist ekki þörf að taka fram að svo stöddu.

ATKV.GR.: 1. breytt.till. á þskj. 556, við 1. lið, samþykt með 19 samhljóða atkv.

2. breyt.till. á þskj. 556, við 3. lið, sþ. m. 19 shlj. atkv.

Tillagan í heild sinni, með áorðinni breytingu, samþykt með 19 samhljóða atkvæðum, og verður afgreidd til landshöfðingja.

Skógafriðun og skóggræðsla.

FRUMVARP til laga um heimild til að kaupa lönd til skógafriðunar og skógargræðslu, 1. umr., 11. ágúst. (C. bls. 545).

Framsögum. (Þórhallur Bjarnarson): Þetta litla frumv., sem komið er frá fjárlaganefndinni, samkvæmt ummælum hennar í álitsskjalinu um fjárlögin, fær vonandi beztu undirtektir.— Það fer í þá átt að klæða landið, og hefir væntanlega ekki stórvægileg útgjöld í för með sér.

Aðal-tilgangur þess er að fá 2 staði, annan norðanlands og hinn austanlands, fyrir miðstöðvar skógræktarinnar, og hafa menn þar fyrir augum Hallormsstaðarskóg og Hálsskóg, að viðbættum Vaglaskógi. Er svo til ætlast, að þar geti orðið ræktað birkifræ í stórum stíl, og það selt þaðan út um landið. — Eg læt þess getið, að prófessor Prytz telur það afar þýðingarmikið fyrir skógarækt vora, að fá þessar jarðir keyptar.

Það væri ef til vill rétt að víkja að því, að nefndin var í vafa um, hvað hátt ætti að setja verðið á jörðinni Vöglum. Kand. Flensborg, sem hefir skoðað jörðina, og talað við bóndann, taldi hana fáanlega fyrir 3000 krónur. Þetta þótti nefndinni heldur hátt verð, eftir mati jarðarinnar, — hún er ekki nema full 15 hndr. að dýrleika, — og að því er nefndin þekkir til verðs á jörðum í Fnjóskadal, en hins vegar vill hún ekki einskorða það svo tæpt, að það standi fyrir kaupunum, því að nauðsynlegt er að sameina báða skóganna, Vaglaskóg og Hálsskóg, og jörðin Vaglir er ætluð til ábúðar fyrir skógræktarmanninn.

Það er haft eftir bóndanum þar, að hann vildi selja skóginn einan fyrir 1500 kr., og teldum vér það út af fyrir sig verri kaup.

Nefndinni kom saman um að kveða svo á, að verja megi til kaupanna *alt að* hinni tilteknu upphæð; er landsstjórninni þar með gefin bending um, að hún þurfi ekki að láta verðið ná hámarkinu.

Eg tel þess enga þörf að fjölyrða frekar um þetta mál, en óska að eins að því verði vísað til 2. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Onnur umr., 14. ágúst. (C. bls. 545, 639).

Framsögum. (Þórhallur Bjarnarson): Við 1. umræðu þessa máls var skýrt frá þýðing og tilgangi þessa frv., og var því svo vel tekið þá, að óþarfi er að fara fleiri orðum um það. — En í þetta sinn ætlaði eg að víkja að einstökum liðum, og færa ástæður fyrir þeim breytingartillögum, sem fjárlaganefndin hefir leyft sér að koma með við frumv.

Nefndin hefir fyrst farið fram á það í frv., að veita stjórninni heimild til að kaupa jörðina Hallormsstað með hjáleigum, gegn því, að afgjaldið til landssjóðs, sem hvílir á Vallanesprestakalli, og er 1000 kr., megi færast niður í 620 kr. á ári, og við það gerir nefndin nú þá breytingu, að það megi vera »alt að« 620 kr. Núverandi prestur í Vallanesi, sira Magnús Bl. Jónsson, gerir kröfu til þess, að fá þessa 380 króna línun í árgjaldi, fyrir að láta af hendi Hallormsstað með hjáleigum og ítaki Þingmúlaprestakalls.

Sira Magnús byggir þessa kröfu sína á því, hvað eftirgjald af Hallormsstað og hjáleigum var talið á árunum 1872—1878, en það kom fram í matinu 1884, sem hann fekk brauðið eftir. — Hann telur þar Hallormsstað með hjáleigum metinn fast að 350 kr., en raftaítakið setur hann 30 kr. Vitanlega eta þau sig nú upp ítökin, sem Þingmúli og Hallormsstaður áttu hvor um sig hjá hinum, þegar alt er sameinað, en á þinginu 1899 var þó ítakið líka tekið í reikninginn.

Það sem hér aðallega veldur örðugleikanum er það, að nýja brauðamatið, bygt á árunum næst fyrir 1900, setur afgjaldið af Hallormsstað með hjáleigum mun lægra; þar er það ekki sett hærra en 194 kr., og við það, að viðbættri uppbót fyrir ítakið, var miðað í lögunum um friðun á Hallormsstaðarskógi frá 5. des. 1899, þar sem endurgjaldið til prestsins var sett 240 kr. árlega, sem hann neitaði að ganga að.

Nefndin varð að taka tillit til kröfu prestsins, þar sem hann fekk brauðið með þessu fyrra mati. Nefndin hefir líka litið á það, að þótt Hallormsstaður sé ekki með hærra afgjaldi nú, þá geti það þó orðið mun hærra.

Svo sem kunnugt er, er það afarmikil sauðfjárjörð, og ef þar væri dugnaðarbóndi, sem hefði margt sauða og beitti skóginn miskunnarlaust, þá gæti hann staðið sig við það, að borga mun hærra afgjald um nokkurt áraskeið. — Það var það, sem prófessor Prytz óttaðisi mest, að Hallormsstaður kynni að komast í slíka bygging, því að þá væri þessi skógræktunar miðstöð töpuð.

Nefndin hefir gert sér far um að rannsaka í hverju þessi mikli munur á matinu gæti legið, og hefir þess vegna fengið útskriftir og skýrslur, sem að þessu lúta. Eftirgjaldið af Hallormsstað verður svona hátt milli 1870—1880 við það, að landaurar, sem í var goldið, reiknast svo hátt, t. d. 100 pund af hvítri ull 100 kr., en þó hefir nefndin ekki getað fengið út meira en 300 kr., en presturinn telur það fast að 350 kr., og ætlum vér, að það liggi í leigum eftir kúgildi, sem þá hafi talist með. — En um það atriði hefir nefndin ekki getað fengið næg rök til þess, að hún geti sýnt það með tölum hér í deildinni, og verður stjórnin við framkvæmd laganna að rannsaka það betur, hvaða réttarkröfu sira Magnús hefir eftir veitingu sinni, og ætlast nefndin til, og treystir stjórninni til þess, að láta eigi meira af mörkum en þarf og lög standa til, og það þýða orðin »alt að«.

Að því er síðari breyt.till. viðvíkur,

þá hefir að nokkru verið vikið að henni við 1. umræðu, og er hún sérstaklega komin fram nú eftir ósk háttv. þingm. S.-Þing. (P. J.). Telur hann vafa á því, að jörðin Vaglir fáist fyrir 2800 kr., og hefir því nefndin með breytingartill. hækkað það upp í 3000 kr., en þar stendur líka »alt að« með sama fyrirvara og um Hallormsstað, þó að líklega séu litlar vonir um, að stjórnin sleppi með að borga minni upphæð en henni er heimiluð í lögunum.

Jörðin er vel setin og bóndinn hefir húsað hana vel, og býr þar eftir föður sinn, svo að hann er skiljanlega nokkuð fastur að halda í jörðina.

Nefndin hefir álitið, að ekki væri rétt, að láta standa á 200 kr., til þess að geta fengið skógana sameinaða í eina heild, því að margt er með því unnið, girðing tiltölulega ódýrari, og þar gæti orðið fallegur og stór kynbótaskógur. Reyndar leggur nefndin ekkert kapp á þessa breyt.till., en álítur þó varlegra, að samþykkja hana, til þess að kaupin séu vissari.

Hvað kaupin á Hálsskógi snertir, þá eru þau sett í frumv. eftir mati prestsins á Hálsi, og virðist það hæfilega sett. —Forstkandídat Flensborg fullyrðir, að upp úr því, sem þurfi að höggva í skóginum, undir umsjón skóggræðslumannsins, þá megi hafa 80 krónur á ári.

Enn mætti nefna eitt, og það er það, að presturinn í Vallanesi gerir sérstaka uppbótarkröfu fyrir það, að hann hefir ekki notað þetta raftaítak í Hallormsstaðarskógi í mörg ár. Nefndin getur ekki með neinu móti fallist á þá kröfu, en prófessor Prytz og kandídat Flensborg segjast munu geta gert prestinn ánægðan, með því að miðla honum einhverju af því, sem að höggva þurfi í skóginum, í notum þess, að hann hefir hlíft skóginum undanfarið.

Fleira held eg að sé svo ekki ástæða til að skýra í þessu máli, og leyfi eg mér að bera fram þá ósk, að frumv. verði samþykt með breyt.till.

ATKV.GR.: 1. breyt till. á þskj. 500, við 1. grein 1. lið, samþykt í einu hljóði.

2. breyt.till. á þskj. 500, við 1. gr. 2. lið, samþ. með 16 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Árni Jónsson,	Einar Þórðarson,
Jón Magnússon,	Jóh. Ólafsson,
Björn Bjarnarson,	Lárus H. Bjarnason,
Björn Kristjánsson,	Magnús Andrésson,
Eggert Pálsson,	Magnús Stephensen,
Guðl. Guðmundsson,	Tryggvi Gunnarss.
Hannes Hafstein,	
Hannes Þorsteinss.,	
Herm. Jónasson,	
Jóh. Jóhannesson,	
Ólafur Briem,	
Ólafur Ólafsson,	
Ólafur Thorlacius,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Þórh. Bjarnarson.	

1. gr. frv., með áorðinni breytingu, sþ. m. 20 shlj. atkv.

2. gr. óbreytt samþ. með 20 samhlj. atkv.

3. gr. óbreytt samþ. með 20 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Þriðja umr., 17. ágúst. (C. bls. 641).

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni samþ. með 21 samhlj. atkv., og verður afgreitt til Ed.

Friðun fugla.

FRUMVARP til laga um friðun fugla. 1. umr. 28. júlí. (C. bls. 334).

Flutningsmaður (Hannes Þorsteinsson): Eg held að frv. þetta sé ekki með öllu óþarft, eða ófyrirsynju fram komið. Fuglafriðunarlög þau, sem vér höfum nú, eru allgömul, þau eru frá 1882 og 1885, og eru óheppileg og illa samin. Til dæmis um hve skoðanir manna 1882 hafa verið ein kennilegar, skal eg taka það fram, að hrafninn var þá alfriðaður. Var gert allmjög skop að því út um landið, og sagt að þingið hefði friðað hrafninn, af því að hann væri svo »þjóðlegur« fugl. En veslings hrafninn naut ekki þessara hlunninda lengur en 3 ár. Í lögunum 1885 var hann ófriðaður. 1899 var samþykt hér á þingi frv. um breyting á þessum lögum, sérstaklega um rjúpur, en stjórnin synjaði því staðfestingar, sérstaklega vegna lundans, því með frv. var lundaveiði í Vestmanneyjum gerð lítt möguleg. 1901 var borið upp í Ed. frv. til laga um friðun fugla, og í sambandi við það frv. um friðun á hreindýrum. Það frv. (um hreindýrafriðunina) var samþykt á þinginu og staðfest af stjórninni (lög 8. nóv .1901). En fuglafriðunarfrv., eins og það var sent frá Ed., var hreinasta ómynd; var þá reynt að bæta það hér í Nd., og meðfram vegna þess, og af því að fjöldi breytingartillaga rigndi niður í síðustu forvöð, varð frv. ekki sem heppilegast, enda drápu lávarðarnir það, undir eins og það kom til Ed., voru líka orðnir gramir yfir, hvernig handaverkum þeirra hafði verið breytt í Nd.

Nú hefi eg með 2. þm. Skagf. (St. St.) komið með frv., bygt að nokkru leyti á hinum fyrri frv., en með allmiklum breytingum og annari niðurskipan, að því er eg ætla, viðkunnanlegri og gleggri en áður. Það getur auðvitað verið álitamál hvernig bezt sé að skipa niður í flokka í svona löguðu frv.

Um hin einstöku friðunarákvæði frv. verða að sjálfsögðu skiftar skoðanir. En eg ímynda mér samt, að allir verði á einu máli um það, að rétt sé að lengja friðunartímann á rjúpum og svönum, því að eins og nú stendur, eru fuglar þessir að eins friðaðir frá 1. apríl til 20. júlí, en það er öldungis ónóg friðun. Þessir fuglar eru nú sérfriðaðir eftir frv., og skal eg ekki ganga nánar inn á það við þessa umr. Hinn almenna friðunartíma höfum við lengt frá 20. júlí til 10. ágúst, og munu síðan verða færðar ástæður fyrir því. Um alfriðuðu fuglana er þess að geta, að þótt menn leggi sig naumast niður við að drepa þessa smáfugla, þá er samt ekkert á móti, að banna það hreint og beint með lögum, enda er svo gert í hinum gildandi lögum, en við höfum bætt við nokkrum tegundum: sandlóu, tildru, óðinshönum, þórshönum, jaðrakan o. fl.

Svo er atriði, sem ekki hefir áður verið tekið tillit til, og það er friðun eggja. Það er engu ónauðsynlegra að friða þau en fuglana. En það getur verið álitamál, hvort ekki ætti að hafa mismunandi háar sektir fyrir eggjarán, eftir því hve fuglinn er sjaldgæfur. Þórshanaegg kosta t. d. 1 kr. hvert eða 4 kr. hreiðrið. En við flutningsmenn sáum okkur ekki fært að hafa sektaákvæðin mishá, og höfum því stungið upp á 1 kr. sekt við fyrsta brot, en vel getur verið, að réttara sé að hækka hana til muna.

Í hitt eð fyrra var hér í Nd. svo mikið fjaðrafok af brt. við fuglafriðun-

arfrv., að þm. áttu erfitt með að átta sig á þeim, þess vegna álít eg heppilegra fyrir málið, að nefnd sé sett til að athuga það, og legg eg til, þegar umræðunum er lokið, að kosin sé nefnd.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 19 atkv.

Þriggja manna nefnd samþ. með 19 atkv.

Kosnir í nefndina:

Hannes Þorsteinsson með 15 atkv.
Stefán Stefánsson — 13 —
Tryggvi Gunnarsson — 13 —

Önnur umr. 6. ágúst. (C. bls. 334, 387; n. 415; 455, 525).

Framsögumaður (Hannes Þorsteinsson): Það gleður mig, að ekki eru komnar nema 3 brt. við frv., því þær eru fáar, þegar borið er saman við fjöldann af brt., sem rigndi niður hér á þinginu, þegar málið var hér til meðferðar 1901, og vona eg að þetta sé fyrirboði þess, að mönnum geðjist vel að frv. og samþykki það. Eg skal síðar víkja að breyttill.

Eg gat þess við 1. umr., hvernig málinu hefir reitt af hingað til, og skal eg ekki endurtaka það. Eins og kunnugt er, eru 4 flokkar friðunar: alfriðun, ófriðun, sérfriðun og hálffriðun. Í 3. flokki eru eftir núgildandi lögum að eins tvær fuglategundir: lundi og týll. En nú viljum vér taka fleiri fuglategundir í þann flokk. Það er athugandi við friðunarlög, að of lítil friðun spillir atvinnuvegi manna, sakir þess, að fuglategundir, er menn hafa mikinn arð af, eru þá drepnar um of, svo að fuglinn gengur til þurðar, en hins vegar hnekkir of mikil friðun atvinnu manna, að því leyti, að þá verður veiðin um of takmörkuð, en hæfileg friðun er ávalt til bóta, en aldrei til spillis eða hnekkis. Vér höfum nú viljað fara meðalveg í friðunarákvörðunum. Áður hefir atvinnu manna verið spilt með ónógri friðun á rjúpum og svönum, en vér höfum á hinn bóginn ekki viljað taka stökkið of langt. Við 1. gr. frv. á þgskj. 185, um alfriðun, hefir nefndin ekki gert neinar breytingar, nema að fella rauðbrysting úr tölu alfriðaðra fugla, af því ekki þótti ástæða til að friða hann árið um kring, en með tilliti til gildandi laga bætir frv. við í þenna flokk óðinshönum, þórshönum, tildrum, sandlóum og jaðrakan, því þessa fugla er algerlega nauðsynlegt að alfriða. Frá hv. þm. N.-Isf. (Sk. Th.) er brt. á þgskj. 232, er leggur til að kríur séu alfriðaðar, og komi inn í 1. gr. eftir »steindeplar«. Reyndar kemur krían þá á óhentugan stað, en það mætti laga. Það kom til tals í nefndinni, hvort ekki ætti að alfriða kríur, en okkur fanst hálffriðun nægileg. Það er mikið til af þessum fugli. Reyndar er sagt að hann verji varp, og kríudrit er sagt ágætt fyrir grasvöxtinn, en ekki fanst okkur þó næg ástæða til að alfriða fugl þenna. Ef hann hefði verið tekinn inn í 1. flokk, þá hefðu egg hans fallið undir 5. grein, um friðun á eggjum alfriðaðra fugla, en það væri ósanngjarnt, því margir hafa töluverðar tekjur af kríuvarpi, en hins vegar hefði verið óþægilegt að gera undantekningu um egg kríunnar einnar. Á þgskj. 232 er enn fremur brt. frá sama hv. þm., um að kjóar, sefandir, fiskiendur, helsingjar og aðrar gæsategundir falli úr flokki ófriðaðra fugla, en undir flokk hinna hálffriðuðu. Það virðist ekki ástæða til að friða kjóann, sem er grimmur fugl; sefandir og fiskiendur eru og harðar af sér og lifa á fiskiveiðum. Helsingjana þótti okkur ekki ástæða til að

friða. Þeir koma hér að eins sjaldan. Þeir verpa á Grænlandi og koma hér við á leiðinni og eru góðir til átu. Aftur á móti verpa grágæsir hér, og er mikill slægur í þeim og eggjum þeirra; reyndar er sagt að þær spilli eggjum, en það mun varla vera til muna. Þess vegna höfum við lagt það til, að orðin: »og aðrar gæsategundir«, í 2. gr., falli burt.

Þá kemur 3. gr., um sérfriðun, og er hún töluvert fyllri en í frumv. Eftir frumv. eru rjúpur friðaðar frá 15. jan. til 15. sept. Þetta þótti nefndinni of langur tími, friðunartíminn byrja of snemma. Á Suðurlandi hafa menn miklar tekjur af rjúpnaveiðum í janúar og febrúar, og er hart að banna þá veiði á þeim tíma, sérstaklega síðari hluta janúarmánaðar. Það kom til tals að láta friðunartímann byrja í miðjum febrúar, þá gætu menn sent rjúpur með miðsvetrarferðinni, en niðurstaðan varð 1. marz. Þá er rjúpan farin að verða horuð og lítill slægur í henni. Að því er seinna takmarkið snertir, þótti okkur of seint að hafa það 15. sept. og settum því 1. sept. Rjúpan er þá friðuð hálft árið. Í Þingeyjarsýslu eru rjúpur veiddar í sept., og þá eru ungarnir orðnir fleygir og færir, og virðist því ekki ástæða til að banna þá veiði á Norðurlandi á þeim tíma. Þá höfum við breytt ákvæðinu um andategundir — aðrar en þær, sem ó-friðaðar eru, — sem samkvæmt frumv. skyldu friðaðar frá 1. apríl til 15. september, og höfum sett í staðinn 1. apríl til 1. sept., því okkur þótti það ósanngjarnt að meina mönnum að fá sér andasteik eftir 1. sept. Auðvitað eru æðarfuglar undanskildir, því þeir eru friðaðir með sérstökum lögum. Þá er stafliður c um svanina. Samkvæmt frumv. skyldu þeir friðaðir frá 15. maí til 15. sept. En nefndin hefir fært friðunartímann fram um 1½ mánuð, til 1. apríl. Á vorin eru þeir feitir til frálags, en nefndin fann ekki ástæðu til annars en að banna, að þeir væru drepnir eftir 1. apríl. Svanir eru í sárum fram yfir miðjan ágúst eða lengur, og eru þá stórum drepnir. Það hefir víða verið siður að fara á álftafjall sem kallað er. Á Grænlandi hafa þeir verið strádrepnir á þeim tíma, svo þeir hafa gjöreyðst þar. Eins gæti farið hér, og þess vegna er nauðsynlegt að friða þá. Ákvæðið um friðun lunda höfum við látið halda sér óbreytt. En um fýlinn höfum við gjört breytingu eftir uppástungu háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.) á sérstakri breyt. till., þar sem farið er fram á, að sýslunefndum veitist heimild til að ákveða friðunartímann fyrir fýl, hverri í sínu héraði. Frumv. var samið með tilliti til Vestmanneyja. En háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.) hefir skýrt nefndinni frá, að sama friðunartakmark væri ekki hentugt fyrir öll þau pláss, er fýlaveiði stunda, og nefndinni fanst því sanngjart að ganga inn á þessa tillögu, með því skilyrði, að friðunartíminn byrji ekki seinna en 20. marz, og endi eigi fyrr en 10. ágúst.

Þá koma aðrar fuglategundir, er hálffriðaðar eru, og geta verið deildar skoðanir um, hve lengi þær skulu friðaðar. Í frumv. er takmarkið 1. apríl til 10. ágúst. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að nóg væri að láta friðun þessa ná til 1. ágúst. Það er 11 daga lenging frá því, sem nú er. Nefndin áleit rétt að taka ekki stökkið of langt, það yrðu of mikil viðbrigði fyrir menn, og mundi mælast illa fyrir. Það er nóg að ungarnir séu orðnir fullfleygir þá er friðunartíminn er úti, og svo mundi ýmsum þykja leiðinlegt, ef ekki

mætti skjóta t. d. lóur og spóa fyrri hluta ágústmánaðar. En nefndinni er þetta annars ekkert kappsmál.

Þá er breyt.till. frá h. þm. N.-Þing. (Á. J.), sem ekki vill að valir séu ófriðaðir. Þetta kom til tals í nefndinni, en niðurstaðan varð, að hafa valinn ófriðaðan að öllu, eins og í gildandi lögum. Valir eru ránfuglar, grimmir og harðir, drepa rjúpur og spilla eggjum. Þeir eru fremur sjaldgæfir á Suðurlandi, en á Norðurlandi er meira af þeim, og ýmsir þar hafa tekjur af að taka unga þeirra og egg. Háttv. þm. N.-Þing. (Á. J.) skýrði frá því, að þeir hafi fækkað mikið vegna þessa. En mér er þetta ekkert kappsmál. Var eg hlyntur því í nefndinni að þeir væru hálffriðaðir. Þá hefir nefndin og gert þá viðaukatill. við 3. gr., að leyfa háfa við lunda- eða fýlaveiði, af því okkur fanst, að rétt væri að leyfa notkun þeirra. Var sams konar viðauki settur inn í frumv. það, er samþ. var hér í Nd. 1901, og var það aðallega gert vegna Vestmanneyja. Þá koma breyt.till. nefndarinnar við 4. gr. og 5. gr. Höfum við tekið til greina till. á þgskj. 232, um að hækka sektirnar úr 1 kr. upp í 2 kr., og við ítrekun úr 20 kr. upp í 40 kr. Á þgskj. 232 var stungið upp á, að í 5. gr. kæmi fyrir 1 kr. 5 kr., og fyrir 20 kr. 50 kr., en það þótti nefndinni of mikið. Miðað við að hreiður sumra fugla eru dýr, alt að 4 kr., hugsuðum við okkur að hafa mismunandi háar sektir fyrir hvert hreiður, eftir því hve fuglinn er fágætur, en hurfum frá því, með því að það er mjög torvelt að gera ákvarðanir um slíkt. Þá er br.till. frá háttv. þm. N.-Þing. (Á. J.), um að 5. gr. falli burt, en því er nefndin á móti. Hún álítur engu ónauðsynlegra að friða egg fuglanna, en að friða þá sjálfa. Má vera að uppástungan sé gjörð vegna þess, að eftirlitið er erfitt. En það á við um svo margt annað, og það yrðu fá lög samin, ef ávalt væri hægt að koma í veg fyrir að lögin yrðu brotin.

Þótti nefndinni rétt að bæta nýrri grein við frumv., um að vísindalega mentaðir fuglafræðingar megi skjóta fugla og taka egg. Eg álít að þessi undanþága sé sjálfsögð, enda mun svo vera ákveðið í fuglafriðunarlögum annara landa. En ákvæðið um að fuglafræðingurinn sé vísindalega mentaður er nauðsynlegt, því annars gætu hinir og þessir »dilettantar« fengið leyfi til að drepa fugla og taka egg, undir því yfirskini, að þeir væru að safna fyrir erlend söfn.

Eg hefi ekki frekara að segja um frumv. þetta að svo stöddu, en vonast fastlega eftir, að því verði vel tekið hér í deildinni, því að þótt eg eigi hér hlut að máli, dirfist eg að segja, að það sé allmikil réttarbót í samanburði við gildandi lög.

Árni Jónsson: Eg get ekki verið að öllu leyti samþykkur háttv. framsm. Það er mjög erfitt að gefa fuglafriðunarlög fyrir alt landið, af því ástandið er svo mismunandi í ýmsum héruðum. En við það bætist, að fuglafræðin er mjög lítið rannsökuð hér á landi. Það eru helzt útlendir menn, sem hafa fengist við þessar rannsóknir. Vitanlega er nýlega komin út bók um þetta efni eftir Rev. H. Slater, en enn þá er sú bók svo lítt kunn, að erfitt er að segja, hvort nokkuð sé að græða á henni. Það eru ekki að eins tekjur af rjúpum og svönum, heldur eru líka margar aðrar fuglategundir, sem er stórmikið gagn að fyrir landið. Þegar samin eru friðunarlög fyrir landið, þá þyrftu þau að vera mjög þýðleg, svo alþýðan beri

virðingu fyrir þeim, og sjái sér hægt að fara eftir þeim. Eg er nefndinni fullkomlega samþykkur í því, að breytingu þarf að gera á friðunartímanum um rjúpuna. En við 2. gr. hefi eg það að athuga, að eg álít að ekki sé rétt, að valurinn eða fálkinn sé gerður ófriðhelgur. Fálkinn (Falco Islandicus) er sú eina sérstaka fuglategund, sem við höfum hér á landi, og eg vona því, að menn vilji ekki eyðileggja hann algjörlega, eins og geirfuglinn. En það virðist þó láta nokkuð nærri því, þegar hann er með lögum gjörður réttdræpur, hvar sem er. Fálkaegg eru líka dýr, og fuglinn verpir árum saman, kannske 10—20 ár, á sömu stöðum. Við það að fálkanum yrði eytt, mundu sumir hafa nokkurn vissan arð. Fálkinn er auðvitað harður keppinautur rjúpnaskyttanna, en þeir horfa heldur ekki í það, að skjóta valinn, þegar þeir geta, og leggur þó valurinn færri rjúpur að velli en þeir sjálfir. Mér finst það líka vera nokkuð hart fyrir okkur, sem göngum undir fálkamerkinu, að gera þenna fugl úalandi, úferjandi og réttdræpan. Eg hefi lagt það til í breyt.till. minni, að hann verði friðaður frá 15. sept. til 15. maí, en sé réttdræpur þann tíma, sem hann gerir mest spell, nefnilega á vorin um varptímann. Eg er samdóma framsm. um það, að það eigi ekki við, að setja kríuna inn í 1. gr., samkv. breyt.till. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), enda yrði það æði mikil ósamkvæmni, að láta 5. gr. standa samt óbreytta, og fyrirmuna öllum að taka kríuegg, sem margir hafa gagn og gaman af. Yfir höfuð að tala er því svo varið með mófuglana, að þeir verpa til og frá út um hinar víðlendu heiðar og flóa, svo ekki finst nema ef til vill $^1/_{10}$ af þeim eggjum, sem þeir verpa. Kemst því mikið upp af ungum, þótt tekin séu þau egg, sem finnast. Svipað á sér stað um suma af fuglum þeim, sem taldir eru í 1. gr. T. d. við Mývatn eru óðinshanar svo hundruðum og þúsundum skiftir; skil eg ekki í að það geti gert nokkuð, þó menn fái að taka nokkuð af þessum aragrúa af eggjum. Væri það líka nokkuð óviðkunnanlegt, að mega ekki taka egg fyrir söfnin. Í 2. gr. eru nefndar fiskiendur og sefendur. Um þessi nöfn gildir það sama eins og með fleiri, að sami fuglinn hefir annað nafn í þessum hluta landsins, heldur en í hinum. Það stóð nýlega grein í einu dagblaðinu hér, þar sem talað var um skotin, sem farin væru að dynja á fuglunum. Kvaðst greinarhöfundurinn hafa séð *sefönd með 7 ungum* — og var hræddur um hana fyrir skotmönnunum. Þetta hefir varla getað verið sefönd eða flórgoði (Podiceps), því þótt hún verpi 4—5 eggjum, þá kemur hún ekki upp nema 2 ungum. Hefir ekki við að fæða fleiri. Nafnið »fiskiendur« mun líka nokkuð óljóst fyrir alþýðu. Toppandir munu kunnari, og menn vita að þær eru skaðlegar fyrir hrogn og síli.

Eg er því samþykkur, að orðin: »aðrar gæsategundir« falli burt, því þær eru mjög sjaldgæfar. Viðvíkjandi rjúpunum legg eg það til, að þær verði friðaðar til 15. sept. Það er engin meining í að leyfa að skjóta þær frá 12. ág. — til 15. sept., því í fyrsta lagi borgar það sig ekki að hlaupa frá orfinu um sláttinn til slíkra veiða, og í öðru lagi þá spillir það fyrir rjúpnaverzluninni, þegar farið er að selja þær og senda út þegar fyrir miðjan sept., á meðan þær geta maðkað og skemst á annan hátt. Eg get ómögulega verið með því að halda 5. gr. frv., og hefi því lagt til að hún falli burt. Mér sýnist engin ástæða vera til að friða þau egg, sem þar er farið fram

á. Bæði verpa margir af þessum fuglum á svo stóru svæði, eins og eg tók fram áðan, að ekki finst nema fátt af þeim. Víða verpa þeir í holum og hraungjótum, eða þá í víðlendum mýraflóum, t. d. jaðrakan hér eystra, og finst því tiltölulega lítið af þessum eggjum, og ekki meira en svo, að eg get ekki ætlað, að fuglum þessum fækki fyrir það. Það er líka aðgætandi, að þessi egg eru alls ekki tekin til matar, heldur hafa þau að eins þýðingu í vísindanna þarfir, og þykir mér því nokkuð hart, að menn skuli þurfa að borga 1 kr. fyrir hvert hreiður, sem þeir taka, eða 5 kr. minst eftir tillögu þm. N. Ísf. (Sk. Th.). Sum egg eru líka í mjög háu verði, eins og rauðbrystingsegg. Eg veit að minsta kosti ekki betur en hann sé mjög sjaldgæfur fugl. (*Stefán Stefánsson*: Á Vesturlandi er ekki svo lítið af honum). Eg veit ekki til að rauðbrystingsegg hafi fundist hér á landi um mörg ár. Eg álít að 5. gr. eigi algjörlega að falla í burtu, því annars kemur það ósamræmi inn í frv., að eg get ekki séð, að það muni þá ná þeim tilgangi, að verða að þeim lögum, sem menn beri virðingu fyrir og brjóti ekki að gamni sínu. En hvort sektin verður ákveðin 5 kr. minst, eftir breyt.till. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), eða 1 kr., eftir því sem nefndin vill, það finst mér ekki hafa neina þýðingu. Eg vona að háttv. þm. taki breyt.till. nákvæmlega til athugunar, og að hinn haukfrái *valur* verði ekki gjörður útlægur, því, eg tek það upp aftur, mér finst það ekki sitja vel á þeirri þjóð, sem gengur undir merki hans.

Tryggvi Gunnarsson: Þó eg hafi verið í þessari fuglafriðunarnefnd, þá er eg ekki fullkomlega ánægður með frumv.; mér þykir það ganga of skamt; og því síður get eg verið samþykkur framsögu framsm., að því leyti, að hann miðar verndunina við það, sem *mönnunum* er hentugt; sú rétta dýraverndun á að miðast við það, sem *skepnunum* er bezt. En landsmenn eru máske ekki komnir svo langt, að skoða málið frá þeirri hlið, svo þessi leið, sem hann fer, er líklega að því leyti framkvæmanlegri. Mér þykir einkum það að frumv., að álftin er hálffriðuð en ekki alfriðuð. Ef þær ættu einskis ills von, mundu þær eftir nokkur ár verða eins gæfar við menn eins og æðarfuglarnir, sem sitja hér á uppskipunarbryggjunum með unga sína á sumrin. Það væri mesta sveita- og landsprýði, ef álftirnar sætu á stöðuvötnum og lækjum fast við tún manna, og tæki við brauðbita af þeim, eins og svanir gjöra á vötnunum í Kaupmannahöfn.

Breyt.till. þm. N.-Þing. (Á. J.), um friðun valsins, get eg ekki verið fylgjandi. Mér þykir það nokkuð undarlegt, að friða fálkann um veturinn, á þeim tíma, sem hann drepur mest af rjúpunum, en ófriða hann um varptímann, þegar hann er að verpa og vinna fyrir ungum sínum. Það er ósamkvæmni að friða flesta aðra fugla þann tímann, sem þeir hirða um afkvæmi sitt, en láta fálkann þá ófriðaðan; og samkvæmni er það ekki, að friða rjúpuna, og jafnframt friða þann fugl, sem mest drepur af henni. Ekki get eg heldur verið meðmæltur breyt.till. h. þm. um það, að kipt sé burtu 5. gr., um eggjafriðun smáfugla, því þó hægt sé að fa fáeina aura fyrir egg þessara litlu fugla, sem hér eiga hlut að, þá álít eg það svo ómannúðlegt, að vera að særa tilfinningar þessara saklausu fugla fyrir fáa aura, með því að taka frá þeim það, sem þeim þykir vænst um, og vilja lifa fyrir. Eg óska eftir að frv. verði sp. óbreytt, úr því ekki er hægt að koma með br.till. um alfriðun á álftum,

Hermann Jónasson: Þegar menn semja lög, þá ættu menn ætíð að hugsa um það, að þau séu nauðsynleg. — Þetta lagafrumv., sem hér liggur fyrir, er það óefað í sumum greinum, en vissir kaflar í því virðast mér aftur á móti eigi vera það, og vil eg benda á 1. gr. Þar er um fugla að ræða, sem eg get ekki skilið, og hefi aldrei heyrt, að neinum kæmi til hugar að drepa, því að þetta eru smáfuglar, sem enginn fengur er í. Með því að setja þenna flokk fugla inn í frumv., þá eru lögð ónauðsynleg lög á menn, og mönnum verður einmitt fyrir svona lagaðar hömlur gjarnara til þess að óhlýðnast lögunum, eða bera minni virðingu fyrir þeim en skyldi.

Þá er 5. gr.; við hana er það athugandi, að egg þessara fugla, sem taldir eru í fyrstu grein, eru því nær aldrei tekin nema af eggjasafnendum, sem óþarft virðist að banna þeim, því að þau eru svo lítil, að engum kemur slíkt til hugar, og virðist 5. gr. því óþörf eins og 1. gr.

2. gr. er líka eigi nauðsynleg í frv. Þar eru taldir upp fuglaflokkar, sem ekki eiga að vera friðaðir neinn tíma árs, þetta er með öllu óþarft, því að ef engin lög eru til um friðun þeirra, þá leiðir af sjálfu sér, að þeir eru ófriðaðir.

Við þessa grein hefir komið fram breyt.till. á þskj. 232, sem eg felli mig ekki við; þar er talað um það, að friða kríur, sefandir og fiskiandir. — Hvað kríurnar snertir, þá eru þær nær því aldrei drepnar, og því óþarfi að friða þær, auk þess eru þær, og sömuleiðis sefandir og fiskiendur miklar lax- og silungsætur, þegar um ungviðið er að ræða, að þær eru beinlínis skaðlegar, og ættu því að vera ófriðaðar.

Þingskjal 232 flytur enn fremur brt. um það, að friða kjóa og vali. Mér þykir þessi breyt.till. mjög einkennileg, þar sem valirnir lifa eingöngu á því, að drepa annan okkar arðmesta fugl, rjúpuna, og kjóarnir eru allra fugla skæðastir til að drepa annara fugla unga á vorin, og eigi ber það ósjaldan við, að þeir einnig leggjast á unglömb og gera þannig mikinn skaða, og virðist mér því mjög illa til fundið að friða þessa fugla.

Yfirleitt þykir mér frumv. betra í heild sinni en breyt.till. þær, sem við það hafa verið gerðar, bæði af nefndinni og öðrum.

Nefndin sjálf hefir flutt þá breyt.till., að friða helsingja og aðrar gæsategundir.

Það er sem sé öllum kunnugt, að þessum fuglum hefir fækkað mjög á seinni árum, og þess vegna mun nefndin hafa komið með þessa breyt.till., en fækkun þessara fugla mun óefað standa í sambandi við það, hvað feyki-mikið hefir verið drepið af þeim í útlöndum.

Nú eru skotvopn komin og notuð, þar sem þessir fuglar áttu friðland áður, og í annan stað mun mörgum kunnugt, að víðsvegar í Evrópu er viðhafður dýr og mikill útbúnaður til að veiða bæði þessa og aðra fugla. Þeir eru gintir með tömdum fuglum af sama flokki inn á svæði, þar sem hægt er að loka allan hópinn inni, og drepnir þannig unnvörpum. Þykir mér því mjög undarlegt, að vera að friða þenna farfugl, sem er hér ekki nema stuttan tíma af árinu, að eins til þess, að erlendar þjóðir geti því frekar notið góðs af honum.

Háttv. framsögum. (H. Þ.) tók það fram, sem ástæðu fyrir friðun gæsanna, að sumstaðar væri mikill arður af eggjatöku þeirra. Eg veit það reyndar, að gæsir og helsingjar verpa hér á stöku stöðum, en um verulegan arð af

eggjatöku þeirra veit eg ekki. — Einnig kvað hann vali lifa á eggjum fugla. (*Hannes Þorsteinsson*: Eg sagði, að þeir spiltu eggjum). Jæja, þá hefir mér misheyrst.

Enn hefir nefndin komið fram með þá breyt.till., að friða svani frá 1. apr. til 15. sept. Heppilegra mundi þó vera að hafa friðunartímann, eins og ákveðið er í frumv., frá 15. maí til 15. sept. — Álitamál væri þó, hvort eigi væri réttara að miða fyrra friðunarmarkið við 10. maí, því að stundum ber það við, að svanir verpa fyrir 15. maí.

Annars ætti helzt að mega drepa svaninn sem lengst fram eftir á vorin, því þá er hann feitastur og mestur arður að honum.

Vanalega eru svanirnir komnir úr sárum 15. sept., en við ber það þó, að þeir finnast í sárum, t. d. af gangnamönnum, alt til 30. sept.

Það sem einkum þarf að hafa hugfast með þenna fugl, eins og aðra fugla, sem friðaðir eru, er það, að hann sé ekki drepinn á eggjum og ekki í sárum. Lengra vil eg ekki að friðunin gangi, því að bæði er mikill arður að fuglinum, og svo eru þau svæði, sem hann getur lifað hér á í hörðum vetrum, eigi svo stór, að hann geti haldist við á þeim, ef hann fjölgar mjög, og þá hrynur hann niður úr hungri, og drepst í stórhópum. Þess vegna finst mér rangt, að meina landsmönnum að hafa arðinn af honum, með því að friða hann lengur en þörf er á.

Hvað hækkun sektanna viðvíkur, þá felli eg mig betur við þá breytingartill. nefndarinnar, og eg er enda ekki frá því, að skerpa sektar-ákvæðið enn meira, því að yfirleitt eru menn hneigðir til að óhlýðnast þeim lögum, sem margir álíta óþörf eða óhagkvæm, og að litlu skifti hvort fylgt sé eða eigi, og er því nauðsynlegt, að hafa sem tryggastar skorður reistar við óhlýðninni. — Auðvitað er ekki nema sjálfsagt að friða óskaðlega fugla um sáratímann og varptímann, enda heimtar mannúðartilfinning vor allra það ákvæði, en lengra virðist mér ekki þörf að ganga, einkum þegar um þá fugla er að ræða, sem ekki eru hér nema lítinn tíma, og fara burt héðan til annara landa, og eru þar strádrepnir, og farast líka hópum saman á farferðum sínum. — Eg vil t. d. benda á lóur og spóa. Þessir fuglar hafa aldrei verið drepnir hér fyr en nú á síðustu árum, en þrátt fyrir það fjölguðu þeir ekki að heldur. —Fuglar þessir lifa lengi, ef engin slys koma fyrir, og verpa 4 eggjum, og er sú fjölgun mikil, þegar um háan aldur er að ræða. En alt fyrir það myndi, eins og áður sagt, þessum fuglum ekkert fjölga, þótt þeir væru eigi drepnir hér á landi. Ástæðan fyrir því er sú, hvað mikið drepst af þeim í útferðum, og hvað útlendar þjóðir drepa þá mikið. — Þess vegna þykir mér einkennilegt, að amast við því, að vér höfum eitthvert gagn af ýmsum fuglategundum, og vera að friða þær fyrir útlendinga, eða láta þær drepast og verða engum að liði.

Annars þykir mér þessi lög of víðáttumikil, og væri ilt til þess að vita, ef það skyldi verða þeim að falli, því að nauðsynlegt er að fá önnur ákvæði en nú gilda, hvað suma fugla snertir.

Framsögumaður (Hannes Þorsteinsson): Eg þarf eigi að tala mörg orð frekar um þetta mál. — Eg get vel skilið það, þó menn séu ekki allir á eitt sáttir um ófriðunartíma fuglanna, en um það þýðir lítið að þrefa, því meiningarnar um þetta hafa jafnan verið mjög skiftar, enda tel eg víst, að atkvæðin fyrir frumv. þessu séu fyrirfram ákveðin.

Háttv. þm. N.-Þing. (Á. J.) mælti með því, að hafa valinn friðaðan, en bæði háttv. þm. Rvík. (Tr. G) og háttv. 1. þm. Húnv. (H. J.) voru á móti því. — Eg læt það liggja á milli hluta, en greiði atkvæði eftir nefndarálitinu. — Þá gat háttv. þm. N.-Þing (Á. J.) þess, að fjöldi anda verpti við Mývatn, og sér þætti leiðinlegt, að eigi mætti taka egg undan þeim. Það getur vel verið að það sé satt, að af eggjatöku anda geti verið nokkur arður á þeim eina stað, en víða mun hann ekki vera. — Við Mývatn mun og vera, að því er eg hefi heyrt, nokkuð sérstök »Fauna«, óvenjulega fjölskrúðugt fuglaríki, eftir því sem gerist hér á landi, en það var ekki hægt að taka í frv. tillit til þessa eina staðar sérstaklega.

Háttv. sami þm. taldi heppilegra að hafa rjúpuna friðaða til 15. sept., og er eg honum samdóma um það. Nefndin stytti tímann til 1. sept., og gerði það vegna Norðurlands, en fyrst þingm. álítur, að ekki sé þörf að breyta þessu, og honum hlýtur að vera það vel kunnugt, þá er sjálfsagt að gera það, og láta friðunartímann ná til 15. sept. — Það er einmitt á leiðinni breyt.till. í þessa átt frá nefndinni, og vona eg að hún geti komist að við atkvæðagreiðsluna. Eg fyrir mitt leyti vil friða rjúpuna sem lengst.

Háttv. þm. Húnv. (H. J.) taldi 1., 2. og 5. gr. óþarfa. Þetta er bygt á misskilningi. Upptalning ófriðaðra fugla í 2. gr. er ekki óþörf, því að væru þeir ekki taldir upp, þá þyrfti að telja upp hina hálffriðuðu og alfriðuðu, og það væri ekki léttara. Einhverjum upptalningi verður að halda. Eg skil ekki þenna hugsunargang hjá háttv. þm. Húnv. (H. J.). Hann hélt því fram, að gæsum, helsingjum og öndum hefði stór-fækkað hér, vegna þess, hve mikið væri drepið af þeim erlendis, og því væri eigi rétt að friða þessa fugla. — Viðvíkjandi grágæsunum vil eg taka það fram, að þær verpa hér á ýmsum stöðum, svo að hlunnindi eru dálítil að þeim, þó lítil séu. Um helsingja hefi eg skýrslu frá fuglafróðum manni, sem segir um þá, að þeir hafi hér mjög stutta dvöl, en eigi heima á Grænlandi, en séu góðir til matar, og sé eg enga ástæðu til þess að friða þá hér, enda hefir nefndin lagt það til, að þeir væru ófriðaðir, en það er í breyt.till. á þskj. 232 farið fram á það, að helsingjar séu friðaðir.

Hvað svanina snertir, þá er mér friðunartíminn á þeim ekkert kappsmál.

Háttv. þingm. Húnv. (H. J.) vildi að eins friða þá frá 10. eða 15. maí, vildi láta mega veiða þá á vorin, en nefndin er ekki á sama máli um það, telur enga ástæðu til þess að leyfa svanadráp á vorin. Það væri enda spurning um það, hvort ekki væri rétt, að alfriða þenna fallega fugl.

Háttv. þingm. Húnv. (H. J.) mun þó ekki sjálfur hafa tekjur af svanaveiði á vorin?

Aftur þótti háttv. þm. Húnv. (H. J.) friðunartíminn ekki nógu langur fram á haustið, og vildi hafa svanina friðaða til 20. sept., og sagði, að þeir væru ekki komnir úr sárum fyr en um það leyti eða síðar. Þetta hygg eg að sé nokkuð orðum aukið hjá háttv. þingm. Að minsta kosti veit eg ekki til þess, að sáratími svana hér á Suðurlandi sé talinn ná lengra en til ágústloka í lengsta lagi, og nefndin áleit því, að friðunartíminn væri nægilega lengdur til 15. sept.

Að svanir falli í hörðum vetrum getur vel verið, en ekki hefi eg heyrt, að mikil brögð væru að því, og fremur mun það vera sjaldgæft.

Viðvíkjandi því, að fuglar farist sérum á förinni til útlanda, er eigi ósennilegt, en hve mikið kveður að því, er ekki hægt að sanna. Og þótt háttv. þm. Húnv. (H. J.) sé eflaust kunnari eðlisháttum fuglanna en eg, eftir því sem honum farast orð, þá hygg eg samt, að ummæli hans um þetta efni séu nokkuð út í bláinn, og ekki mikið á þeim að byggja.

En hvað sem þessum athugasemdum líður, sem gerðar hafa verið við frv., þá álít eg, að eins og það liggur fyrir, sé það mjög mikið til bóta, og nauðsynlegt, að það fái fram að ganga.

Árni Jónsson: Mér þótti leiðinlegt, að háttv. þm. Rvík. (Tr. G.) skyldi vera svo mikið á móti fálkanum, því að eg álít, að eg hafi með réttu flutt mál hans hér, og vildi gjarna fá hann friðaðan, þó friðunartakmarkið væri á öðrum tíma en annara fugla. — Hann var á móti því að fella burt 5. gr., því að leiðinlegt væri að taka egg svo smárra fugla, sem þar eru taldir upp. Það mætti nú segja svo um fleira. — Það væri náttúrlega bezt, að þurfa ekki að taka eggin, og þurfa ekki að brytja skepnurnar niður. En við fylgjum þessu ekki, af því að við lifum á dýrunum, bæði þeim smáu og þeim stóru, þó náttúrlega væri æskilegast, að við þyrftum þess ekki. Þó að egg þessara fugla væru látin eiga sig, eins og önnur egg, þá mundu þau eigi verða tekin nema til safna og annara þvílíkra stofnana, enda eigi tekin nema meðan þau eru óunguð. Sumir álíta einnig rétt að taka fyrra varpið, því við vitum, að margir fuglar verpa tvisvar og þrisvar, ef svo er gert. Þetta gera Englendingar oft og hafa mikinn hag af. Ef þetta væri gert hér við egg ýmsra fuglategunda, þá má vera, að á nokkrum stöðum væri dálítið meiri hagur af eggjatökunni en nú er.

Háttv. þm. Húnv. (H. J.) sagði, að helsingjar og gæsir hefðu fækkað hér á ýmsum stöðum. En þetta ber oft við, að fuglar fækka á einum stað og koma fram á öðrum, og hér þarf því ekki ætíð að eiga sér stað fækkun á fuglinum yfirleitt, heldur færir hann sig til úr einum stað í annan, og eg held eg megi fullyrða, að grágæsir séu engu færri nú en áður, að minsta kosti þar sem eg þekki til í Þingeyjarsýslu, bæði með fram Skjálfandafljóti og Jökulsá. — Um helsingjana er það að segja, að þeir munu eigi verpa hér. Koma hér að eins við á ferðum sínum stuttan tíma af árinu, og er því ónauðsynlegt að friða þá.

Mér þótti vænt um, að háttv. frmsm. (H. Þ.) vildi friða rjúpuna, eins og eg lagði til, og nefndin hefir nú komið með breyt.till. um það, og hann og nefndin hefir ekki á móti breyt.till. minni um það, að friða valinn.

Hann talaði um það, að við Mývatn væri máske sérstakt fuglaríki; það er einmitt svo, því þar munu eiga heima allar andategundir, sem til eru hér á landi, nema blesöndin (Fulica atra) og eg hygg enda fleiri andategundir en taldar eru í fuglatali Gröndals. — Þar hittist Morua Ameniana fyrir nokkrum árum, og fimm dögum áður en eg fór að heiman í sumar, þá fann eg einnig óþekta önd, sem mun vera Fuligula. Hún er svipuð duggönd (Fuligula marila).

Mér finst því, að það þurfi að taka tillit til slíks fuglaríkis, þar sem koma t. a. m. 1800 egg í göngu, eins og kallað er. Þetta hefir komið fyrir í »Slútnesi«, sem háttv. þingdeildarm. munu hafa heyrt um getið. Þegar því 3500 egg fást á einum bæ um vikuna, þá

er auðsætt, að hér er um mikinn arð og hlunnindi að ræða fyrir viðkomandi landeigendur.

Við Mývatn er einnig árlega safnað eggjum fyrir einhvern mesta fuglafræðing landsins P. Nielsen á Eyrarbakka, og mundi þá bregða undarlega við, ef hann mætti eigi fá nokkra af þeim smáu fuglaeggjakoppum handa útlendum söfnum.

Fuglategundum þessum mun naumast fækka að mun, þó fáein hreiður séu tekin, og hvað suma fuglana snertir, þá er ekki auðfundið undan þeim, t. d. eins og sandlóu; hún felur eggin í melum og sandi, svo að hreiður hennar finnast sjaldan, og svo er um fleiri þessa fugla.

Mér finst því engin ástæða að halda fast við 5. gr., einkum þegar ekki er að ræða um friðun annara eggja en þeirra, sem tekin eru til að blása úr þeim.

Skúli Thoroddsen: Af því eg á brt. við frv., skal eg leyfa mér að fara um það nokkrum orðum. Eg er þakklátur hv. nefnd fyrir að hún hefir tekið til greina till. minar við 4. og 5. gr., um hækkun sektarinnar. Sektarákvæði frv. þótti mér hlægilega lágt, því það má nærri geta, að menn mundu ekki hika við að skjóta friðaða fugla, þó þeir ættu að borga 1 kr. sekt. — En eg er óánægður með þær gjörðir nefndarinnar, að hún hefir ekki tekið til greina þá tillögu mína að hækka sektina fyrir að taka egg friðaðra fugla. Því var lýst yfir af hv. framsm. (H. Þ.), að fyrir sum af hreiðrunum væru borgaðar 4 kr., og hvaða meining er þá að hafa sektina að eins 2 kr., svo að sá sem hreiðrið tekur græðir 2 kr. á lagabroti sínu, að því er hvert einstakt hreiður snertir. Mér virðist sektin ómögulega mega vera minni en það, sem eg hefi farið fram á, nfl. 5 kr., og það vona eg að hv. deild samþykki.

Sú tillaga mín, að hafa kríurnar friðaðar, hefir fengið slæmar undirtektir, og þykir mér það undarlegt, þar sem þær eru friðaðar í gildandi lögum, og eg hugsaði að meiningin væri fremur að auka friðun fugla en að minka hana; og enn meira furðar mig á þessu, þar sem einn af helztu dýraverndunarmönnum landsins hefir átt sæti í nefndinni. — Hv. þm. Húnv. tók það fram, að það væri óþarfi að friða kríuna og ýmsa aðra smáfugla, sem aldrei væru skotnir; en hvað getur hv. þm. þá gengið til þess, að vilja ekki friða slíka fugla, þó svo kunni að vera, að þeir séu sjaldan skotnir. Það er eins og hv. þm. Húnv. búi yfir launráðum nokkrum gegn kríunni og þess konar smáfuglum. Það kann að vera rétt, sem hv. frsm. (H. Þ.) tók fram, að það komi illa heim við ákvæði 5. gr. að friða kríurnar, þar sem bannað er að taka egg friðaðra fugla. Eg fyrir mitt leyti læt mig litlu skifta, hvort leyft er að taka egg kríunnar eða ekki; það mun vera lítill arður að því víðast hvar. En sjálf er krían nytsemdarfugl svo fyrir æðarvarp sem til að auka grasvöxt, svo sem alkunnugt er og hv. þm. Húnv. getur ekki verið ókunnugt um.

Hv. frsm. nefndarinnar (H. Þ.) las upp skýrslu frá einhverjum fuglafræðingi, sem hann nafngreindi ekki; en eg verð að segja, að mér fanst skýrsla þessi lýsa mjög ómannúðlegum hugsunarhætti, svo sem þar sem segir um helsingjann, að hann verpi á Grænlandi og komi að eins endur og sinnum til Íslands, og sé þá bezt að drepa hann. Þetta finst mér ekki falleg hugsun. — Yfir höfuð hefi eg það á móti frv. hv. nefndar, að mér finst það ganga of skamt í friðunaráttina, að

minsta kosti um varptímann. Það er feykilega ómannúðlegt að láta skotin dynja á fuglunum um þann tíma; og mér finst það rétt að friða alla fugla, alveg, um varptímann og undanskilja ekki nema verstu ránfugla, svo sem erni, vali og hrafna; og vildi eg þó fyrir mitt leyti gjarna friða krummagrey, hann er prýði fyrir okkar land, og margir hafa skemtun af honum. — Eg hefi líka stungið upp á, að kjóinn væri friðaður um nokkurn tíma, það hefi eg gert af því, að eg álít það sé ekki slægur í að vera að drepa þá fuglategund. Yfir höfuð álít eg ekki gjörlegt, að löggjafarvaldið sé að ala það upp í mönnum að skjóta rétt sér til gamans vængi og lappir af saklausum fuglum, eins og tíðkast kringum Rvík og aðra kaupstaði; eg álít það sé í rauninni svívirðileg skemtun, og löggjafarvaldið ætti að reyna að útrýma þeim sið, en ekki efla hann.

Ef Ísland væri land, þar sem ala þyrfti upp hermenn, þá gæti það verið skiljanlegt, að menn vildu á þenna hátt láta menn fá æfingu í skotmensku, en þar sem það er ekki, fæ eg ekki betur séð en að þingið ali upp ómannúð og stráksiegan hugsunarhátt, með því að leyfa mönnum að ganga út og skjóta smáfugla að gamni sínu.

Þar sem hv. 1. þm. Húnv. tók það fram, kjóagreyinu til áfellis, að hann legðist á unglömb, þá ætla eg að þess séu fá dæmi. Það kann að vera, ef hann rekst á dauðann lambskrokk, að hann geri sér þá veizlu af honum, en að hann leggist á lifandi lömb, munu varla finnast dæmi til. Væru það helztu vanhöldin á lömbum, sem krummi og kjói eru valdir að, þá væru vanhöldin ekki mikil Og þó það kunni að koma fyrir 1, 2 eða 3 tilfelli á ári, þá er slíkt svo lítilfjörlegt, að það tekur því ekki að ófriða þessa fugla fyrir þá sök.

Að því er snertir brt. mína um gæsategundir, þá hefir hv. nefnd fallist á hana; en að eg tók með sefendur og fiskiendur, kom af því, að þær eru friðaðar í *núgildandi lögum, og eg vil*, sem sagt, ekki ganga aftur á bak, heldur auka friðunina. — Eg mun við 3. umr. koma með brt. við frv. þetta, sérstaklega við 5. gr. — Eg skal að lokum minnast á það, er hv. nefnd vill nema rauðbrystinga úr tölu friðaðra fugla. Þeir eru friðaðir nú, og að fara að fella þá burt, því er eg algerlega mótfallinn.

Hermann Jónasson: Eg heyrði, að hv. frsm. (H. Þ.) var ekki vel kunnugt um sáratíma svana. Eins og allir vita, eru margir fuglar, sem taka hamaskifti á þann hátt, að þeir missa eina og eina fjöður, en eru aldrei í verulegum sárum, og því alt af fleygir; eins eru sumar álftir aldrei í sárum svo að þær verði ófleygar. En það almenna er, að svanir eru í fullkomnum sárum á vissum tíma árs, þó það sé mjög mismunandi hve lengi það er, og það var alls ekki of mikið, er eg sagði, að það væri oft fram í miðjan september eða lengur, því þess eru dæmi, að það nær fram í október, og ungar eru stundum ekki fyr orðnir fleygir. — Það er eðlilegt, að svanir sjáist fljúga seint í ágúst til sveitanna, því þá eru margar af þeim álftum, sem voru í sárum, aftur orðnar fleygar, og sumar, sem aldrei hafa í sár farið, fljúga þá til sveitanna.

Eg get sagt hv. frsm. (H. Þ.) það, að það var óþarft að vera að tala um, að eg hefði tekjur af álftaveiðum, því það hefi eg aldrei haft, og vil ekki hafa um sáratíma þeirra. (*Hannes Þorsteinsson*: Það var spurning). Eg

hefi ávalt verið með því, að svanir væru friðaðir um sáratímann; og eg skil því ekki hvað hann meinar með þessu, nema honum sé þannig farið, að hann hugsi að eins um sjálfan sig og sitt kjördæmi, og dæmi því aðra eftir því.

Þá vildi hann efa, að svanir féllu á vetrum. En frostaveturinn mikla 1880—'81 féllu svanir mjög; og það er skemst á að minnast, að veturinn 1901—1902 féllu svanir svo, að í Álftafirði við Breiðafjörð voru á nokkrum bæjum tíndar upp 60—100 álftir frá hverjum bæ, er höfðu farizt úr hungri.

Hv. þm. N.-Þing. (Á. J.) talaði um að gæsir mundu ekki vera að fækka; en þar er eg á alt annari skoðun. Það getur verið rétt, að á sumum stöðum séu eins margar gæsir og áður. Það er eins með þær eins og aðrar skepnur, að þær halda sig á þeim stöðum, sem hagkvæmastir eru fyrir þær, en hverfa burt þaðan, sem ver fer um þær; og það er áreiðanlegt, að sumstaðar, þar sem gæsir sáust hundruðum saman fyrir svo sem 20—30 árum, sést nú varla gæs. Mér er vel kunnugt um ýmsan útbúnað, sem hafður er til að veiða bæði þessa fuglategund og ýmsar aðrar, þegar þær koma ferðlúnar til útlanda, og að það er talsverð atvinnugrein.

Hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) mintist á kríuna, og vildi hafa hana friðaða fyrir nytsemdar sakir. Eg neita því ekki að krían ræktar land, t. a. m. á Breiðafirði er ekki svo lítið um það. En mér dettur í hug í sambandi við þetta, að á Englandi þektu menn endur fyrir löngu ekki unglax, og unglax var þá mikið veiddur til að búa til úr honum áburð. Það mun og ekki vera dæmalaust hér á landi að veiða smásilung og smálax í þéttar vörpur og brúka til áburðar. En nú fyrirdæma Englendingar slíkt; en þessu líkt er það að friða kríuna, sem eyðir svo mjög viðkomu laxins, að eins fyrir það að hún ræktar landið, eða breytir þessu ungviði í áburð.

Svo álít eg óhentugt að setja kríuna í 1. gr., því að þá er með 5. gr. bannað að taka egg hennar; en það vildi eg sízt vegna Bessastaðaness.

Gegn hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) skal eg og taka það fram, að það er ekki sjaldgæft, að hrafn leggist á unglömb, og með því hann er illa útbúinn til að vera ránfugl, er hann lengi að kvelja lífið úr þeim. Þess eru og dæmi í hörðum vorum, að kjóinn drepi lömb; og auk þess drepur hann feiknin öll af fuglaungum. Virðist mér það óþolandi ósamræmi, að sama þing, sem er að friða ýmsar tegundir fugla, friði svo jafnframt aðrar tegundir, sem drepa þær.

ATKV.GR.: 1. brt. á 232, við 1. gr. frv., feld með 12 : 10 atkv.

1. brt. á 286, við 1. gr. frv., feld með 17 : 4 atkv.

1. gr. frv., óbreytt, sþ. með 18 shlj. atkv.

1. brt. á 332, við 2. gr. frv., feld með 13 : 5 atkv.

2. brt. á 232, kjóar falli burt, feld með 20 : 1 atkv.

sefandir — felt með 14 : 4 atkv.

fiskiendur — felt með 16 : 2 atkv.

helsingjar — felt með 15 : 1 —

aðrar gæsategundir — sþ. með 13 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Árni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Jón Magnússon,	Einar Þórðarson,
Björn Bjarnarson,	Guðl. Guðmundsson,
Björn Kristjánsson,	Herm. Jónasson,
Hannes Hafstein,	Jóh. Jóhannesson,
Hannes Þorsteinss.,	Jóhannes Ólafsson,
Magnús Andrésson,	Lárus H. Bjarnason,
Ólafur Ólafsson,	Magnús Stephensen,

Ólafur Thorlacius, Ólafur Briem,
Pétur Jónsson, Þórh. Bjarnarson.
Skúli Thoroddsen,
Stefán Stefánsson,
Tryggvi Gunnarss.

2. brt. á 286 þar með sþ.

2. gr., breytt, sþ. með 17 shlj. atkv.

Brt. á 375, við brt. á 286, sþ. með 18 shlj. atkv.

Brt. 2 á 332, við 3. gr. frv., fallin.

Brt. 2 á 231, við 3. gr. frv., tekin aftur.

Brt. 3 á 286, við 3. gr., sþ. með 19 atkv.

4. brt. á 286, við 4. gr., sþ. með 18 atkv.

3. brt. á 232, við 4. gr., þar með sþ.

5. brt. 286, við 4. gr., sþ. með 18 shlj. atkv.

4. brt. á 232, við 4. gr., þar með sþ.

4. gr., þannig breytt, sþ. með 18 shlj. atkv.

3. brt. á 332, við 5. gr. frv., feld með 12 : 4 atkv.

5. brt. á 232, við 5. gr. frv., sþ. með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Arni Jónsson,	Björn Bjarnarson,
Jón Magnússon,	Björn Kristjánsson,
Einar Þórðarson,	Eggert Pálsson,
Guðl. Guðmundsson,	Hannes Hafstein,
Herm. Jónasson,	Hannes Þorsteinss.,
Jóh. Jóhannesson,	Lárus H. Bjarnas.,
Jóh. Ólafsson,	Ólafur Briem,
Magnús Andrésson,	Pétur Jónsson,
Magnús Stephensen,	Stefán Stefánsson,
Ólafur Ólafsson,	Tr. Gunnarsson.
Ól. Thorlacius,	Þórh. Bjarnarson.
Skúli Thoroddsen.	

6. brt. á 286, við 5. gr. frv., þar með fallin.

6. brt. á 232, við 5 gr., sþ. með 12 shlj. atkv.

Brt. nefndarinnar (7. á 286) þar með fallin.

5. gr. frv., þannig breytt, sþ. með 12 : 5 atkv.

8. brt. á 286, ný grein, sem verður 6. gr., sþ. með 16 shlj. atkv.

6. gr., sem verður 7. gr., sþ. með 14 shlj. atkv.

7. gr., sem verður 8. gr., sþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Þriðja umr. 11. ágúst. (C. bls. 525, 549, 553).

Framsögumaður (Hannes Þorsteinsson): Nefndin í þessu máli á hér nokkrar brt. við frv. Brt. 1 á þgskj. 426, við 1. gr., fer fram á að »tildrur« og »rauðbrystingar« falli burt úr tölu alfriðaðra fugla. Tildrur þótti nefndinni ekki meiri ástæða til að friða en t. d. sendlinga. Sama er að segja um rauðbrystinga. Þeir koma hingað snemma í maí, eru hér svo sem mánaðartíma, fara þá norður fyrir land og svo koma ungarnir aftur í ágúst, og eru þá einatt 10—20 í hóp, og því góð veiði. Þess vegna virðist eigi ástæða til að alfriða þá. En annars gerir nefndin þetta eigi að kappsmáli.

Hins vegar þótti ástæða til að undan skilja kríuna í 2. gr., þar sem allar mávategundir eru ófriðaðar. Eins og flestir munu vita, er krían mávategund. Reyndar heyrði eg einn hv. þm. (G. G.) vera mjög kampakátan yfir því, að nefndin skyldi telja kríur til máva, og bauðst hann til að gefa henni 5 aura fyrir þá fyndni. Ætli það væri ekki fremur gustuk að skjóta saman 5 eyringum í sjóð, til þess að kaupa tímakenslu í fuglafræði handa hv. þm. sjálfum, því að hann þyrfti sannarlega slíkrar uppfræðslu við.

En aðalbreytingin, sem nefndin stingur upp á, er við 3. gr. og er í því

fólgin, að færa fyrra tímatakmarkið fyrir friðun rjúpunnar fram um hálfan mánuð, þ. e. frá 1. marz til 15. febr. Eins og menn vita, þá er rjúpan farin að megrast mjög seint í febr., og orðin mjög slæm verzlunarvara; en samt sem áður vildi hún ekki færa tímatakmarkið lengra en til 15. febr., vegna þess, að bagalegt yrði, einkum fyrir menn hér á Suðurlandi, að geta ekki sent út nýskotnar rjúpur með miðsvetrarpóstskipsferðinni, um 10. febr. Eftir þessari tillögu verður rjúpan friðuð 7 mánuði ársins, þ. e. frá 15. febr. til 15. sept., og virðist það vera nægileg friðun.

Brt. á þgskj. 435 fer fram á að 5. gr. frv., um friðun eggja, falli burt. Nefndin er ekki hörð á, að þessi gr. fái að standa, heldur álítur, að hún megi gjarna missa sig, úr því að hún var skemd svo mjög með brt. við 2. umr. Það er næsta óeðlilegt að leggja t. d. meira en tvöfalt hærri sektir við eggjatöku en við skot. Eg gæti líka bezt trúað, að verði greinin ekki feld úr hér í deildinni, yrði hún ef til vill frv. að falli í Ed., eða að minsta kosti feld þar burtu. Það tel eg sjálfsagt. Er því eins gott fyrir þessa deild að gera það. Annars má síðar, ef þurfa þykir, bera fram sérstakt eggjafriðunarfrv., þótt ekki verði það gert á þessu þingi.

Árni Jónsson: Eg hefi — ásamt nokkrum h. þm. — leyft mér að koma aftur fram með brt. (þgskj. 435) um það, að 5. gr. um, eggjafriðunina, falli burt.

Eg fæ ekki betur séð, en að enn þá meiri ósamræmi hafi komist inn í frv. við atkvæðagreiðsluna við 2. umr. Því nú á sektin fyrir eggjatökuna að vera 5 kr., en 1 kr. fyrir að drepa fuglinn, enda virðist mér framsm. kannast við, að hér væri komið alt of mikið ósamræmi inn í frv. Eg álít að eggjafriðun eigi ekki við í þessu frv., en ef farið væri á annað borð að friða egg, þá ætti eggjafriðunin að ná til fleiri fugla en þeirra, sem taldir eru upp í 1. gr. Eg álít enga ástæðu vera til að tala meira um þetta, en vonast eftir að 5. gr. verði feld í burtu, því þá verður frv. mikið frambærilegra en áður. Eg vona að h. deild taki þetta til nákvæmrar athugunar.

Skúli Thoroddsen: Mér virðist ýmislegt benda á, að réttara hefði verið að kalla nefndina *fuglaófriðunarnefnd*, heldur en fuglafriðunarnefnd, því hún vill fækka alfriðun fuglanna. Við 2. umr. gerir nefndin nýja tilraun til að ófriða rauðbrystinga, sem er dæmalaust skemtilegur, lítill fugl. Eg vona, að h. deild fylgi nefndinni ekki lengra í þessu ófriðunarstarfi. Mér þykir það nokkuð undarlegt, að vilja fella burtu eggjafriðunina, því hún er aðalbótin í þessu frv. Og ef hver má fara með eggin eins og hann vill, þá gef eg ekki mikið fyrir fuglafriðunina, yfir höfuð að tala. Mér fanst næstum því þingm. N-Þing. bera illan hug til fuglanna, þar sem hann er að fárast yfir því, að sektin fyrir eggjatökuna á að vera 5 kr. Úr því þingið er á annað borð að setja lög um þetta efni, þá er bezt að gera þau þannig úr garði, að eitthvað verði tekið tillit til þeirra. Eg fyrir mitt leyti hefði ekki haft neitt á móti, þó einfalt fangelsi hefði verið lagt við því, að brjóta þau lög. En hins vegar sýnist mér nokkuð stór misskilningur, að ætla sér að akkordera við borgarana, um hvað mikið þeir vilji borga. Eg legg mjög mikla áherzlu á, að greininni um eggjafriðunina verði haldið.

Pétur Jónsson: Eg verð að játa að í hvert skifti, sem talað er um þessa fuglafriðun, þá dettur mér í hug orðið

»húmbúg«. En þó á þetta einkum við um greinina um eggjafriðunina. Eg sé engu meiri ástæðu til þess að friða egg þeirra fugla, sem nefndir eru í 1. gr., en margra annara. Það er ómögulegt að neita því, að sumir hefðu dálítinn tekjuhalla við, að egg þessara fugla væru friðuð. Og er engin ástæða til að þeir missi sína aura, fremur en aðrir, sem gagn hafa af eggjatöku. Sumir segja, að eggjataka undan þessum fuglum geti útrýmt þeim. En þm. N-Þing. tók það mjög skýrt fram, að ekki væri hætta á því, að eggjatakan yrði nærgöngul, því margir af þessum fuglum verpa á þeim svæðum, að ekki finst meira en tíunda hvert egg. Ekki get eg heldur séð, að ómannúðlegt sé að taka eggin. Þeir, sem hafa fylgst dálítið með í lífi fuglanna, og séð hvernig náttúran sjálf fer að við þá, ungviðið fellur hrönnum saman fyrir hríðum og frostbyljum, þeir skilja, að engin ómannúð er að firra það lífinu, sem slíkt á í vændum. Engum dettur í hug að taka eggin án þess að hafa gagn af þeim, svo ekki þarf að varna slíkri eggjatöku.

Árni Jónsson: Eg held að h. þm. N-Ísf. hafi ekki tekið eftir því, að eg sérstaklega lagði áherzlu á ósamræmnina milli 1. og 4. gr. Annars getur verið að skoðanir hans á fuglafriðuninni eigi vel við þau héruð, sem hann er frá, en þær koma áreiðanlega í bága við það, sem alment er álitið.

ATKV.GR.: 1. brt. á 426, tildrur . . jaðrakan, feld með 12 gegn 9 atkv.

2. brt. á 426, rauðbrystingar, feld m. 15 gegn 7 atkv.

2. brt. á 426, við 2. gr., sþ. með 12 shlj. atkv.

3. brt. á 426, við 3. gr., sþ. með 12 gegn 1 atkv.

Brt. á 435, 5. gr. falli burt, sþ. með 16 gegn 2 atkv.

Frv. í heild sinni, með áorðn. breytingum, sþ. með 17 samhlj. atkv., og verður afgreitt til Ed.

Einum r., 20. ágúst. C. bls. 667; n. 673).

Framsögumaður (Hannes Þorsteinsson): Þessi deild á sannarlega h. Ed. harla fátt að þakka, bæði að því er snertir meðferð hennar á lagafrumvörpum héðan úr deildinni, og nú síðast tillögur hennar í fjármálunum. Þó má nefnd sú, er skipuð var hér í þetta mál, sem nú liggur fyrir, vera henni fremur þakklát en hitt fyrir það, hversu litlar breytingar hún hefir gert á frv. Virðist það benda til þess, að ákvæði frv. séu góð og heppileg. Í rauninni er að eins um eina breytingu af hálfu h. Ed. að ræða, sem sé þá, að kríur skuli teknar upp í 1. gr., meðal alfriðaðra fugla, eins er í núgildandi lögum. Nefndin vill ekki gera þetta að kappsmáli, og felst því á breytinguna. Hin breytingin er afleiðing af þessari, og er hún í því fólgin, að feld eru burt úr 2. gr. orðin »að undanskilinni kríu«, á eftir »og aðrar mávategundir«. Með orðunum »aðrar mávategundir«, er þá meint grámávar, hvítmávar og skeglur eða ritur.

Nefndin vill því ráða h. deild til að samþ. frv. eins og það kom frá Ed., og telur það geta orðið góða og hagfelda réttarbót frá því, sem nú er.

ATKVGR. Frv. í heild sinni sþ. með 21 shlj. atkv., og afgreitt til landsh. *sem lög frá alþingi.*

Ófriðun á sel.

FRUMVARP til laga um ófriðun á sel. 1. umr. 20. júlí. (C. 247).

Flutningsmaður (Hannes Þor-

steinsson): Frumv. þetta, sem við þm. Árn. höfum leyft oss að koma með, er samhljóða frumv., sem flutt var á þingi 1901, og þá var sett í nefnd, en felt svo hér í deildinni þegar það kom frá nefndinni.

Frv. þetta er mest bygt á tillögum þess eina lærða fiskifræðings landsins, Bjarna kennara Sæmundssonar, á sama hátt og hann átti einnig mestan þátt í frv. um friðun laxa, sem gekk hér í gegnum deildina 1901. Eg verð að halda því fram, að þessi maður hafi sérstaka þekkingu umfram aðra í þessum málum, er snerta fiskiveiðar, og þess vegna höfum við ekki haft neina ástæðu til að víkja frá tillögum hans í þessu máli, og flytjum því frv. óbreytt, eins og það kom fram síðast.

Þetta er mjög mikið vandamál, sem oft hefir verið á dagskrá þingsins, en átt mjög örðugt uppdráttar, og aldrei náð samþykki þess. Árið 1891, var frumv. um friðun á laxi borið upp á þingi, og voru í því þau ákvæði, að skjóta mætti sel alla tíma árs, nema í maí og júní. Þetta frv. var að vísu samþykt af þinginu, en var synjað staðfestingar eftir tillögum landshöfðingja. Eins og sjá má af bréfi ráðherrans 4. maí 1892, þá bygði stjórnin synjunarástæðu sína á því, að nokkrir selveiðendur íslenzkir höfðu sent stjórninni bænarskrá, þar sem þeir sýndu fram á, að frv. mundi gera þeim svo mikið tjón, og auk þess hélt landshöfðingi því fram, að frv. kæmi í bága við 50. gr. stjórnarskrárinnar. Ráðgjafinn var raunar ekki alveg á sömu skoðun um það, eða áleit það að minsta kosti mjög efasamt, að það frv. kæmi nokkuð í bága við 50. gr. stjórnarskrárinnar, en synjaði frv. þó um staðfestingu. Síðan hefir frv. um eyðing eða ófriðun sela verið borið fram á ýmislegan hátt; stundum hefir verið skeytt við það tillögum um skaðabætur til selveiðenda. En þó reynt hafi verið að finna ýmsa vegi og ýmisleg ráð, þá hafa menn þó aldrei getað orðið sammála um það. Einu sinni kom t. d. fram frv., sem ekki var nema ein lína, þar sem sagt var, að selur allur skyldi réttdræpur alstaðar alt árið, en eins og vænta mátti, fekk það frv. lítinn byr.

Hér verða menn að athuga, þar sem tvær allarðsamar atvinnugreinir, selveiði og laxveiði, eiga hlut að máli, að hvorri menn vilji fremur hlynna og er það alment álit manna, að fremur beri að hlynna að laxveiði, sem þeirri atvinnugreininni, er sé landinu í heild sinni meira arðberandi, ef hún gæti að fullu notið sín, en það er almenn skoðun og á miklum rökum bygð, að selurinn spilli einmitt þeirri veiði mjög. Auðvitað vantar allar fullnægjandi skýrslur um arð af selveiði og laxveiði; það sem byggja verður á, eru því útflutn.skýrslurnar, sem auðvitað eru ekki nákvæmar.

Ef við athugum tímabilið frá 1895—1900, eða 6 síðustu árin, sem skýrslurnar ná yfir, þá sjáum við að tvö fyrstu árin á því tímabili, nefnilega 1895 og 1896, er útfluttur lax tvöfalt meira virði en selsafurðirnar. 1896 kemst laxinn upp í 39,760 kr., sem liggur í því, að þá var sérstaklega gott verð á laxinum og veiði mikil. 1897 fer laxútflutningur að minka, og verðið að lækka, svo afurðir af honum eru ekki nema $^1/_3$ hærri en selsafurðirnar. 1898 fer þetta alveg yfir um, svo selsafurðirnar verða hærri, og sama er að segja um 1899. 1900 fer munurinn aftur að verða minni, og hefir þá útfluttur lax heldur yfirhöndina. Eftir skýrslunum hefir þessi ár verið selt:

1895: 316 tn. af selslýsi á 8842 kr.
» 3134 selskinn á . 6618 —
15,460 kr.

« Lax fyrir . . . . kr. 30,000
1896: 233 tn. af selslýsi á 6188 kr.
« 3526 selskinn á . 7906 —
14,094 kr.
» Lax fyrir . . . . kr. 39,760
1897: 207 tn. selslýsi á 4959 kr.
» 4075 selskinn á . 7813 —
12,772 kr.
» Lax fyrir tæpar . kr. 17,000
1898: 176 tn. selslýsi á 4570 kr.
» 3874 selskinn á . 7484 —
12,054 —
» Lax fyrir . . . . . kr. 6,265
1899: 221 tn. selslýsi á 5514 kr.
» 4480 selskinn á . 10284 —
15,798 kr.
» Lax fyrir . . . . . kr. 9,595
1900: 287 tn. selslýsi á 7721 kr.
» 5444 selskinn á . 17153 —
» Lax fyrir . . . . kr. 25442

Eins og eg gat um, þá liggur munurinn síðustu árin bæði í hnignun laxveiðinnar og lækkun verðsins á laxinum. Þetta hefir einnig verið notað til varnar selnum. Það hefir verið sagt, að það væri óþarft laxins vegna að ófriða selinn, því verð á laxi væri orðið lágt og mundi stöðugt fara lækkandi, vegna þess, að nú væri farið að flytja svo mikinn lax á markaðinn bæði frá Kanada og Kaliforníu, og menn þar væru nú komnir upp á sama lag með að salta laxinn og við hér heima. Það getur verið að þetta sé rétt, að menn í Kanada og Kaliforníu hafi lært að meðhöndla laxinn á sama hátt og við, en það er engin ástæða á móti þessu frv., eða til að hætta við að hlynna að laxveiðunum. Það mætti taka upp aðra aðferð, og fara að reykja laxinn. Það er mesta furða hve sáralítið hefir verið gert að þessu, og það er enginn efi á því, að vel reyktur lax mundi verða góð markaðsvara.

Vegna þessa þurðar á laxinum árin 1897 og 1898 skrifaði Bjarni Sæmundsson öllum helztu laxveiðendum á landinu og spurði þá, hvaða ráð þeir sæu bezt, til að koma í veg fyrir að laxinum fækkaði svo mjög. Hann benti sjálfur á þau ráð, sem hann áleit fyrst ætti að taka til, og það væri að eyða selnum í öllum veiðiám. Allir laxveiðendur voru honum sammála í þessu, og bygði hann tillögur sínar á þessum svörum frá laxveiðendunum.

Eg held að það sé enginn efi á því, að sel megi telja eitt hið versta ránd*ý*r, ekki einungis fyrir alla laxveiði, heldur líka fyrir allar fiskiveiðar yfirleitt. Eg skal leyfa mér að benda á hinn mikla voða, sem vofir yfir öllum fiskiveiðum í norðanverðum Norvegi af völdum þeirrar selategundar, se kölluð er Rússakópur, og sem mun vera sama tegundin og við köllum vöðusel. Norðmenn eru í standandi vandræðum og hafa meira að segja gert út herskip, til þess að eyða þessum sel. Eg skal raunar játa, að hér er of stutt farið, með það fyrir augum að eyða selnum, því eftir frv. er selur að eins réttdræpur í ám, ósum, vötnum, lónum og fyrir ósamynnum, þar sem lax gengur. Hér er því ekki farið fram á neina algerða eyðingu selsins.

Það væri rangt af þinginu, að vísa enn einu sinni þessu máli frá sér. Það verður að finna einhver ráð til þess að ráða þessu máli heppilega til lykta. Það er ekki tilgangur með þessu frv. að svifta þá arðinum af selveiði, sem hana hafa, heldur að eins hitt, að hlynna að laxveiðinni, og það, sem þingiuu ber að athuga, er það, hvort það, að eyða selnum, yrði ekki til þess að auka laxveiði meira en því svarar, sem selveiðin nú gefur af sér.

Lárus H. Bjarnason: Eg skal

leyfa mér að stinga upp á, að skipuð verði 5 manna nefnd.

ATKV.GR.: Málinn visað til 2. umræðu með 12 atkv.

5 manna nefnd samþykt og í hana kosnir:

Hannes Þorsteinsson með 15 atkv.
Ólafur Ólafsson með 11 atkv.
Jón Magnússon með 9 atkv.
Eggert Pálsson með 9 atkv.
Hermann Jónasson með 8 atkv.

TILLAGA til þingsályktunar um ófriðun á sel.

Ein umr., 25. ágúst. (C. bls. 753).

Framsögumaður (Eggert Pálsson): Öllum háttv. deildarm. er kunnugt um, hvert tillaga sú, er hér er um að ræða, á rætur að rekja, sem sé til frv. þess um ófriðun á sel, er lá hér fyrir í deildinni fyrir skömmu. Nefndin, er fjallaði um það frumv., komst að þeirri niðurstöðu, að óráðlegt væri að lögleiða slíkt frv. að svo stöddu. Henni var ljóst, er hún hafði athugað það gjörla, að lögleiðing þess mundi hafa í för með sér atvinnuspilli fyrir ýmsa menn í landinu, er hafa arð af selveiði; og með því að sá réttur er gamall, hálfrar aldar eða meira, þá áleit nefndin varhugavert, að svifta menn honum alt í einu og endurgjaldslaust. Aðvísu var nefndin fylgjandi stefnu frv. að ófriða sel til verndar laxveiðinni, en hún vildi fara varlega í sakirnar og leita fyrst allra upplýsinga, er fáanlegar væru. Og einmitt þetta er aðalefni þessarar þingsályktunartillögu, að aflað verði hinna fylstu upplýsinga, sem verða má, um það, hvar og hvernig selir spilli laxveiði, hversu mikinn skaða selveiðendur myndu bíða við ófriðunina og hversu margir mundu verða fyrir þeim skaða, og þá, hvort það mundi borga sig að afnema selveiðiréttinn á einum stað fremur en öðrum.

Þessi hugsun, að ástæðurnar eru mismunandi, hefir og sýnilega vakað fyrir hinum upphaflegu höfundum að frumv. um ófriðun á sel. Því þar er berlega tekið fram í seinustu gr., að Þjórsá skuli undanskilin lögunum. En að Þjórsá er undanskilin, stafar af því, að laxveiði er þar svo lítil, að arðurinn af henni nemur næsta litlu í samanburði við hagsbót þá, er ýmsir hafa þar af selveiði, En hugsast gæti, að líkt stæði á annarstaðar, t. d. á Breiðafirði. Það er álitamál, hvort eyða ber selveiðinni á þess konar stöðum, í þeirri von, að arður af laxveiði ykist. Við Ölfusá er aftur á móti arður af laxveiði meiri en af selveiði, því að fáir eru þeir, er hana stunda, en margir laxveiði. Þar sem þannig hagar til, er sjálfsagt heppilegt að afnema selveiðiréttinn, og mjög tilvinnandi að þeir, er hans hafa not, fengi endurgjald fyrir þann réttarmissi.

Verði tillagan samþykt, ber að skilja það svo, sem þar með sé stigið spor til þess að fá hinar frekustu upplýsingar, máli þessu viðvíkjandi. Og fyrst, er þær eru fengnar, er auðið að gera ákvæði um, hvort eyða skuli sel yfir höfuð, eða að eins á vissum stöðum og með hverjum skilmálum.

ATKVGR.: Tillagan í heild sinni sþ. í e. hlj. og verður afgreidd til landshöfðingja.

Læknaskipun.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum 13. okt. 1899 um skipun læknishéraða á Íslandi o. fl.; 1. umr. 25. júlí. (C. bls. 330).

Ólafur Olafsson: Mér finst háttv. Ed. hafa oft tekist betur en við samningu þessa frumv. Þegar lög þau voru samin, sem hér er farið fram á að breyta, var leitað álits sýslunefndanna um það, hvernig þær álitu heppilegast að skifta héruðunum, en eg veit ekki betur, en þessi breyt.till. sé gjörð að sýslunefndunum alveg fornspurðum. Eg hefði nú kunnað betur við, að sýslunefndunum hefði verið leyft að leggja orð í belg. Eftir þessu frumv. er ætlast til þess, að læknirinn í Kjósarhéraði verði fluttur til Hafnarfjarðar, en við það aukast erfiðleikar fyrir menn í Kjósinni og öðrum héruðum, að ná í lækni. Að menn séu ekki ánægðir með það, má meðal annars ráða af því, að nú hefir þinginu borist áskorun frá 40 mönnun úr Kjósinni, um að fella frumv. þetta, og auk þess áskorun undirrituð af sóknarpresti og hreppsnefndaroddvita. Þetta virðist mér benda til þess, að óánægjan sé almenn, og mér finst allir verða að játa, að hún sé á rökum bygð. Það er hart fyrir þessa menn, að þurfa að sækja lækni til Hafnarfjarðar eða Reykjavíkur, beri slys að höndum, eða et kona er í barnsnauð, og mikil viðbrigði frá því, sem nú er, þar sem segja má, að það sé nú varla steinsnar til læknisins.

Jafnill er breytingin fyrir Þingvallasveitarmenn, og eg ímynda mér að þeir æski ekki eftir henni, — eg get jafnvel ímyndað mér, að þeir viti ekkert um þessa breytingu. Þeir koma til með að eiga enn þá verra með að leita læknis; þeim er ætlað að sækja lækni austur yfir Lyngdalsheiði og Grímsnes, en Grímsnesið er snjóasöm sveit og ill yfirferðar á veturna. Sama má vist segja um Hvalfjarðarstrandarhrepp; eg ímynda mér að gleðin hjá þeim verði ekki mikil yfir því, að þurfa að sækja lækni yzt út á Akranes.

Eg vildi því helzt fresta þessu máli til næsta þings, svo að viðkomendur geti gert sínar tillögur um málið. Það er heldur engin vissa fyrir því, að Hafnfirðingar sjálfir, þeir menn, sem eiga að hafa gott af breytingu þessari, séu málinu fylgjandi, því það er stór hængur á þessu. Læknirinn er nefnilega samkvæmt þessu frumv. skyldur til að fara 6 ferðir upp í Kjós, og á meðan væru þeir læknislausir, eins og nú. Þetta væri nú gott og blessað, ef hin h. Ed. gæti með lagaboði trygt það, að engin slys kæmu fyrir á meðan læknirinn er í burtu, en því miður hefi eg litla trú á því, að hún geti það.

Vilji þessi háttv. deild ekki fella málið nú þegar, þá vona eg að minsta kosti að hún setji málið í nefnd. Þetta er ekki sá rétti vegur til þess að bæta úr læknisleysinu í Hafnarfirði, því sé virkilega þörf þar á lækni, þá verður að búa til nýtt læknishérað, og dugar þá ekki að horfa í kostnaðinn, sem ekki er heldur svo gífurlegur. Og þótt sumir kunni að segja, að margir eigi erfiðara með að ná í lækni en Kjósarbúar, þá sannar það alls ekki neitt annað en það, að víða er pottur brotinn.

Eg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta mál. Eg óska helzt að málinu sé frestað til næsta þings og frv. felt, til þess að héraðsbúum gefist sjálfum kostur á að segja skoðun sína og vilja í málinu, en vilji deildin það ekki, þá vona eg að hún setji málið í nefnd.

ATKV.GR.: Frumv. felt frá 2. umr. með 11 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson,

Jóh. Jóhannesson, Eggert Pálsson,
Jóh. Ólafsson, Guðl. Guðmundss.,
Magnús Andrésson, Hannes Þorsteinss.,
Magnús Stephensen, Herm. Jónasson,
Ólafur Ólafsson, Lárus H. Bjarnason,
Ólafur Thorlacius, Ólafur Briem,
Tryggvi Gunnarss. Skúli Thoroddsen.
Stefán Stefánsson,
Þórh. Bjarnarson.

Nýtt jarðamat.

FRUMVARP til laga um að undirbúa nýtt jarðamat; 1. umr. 7. ágúst. (C. bls. 409).

Framsögum. (**Ólafur Briem**): Fjörutíu ár eru nú liðin síðan jarðamatsbókin var löggilt með tilskipun 1. apríl 1861. Í þeirri tilskipun var gjört ráð fyrir, að endurskoðun færi fram eftir 20 ár. En nú eru ekki einungis liðin 20 ár, heldur helmingi lengri tími, án þess að endurskoðun hafi verið framkvæmd. Að vísu hreyfði stjórnin þessu máli þegar 1875; var þá nefnd þeirri, er skipuð var til að íhuga skattamálið, einnig falið á hendur að athuga þetta mál, og lagði hún til, að nýtt jarðamat færi fram. Stjórnin lagði svo frumv. fyrir þingið 1877, en það náði ekki fram að ganga. Síðan hefir ekki verið farið fram á almenna endurskoðun jarðabókarinnar. En samþ. hafa verið tvenn lög viðvíkjandi jarðamati í einstökum sýslum, 8. nóvbr. 1883 um mat á einstökum jörðum í Rangárvalla sýslu, og 19. febr. 1892 um mat á jörðum í Vestur-Skaftafellssýslu. Orsökin til þess, að máli þessu hefir svo lengi verið frestað, er eigi sú, að menn hafi ekki kannast við þá galla á jarðamatsbókinni, er komu fram þegar við undirmatið, og líka við leiðréttingar þær eða breytingar, sem á því voru gerðar. Undirmatið fór fram á árunum 1849 og 1850. En eins og kunnugt er, var því mikið breytt, áður en það var löggilt, og ekki alstaðar til bóta. Eg skal tilfæra eitt dæmi. Við mat á bænda kirkjujörðum, þar sem prestsmata hvíldi á kúgildum, þá var í undirmatinu kúgildunum slept, eins og sýndist liggja beinast við, þar sem þau áttu að bera kvöð, er á jörðinni hvíldi, en þessu var síðan breytt aftur í það horf, að kúgildunum var bætt við, svo að áminst kvöð varð til þess að hækka mat á slíkum jörðum.

En gallar þeir, sem þegar frá upphafi voru á jarðamatsbókinni frá 1861, eru þó ekki aðalástæðan til þess, að nauðsyn ber nú til að endurskoða jarðamatið, því að við því má avalt búast, að matið sé ekki gallalaust. En hitt er það, að ástandið í landinu hefir breyzt svo mjög síðan jarðamatsbókin kom í gildi. Á þeim tímum voru viðáttumiklar fleytingsjarðir í mestu gildi og það varð ekki svo mjög til að fella þær, þótt þær væru fólksfrekar, því að þá var nógur og tiltölulega ódýr vinnukraftur í landinu. En nú eru aftur á móti hægar heyskaparjarðir í mesta áliti, sakir þess, að vinnufólkseklan og hið háa verkmannakaup gjörir það erfitt og kostnaðarsamt, að hagnýta sér stóru og örðugu jarðirnar.

En þótt flestir kannist við, að dýrleiki sá, sem nú er á jörðum, sé yfirleitt alls ekki réttur, og svari engan veginn til verðmæti jarðanna, eru margir, sem halda því fram, að eigi sé brýn nauðsyn á endurskoðun jarðamatsins, af þeirri ástæðu, að jarðamat hafi ekki svo mikla þýðingu nema sem grundvöllur opinberra gjalda, en þau gjöld séu tiltölulega lítil, sem bundin eru við dýrleika jarða. Í þessu sambandi dugir ekki eingöngu að líta á þá skatta, sem renna í landssjóð. Því

að þó ábúðarskatturinn í landssjóð sé ekki ýkja-hár, $^2/_5$ álnar af hundraði hverju, þá eru, eins og kunnugt er, ýms önnur almenn gjöld, sem lögð eru á jarðir eftir hundraðatali, svo sem tíundir til fátækra, prests og kirkju og að nokkru leyti offur til presta. Sömuleiðis er gjöldum til sýslusjóða og jafnaðarsjóða jafnað niður á sveitarfélög eftir tölu jarðarhundraða og lausafjárhundraða. Enn fremur má geta þess, að ýmsum öðrum gjöldum, sem ekki eru beint lögákveðin, svo sem kostnaði við byggingu og viðhald skilarétta, og fyrirstöðugarða við afréttir, er venjulega að meira eða minna leyti jafnað niður eftir hundraðatali jarða. Og við slíka niðurjöfnun kemur þá fram allur sá ójöfnuður, sem er á hinu gildandi jarðamati. Að lokum skal eg minna á það, að ef lög um afnám lausafjárframtals næðu fram að ganga, eins og komið hefir til tals hér á þingi oftar en einu sinni, gæti svo farið, að ábúðarskatturinn yrði hækkaður, eða lögleiddur yrði eignarskattur af jörðum, sem væri miðaður við dýrleika þeirra, og því hlyti ójöfnuður sá, sem nú er á jarðamatinu, að koma enn þá þyngra niður.

En auk þess sem jarðamat er grundvöllur fyrir almennum gjöldum, hefir það og eigi all-litla þýðingu í fleiri greinum.

Nýlega var hér í deildinni, þegar málið um sölu þjóðjarða var til umr., vitnað til dýrleika þeirra, sem mælikvarða fyrir söluverðinu; eins og nú stendur, er þetta ekki góður grundvöllur, en gæti verið til hliðsjónar, ef matið væri réttara en nú. Sama má segja um lánveitingar úr bankanum og öðrum almennum sjóðum. Nú er reglan sú, að jarðir eru virtar í hvert skifti, sem þær eru teknar að veði. En ef allar jarðir yrðu metnar af nýju til dýrleika, þá þyrfti ef til vill ekki að virða þær upp aftur í hvert skifti, sem lánað er út á þær, og við það mundi sparast ekki svo lítill kostnaður og fyrirhöfn.

Ein mótbáran á móti jarðamatinu er, að það hafi mikinn kostnað í för með sér. Eg játa það, að kostnaðurinn er nokkuð mikill. Nefndin gerði ráð fyrir að 4 menn þyrfti í hverri sýslu, og hver þeirra á að fá 4 kr. á dag; það verða 16 kr. Nefndin gerir enn fremur ráð fyrir, að matið mundi taka 3 mánuði í hverri sýslu. Eftir því mundi kostnaðurinn við jarðamatið á öllu landinu verða nálægt 25,000 kr. En ef hið nýja jarðamatið stæði eins lengi og það, sem nú er í gildi, alt að $^1/_2$ öld, þá yrði kostnaðurinn ekki svo sérlega tilfinnanlegur.

Að endingu skal eg geta þess, að í frumv. vantar ákvæði um yrktar lóðir í kaupstöðum, en nefndin áleit heppilegra að koma með sérstakt frumv. um þær. En þetta mun nefndin athuga nánar til 2. umr.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg er ekki undir það búinn, að láta í ljós álit mitt um þetta mál, en í fljótu bragði get eg séð það, að þetta frv. er mjög vanhugsað. Hvað á að leggja til grundvallar fyrir dýrleik jarðanna? Það er víst meiningin, að dýrleikinn verði ákveðinn eftir söluverði í hundruðum króna. En nefndin tekur ekki fram, hvort á móts við jarðarhundraðið eigi að koma 1. 2 eða 3 hundruð króna í söluverði jarðanna. Hætt er við, að ef meta á jarðirnar með skatta-álögum fyrir augum, að þá verði alt gert til þess að fá matsverðið lágt, en fjöldi af jörðum hefir á síðustu árum verið metinn til veðsetninga og matsverðið hátt. Hvaða tillit á að hafa til þessara matsgerða? Það er mjög hætt við því, að misrétti komi fram, ekki að eins

milli jarða innbyrðis, heldur líka sérstaklega á milli bygðalaga.

Háttv. framsögum. gerði ráð fyrir, að matsmennirnir gæfu eins ítarlegar upplýsingar og gefnar voru undir matið 1861, en með því fyrirkomulagi, sem nefndin hefir hugsað sér, er það algerlega ómögulegt.

Mér þykir dálítið skrítið, að kúgildi skuli vera undanskilin matinu. — Því eru jarðarhús þá ekki líka undanskilin? Réttast væri kannske að láta fylgja ákveðna peningaupphæð fyrir húsunum með hverri jörð.

Það er margt fleira sérstaklegs eðlis, sem athuga þyrfti. Matið verður aðallega að fara fram með skatta-álögum fyrir augum. En hvaðan mun sú breyting komast á, að leggja skattana á eftir eignarupphæðinni, eins og nú er gert með húsaskattinn.

Nefndin hefði átt að vera svo framsýn að sjá, að nauðsynlegt var að finna nýjan réttlátari grundvöll fyrir matinu, en það, sem hún nú er að gera, er að eins að »sletta bót á gamalt fat«. — Mér finst alt frumv. nefndarinnar vera bygt í lausu lofti, en geymi að fara nánar inn á málið til 2. umr.

Björn Bjarnarson: Eg geri mér enga von um það, að jarðamat þetta verði verulega betra en jarðamatið 1861; það eru alt af mikil vandkvæði á því, að semja jarðamat, og nú engu minni en áður, og efasamt hvort menn mundu verða nokkuð ánægðari með þetta nýja jarðamat en hið gamla. — Jarðamatið er aðallega grundvöllur fyrir skatta-álögum; en þessar álögur eru ekki miklar. Það er einkum ábúðarskatturinn og fasteignartíundirnar, og ef vér gerum meðalverð verðlagsskráanna um 50 aura, þá sér hver maður, að það munar litlu, hvort jarðir eru metnar 2—3 hundr. hærra eða lægra. — Hins vegar er auðséð, að kostnaðurinn við að semja jarðamatið er talsverður, og að mínu áliti verður hann svo mikill, að hann samsvarar ekki hinu vafasama gagni af þessu verki, og er eg því frumv. mótfallinn.

Eg álít, að þessu fé mætti verja til annars, sem landbúnaðurinn gæti haft miklu meira gagn af.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Önnur umr., 11. ágúst. (C. bls. 409).

Framsögum. (Ólafur Briem): Það eru aðallega tvö atriði í þessu frv., sem er öðru vísi fyrir komið en átti sér stað við hið fyrra jarðamat 1861. Annað atriðið er í 1. gr. Þar sem það er tilskilið, að jarðirnar séu metnar í hundruðum króna, það er að segja, að þær séu metnar til núgildandi peningaverðs, sem ríkjandi er í öllum kaupum og sölum. Þetta munar frá því sem áður var, þá voru jarðirnar metnar eftir hundruðum á landsvísu, er jafngiltu 120 álnum. Afleiðingin af þessu gamla fyrirkomulagi var sú, að verðmælirinn var misjafn í hinum ýmsu sýslum landsins, þegar miðað er við meðalalin í sýslu hverri, því allir vita, hve mismunandi hún er um land alt. Svo var það heldur ekki meðalalin, sem farið var eftir, því að hundrað í jörðu svarar alls ekki til hundrað álna eftir meðalverði.

Hitt atriðið eða nýmælið í frumv. er það, að í 3. gr. er farið fram á það, að innstæðukúgildin séu ekki talin með í mati jarðanna. Þó að gert væri ráð fyrir föstu kúgildatali í hinu fyrra jarðamati, þá hefir það eiginlega aldrei komist á. Fyrst og fremst er mönnum lítt kunnugt um tölu kúgilda þeirra, er upphaflega voru metin með jörðunum, og síðan hefir sú tala raskast á ýmsan

hátt, eftir því, hvort á þeim hafa búið sjálfseignarbændur eða leiguliðar, og við það, að þær hafa gengið kaupum og sölum. Í annan stað er þess að gæta, að innstæðukúgildi jarða eru eigi talin fram til tíundar, og eru því laus við þau gjöld, sem á lausafé hvíla. — Það kunna nú sumir að álíta, að ef þetta gjaldfrelsi væri af numið, þá væri leiguliðum þar með íþyngt, en eg verð þvert á móti að líta svo á, að gjaldfrelsi jarðarkúgilda sé aðallega hlunnindi fyrir jarðareiganda, og miði til þess, að halda við því fyrirkomulagi, að kúgildaþungi hvíli á jörðum, sem önnur skyldukvöð, hvort sem leiguliðum er það ljúft eða leitt. Afnám gjaldfrelsisins gæti leitt til þess, að fyrirkomulagið breyttist þannig, að jarðir yrðu eigi bygðar með kúgildum, nema eftir sérstöku samkomulagi landsdrottins og leiguliða, og það álít eg miklu heppilegra fyrirkomulag.

Að því er undirbúning jarðamatsins snertir, er mestur vandi að fá samræmi milli hinna ýmsu héraða, og jafnvel milli sveita innan sömu sýslu. — Til þess að fá nauðsynlegt samræmi í matið innan sýslu, er í frumv. gert svo ráð fyrir, að sömu mennirnir, 3 að tölu, meti allar jarðir í hverri sýslu. — Ef til vill væri nægilegt, að 2 af matsmönnunum væri hinir sömu í öllum hreppum sýslunnar, en 3. matsmaðurinn væri innanhreppsmaður.

Þá kemur spurningin um hitt, hvernig eigi að fá samræmi á milli sýslnanna, en í frumv. er þetta látið liggja milli hluta.

Þegar þetta mál lá fyrir þinginu 1877, þá varð ágreiningur um þetta atriði. Í efri deild hneigðust menn helzt að því, að skipuð væri yfirmatsnefnd, til þess eftir á að endurskoða jarðamatið um land alt. Í neðri deild var það ráð fundið, að ákveða hundraðatölu á öllu landinu, og skifta því svo á milli sýslnanna eftir fénaðartölu og fólksfjölda. Eftirgjald jarða var þriðji mælikvarðinn, sem menn vildu fara eftir. En hér hefir ekkert verið farið inn á þetta, af því álitið var að þess þyrfti ekki, einkum af því, að nú er ákveðið að meta jarðirnar til peningaverðs, sem er svo miklum mun auðveldara og vafningsminna.

Frumv. þetta fekk all-hörð andmæli hér við 1. umr., enda bjóst landbúnaðarnefndin ekki við því, að jafn vandasamt mál gæti gengið áfram mótmælalaust. Nefndin álítur þvert á móti nauðsynlegt fyrir málið, að það fái sem flestar skýringar, sem gætu orðið til undirbúnings síðar, og komið málinu að haldi að einhverju leyti, þó að það gangi ekki fram á þessu þingi.

Árni Jónsson: Háttv. framsögum. (Ól. Br.) hefir nú tekið fram það helzta í þessu yfirgripsmikla máli. Jarðamatið er orðið mjög breytt í samanburði við gangverð jarðanna. Hann gat þess, að hundrað í jörðu nú á tímum svaraði ekki til hundraðs á landsvísu eftir því, sem það gengi kaupum og sölum, því það væri svo misjafnt hvað hundraðið gengi. Hann gat og um það, hvað frábrugðið væri nú orðið frá þeim grundvelli, sem hið fyrra jarðamat hefði verið bygt á. Nú skal eftir 1. gr. frv. meta jarðirnar í hundruðum króna. — Nú eiga jarðirnar að standa á hundruðum eftir þessu frumv., en áður gátu þær staðið á $^1/_{10}$ hluta, og hlýtur það mat að vera nákvæmara og betra, sem stendur á minni upphæð, en ekki á hundraði. Eftir 2. gr. eiga 3 menn að meta jarðirnar í sýslu hverri. Eg sé það ekki, hvort þeir eiga heldur að ferðast um sýsluna eða að eins koma saman eins og á nefndarfund, og gera matið. Þetta atriði finst mér vera athugavert; það er ekki víst, að það sé

hægt, að fá 3 menn svo gagnkunnuga, að þeir geti dæmt um jarðirnar og matið þær sanngjarnlega, og þyrftu ekki persónulegan kunnugleika, svo að segja um hverja jörð áður en þeir ganga að þessu starfi.

Mér finst að hér hljóti að vera nauðsynlegur meiri undirbúningur, t. d. eins og við síðasta jarðamat, að það sé undirbúið áður í hverjum hreppi, eða þá að þessir matsmenn fái leiðbeining, að minsta kosti hjá einum manni úr hverjum hreppi.

Í 3. gr. er það tekið fram, að jarðirnar skuli meta til núgildandi peningaverðs, eins og þær mundu nú verða seldar, og eins og þær nú gengju kaup um og sölum. Þetta gæti eg hugsað að væri erfitt að segja um margar jarðir, því eins og kunnugt er, þá eru fjölda margar jarðir, sem aldrei hafa gengið kaupum eða sölum, o: allar landssjóðs og kirkjujarðir. Þar á ofan er það svo óvíst og breytilegt, hvernig á að meta gæði jarða á þessum tímum. — Þeir, sem kunnugir eru í sveitum, þekkja mismuninn á gæðum jarða nú frá því, sem var fyrir $^1/_2$ öld, þegar síðasta jarðamat var gert. Þá voru það taldar góðar jarðir, sem höfðu víðáttumikið og kjarngott land, eða þá voru góðar útigangsjarðir, en nú er mest litið á það, að gæði jarðanna séu sem farsælust, sé sem hægast á engjar, aðflutningar hægir, stutt til sjávar o. s. frv. Þetta er líka vel skiljanlegt; þegar vinnuskorturinn er orðinn svo mikill og verkkaupið er orðið svo hátt, þá koma þessir kostir jarðanna í ljós. — Svo getur ýmislegt annað átt þátt í því, að verðmæti jarðanna breytist, það geta t. d. komið ýmsar framfarir, jarðabætur, vegir, gufubátsferðir o. s. frv., og eftir því sem samgöngur aukast, hækka jarðirnar í verði, og hvers konar hagur og hægð eykst, bæði einstakra jarða og heilla héraða. Segjum t. d. ef vegur kæmist úr Hafnarfirði og suður að Vogastapa. Eg átti tal við sýslumanninn þar um daginn, og sagði hann það hiklaust, að ef sá vegur kæmist á, þá mundu jarðirnar þar um leið hækka stórum í verði.

Mér virðast því allar líkur til þess, að þótt farið væri að semja nýtt jarðamat, þá mundu fjölmörg koma aftur fram þær umkvartanir, að það væri ekki sanngjarnt.

Þá er enn þá eitt viðvíkjandi 4. gr. Þar er sagt, að ef eigandi eða umboðsmaður sé óánægður með það mat, sem gert var á jörð hans, þá skuli hann snúa sér til sýslunefndar, og leggi hún úrskurð á málið. Mig langar til að spyrja, hvort það eigi að vera fullnaðarúrskurður, eða hvort það sé eins og um aðra sýslunefndarúrskurði, að honum verði vísað til amtsráðs, því það finst mér talsvert spursmál, hvort það sé heppilegt, og meining frumv. ekki ljós í þessu atriði.

Eg er sannfærður um það, að verðlagsskráin ætti að hverfa eða breyta henni að minsta kosti, og það hefir ekki svo lítil áhrif gagnvart jarðamatinu, ef því máli yrði ráðið heppilega til lykta.

Ef henni yrði breytt, þá mundi það líklega verða einhver ábúðarskattur og tíundir, sem heimtuðu jarðamat, en spursmál væri þá, hvort eigi væri réttara og kostnaðarminna, að breyta þessum gjöldum, heldur en að fara að búa til nýtt jarðamat, sem hlýtur að kosta landið mjög mikið.

Pétur Jónsson: Það voru einkum nokkrar athugasemdir háttv. þm. N.-Þ. (Á. J.), sem gáfu mér tilefni til þess að taka til máls. Eg vil þá fyrst vekja athygli háttv. þm. á því, að hér er að

eins um undirbúning undir nýtt jarðamat að ræða. Undirbúningurinn undir það snertir ekkert það, hvernig gjöldin eigi að leggja á, heldur kemur það spursmál fyrst til greina, þegar jarðamatið er á komið.

Þegar búið er til nýtt jarðamat, þá er spursmálið, hvort fasteignin eigi að vera undirstaða undir skatti til opinberra þarfa; sé það, þá þarf álagan eða skatturinn að vera eðlilegur og réttmætur; það, sem gerir álöguna réttmæta, er matið; sé það ófullkomið, þá verður engin sanngjörn eða réttmæt álaga á því bygð. Þetta fanst mér að h. háttv. þm N.-Þ. (Á. J.) vilja leggja aðal-áherzluna á, og því þyrfti að breyta jarðamatinu.

Annað, sem honum þótti athugavert, var það, hve erfitt væri að búa til nýtt jarðamat. Áður var miðað við það, hvað jarðirnar gátu borið, og það gat aldrei orðið nákvæmt, en nú verður matið auðveldara, þegar metið er til króna, og verður hægra með því fyrir komulagi að fá það nákvæmara og réttara. Þar sem ekki er kaupverð til á jörðum, þar verður að bera jarðirnar saman við aðrar jarðir, sem til er kaupverð á, og þannig komast svo nærri hinu rétta mati, sem auðið er. — En að hugsa sér nýja jarðamatið í nokkru sambandi við það gamla er með öllu óhugsandi, því eins og eg tók fram áðan, þá eru jarðirnar eftir nýja matinu metnar til króna. Þegar búið er að gera nýja jarðamatið, þá verður svo að breyta sköttunum eftir því, og hafa það fyrir mælikvarða, sem ettir verður farið. Áður en það er komið á, er það eigi hægt, svo að rétt verði, enda liggur ekki á því fyrri en þá, því þá koma tímar og þá koma ráð.

Eg er með frumv. af 2 ástæðum: 1. af því að mér finst, að jarðirnar í landinu hljóti að vera eðlilegasti og sjálfstæðasti grundvöllurinn undir skattaálögunum, og í 2. lagi þá finst mér jarðamatið mundi eigi verða torvelt, þar sem ekki þurfa að líða 40 ár eins og áður, heldur bara 10 ára bil á milli; þó það kostaði 10,000 kr., þá er það ekki svo tiltakanleg upphæð á 10 árum.

Eg ætla svo ekki að ræða frumv. meira að sinni, en býst við því, að hin háttv. deild taki vel í þetta mál.

ATKV.GR.: 1. gr. frumv. feld með 11 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Björn Kristjánsson,	Björn Bjarnarson,
Eggert Pálsson,	Einar Þórðarson,
Jóh. Jóhannesson,	Hannes Hafstein,
Magnús Andrésson,	Hannes Þorsteinss.,
Ólafur Briem,	Herm. Jónasson,
Ólafur Ólafsson,	Jóh. Ólafsson,
Pétur Jónsson,	Lárus H. Bjarnason,
Skúli Thoroddsen,	Magnús Stephensen,
Stefán Stefánsson,	Ólafur Thorlacius,
Þórh. Bjarnarson.	Tryggvi Gunnarss.

Guðl. Guðmundsson var fjarverandi og greiddi því eigi atkvæði.

Frv. þar með fallið.

Þegnskylduvinna.

TILLAGA til þingsályktunar um þegnskylduvinnu. Ein umr. 26. ágúst. (C. bls. 808, 849).

Flutningsmaður (Hermann Jónasson): Eg hefi leyft mér að hreyfa máli þessu nú, af því að eg álít það svo einkar þýðingarmikið fyrir þjóðina; en af því að hér er um stórmæli að ræða, sem jafnframt er nýmæli, þá er það sjálfsagt heppilegast, að það

sé ekki til lykta leitt að þessu sinni, enda bannar tíminn það; þar sem nú er að þinglokum komið. Ên tillagan ætti að verða til þess að vekja athygli stjórnar og þjóðar á málinu, og leiða til þess, að það verði rætt og undirbúið undir næsta þing.

Það hefir áður vakað fyrir ýmsum, og því verið hreyft, að það mundi heppilegt fyrir hina íslenzku þjóð, að á hana væri lögð heræfingarskylda, með því að slíkt mundi verða menningarmeðal fyrir hana, og venja hana á reglusemi og stundvísi. Sumir hafa aftur á móti haft í huga nokkuð svipað og kemur fram í tillögu þessari. Þannig hefir hv. þm. Borgf. (Þ. B.) o. fl. hreyft því, hvort ekki mundi auðið að ráða fram úr mestu vandræðunum með vegamál vor, með því að leggja á landsmenn einhverja skyldukvöð til vegavinnu, og bendir brt. hans á þgskj. 648 í þá átt. En með því að mér þykir sú tillaga nokkuð einhliða, þá vildi eg að þeir tveir liðir hennar, sem þetta snerta, yrði feldir við atkvæðagreiðsluna. Aftur á móti er eg samþykkur 1. liðnum, um það, að í staðinn fyrir »neðri deild alþingis« komi »alþingi«. Afleiðingin af því verður sú, að tillagan verður ekki útrædd á þessu þingi, og er því ekki að skoða öðruvísi en bending til stjórnarinnar, en eigi sem áskorun.

Að svo mæltu skal eg leitast við að gera nokkra grein fyrir tillögu þessari.

Það liggur aðallega þrent til grundvallar fyrir henni. Í fyrsta lagi það, að kenna öllum landsmönnum þýðingarmikla vinnu; í öðru lagi miðar hún að því, að venja þá við reglubundna stjórn, og í þriðja lagi er tilgangurinn með henni að rækta landið og bæta. Hér er um gagnlegan verklegan skóla að ræða fyrir þjóðina, skóla, sem oss vantar tilfinnanlega, skóla, sem allir karlar á landinu undantekningarlaust eiga að læra í mjög þarflega landvinnu, skóla, er styrki og æfi taugar og vöðva þeirra manna, er eigi hafa vanist líkamlegri vinnu, skóla, er veiti sjómanninum þekkingu á að rækta jarðarblett kringum húsið sitt, og glæði áhuga hans á að gera það.

Það getur verið skoðunarmál, hve lengi þegnskylduvinnan eigi að vera fyrir hvern einstakan mann. Ef hagkvæmara þætti að flokka vinnuna niður, en að láta hana fara fram samtímis fyrir alla ár hvert, þá er talan 7 hentug tala, að því er verkstjórnina snertir; yrði þá hægt að skifta vinnutímanum árlega niður í 3 sjö-vikna tímabil, og legðist þá sú þegnskyldukvöð á hvern einstakling að vinna landinu eitt slíkt tímabil. Reyndar er þetta stuttur skólatími, en þó betra en það er nú, og sjálfsagt vissara að gera kröfurnar eigi of háar; eigi sízt á meðan mönnum er að lærast að skilja það, hverja þýðingu það hefir að vinna fyrir landið sitt.

Sumir kunna að segja, að þetta séu þungar álögur á þjóðina, og óttast, að það muni verða til þess að flæma menn af landi burt. En það er aðgætandi, að á þann flokk manna, sem hér ræðir um, koma venjulega engin bein gjöld til landssjóðs, og þó er hann að jafnaði færari um að bera gjöld en fátækir fjölskyldumenn.

Á þessum árum verður aflafé margra að eins eyðslueyrir, og fáir munu verða fátækari að þessu ára tímabili liðnu, þótt þeir hafi á því *int* af hendi þegnskylduvinnuna, en margir þeirra munu verða ríkari, af því að þeir hafa lært þýðingarmikla vinnu, sem á að geta verið þeim framtíðarauðsuppspretta, og lífsskoðanir margra þeirra munu við þetta breytast til batnaðar. Eg verð

því að ætla, að skyldukvöð þessi muni ekki auka útflutning, heldur draga úr honum; hún muni einmitt verða til þess að glæða þjóðernistilfinninguna. Hver góður sonur ættjarðarinnar á að læra að skilja það, að hann stendur í skuld við landið fyrir uppeldi sitt, og hjá honum þarf að glæðast sú meðvitund, að hann þurfi að vinna fyrir landið, að það sé bein skylda hans að borga því eitthvað af skuldinni sinni. Þeim manni, sem þetta hefir lærst, verður ekkert framlag kærara en það, sem eingöngu miðar að því að rækta og bæta landið, gera það byggilegra og skapa í því hagsældastöð fyrir alda og óborna.

Þessi þegnskylduvinna er ekki heldur þung, þegar litið er til herþjónustuskyldunnar í öðrum löndum; þar verða flestir að gegna herþjónustustörfum 1—3 ár, og auk þess eru þeir skyldir að mæta við heræfingar endrum og sinnum þar á eftir, um 2—3 tugi ára, hve nær sem kallað er; þá skal eg og minna á aðra skyldukvöð, er hvílir á nágrannaþjóðum vorum og öðrum fleiri; það er skólaskylda barnanna. Það er því síður en svo, að Íslendingar verði harðara úti en nágrannaþjóðir þeirra, þótt þessi kvöð væri lögð á þá.

Það getur verið, að sumir óttist, að með þessu verði of margir teknir frá heyvinnu og sjósókn. En þegar þess er gætt, að meðaltal drengja, sem fermdir hafa verið síðustu 5 ár, er 759, og að þetta meðaltal hlýtur að vera nokkuru lægra, þegar miðað er við 18—25 ára aldur, þá verða það sem svarar 200—250 manns, er missist sumarlangt til þegnskylduvinnunnar, og eru þetta færri menn en þeir, sem nú ganga að sams konar vinnu og hér er gert ráð fyrir. Þessi ótti hefir því ekki við mikið að styðjast, og við enn minna hefði hann þó að styðjast, ef við notuðum svo vel og hagkvæmlega sem skyldi vinnukraftinn í landinu. Það er t. d. ekki lítið vinnutjón, er leiðir af því, að margir yngri mentamenn ganga iðjulausir eða iðjulitlir sumarlangt, bæði í Reykjavík og út um landið. Þá heyri eg sagt, að það muni vera um eða yfir 80 verzlanir í Reykjavík, og tiltölulega munu þær vera eins margar víða annarstaðar út um landið; þetta fyrirkomulag er til að dreifa kröftunum, og draga mikið fleiri menn en þyrfti frá framleiðsluvinnu. Þegar litið er á þetta, og margt fleira svipað mætti nefna, þá er svo fjarri því, að þegnskyldan sé þyngri kvöð fyrir þjóðina en margt annað, sem hún leggur á sig sjálfkrafa og að óþörfu.

Eg get búist við að sagt verði, að það vanti menn til að stjórna verkinu og kenna það. En sé svo, þá verður að undirbúa þá til þess, og eg bið guð að hjálpa því landi, er vantar menn, sem kunna að stjórna og kunna að vinna á réttan hátt jafn þýðingarmikil verk og hér er um að ræða. Það er knýjandi nauðsyn, að allir læri vinnureglur og aga, sem tíðkast hjá öllum siðuðum þjóðum, og að sem flestir læri að rækta jörðina.

Það er skylda og knýjandi nauðsyn að rækta landið. Menningin eykst en óþolið líka. Menningin getur eigi þrifist og dafnað eðlilega á bersvæði; hún »vex í landi nýrra skóga«. Menning og ræktun jarðarinnar hefir jafnan fylgst að. Ef landið verður eigi ræktað, getur sönn menning eigi þrifist hér til lengdar.

Hv. þm. Borgf. (Þ. B.) og formaður Búnaðarfélags Íslands talaði mjög fagurlega um það á þjóðhátíðinni í sumar, að það þyrfti að *klæða fjallið*. Þá

hugsaði eg, að það yrði seint, sem fjallið yrði klætt, nema hver einasti maður gróðursetti nokkrar plöntur; þá hugsaði eg um þessa tillögu, og því er eg á móti till. hv. þm.

Skáldið Wergeland keypti trjáfræ og bar það oft í vösunum, þegar hann gekk yfir óræktað land og sáði því og sagði, að upp af einhverju fræinu kynni að vaxa. Líkt þessu þarf þjóð vor að hugsa. Það borgar sig ekki fljótt að brjóta land og yrkja, leggja vegi og þó sérstaklega að rækta skóg. En þetta er þó skylda vor gagnvart landinu og niðjunum. Þetta er skylda, sem hvílir á hverjum einasta manni, en hún verður ekki almennt vakin eða knúð fram nema með þegnskylduvinnu.

Eins og stendur mætti færa mikið í lag með þegnskylduvinnunni, en eftir því sem fólkinu fjölgar í landinu, eftir því verða framfarirnar, sem af henni leiða, stórfeldari. Það er sennilegt, að um eða fyrir lok þessarar aldar verði fólkstalan hér á landi orðin um hálfa miljón, og í hlutfalli við síðasta fólkstal ættu þá um 5000 manns að vinna árlega þegnskylduvinnu. Þá fyrst, þegar svo er komið, má segja, að fyrir alvöru sé farið að vinna að því að rækta landið, einkum þegar það er einnig tekið með, að þá vinnur sjálfsagt hestkrafturinn og náttúruöflin meira að ræktuninni en mannshöndin. Þá mun mönnum eigi ægja eins mikið og nú að rækta landið.

Vér stöndum nú á hættulegum tíma mótum. Eyðileggingin vofir yfir sveitunum, og þar af leiðandi yfir þjóðerni voru. Helzta ráðið til að afstýra þessu er, að þjóðin sé vakin til að rækta og elska landið, til að treysta sjálfri sér og landinu sínu, vakin til þess að læra að bera virðing fyrir sjálfri sér, tungu sinni og þjóðerni; vakin til brennandi áhuga á því að skila landinu betur ræktuðu til eftirkomendanna en hún tók við því.

Til þessa verður að knýja fram alla góða krafta, og nota öll rétt meðul. Takist það, þá er það engum vafa bundið, að á síðara hluta þessarar aldar og á næstu öld blasa fyrir þjóð vorri bjartari og betri kjör en fyrir flestum öðrum þjóðum. En þetta fæst einungis með því, að menn vilji vinna fyrir landið og eftirkomendurna, og til þess er þegnskylduvinnan góður spori.

Þorhallur Bjarnarson: Það er að eins örstutt athugasemd í tilefni af þeim brtill., er eg hefi komið fram með. 1. brt., sem þegar er vel tekið undir af hv. flutnm. (H. J.), þýðir það, að málið verði óútkljáð á þessu þingi. Eg vildi með henni afstýra því, að deildin þyrfti að fella svo þýðingarmikið mál, sakir þess, hve lítinn undirbúning það hefir fengið. Hinar brtill. minar liggja mér í léttu rúmi; en eg vildi þó beina þessari hugmynd í nokkuð ákveðnari átt en kemur fram í till. Eg hefi all lengi, eins og fim. veit og eg kastaði núna fram í fjárlaganefnd, gengið með þá hugsun, að hér ætti að koma þegnskylduvinna við vegagjörð í landsins þarfir, en þegnskylduvinnuna ætti að binda við það eitt. Þessi þegnskylduvinna á að koma í staðinn fyrir herskylduvinnu hjá öðrum þjóðum, og jafnframt væri tilgangurinn sá, að létta þeirri lítt kleifu byrði, er hinar miklu vegalagningar og viðhald þeirra leggja á oss. Vér erum að því leyti betur settir en flestar aðrar þjóðir, að vera lausir við það þunga farg, sem herskyldan leggur á þær, en gætum með þessu lagi orðið aðnjótandi ýmsra þeirra kosta, sem hún óneitanlega hefir í för með sér. Sérstaklega vil eg leggja áherzlu á þá miklu demókratisku þýðingu, sem slík þegnskylda hefði í för með sér; þetta, að ráðherrasonurinn

verður að liggja við hliðina á kotungssyninum í tjaldi upp á heiðum og starfa að líkamlegri vinnu í landsþarfir, það álít eg vera sérstaklega affarasælt. Eg vil ekki draga úr því með því að leyfa mönnum að kaupa sig lausa undan þegnskylduvinnunni, eins og till. fer fram á; það eitt, ef einhver er óverkfær aumingi, getur undanþegið.

Það, að hafa hermensl usnið við þessa skylduvinnu, mundi gera uppvaxandi kynslóðina djarflegri og frjálslegri í framkomu, kenna mönnum að hlýða og gera menn stundvísa. Alt þetta er eg hræddur um að kynni að missast og verða tómt kák, ef hver maður ætti að vinna hana í sinni sveit að hinu og þessu, í stað þess að mynda einn flokk undir sömu stjórn, við eitt ákveðið verk.

Hinn hv. flm. (H. J.) veit vel, að eg er fullkomlega samþykkur þeirri fögru hugsun, sem kom fram í ræðu hans, og vil eg sízt draga úr ræktun landsins, en eg býst við, að þegar þetta verður hugsað betur, þá muni fleiri verða á mínu máli, að einskorða þegnskylduvinnu við vegabætur í þarfir landsins í heild sinni.

Annars er mér, eins og eg hefi áður tekið fram, ekkert kappsmál um að þessar 2 síðari brt. verði samþyktar nú á þessu þingi, einungis ef 1. brt. mín kemst að. Þetta er hvort sem er bara í fæðingunni, og til íhugunar fyrir þjóðina undir næsta þing.

ATKV.GR.: 1. brt. á þgskj. 648, sþ. með 19 atkv.

2. brt. á þgskj. 648, feld með 12 : 7 atkv.

3. brt. á þgskj. 648, tekin aftur.

Tillagan, með áorðinni breytingu, sþ. með 13 : 1 atkv. og verður send Ed.

Makaskifti á Norður-Hvammi og Felli.

FRUMVARP til laga um að stjórninni veitist heimild til að makaskifta þjóðjörðinni Norður-Hvammi í Hvammshreppi fyrir prestssetursjörðina Fell í Dyrhólahreppi. 1. umr. 28. júlí. (C. Bls. 351).

Flutningsmaður (Guðl. Guðmundsson): Það mál, sem hér liggur fyrir, er ógnarlega smávaxið og vonandi að það þurfi ekki að taka langan tíma fyrir deildinni. Tilefnið til þessarar málaleitunar er það, að prestssetrið í Mýrdalsþingum er óheppilega sett í sveit, það er á vestasta enda sveitarinnar, en prestakallið víðlent. Þess vegna hefir presturinn fengið bygða þjóðjörðina Norður-Hvamm, og hefir nú farið fram á að fá makaskifti.

Málið hefir verið borið bæði undir umboðsvaldið og héraðsfund og dómkvaddir menn metið jarðirnar. Málið er því vel undirbúið, svo deildin getur greitt atkvæði eftir skýrum rökum. Eg skal taka það fram, að það er ákaflega nauðsynlegt, bæði fyrir prestinn og prestakallið, að málið nái fram að ganga. Það er óþægilegt fyrir sóknarbörnin að þurfa að sækja prestinn á enda sveitarinnar, þar sem sóknin er víðlend og yfir talsverðar torfærur að fara. Eg vona að málinu verði vísað til 2. umr., og þar sem farið er fram á milligjöf, svo að heppilegra væri að málið væri athugað í nefnd, þá leyfi eg mér að stinga upp á, að því verði vísað til þjóðjarðasölunefndarinnar.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Málinu vísað til þjóðjarðasölunefndarinnar með 15 atkv.

Önnur umr., 6. ágúst. (C. bls. 351; n. 434).

Framsögumaður (Ólafur Briem): Eins og háttv. deildarmönnum er kunnugt af þskj. 316, hefir nefndin komist að þeirri niðurstöðu, að ráða til að samþykkja makaskifti þau, er farið er fram á í frv., með því að með skyldum er að skifta, þar sem þjóðkirkjan á hér hlut að máli.

Ástæðan fyrir því, að farið hefir verið fram á þessi makaskifti, er sú, að svo er til ætlast, að landssjóðsjörðin Norður-Hvammur verði gerð að prestssetri, og er presturinn þegar fluttur þangað, en í staðinn er boðin fram hin fyrverandi prestssetursjörð Fell í Dyrhólahreppi.

Um þetta varð enginn ágreiningur í nefndinni, að heimila skyldi makaskiftin. En hitt þótti athugavert, með hvaða kostum skiftin skyldu látin föl. Í frv. er stungið upp á, að landssjóður greiði 700 kr. í milligjöf, er leggist til prestakalls Mýrdalsþinga til æfinlegra vaxtaafnota fyrir sóknarprestinn. Nefndin var mótfallin þessari uppástungu, af því að hún vill heldur framfylgja þeirri stefnu að selja þjóðjarðir, þegar þær eru falaðar, en að kaupa jarðir handa landssjóði; en að gefa í milli er sama sem að kaupa nokkurn hluta þeirrar jarðar, er tekin er í skiftum. Hins vegar er það uppástunga sóknarprestsins í bónarbréfi hans, að Norður-Hvammi sé skift fyrir Fell. Þá uppástungu hefði nefndin heldur getað aðhylst, því að eins og nú stendur, er Fell meiri jörð en Norður-Hvammur. En hún varð að leggja áherzlu á það atriði, að Fell hefir orðið fyrir skemdum af vatnagangi og að útlit er fyrir, að skemdunum muni halda áfram, eftir því er umboðsmaður hefir skýrt frá. Þótt nefndin viðurkendi að Fell væri meiri jörð en Norður-Hvammur, þá er þó munurinn á afgjaldinu ekki mikill. Af Felli er afgjaldið 80 kr., bæði landskuld og kúgildaleigur, en af Norður-Hvammi 160 álnir eða tæpar 70 kr. Og ef nú Fell framvegis yrði fyrir skemdum, mundi afgjaldið minka af þeirri jörð.

Að svo vöxnu máli, hefir nefndinni komið saman um að leggja það til, að það verði sett sem skilyrði fyrir maka skiftunum, að þau fari fram milligjafarlaust.

Má vera að kirkjustjórnin geri sig ekki ánægða með slétt skifti, en afleiðingarnar af því yrðu ekki aðrar en þær, að málinu yrði frestað; presturinn mundi halda áfram að búa á Norður-Hvammi, sem leiguliði landssjóðs, og hafa jafnframt umráð yfir hinu fyrverandi prestssetri Felli.

Guðl. Guðmundsson: Eg get ekki sagt að eg sé ánægður með aðgerðir nefndarinnar í þessu máli. Mér finst hún taka það aftur með annari hendinni, er hún býður með hinni. Hún telur ástæðu til að mæla með makaskiftunum, af því að með skyldum sé að skifta. En það er eins og hún vilji nota sér þenna skyldleika til þess að snuða þjóðkirkjuna.

Á þessum tveim jörðum, sem hér er um að ræða, er æði mikill munur. Norður-Hvammur er lítil jörð og landlétt, sem ekki hefir annað til síns ágætis en að þar eru hægar slægjur; hún er 12—14 hundruð að nýju mati, og er afgjaldið 160 álnir eða 120 meðalálnir og 40 álnir í smjöri, þ. e. 69 kr. 84 a. Fell er aftur á móti 24 hndr. jörð eða með öðrum orðum tvöfalt stærri. Þar er landrými mikið og kjarngott beitiland, enda er jörð þessi talin ein með beztu jörðum í Út-Mýrdal. Það er satt, að nokkuð af slægjulandi hennar liggur undir hættu fyrir skemdum af jökulánni Klifandi, en á því er engin hætta, að skemdirnar verði stórkostlegar úr því sem er, enda getur líka verið, að það, sem skemst hefir, grói

upp aftur. Vesturpartur túnsins með bæjarstæðinu hefir verið verst settur, því þar hefir áin Klifandi brotið upp landið; en hún hefir nú eyðilagt það sem hún getur; lengra getur hú ekki komist vegna fjallsins. Bærinn hefir nú verið fluttur austur fyrir Múlann. Agangurinn er því ekki eins hættulegur sem orð er á gert. Og jafnvel þótt Klifandi kæmist lengra, þá er þó Fell samt sem áður miklu meiri flutningsjörð en Norður-Hvammur.

Háttv. framsm. kvað lítinn mun á afgjaldinu og sýndi það, að jarðirnar væru eigi svo ójafnar. Af Norður-Hvammi er afgjaldið 69 kr. 84 a., og er það afgjald í hærra lagi, og jörðin of dýrt leigð. Af Felli er ekki að marka afgjaldið nú sem stendur; það er töluvert lægra en vera ætti; orsökin til þess er sú, að ábúandinn flutti þangað upp á eins árs byggingu; og auk þess er mjög líklegt, eftir sambandi sóknarprestsins og ábúandans, að afgjaldið hafi verið metið mjög lágt vegna þess, að góður kunningi átti hlut að máli. Og eg efast ekki um, að jörðin mundi töluvert hærra leigð í höndum landssjóðs, að minsta kosti $^1/_3$ hærra. Mér er sérstaklega vel kunnugt um þessa jörð, af því að eg hefi sem fógeti sett þar landamerki. Eg get því ekki álitið annað, en að það sé helzt til frekleg krafa, að á jörðum þessum séu höfð slétt skifti. Hundraðatalan bendir til, að það sé þó nær sönnu að makaskifta Norður-Hvammi gegn $^2/_3$ Fells. Þá má og líta á virðinguna á hvorri jörð fyrir sig. Norður-Hvammur er metinn á 1207kr., en Fell á 2390. Er þetta mat gert af valinkunnum mönnum, og sýnir það, að þeir líta öðrum augum á en nefndin. Þegar nú þessa er gætt, sér hver maður, að það er fullboðið að leggja Norður-Hvamm til móts við $^2/_3$ Fells. Eg tók upp í frv. þá uppástungu, að landssjóður greiddi 700 kr. í milligjöf, og þótti mér það heppilegra, en uppástunga sóknarprestsins, vegna þess að eg tel það óheppilegt, að landssjóður taki að sér part úr jörðu, þar sem annar á hinn partinn. Hélt eg að það mundi geta lánast, að landssjóður gæfi á milli, með því að með skyldum er að skifta. Annars var upphæðin auðvitað samningamál. Eg ímynda mér að kirkjustjórnin gangi naumast inn á þannig löguð makaskipti, sem nefndin vill, vegna þess, að hún mun telja það rýrnun á tekjum prestakallsins. Þó vil eg ekki leggja á móti frv. í þessu formi, heldur mun eg bera mig saman við kirkjustjórnina um þetta efni, og sjá hvað setur til 3 umr. Eg ímynda mér líka, að þó að það nái fram að ganga hér í deildinni, þá muni því, ef til vill, hætt í háttv. Ed.

ATKV.GR.: Brt. á þingskj. 316 sþ. með 12 gegn 4 atkv.

1. gr. frv., með áorð. breyt., sþ. með 19 shlj. atkv.

2. gr. frv., óbreytt, sþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögnin álitin samþykt án atkvæðagr.

Málinu vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Þriðja umr., 8. ágúst. (C. bls.526)

ATKV.GR.: Frv. sþ. með 19 shlj. atkv. og verður sent Ed.

Skifti á Árbakka og Yztagili.

FRUMVARP til laga um skifti á jörðinni Árbakka í Vindhælishreppi í Húnavatnssýslu og jörðinni Yztagili í Engihlíðarhreppi í sömu sýslu; 1. umr. 28. júlí. (C. bls. 355).

Flutningsm. (**Hermann Jónasson**): Tilefni þessa frumv. er, að ábúandinn á Árbakka, sem er eigandi Yztagils, vildi geta setið á Árbakka sem eignarjörð sinni. Og af því hann hefir gert talsverðar jarðabætur á ábýlisjörð sinni, sem er þjóðeign, þá er honum enn annara um að geta fengið skiftin. Málið hefir legið fyrir sýslunefnd og hún samþykt það, og sömuleiðis hefir það gengið til umboðsmanns. Enn fremur hafa verið tilnefndir menn til að athuga og meta Yztagil. Árbakki er 19 hndr. að dýrleika, en Yztagil 19,3 hndr., eg eru því jarðirnar metnar næstum því eins, bændaeignin lítið eitt hærra. En sýslunefndin og matsmennirnir mátu báðar jarðirnar á 2000 kr., svo verðið er það sama. Afgjaldið af Árbakka er 132 meðalálnir og 20 pd. smjörs, en af Yztagili 8 sauðir og 40 pd. smjörs. Þó skal eg geta þess, að afgjaldið af Yztagili er nú 6 sauðir, en 2 ganga til uppbóta fyrir jarðabætur, og eru það meðmæli með eigandanum, því það sýnir, að hann lætur sér ant um að eignarjörð sín sé vel setin, þar sem hann lætur nokkurn hluta af afgjaldinu ganga til jarðabóta, og mér er óhætt að segja, að túnið á þeirri jörð er framúrskarandi gott eftir stærð. Eg er sjálfur ekki svo kunnugur, að eg geti nákvæmlega um það dæmt, en mér er sagt af kunnugum mönnum, að hvorug jörðin sé sérleg kostajörð. Yztagil hefir það fram yfir Árbakka, að þar eru engjar betri, og því er betur í sveit komið, þar sem það liggur í Langadal, en Árbakki út á Skagaströnd. Auk þess sem heyskapur er betri á Yztagili, má segja því það til meðmæla, að það liggur í nánd við Blönduós. En aftur hefir Árbakki það fram yfir, að landið liggur að sjó, en þar er sama sem enginn reki og útræði lítið, því Skagaströnd er þar nálægt fyrir norðan, og er útræði þaðan; ganga þaðan bátar. Og ekki er útlit fyrir að bygðin mundi færast yfir Árbakka land, þó Skagaströnd yxi, því úti fyrir er skerjótt og hafnleysa. Af því að h. deild ekki hefir getað kynt sér skjölin, finst mér heppilegt að málið sé athugað í nefnd, og leyfi eg mér því að stinga upp á, að því sé vísað til þjóðjarðasölunefndarinnar.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 16 samhlj. atkv.

Vísað til þjóðjarðasölunefndarinnar með 13 atkv,

Önnur umr. 6. ágúst. (C. bls. 555; n. 418).

Framsögumaður (**Ólafur Briem**): Nefndin í þessu máli hefir verið eindregin á móti þessum skiftum. Hún er því yfir höfuð mótfallin, að einstökum mönnum sé gefinn kostur á að hafa skifti á jörðum sínum fyrir landssjóðsjarðir, og þegar um þessi skifti hér er að ræða, þá er langt frá því að skiftin séu jöfn. Á jörðum þessum er talsverður munur, þó dýrleiki þeirra sé nálega hinn sami, og eftirgjaldið sé nokkuð líkt eins og tekið er fram í nefndarálitinu. Það er einkum tvent, sem landssjóðsjörðin Arbakki hefir fram yfir bændaeignina Yztagil, sem sé meira töðufall og útræði, og mætti jafnvel nefna það þriðja, sem er allgóð girðing í kringum túnið, og það er strax ekki svo lítils virði. Jarðir þessar hafa verið virtar nokkuð líkt, Árbakki af sýslunefnd, en Yztagil af útnefndum mönnum, hvor um sig á 2000 kr. Þar á móti hefir hlutaðeigandi umboðsmaður virt Árbakka á 2600 kr., og fyrir nokkrum árum var jörð þessi jafnvel virt á 3500 kr. af þáverandi umboðs-

manni, en það mat hefir nú áu efa verið alt of hátt.

Núverandi umboðsmaður hefir tekið það skýrt fram, að hann álíti ekki skaðlaust, að skift væri á þessum jörðum, jafnvel þótt landssjóður fengi 600 kr. á milli. En hvað sem um það er, þá er engin ástæða til þess fyrir landssjóð að láta skiftin föl með þeim kostum, sem hér eru í boði.

Hermann Jónasson: Eg get ekki verið þakklátur þessari háttv. nefnd fyrir aðgerðir hennar í þessu máli. Eg get ómögulega skilið þær ástæður, sem hún hefir fært fram gegn þessum skiftum. Eg ímynda mér að hún hafi hér farið heldur mikið eftir mati umboðsmanns, því að hann er kunnur að því að meta jarðir landssjóðs ósanngjarnlega hátt. Dýrleiki jarðanna er sá sami, nema það lítið það er, þá er landssjóðsjörðin heldur lægri, en afgjald er sama. Eftir dómi kunnugra manna þá eru þessar jarðir metnar eins að öllum kostum. Þetta finst mér að nefndin hefði átt að athuga, áður en hún kvað upp dóm sinn. Eg ætla mér ekki að meta þetta frekar, en skjóta því undir dóm hinnar háttv. deildar.

ATKV.GR.: Frumv.greinin feld með 15 : 3 atkv.

Málið þar með fallið.

Samgöngumál.

TILLAGA til þingsályktunar um samgöngumál; ein umr. 7. júlí. (C. bls. 181).

Flutningsm. (Lárus H. Bjarnason): Eg lít svo á, sem ekki þurfi að halda langa tölu fyrir því, að samgöngumálunum öllum sé sýndur sá sómi að setja nefnd í þau, og það því síður, sem 31. des. í ár rennur út sá tími, sem samningurinn við hið »sameinaða gufuskipafélag« gildir fyrir. Mér fanst rétt að stinga upp á þessari nefnd nú þegar, til þess að hún hefði tíma til að leita sér upplýsinga hjá kaupmönnum hér í bænum og fleirum, áður en hinn væntanlegi umboðsmaður nefnds félags kemur hingað, sem líklega verður með næstu gufuskipsferð, enda viðbúið að fleiri málum yrði vís að til nefndarinnar, væri hún skipuð nú þegar. Það, sem fyrir mér vakir, er það, að fá sem mest fyrir sem minsta peninga.

ATKV.GR.: Tillagan samþ. í einu hljóði.

Tillaga um að skipa 7 menn í nefndina samþ. í einu hlj.

Hlutfallskosning viðhöfð og þessir kosnir:

Lárus H. Bjarnason,
Hannes Hafstein,
Jón Magnússon,
Magnús Andrésson,
Ólafur Thorlacíus,
Einar Þórðarson,
Guðlaugur Guðmundsson.

Hækkun á vegagjaldi.

FRUMVARP til laga um heimildir handa sýslunefndum og hreppsnefndum til að hækka vegagjald; 1. umr. 8. júlí. (C. bls. 193).

Flutningsmaður (Ólafur Ólafsson): Þetta litla frumv. berum vér hér fram fyrir hina háttv. deild eftir óskum sýslunefndarinnar í Árnessýslu. Orsakirnar til beiðninnar eru þær, að hreppa- og sýsluvegagjöld fara sílækkandi, vegna þess hve vinnandi fólki fer

jafnan fækkandi í landsveitunum; — þó eru vegirnir hinir sömu, er við halda þarf, — og kröfur til nýrra og betri vega hins vegar vaxandi. Hlutfallið er öfugt. Að vísu væri betra, ef hægt væri, að létta heldur en þyngja gjöldum á þeim fáu, sem eftir eru í sveitunum. En í Árnessýslu hagar nú svo til, að það er ekki hægt, að því er til þessa kemur; vegir eru þar margir og öllum þarf að halda við, og sumstaðar þarf nýjum við að bæta. Hér er nú að eins farið fram á, að hreppsnefndir og sýslunefndir *megi*, ef *þörf* gjörist, hækka alt að helmingi það gjald, er hver verkfær maður skal greiða til hreppavega og sýsluvega samkv. 11. og 17. gr. laga um vegi 13. apríl 1894. Þar sem engin þörf er á, yrði heimildinni auðvitað alls ekki beitt, heldur að eins þar, sem vegagjaldið eftir núgildandi lögum hrekkur ekki til nauðsynlegra útgjalda. Og enn fremur væri það engan veginn sjálfsagt, að gjaldið væri jafnan hækkað um helming; heldur mundi hækkuninni hagað eftir því, er þörf krefði. Í vegalögunum frá 1894 er gjaldið ákveðið kr. 1,25; eg gæti ímyndað mér að það mundi tíðast hækkað upp í 2 kr.; í mörgum tilfellum mundi það alls ekki hækkað. Nokkrir af háttv. deildarmönnum hafa skotið því að mér, að heppilegra mundi að skifta frv. þannig, að hvorum um sig, sýslunefndum og hreppsnefndum, væri leitað sérstakrar heimildar. Má vera svo sé; og ef til vill væri þá réttast, að heimild hreppsnefnda til að hækka vegagjaldið væri bundin því skilyrði, að meiri hluti hreppsbúa væri samþykkur hækkuninni. Öllum þess háttar leiðbeiningum tek eg þakklátlega. Skal eg svo ekki fjölyrða um þetta efni að sinni; eg vona, að hin háttv. deild taki frumv. vinsamlega og greiði fyrir því.

Jón Magnússon: Eg leyfi mér að stinga upp á, að þessu máli verði vísað til samgöngumálanefndarinnar.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hlj.

Vísað til samgöngumálanefndarinnar með 13 samhlj. atkv.

Hækkun á vegagjaldi.

FRUMVARP til laga um breytingar á lögum nr. 8 um vegi frá 13. apríl 1894; 1. umr. 15. júlí (C. bls. 213).

Framsögumaður (L. H. Bjarnason): Sem framsm. samgöngumálanefndarinnar skal eg leyfa mér að fara fám orðum um frv. þetta.

Eins og h. þm. geta séð, er frv. þetta mjög svipað frv. á þingskj. 38, og það var að eins fyrir lítilfjörlegt atvik, að það kemur fram sem sérstakt frumv., en ekki sem brt. við frv. á þingskj. 38, en fyrst svo er komið, vona eg að h. flutningsmenn þess frv. taki það aftur, eða þeir sætti sig við að það komi ekki fram. Aðalbreytingin frá frv. á þingskj. 38 er sú, að hér er hámark gjaldsins sett 3 kr., en í hinu frv. var gert ráð fyrir að hækka mætti gjaldið til sýsluvega og hreppavega alt að helmingi.

Önnur breyting er sú, að sýslunefndum og hreppsnefndum er veitt vald til að hækka sýsluvega- og hreppavegagjöldin, að eins fyrir eitt ár í senn. Það virðist réttara að binda hækkunina við stutt og ákveðið tímabil. Það er alt af hægurinn á að endurnýja hana, ef þörf krefur, og áhugi á vegabótum verður nógu sterkur og almennur til þess, að menn vilji leggja á sig hækkuð gjöld til að koma þeim fram.

Þá eru og feld niður orðin »þar sem þörf krefur«; þau virðast óþörf, því að vart mun þurfa að gera ráð fyrir, að

sýslunefndir og hreppsnefndir fari að hækka vegagjöld að þarflausu.

Þá er loks orðalagi frv. á þingskj. 38, um að hver verkfær maður skuli greiða alt að helmingi hærra sýsluvegagjald, vikið við á þá leið, að sýsluvegagjald ið fyrir hvern verkfæran mann megi hér eftir vera alt að 3 kr. Á þeirri breytingu stendur svo, að eins og frv. á þingskj. 38 er orðað, lítur út fyrir að sýsluvegagjaldið renni beint í sýsluvegasjóð, en eins og kunnugt er, þá er það fyrst borgað inn í hreppssjóð og gengur síðan þaðan í sýsluvegasjóð.

Að öðru leyti var nefndin á því, að rétt væri að veita heimild þessa, það er bæði farinn að vakna verulegur áhugi á því að fjölgja vegum í sveitum og bæta þá, og hins vegar má búast við því, að landsstjórnin fari samkv. 2. gr. í lögum 12. jan. 1900 að heimta, að sýslusjóður taki að sér að hálfu leyti viðhald þeirra vega, er landssjóður leggur.

Eftir vegalögunum frá 10. nóv. 1887, var hver búandi skyldur að láta vinna hálft dagsverk að sýsluvegum og hálft að hreppavegum, fyrir hvern verkfæran mann sinn 20—60 ára, en með vegalögunum frá 13. apríl 1894 var þessu breytt í 1 kr. 25 a. gjald fyrir hvern verkfæran mann, til hvorrar vegategundar um sig, en nú er dagsverkið að jafnaði hærra en 2 kr. 50 a., svo að í raun og veru hefir vegavinnukvöðin verið lækkuð með lögunum frá 13. apríl 1894; en þetta hámark, sem vér setjum, nálgast mjög þá upphæð, sem meðaldagsverk mun ná.

Ólafur Ólafsson: Eg þakka h. samgöngumálanefnd fyrir það, hve vel hún hefir tekið í mál þetta, og má eg víst fullyrða, að við flutningsmenn að frv. á þingskj. 38 föllumst á breytingar þær, sem h. nefnd vill gera á málinu, sömuleiðis mun eg mega lýsa því yfir, að vér tökum aftur frv. á þingskj. 38.

Forseti: Það er eigi á dagskrá nú, og verður því ekki tekið aftur að þessu sinni. Það liggur því eitt af tvennu fyrir, annaðhvort að það sé tekið upp á dagskrá og tekið svo aftur, eða það sé eigi tekið framar upp á dagskrá á þessu þingi, og þannig látið lenda meðal annara óútræddra mála.

Ólafur Ólafsson: Eg óska þá að það sé ekki tekið framar á dagskrá.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Önnur umr. 17. júlí. (C. bls. 213).

ATKV.GR.: Frumv.gr. sþ. með 22 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3.umr. m. 22 shlj.atkv.

Þriðja umr. 20. júlí. (C. bls. 213).

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni sþ. í einu hlj. og sendist Ed.

Ein umr. 8. ágúst. (C. bls. 470, n. 521).

Framsögumaður (L. H. Bjarnason): H. Ed. hefir gert 2 breytingar við frv. þetta. Í fyrsta lagi hefir hún fært hámark vegagjaldsins niður um 75 a., úr 3 kr. niður í 2 kr. 25 a., en á þessa breytingu vill nefndin eigi leggja neina áherzlu. Það er álitamál hve hátt hámarkið á að vera. Í öðru lagi hefir háttv. Ed. áskilið samþykki amtsráða og sýslunefnda til hækkunarinnar, og það þykir nefndinni óþarfa varfærni, að trúa eigi sýslunefndum og hreppsnefndum til þess að nota þá heimild, sem þeim er veitt í frv., án eftirlits. En þótt nefndinni hefði verið kærara, að frv. hefði náð fram að ganga breytingarlaust, þá leggur

hún samt til, að það verði nú samþykt eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.: Frv. í heild sinni samþ. með 16 shlj. atkv. og verður afgreitt til landsh., sem *lög frá alþingi.*

Viðhald flutningabrauta.

FRUMVARP til laga um breyting á 6. gr. laga um vegi 13. apríl 1894; 1. umr. 22. júlí. (C. bls. 279, 308, 309).

Hannes Þorsteinsson: Þegar eg sá frv. þetta, þá gat eg ekki neitað því, að það væri komið fram af töluverðri nauðsyn, því að vitanlegt er það, að þegar mikið veganet er komið um landið, þá fer að verða ærið þungbært fyrir landssjóð, að halda áfram að leggja nýja vegi, og halda við þeim, sem þegar eru lagðir. Það hefir áður komið fram á þinginu, að til mála geti komið, að létta af landssjóði að einhverju leyti viðhaldinu á vegum þeim, sem lagðir eru á hans kostnað, og á þeirri stefnu byggjast lögin nr. 6 frá 12. jan. 1900, um fjölgun og viðhald þjóðvega. Þar segir svo í 2. gr.:»Heimilt er landsstjórninni að krefjast þess, að öllum vegum, sem hér eftir verða lagðir á kostnað landssjóðs, verði haldið við alt að helmingi á kostnað hlutaðeigandi sýslusjóðs«. Í þessum lögum, er eg nú nefndi, er að eins talað um heimild og eigi farið fram á að sýslusjóðirnir leggi til meira en alt að helmingi viðhaldskostnaðarins á þeim vegum, er eftirleiðis verði lagðir, en nú er í þessu frv. farið fram á, að sýslurnar skuli greiða allan viðhaldskostnað flutningabrauta þeirra, er í bygð liggja, og ekki að eins þeirra, er hér eftir verða lagðar, heldur og þeirra, sem þegar eru lagðar. Þetta er of mikið stökk og of langt farið. Með þessu mundi lagt of þungt gjald á þessar sýslur, þyngra gjald en þær mundu geta undir risið, ef eigi á að láta öll önnur framfarafyrirtæki sitja á hakanum. Eg vona að háttv. fjárlagan., sem flytur þetta frv., sjái þetta við nánari íhugun, og að hún muni verða fús á að breyta því. Eg hefði helzt óskað, að eigi væri lengra farið en svo, að landssjóður skyldi kosta viðhald allra þeirra flutningabrauta, sem jafnframt eru þjóðvegir, en sýslufélögin viðhald hinna, að hálfu leyti móts við landssjóð, eins og lögin frá 12. jan. 1900 gera ráð fyrir. En af því að eg býst við, að nokkuð langt þyki farið hjá mér í þessu, þá hefi eg takmarkað brt. mínar nokkuð, og farið fram á það, að helmingur viðhaldskostnaðar flutningabrauta, sem í bygð liggja, greiðist úr landssjóði, en hinn helmingurinn úr sýslusjóði. En af því að nú er 1. umr., skal eg ekki fara lengra út í málið, en geyma til 2. umræðu að gera nákvæmari grein fyrir brt. mínum á þgskj. 155 og 157. Að eins skal eg bæta því við, að jafnan er skynsamlegt að fara hægt og varlega, þegar stórbreyting á að gera; það má herða á síðar, ef ástæða sýnist til.

Framsögumaður (Þórh. Bjarnarson): Það hefir dæmst á mig að hafa framsögu í máli þessu fyrir hönd fjárlaganefndarinnar, og verð eg því að fara nokkrum orðum um það. Allir sjá, hvað liggur á bak við frv. þetta, það er, að viðhaldskostnaður flutningabrautanna ætlar að vaxa landssjóði yfir höfuð. Hann mun hafa verið um 20,000 kr. bara árið sem leið, og í fjárlagafrv. nú eru ætlaðar 24,000 kr. til viðhalds brautanna, og það liggur í augum uppi, að þessi viðhaldskostnaður muni vaxa að sama skapi að minsta kosti sem brautirnar lengjast. Fjárlaganefndin áleit að full nauðsyn væri

á að taka þetta til alvarlegrar íhugunar; og hún komst að þeirri niðurstöðu, að í sjálfu sér væri réttlátt, að héruðin, sem mest gagn hafa af brautunum, tækju og verulegan þátt í kostnaðinum við þær, og fanst nefndinni þetta koma eðlilegast fram á þann veg, að þær kostuðu viðhald þeirra brauta, er lægju um bygðir þeirra. Þetta ákvæði getur og haft þýðingu að því leyti, að það kynni að draga úr hinni miklu samkepni, sem nú er milli héraðanna, um að fá sem fyrst flutningabraut, hvort um sig, og hana sem lengsta. Eins og nú háttar til, þegar svo fast er sótt úr öllum héruðum, er fyrirheitið hafa um flutningabrautir eftir vegalögunum, er hreint og beint hætt við því, að landssjóður reisi sér hurðarás um öxl, við lagningu flutningabrauta; þetta mundi miklu síður verða, ef frv. fengi framgang. Það hefir verið hreyft nokkrum efa um, að öll fjárlaganefndin væri sammála um frv. En eg get fullvissað h. deild um, að hún er það í aðalatriðunum. Um brt. h. 1. þm. Árn. (H. Þ.) er það að segja, að nefndin mun hafa tekið afstöðu gagnvart henni, áður en málið kemur til 2. umr. Að þessu sinni get eg ekki sagt annað um hana, en að það bar í tal í nefndinni, að nokkru öðru máli gæti verið að gegna með flutningabrautir þær, sem jafnframt eru þjóðvegir, en niðurstaðan varð þó sú hjá nefndinni, sem frumv. fer fram á.

Ólafur Ólafsson: Eg get ekki slept alveg að fara fáum orðum um þetta frumv. Eg skal strax játa það, að bæði eg og aðrir hafa haft það á tilfinningunni, að frá þinginu mundi koma eitthvað í slíka átt, og farið er fram á í þessu frumv., því viðhaldskostnaðurinn á vegunum, sem á landssjóði hvílir, er þegar nú orðinn ákaflega mikill, og verður meiri með hverju ári, eftir því sem vegirnir verða lengri. — En eg verð samt að taka undir með háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.), að það stökk, sem hér er tekið í frumv., sé þó æðiviðsjárvert, þegar litið er á allar kringumstæður. Eins og bent hefir verið á, þá yrði sú byrði, sem með þessu væri lögð á suma sýslusjóði, svo stór, að þeir fengju alls ekki risið undir henni, með þeim byrðum, sem nú hvíla á þeim. — Við hitt gæti eg miklu fremur felt mig, sem háttv. frmsm. nefndarinnar (Þ. Bj.) gat um, að mundi vaka fyrir nefndinni, nefnilega, að viðhaldskostnaðinum á þjóðvegunum væri ekki algerlega fleygt upp á sýslusjóðina. — Því mundi einnig fylgja hinn mesti ójöfnuður, því sumar sýslur hafa mikið af slíkum vegum, en aðrar næsta lítið.

Það hefir oft verið tekið fram, bæði hér á þingi og eins í ræðum og riti, að vegurinn austur um Árnessýslu austur í Rangárvallasýslu, hefir verið lagður til þess að bæta báðum þessum sýslum upp, að þær verða að fara svo algerlega á mis við allar samgöngubætur, sem sjóferðirnar, bæði strandferðirnar og milliferðirnar, hafa í för sér, þótt þær beri sinn hluta kostnaðarins við þær.

Verði þetta frumv. gert að lögum, þá er að sumu leyti horfið frá þessu. — Eg skal fúslega játa, að landssjóður hefir með vegunum austur veitt báðum þessum sýslum stór hlunnindi, en ætti nú að demba þessum vegum algerlega á sýslurnar, þá ætti að minsta kosti að skila þeim í þeirra hendur skuldlausum. Þar af leiddi, að það yrði að gefa eftir eftirstöðvarnar af byggingarkostnaðinum við brýrnar á Ölfusá og Þjórsá, og eftirstöðvarnar af skuldinni til vegalagningar á akbrautinni niður á Eyrarbakka frá Ölfusá.

Mér finst það alls ekki geta komið

til mála, að demba upp á sýslurnar hvorutveggja, bæði viðhaldskostnaðinum og svo skuldinni, sem á vegunum hvíla.

Eg kannast við það, að það er að ýmsu leyti hagkvæmara, að láta sýslurnar sjálfar hafa eftirlit með vegunum, eins og farið er fram á í frumv. — Það er alment álitið, að þau verk séu venjulegast óþarflega dýr, sem landssjóður lætur vinna, og það er líka að ýmsu leyti eðlilegt, því eftirlitið með verkinu og verkamönnum getur ekki verið eins gott af landssjóðs hendi, eins og hjá þeim, sem eru sjálfir á staðnum, þar sem verkið er unnið. Eg er sannfærður um, að viðhaldskostnaðurinn mundi verða talsvert minni, ef að sýslurnar tækju eftirlitið að sér. — Það leiðir blátt áfram af því, að sýslunefndin mundi hafa betra eftirlit með verkinu, gera fljótar við vegina, þegar eitthvað færi að bila, og fá verkið mun ódýrar unnið, með því að fá menn til þess, sem eru á staðnum. Þetta eru aðal-kostirnir við þetta fyrirkomulag í mínum augum, en svo fylgja því þeir annmarkar, að bæði Árnes- og Rangárvallasýslusjóðum mundi verða gersamlega ókleift að rísa undir þeim byrðum, sem á þá væri dembt, ef frumv. næði fram að ganga óbreytt.

En eg vona að megi bæta úr þessu, og að breyt.till. í þá átt muni koma fram við 2. umr. Fyrir mitt kjördæmi skal eg lýsa því yfir, að eg get fremur felt mig við að greiða atkvæði með málinu til 2. umr., vegna þess, að h. frmsm. (Þ. B.), hefir, eins og eg mintist á, lýst því yfir, að nefndin mundi hallast að því, að koma viðhaldskostnaðinum ekki nema að hálfu leyti yfir á sýslusjóðina.

Það er þó eitt atriði, sem mig langaði að minnast á sakir kjördæmis míns, og sem mig langar að biðja nefndina að athuga. Það er það, hvar setja eigi mörkin fyrir því, hvaða vegir skuli álítast fjallvegir um óbygðir, og þess vegna viðhald þeirra hvíla á landssjóði. — Hvernig þessi mörk eru sett hefir stórmikla þýðingu fyrir mitt kjördæmi, því þar hagar svo til, að allur vegurinn austur yfir Hellisheiði og Kamba, sem svo eru nefndir, liggur á fjöllum, en þar fyrir er ekki hægt að segja, að hann liggi allur í óbygðum. Ætti viðhald á öllum þessum vegi að hvíla á Árnessýslu, þá væri það afarhá og þung byrði fyrir sýslusjóðinn.

Hermann Jónasson: Eg álít, að öll akbrautamálin þurfi að taka til verulegrar athugunar þegar á þessu þingi, og gera alvarlega breytingu á þeim gildandi lögum, og á þessari sömu skoðun var einnig fjárlaganefndin, og því er það, að þetta frv. er hér komið fram, en hins vegar skal eg fúslega játa, að þessi ákvæði hefðu mátt vera gleggri en þau hafa orðið í frv.

Eitt, sem mælir með því, að viðhaldskostnaðurinn sé lagður á sýslusjóði, er það, að nú hamast allir til þess að fá akbrautir lagðar um sína sýslu; en úr þessum hamagangi mundi mikið draga, þegar sýslurnar sjálfar ættu að fara að taka þátt í kostnaðinum við þær. — Þessar akbrautir eru voðalega dýrar. — Til að leggja míluna ganga vanalegast 16 þús. kr., og séu torfærur á leiðinni, þá miklu meira. Enn sem komið er, er ekki búið að leggja meira af akbrautum en $18^1/_2$ mílu, og þó varð viðhaldskostnaðurinn síðasta fjárhagsár 16347 kr., og er þá ekkert gert fyrir sliti og áhöldum; það er með öðrum orðum, að með öllu og öllu var viðhaldskostnaðurinn fullar þúsund krónur á míluna. En þótt svona mikið hafi verið varið til viðhalds akbrauta síðasta fjárhagsár, þá er samt áætlað 24 þús. til viðhalds veganna næstu 2 ár.

Af hverju stafar nú þessi geysilegi kostnaður? Hann stafar af því, að það er alls ekkert eftirlit haft með vegunum. Það þarf ekki nema lítill steinn að hrynja utan út veginum til þess á stuttum tíma að stórspilla veginum, ef ekkert er að gert. Sé ekki bætt úr þessu, þá leitar nefnilega vatnið niður skarðið eftir steininn, og grefur svo smám saman sundur veginn, og margt þessu líkt mætti benda á, en engum lifandi manni dettur í hug að skifta sér nokkurn hlut af þessu, fyr en hér er komin ófær torfæra, svo það verður að kræka út af veginum til að komast fram um hana.

Mér getur ekki heldur dulist, að það hafi oft á tíðum verið sýnt óforsvaranlegt ráðleysi í framkvæmd þeirra aðgerða á vegunum, sem nauðsynlegar hafa verið.

En það er ekki einungis eftirlitið með viðhaldinu, sem er athugavert. — Það er heldur ekki hægt að mótmæla því, að sjálf notkun veganna hefir verið alveg óforsvaranleg. Þessir dýru vegir eru notaðir til þess að draga á þeim timbur á klökkum, en þegar að timbrið dregst eftir brautinni, rífur það upp úr henni hinn deigulmókenda leir, sem bindur ofaníburðinn saman, er síðan fýkur burtu, svo urðin verður ber eftir, og alt rigningavatn hleypur niður í veginn.

Ef sýslufélögin ættu sjálf að sjá um viðhaldið á vegunum, þá mundi fyrst og fremst allar viðgerðir á vegunum verða mun ódýrari, og svo mundi það alls ekki verða leyft, að láta ónýta dýra og kostbæra vegi á einu einasta ári. Þá mundu menn heldur ekki horfa á það dag eftir dag, að vegirnir væru undirorpnir eyðileggingu, án þess að gera nokkurn skapaðan hlut til þess að ráða bót á því. Til vegabótanna og eftirlits með vegunum yrðu þá einnig ráðnir menn, sem ættu heima sem næst staðnum, sem gera þyrfti við, og þá væri hægt að fá miklu ódýrar en menn langar leiðir að.

Af þessu fyrirkomulagi mundi leiða stórmikill sparnaður fyrir landssjóð eins og nú stendur á, hvað þá heldur, þegar akbrauta veganet er komið um alt landið, sem skiftir tugum mílna.

Enn var atriði, sem eg ekki gat felt mig við í nefndinni, og það var það, að landssjóður skyldi undantekningarlaust kosta þær flutningabrautir að öllu leyti, sem liggja um óbygðir eða fjöll. Eg skal t. d. taka veginn um Fagradal. — Þessi vegur liggur að mestu leyti í óbygðum, og ætti því eftir frumv. viðhaldið á honum að mestu leyti að hvíla á landssjóði. Engu að síður er þessi vegur þó eingöngu til hagsmuna fyrir Múlasýslurnar, aðallega Fljótsdalshérað. — Þessi vegur er jafn nauðsynlegur og gagnlegur fyrir Múlasýslur og akbrautin yfir Skagafjörð fyrir Skagfirðinga og akbrautin hér austur fyrir Árnes- og Rangárvallasýslubúa.

Um leið og vér íhugum þenna voðakostnað við nýjar akbrautalagningar, þá finst mér einnig ástæða til að athuga, hvort ekki væri rétt að takmarka vegalagninguna þannig, að nokkur hluti kostnaðarins við nýjar vegalagningar yrði lagður á hlutaðeigandi sveitir, sem vegirnir væru lagðir í gegnum.

Eggert Pálsson: Eg skal fúslega játa, að hinni háttv. fjárlaganefnd kunni að hafa gengið gott eitt til, er hún bar fram frv. þetta, sem sé það, að spara sem mest fé landssjóðsins. — Það er að vísu góður grundvöllur í sjálfu sér. En samt sem áður tel eg þó frv. ekki að öllu leyti á svo réttum né skynsamlegum rökum bygt, sem ætlandi og óskandi væri.

Það er alment viðurkent, að einhver stærstu sporin, sem vér Íslendingar

höfum stigið í framfaraáttina á síðasta fjórðungi liðinnar aldar, séu einmitt vegalagningarnar. En þetta frv. gengur í öfuga átt við þá, sem farin hefir verið. Það gengur í þá átt, að hefta vegalagningar og sporna gegn tryggilegu viðhaldi lagðra brauta. Eg get ekki betur séð, en að afleiðingin af því, að frumv. þetta yrði að lögum, mundi verða sú, að margar þær akbrautir, er þegar hafa verið lagðar, mundu falla í kalda kol. Auðvitað má segja það og halda því fram, að sýslurnar muni sjálfar viðhalda þeim eigi síður en landssjóðurinn, og eg efast heldur eigi um það, að þær mundu vilja gera það. En það verður þó að vera þeim mögulegt. — Öllum er kunnugt, að sýslusjóðirnir hafa í mörg horn að líta, og eigi sízt sýslusjóðir Árnes- og Rangárvallasýslna. — Enda hafa sýslunefndirnar þar nevðst til að ákveða, eins og sakir standa nú, sýslusjóðsgjöldin svo há, að alt að helmingur af útgjöldum sumra hreppanna eru sýslusjóðs- og sýsluvegagjöld. — Þess vegna tel eg sýslunum ekki mögulegt að standa straum af viðhaldi hinna umræddu brauta, svo í lagi sé, nema því að eins, að viðkomandi héruðum verði ofþyngt með gjöldum, og héraðsbúar þar með beinlínis hraktir í burt.

Enn fremur ber þess að gæta, að þegar brautir þessar voru lagðar, var það trú manna og von, að minsta kosti þar eystra, að sú væri meiningin frá löggjafarvaldsins hlið, að þær væru til afnota fyrir þær sveitir, er þyrftu, án þess að sveitirnar legðu beinlínis fram fé til viðhalds þeim. En verði þetta frumv. að lögum, þá verður þetta tálvon ein og héraðsbúar illa blektir. — Og þó viðkomandi héruð hefðu máske sakir samgöngu vandræðanna þegið vegina, þó þetta skilyrði hefði í byrj uninni verið sett, þá hygg eg þó, að vegalagningunni hefði þá verið öðru vísi hagað, ef sýslurnar hefðu búist við að eiga að kosta viðhaldið; akbrautirnar, sem víða eru óþarflega breiðar, mundu þá sjálfsagt hafa verið gerðar einni alin mjórri.

Í frumv. er ákveðið, að viðhald á vegum um fjöll og óbygðir skuli hvíla á landssjóði. Eg get ekki séð það, að meiri nauðsyn sé á fyrir landssjóð að viðhalda brautum, er liggja um fjöll og firnindi, en þeim, er um bygðir liggja, sem eru þó jafnt þjóðvegir. — Margir vegir þessir eru líka svo hrapallega illa lagðir, að viðhald á þeim hlýtur að verða afardýrt.

Þess vegna er það rétt athugað af háttv. 1. þingm. Árn. (H. Þ.), að eigi sýslusjóðirnir að annast viðhald brautanna, þá verða þær að vera vel lagaðar upphaflega eða í góðu og gildu standi, er landssjóður afhendir þær.

Í þessu sambandi vil eg benda á brautarkaflann milli Þjórsár og Ölfusár; þar hefir laus mold og sandur verið borið ofan í apalgrjót, og svo þegar vindur hreyfir sig, þá þeytir hann þessum ofaníburði burt, og jafnaðarlegast þegar nota á veginn, þá eru ekki eftir nema hraungrýtis hnullungar undir hófum hestanna.

Tilgangur fjárlaganefndarinnar með frumv. þessu hefir verið sá, eins og eg sagði, að spara fé landssjóðs og létta gjöldum af honum, og varpa honum upp á sýslufélögin, og kann að vera, að sá tilgangur sé lofsverður. En það er líka annað ráð til þess að sjá viðhaldi brautanna borgið en þetta. — Og það er að auka tekjur landssjóðs. Eg hefi sjálfur verið flutningsmaður á þessu þingi að frv., er gekk í þá átt. — En það var nú því miður felt. En mundi samt eigi hugsanlegt, að auka

tekjur landssjóðs á annan hátt, þó mér væri það kannske eigi jafn kært? Þó mér sé þannig illa við frv. þetta, þá er það þó sök sér, að eg greiði atkvæði með því, ef það ákvæði kemst inn í það, að brautir, sem jafnframt eru þjóðbrautir, séu undanskildar því, að leggjast á sýslusjóð.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Önnur umr., 25. júlí. (C. bls. 279, 308, 309, 322).

Hannes Þorsteinsson: Eg á hér tvær brt. á þgskj. 155 og 157, en áður en eg sný mér að þeim, ætla eg að minnast ofurlítið á frv. sjálft á þingskj. 126. Þótt frv. þetta sé ekki langt, þá leynir það á sér, og því trúi eg bezt, að verði það samþykt óbreytt, þá muni það verða eitt af hinum allra óvinsælustu lögum, sem þingið hefir gefið. (*St. Stefánsson*: Sumstaðar!) Það mun verða svo víðast, en auðvitað kemur það mishart niður og harðast þar, sem miklar eru flutningabrautir. Vér Árnesingar erum að vísu þakklátir h. nefnd fyrir það, að hún leggur til, að allur viðhaldskostnaður flutningabrautarinnar austur að Geysi skuli hvíla á landssjóði, og virðist hún hafa gert það til þess, að bæta Árnessýslu upp að einhverju leyti það, sem á að íþyngja henni að öðru leyti með lögum þessum. Þetta hefir því átt að vera eins konar plástur eða sárasmyrsl hjá h. fjárlaganu. En því miður kemur þessi Geysisbraut, eins og hún er fyrirhuguð, Árnesingum að fremur litlum notum. Eins og vér vitum, nær hún enn eigi lengra en austur að Þingvöllum, en þaðan á hún að liggja um Laugardalinn og efst um Biskupstungurnar. Á þenna hátt verður hún ekki nema fáum bæjum í Arnessýslu að verulegum notum, og þar við bætist, að hún mun oftast verða lítt fær að vetrarlaginu vegna snjóþyngsla. Álit vort Arnesinga er, að brautin kæmi héraðinu að miklu meiri notum, ef hún væri lögð annarstaðar en fyrirhugað mun, og vil eg leyfa mér að benda á það, hvernig vér teljum hana mundu haganlegast lagða. Reyndar veit eg að vér getum litlu um það ráðið, þar sem það eftir 4. gr. vegalaganna frá 13. apríl 1894 er landsböfðingi, sem eftir tillögum sýslunefnda, amtsráðs og vegfræðings ákveður, hvar leggja skuli flutningabrautirnar um héruðin. En vera má þó, að bendingar vorar verði teknar til greina, og því kem eg með þær. Álit vort er þá það, að hagkvæmast sé, að flutningabrautin sé sameiginleg austur að Ölfusá, og að Geysisbrautin stefni þaðan að Alviðruferju, yfir hina fyrirhuguðu brú á Soginu, upp mitt Grímsnesið, yfir Brúará nálægt Miklaholti, og þaðan beina leið upp Tungurnar til Geysis. Á þann veg lægi hún um tvo fjölmennustu hreppa sýslunnar og kæmi þeim að beztum notum. Þetta mundi hafa afar mikla þýðingu fyrir stofnun rjómabúa um þetta svæði. Þá vil eg og benda á að brautin um Þingvelli ætti ekki að ná lengra en að Gjábakka; sú braut er annars aðallega fyrir útlendinga, en austursýslunum að fremur litlum notum, eins og eg benti áðan á. Væri Geysisbrautin lögð um Grímsnes og Biskupstungur, eins og eg benti á, þá fyrst væri það verulegur hagur fyrir Arnessýslu að losast við viðhald hennar.

Eg álít að með frv. þessu eigi að leggja svo þunga kvöð á Arnessýslu og Rangárvalla, að þær mundu eigi fá undir risið.

Eg hefði helzt viljað að frv. yrði felt með öllu, en af því að eg er hrædd-

ur um að það mundi ekki lánast, þá hefi eg og h. 1. þm. Rangv. (E. P.), sinn í hvoru lagi, reynt að lappa upp á það, svo að það yrði aðgengilegra; aðgengilegt verður það líklega aldrei.

Það eru ýmsir vegir, sem hægt er að fara, til að gera frv. þó aðgengilegra en nú er það.

Einn er sá, sem stungið er upp á í brt. minni á þgskj. 155, að á eftir orðunum: »flutningabrauta, er í bygð liggja«, bætist við: »og ekki eru þjóðvegir«, þar sem frv. sjálft fer fram á, að viðhaldskostnaður allra flutningabrauta, sem í bygð liggja, skuli hvíla á sveitunum. Það ákvæði mundi koma afarþungt niður á Arnessýslu, það sést bezt á því, að brautin frá Kömbum og austur að Þjórsá mun vera um 3 mílur á lengd eða meira; og það sem út yfir tekur er þó það, að vegurinn á því svæði sumstaðar, t. d. Flóavegurinn, er frá upphafi hrapallega illa gerður, og viðhald hans því afar dýrt, miklu dýrara en svarar til vegalengdarinnar. Vegfræðingurinn, sem fyrir vegalagningunni stóð, sýnist ekki hafa hugsað nægilega fyrir góðum ofaníburði, hugsað meira um það, að taka það, sem hendi var næst, en hitt, að fá ofaníburðinn sem beztan, þótt lengra væri í hann að ná.

Það sjást þó fáir kostir slíkrar ráðsmensku aðrir en þeir, að með því fæst meiri vinna eftir á við viðhald vegarins, og munu eigi allir telja það mikinn kost.

Brt. á þingskj. 155, er næst frv.; nokkru lengra frá því hverfur brt. mín á þingskj. 157; yrði hún tekin til greina — og þess óska eg, þá mun brt. á þingskj. 155 verða tekin aftur. Brt. á þingskj. 157 fer fram á, að viðhaldskostnaður flutningabrautanna í bygð skiftist að helmingi milli landssjóðs og sýslusjóða. Eg sé enga erfiðleika á því, að skifta umsjóninni og viðhaldskostnaðinum réttilega niður. Eg geri ráð fyrir, að nái mál þetta framgangi, þá muni settir eftirlitsmenn, er hver líti eftir ákveðnum vegarkafla, með því móti er eg viss um, að viðhaldið mundi reynast ódýrara en nú, því að þá mundi þess gætt, að gera við smáskemdirnar áður en þær eru orðnar að stórskemdum og við það mundi sparast stórfé.

Þá er þriðji vegurinn, sem bent er á í brt. h. 1. þm. Rangv. (E.P.). Sú brt. fer að nokkru leyti lengst frá frv. Eg get mjög vel felt mig við brt. þessa, sem gengur lengra en brt. mín á þgskj. 157, að því leyti, að hún fer fram á, að allur viðhaldskostnaður brautanna greiðist úr landssjóði séu þær þjóðvegur, en styttra fer hún aftur þar, sem hún fer eigi fram á, að nokkru sé kostað til viðhaldsins, sé brautin eigi jafnframt flutningabraut. Eg mundi þó jafnvel fremur fallast á hans brt. en mína, af því að hún er fremur hagkvæm fyrir mitt kjördæmi, að því leyti, að eftir henni mundi það losast við alt viðhald brautarinnar frá Kömbum og austur að Þjórsá. Af því að brt. þessi (172) fer lengst frá frv., vona eg að h. forseti beri hana fyrst upp til atkvæða. Enn er ein leið, sem fara mætti, leið, sem eg álít réttasta og í beztu samræmi við vegalögin frá 12. jan. 1900, sú leið, að landssjóður kosti viðhald á flutningabrautum þeim, sem jafnframt eru þjóðvegir að öllu leyti, en viðhald á öðrum að hálfu. Ef fjárlaganefndin hefði farið þessa leið, þá mundi eg fúslega hafa gengið að frv. hennar, og væri enda ástæða til að koma með brt. í þessa átt til 3. umr., en það mundi að sjálfsögðu ekki hafa neina þýðingu. Ef sýslurnar eiga að kosta alt viðhald brautanna, þá er hætt við að mjög sé loku skotið fyrir, að þær

geti hugsað um nýjar vegagerðir undir eins og þær hafa fengið nokkrar verulegar flutningabrautir, og naumast mundu Árnesingar hafa beðið um brautina frá Laxá að Bitru, ef þeir hefðu vitað að þeir ættu að kosta viðhald allra flutningabrauta í sýslunni, þeir mundu ekki hafa treyst sér til að bæta þessari nýju byrði á sig, svo nauðsynleg sem brautin þó er.

Ef frumvarp þetta á að ganga fram, sem eg vona að eigi verði í þessari mynd, þá er þó að minsta kosti sjálfsagt að gefa sýslunum upp lán, sem á þeim hvíla fyrir brýr og vegi, og víst munum við þm. Árnesinga þá bera fram frv. um uppgjöf á láninu til Ölfusárbrúarinnar. Sömuleiðis ætti að gefa upp lánið til brautarinnar ofan á Eyrarbakka.

Eg óska þess helzt, að brt. á þingskj. 172 eða 157 verði samþykt, og mun eg þá líklega taka aftur brt. á þgskj. 155. Verði önnurhvor af brt. þeim, sem eg nefndi, samþykt, mun eg greiða atkv. með frv., þótt eigi sé eg ánægður með það, en falli þær báðar, mun eg ekki gefa frumv. atkv. mitt.

Ólafur Ólafsson: Háttv. samþm. minn, er þegar búinn að tala, og hefir hann tekið fram í ræðu sinni ýmislegt, er eg hafði ætlaði mér að segja.

Eg talaði í þessu máli við 1. umr. þess, og viðurkendi eg þá, að stefna frv. væri að sumu leyti eðlileg. Og eg tek það fram enn, að mér þykir ekki nema eðlilegt, þótt landssjóður kynoki sér við sem flestum álögum, og þá ekki síður því en öðru, að halda uppi kostnaði á viðhaldi vega. Sérstaklega tel eg þann kost fylgja þessu fyrirkomulagi, að með því færðist eftirlitið á hentugri stað. Eg hefi alt af haldið því fram, að ekki væri heppilegt að »centralisera« eftirlitið í Reykjavík; gæti þá vel farið svo, að því yrði ábótavant, þar sem á alt yrði að líta með annara augum.

En þótt þetta frumv. yrði ekki gert að lögum, þá mætti þó færa eftirlitið í betra lag, enda þótt það, sem hingað til, væri bundið við landsstjórnina sem »centrum«. Það hefði verið heppilegt, eins og líka hefir komið til mála, að fyrir löngu hefðu verið settir menn í sveitunum, til þess að hafa eftirlit með brautunum. Það eru oft og einatt smámunir, er valda fyrstu skemdunum, en þegar ekki er gert við þær í tíma, fara þær vaxandi, unz þær eru orðnar svo miklar, að viðgerðin kostar stórfé. Og auk þess er það ólíkt dýrara að fá bæði menn og vagna alla leið frá Reykjavík í hvert sinn, er bæta þarf skemdir á brautum, heldur en að eiga vísa menn í sveitum þeirrar sýslu, þar sem vegur liggur um, er gerðu það, er gera þarf. Ef þegar í upphafi hefði verið gengið inn á þessa braut, hefði mikið fé verið sparað landssjóði og þó mátt koma jafn miklu til leiðar. Verði þetta frv. gert að lögum, kemst mikill ójöfnuður á útgjöld sýslnanna; sumum eru lagðar þungar byrðar á herðar, öðrum næsta léttar. Þær sýslur, er dýrir vegir liggja um, njóta ekki ávalt einar mest veganna, enda þótt því verði ekki neitað, að þær hafi mikið gagn af þeim. Eg tek til dæmis veginn frá Reykjavík austur um Arnessýslu og Rangárvallasýslu. Þar eru mörg héruð um afnotin. En að eins sumum þeirra er ætlað að kosta viðhaldið; hin hafa gagn af vegunum, en taka engan þátt í viðhaldinu. Öll Reykjavík og flestar sveitir sunnan og austan megin Faxaflóa hafa gagn af veginum austur í gegnum Arnessýslu, og Rangárvallasýslu. Sama er að segja um Vestur-Skaftfellinga, er þeir

sækja til Eyrarbakka og Reykjavíkur. En eftir þessum lögum á eftirleiðis allur viðhaldskostnaður á þessum vegum að hvíla eingöngu á Rangárvallasýslu og Arnessýslu. Af þessu sprettur hinn mesti ójöfnuður.

Að því er snertir Arnessýslu sérstaklega, er verður harðast úti eftir þessum lögum, þá skal eg geta þess, að sýslusjóður Árnesinga hefir þegar svo þungar byrðar að bera, að eg skil ekki hvernig hann ætti að geta risið undir þyngri. Eg get sem kunnugur maður bent á, að margir af þeim vegum, sem sýslan á að halda við, liggja í hinni mestu niðurníðslu vegna féleysis, þrátt fyrir áhuga sýslubú. Sjóður sýslunnar er eigi að eins tómur, heldur stórskuldugur.

Þótt frv. þetta yrði að lögum, færi því fjarri, að við það ykist gjaldþol sýslubúa. Byrðirnar eru þegar svo þungar, að teljast má óviti næst að auka þær enn meira.

Oft er á það minst, og ekki að ástæðulausu, að fólk flykkist úr sveitunum til Reykjavíkur; búskapurinn sé orðinn svo erfiður, að ekki sé stund á hann leggjandi, og kjör manna yfirleitt svo þung, að ekki sé viðunandi né undirrísandi. Ef þetta frv. verður að lögum, þá blandast mér ekki hugur um, að slík byrðarauknig muni verða til þess að reka fjölda fólks úr sveitunum til kaupstaðanna, eða jafnvel af landi burt. Það er þó víst ekki tilgangur hinnar h. deildar.

Ár eftir ár hafa Árnesingar og Rangvellingar beðið um, að strandferðaskipunum væri gert að skyldu að koma við á Eyrarbakka eða Þorlákshöfn. En því hefir aldrei verið sint. Hefir það jafnan verið viðkvæðið, að Árnesingar og Rangvellingar hafi fengið þessa vegi í notum þess, að þeir ekki hefðu gagn af strandferðunum. Þykir mér sannarlega hart, ef þessi lög eiga að vera svarið upp á bænir þeirra. Eg segi »ef«, því að eg veit ekki, hver úrslitin verða hjá hinni hv. deild á þessu þingi. En verði þetta eina svarið, þá kalla eg að hlutur þessara sýslna sé gerður þyngri en annara. Þeim er ætlað eftirleiðis að leggja fram sinn hluta af þeim gjöldum, er þarf til vegabóta og strandferða. Og hvað fá þær í staðinn? Þær fá að sjá reykinn upp af strandferðaskipunum, er þau bruna fram hjá þeim, og þær fá að halda við upp á eigin spýtur öllum vegum, er um þær liggja og til gagns koma mörgum öðrum sýslufélögum, þótt engan þátt taki í viðhaldinu.

Minsta sporið, sem hin hv. deild gat stigið jafnframt þessum lögum, var að gefa sýslum þessum upp allar skuldir, er á þeim hvíla við landssjóð fyrir vegalagning og brúargerðir. Það var minsti sykurmolinn, er fylgja mátti þessum beizka bita.

Eg vil jafnvel taka svo djúpt í árinni, því að svo býður mér sannfæring mín, að með þessum lögum séu um langan tíma heftar nauðsynlegar framkvæmdir í þessum sýslum. Afleiðingin yrði sem sé sú, að gjaldþoli sýslubúa yrði ofboðið. Fjöldi manna veit eg líka að mundi ekki þola slíkt, heldur fara sína leið. Og það kalla eg sorglegt, ef lögin yrðu til þess að flæma menn burt úr bygð sinni. En mér blandast ekki hugur um að svo mundi verða.

Hv. samþingismaður minn (H. Þ.) sagði, að vegurinn gegnum Árnessýslu sé ekki sem heppilegast lagður. Það er aldrei nema satt. En ekki er til neins að sakast um orðinn hlut. En hinu ber eg á móti, að tilgangurinn með því hafi verið að tryggja þannig atvinnu ár eftir ár. Ofaníburðurinn hefir verið vondur; því verður ekki

neitað. En það liggur líka í hlutarins eðli, að vegir um fjölbygð héruð þurfi oft umbóta við. Og víða hlýtur vegurinn af náttúrunnar völdum að sæta skemdum, sem menn verða að vera viðbúnir að ráða bót á. En, eins og eg þegar hefi bent á, mundu skemdirnar ekki magnast svo mjög og viðgerðarkostnaðurinn verða miklu minni, ef ákveðnum mönnum í hverju héraði væri falið eftirlitið með vegunum.

Af þeim ástæðum, er nú eru greindar, mun eg greiða atkvæði með brt. á þgskj. 172, eða ef hún ekki nær fram að ganga, þá með brt. á þgskj. 157. Falli þær aftur á móti báðar, mun eg óhikað greiða atkvæði móti frv. Gangi það samt sem áður í gegn, tel eg efalaust, að vér þingmenn Árnessýslu og Rangárvallasýslu munum koma fram með frv. um, að þessum sýslum verði gefnar upp allar skuldir, er á þeim hvíla fyrir vegagerðir.

Eggert Pálsson: Eg gat þess við 1. umr., að eg hefði helzt kosið, að frv. þetta væri eigi fram komið. Það brýtur bág við almennar, ríkjandi kröfur í landinu, þær kröfur, að stutt sé sem mest að samgöngunum. Góðar samgöngur eru, sem kunnugt er, taldar eitt af frumskilyrðunum fyrir vellíðan hverrar þjóðar. Það, sem knúð hefir flytjendur þessa frv. til að bera það fram, er án efa það eitt, að spara fé landssjóðsins. Góður tilgangur að vísu. En slíkar sparnaðartilraunir geta stundum gengið of langt og komið í röngum stað niður. Og svo ætla eg að háttað sé þessari sparnaðartilraun. Eg get ekki annað skilið, en að svona löguð lög, ef þau næðu fram að ganga, mundu verða fremur til að hefta samgöngur og samgöngubótaviðleitni í landinu. Og slíkt er þó sannarlega ekki samkvæmt kröfum þeirra tíma, er vér lifum á.

Þar sem frv. fer fram á, að leggja viðhald flutningabrautanna á sýslusjóðina, þá er næsta hætt við að það geti leitt til þess, að koma þessum brautum í niðurlægingu, þar eð það gefur að skilja, að hlutaðeigandi sýslusjóðum verður það algerlega um megn að halda þeim sæmilega við. En verði þessi stefna ríkjandi hjá hinni hv. deild, að forsóma samgöngur á landi, spara sem mest má verða landssjóðsfé til þeirra og ætla sýslusjóðunum einum viðhald á vegum, er koma einum landshluta í samband við annan og jafnframt eru þjóðvegir, þá fæ eg ekki betur séð en að bein og rétt afleiðing af þeirri stefnu væri sú, að leggja einnig á sýslurnar strandferðakostnaðinn í hlutfalli við notin. En þá hygg eg að margur þingmaðurinn mundi fara að bera sig hálfilla.

En þrátt fyrir hina skökku stefnu frv. þessa veit eg þó að það frv. á góða bakhjarla hér í deildinni, þar sem er hv. fjárlaganefnd. Og til þess að reyna að koma í veg fyrir, að það verði mjög skaðlegt í framkvæmdinni þegar það er orðið að lögum, hefi eg komið fram með brt. á þgskj. 172. Hún fer í þá átt, að landssjóður haldi við þeim vegum, er mynda samband milli þeirra landshluta, sem að öðrum kosti eiga erfitt með að ná saman. Því að alt öðru máli virðist vera að gegna um þær brautir, er sýslurnar leggja innan sinna endimarka á eigin kostnað, heldur en þær, er landssjóður leggur og sameina fleiri sýslur. Það er kunnugt, að brautin austur um fjall er þjóðvegur, og hv. 1. þm. Árn. (H. Þ.) hefir réttilega kallað einmitt þessa braut lífæðina milli héraðanna austur frá og höfuðstaðarins. Og ef það ætti að varpa viðhaldi hennar upp á sýslusjóðina, þá mundi fara svo með tímanum, sakir fjárskortsins, að hún kæmi eigi að tilætluðum notum. — Því hefir ver-

ið spáð, er braut þessi var lögð, að héruðin austanfjalls mundu með tímanum geta rúmað jafn marga íbúa og nú eru á öllu landinu. En eigi nú að slíta íbúa þeirra út úr lífssambandinu við aðra hluta þjóðarinnar, þá er víst að sú spá rætist ekki, og landið eignast aldrei þessar 70—80 þús manna.

Af því að eg bjóst við að frv. mundi komast út úr deildinni í einhverri mynd, þá kom eg fram með þessa brt., og vona eg að hún nái samþ., þar eð hún gerir frv. aðgengilegra og ekki eins sárt og óréttlátt fyrir einstaka landshluta.

Framsögum (Þórhallur Bjarnarson): Fjárlaganefndin bjóst við, að frv. þetta mundi sæta mótspyrnu, og það mundi enda af sumum verða kallað ójafnaðarfrumvarp, þó að nefndin telji það einmitt jafnaðarfrv.

Hér liggja nú fyrir 3 brt., er fara fram á misjafnlega mikið. Þær eru, eins og skiljanlegt er, miðaðar við kjördæmi flutningsmanna sinna. Það sé fjarri mér að leggja hv. flm. þetta til ámælis; þeir eru auðvitað fyrst og fremst þingmenn sinna kjördæma. En til þess verður þó að ætlast af öllum þingmönnum, að þeir líti líka á málin frá sjónarmiði alls landsins. Fyrsta brt. (þgskj. 155) fer fram á, að viðhaldskostnaður á flutningabrautum, sem jafnframt eru þjóðvegir, greiðist úr landssjóði að hálfu leyti. Önnur brt. (þgskj. 157) fer fram á, að viðhaldskostnað allra þeirra flutningabrauta, sem í bygð liggja, skuli greiða að hálfu leyti úr landssjóði, en að hálfu leyti úr sýslusjóði eða sýsluvegasjóði. Og loks fer 3. brt. (þgskj. 172) fram á, að flutningabrautum, sem jafnframt eru þjóðvegir, skuli viðhalda alveg á kostnað landssjóðs, en aftur á móti skuli sýslurnar alveg kosta viðhald þeirra brauta, er í bygð liggja og eigi eru þjóðvegir; er þessi breyting auðsjáanlega sérstaklega miðuð við brautina austur Holtin í Rangárvallasýslu.

Yfir höfuð er ekki mikið að byggja á þessari skifting á brautum og þjóðvegum, hún fer bara eftir því, hvort þar er aðalpóstvegur eða ekki. Öll áherzlan liggur á því, að flutningabrautin er gjörð þannig, að hún er akfær hlöðnum vögnum á sumrin. Það eru mikil hlunnindi fyrir héruðin, og á því byggist sanngirniskrafan, að héruðin beri að meira eða minna leyti kostnaðinn af viðhaldi þeirra. — Það, sem fjárlaganefndin hefir orðið ásátt um, er að aðhyllast breyt.till. háttv. 1. þm. Árn. á þingskj. 157; henni lýsir fjárlaganefndin sig samþykka, og greiðir atkvæði með henni. Þá er slakað það til, að bara hálft gjaldið legst á sýslurnar, en hálft á landssjóð.

Þegar fjárlaganefndin hefir gengið inn á þessa breyt.till., þá er það sjálfgefið, að hún greiðir atkv. móti hinum; enda verður breyt.till. á þingskj. 155 væntanlega tekin aftur.

Það var sérstaklega háttv. 2. þm. Árn. (ÓI. ÓI.), sem fór óþarflega hörðum og stórum orðum um þetta. Það eru orð, sem eg álít að alls ekki eigi við, að vera að tala um að bygðir muni eyðast og fólk flýja, ef frumv. þetta verði að lögum. (*Ólafur Ólafsson*: Leiðinlegt að heyra það). Það er eins leiðinlegt að tala það.

Það eru röskar 6 mílur lagðar í flutningabrautum í Árnessýslu, og einar 2—3 í Rangárvallasýslu; og ætti maður að gizka á, eftir því sem brúkað hefir verið, og ætlast er til að brúkað verði, þá má ekki gjöra minna að meðaltali upp og niður en 500 kr. viðhaldskostnað á ári á míluna; það er sjálfsagt það minsta, sem gjöra má ráð fyrir. Auðvitað er þetta nokkuð misjafut, en það verður að gizka á eitthvert meðaltal. Á öllu landinu eru c. 18

mílur af flutningabrautum, og viðhaldskostnaðurinn ágizkaður um 9000 kr. á ári. Kæmi þá á þessar 6 mílur í bygð í Árnessýslu um 3000 kr. — Vitanlega gekk 2. þm. Árn. (Ól. Ól.) út frá frv., eins og það lá fyrir. En setjum svo, að allur viðhaldskostnaðurinn ætti að leggjast á sýsluna fyrir jafn stórmerkilegar og góðar samgöngubætur, þá ættu orð hans samt ekki við; og sérstaklega ætla eg að orð hans geti ómögulega átt við, eftir að farið er niður í það hálfa; þá verður kvöðin, er á sýsluna legst, fráleitt meiri en það, sem nýlega hefir verið bætt við rjómabúin þar í sýslunni, sem eg manna sízt er að telja eftir. Ef slík sýsla stæði ekki jafnrétt eftir fyrir þetta, þá teldi eg það illa farið.

Aðalkjarninn í þessu frumv. er þá það, að sá rétti jöfnuður komist á milli héraðanna. Þegar ræða er um slíkar samgöngubætur, sem greiða vöruflutninga á vögnum, samgöngubætur, sem eru svo sérstaks eðlis, að þær geta ekki komist á nema í minni hluta landsins í mörg ár, — þá er það sá rétti jöfnuður, að þau héruð beri sérlegan kostnað, sem fá þessi alveg sérlegu samgöngufæri. Og það sem meðfram gjörði, að fjárlaganefndin fór feti framar til miðlunar og samkomulags, heldur en gjört var við 1. umr., með því að ganga inn á hina víðtækari breyt.till. 1. þm. Árn. (H. Þ.), var sérstaklega það, að koma þessu í samræmi við heimildarlögin frá 12. jan. 1900 um nýja þjóðvegi, þar sem miðað er við hálfan kostnað af hendi landssjóðs og hálfan af hendi sýslusjóðs. — Með þessari breytingu, sem eg efast ekki um að gangi í gegn, þar sem hún hefir fylgi fjárlaganefndarinnar, vonar nefndin að allur þorri þm. kannist við, að hér sé farið svo hóflega og sanngjarnlega, sem frekast er unt, til að fá jöfnuð fyrir alt landið í heild sinni.

Lárus H. Bjarnason: Eg lít svoleiðis á þetta mál, að það ætti helzt að bíða; eg vildi helzt fella alt saman, bæði frumv. og breyt.till. Og úr því eg hefi nú sagt það, þá ætla eg að reyna að færa orðum mínum stað. Eg lít svo á, að vegamál landsins ættu sízt að vera hreppapólitík. Landssjóðurinn er nokkurs konar hjarta landsins; og eins og mannshjartað viðheldur lífinu, ekki einungis í höfðinu, heldur og út í yztu fingurgóma, eins ætti landssjóður að viðhalda vegunum, á yztu útkjálkum eins og í fjölförnum héruðum.

Fyrirkomulag það, sem nú er, er mjög óeðlilegt, og lögin ógreinileg. Sérstaklega er 2. gr. í lögunum 13. apríl 1894 vandræðagripur. Hún er sá grautur, sem eg get aldrei rent niður; það völundarhús, sem fáir munu út úr rata. Þar er vegunum skift niður í: flutningabrautir, þjóðvegi, fjallvegi, sýsluvegi og hreppavegi. En eg þekki vegi, sem eru alt þetta í einu. Brúin austur að Geysi t. a. m., er hún ekki flutningabraut, er hún ekki þjóðvegur, er hún ekki sýsluvegur og hreppavegur? Er hún ekki þetta alt saman? Eg held yfir höfuð, að öll þessi niðurskifting veganna sé meiningarlaus. Eg vildi helzt að allir vegir á landinu yrðu gjörðir að landsvegum. Það mætti enda fara enn lengra, og leggja einnig viðhald þeirra á landssjóðinn, en láta sýsluvegagjald og hreppavegagjald renna í landssjóð, og sýslumenn innheimta þau gjöld á manntalsþingum. Þá mundi alt fara á aðra leið en nú, þegar hver togar í sinn skækil, og öll vegagjörð þar af leiðandi verður kák; þá mætti taka fyrir eitt hérað í einu og gjöra það vel vegað, og svo koll af kolli, þangað til öll héruð landsins væru orðin viðunanlega veguð. Eg mundi

sem þm. Snæfellinga enda vilja vinna það til, að reka lestina, ef því væri að skifta. Eg vildi heldur bíða 16 eða 17 ár, og eiga það þá víst að fa mitt héraað vel vegað, heldur en að fá við og við þessar smáu upphæðir, sem ekki eru annað en kræsiber í koppinn. En nú kann mörgum að virðast, að þessi uppástunga gangi nokkuð langt, og mætti þá fara feti skemra. Það væri strax til mikilla bóta, ef landssjóður væri látinn kosta vegalagningarnar, þó viðhaldið hvíldi á sýslusjóðunum. Það væri líka ef til vill eftirlitsins vegna heppilegra. Það mætti kannske búast við, að héruðin legðu þá meiri rækt við vegina, og viðhaldið yrði þá líka líklega ódýrara. — Eins og frumv. liggur fyrir, sé eg ekki betur en að það sé ónýt bót á illa slitið og gamalt klæði. En þó mér þyki það engan veginn viðunanlegt, þá mun eg þó greiða atkv. með því, ef breyt.till. á þingskj. 172 og 157 verða samþ.; en ef þær falla, skal eg með sannri ánægju greiða atkvæði á móti því.

Ólafur Ólafsson: Eg verð að svara háttv. framsm. fáeinum orðum. Hann talaði ógnarlega fallega fyrir þessu frumv. nefndarinnar, og var eðlilegt að hann gjörði það frá sínu sjónarmiði. Hann byrjaði samt nokkuð einkennilega; byrjaði með því að viðurkenna, að fjárlaganefndin hefði haft meðvitund um það, að þetta mundi þykja ójöfnuður. Í því hefir háttv. fjárlaganefnd haft alveg rétta meðvitund. Eg sé ekki betur, en að hér sé verið að gjöra upp á milli sýslna landsins. Hvað er ójöfnuður, ef ekki þetta? Það er hlaðið þungum gjöldum á íbúa vissra sýslna, en íbúum annara sýslna, sem þó hafa gagn af vegum þessum, þeim aukast byrðar ekki neitt. Hvað er ójöfnuður, ef ekki þetta?

Framsögum. fór mörgum og fögrum orðum um það, að það væri ekki til þess að vera að fárast út af þessu; hér væri ekki um mikið gjald að tala. Það getur verið að þetta sé satt, og getur verið að það sé ekki satt. Sé þetta lítill gjaldauki fyrir Árnes- og Rangárvallasýslur, þá munar landssjóðinn heldur ekki *mikið um það*. (*Stefán Stefánsson*: Þm. man ekki eftir nema Árnessýslu). Ó, jú! — Það vita allir, að Árnessýsla er mjög víðlend sýsla og vegir slæmir; það er því ekki nema eðlilegt, að mér verði hugsað til Árnes- og Rangárvallasýslna, því að þær sýslur verða harðast úti af öllum sýslum landsins eftir þessu frv., og það er ekki nema eðlilegt, að við þm. þessara sýslna reynum að bera blak af þeim, þegar verið er að hlaða á þær byrðum, sem aðrar sýslur hafa ekkert af að segja, og þær eru lítt færar um að bera; það væri undarlegt, ef við sætum þegjandi hjá því. — Sérstaklega Árnessýsla hefir mikla vegi, sem eru í miklu ólagi og þarf bæði að auka og bæta; en sýsluvegasjóðurinn í þröng, og getur ekki bætt það, er bæta þarf. Fæ eg því ekki séð, að það muni litlu, að bæta þessu við, sem hér er farið fram á. Háttv. framsm. þóttu það stór orð, að eg mintist á, að einhverjir, sem hingað til hefðu tollað í sveitunum, mundu flýja. Það er gróflega leiðinlegt að verða að játa þetta, og leiðinlegt fyrir fjárlaganefndina, að frv. það, sem hún hefir komið fram með, getur leitt til þess; það skal eg játa, en eg finn ekki ástæðu til að taka nokkuð af því aftur. Eg er sannfærður um að sumum þykir nóg af byrðum fyrir, og ef þetta frumv. nær fram að ganga, muni þeim þykja setið meðan sætt er. Það væri dálítil bót í máli, ef maður ætti það víst, að strandferðabátarnir

færu nú að koma við á Stokkseyri eða Eyrarbakka; það getur verið að þau úrslit verði, en mér er ókunnugt um það, enda liggur það ekki fyrir hér; það gefst sjálfsagt tækifæri til að minnast frekar á það seinna. H. framsm. seinast eins og klóknaði og viknaði, þegar hann var að prókúrera fyrir fjárlaganefndina og tala um jöfnuð. Það þótti mér fallegt. Eg er einmitt að prókúrera fyrir jöfnuði; en þó háttv. nefnd gangi að þessari breyt.till., þá er þó ekki fenginn sá jöfnuður, sem eg álít að sé fullnægjandi. Háttv. framsm. talaði um þetta óksöp fallega og hógværlega, eins og hans er von og vísa. Eg vona, að þetta verði meira en orðin tóm; eg vona, að hann sýni þenna jafnaðarhug sinn með því að gjörast meðflutningsmaður okkar þm. úr Árnes- og Rangárvallasýslum að því, að allar gamlar skuldir verði upp gefnar. Þá sýnir hann, að honum er alvara með þetta jafnaðartal sitt, sem eg efast ekki um að sé; það er alt af bezt, þegar maður getur sýnt það í verkinu, hvað manni er innanbrjósts.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta.

Tryggvi Gunnarsson Það var sagt áðan, að þetta mundi verða óvinsælasta frumv., sem kæmi frá þinginu, ef það næði fram að ganga, og hefir nefndin fengið ýmsar ákúrur fyrir að koma fram með það. En eg er ekki á þeirri skoðun, að það verði óvinsælt um land alt; en náttúrlega verður það óvinsælt á litlum blettum, þar sem menn hafa þegið svo mikil gæði af landssjóði, en vilja hlífa sér við að leggja nokkuð fram á móti. Aftur í móti munu hinir, sem hafa farið á mis við nokkra hjálp frá landssjóði til vegagjörða, verða harla ánægðir með frumv.

Aðaltilgangur þessa frumv. er sá, að gjöra landssjóði mögulegt að kosta vegi sem víðast. En meðan svona gengur, að landið á bæði að leggja vegi og viðhalda þeim, þá gangа svo miklir peningar til viðhaldsins, að landssjóður getur ekki lagt vegi nema á örfáum stöðum, þetta var aðaltilgangur og orsök þess, að fjárlaganefndin kom fram með þetta frumv.

Þegar margir menn eru í félagi, þá sýnist mér það mjög eðlilegt, að félagsmenn segi: Eg skal gjarna taka á mig nokkurt gjald, svo þið getið fengið dálítinn hluta af þeim hagnaði, sem leiðir af félagsskap okkar. En þm. Arnes- og Rangárvallasýslu hugsa ekki svona, þeir hugsa um það eitt, að hlífa sínum sýslubúum, en líta ekkert á hvernig öðrum líður. En með því móti, að leggja einlæga vegi og brýr, eins og í Árnes- og Rangárvallasýslum, þá hefir landssjóður ekki ráð á að leggja á sig viðhaldskostnaðinn líka. Mér virðist, sem sagt, háttv. þm. hafa ofmikið af hreppapólitík og sýslupólitík, í stað þess að hugsa um landið í heild sinni. Þeir verða að gæta þess, að þeir eru þm. jafnframt fyrir landið alt.

Háttv. 2. þm. Arn. (Ól. Ól.) hafði þau stóru orð, að ef þetta frumv. gengi fram, mundu menn flýja sveitirnar austur þar. En eg spyr: meta menn þá einskis það, sem landssjóður hefir gjört fyrir þá? Hann hefir eingöngu kostað veginn austur sýslurnar og yfir Mosfellsheiði upp í Þingvallasveit, og svo brýrnar; og seinast nú á þessu þingi veitt mjög mikið fé til að koma upp rjómabúum, viðgjörð á Stokkseyri og eftirgjöf á láni til Valalækjar. Þegar þessar sýslur hafa nú þegið svona mikið af landssjóði, þá sýnist mér það vera mikið vanþakklæti, sem þm. sýna, með að vera að tala um ójöfnuð.

Sérstaklega hljóta þau að spilla fyrir en ekki bæta, hin stóru orð, sem 2. þm. Arn. (Ól. Ól.) hafði um þenna ójöfnuð, sem sýslunum væri sýndur með því, sem þetta frumv. fer fram á. Er það ójöfnuður, ef eg lána einum manni 1000 kr. og öðrum manni 100 kr., þó annar verði að borga rentu af 1000 kr., en hinn af 100 kr.? Nei, það er eðlilegt, að sá, sem meira fekk, borgi hærri rentu. Eins er með sýslurnar; sú sýslan, sem meira hefir þegið, hlýtur að bera meiri kostnað af viðhaldi þeirra vega, sem hún þegar hefir fengið. Ójöfnuðurinn ætti þá að vera í því fólginn, að heimta meiri rentu af þeim manni, er eg hefi lánað 1000 kr., heldur en af þeim, er eg hefi lánað 100 kr. - En eg kalla það ójöfnuð, ef þeir væru látnir borga báðir jafnt. — Yfir höfuð sýnist mér, að þegar maður er í stóru félagi, þá eigi hann ekki eingöngu að hugsa um sjálfan sig, heldur og hina aðra félagslimi. Svo er og um sýslur þær, er hér ræðir mest um, og sem hafa þegið svo mikið af landssjóði í vegalagningum og samgöngubótum; það er farið fram á að þær taki að sér viðhaldskostnaðinn að helmingi, til þess að haga því svo, að hinar aðrar sýslur geti einnig fengið nokkuð, og landssjóður geti haldið áfram að leggja vegi, þar sem þeir eru ekki komnir. Við skulum spyrja íbúa þeirra sýslna, sem ekki hafa fengið vegi, hvort þeir vilji vinna til að taka að sér viðhaldskostnaðinn, ef landssjóður legði vegina. Þeir mundu náttúrlega segja já, og þakka fyrir. En af því Arnessýsla er nú búin að fá mikla vegi og stórar brýr, þá á að setja þinginu stólinn fyrir dyrnar og telja það ójöfnuð, að hún beri hálfan viðhaldskostnaðinn af viðhaldi veganna, sem þeir sjálfir nota, og hafa árlegan stórhagnað af.

Háttv. framsm. sagði, að fjárlaganefndin hefði samþykt, að greiða atkv. með breyt.till. á þingskj. 157; en það er ekki rétt, breyt.till. á þingskj. 155 er það, sem nefndin hefir ráðgjört að greiða atkv. með.

Hannes Hafstein: Eg vil að eins gera örstutta athugasemd. Umræðurnar hefðu naumast orðið eins langar, eins og raun er á orðin, ef hv. fjárlaganefnd hefði látið samgöngumálanefndina fjalla um þetta mál, sem vissulega hefði heyrt undir hennar verkahring. En eg get ekki annað en dáðst að því starfsþreki, sem kemur fram í því, að hv. fjárlaganefnd, sem er svo önnum kafin af sínum miklu störfum, skuli af eigin hvötum taka upp á sig að framkvæma einnig störf annara nefnda, sem hún virðist vera svo fús til, sérstaklega þegar um það er að ræða, að létta af samgöngumálanefndinni. — Það, sem eg ætlaði að taka fram, er sú athugasemd, að eg sé ekki betur, en að það fari mjög vel á því, að samþykkja báðar brt. á þgskj. 155 og 157, því þær geta vel samrýmst og yrði þá síðari málsliður 1. gr. frv. eitthvað á þessa leið: »Viðhaldskostnað flutningabrauta, sem í bygð liggja, og ekki eru þjóðvegir, skal greiða að hálfu leyti úr landssjóði en að hálfu leyti úr sýslusjóði« o. s. frv.

Verði bæði breytingaratkvæðin samþykt, mundu bæði þm. Rangv. og Árn. geta verið ánægðir og fjárlaganefndin einnig sjá nokkurn árangur vinnu sinnar og fyrirhafnar. Væri aftur á móti öllum viðhaldskostnaði þeirra brauta, sem ekki eru þjóðvegir, kastað á sýslurnar, mundi verða annaðhvort, að það sligaði sýslufélög þau, er hlut ættu að máli, eða þá að viðhaldið yrði ófullnægjandi, vegirnir ónýttust og mikið fé færi þannig forgörðum, er fram hefir verið lagt til þeirra. Hitt er ef

til vill hentugt, að nokkur hluti viðhaldskostnaðar greiðist af sýslusjóðunum, því að það gæti orðið til þess, að farið væri betur með vegina, og skemdum fremur eða fljótar varnað. Eg fyrir mitt leyti greiði því atkvæði með báðum hinum nefndu brtill.

Stefán Stefánsson: Það var ekki óeðlilegt, að hv. 2. þm. Árn. (Ó. Ó.) talaði í fyrra skiftið eins og hann talaði, meðan hann vissi ekki, að fjárlaganefndin hafði fallist á brt. á þgskj. 157, en eftir það var það órétt að tala um ójöfnuð, eins og hv. þm. Rvk. (Tr. G.) hefir sýnt fram á skýrt og vel. Eða finst hv. 2. þm. Arn. (Ó. Ó.) það ójöfnuður, að gera öllum héruðum, sem rétt eiga á flutningabrautum, jafnt undir höfði? Finst þm. réttlátara að Þingeyingar, Skagfirðingar og Húnvetningar verði að bíða eftir sínum flutningabrautum von úr viti, fyrir þá sök, að svo miklu fé er árlega varið til viðhalds flutningabrautum í Árnessýslu? Árið sem leið var varið til viðhalds flutningabrautarinnar frá Eyrarbakka jafn miklu fé, 10,000 kr., eins og stjórnin leggur til að kostað sé til lagningar nýrra brauta í Húnavatns og Skagafjarðarsýslum. Það sem þm. talaði í seinna skiftið var því eingöngu byggt á misskilningi og hreppapólitík. Aftur á móti verð eg að segja hv. 1. þm. Árn. (H. Þ.) það til hróss, að hann fór með sanngirni, og vissi vel hvað hann var að segja. 2. þm. Arn. sagði, að ef þessi ákvæði yrðu samþykt, mundu þau verða til þess að reka fólk úr sýslunni, og ekki ykju þau gjaldþol manna. En eykur það ekki gjaldþol manna að landbúnaðurinn er studdur og fé veitt til vegabóta? Eg skil ekki svona heimtufrekju, að heimta t. d. að Skagafjörður eigi að bíða ein 20 ár eftir vegarspotta, Skagafjörður, sem er eins góð sveit, og eins mikið framtíðarhérað og Arnessýsla. (*Ólafur Ólafsson*: Er ekki þetta hreppapólitík?) Nei, því með þessum lögum er Skagafirði og öðrum héruðum, sem einnig fá flutningabrautir, bundin hin sama byrði eins og Árnessýslu.

Hv. 1. þm. Rangv. (E. P.) sagði, að tilgangurinn með frv. væri að spara fé. Nei, hann er eingöngu sá að fá jöfnuð, þannig, að þær sýslurnar, sem mest fé fá úr landssjóði til vega, greiði ofurlitla vexti af þessu fé. Þm. sagði enn fremur, að þetta yrði til þess að hefta samgöngur. Eg get sýnt fram á hið gagnstæða. Það er búið að leggja þessar brautir, og að sýslurnar leggi fé til viðhaldsins verður til þess, að aðrar sýslur fái nýja vegi. Þar sem þm. sagði, að þetta væri til »að slíta sýslurnar úr lífssambandinu«, er það þá meiningin, að þær geti ekki haldið því við? Það er búið að tengja þær við höfuðstaðinn og það band slitnar ekki nema sýslurnar sjálfar láti það slitna.

Eg skal ekki fara út í ræðu hv. þm. Snæf. (L. H. B.), því hún kemur ekki beint þessu frv. við. En ekki lýst mér í fljótu bragði vel á hans stóra prójekt og það gengur þvert ofan í princip frv., að leggja viðhaldskostnaðinn á sýslurnar, ekki til þess að spara fé landssjóðs, en þó til að spara fé, af því að viðhaldið verður ódýrara, sé það lagt á sveitirnar; þær mundu hafa vakandi auga á vegunum og gera við þá jafnóðum og þess þyrfti, en skemdirnar verða eins og allir vita margfalt meiri, sé ekki gert við þær strax. Sýslurnar mundu hafa betra eftirlit til að spara sér kostnaðinn.

Hannes Þorsteinsson: Eg þarf ekki að vera langorður, þar sem búið er að segja svo margt, sem eg get

skrifað undir, sérstaklega af hv. 1. þm. Rangv. (E. P.), 2. þm. Árn. (Ó. O.) og að vissu leyti þm. Snæf. (L H. B.) Mér líkaði ekki ræða hv. þm. Rvk. (Tr. G.). Það er ekki nýtt að snúa því að okkur þm. Árn., að við gætum ekki að öðru en Árnessýslu, og situr það sízt á honum. Það er ekki rétt að ásaka okkur um það, því að vísu skoða eg mig sérstaklega sem þm. Árn., en jafnframt alls landsins, og eins mun hv. þm. skoða sig fyrst og fremst sem þm. Reykvíkinga. Það var rangt hjá þm., að þessi ákvæði yrðu til þess að sem víðast kæmu vegir. Það er ekki rétt, vegna þess, að ef viðhaldskostnaðurinn legst á sýslurnar, munu þær ekki óska eins mikið eftir vegagjörðum, og landssjóður gæti ekki farið að neyða vegunum upp á menn. Tillögurnar á þgskj. 157 og 172 gætu báðar samrýmzt og væru þá í samræmi við lögin frá 12. jan. 1900. Það er löngum sagt, að Arnesingar séu stöðugt að heimta og heimta meira og meira fé úr landssjóði til vegagerða, en menn verða að gæta þess, að það var eðlilegt að byrjað væri á Árnessýslu og Rangárvallasýslu, að því er stórar vegabætur snertir, af því þær lágu næst höfuðstaðnum og voru fjölbygðar. Þær hafa ekki heldur nein not af strandferðunum. Auk þess eru aðalvegirnir um Árnessýslu ekki að eins fyrir hana, heldur og fyrir Rangárvallasýslu og Skaftafellssýslu. Vegurinn yfir Mosfellsheiði er aðallega fyrir ferðamenn er fara til Geysis. Hv. þm. Rvk. (Tr. G.) er alt af fremstur í flokki með að snúa því að Árnesingum, að þeir séu alt af að betla og biðja, rétt eins og þeir væru einhverjir beiningamenn. En það kemur af því, að hann er ekki sjálfur lengur þm. Árnesinga. Hann kemur sjálfur fram með ýmsar beiðnir fyrir sitt kjördæmi, og við þm. Árn. erum ekki ávalt að núa honum því um nasir. Annars skal eg ekki fara lengra út í það að sinni, en að eins óska þess, að till. mín á þgskj. 157 verði samþykt. En réttast er, að fyrst sé borin upp till. á þgskj. 172, og henni greiði eg óhikað atkvæði, en að henni fallinni kemur brt. mín til greina.

Þórhallur Bjarnarson: Eg vildi gera örstutta athugasemd við orð hv. formanns samgöngumálanefndarinnar (H. H.), að þetta gat ekki heitið samgöngumál, svo við höfum ekki gripið inn á starfsvið þeirrar nefndar. (*Lárus H. Bjarnason*: Hvað er samgöngumál?) Hér er verið að tala um viðhald á þeim vegum, sem búið er að leggja. Hv. þm. Snæf. (L. H. B.) vildi að landssjóður tæki að sér alla vegi, en þegar tekið er tillit til, hve mikið er kept um að fá hinar fyrirhuguðu akbrautir, þá má nærri geta hvaða handagangur yrði, ef hver hreppavegur heyrði beint undir fjárveitingarvaldið. En annars er rétt að minna á það í þessu sambandi, að vilji héruðin ekki taka að sér að einhverju leyti, t. d. helmingi, viðhald þeirra akbrauta, sem þau sækjast svo mjög eftir að fá, þá fer maður að efast um þörfina á þessum brautum. Það hefir verið sagt, að vissar sýslur yrðu hart úti, en það er af því, að mest hefir verið til þeirra lagt, og það er enginn ójöfnuður, eins og hv. þm. Rvk (Tr. G.) sýndi fram á svo ljóslega.

Viðvíkjandi því, hvort ekki mætti samþykkja allar brt. á þgskj. 155, 157 og 172, skal eg taka það fram, að eftir brt. á þgskj. 172 yrði t. d. hrein vandræði með Fagradalsbrautina; hún er ekki þjóðvegur og lenti því ekki á landssjóði, og heldur ekki í bygð, svo að viðhaldið komi á sýsluna. Það yrðu bersýnileg vansmíði á frv., ef 2 brt. væru samþyktar, hvað þá allar brjár,

Till. á þgskj. 157 kemur þeim rétta jöfnuði á, að helmingur viðhaldsins nái til allra flutningabrauta. Aðalatriðið er, að flutningabrautir eru sérstök samgönguhlunnindi, sem rétt er að héruðin, sem njóta, leggi sérstaklega til að einhverju leyti.

Hermann Jónasson: Eg gæti raunar fallið frá orðinu, því hv. þm. Borgf. (Þ. B.) og hv. 2. þm. Skagf. (St. St.) hafa tekið svo greinilega fram, hver væri tilgangur fjárlaganefndarinnar með þessu frv. Tilgangurinn er, eins og þeir sögðu, eingöngu sá, að koma á jöfnuði með vegakostnaðinn. En brt. á þgskj. 172 mundi færa þann jöfnuð algerlega úr skorðum, því samkvæmt henni legðist allur viðhaldskostnaðurinn á flutningabrautinni frá Reykjavík austur í Rangárvallasýslu á landssjóð, en Fagradalsvegurinn hvíldi aftur allur á Múlasýslum, og það sjá allir hvaða ójöfnuður það er. Það getur því ekki komið til mála að greiða atkv. með þessari brt. nema óþolandi ójöfnuður sé hafður í frammi.

Það vakti einnig fyrir nefndinni, að það þyrfti að stöðva þetta geysimikla kapphlaup í sveitunum eftir nýjum akvegum; allir vilja láta leggja veg um sína sýslu og sinn hrepp fyrst. Væru nú sett einhver takmörk fyrir kostnaðinum, þannig, að sýslurnar sjálfar yrðu að vinna eitthvað til að fá vegina, t. d. með því að taka að sér viðhaldið á þeim að einhverju leyti, eins og frv. fer fram á, þá mundi þessi hamagangur stöðvast lítið eitt, og þá væri hægra að koma fram réttri vegalagningu, en hreppapólitíkin réði þá minna um, hvar og hvernig vegirnir væru lagðir.

Tillögu hv. þm. Snæf. (L. H. B.), að leggja undir landssjóð alla vegi á landinu, einnig hreppavegi, er eg algjörlega mótfallinn; hún kemur fyrst og fremst í bága við það princip, að stjórn og framkvæmdir hinna einstöku héraða séu aukin sem mest, og auk þess er enginn efi á því, að viðhaldið á vegunum mundi á þenna hátt verða svo margfalt, *margfalt* dýrara. Eg hefi tekið það fram áður, við síðustu umr. þessa frv., að viðhaldskostnaðurinn á vegunum er orðinn afar-hár, hreint og beint óþolandi hár. Á síðasta ári var hann með öllu og öllu 1000 kr. á mílunа, og fyrir næsta fjárhagstímabil er ráðgert hann verði 6—700 kr. á hverja mílu. Allur þessi kostnaður kemur að miklu leyti af eftirlitsleysi. Það vantar að til séu menn, sem hafa eftirlit með, fyrst og fremst að vegurinn sé ekki illa notaður, og svo í öðru lagi, að strax sé farið að gera við þá kafla, sem skemmast. Ef alt þetta vegabákn á að hvíla á landssjóði að öllu leyti, þá geta menn séð, hve óbærilega mikill kostnaðurinn verður og hreppapólitíkin auk þess svo gífurleg, að það verður gjörsamlega ómögulegt, þegar fram í sækir, að ráða fram úr vegaspursmálinu.

Hv. 2. þm. Eyf. (H. H.) sagði, að það væri einkennilegt, að fjárlaganefndin skyldi hafa tekið þetta mál til meðferðar og ekki vísað því til samgöngumálanefndarinnar. Þetta mál er aðallega fjármál. Það er spurningin um, hver eigi að bera byrðarnar af vegaviðhaldinu, og hvernig þeim byrðum verði með mestum jöfnuði skift niður. Eg sé því ekkert einkennilegt við það, þótt fjárlaganefndin tæki málið til meðferðar, því eg fæ ekki betur séð, en að þar hafi það átt heima og hvergi annarstaðar. Ætti að vísa þessu máli til samgöngumálanefndarinnar, þá mætti alveg eins vísa þangað hvaða máli sem væri, t. d. frv. um líkskoðun.

Lárus H. Bjarnason: Það er að eins örstutt skýring, sem mig

langaði til að gefa vini mínum, 2. þm. Húnv. (H. J.).

Tillögur mínar voru tvær en ekki ein.

Fyrri tillagan var það, að landssjóður kostaði bæði lagning og viðhald á öllum vegum á landinu, en *síðari* till. var það, að landssjóður legði vegina á sinn kostnað, en að viðhaldið hvíldi á hlutaðeigandi héruðum.

ATKV.GR.: 1. brt. á þgskj. 172, við 1. gr. frv, feld með 12 : 7 atkv.

Þar með fallin síðari brt. á sama þgskj.

Brt. 157 sþ. með 19 shlj. atkv.

1. brt. á þgskj. 155 feld með 10 : 7 atkv.

Þar með fallnar aðrar brt. á sama þgskj.

1. gr. frv., með áorðnum breytingum, sþ. með 17 shlj. atkv.

2. gr. frv., óbreytt, sþ. með 13 atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. með 13 : 5 atkv.

Þriðja umr., 29. júlí. (C. bls. 355, 372).

Olafur Olafsson: Eins og menn muna, urðu langar umræður um þetta mál við 2. umræðu þess. Bæði eg og háttv. samþingism. minn (H. Þ.) og sömuleiðis háttv. 1. þm. Rangv. (E. P.) mæltum á móti frv. Eftir að eg hafði talað tvisvar, þá beindust sérstaklega 2 háttv. þm. að okkur. Því vil eg nú leyfa mér að svara þeim fáum orðum.

Háttv. 2. þm. Skagf. (St. St.) kvað ræðu mína bygða á misskilningi. — Það held eg sé misskilningur hjá honum. Eg tók það fram, að breyt.till. bættu að sönnu nokkuð úr skák, en eg lét þess jafnframt getið, að enda þótt frumv. fengi þessa umbót, þá yrði þó austursýslubúum (Árnes- og Rangv.), ef það næði fram að ganga, skapaðir svo þungir kostir, að hætt yrði við, að margir mundu flýja burt.

Einnig tók eg fram, að frumv. gerði upp á milli hinna ýmsu sýslna landsins. — Því var mótmælt bæði af háttv. 2. þm. Skagf. (St. St.), h. 1. þm. Húnv. (H. J.) og háttv. þm. Rvík. (Tr. G.). En eg held því fram enn, að frumv. sé ójafnaðarfrumv. Munurinn er þessi: Þær sýslur, sem eru svo lánsamar, að hafa allar samgöngur sínar á sjó, það er að segja, sem eiga nóg af höfnum, vogum og víkum, er skip geta legið á, þær fá allar samgöngur sínar á kostnað landssjóðs. En hinar, sem eru svo ólánsamar, að vera hafnlausar, verða, ef lög þessi ná fram að ganga, hér eftir að bera samgönguskatt, er hinar sýslurnar hafa ekkert af að segja. — Á íbúa þeirra legst nýr, sérstakur skattur. Vegurinn, sem hér ræðir aðallega um, er ekki sýsluvegur. Árnesingar og Rangvellingar verða nú að brúka sitt sýsluvegagjald til viðhalds þeim vegum, er sýslurnar hafa lagt innan sinna endimarka, en þeir verða líka hér eftir að leggja á sig nýtt gjald, til þess að viðhalda þessum vegi.

Fleirum en einum háttv. deildarm. þótti eg viðhafa stór orð, er eg kvað þetta mundu þykja þungir kostir, og að það mundi verða til þess, að margir flýðu burt úr sýslunum. Það vill nú svo vel til, að eg hefi síðan átt tal við menn úr þessum sýslum, og hafa þeir játað, að þessi ummæli mín væru á rökum bygð. Að minsta kosti væri sjálfsagt, ef lög þessi gengi fram, að gefa upp allar gamlar skuldir, og borga sýslusjóði Árnesinga aftur tilbót þá, er hann hefir lagt í Eyrarbakkabrautina.

Háttv. þm. Rvík. (Tr. G.) flutti langt erindi við 2. umræðu þessa máls. —

Eg gat ekki svarað honum þá. Mér flaug í hug orðtækið: »Tvennir eru tímarnir«. Man eg þá tíð, er h. þm. Rvík. (Tr. G.) talaði öðruvísi austur í Árnessýslu, en hann talar hér á þingi nú. Eg man svo langt, að hann taldi það skyldu þingsins, að gera mikið fyrir Árnessýslu. En nú kallar hann Árnesinga ölmusumenn. Þetta særði mig einkum. Hann lét þess getið, að Árnesingar og Rangvellingar hefðu nýlega fengið gjöf af opinberu fé; hann meinti verðlaunin, er þessar sýslur hlutu í fyrra fyrir útflutt smjör. Hvernig getur hinum háttv. þm. Rvík. (Tr. G.) dottið í hug, að kalla verðlaun gjöf? Eg mótmæli því öfluglega, að Árnesingar eða Rangvellingar hafi nokkru sinni komið fram sem ölmusumenn gagnvart þinginu. Hitt er satt, að þeir hafa oft gert ýmsar kröfur til þingsins og það er af því, að þeir eru framkvæmda- og dugnaðarmenn, sem hafa hug og dug til að ráðast í eitthvað, sem til umbóta og framfara horfir. — En eg vona, að hin háttv. deild játi, að þær kröfur hafi verið á sanngirni bygðar. Enda hafa þær oftastnær verið uppfyltar. Það sannar bezt, að þær hafa verið bornar fram með rökum.

Frumv. þetta er komið frá fjárlaganefndinni. Mér kom til hugar, að hér ætti við orðtak, er einhvern tíma hefir áður heyrst á þinginu, að »hann blási á norðan«. Getur verið, að margir finni fleiri en eg áður en þessu þingi lýkur, að þessi norðangustur er ekki eintóm ímyndun. Eg segi þetta ekki í niðrandi skyni við nefndina í heild sinni. En litlu betri þótti mér Reykjavíkurgusturinn Árnesingum og Rangvellingum til handa. Tala eg þar sérstaklega til háttv. þm. Borgf. (Þ. B.), sem er formaður Búnaðarfélagsins.

Fjárlaganefndin hefir þó gengið inn á efnið í þeirri breyt.till., er vér komum fram með, að ekki megi minna vera, en að vegirnir séu teknir út áður en viðhaldið legst á sýslurnar, og að þeim sé skilað í góðu standi. Eg lít svo á, sem nefndin hafi samþykt þetta rétt að vera með breyt.till. sinni, enda get eg fallist á hana, og þykist eg viss um, að svo muni meðflutningsm. mínir gera.

Skal eg ekki fara fleiri orðum um hana, því að eg tel sjálfsagt, að hún muni ná samþykki háttv. deildar. — Að eins vildi eg benda á eitt, og það er, að nefndin, er komið hefir fram með frumv., hefir fundið, að sýslunum mundi nóg boðið með því. Það hefir hún játað með því að tilgreina bæði *sýslusjóð* og *sýsluvegasjóð*; hún hefir auðsjáanlega búist við, að sýsluvegasjóðirnir og sýslusjóðirnir mundu verða að hlaupa undir bagga hver með öðrum. Mér er líka kunnugt um ástand sýslusjóðanna í Arnes- og Rangárvallas. — Eg veit, að nú þegar hvíla á þeim svo þung gjöld, að ekki er á þau bætandi; hefi eg verið við það riðinn yfir 20 ár, að ná inn gjöldum í þessa sjóði, og þekki því bezt, hvernig það gengur.

Skal eg svo ekki fara fleiri orðum um þetta að sinni, þar til eitthvað kemur fram, er svara þarf.

Eggert Pálsson: Við 1. og 2. umr. þessa máls lét eg í ljósi vanþóknun mína á þessu frumv., og enn þá geri eg hið sama. En eg sé, að það mun samt ætla að komast í gegnum deildina, og því hefi eg viljað reyna að gera það aðgengilegra, með því að koma fram með breyt.till. við það. — En breyt.till. mín við 2. umr. málsins var feld, og frv. fekk þannig að halda sér að mestu leyti í sinni upphaflegu mynd. En til þess nú enn þá að bæta úr skák, þá hefi eg og háttv. 6 þingm.

aðrir komið fram með nýja breyt.till., til þess að reyna að gera frv. sæmilegar úr garði, og sé eg, að þessi brt. mín ætlar að ná betri byr en breyt.till. mín við 2. umr., og hefi eg því góða von um það, að hún muni komast að, einkum þar eð hin háttv. fjárlaganefnd hefir tekið svo vel í hana, og komið sjálf með breyt.till. því nær samhljóða. Það er að vísu dálítill munur á brt.till. Við höfum tiltekið, að skoðunina skyldi verkfræðingur landsins framkvæma með tveim mönnum, sem viðkomandi sýslunefnd útnefnir, og reynist vegirnir ekki í gildu eða góðu standi, þá skuli landssjóður greiða fult álag á þá. En fjárlaganefndin vill með breyt.till. sinni láta duga að eins verkfróðan mann með hinum tveimur útnefndu mönnum, og að gert sé við vegina algert á landssjóðsins kostnað, ef þeir állítast ekki í góðu standi. Þessi munur á breyt.till. er þannig ekki svo þýðingarmikill, að eg fari að gera kapp úr því, hvort ofan á verður.

En úr því að eg stóð upp, þá neyðist eg til að víkja nokkrum orðum að háttv. 2. þm. Skagf. (St. St.). Hann réðist við 2. umr. á okkur, háttv. 2. þm. Arn. (Ól. Ól.) og mig, út af því, að við vorum að reyna að vernda kjördæmi okkar fyrir ófögnuði frumv. Og þessi árás hans á okkur var mjög fjarri því að vera drengileg, þar sem hvorugur okkar gat svarað fyrir sig. Hinn háttv. 2. þm. Arn. (Ól. Ól.) var það sem kallað er dauður, það er að skilja, búinn að tala tvisvar, svo hann gat ekki þá svarað fyrir sig. En nú hefir hann gert það svo rækilega, að eg þarf ekki þar neinu við að bæta.— En hvað mig snertir, þá var eg sama sem »dauður«. Og eg hygg, að þingmaðurinn hafi verið búinn að lykta það, að búið var að »skera« umræðurnar niður, því svo þefnæmur virðist hann vera, enda er ekki ólíklegt, að hin kjarnmikla og töðugæfa mýrarelting á Möðruvöllum eigi ekki lítinn þátt í því, að skerpa þeffæri hans eins og nokkurs konar Salmíakspíritus.

Hinn h. 2. þm. Skagf. (St. St.) fann að því og nefndi það hreppapólitík hjá okkur, að vilja sýslum þeim, sem við erum þm. fyrir, vel, en í sömu andránni fer hann að tönlast á flutningabraut í Skagafirði, sem hann vill fá komið á. — Þetta, sem kemur fram hjá honum, virðist mér að minsta kosti nokkuð skylt því, sem hann atyrðir okkur fyrir, og kalla eg það alls ekki hreppapólitík. En sé það ekki hreppapólitík hjá honum, þá er það ekki heldur hjá okkur, þó að við viljum hlynna að okkar sýslufélögum.

Háttv. 2. þm. Arn. (Ól. Ól.) tók það greinilega fram, að ekki væri sanngjarnt, að leggja aukaskatt á Arnes- og Rangárvallasýslur til samgöngubóta, því að þær leggja jafnt til strandferðanna og aðrar sýslur landsins, en hér er farið fram á það, með því að skylda þær til að viðhalda vegunum. — Svo sem kunnugt er, er í þeim sýslum engin höfn til samgangna við önnur héruð, því ef svo væri, þá mundi eg síður vera á móti þessu frumvarpi. — Eg álít það því mjög sanngjarnt, að vega viðhaldinu verði ekki dembt á þessar sýslur.

Eg álít þetta frumv. með öllu óhafandi eins og það var upphaflega, og engin sanngirni mæla með því; en með þessari breyt.till., sem nú er fram komin, er því þó hrundið í betra og viðunanlegra horf en það var í, og vona eg því, að hin háttv. deild samþykki hana.

Þórhallur Bjarnarson: Viðaukanum við vegalögin á þskj. 216 frá h.

7 þingm. tekur fjárlaganefndin vel, með dálitlum breytingum. Nefndin kannast við það, að rétt sé að skila brautunum í góðu standi, er sýslurnar taka að sér hálft viðhaldið, hafði enda sjálf ætlað sér að koma með þá tillögu. — Aftur vill nefndin ekki einskorða skoðunina við verkfræðing landsins, sem ekki er sagt, að væri þá við látinn, og telur réttara að vinna sjálft umbótarverkið en greiða álag.

Um réttmæti frumv. þessa hefir verið mikið rætt við 1. og 2. umr. málsins, mun það nú viðurkent af flestum, auk þess sem með þessari breytingu má vænta mun betra eftirlits á viðhaldinu. — Eg ætla því ekki að fara frekari orðum um það, en óska, að breyt.till. fjárlaganefndarinnar á þingskj. 244 verði samþykt og síðan viðaukinn á þingskj. 216 með áorðinni breytingu.

Tryggvi Gunnarsson: Mér fanst sú skoðun koma fram í ræðu h. háttv. 2. þm. Arn. (Ól. Ól.), að fjárlaganefndin vildi níðast á Arnesingum, og ganga á hlut þeirra. *Ólafur Ólafsson*: Eg mótmæli, að hafa sagt það). En mér þykir það hart, að heyra fjárlaganefndinni borið það á brýn, að hún vilji vísvitandi halla rétti einstakra sveita; svo mikið er víst, að ekki vil eg að svo sé frá minni hlið, því að eg hefi alt af haldið af Arnesingum og geri það enn þá, af því að eg tel þá sýslu með þeim fyrstu í öllum framförum. Tilgangurinn með frv. er ekki sá, að hafa viss héruð fyrir olnbogabörn, heldur sá, að létta viðhaldi veganna að mestu leyti af landssjóði, svo hann geti varið fénu til að leggja nýja vegi, þar sem þeirra er mest þörf. Eg þykist þekkja svo hina háttv. þingm. Árn. og Rangv. (Ól. Ól. og E. Pálss.), að þeir muni ekki vilja sitja öðrum héruðum landsins í ljósi, heldur miklu fremur vilja hjálpa þeim sveitum, þar sem engir vegir eru. — Það er jafnframt skoðun fjárlaganefndarinnar, að viðhald veganna verði miklu ódýrara, ef sveitirnar eiga að borga helming viðhaldskostnaðarins, heldur en ef landssjóður á einn að bera hann, því þá muni sýslubúar hirða vegina miklu betur.

Enn þá einu sinni er það borið fram, að bæta þurfi austursýslunum það, að þær hafi ekkert gagn af gufuskipaferðunum vegna hafnaleysis. En hvert er nú þetta gagn, sem þjóðin hefir af póstskipaferðunum? Það er: að skipin flytja póst, vörur og menn; er nú ekki eins hægt að nota þetta, hvert um sig, eins vel fyrir Árnesinga, eins og t. d. alla Múlasýslubúa, sem búa á Fljótsdalshéraði, og mestan hluta þeirra, sem búa í Strandasýslu og Norður-Þingeyjarsýslu? Héraðsmenn eiga lengri og einkum erfiðari veg, eða réttara vegleysu, til Vopnafjarðar og Seyðisfjarðar; eg tala nú ekki um vesturhlutann af Strandasýslu, og þó eru báðar þessar sýslur taldar í þeim flokki, sem njóta gufuskipanna.

Það er því alls ekki rétt, að vera að stagast á þessu með Árnessýslu ár eftir ár, að það þurfi að bæta henni upp, þar sem hún fari á mis við hagnaðinn af gufuskipaferðunum vegna hafnaleysis, því margra sýslubúa er Reykjavík bæði verzlunarstaður og hafnarstaður, hún hefir alveg eins mikil not af gufuskipaferðunum og margar aðrar sýslur. Ur efri hluta sýslunnar er nokkur vegalengd, en úr henni er bætt með vegunum. Það er því ekki nema rétt og sanngjarnt, að sýslurnar haldi við akvegum sýslunnar að helmingi. Við getum tekið til dæmis mann, sem bygði hús, og léti svo annan mann búa afgjaldslaust í því. — Mundi það þá vera nokkur fjarstæða,

þótt hann segði: »Haltu húsinu við og skilaðu mér því aftur í góðu standi«. (*Ólafur Ólafsson*: Samlíkingin passar ekki). Jú, hún passar, sýslubúar hafa ekkert lagt út fyrir veginn, nota hann borgunarlaust, en að eins eiga að viðhalda honum jafn góðum, og þó að hálfu leyti á móti landssjóði.

Það er því að minu áliti bæði sanngjarnt og heppilegt, þegar litið er á vegaþörf alls landsins, að kostnaðurinn við viðhaldið leggist á sýslurnar. — Sem eðlilegt er, þá kemur mest á Arnessýslu, þar sem hún hefir meiri akvegi en hver önnur sýsla, en hver og einn má vera glaður yfir því, að hafa fengið svo góða vegi.

Þar sem háttv. 2. þm. Arn. (Ol. Ól.) var að fárast um það, að eg hefði nefnt gjafir til sýslunnar á síðasta þingi, þá tek eg það ekki aftur; hann veit, að sýslunum var gefinn upp helmingurinn af brúarskuldunum, og þá má telja styrkinn til Stokkseyrarhafnarinnar, og eigi má gleyma styrknum til rjómabúanna, sem er kannske stærsti og þýðingarmesti styrkurinn.

Eg vona svo, að hinn háttv. 2. þm. Arn. (Ol. Ol.) kannist við það, að hvorki eg eða fjárlaganefndin erum að nokkru leyti andvíg Arnesingum, þó eg ekki vilji mæla þá undan sanngjörnum gjöldum.

Pétur Jónsson: Eg vildi minnast á það og taka það fram, að eg álít, að með þessu frumv. sé vikið inn á sérstaka braut, sem ekki hefir verið farin áður, og það er viðvíkjandi viðhaldi veganna, að viðhaldi landssjóðsveganna sé létt af landssjóði og falið hlutaðeigandi sýslufélögum. Mér skilst svo, að menn hafi ekki athugað það, hvert þetta frumv. hefir stefnt, en það liggur í frumv. sú stefna, að viðhald allra vega á landinu komist á héruð og sveitir, og frá minu sjónarmiði álít eg það sé mjög heppilegt. Menn segja, að þetta geti komið mjög misjafnlega niður á sýslunum, því sumar sýslur hafi meiri vegi en aðrar, en þær sýslur, sem að meiri hafa vegi, hafa blotið mikil gæði. Eg hefi líka heyrt, að svo væri þessu varið í Noregi, þar hvíldi viðhald veganna á hlutaðeigandi héruðum. — Eg mundi því fella mig enn þá betur við frv., ef allir landssjóðvegir hvíldu á héruðunum; þá fengist meiri jöfnuður.

Það var einhver að tala um norðangust í þessum lögum, en eg held að það sé enginn gustur úr norðri, sem andar í þeim, því að þeir Norðlingar, sem eru í fjárlaganefndinni, sækjast víst ekki eftir þessu í hagsmuna skyni, því t. d. viðhaldið á Eyjafjarðarveginum lenti að minsta kosti að helmingi á því héraði. Mosfellsheiðarvegurinn hvílir samkvæmt frv. að öllu leyti á landssjóði, og ekki þyrftu Arnesingar að kvíða því, að viðhald hans lenti á þeim, sama er að segja um Hellisheiðarveginn sjálfan, en það eru þó ekki smálítil þægindi fyrir þá, að geta notað þessa vegi kostnaðarlaust.

Það kom fram í ræðu hins háttv. 2. þm. Arn. (Ól. Ol.), að akvegurinn ætti að vera sem uppbót gagnvart Arnessýslu, þar eð hún nyti ekki skipaferðanna, en það er ekki rétt að öllu leyti. — Eg álít, að það sé alls ekki hægt að segja, að Arnessýsla fari þar á mis við skipaferðir, þar sem hún er eins vel hnýtt með vegum við Reykjavík og hún er. Og ólíkt er ástatt fyrir þeirri sýslu, hvað það snertir, eða Norðursýslunum, t d. úr upphéruðum þeirra og þangað sem skip koma, eins og t. d. Þingeyjarsýslu við Akureyri. — Eg þori að fullyrða það, að Arnessýsla þarf alls ekki að kvarta undan skipaleysi, þar sem hún er svo vel hnýtt við Reykjavík, því að enginn staður á

landinu er eins central og Reykjavík fyrir allar samgöngur innanlands og við útlönd, auk bátaferðanna á Faxaflóa.

Það ríður á, að menn gæti að því, að í þessu efni ber að taka tillit til hagnaðar alls landsins, og fyrst þegar það er gert, þá hugsa eg að menn hætti að kvarta undan þessu fyrirkomu lagi, sem frumv. fer fram á.

Hannes Þorsteinsson: Forlög máls þessa munu vera hér um bil ákveðin í þessari deild, og þýðir því ekki að tala langt um það, í þeirri von að fá breytt skoðunum manna, en þó get eg ekki látið það ganga með öllu þegjandi fram hjá mér.

Eg játa það, að frv. þetta hefir tekið miklum bótum, síðan það var fyrst borið fram hér í deild af h. fjárlaganefnd, bæði við það, að brt. mín var samþykt við 2. umr., og sömuleiðis vona eg að það taki enn frekari bótum við það, að samþykt verði brt. sú, sem nú liggur fyrir. Þó er frv. enn alls eigi aðgengilegt fyrir kjördæmi mitt, þrátt fyrir breytingar þær, sem eg mintist á, og get eg því ekki veitt því fylgi mitt.

Þegar akbrautin var lögð austur um Arnessýslu og Rangárvalla, þá bjuggust menn eigi við öðru en að bæði mundi brautin verða bygð á landssjóðs kostnað, og henni einnig haldið við á landssjóðs kostnað. Nú lítur út fyrir, að þær vonir ætli að fara að bregðast, að því er viðhaldið snertir. Það er harla óviðkunnanlegt við lög þau, sem hér er verið að smíða, að tilætlunin er að þau verki aftur fyrir sig. Þetta er líkt því, sem maður hefði fengið styrk til fyrirtækis skilyrðislaust, en eftir nokkur ár væri svo heimtað af honum að borga nokkuð aftur af styrknum eða lögð einhver kvöð á hann sökum styrkveitingarinnar. Sama er að segja um ný launalög; þau eru ekki látin ná til þeirra, er í embættum eru, séu þau embættismanninum í óhag. Það sem talið er órétt gagnvart einstaklingunum, það verður og að teljast svo gagnvart heildinni, og frá því sjónarmiði er frv. þetta óheppilegt og óvenjulegt. H. þm. Rvk. (Tr. G.) þótti eigi neinn kaldur gustur standa af frumv. þessu. Eg er þar ekki á sama máli og h. þm. Mér fanst þegar leggja fullkaldan blæ frá frumv., og enn kaldari gust leggur þó af fjárl.nefndarálitinu, þar er það orðinn fullkominn landnyrðingur, sem blæs frá Norður- og Austurlandi og næðir yfir hina fjórðungana.

H. þm. Rvík. (Tr. G.) talaði um, að hlunnindin við póstskipaferðirnar væru þau, að skipin flyttu póst, fólk og vörur, og að Arnesingar og Rangvellingar nytu þessara hlunninda eins og aðrir landsmenn. H. þm. (Tr. G.) hlýtur að sjá, að hann fer hér ekki nema með hálfsatt mál. Það er satt, að sveitir þessar fá einatt póst, er fluttur hefir verið á póstskipunum, og vörur sömuleiðis, einnig ferðast menn úr sýslum þessum stundum með þeim; en úr því fer að halla réttu máli. Til þess að ná þessum vörum, sem skipin flytja, og til þess að geta stigið á skipsfjöl, þarf fyrst að ferðast á landi úr sýslum þessum eina, tvær eða þrjár dagleiðir. Hverjir ætli eigi hér hægra aðstöðu, Reykvíkingar, Ísfirðingar, Seyðfirðingar og yfir höfuð langflestar sveitir landsins eða Arnesingar og Rangvellingar og Skaftfellingar? Það eru að eins einstöku smáhlutar landsins, sem eiga jafn erfitt aðstöðu, svo sem efstu bæir á Fljótsdalshéraði og á Jökuldal.

Vér verðum að gæta þess, að frá efstu bæjum i Arnessýslu eru um tvær þingmannaleiðir til næstu hafnar, og

það er Eyrarbakki, og þangað hafa póstskipin hingað til alls eigi komið, — getur reyndar verið, að strandbátarnir komi 2—3 sinnum á Stokkseyri eftirleiðis. Þegar þess er gætt, hve lítið af héruðum þessum liggur að sjó, og hve lítið þar er um hafnir, og þær táu ótryggar, þá nær það engri átt að segja, að Arnessýsla og Rangárvallasýsla njóti sömu hagsmuna af póstskipunum, sem flestar aðrar sýslur landsins. Þá er alt af verið að tala um þessar gjafir til austursýslnanna, og er þar á meðal talið fé, sem lagt var fram til að bæta Stokkseyrarhöfnina. Eg get ekki skilið í, hvernig á að fara að kalla slíkt gjöf, sem varið var til mjög nauðsynlegra samgöngubóta. Eftir sömu reglu má kalla alt það fé gjafir, sem til samgöngubóta er varið, og þá menn ölmusumenn, sem samgöngubótanna njóta. Sama er að segja um uppgjöfina á helmingi lánsins til Ölfusárbrúarinnar, og eg vona að eg eigi eftir að sjá það, að h. þm. Rvík (Tr. G.) greiði þegar á þessu þingi atkvæði með, að hinn helmingurinn verði líka gefinn eftir, því að fái frv. þetta framgang, þá mun eg koma með frv. í þá átt, og enda hvort sem er. Um styrkinn til rjómabúanna er það að segja, að þar er verið að styrkja mikilvæga iðnaðargrein, sem er alls stuðnings verð, enda mun sú styrkveiting koma víðar niður en á Arnessýslu og Rangárvalla.

H. þm. S-Þing. (P. J.) talaði um forgangsrétt þann, sem Arnes- og Rangárvallasýslur hafi notið með vegalagningar, og því væri eigi nema eðlilegt, þótt þær yrðu að bíta í hið súra epli, sem þeim nú væri rétt.

Hér er um engin eiginleg forréttindi að ræða, það hefir oft verið talað um, að sjálfsagt hefði verið að byrja á akbrautalagningunni út frá sjálfum höfuðstaðnum, og því sjálfsagðar var þetta, þar sem svo stóð á, að braut þessi var einmttt lögð um fjölbygðustu héruð landsins, héruð, sem að öðru leyti voru flestum héruðum fremur útilokuð frá greiðum samgöngum, enda er eg sannfærður um, að engin önnur braut á landinu gerir hálft gagn við þessa braut. Það eru ekki einungis Arnessýsla og Rangárvallasýsla, sem hennar hafa not, heldur líka Skaftafellssýslur og sjálf Reykjavík. Það er annars undarlegt, hvað skrafdrjúgt mönnum verður um þessa braut austur. Það sýndist þó sjálfsagt, að þegar búið var að brúa Ölfusá og Þjórsá, að þá þyrfti og að leggja veg að brúnum, þá fyrst gátu þær komið að verulegum notum. Það hefði verið hálf heimskulegt, að byggja dýrar brýr, án þess að hugsa jafnframt fyrir vegi að þeim og frá.

Eg viðurkenni það, að nokkur nauðsyn liggur til grundvallar fyrir frv. þessu, og að það sé allerfitt fyrir landssjóð bæði að kosta nýja vegalagning svo nokkru nemi, og viðhald veganna líka. En máli þessu er hreyft of seint, og viðhaldskvöðin kemur óþægilega og jafnvel ranglátlega niður á þeim, sem þegar hafa fengið vegi sína án hennar.

Eg vona að h. 2. þm. Rangv. (M.St.) láti eitthvað til sín heyra í máli þessu, er snertir svo mjög kjördæmi hans; eg er viss um að tillögur hans mega sín hér mikils, eigi síður en annarstaðar. Hingað til sýnist hann öllu fremur hafa komið fram sem gæzlumaður landssjóðs og fulltrúi stjórnarinnar en sem fulltrúi kjördæmis síns. En eg veit, að afstaða hans er erfið, á meðan hann hefir þessa tvenns að gæta, og er þess fullviss, að hann muni beita sér með sínum alkunna dugnaði fyrir áhugamálum kjördæmisins með óskiftum hug, þegar hann er laus orðinn við stjórnarfulltrúastörfin.

Stefán Stefánsson: H. þm.S-Þing.

(P. J.) hefir svarað flestu af því, sem talað hefir verið móti ræðu minni; sérstaklega hefir hann sýnt rækilega fram á, að það sé svo langt frá, að hér sé verið að leggja ranglátan skatt á Árnessýslu og Rangárvalla, að hér sé einmitt verið að koma á jöfnuði, en rýma burt ójöfnuði og ranglæti. Það var og auðheyrt á ræðu h. 2. þm Arn. (ÓI.ÓI.), að hann hefir látið sannfærast af ræðum okkar, því að nú talaði hann miklu höglegar um málið en fyr

Það hefir verið talað um kaldan norðangust, sem nú er orðinn að landnyrðingi og norðanstormi. Þetta tal nær engri átt, en eg veit vel, við hvað átt er. Það þykir kuldi standa af oss norðlenzku þingmönnunum til þeirra sunnanmanna og áhugamála þeirra. En að hverju leyti? Þar sem h. 1.þm. Rangv. (E. P.) talaði um að hreppapólitíkin gægðist eigi síður fram hjá mér en þeim sunnanþingmönnum, þegar um Skagafjörðinn væri að ræða, þá skal eg svara þessu með því, að lög þessi leggja skatt á sjálfan mig, með því að eg er einn af gjaldendum þeim, sem eiga að kosta viðhald akbrautarinnar um Eyjafjörð; get eg eigi skilið, að það verði kölluð hreppapólitík að leggja það til, að gjöld séu aukin á manni persónulega. Eg fæ því ekki betur séð, en að allar getsakir um hreppapólitík komi ómaklega niður á mér. Í frv. er farið fram á það eitt, að koma hinu dýra viðhaldi akbrautanna að nokkru leyti á þá, sem þeirra hafa mest notin, alveg jafnt, hvort sem þeir eru í Arnessýslu, Rangárvallasýslu, Skaftafellsýslu, Eyjafirði, eða hvar annarstaðar á landinu, sem þeir eru. Þetta er svo einfalt mál og sanngjarnt, að hverjum manni ætti að vera það auðskilið, og ljúft að viðurkenna það. Eg skal leiða hjá mér að svara þeim persónulegu hnútum, sem til mín hafa hrotið. En það verð eg að segja, að ræða h. 1. þm. Rangv. (E. P.) svaraði illa að efni til prédikunartóns þess, sem hann bar hana fram með; tónninn í henni var miklu samboðnari götustrák en manni í hempu. Eg ætla ekki að fara að skattyrðast við h. þm. (E. P.), en reyna mun eg, hve nær sem eg get, að leiðrétta busagöt þau, sem út úr honum koma, eins í þingræðum sem endranær. Það er af hreinni hlífð við þm. (E. P.) að eg fer ekki út í síðari ræðu hans, eða grasafræðina hans, frá henni ætti hann að halda sér sem lengst, og fá heldur sessunaut sínum til vinstri handar grasafræðina til meðferðar; hann er þó færari í þann sjó en h. þm. (E. P.).

Eggert Pálsson: Eg þarf ekki að svara mörgum orðum árásum h. 2. þm. Skagf. (St. St.) á mig, því að hann var þar algerlega vikinn frá efni málsins. En fyrst eg er svo heppinn að vera ekki »dauður« nú, eins og þegar hann réðist síðast á mig, þá ætla eg ekki að taka þegjandi götustráka orðbragði hans. H. þm. (St.St.) ferst manna sízt að víta mig fyrir óviðeigandi ræðutón, hann, sem er einasti þingmaðurinn í þessari deild, sem h. forseti hefir fundið ástæðu til að ávíta fyrir orðbragð hans. Þótt h. þm. (St. St.) leitist við að skreyta ræður sínar með blómskrauti mælskunnar, eins og hann skreytir líkama sinn með skrautblómum jarðarinnar, þá tel eg réttast, að gefa því lítinn gaum, því að spá mín er sú, að ræðublómin hans eigi sér ekki vísan lengri aldur í minni manna, en blómin í hnappagatinu hans, hvorttveggja mun brátt fölna, deyja og gleymast. H.þm. Rvík (Tr. G.) taldi það rétt og sanngjarnt, að landssjóður legði aðalvegina um landið, en að sveitirnar kostuðu viðhald þeirra. Sé þetta rétt, þá er það líka rétt og sanngjarnt, að lands-

sjóður keypti strandbáta handa sýslunum, sem þeirra hafa not, og fengi þá svo þeim í hendur, til að kosta þá og viðhald þeirra.

Það er búið að margsýna það og sanna, að akbrautin austur í sýslurnar er eini vegurinn til að koma sýslum þessum í samband við önnur héruð landsins, og sé það rétt, að þær eigi að halda þessum vegum við á sinn kostnað, þá er það jafn rétt, að þau héruð, sem hafa notin af strandbátunum, annist kostnað þeirra og viðhald, en ekki landssjóðurinn. Og vilji þingmenn viðkomandi kjördæma sætta sig við það, þá skal eg fyrir mitt leyti ekkert á móti því hafa.

Ólafur Ólafsson: Það var eiginlega h. þm. Rvík. (Tr. G.), sem kom mér á fætur. Eg talaði við hann í dag, áður en við borðuðum miðdegismatinn, um þetta mál, og það gleður mig að heyra, að hann er nú farinn að ganga í endurnýjungu lífdaganna; — það er jafnan gleðilegt, þegar gamlir menn og gráhærðir verða að nýjum og betri mönnum. — Það kveður nú við alt annan tón hjá h. þm. Rvk. (Tr. G.) en við samræðu okkar í dag, og við 2. umr. máls þessa. H. þm. (Tr. G.) segir, að frv. þetta stefni að því að gera viðhald veganna ódýrara og betra. Þetta er nú blessað og gott, en það má finna aðra vegi til þess, heppilegri og sanngjarnari, eins og áður hefir verið bent á. H. þm. (Tr. G.) lagði mér það í munn, að eg hefði sagt, að fjárlaganefndin níddist með frv. þessu á Árnessýslu. Eg hafði aldrei sagt þetta, og mér aldrei dottið það í hug. Svo fór h. þm. (Tr. G.) að leiðrétta orð sín, og hermdi eftir mér, að eg hefði sagt, að það blési kaldur gustur að norðan gegn Arnessýslu. Þetta var ekki heldur rétt, eg talaði ekki um neinn sérlegan norðangust gegn Árnessýslu einni saman, heldur hitt, sem fleirum hefir fundist, að gust legði nú frá norðri yfir Suður og Vesturland. Þá fór h. þm. (Tr. G.) að vefengja gagnið af strandferðaskipunum, og komst hann þar að þeirri kynlegu niðurstöðu, að það væru sára lítil þægindi eða gagn fyrir þá, sem hefðu rétt hjá sér hafnir, víkur og voga, er strandferðaskipin gætu komið á og kæmu á. Eg er nú annarar skoðunar um þetta, og svo hygg eg flesta aðra vera en h. þm. (Tr. G.) Eg ætla, að flestir aðrir kunni að meta hið stórmikla hnoss, sem það er, að fá vörur sínar fluttar á skipum í grend við heimili sitt. Það var að skilja á h. þm., að það sé sama fyrir oss Arnesinga, þótt strandferðaskipin geti ekki komið við hjá oss þar eystra, fyrst þau koma til Revkjavíkur; vér skulum snúa dæminu við og spyrja, hvort Reykvíkingum mundi þykja jafn hægt aðstöðu að nota póstferðaskipin, ef þau kæmu við á Eyrarbakka, í stað þess að nú koma þau til Reykjavíkur, og vita þó allir, að það er nákvæmlega jafn langt úr Reykjavík austur á Eyrarbakka, eins og af Eyrarbakka til Reykjavíkur. Samlíking h. þm. um húsið var vel framsett og í sjálfu sér gullfalleg, en það var þó einn verulegur galli á henni, sá galli, að hún átti alls eigi við.

Þá hefir verið minst á Stokkseyrarhöfnina, og að fé hafi verið lagt fram úr landssjóði til að bæta hana. Það er satt, að dálítið fé hefir verið veitt til þessa. En mér liggur nærri við að segja, að sú fjárveiting hafi verið sjálfsögð, og það þótt meiri hefði verið, en enn er orðið. Vér vitum, að öll suðurströnd landsins frá Hornafirði og að Reykjanesi má heita ein hafnleysa og hvað er þá eðlilegra, en að varið sé ekki einungis nokkrum hundruðum króna, heldur miklu fremur nokkrum hundruð þúsund krónum, ef unt væri

að fá eina viðunanlega höfn á þessu svæði; og takist það, að koma á viðunanlegri höfn á Stokkseyri, þá hafa sannarlega fleiri gagn af því en Arnesingar. Sú höfn mundi koma að allra mestu gagni Reykvíkingum og öðrum þilskipaeigendum við Faxaflóa, og skil eg ekki í öðru, en að þeir mundu af fremsta megni vilja styðja það, að þar kæmist upp viðunanleg neyðarhöfn á vetrardag fyrir fiskiflota þeirra. Það hefir oft verið minst á, hvílíkt gagn væri að veginum austur yfir Hellisheiði. Eg játa að það sé satt, að hann sé hinn gagnsamasti. En hann er að gagni fyrir fleiri en Arnesinga. Bæði Rangvellingar, Skaftfellingar og menn fram með Faxaflóa, auk annara fleiri, hafa næsta mikið gagn af honum. Það er því óviðkunnaulegt, að vera alt af að nudda Arnesingum því um nasir, að þeir einir hafi gagn af veginum. Yfir höfuð kann eg illa við, að verið sé að telja eftir fé það, sem úr landssjóði er veitt til framfarafyrirtækja. Þessar eftirtölur tel eg þinginu ósæmilegar. Vér skulum gera ráð fyrir, að þingið veiti ekki fé nema til fyrirtækja, sem það telur nauðsynleg, en þá er það óviðkunnanlegt, að á öðru eða þriðja þingi á eftir sé farið að kalla fjárveitingar þessar gjafir, og miður sæmilegum orðum farið um þá menn eða þau héruð, sem fjárveitingarinnar hafa notið. Fjárlaganefndin mun að líkindum fá að njóta þeirrar ánægju og gleði, að frv. þetta nái framgangi, og skal eg játa það, að þó það í rauninni sé afarslæmt, þá er það nú samt orðið stórum aðgengilegra og betra, en þegar það kom fyrst inn í deildina, og er eg þakklátur fyrir þetta, því að þótt eg geti ekki sagt, að eg sé ánægður með frv., eins og það er, þá er þó sjálfsagt að veita þeim heiður, sem heiður heyrir.

Tryggvi Gunnarsson: Með fyrri ræðu minni var eg að leitast við að sanna það, að ekki væri rétt að segja, að Árnesingar hefðu engin not af strandferðum póstskipanna. Sú sýsla hefir fult svo mikil not af þeim, sem margar aðrar. Það er auðvitað, að þau héruð, er að sjó liggja og hafnir eiga, eiga hægra með að hafa gagn af ferðunum, heldur en þau, sem lengra eru frá sjó eða hafnalaus eru. En Árnessýsla er engan veginn útilokuð; þótt sumir sýslubúar eigi nokkuð langa leið til Reykjavíkur, þá er það þó ekki lengra en sumar aðrar sýslur eiga, sem alls ekki neita því, að þær hafa mikið gagn af gufuskipaferðunum.

Það var ekki ætlan mín að vera langorður í þetta sinn, og sízt kemur mér til hugar að eltast við þær hnútur, er sumir háttv. þm. hafa beint að mér, því að eg tel það næsta óheppilegt, að draga athygli manna frá efni málsins sjálfs, með því að fara út í persónulegar orðahnippingar, sem sumir þm. um of leika sér að. Á eitt vildi eg þó minnast, er kom fyrir um daginn við 2. umr., og mér þótti leitt að heyra af munni háttv. 2. þm. Árn. (Ó. Ól.), að ef þeir austanmenn hefðu vitað, að þeir seinna meir mundu sjálfir verða að viðhalda veginum austur, þá hefði þeim aldrei komið til hugar að biðja um hann. (*Ólafur Ólafsson*: Osannindi!). Jú! eg skrifaði þetta hjá mér; mér virðist óhæfilegt að segja þetta fyrir hönd sýslubúa sinna, það má heita að vilja »rista breiðan þveng af annars skinni«.

Þar sem háttv. sami þm. kveður mig og aðra telja eftir þær upphæðir, er gengið hafa til Árnessýslu, þá skal eg fyrir mitt leyti lýsa því yfir, að orð mín voru eigi sprottin af þeirri rót, heldur vildi eg minna á þær upphæðir, er veittar hafa verið til framfara í þessari sýslu, en að eins til að benda

á, að þeir færu ekki með rétt mál, er segja, að Árnesingar hafi verið hafðir fyrir olnbogabörn. —

Ólafur Ólafsson: Eg vil að eins leyfa mér að lýsa því yfir, að það er rangminni hjá háttv. þm. Rvk (Tr. G.), að eg hafi talað þau orð, er hann bar mig fyrir. Eg hefi aldrei talað þau.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þgskj. 244, við breyt.till. á þgskj. 216, samþ. með 19 samhlj. atkv.

Breyt.till. á þgskj. 216, með áorð. breyt., samþ. með 20 samhlj. atkv.

Frumv. í heild sinni, með áorðn. breyt., samþ. með 18 : 2 atkv. og sendist Ed.

Viðhald flutningabrauta.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög nr. 6, 12. jan. 1900, um fjölgun og viðhald þjóðvega; 1. umr. 18. ágúst. (C. bls. 645).

Þórhallur Bjarnarson: Þetta frv. er komið í staðinn fyrir frumv. fjárlaganefndarinnar hér í deildinni, um flutningabrautirnar. Það frv. var rætt hér vandlega, og lagað og bætt; þótti frumv. gott hér, því að menn vonuðu að upp úr því mundi, auk léttis fyrir landssjóðinn, koma mun betra eftirlit með flutningabrautunum. Háttv. Ed. hefir nú virzt annað, þar sem hún feldi frumv., sem frá oss kom, og þetta frumv., sem nú liggur hér fyrir í staðinn, verður að skoðast sem eins konar handaþvottur hjá þessari háttv. deild eftir niðurskurðinn.

Frekar skal eg eigi tala um þessa aðferð Ed.; en eitt er víst, að þó að þetta frumv. verði samþ., þá verður það aldrei annað en pappírsgagn. Það er fyrirsjáanlegt, að þessi heimild, sem frumv. talar um, kemur aldrei til framkvæmdar. Ur því að ekki er notuð heimildin í lögunum 12. jan. 1900, þá segir það sig sjálft, að heimildin í þessu frumv. verður því síður notuð, þar sem hún er bundin svo mörgum »efum« og skilyrðum. Mér finst því að þetta frumv. geti ekki einu sinni komið hér til tals, og að það geri ekki annað en eyða tíma, að láta það fara lengra. Fjárlaganefndin álítur, að það taki því ekki, að fara að íhuga það frekar, heldur sé rétt að stytta því aldur strax.

ATKV.GR.: Frumv. felt frá 2. umr. með 20 : 1 atkv.

Flutningabrautin á Fagradal.

TILLAGA til þingsályktunar um flutningabrautina á Fagradal; ein umr. 24. ágúst. (C. bls. 722).

Flutningsmaður (Einar Þórðarson:) Það var tekið fram við 2. umr. fjárlaganna hér í deildinni, hve mikla þýðingu þetta mál hafi, og ljóslega bent á þær framfarir, er brautin á Fagradal mundi hjálpa til að skapa. Það má telja það víst, að með brautinni á Fagradal fylgi stórmikil framför í grasrækt, stórmikil aukning á allri framleiðslu á Fljótsdalshéraði, og að hún muni, ef vel er á haldið, eiga drjúgan þátt í því að umskapa það og efla atvinnuvegi og velmegun þess. En það er einnig ljóst, að því auðveldari sem flutningur eftir brautinni er, og því betri sem brautin er, því stórfeldari verða breytingarnar, sem frá henni geta stafað. Með þessa hugsun fyrir augum er það, að við flutningsmenn höfum leyft oss að koma fram með þessa tillögu. Það eins og liggur

í loftinu, að það sé ekki nema tímaspursmál, að samgöngufæri landsins breytist gjörsamlega; hefir sérstaklega verið bent á það, að alt útlit sé fyrir, að framtíðarsamgöngufærin verði mótorvagnar. Þegar nú á að fara að leggja nýja braut, þá er full ástæða til að taka tillit til þessa, og haga vegarlagningunni þannig, ef tiltækilegt er, að hægt væri að nota brautina fyrir slíka eða líka tegund af vögnum. Aður en eg kom fram með þessa tillögu, ráðfærði eg mig við verkfræðing landsins, og taldi hann nauðsynlegt, að gera vegina sterkari en þeir nú eru, ef þeir ættu að þola þunga vagna, en hann var jafnframt þeirrar skoðunar, að það væri hagur að vanda vegina betur en nú er gert, sérstaklega með tilliti til viðhaldskostnaðarins, svo að þegar rétt er álitið, þá væri það blátt áfram sparnaður, að gera vegina sterkari og þolbetri. Ætti að nota vegina fyrir mótorvagna, gat hann þess einnig, að nauðsynlegt væri að hafa vegina breiðari en þeir eru nú hafðir, og yrði það auðvitað kostnaðarauki, en þessi kostnaðarauki hélt hann þó ekki að fara mundi fram yfir 1 kr. á faðminn. Færi nú svo, að þessir mótorvagnar reyndust vel, og kostnaðurinn, sem af þeim leiddi, ekki yrði því meiri, þá er ekki áhorfsmál um það, að allri vegalagningu framvegis ætti að haga svo, að hægt væri að koma þeim við. —

Hins vegar er það alls ekki meining okkar flutnm. með þessari þingsál.till., að við viljum á nokkurn hátt tefja þetta mál, vegagjörðina um Fagradal; oss er það fyllilega ljóst, hve afarþýðingarmikið það er fyrir framtíð hlutaðeigandi héraða, en við getum ekki séð neina ástæðu til, að þessar rannsóknir þyrftu að hafa þessar afleiðingar. Engu að síður hefir þó hæstv. landsh. bent okkur flutnm á það, að þingsál.till. kynni að hafa þessar afleiðingar, og það er með tilliti til þessarar bendingar hæstv. lands., að eg hefi fundið mér skylt að taka það greinilega fram, hver meining okkar væri með tillögunni. Af sömu ástæðu hefir oss flutnm. komið saman um það, að varlegast sé að láta tillöguna ekki koma til atkv., heldur lúka málinu með svohljóðandi rökstuddri dagskrá:

»Í trausti þess, að landsstjórnin láti rannsaka, hvort eigi muni fært að innleiða hér á landi vagna, er knúðir séu fram af öðru hreyfiafli en hestafli, t. d. mótorvagna, og að svo mikið tillit, sem auðið er, verði tekið til þeirra rannsókna við lagningu flutningabrautar um Fagradal á næsta fjárhagstímabili, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá«.

Eg vona að háttv. deild samþ. þessa dagskrá, og að landsstjórnin taki alt það tillit til hennar, sem hún á skilið, og láti haga brautarlagningunni í samræmi við hana.

ATKV.GR.: Hin rökstudda dagskrá samþ. með 21. atkv., og verður afgreidd til landsh.

Eimskipsútgerð.

FRUMVARP til laga um frestun á framkvæmd laga 25. október 1895, um leigu eða kaup á eimskipi, og útgjörð þess á kostnað landssjóðs; 1. umr. 4. júlí. (C. bls. 109).

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 22 atkv.

Önnur umr. 1. ágúst. (C. bls. 109).

Lárus H. Bjarnason: Eg vil að eins, út af orðum, sem féllu hér síðast,

geta þess, að málinu hefir ekki verið vísað til samgöngumálanefndarinnar, en hún álítur sjálfsagt, að samþ. frumv. óbreytt, þar sem samningurinn bráðum er útrunninn, en telja má víst, að nýr samningur komist á.

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni sþ. með 21 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hlj.

Þriðja umr. 3. ágúst. (C. bls. 109).

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni sþ. með 20 samhlj. atkv., og sendist Ed.

Brúargerð á Héraðsvötn.

FRUMVARP til laga um brúargerð á Héraðsvötn. 1. umr. 11. júlí. (C. bls. 199).

Flutningsmaður (Ólafur Briem): Eg get ekki ímyndað mér að ágreiningur verði um nauðsyn þessarar brúargerðar, því það er svo alkunnugt, að Héraðsvötnin eru oft og tíðum illur farartálmi, sem orðið hefir mörgum manni að fjörtjóni, bæði fyr og síðar. Eins og kunnugt er, renna þau um fjölbygt hérað. Þau skifta Akrahreppi í sundur, svo að nokkrir bæir í þeim hreppi liggja vestan Vatna, þó aðalbygðin sé austan megin. Þeir, sem búa austan vatnanna, eiga yfir þau að sækja til Sauðárkróks, bæði í verzlunarerindum, til að sækja lækni o. fl. Þar sem fjölbygt er beggja vegna, má segja að dagleg umferð sé yfir vötnin árið um kring. Þau liggja og á aðalpóstleið og mjög fjölförnum þjóðvegi. Um nauðsyn brúarinnar get eg, sem sagt, ekki hugsað að verði neinn ágreiningur, en um hitt gætu orðið skiftar skoðanir, hve nær heutugast væri að framkvæma verkið. Eg skal játa, að það út af fyrir sig er ekkert aðalatriði, hvort brúin er bygð árinu fyr eða seinna. En nú stendur svo á, að fjárhagur landsins er góður, og ætti því tíminn að vera heppilegur. Eina mótbáran, sem komið getur fram gegn því að gera brúna nú, er sú, að búið er að samþykkja 2 aðrar brýr, sem sé brúna á Lagarfljót og brúna á Jökulsá í Axarfirði. Gæti eg ímyndað mér, að ýmsir hv. þm. vildu að þeim yrði lokið af fyrst. En það verður að líta á, hvort ekki væri eins heppilegt að hafa fleiri brýr í takinu í einu. Á þinginu 1897 var skipuð nefnd til að íhuga brúar mál, og áleit nefndin, að heppilegt væri að hafa fleiri brúargerðir fyrir í einu; innkaup á efnivið o. fl. yrðu ódýrari, ef keypt væri fyrir fleiri brýr í senn. Það gæti því verið vel hugsanlegt, að það væri fult eins haganlegt, þegar nú Lagarfljótsbrúnni verður lokið, að taka Jökulsá og Héraðsvötnin fyrir í einu.

Viðvíkjandi fjárupphæðinni í frv., þá skal eg geta þess, að eg hefi heyrt suma þingmenn furða sig á hve lítil hún væri — að eins alt að 27000 kr. — þegar um annað eins stórvatnsfall er að ræða og Héraðsvötnin. — Skal eg því taka það fram, að aðflutningar á efni eru þægilegir og kostnaðarlitlir, þar sem nota má sleðafæri af Sauðárkrók. Upphæðin er tekin eftir áætlun, sem hinn norski verkfræðingur Barth gerði 1898, eftir uppástungu nefndar þeirrar, er eg gat um. Af því þetta mál er svo vaxið, að það þarf íhugunar við, ekki að eins út af fyrir sig, heldur og í sambandi við aðrar brúargerðir og samgöngumálin í heild sinni, þá legg eg það til, að því verði vísað til nefndar þeirrar, sem sett hefir verið til að íhuga samgöngumálin, þegar umræðunni er lokið.

Pétur Jónsson: Eg játa það, að brú á Héraðsvötn sé nauðsynleg, og það er ekki til þess að leggja á móti byggingu hennar að eg stend upp, heldur til þess að vekja athygli á því, að mér virðist það nauðsynlegt, að áður en farið er að veita fé til nýrra brúargerða, þá séu brúarmál vor tekin til íhugunar í heild sinni. Því hefir verið haldið fram, og það með góðum rökum, að fyrst ætti að byggja brýr þar, sem mest væri nauðsynin. En þá er nú eftir að koma sér niður á því, hvar þessi nauðsyn sé mest, og virðist full þörf á að skipa nefnd í málið, til að íhuga það, þótt ekki væri nema um þetta eina atriði að ræða, en nefnd í því hefir og mikið annað verkefni, og þar á meðal það, sem hv. flytjandi málsins (Ól. Br.) mintist á, hvort eigi mundi ráðlegt að hafa nokkrar brýr undir í einu. Eitt af því, sem rannsaka þarf, er það, hvernig líði Lagarfljótsbrúnni eða efnisleifum hennar. Eins þarf að ræða Jökulsárbrúarmálið og reyna að komast að niðurstöðu með það, hvenær brú skuli bygð yfir Jökulsána. En það eru og fleiri brýr, sem á dagskrá hafa verið. Hv. þm. Rvk. (Tr. G.) hefir á undanförnum þingum minst á, að nauðsyn væri á að að brúa Fnjóská, og er eg honum þar fyllilega samdóma, og óska, að brú gæti sem fyrst komist á þá á.

Þá er og full þörf á brú á Eyjafjarðará eða þá að minsta kosti að koma stórri ferju yfir Akureyrarpoll. Það er stór farartálmi að Eyjafjarðará fyrir þann mikla fjölda, sem yfir hana fer, og báðar þessar ár tálma mjög mikið fjárrekstrum.

Yfir höfuð er hér svo margt að athuga, að eg verð mjög að mæla með því, að annaðhvort sé sérstök nefnd skipuð í mál þetta, eða því vísað til samgöngumálanefndarinnar.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 19 atkv.

Vísað til samgöngumálanefndarinnar í e. hlj.

Önnur umr. 12. ágúst. (C. bls. 199, n. 569).

Framsögum. (Lárus H. Bjarnason): Eg skal sem framsögum. samgöngumálanefndarinnar geta þess, að nefndin taldi það ófært, að ráðast í brúargerð á Héraðsvötnin að svo stöddu, af því að fé væri eigi fyrir hendi til þess. Það stendur nú til að brúa tvö stór vötn á næsta fjárhagstímabili; Jökulsá í Axarfirði og Lagarfljót, og er gert ráð fyrir, að til þess muni ganga um 90,000 kr.; lengra virðist ekki fært að fara að þessu sinni. Nefndin hefir annars látið það í ljós, að öll þörf væri á að rannsaka brúarstæði og gera kostnaðaráætlun um brýr þær, sem landssjóður á að kosta, áður en lengra væri farið út í brúargerðirnar. Þegar þessi undirbúningur er fenginn, þá verður brúarmálið aðgengilegra fyrir þingið, og eg efast ekki um, að Héraðsvötnin muni þá verða eitt af fyrstu vatnsföllunum, sem þá verður brúað, eða jafn vel hið fyrsta.

Ólafur Briem: Eftir því sem kemur fram í nefndarálitinu í máli þessu, og eftir því sem hv. frsm. (L. H. B.) tók fram, þá er aðalástæða nefndarinnar fyrir því, að fresta að brúa Héraðsvötn sú, að fé sé eigi fyrir hendi. En það er álitamál, á hve gildum rökum þessi ástæða er bygð. því að þótt búast megi við talsverðum tekjuhalla á fjárlögunum, þá hefir verið við umræðurnar um fjárlögin bent á það, að það út af fyrir sig sé ekki fullgild ástæða til þess að slá á frest

framkvæmd nauðsynjafyrirtækja, sem enginn ágreiningur er um, að framkvæma eigi. Það hefir og verið bent á ráð til þess, að féskortur þyrfti ekki að standa í vegi fyrir slíkum framkvæmdum, það ráð að taka lán. En þótt það hefði verið fullgild ástæða til að fresta málinu, að eigi væri fé til fyrir hendi, til að framkvæma brúargerðina á næsta fjárhagstímabili, þá væri það ekki næg ástæða til að fella frv., eins og helzt má ráða af nefndarálitinu, að sé meining nefndarinnar. Það er ekki langt á að minnast, að samþykt var frv. um brúargerð á Jökulsá í Axarfirði, með þeirri athugasemd, að verkið skyldi þá fyrst koma til framkvæmda, er fé væri veitt til þess á fjárlögum. Það lægi næst að viðhafa sömu aðferð nú, og þá ætti fjárhagurinn ekki að þurfa að vera því til hindrunar, að frv. væri samþykt á þessu þingi. Eg játa það að vísu, að það hefir ekki svo mikið að segja, þótt frv. verði ekki samþykt að þessu sinni, ef gengið er út frá því, að málið fái framgang á næsta þingi. En mér finst vert að benda á það, að ef nú á að fresta framkvæmd verksins, þá ætti að nota frestinn til að undirbúa málið betur en nú er orðið. Það er vitanlegt, að eftir tillögum þingsins 1897 skoðaði hinn norski verkfræðingur Barth brúarstæðið á Héraðsvötnum, og gerði áætlun um, hvað það mundi kosta að brúa þau. En af því að áætlanir manns þessa hafa orðið að deiluefni, og hann eigi þótt taka alt til greina, sem þurft hefði að athuga, þá hefir mér dottið í hug, að koma í samráði við samþingismann minn með tillögu til þingsályktunar um, að verkfræðing landsins sé falið á hendur að skoða brúarstæðið að nýju og gera áætlun um kostnaðinn við brúargerðina, svo að eigi verði komið með þá ástæðu á þingi 1905, er málið þá kemur fyrir það, að það sé ekki nógu vel undirbúið, til þess að það yrði tekið til greina. Óska eg að heyra, hverjar undirtektir hv. frsm. (L. H. B.) mundu verða, ef málið kæmi fram í þingsályktunarformi.

Framsögumaður (L. H. Bjarnason): Mér heyrðist hv. þm. (Ó. Br.) ekki vilja fyllilega kannast við féleysisástæðuna. En eg hygg óþarfa að deila um það, er vér vitum að tekjuhallinn er á 500. þúsund krónur, og ósýnt, að hv. Ed. bæti þar til muna úr.

Hv. þm. (Ó. Br.) sagði, að hér mætti fara sömu leið og farin hefði verið í fyrra í Jökulsárbrúarmálinu. Það er satt, að sá vegur er fær, en hann er óheppilegur; það er óheppilegt að tjóðra á þann veg eftirfarandi þing. Að minsta kosti er það óvíst, að Jökulsárbrúin hefði komist inn á fjárlögin í ár, ef lögin um brúargerðina hefðu eigi verið samþykt í fyrra. Eg er hv. þm. (Ó. Br.) þakklátur fyrir, að hann bætti enn einni ástæðu við fyrir því, að eigi væri ráðlegt að samþykkja brúargerð á Héraðsvötnin nú, þeirri ástæðu, að málið væri enn eigi nægilega undirbúið. Hvað viðvíkur fyrirspurn hv. þm. (Ó. Br.) um það, hvernig samgöngumálanefndin mundi taka í þingsályktunartillögu um að skora á stjórnina að láta verkfræðing landsins rannsaka brúarstæði á Héraðsvötn, þá get eg ekki svarað henni fyrir nefndarinnar hönd, hún hefir ekki legið fyrir henni; persónulega hefi eg ekki á móti slíkri tillögu í sjálfu sér; að eins finst mér þetta nokkuð íburðarmikil aðferð; eg álít, að það mundi nægja að samgöngumálanefndin skrifaði landshöfðingja um málið, og vildi eg fá að heyra, hvort hv. þm. (Ó. Br.) gerir sig ekki ánægðan með það.

Ólafur Briem: Eg skal að eins taka það fram, að eg geri mig ánægðan með þenna veg, sem h. frmsm. (L. H. B.) benti á, og álít hann jafnvel fult svo heppilegan sem tillöguveginn, því að eg fulltreysti því, að landsstjórnin muni taka málaleitan samgöngumálanefndarinnar til greina engu síður en þingsályktun.

Pétur Jónsson: Eg er ekki á sama máli sem h. frmsm. (L. H. B.) um það, að óheppilegt hafi verið að samþykkja frv. um brúargerð á Jökulsá í fyrra. Þá var ekki greitt atkvæði um neitt annað, en að brúa ætti Jökulsá í Axarfirði, og að sú brúargerð ætti að sitja fyrir öðrum; að öðru leyti var hvorki þetta þing né önnur undanfarandi þing bundin í málinu. Það var eðlilegt, eftir atvikum, þótt varnaglinn væri sleginn þá um framkvæmd verksins, og sama varnaglann hefði mátt slá nú um Héraðsvötnin.

Þegar eg sný mér að því, hvort rétt sé að brúa Héraðsvötnin nú þegar, þá verður fyrir mér eitt vafa-atriði. — Það eru þrjár brýr í Norðurlandi, sem eg álít, að eigi að sitja fyrir flestum öðrum samgöngubótum, það er brú á Héraðsvötnin, brú á Fnjóská og brú á Eyjafjarðará. Eg ætla að minnast á þessar brýr, af því að eg er því kunnugur, hvílíkur farartálmi er að þessum vatnsföllum og hversu til hagar. — Það hefir þegar verið minst á Héraðsvötnin, og þarf eg ekki að bæta við það; þau eru oft ófær vor og haust; hið sama má segja um Fnjóská, að því leyti, að hún er oft ófær langan tíma á vorin, og um tíma á haustin illfær, en það, sem hingað til hefir dregið úr því að hún væri brúuð, er það, að hún liggur niður í grjóti allan síðari hluta sumars, og sýnist þá svo lítill farartálmi. — Eigi að síður er hún farartálmi fyrir fjárrekstra á öllum tímum, hvort sem hún er mikil eða lítil, en eins og kunnugt er, þá reka Þingeyingar mjög mikið sláturfé og útflutningsfé til Eyjafjarðar. Eyjafjarðará er varla jafnmikill farartálmi sem Fnjóská fyrir menn, því oftast má fara hana á hesti ellegar að farið er á ferju yfir Akureyrarpoll; aftur er enn meiri farartálmi að henni fyrir fjárrekstra; en sá er gallinn þar á, að brúna verður að setja á ána fram hjá Gili, og er það töluverður krókur fyrir ferðamenn. — Þegar eg ber saman þessi þrjú vatnsföll, þá virðist mér, að brúargerð á Fnjóská og Héraðsvötn eigi að sitja fyrir brú á Eyjafjarðará, og tel eg þó nauðsynlegt að brúa hana; það skyldi helzt mega komast hjá því, með því að gufuferja væri sett á Akureyrarpoll; hún mundi að minsta kosti bæta mjög úr skák.

Að þessum vatnsföllum, sem eg hefi nú nefnt, mun vera einna mestur farartálmi á þjóðveginum frá Reykjavík til Jökulsár á Fjöllum, síðan brúaðar voru Hvítá í Borgarfirði og Blanda. — Eg er í vafa um að leggja með því að svo stöddu, að Héraðsvötnin séu brúuð, af því að það vantar nákvæmar skýrslur um brúarstæðið, og um kostnaðinn við að byggja brúna.

Eg hafði hugsað mér, að frv. væri eigi felt, en með breyt.till. settur varnagli um undirbúning málsins, og að öðru leyti gengið svipað frá því og frumv. um Jökulsárbrúna; mun eg því greiða atkvæði með málinu til 3. umr., í þeirri von, að þessi breyting komist á.

Framsögumaður (L. H. Bjarnason): Eg er þakklátur háttv. þingm. S.-Þing. (P. J.) fyrir það, að hann kom með enn eina ástæðu gegn því, að samþykkja að svo stöddu brúargerð á Héraðsvötn.

H. þingm. S.-Þ. (P. J.) sagði, að það

væru tvær aðrar ár, Fnjóská og Eyjafjarðará, sem eins mikið lægi á að brúa. — Eg býst annars við, að h. þm. S.-Þ. (P. J.) sýni svo mikla staðfestu í þessu máli, að hann vilji, að hér sé fylgt sömu reglu og hann hélt fram í fjárlagaumræðunum að fylgt væri, og að hann leggi á móti því, að mál þetta sé útkljáð, fyr en búið er að undirbúa það tryggilega og rannsaka það. — Það mætti furðu gegna, ef hann vill halda fast við það, að veitt sé fé til þess að brúa á þessa, svona hálf-gert út í bláinn; hann hlýtur að sjá það, að hann kemst með því í mótsögn við sjálfan sig.

Ef bætt er inn í frumv. þetta sams konar ákvæðum og bætt var inn í frv. um brúargerð á Jökulsá í h. efri deild í fyrra, þá er þýðingarlaust að halda því til streitu nú, eins gott að lofa því að bíða.

Eg skildi annars ekki, hvernig h. þm. S.-Þ. (P. J.) gat ætlast til þess, að spunnin væru inn í frumv. ákvæði um betri undirbúning málsins.

Eg held það væri réttara að undirbúa málið fyrst, og setja svo lög um það.

Hermann Jónasson: Það, sem virðist einkum liggja fyrir hér, er að rannsaka brúarstæði á öllum helztu ám landsins, svo að sú rannsókn gæti legið fyrir næstu þingum, þegar þau fara að fjalla um brúarmálin.

Eg játa það, að þörf sé á því að brúa bæði Héraðsvötnin, Fnjóská og Eyjafjarðará. En það eru og fleiri af stærri ánum á landinu, sem þyrfti að brúa, t. d. Rangá hér á Suðurlandinu, og fleiri mætti nefna.

En það hlýtur að kosta stórfé, að brúa allar stórárnar, og er því mjög vafasamt, hvort rétt sé að láta þær sitja í fyrirrúmi fyrir minni ánum, því að það eru ekki ætíð stærstu vatnsföllin, sem mestan gera farartálmann; stundum eru smáár eins illar yfirferðar eins og hinar stærri, en kostar tiltölulega lítið að brúa þær, þannig get eg nefnt í Húnavatnssýslu Fremri-Laxá og Víðidalsá, og fleiri mætti nefna þar af smærri ám, sem einatt gera farartálma.

Þá er enn ein smáá, Miklagil á Holtavörðuheiði; sú á er oft ill yfirferðar, en mundi ekki kosta mjög mikið að brúa hana; væri sérstaklega mikil þörf á að vinda bráðan bug að þessu, þar sem hún liggur á fjölförnum fjallvegi, bæði af gangandi mönnum og ríðandi.

Eiginlega finst mér það liggja fyrst fyrir, að brúa ár á fjölförnum fjallvegum og torfærar smáár í bygð, sem ekki kostar mjög mikið að brúa; skal eg þar nefna til dæmis ána fyrir sunnan Mela í Hrútafirði, og smáárnar austur á Jökuldal.

Á meðan má svo undirbúa sem bezt brúarmálið, að því er stórárnar snertir, en geyma að brúa þær, þangað til nákvæm skoðun hefir farið fram.

En af því að mér finst, að þegar sé lagt alt of mikið fé til samgöngumálanna, þá vil eg þó ekki koma fram með beina tiltölu í þá átt nú á þessu þingi. En eg hlýt að leggja á móti brúargerð á Héraðsvötnin að svo stöddu, og yfir höfuð móti öllum stærri brúargerðum.

Stefán Stefánsson: Eg verð að játa, að eg er samþykkur háttv. samgöngumálanefnd um það, að æskilegt væri að fá áætlun um, hvar þyrfti að brúa ár, og hvað það mundi kosta, sérstaklega smáárnar.

En að því er Héraðsvötnin snertir, þá þekkja líklega flestir þingmenn svo til landsins, að þeir viti, að næst eftir Jökulsá og Lagarfljót eru Héraðsvötnin eina stórá, sem brúuð verður af

þeim ám, sem enn eru óbrúaðar, og eiga því að sjálfsögðu að ganga fyrir öllum öðrum smærri ám, sem minni farartálma gera. Ef til vill getur verið ástæða til að fresta þessari brúargerð, bæði vegna fjárskorts, og vegna þess, að undirbúningurinn er ekki eins góður og hann ætti að vera, og eg felli mig vel við það, sem h. frmsms. samgöngumálanefndarinnar gaf í skyn að nefndin væri fús á, sem sé, að skrifa um þetta til landsstjórnarinnar, og verði það gert, er eg ekki í efa um, að það verður samþykt á næsta þingi að brúa Héraðsvötnin.

Það er satt, sem h. þm. S.-Þ. (P. J.) sagði um Fnjóská, að hún er oft til óþægінda, en hún er ekki í því berandi saman við Héraðsvötnin, því þau geta verið ófær á öllum tímum árs, og þau geta verið það á sumrin, þegar rigningar ganga. Dragferjan er oft ófær, þegar stórflóð er í vötnunum, af því að það er þá ómögulegt að komast að henni; eg hefi einu sinni orðið að liggja við hana hálfan sólarhring, og stundum vill það til, að strengurinn slitnar, þegar komið er út í ferjuna, svo menn komast með naumindum lífs af. — Auðvitað mætti treysta strenginn, en það hefir ekki tekist enn að gera hann fulltraustan. Auk þess er ferjan svo lítil, hún tekur að eins 4 hesta, að þegar margir eru á ferð og með marga hesta, þá kjósa þeir heldur að ríða vötnin, ef þau eru ekki því meiri, og þá oft með töluverðri lífshættu, heldur en að eyða þeim tíma, sem gengur til ferjunnar. Á þann hátt druknaði Englendingurinn Howell, svo sem kunnugt er.

Þó mér sé það áhugamál, að brúin komist á, þá get eg þó fallist á það að bíða og undirbúa hana undir næsta þing.

Pètur Jónsson: H. þm. Snæf. (L. H. B.) vék að því í ræðu sinni, að eg kæmi í bága við stefnu þá og »plan«, sem eg hefði haldið fram í fjárlaganefndinni. Þetta er ekki rétt. Eg var að bera saman farartálma á leiðinni frá Reykjavík til Jökulsár á Fjöllum, og var að glöggva menn á röð þeirri, sem þeir stæðu í með samanburði við aðra farartálma og sín á milli. Þetta er í samræmi við tillögur mínar í vegamálinu.

Eg held það sé ekki rétt hjá háttv. 1. þingm. Húnv. (H. J.), að Miklagil á Holtavörðuheiði sé eins mikill farartálmi og þær ár, sem eg nefndi. — Eg játa það, að meiri óþægindi eru af farartálmum uppi á fjöllum, að því leyti, að þar eru færri úrræði. En það verður að líta á það, að fleiri fara um þá vegi, er í bygð liggja. Auðvitað væri þá ekkert á móti því, að sveitirnar legðu eitthvað til brúargerðar, þar sem svo hagar til, t. d. eins og með Eyjafjarðará.

H. 2. þingm. Skagf. (St. St.) hélt því fram, að Héraðsvötnin væru verri farartálmi en Fnjóská; eg játa það að nokkru leyti. Það þarf stundum fylgd yfir Héraðsvötn, þegar Fnjóská er farandi fylgdarlaust; en Fnjóská er aldrei reið, þegar Héraðsvötnin eru óreið. — En þessar tvær ár þurfa ekki að ríða í bág hvor við aðra.

Það er rétt að skora á stjórnina að undirbúa þetta brúarmál yfir höfuð, og taka þá til greina það, sem h. 1. þm. Hv. (H. J.) sagði um ýmsa smærri farartálma, og jafnframt má minnast þess, sem sagt var við 1. umr., að það gæti verið heppilegt, að taka sem flestar brýr fyrir í einu, taka lán til þeirra. — En eg ímynda mér, að ekki veitti af til brúargerða á hverju fjárhagstímabili svo sem 50,000 kr., sem gengið gæti þá til afborgunar, ef brýrnar væru bygðar í einu.

Hermann Jónasson: Eg get vel skilið það, að háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) hafi ekki farið yfir Miklagil á þeim tíma árs, sem það sérstaklega er torfæra, en það er haust og vor. En komi maður að Miklagili í ófæru, í hríð á haustdegi, þá er ekki gerandi annað en að snúa aftur. Eg játa, að brú er nauðsynleg á Héraðsvötnin. Eg er þeim nokkuð kunnugur, en eg man ekki eftir því, að eg hafi nokkurn tíma þurft að hindrast við þau, á hvaða tíma árs sem er. Norðan til á þeim er brúin, svo er svifferjan, og ferjur hér og hvar, og þó sullsamt sé og leiðinlegt að fara yfir, þá þarf þó aldrei að fara mikinn krók, til þess að komast leiðar sinnar einhverstaðar. Og það finst mér mestu skifta, að ferðin sé ekki hindruð, sérstaklega uppi á fjöllum, þar sem ekki er í annað hús að venda.

Eg þykist og vera jafn kunnugur Fnjóská, og er samdóma þeim, er álíta hana verri farartálma en Héraðsvötnin, af því hún er miklu strengri og erfiðari að ferja. Og af því hún er svo ströng, leggur hana seinna á haustum, og brýtur mjög snemma upp á vorin. Á henni er engin brú og ferjur fáar. — En það sem mér finst mestu skifta, er að fá sem beztan undirbúning á brúm yfir allar verstu torfærur á helztu vegum landsins.

Þess vegna get eg ekki verið með tillögu um, að landsstjórninni sé að eins lagt fyrir, að láta rannsaka brúarstæði á einni á, skrifað um eina á, heldur beri að athuga allar þær ár, sem koma eiga til greina.

Framsögumaður (L. H. Bjarnason): Mér þykir vera komin vatnavöxtur í Héraðsvötnin. Eg bjóst ekki við því, að svo langar umræður yrðu út af svo einföldu máli, sízt við 2. umr. — Samgöngumálanefndin bar annars ekki brigður á, að nauðsyn væri að brúa Héraðsvötnin, en hélt, að líkt kynni að vera ástatt um aðrar ár, og vildi því láta rannsaka brúargerðarmálið í heild sinni.

Annars stóð eg upp til þess að vekja athygli háttv. deildar á því, að ástæða væri ef til vill til þess, að koma fram með þingsályktunartillögu um það, að stjórnin léti undirbúa brúargerð á helztu ám.

ATKV.GR.: Frumvarpsgreinin feld með 13 : 8 atkv.

Frumv. þar með fallið.

Varnir gegn berklaveiki.

FRUMVARP til laga um varnir gegn berklaveiki, 1. umr., 13. ágúst. (C. bls. 619).

Árni Jónsson: Frumv. þetta, sem er stjórnarfrumv., er hingað komið frá háttv. Ed., þar var það álitið standa í nánu sambandi við frumv., sem var einnig á ferðinni hér í deildinni fyrir skömmu, o: frumv. um líkskoðun. — Það er því mín tillaga, að þessu frv. verði vísað til nefndarinnar, sem kosin var til þess að íhuga frumv. um líkskoðun.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Vísað til líkskoðunarnefndarinnar í einu hlj.

Önnur umr., 19. ágúst. (C. bls. 619; n. 662).

Framsögumaður (Ólafur Thorlacius): Frv. þetta er nú komið hingað aftur frá háttv. Ed. og nefnd sú, sem það var vísað til hér, hefir íhugað það, og ræður hún til, að það verði sam-

þykt óbreytt. Frv. þetta er mikilsvert nýmæli. Það er fyrsta tilraunin til þess að sporna við útbreiðslu berklaveikinnar, sem ekki er orðin vanþörf á að gera. Veiki þessi hefir nú á síðustu árum náð svo mikilli útbreiðslu, að af henni stendur mesti voði. Eftir skýrslum að dæma þessi síðustu ár, er tala berklaveikra manna að færast mjög í vöxt. 1897 eru taldir 159 slíkir sjúklingar á landinu, en 1901 184, en það er enginn vafi á því, að þessar tölur eru alt of lágar, því að skýrslur um þessa veiki eru ekki lögboðnar. — En þetta frv. getur því að eins komið að notum, að hér verði ekki látið staðar numið. Það er auðvitað til bóta, að frumv. gerir ráð fyrir, að læknar skuli halda sérstaka bók yfir alla berklaveika sjúklinga í héruðum þeirra. — Með þessu eru í fyrsta lagi fengnar betri skýrslur um sjúkdóminn, og í öðru lagi má gera ráð fyrir, að viðhöfð sé meiri varúð, þegar læknum er gert að skyldu að brýna sýkingarhættuna fyrir almenningi. Í þriðja lagi eru það miklar umbætur, að fyrirskipað er að sótthreinsa eftir berklaveika menn, þegar þeir deyja. Reyndar verður sótthreinsunin nokkrum erfiðleikum bundin, svo að hún komi að fullum notum, einkum í sveitum. Úr því þetta er fyrirskipað, er læknum nauðsynlegt að hafa áhöld til þess, einkum að því er íverufatnað og sængurföt snertir, sem er ómögulegt að sótthreinsa nema með sérstökum sótthreinsunarofni við vatnsgufu, ef ekki er ætlast til þess, að brenna skuli allan fatnað eftir slíka sjúklinga. — Það má því búast við því, að ef þetta frumv. verður að lögum, að farið muni verða fram á það síðar, að útvega áhöld til sótthreinsunar í hvert læknishérað á landinu.

Mér er ekki vel kunnugt um, hvað slík áhöld eru dýr, en eg hugsa, að það megi fá þau ekki mjög dýr, en þau eru nauðsynleg fyrir héraðslækna að hafa, ef þeir eiga að geta fullnægt þessum fyrirmælum laganna.

ATKV.GR.: 1.—8. gr. frv. samþ. í einu hlj.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

Þriðja umr., 21. ágúst. (C. bls. 619).

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni samþ. með 21 samhlj. atkv., og verður afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi*.

Lyfjasala héraðslækna.

FRUMVARP til laga um lyfjasölu héraðslækna; 1. umr. 12. ágúst (C. bls. 528).

Björn Bjarnarson: Eg vil leggja til að deildin felli frv. þetta af ýmsum ástæðum. Í fyrsta lagi vegna þess, að það er ósanngjarnt að meina mönnum að kaupa meðul af öðrum læknum en héraðslæknum, því það vill oft til, að þeir hafa ekki tiltrú manna, og að hinir hafa miklu meiri tiltrú. Það kemur jafnvel fyrir, að héraðslæknar eru alveg óhæfir til að gegna læknisstörfum, og eru oft viti sínu fjær, og væri þá hart að mega ekki leita þar hjálpar og meðala, sem hægt er að fá þau. Það kemur líka oft fyrir, að héraðslæknar hafa ekki meðul til, og þá er hart að mega ekki kaupa þau hjá öðrum. Eg legg því til að deildin felli þetta frv.

Hannes Hafstein: Hið eina, sem

hægt er að hafa á móti þessu frv., er það, að í því sé varla annað en það, sem nú er í gildandi lögum. En gildandi lög um þetta efni eru ógreinileg og vafasöm, og því er enginn skaði, þótt þau séu endurnýjuð og gerð ljósari. Tilgangurinn er að koma í veg fyrir, að hver praktiserandi læknir geti sett upp apóteksholu og látið þar úti meðul án recepts.

Eins og menn vita, eru héraðslæknar skyldir til að hafa meðul til sölu, en hafa aftur á móti engin sérstök einkaréttindi til meðalasölu í héruðum sínum, jafnvel þótt engin lyfjabúð sé þar. Eftir þessum lögum fengju héraðslæknar þessi sérstöku réttindi, sem virðist mjög eðlilegt að sé samfara skyldunni, sem á þeim hvílir, og þar með verður meiri hvöt fyrir þá til þess að hafa gát á, að ekki fari fram ólöglég meðalasala, sem getur verið mjög hættuleg, eins og kunnugt er. Eg álít því frv. þetta til bóta, en af því að það mætti sameina við það nokkur fleiri nauðsynleg ákvæði, leyfi eg mér að stinga upp á því, að sett sé nefnd í málið.

Guðl. Guðmundsson: Eg held nóg sé búið að lögleiða af einkaréttindum fyrir héraðslækna hin síðari ár, þó ekki sé farið að bæta við þau lög enn þá meiru. H. 2. þm. Eyf. (H. H.) hélt því fram, að það væri skylda héraðslækna að hafa nægar meðalabirgðir, en eftir erindisbréfi héraðslækna 25. febr. 1824 er þessi skylda harla þýðingarlítil; þar stendur »nogle Medicamenter«. Ef þeir hafa hoffmannsdropa og laxersalt, þá fullnægja þeir þessu lagaákvæði. Skilyrði fyrir því að veita slíkan einkarétt yrði þó fyrst og fremst að vera það, að þeir væri skyldir að hafa nægar birgðir af ákveðnum meðalategundum. Auk þess er sama sem ekkert eftirlit með meðalabirgðum héraðslækna. Þetta þarf hvorttveggja að breytast, áður en eg get gefið svona löguðu frumvarpi atkvæði mitt.

Hannes Hafstein: Háttv. þm. V-Skaftf. (G. G.) tók einmitt á kýlinu að því er snertir eftirlit það, sem verður að vera með allri meðalasölu. En eftirlit með leyfislausri meðalasölu praktiserandi lækna er ómögulegt. Ef enginn munur væri gerður í lögum á rétti héraðslækna og annara lækna, að því er meðalasölu snertir, þá gæti hver, sem náð hefir prófi við læknaskólann, sett upp sams konar »apótek« eins og héraðslæknar hafa, og selt meðul eins og þeir, án alls eftirlits.

Af þessum ástæðum hygg eg að heppilegt væri að gera þá breytingu á gildandi lögum, að binda svo meðalasölu praktiserandi lækna, að þeim sé skylt að kaupa meðul þau, er þeir láta úti, hjá héraðslækni þess héraðs. H. Ed. hefir nú ekki séð sér fært að fara svo langt, og það má og vera, að það sé annmörkum bundið, sem þó ef til vill mætti greiða úr. Eg vil því leyfa mér að gera það að tillögu minni, að 3 manna nefnd sé sett í málið.

ATKV.GR.: Málið felt frá 2. umr. með 11 gegn 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Hannes Hafstein,	Björn Bjarnarson,
Hannes Þorsteinss.,	Björn Kristjánsson,
Herm. Jónasson,	Eggert Pálsson,
Jóh. Jóhannesson,	Einar Þórðarson,
Lárus H. Bjarnason,	Guðl. Guðmundsson,
Magnús Stephensen,	Jóh. Olafsson,
Olafur Briem,	Magnús Andrésson,
Ólafur Thorlacius,	Pétur Jónsson,
Stefán Stefánsson,	Skúli Thoroddsen,
Tryggvi Gunnarss.	Þórh. Bjarnarson.

Líkskoðun.

FRUMVARP til laga um líkskoðun. 1. umr. 24. júlí (C. bls. 319).

Ólafur Thorlacius: Þetta frumv. er ekki nýr gestur hér í deildinni, eða réttara sagt, hugmyndin um að koma á lögskipaðri líkskoðun. Hún hefir verið hér á þinginu bæði 1891 og 1893, en átti þá ekki betri viðtökum að fagna en þeim, að frv. hér að lútandi var felt á síðara þinginu, en ekki útrætt á því fyrra.

Ástæður stjórnarinnar fyrir frv. 1891 var hræðsla við kviksetningu, en nú er, auk þessarar ástæðu, farið að setja líkskoðun í samband við ráðstafanir gegn berklaveiki.

Tilgangurinn að koma í veg fyrir að menn séu kviksettir, er í sjálfu sér auðvitað góður, en eg sé enga þörf á að gera neinar ráðstafanir þess vegna. Þessi kviksetningarhræðsla, sem aldrei var annað en hjátrú, er nú óðum að hverfa. Það er einnig hvergi minni ástæða en hér, til að bera neinn kvíðboga í þessa átt, þar sem lík venjulegast eru látin standa uppi í viku, svo öll hætta fyrir kviksetningu er útilokuð; auk þess er nú svo hægt orðið um að ná í lækni, síðan þeim var fjölgað svo mikið, að læknir er ætíð sóttur, ef einhver deyr vofeiflega.

Eina skynsamlega ástæðan til þessa frv. er sú, að með þessu væri hægt að fá betra yfirlit yfir banvæna sjúkdóma (Mortalitetsskýrslur) í landinu. Eg játa að slíkar skýrslur gætu haft þýðingu, til að sýna hvaða sjúkdómar væru í rénun, og að hvaða haldi þær ráðstafanir hefðu komið, sem gerðar hefðu verið, en eg held að slíkar upplýsingar séu fáanlegar á auðveldari hátt. Það má gera það á þann hátt, að skylda presta til að bæta við einum dálki í dánarskýrslur sínar, þar sem tiltekið er, úr hvaða sjúkdómi hver maður hafi dáið. Það má segja, að prestar hafi ekki vit á að dæma um sjúkdóma, en þeir geta þá spurt sig fyrir hjá aðstandendum hins látna, sem venjulegast vita það, eða þá hjá lækninum, sem sóttur hefir verið. Hafi enginn verið sóttur, gagnar heldur ekki framar að fela lækninum þenna starfa, því ekki getur hann fremur en presturinn séð á líkinu, úr hverju hinn sjúki hafi dáið, nema hann geri líkskurð jafnframt, en fyrir því er ekkert ráð gert í frv.

Kostnaðurinn við þetta frv. fyrir bændur yrði heldur ekki neitt smáræði. Mér hefir reiknast svo til, að dáið hafi á öllu landinu árið 1901 1600 manns. Geri maður ráð fyrir að 400 af þeim hafi átt heima í kaupstöðunum og látist þar, þá eru það 1200, sem látist hafa upp í sveitum. Segjum við að slík líkskoðun kosti ekki nema 1 kr. í bæjunum, þá verða það 400 kr. um árið, aukaútgjöld fyrir íbúa kaupstaðanna, en upp í sveitum yrði líkskoðunin langtum dýrari. Eg get varla ímyndað mér, að hún mundi kosta minna að meðaltali en einar 8—10 krónur, og yrði eftir því kostnaðurinn alt að 10—12 þús. kr. fyrir landið. Þetta er of mikið fé til þess að kasta því út, án þess að fá neitt verulegt í aðra hönd.

Hvað stjórnin hefir átt við, með því að setja þetta í samband við ráðstafanir móti berklaveiki, það fæ eg ekki skilið. Ef vildi, þá mætti bæta inn í það frv., en ekki þetta, því hér á það ekki heima, ákvæðum um skyldu til að skýra frá því, í hvert sinn er berklaveikur maður dæi, svo hægt væri að sótthreinsa eftir hann.

Eg skal svo ekki að sinni fara lengra út í þetta mál, en leyfa mér að stinga upp á, að 5 manna nefnd verði sett í

málið, ef deildin álítur það þess vert, að því sé hleypt til 2. umr.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 13 gegn 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Björn Bjarnarson,
Eggert Pálsson,	Hannes Hafstein,
Einar Þórðarson,	Hannes Þorsteinss.,
Guðl. Guðmundsson,	Jóhannes Olafsson,
Hermn. Jónasson,	Lárus H. Bjarnason,
Jóh. Jóhannesson,	Olafur Thorlacius,
Magnús Andrésson,	Pétur Jónsson,
Magnús Stephensen,	Stefán Stefánsson,
Olafur Briem,	Þórh. Bjarnarson.
Olafur Olafsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Tr. Gunnarsson.	

5 manna nefnd sþ. með 15 atkv., og í hana kosnir:

Ólafur Thorlacius	með	20 atkv.
Magnús Andrésson	með	15 —
Björn Bjarnarson	með	13 —
Jóhannes Ólafsson	með	13 —
Einar Þórðarson	með	11 —

Önnur umr. 7. ágúst (C. bls. 319; n. 410).

Framsögumaður (Ólafur Thorlacius): Eins og álitsskjal nefndarinnar ber með sér, hefir hún lagt það til, að frv. h. Ed. verði ekki samþykt nema með stórum breytingum, og það svo miklum breytingum, að heita má að nefndin hafi samið nýtt frv. Hún áleit enga þörf á lögboðinni líkskoðun hér á landi; kviksetningar og manndráp eru hér svo sjaldgæfir viðburðir, að þeirra vegna ber enga nauðsyn til slíkra laga. En þá sjaldan, sem þörf kynni að vera á líkskoðun, þá er nauðsynlegt, að hún sé framkvæmd af lækni, en ekki af ólæknisfróðum leikmönnum, eins og frv. gerir ráð fyrir. Hins vegar áleit nefndin, að eina þýðingin, sem líkskoðun gæti haft hér á landi, væri sú, að á þann hátt fengist nákvæmar skýrslur um dauðamein manna. Af dánarskýrslum má nokkuð sjá, hvern árangur ýmsar ráðstafanir til útrýmingar innlendum sjúkdómum, t. d. sullaveiki, hafa borið, hvort tiltækilegt sé að halda áfram í sömu stefnu og áður o. s. frv. Nú sem stendur höfum vér engar skýrslur um dauðamein hér á landi. Til þess að bæta úr því, hefir nefndin komið fram með þessar brt. sínar, er hún eftir bendingu h. forseta hefir gert að sérstöku frv. Tekur hún því aftur tillögurnar á þingskj. 272, með því að þær eru alveg samhljóða frv. því, sem næst er á dagskrá. Í því leggur nefndin það til, að prestum sé falið að innfæra í kirkjubækurnar, í hvert sinn, er lík er jarðað, dauðamein hins látna, eftir þeim upplýsingum, er þeir geta fengið beztar. Að vísu munu þær upplýsingar, er fengnar verða hjá aðstandendum hins látna, oft reynast misjafnar, en þar eð það mun nú almennt vera orðinn vani, að læknis sé vitjað til flestra er deyja, einkum er dauðann ber snögglega að, þá mun presturinn oftast nær geta fengið áreiðanlegar upplýsingar um dauðameinið. En til þess að bæta úr þeim óáreiðanlegleika, er verða kynni á skýrslunum, hefir nefndin tekið það ákvæði upp í frv., að héraðslæknum sé gefinn kostur á að rannsaka skýrslur prestanna, áður en þær yrðu sendar landsstjórninni, til þess að þeir geti lagfært það, er þeim er kunnugt um að ekki sé rétt.

Eg skal geta þess, að frv. þetta er í samræmi við sams konar lög í Svíþjóð. Það er því engin nýlunda.

Í kaupstöðum og kauptúnum gerir nefndin ráð fyrir, að sá læknir, er stundað hefir hinn látna í dánarlegu hans, gefi vottorð um dauðameinið, svo

að presturinn geti innfært það í kirkjubókina. En sé svo, að enginn læknir hafi stundað hin látna, þá er ætlast til að líkskoðun fari fram, og sé hún framkvæmd af héraðslækni.

Að svo mæltu vil eg fyrir nefndarinnar hönd ráða h. deild til að fella þetta líkskoðunarfrumvarp, en samþykkja í þess stað frv. um dánarskýrslur, sem næst er á dagskránni.

ATKVGR.: 1. gr. frv. feld með 19 shlj. atkv. og frv. alt þar með fallið.

Dánarskýrslur.

FRUMVARP til laga um dánarskýrslur; 1. umr. 7. ágúst (C. bls. 438).

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 21 samhlj. atkv.

Önnur umr., 11. ágúst. (C. bls 438).

Árni Jónsson: Eg vil láta það álit mitt í ljós, að mér lízt mjög vel á, að þetta frumv. komi í staðinn fyrir hitt, sem felt var, um líkskoðun. Þar sem talað er um í 1. gr., að prestur eigi að innfæra í kirkjubókina dauðamein hins látna eftir beztu heimildum, þá get eg upplýst það, að þetta er gódur og gamall siður. Sjálfur hefi eg haldið þessum sið, og með ánægju hefi eg lesið slíkar skýrslur í gömlum kirkjubókum. Eg álít það heppilega aðferð, og mjög vel til fundið að koma á aftur þessum gamla sið.

ATKV.GR.: 1. gr. frv., sþ. með 18 atkv.

2. gr. frv., sþ. í e. hlj.

3. gr. frv. sþ. með 18 atkv.

4. gr. frv. sþ. með 18 atkv.

Fyrirsögnin samþykt án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Þriðja umr., 14. ágúst (C. 438).

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni samþ. í e. hlj., og verður afgreitt til Ed.

Heilbrigðissamþyktir.

FRUMVARP til laga um heilbrigðissamþyktir í kaupstöðum 1. umr. 6. ágúst. (C. bls. 475).

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 20 samhlj. atkv.

Önnur umr. 8. ágúst. (C. bls. 475).

ATKV.GR: 1. gr. frumv. sþ. með 18 samhlj. atkv.

2. gr. frumv. samþ. með 21 samhlj atkv.

3.—6. gr. frumv. samþ. í einu hlj.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hlj.

Þriðja umr. 11. ágúst. (C. bls 475).

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni sþ. með 17 samhlj. atkv., og afgreitt til landsh., sem *lög frá alþingi.*

Undanþága frá sóttvarnarlögum.

FRUMVARP til laga um undanþágu frá lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúmdómar berist til Íslands; 1. umr. 13. júlí. (C. bls. 202).

Flutningsmaður (Björn Kristjánsson): Það er eftir áskorun fjölmargra kjósenda í Gullbringu- og Borgarfjarð-

arsýslu, sem við flutnm. höfum leyft okkur að flytja þetta frumv. Mér er sjáfum því ljúfara að flytja þetta frv., sem eg á síðasta þingi talaði sterklega á móti því ákvæði sóttvarnarlaganna, sem hefir valdið því, að þetta mál er á ný komið inn á þing.

Það er engin furða, þótt fátækum sjómönnum þyki það hart, að vera bannað að hirða þann fisk, sem að öðrum kosti er fleygt í sjóinn, og því harðara aðgöngu er þetta, þar sem þeim er meinað að nota fiskimið sín frjálslega. Auðvitað gera lögin þetta ekki, en botnvörpungarnir gera það, með því að stofna veiðarfærum manna í sífelda hættu, svo að eigi er unt að láta lóðir né net liggja dægurlangt í sjó, án þess að eiga á hættu að fá þau öll skemd og eyðilögð. En sérstaklega er þetta þó hart, þar sem strandgæzlan er svo ónóg, að hún getur ekki verndað fiskimið okkar. Eg hefi heyrt sjómenn segja, að þeim dytti ekki í hug að hirða þenna botnvörpufisk, ef einungis veiðarfærum þeirra væri séð borgið.

Sú skoðun hefir komið fram hjá sumum, að það væri skrælingjaháttur að hirða þenna fisk, en eg hygg að þetta liggi í því, að mönnum yfirsést algjörlega að gjöra sér nokkra grein fyrir, hve miklir hagsmunir leiða af þessari fisktöku. Það er vitanlegt, að sumir hreppar í báðum þessum sýslum, bæði Gullbringusýslu og Borgarfjarðarsýslu, hafa einungis komist yfir þessi vondu ár fyrir það eitt, að þeir gátu hagnýtt sér þenna botnvörpufisk. Það eru einnig, sem betur fer, ekki allir, sem líta þessum sömu augum á viðskiftin við botnvörpunga. Eg skal með leyfi forseta, lesa upp fáein orð úr grein eftir Hammer sjóliðsforingja á danska varðskipinu, svo það sjáist, hvernig hann lítur á þetta mál. Hann segir svo: »Það er engin furða, þótt mörgum fátækum sjómanni íslenzkum, sem verður að strita heilan dag í kulda og vondu veðri, til þess að ná sér í fáeina þorska, verði það fyrir, að leitast við að höndla eitthvað af þeim mikla forða, er hann sér botnvörpunga fleygja frá sér daglega til ónýtis«. Þetta eru sönn og réttlát ummæli óvilhalls manns um þetta mál. Hann liggur ekki fátækum fiskimönnum á hálsi þótt hann sé útlendingur, fyrir það, að þeir hirða það, sem aðrir fleygja frá sér, en þeim sjálfum er til mikils gagns; það erum við Islendingar sjálfir, sem gerum það, og okkur er það að kenna, að ákvæði þetta stendur í sóttvarnarlögunum. —

Í frumv. stjórnarinnar á síðasta þingi stóð ekkert slíkt ákvæði í sóttvarnarlögunum. Það voru áhrif eins eður tveggja lækna, er voru þess valdandi, að lögunum var breytt þannig. Sú hugsun, sem mun hafa legið til grundvallar hjá þeim, er það, að það væri öryggisráð gegn því, að næmir sjúkdómar flyttust hingað með botnvörpuskipum, að banna sjómönnum öll viðskifti við þau, en þessi skoðun er bygð á eintómum misskilningi. Öll sóttvarnarlögin eru bygð á heilbrigisvottorðunum. Eg benti strax í fyrra á, hve þýðingarlaus slík vottorð eru, svo þýðingarlaus, að allar stærri nágrannaþjóðir okkar, bæði Englendingar, Þjóðverjar og Hollendingar, eru hættar að heimta þau. Það lafir einungis af gömlum vana eftir hjá Dönum, og frá þeim mun það tekið. Að þetta er eins og eg hefi sagt, sést ljósast af því, að engum enskum né þýzkum skipstjóra dettur í hug að biðja um neitt heilbrigðisskírteini þegar þeir fara héðan. Gangurinn í málinu er þessi. Þegar botnvörpuskip á að leggja á stað, sendir útgerðarmaður til hlutaðeigandi yfirvalds eftir heilbrigðisskírteini, og það

er látið af hendi, hvernig sem á stendur, ef einungis bærinn er ekki sóttkvíaður. Svo er farið með skírteinið til danska ræðismannsins, sem vottar, að það sé gefið út af réttum hlutaðeigandi valdsmanni; annað vottar ræðismaðurinn ekki. Þegar þetta er fengið, leggur skipið svo á stað, og siglir 3—4 mílur enskar í haf. Þar hittir skipið hollenzkt tóbakssöluskip, sem aldrei hefir neitt heilbrigðisvottorð haft meðferðis. Ensk botnvörpuskip hitta ætíð hollenzk tóbakssöluskip, til þess að fá hjá þeim ótollað tóbak, því í Englandi er mjög hár tóbakstollur. Við hollenzku tóbakssöluskipin hafa einnig annara þjóða skip miklar samgöngur í sömu verzlunarerindum og Englendingar. Þar er því nóg tækifæri fyrir skipið til að sækja í sig sóttkveikjuefni. Þegar þessum viðskiftum er lokið, heldur skipið norður með landi og kemur við á Langhop til þess að taka kol, svo það hafi sem mestar birgðir af þeim, er það leggur frá landi fyrir fult og alt. Þetta er annar staðurinn, sem það getur sótt veikindi til. Þriðji staðurinn er Straumnes, því þangað leita skipin ætíð inn ef þau fá vont veður. En áður en hingað er komið, geta skipin svo á leiðinni haft ótal samgöngur bæði við þýzk og hollenzk botnvörpuskip. Þetta vona eg sé nægilegt til að sýna fram á, hve gjörsamlega þýðingarlaus þannig löguð heilbrigðisskírteini hljóta að vera.

Eg hefi tekið þetta fram vegna þess, að eg get búist við, að þeim mótmælum verði hreyft gegn frumv. okkar, að það þyki lítil trygging í vottorðum þeim upp á æru og samvizku, sem þar er gert ráð fyrir að skipstjóri gefi, áður en samgöngur við skipið megi fara fram. Það liggur sem sé í hlutarins eðli, að í þeim vottorðum hlýtur þó fremur að felast einhver trygging, vegna þess, að þau eru gefin eftir að skipið er komið hingað, og hafi veiki eða sóttkveikjuefni leynst í skipinu eða með mönnum, er þeir fóru á stað, eru meiri líkindi til, að skipstjóri hafi orðið þess var á einhvern hátt á leiðinni.

Einna einkennilegast við þessi sóttvarnarlög er þó það, að Íslendingum er bannað að hirða nokkurn fisk úr *utanríkisskipum*, en úr *dönskum* botnvörpuskipum mega þeir hirða svo mikinn fisk sem vera skal utan hafna, þótt þau skip hafi engin heilbrigðisvottorð meðferðis, og geti komið frá nákvæmlega sömu stöðum og enskir botnvörpungar, nefnilega frá Hull og Grimsby. Ekki er Íslendingum heldur bannað að hafa mök við botnverpinga, ef þeir til þess nota dönsk skip, en íslenzk skip mega þeir einungis ekki nota. Þessu hvorutveggja hefir einnig sjóliðsforingi Hammer tekið eftir. Eg skal með leyfi forseta lesa upp þann kafla greinarinnar, er hljóðar um þetta: »Í sóttvarnarlögum þeim, er ganga í gildi 1. júlí 1903, er í 4. gr. bannað íslenzkum skipum að taka við fiski frá utanríkisskipum, hvort heldur er í landhelgi eða utan hennar. Meðan þau fyrirmæli eru í gildi geta þá íslenzk skip ekki annast þessi kaup, og verða þá að nota fyrst um sinn til þess útlend skip eða dönsk«.

Þessi kafli greinarinnar sýnir það glögt, að höfundinum þykir það skrítið, að nota megi að eins dönsk en ekki íslenzk skip til þess. Enda er auðheyrt, að hann gerir ekki ráð fyrir, að lögin eigi langan aldur fyrir sér.

Ef það nú er rétt, sem eg þykist hafa sýnt fram á, að sóttvarnarskírteinin séu vanalega ekkert annað en hégómi, og Íslendingum hins vegar leyfist að hafa viðskifti við dönsk botnvörpuskip, jafnt utan landhelgi, þá er auðsætt, að grundvöllurinn undir sóttvarnarlögunum er bersýnilega ó-

nýtur. Stóttvarnartryggingin er allsendis ófullnægjandi.

Þá vil eg enn fremur minna á, hversu mikinn skaða það gerir, að botnverpingar fleygja fiskinum úr vörpunum í sjóinn. Höfundur áðurnefndrar greinar gerir ráð fyrir, að það aflamagn nemi eins miklu og veitt er á öllum íslenzkum þilskipum. Að vísu eru skiftar skoðanir um, hvort það sé til skaða fyrir fiskiveiðarnar, að afla sé fleygt í sjóinn. En reynslan sýnir að svo sé. Netjahnútarnir í Garðinum sanna það. Fyrst í stað safnast fiskur að netjahnútunum meðan aflinn í þeim er nýr, en þegar fer að úldna í netjunum, fælist hann frá. Enn fremur sannast það af því, er menn fiska með fiskbeitu; meðan beitan er ný, sækir fiskurinn að henni, en undir eins og hún hefir verið nokkrar mínútur á önglinum kemur fiskur ekki nærri henni. — Það er því ekki einungis, að menn mundu hafa mikinn hag af viðskiftunum, heldur mundu þau jafnframt stuðla til að vernda fiskimiðin.

Eina tryggingin gegn sóttnæmishættu frá botnvörpuskipum, sem við getum bygt á, er það, að útgerðarmenn og skipstjórar forðist að taka sjúka menn um borð í skip sín. Þeim er það sjálfum mikill skaði, að þurfa að snúa við heim aftur með sjúklinga, eftir að þeir eru komnir á stað. — Það hefir verið sagt um eitt mál hér í deildinni, að þar réðu fremur tilfinningar en skynsemi. Eg þori að fullyrða, að öll okkar löggjöf um botnverpinga, frá því fyrsta, hefir verið tilfinningamál. En eg vildi óska, að þm. færu nú að líta rólegri augum á málið, og vöruðust að setja þýðingarlausar reglur, er baka þjóðinni tjón, svo tugum þúsund króna nemur. Vona eg því, að hin háttv. deild taki frumv. þessu vingjarnlega, og samþ. að nefnd sé skipuð í það. Að svo stöddu skal eg þó ekki stinga upp á nefnd.

Þess má geta, að á fyrstu gr. frumv. er galli, er laga þarf.

Jón Magnússon: Mig furðar ekkert á því, þótt hv. 1. þm. G. K. (B. Kr,) beri þetta frv. fram; það er í fullu samræmi við skoðun hans á þinginu í fyrra, því að hann var þá mótdrægur öllum tilraunum til að stemma stigu fyrir því, að næmar sóttir berist til landsins, og gerði sitt til, að sóttvarnarlögin yrðu svo úr garði gerð, að til einskis væri nýt. En hinu furðar mig á, að hv. þm. Borgf. (Þ. B.) skyldi vilja gerast meðflutningsmaður þess, sérstaklega hefði eg vænst meira viðsýnis af formanni Búnaðarfélags landsins.

Eins og kunnugt er, eru hér á landi færri heimasóttir en í nálægum löndum. Þess vegna höfum vér fleiri erlendum farsóttum að verjast en aðrar þjóðir og að því leyti eru sóttvarnir gagnvart útlöndum meiri örðugleikum bundnar. En það er bót í máli, að farsóttir geta ekki flutzt til Íslands nema um einn veg, sem sé á sjó og með skipum. Þar er því þörf svo tryggra varna sem unt er.

Hv. þgdm. er kunnugt erindi Guðmundar héraðslæknis Björnssonar til landshöfðingja um ný sóttvarnarlög, sem prentað er í C-deild Alþ.tíðindanna 1902. Þar er ljóslega sýnt og sannað, að aðalhættan á því, að næmar sóttir flytjist til landsins, stafar frá utanríkisfiskiskipum, einkum botnvörpuveiðaskipum enskum, hollenzkum, frönskum, — um fiskiskip frá öðrum löndum er ekki að tala, nema fáein frá Þýzkalandi.

Á þessu byggir og héraðslæknirinn tillögur sínar um þetta atriði. En hin nýju sóttvarnarlög vor koma svo að

segja alveg heim við tillögur hans, eða eru í öllu verulegu samhljóða frv. því, er hann hafði samið um þetta efni. Hann hafði ráðfært sig við alla þá menn hér, er mesta reynzlu hafa í þessu efni (— þar til má nefna amtmanninn yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu, sýslumanninn í Gullbr. og Kjósarsýslu og bæjarfógetann í Reykjavík —), og öllum kom þeim saman um, að ekki væri til neins að arka upp á varnir gegn útlendum sóttum, nema sérstök trygging fengist fyrir því, að sóttnæmi bærist eigi hingað með botnvörpungum. Vér höfum haft gott dæmi nýlega upp á sótthættu þá, er af þessum skipum stafar. Það er sem sé engum efa bundið, að skarlatssóttin, er kostað hefir landssjóð tugi þúsunda, og landið alt að hundruð þúsunda, hefir borizt hingað með botnvörpuskipi og á land einmitt í kjördæmi hins hv. aðalflm. (B. Kr.). Í tillögum hr. héraðslæknis Guðm. Björnssonar var því farið fram á, að innlendum mönnum skyldi bannað að hafa nokkur náin mök við botnverpinga utan löggiltra hafna, jafnt utan landhelgi sem innan. En þetta þótti stjórninni ganga í bága við alþjóðaréttinn, og feldi því þetta ákvæði burt; taldi ekki rétt að banna samgöngur milli skipa utan landhelgi. Var þá á alþingi í fyrra tekið það ráð, að banna landsmönnum að taka við farangri, þar undir afla, úr utanríkisfiskiskipum, utan hafna, en með því ákvæði er tekin burtu freistingin til að hafa mök við botnvörpunga, því að landsmenn munu vart sækjast eftir kunningsskap við þá, er ekkert gagn er af þeim að hafa.

Á þessu — að hægt sé að hafa sérstaka tryggingu gegn sótthættu frá botnvörpungum — eru sóttvarnarlögin bygð. Fáist ekki þessi trygging, þá eru hin nýju sóttvarnarlög næsta þýðingarlítil, og væri þá réttara að nema þau alveg úr gildi, heldur en að halda uppi hörðum og kostnaðarsömum lögum, er eigi eru líkleg til að gera tilætlað gagn.

Eg skal ekki fara frekar út í ræðu hv. flm. (B. Kr.), heldur að eins geta þess, að hún bar þess öll ljósan vott, að hann skilur alls ekki sóttvarnarlöginn né grundvöll þeirra. Ákvæðið gegn því, að sóttnæmi berist í land frá botnvörpungum, er hyrningarsteinn sóttvarnarlaganna. Sé honum á burtu svipt, þá er, eins og áður er sagt, full ástæða til að afnema allar varnir gegn því, að næmar sóttir berist til landsins. Og það er í rauninni það, sem farið er fram á í frv. — Að fá eftirlitið í hendur þeim mönnum, er hafa af því allan hagnað, að ekkert eftirlit sé, og að treysta vottorðum þeirra, tel eg næsta óviturlegt. Þau mundu líklega ekki vera altaf sönn; það mun óhætt að fullyrða.

Eg hefi annars áður orðið þess var, að menn hafa alment ekki hugmynd um þýðingu laga um varnir gegn því, að erlendar sóttir berist til landsins, og menn treysta því ekki, að slíkar varnir komi að notum. Þetta er samt engan veginn rétt. Sannleikurinn er sá, að eins og það er nauðsynlegt og sjálfsagt hverjum einstaklingi, að verja sig og heimili sitt sóttum, jafn nauðsynlegt og sjálfsagt er það hverri þjóð, að verja sig sótthættu frá öðrum löndum. Þess vegna sýnist mér hv. flutningsmenn þessa frv. ætlast til helzt til mikils, er þeir mælast til, að sóttvarnarlögin verði lögð niður vegna hagsmuna nokkurra manna í kjördæmum þeirra. Að þessir menn geti haft hagnað af að hirða fisk úr botnverpingum, því skal eg ekki neita. En þó var sá hagnað-

ur meiri fyr en nú. Þá hirtu botnverpingar sjálfir að eins flatfisk; en nú hirða þeir alt það verðmætasta af afli anum og skilja að eins eftir smáfisk og þorskhausa. Því er hagnaðarvonin fyrir landsmenn minni nú en áður. — Því fer fjarri, að eg hafi nokkru sinni láð fátækum sjómönnum, þótt þeir hafi þegið afla af botnvörpungum. En þessir spekúlantar, sem elta botnvörpunga um allan sjó til að ná í afla hjá þeim, virðast mér líkastir því, er sagt er um sjakala, er elta hin stærri ránd ýr, til þess að ná í leyfar af bráð þeirra. Hrósi þeim hver sem kann!

Skal eg svo ljúka máli mínu með því að lýsa þeirri von, að hin hv. deild láti ekki þetta frv. ná að ganga lengra.

Lárus H. Bjarnason: Hv. þm. Vestm. (J. M.) hefir að mestu tekið ómakið af mér. En með því hann fór lítið út í ræðu hv. flm. (B. Kr.) þá hefi eg þó enn nokkuð að athuga. Eg hjó eftir þeim orðum í ræðu hv. flm., að honum væri »ljúft« að flytja þetta frv. Áður en eg las, hverjir væru flm. frv., leit eg yfir frv. sjálft. Var eg þá í efa um, hvort eg ætti heldur að hlægja eða hrista höfuðið. En er eg las nöfn flutningsmannanna, hristi eg höfuðið. Þeir hlutu að vita hvað þeir voru að gera, vita, að þeir voru að opna landið fyrir útlendum sóttum.

Eg get tekið undir með hv. þm. og skipstj. Hammer, — er virðist vera einn af stærri spámönnunum í augum flm., — um að hart sé að meina fátækum sjómönnum að leita sér auðfenginnar bjargar, með því að þiggja afla af botnvörpungum. En það er líka hart að þurfa að leggja niður sóttvarnarlögin, eða með öðrum orðum opna landið alt fyrir erlendu sóttnæmi. — Hv. flm. (B. Kr.) fullyrti, að sótthættan yrði ekki meiri fyrir því, sakir þess, að ekki væru ætíð heimtuð heilbrigðisvottorð af skipunum á brottfararstað þeirra í útlöndum. Þetta er ekki rétt athugað. Þau skip frá Englandi og Þýzkalandi, sem eg hefi haft meðgerð með, hafa haft vottorð hlutaðeigandi sóttvarnarstjórnar um, að engin sóttnæm veiki hafi gengið á brottfararstað þeirra. Þetta hefir mikla þýðingu. En hér ber þó ekki að leggja aðaláherzluna á það, hvort heilbrigðisvottorða sé krafist í útlöndum, heldur ber að leggja áherzlu á hitt, að þegar skipin koma hingað til landsins, fær enginn leyfi að ganga á land fyr en sóttgæzlumaður hér hefir athugað heilbrigðisskírteini skipsins og gefið skipstjóra vottorð um að það sé í lagi. — Hv. flm. (B. Kr.) virðist ekki að hafa athugað 7. og 8. gr. sóttvarnarlaganna; hafi hann ekki lesið hana, getur hann fengið lögin lánuð hjá mér. — Og því fer fjarri, að sóttgæzlumaður sé skyldugur til að fleygja út vottorði sínu án nokkurrar tryggingar, að hann getur heimtað rannsókn læknis áður.

Enn fremur hygg eg að það sé röng lögskýring hjá hv. flm. (B. Kr.), að utanríkisskipum einum sé bannað að láta fisk eða farangur af hendi við landsmenn utan hafna. Eftir 1. gr. sóttvarnarlaganna tekur bannið til hvers »aðkomuskips«, er kemur frá útlöndum, og í 7. gr. er sama orðtak haft. Eg hygg því að 1. málsl. 4. gr. sé óþarfur, enda mun honum hafa verið bætt inn í stjórnarfrumvarpið hér á þingi.

Annars virðist mér það harla undarlegt, að vilja fara að breyta sóttvarnarlögunum nú, þau eru ekki nema 12½ dags gömul, þau gengu í gildi 1. þ. m. — Í fyrra voru þau talin næsta mikilsverð, og nú er búið að setja sóttvarnarnefndir út um land alt, en í þeim er lögreglustjóri, læknir og 3. þar til

kjörinn maður. Ef nú væri farið að breyta lögunum þannig, að óbreyttum sjómönnum væri falið nokkuð af starfi þeirra, þá mætti svo sýnast, sem þessum mönnum væri gert heldur lágt undir höfði.

Eins og 1. gr. frumv. er orðuð, þá getur hún ekki leitt til neinnar tryggingar gegn sótthættu. Þeim, er fara út í erlend fiskiskip, er ekki gert að skyldu, að senda vottorð skipstjóra þegar í stað til næstu sóttvarnarnefndar, heldur er að eins krafist, að það skuli gert sem fyrst. Það gæti því auðveldlega farið svo, að útlent sóttnæmi, er með skipum flyttist, yrði búið að gera nokkurn skurk áður en sóttvarnarnefndin gæti látið nokkuð til sín taka.

Enn fremur er sektar-ákvæði frumv. nokkuð út í hött. Er það meiningin, að sektin falli á skipstjórann á hinu erlenda fiskiskipi eða á formann hins íslenzka báts, er til hans sækir, eða á báða?

Í sjálfu sér er þetta frumv. annars ekkert annað en tilraun til þess að rétta botnvörungum litla fingurinn, er verður ef til vill til þess, að þeir taki alla hendina eða jafnvel allan skrokkinn seinna.

Þórhallur Bjarnarson: Það er skiljanlegt, að þetta frv. okkar mæti mótspyrnu, sérstaklega vegna þess, að sóttvarnarlögin eru svo ung. En mundi ekki mega finna dæmi til þess, að lögum hafi verið breytt aftur býsna fljótt? Eg get til dæmis skýrt frá því, að eg fyrir mitt leyti hugði í fyrra, líkt og h. þm. Vestm. (J. M.) hefir haldið fram nú, að hagnaður af viðskiftum við botnvörpunga færi árlega minkandi, og væri rétt á förum. Eg lét því héraðslútandi ákvæði sóttvarnarlaganna hlutlaust, þar sem því var haldið svo frekleга fram af flutningsmönnum laganna, og ætlaði eigi, að um mikla hagsmuni gæti verið að tefla. En síðan hefi eg fengið áreiðanlegar upplýsingar um, að hér er einmitt um stór-mikið að tefla fyrir eigi all lítið svæði af landinu.

Hitt skildi eg eigi í ræðu háttv. þm. Vestm. (J. M.), er hann furðaði sig á því, að formaður Búnaðarfélagsins skyldi geta gerst meðflutningsmaður að þessu frumv. og hugsaði eigi meira um sóttvarnarlögin en svo. Hvaða samband er á milli sóttvarnarlaganna og formanns Búnaðarfélagsins? (*Jón Magnússon*: Hann á að hugsa um hag landsins í heild sinni!). Ef eg hefði verið meðflutningsmaður með h. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) i þingsályktunartillögunni um ósútuðu húðirnar, þá hefði eg getað búist við slíkri athugasemd.

Við ræðu háttv. meðflutningsmanns (B. Kr.) hefi eg litlu að bæta. Hann skýrði svo rétt og glögglega frá því, hversu litla tryggingu vér höfum gegn erlendu sóttnæmi eftir alt saman. — Eg skal, að því er mitt kjördæmi sérstaklega snertir, minna á það, að fyrir Akranesi verður landhelgin ekki notuð til fiskiveiða, miðin liggja öll fyrir utan landhelgi. Sjómenn sitja þar að kalla má á sömu miðum, sem botnvörpungar, og hvílík eyðilegging það er fyrir fiskiveiðar þess héraðs, það vona eg, að h. háttv. þingdeild skilji og kannist við. — Undir þessum kringumstæðum má það heita ákaflega hart, að meina mönnum að ná sér í fisk, sem ella muudi fleygt í sjóinn, öllum gagnslaust og sennilegast til stór spillis. Nákvæmar tölur hefi eg ekki fengið, er sýni hversu miklu sá hagnaður nemur, en eg veit, að um stór-mikið fé er að tefla fyrir þetta fjölmenna pláss. (*Lárus H. Bjarnason*: Hreppapólitík á ekki hér við!). Eg þykist ekki hafa gert

mig sekan í neinni hreppapólitík með þessu; það liggur í augum uppi, að hvert pláss verður að gæta síns gagns, og að hver þingmaður er, jafnframt því að vera þingmaður alls landsins, munnur síns kjördæmis.

Menn hafa sagt, að hér væri um það að ræða, að afnema sóttvarnarlögin? Væri það svo, þá dytti mér ekki í hug að vera flutningsmaður frumvarpsins. En eg get ekki betur skilið, en að sóttvarnarlögin séu svo erfið í framkvæmdinni, að hættan aukist ekki að neinu við þessa undanþágu.

Það liggur í augum uppi, að þegar þeir menn, er lögunum eiga sérstaklega að hlýða, finna til þess, að löggjafarvaldið vill ekki að þarflausu leggja þvingun á þá, þá sjá þeir sér sjálfir hag í því, að lögin komi að haldi, og þeir mundu gera sér alt far um það, að gæta allrar varúðar.

Menn hafa sagt, að með þessu væri alt eftirlit farið. Það er ekki rétt; en vel mætti þó herða nokkuð á ordalaginu hjá okkur flutningsmönnum, og krefjast þess, að vottorðið yrði sent gagngert og tafarlaust til sóttgæzlunefndarinnar. Hins vegar er mér það óskiljanlegt, að samvizkuvottorð sé ekki jafn-gilt, þótt það sé gefið úti á rúmsjó eins og inni á höfn.

Allir eru á sama máli um það, að nær því ómögulegt sé að framfylgja ákvæðum sóttvarnarlaganna um viðskifti við erlend fiskiskip, og hafa ýmsir lögreglustjórar kannast við það í minni áheyrn, og þeir eru margir, sem telja ákvæðin of ströng, eins og á hefir verið bent.

Aðallega munu þessi sóttvarnarlög stafa frá skarlatssóttinni, er sennilega hefir borizt hingað með botnvörpungi. — En flestir munu kannast við það, að hin innlendu sóttvarnarlög voru þá alt of lengi í framkvæmd til stórskaða fyrir landið. Eg man það, að þegar hætta átti við framkvæmd þeirra hér í Reykjavík, þá var því spáð einmitt af manninum, sem var aðal-höfundur laganna, að skarlatssóttin mundi geysa eins og logi yfir akur, ef bærinn væri leystur úr sótthaldi. En hver varð raunin á? Alt önnur! Og því vona eg, að eigi sé of mikið bygt á þeirri hræðslu, og þeim illu spám, sem nú heyrast utan þings og innan, ef þessi undanþága er gerð.

Það má gera of mikið að sóttvörnum; menn verða líka að líta á hinar praktisku kringumstæður. Það er neyðarkostur að þröngva mönnum svo, og banna þeim að hirða björg, þar sem hún býðst. Má vera að fleiri vegir en sá, er frumv. fer fram á, geti hugsast. Til dæmis væri það, að leyfa sjómönnum viðskifti við þau fiskiskip, er samkvæmt sóttvarnarlögunum hafa verið inni á höfn, og int af hendi sóttvarnarskírteini. Það er ósanngjarnt að banna viðskifti við þau, meðan þau eru enn í sömu ferðinni, og hafa eigi farið til útlanda á meðan.

Eg bendi á þenna veg, á meðal annars í því skyni að mælast til þess, að hin h. deild láti athuga málið í nefnd. — Þótt við höfum ekki séð önnur betri ráð en í frumv., þá má vel vera, að öðrum hugkvæmist annað.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg þarf ekki að tara mörgum orðum um mál þetta, því að eg get í öllum aðalatriðum aðhylst það, sem háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) tók fram í málinu; það er óneitanlega hart, að þurfa að banna fátækum mönnum að leita sér bjargar með því að fá fisk frá botnvörpungum, þegar honum verður eigi náð á annan hátt, og væri mjög æskilegt, ef hægt væri að finna ráð til þess, að þetta þyrfti eigi að banna, en fyrirbyggja þó, að hætta stafaði af. En sjálfsagt

tel eg það þó, að banna öll viðskifti við botnvörpunga úti í hafi, ef öllu landinu væri hætta búin af þeim, hætta, sem alls eigi yrði fyrirbygð, en um þetta atriði eru einmitt mjög skiftar skoðanir; eg fyrir mitt leyti verð að álíta, að yfirlýsing sú, sem heimtað er í 7. grein sóttvarnarlaganna, að skipstjóri gefi um heilsufar manna á skipi hans, geti verið alveg eins áreiðanleg, þótt hún sé gefin á sjó, eins og þótt hún sé gefin á landi, og þótt skipstjóri hafi eigi heilbrigðisskírteini, þá sé töluverð trygging fólgin í vottorði því, sem hann gefur upp á æru og samvizku um heilsufar skipverja.

Eg verð að játa það, að eg hefi ekki athugað frv. svo rækilega, að eg geti sagt um það, hvort eigi sé hægt að finna heppilegra orðalag á því, en það má athuga betur, ef málið fær að ganga áfram hér í deildinni.

Eg stóð annars aðallega upp til þess að minnast á eitt atriði í hinum nýju sóttvarnarlögum, og vil skjóta því undir háttv. deild og hæstv. landsh. hvort eigi sé full ástæða til þess að breyta því nú, um leið og mál þetta er tekið fyrir. Eg á hér við ákvæðið um það, að skipstjóri skuli fara einn á land og beint til sóttgæzlumanns, til þess að sýna honum sóttgæzluskírteini skipsins og skýra frá heilbrigðisástandi skipverja. Fyr en þeim er fullnægt, má enginn annar en hafnsögumaður fara út í skipið. (*Landshöfðingi*: Hvað kemur þetta þessu máli við?). Það kemur því við á þann veg, að verði nefnd skipuð í því, þá vildi eg fá því til vegar komið, að nefndin athugaði þetta atriði, því að eg fæ ekki betur séð, en að óframkvæmanlegt verði að fullnægja þessum kröfum, þar sem svo hagar til, að sjaldnast er fært að fara á milli lands og skips á jafn smáum bátum og skipsbátar eru að jafnaði. — Það hagar einmitt svo til á einum löggiltum verzlunarstað í mínu kjördæmi, að í raun og veru er það sama, að heimta það af skipstjóra, að hann fari í land á skipsbátnum, sem að heimta það af honum, að hann steypi sér í sjóinn og stytti sér aldur.

Í þessu og máske fleiru gera sóttvarnarlögin það að verkum, að annaðhvort verður að loka slíkum höfnum fyrir samgöngum, eða menn verða að ganga á bug við lögin, og eiga þá á hættu að verða fyrir lögsókn og sektum.

Það dugar ekki að leggja alt of einhliða áherzlu á sóttvarnir, en taka ekki tillit til annars, að öðrum kosti er hætt við því, að mönnum fari líkt við lagasmíðina og Bakkabræðrum, þegar þeir bygðu hús sitt gluggalaust, til þess að byggja út kuldanum; mennirnir höfðu alveg rétt fyrir sér, þegar á það eitt var litið, en flestir munu þó álíta, að þeir hafi litið of einhliða á málið, og svipað mun mega segja um sóttvarnarlögin; sóttvarnar-ákvæði þeirra geta í sjálfu sér verið blessuð og góð, en eigi að síður geta þau orðið í framkvæmdinni alt of einhliða. Þau geta á sinn máta gert landið að gluggalausu Bakkabræðrahúsi.

Það er ýmislegt, sem styður að því, að eg tel að full ástæða sé til þess, að nefnd sé skipuð í mál þetta.

Landshöfðingi: Eg stend að eins upp til þess að svara athugasemdum h. þm. V-Sk. (G. G.) við 7. gr. sóttvarnarlaganna. Það leit út fyrir, að h. þm. (G. G.) skildi þessa grein þannig, að skipstjóri yrði að fara í land á skipsbát sínum. Í greininni stendur að eins að hann skuli ganga einn á land, en ekkert tekið þar fram um það, á hvaða bát hann eigi að flytjast að landi. Eg get vel samþykt það, að það muni einatt ófært að fara á land á stað þeim,

sem h. þm. mun eiga við, Vík í Mýrdal, á smábát; en þess þarf ekki, til þess að fullnægja fyrirmælum laganna; það má eins vel senda skip úr landi út að skipshliðinni, til þess að sækja skipstjóra og skipsskjölin (*Guðl. Guðm.*: Er slíkt leyfilegt?) Það hlýtur það að vera; landsmenn hafa á þenna hátt eigi samgöngur við aðra á skipinu en skipstjóra, sem fer í land með þeim. Annar vegur væri sá, að sóttgæzlumaðurinn færi út að skipshliðinni og tæki þar við hinum lögskipuðu vottorðum af skipstjóra. Annars hygg eg að Vík muni vera eini staðurinn á landinu, þar sem erfiðleikar eru á að fullnægja sóttvarnarlögunum að þessu leyti, og þessa erfiðleika má sigra á þann hátt, sem eg benti á.

Ólafur Thorlacius: H. þm. Vestm. (J. M.) hefir talað svo rækilega um stefnu þessa frv., að eg hefi litlu þar við að bæta. Eins og sést á frv., er stefna þess sú, að veita svo þýðingarmikla undanþágu frá sóttvarnarlögum þeim, sem samþykt voru af þinginu í fyrra, og sem ekki hafa verið í gildi nema nokkra daga, að nærri stappar, að sama sé sem að upphefja þau með öllu. Þessi lög voru samþykt hér í fyrra með meginþorra atkvæða, og væri það kynlegt, að eg eigi segi hlægilegt, ef þingmenn nú, sem flestir eru hinir sömu, er á þingi sátu í fyrra, færu nú þegar að breyta þeim. Að vísu eru lögin búin að vera svo lengi í gildi, að sjá má, að þau muni hindra makk Íslendinga við botnvörpunga; en það hefðu þeir átt að geta séð í fyrra, sem nú vilja fá þeim breytt. Eg skil annars ekki í að þingið muni vera áfram um að lögleiða verzlun landsmanna við botnvörpunga á sjó úti.

Þegar gætt er að 3. og 4. gr. sóttvarnarlaganna, og að frv. þetta fer fram á að gera þær þýðingarlitlar, þá er það auðsætt, að frv. er banaráð við sóttvarnarlögin, og það sýnist fult eins myndarlegt, að afmá þau með öllu, eins og að vera að krukka svona í þau.

Það er ekki vafi á því, að af öllum þeim skipum, sem koma hér við land, stafar langmest sótthætta af botnvörpungum; þeir koma frá sótthættustöðum miklum, og eru á sífeldu sveimi milli Íslands og útlanda, og ef lítt hindruð viðskifti eru leyfð við þá, og án nokkurrar verulegrar sóttvarnartryggingar, þá er hætt við að þeir flytji oss fyr eða síðar inn í landið þá vogesti, er oss verði margfalt dýrari en því svari, er menn græða á viðskiftunum við þá. H. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) tók það fram, að af praktiskum ástæðum mundu skipstjórar eigi taka sjúka menn á skip sitt. Eg geri ráð fyrir að h. þm. (B. Kr.) segi þetta satt, en einatt geta skipstjórar ráðið til sín menn, sem þegar hafa tekið í sig skæða veiki og sóttnæma, þótt eigi sé hún komin í ljós.

Eg er mjög hræddur um að þessi vottorð skipstjóranna, sem frv. gerir ráð fyrir, muni reynast bæði léttvæg og óáreiðanleg, og að eigi muni hægt að gera mikið úr þeim. En þetta mál hefir líka aðra hlið. Það er mjög vafasamt, hvort það er rétt að hlynna að viðskiftum botnvörpunga við landsmenn, þótt eigi væri hætta á að þeir flyttu sóttir inn í landið. Í mínum augum hlýtur það að hafa siðspillandi áhrif, að eiga mök við slíkan lýð, sem margir botnvörpungar kváðu vera. Það er og hætt við að þessi viðskifti hafi í för með sér óleyfilega verzlun og tollsvik, og að þau muni fremur auka botnvörpungaveiðar í landhelgi en draga úr þeim.

Það mun annars óþarfi að tala langt á móti frv. þessu, því að mér virðist eigi anda svo hlýjum blæ á það hér í

deildinni, að hægt sé að búast við, að það verði langlíft. Eg get heldur ekki trúað því, að h. flutningsmenn beri frv. þetta fram af fullri sannfæringu; hitt þykir mér líklegra, að þeir dansi hér hálfnauðugir eftir pípu kjósenda sinna.

Tryggvi Gunnarsson: Hér hefir verið sagt, að það væri hart að meina mönnum að fá fisk frá botnvörpungum, þar sem eigi væri hægt að ná í fiskinn á opnum bátum, þar sem botnvörpungar héldu sig. En þetta er ekki fullkomlega rétt. Héðan úr Reykjavík hafa gengið nokkrir bátar í vor og sumar, sem hafa fiskað vel, þótt botnvörpungar hafi lengst af verið á fiskimiðunum hér.

Eg talaði og nýlega við gamlan skipstjóra, sem flutti salt til Keflavíkur; kvaðst hann hafa lent í logni á leiðinni, og rent þá færi af skipi sínu, og fengið á skömmum tíma 80 þorska. Í nánd við hann voru botnvörpungar, og aftan í hverjum þeirra 2—3 bátar íslenzkir, og hefði hann séð þá sjón sorglegasta, að landsmenn hefðu verið að sníkja þar smáfisk, á meðan hann dró tíðan þorsk úr sjónum. Það er því alls eigi rétt, að ómögulegt sé orðið að fá fisk úr sjó á báta, þótt botnvörpungar séu í nánd, en ógæfan er, að menn leggja svo litla stund á að veiða fiskinn á opnum bátum. Þeim þykir hægara að fá hann gefins, án verulegrar fyrirhafnar. Væri eg þingmaður Akurnesinga, mundi eg ekki hafa flutt frv. þetta fyrir þá. Það er sorgleg breyting, sem orðin er á þeim. Áður voru þeir einhverjir hinir allra duglegustu sjósóknarar. Þeir fiskuðu eigi að eins þorsk, heldur fóru þeir og á sumrin í langróðra eftir heilagfiski, og komu hingað með heila bátsfarma af því til sölu. Nú hefir þessi atorka þeirra því nær horfið, og þeir farnir að leggja sig niður við að elta uppi tröllara, til að fá gefins fisk hjá þeim. Eg er sannfærður um, að það væri beinn hagur fyrir þá að hætta slíku, og taka aftur upp sinn fyrri dugnað við sjósókn. En svo eg snúi mér að frumv., þá fæ eg ekki betur séð, en að varúðarreglur þær, sem þar eru settar fram, sé allsendis ófullnægjandi, og í meira lagi freistandi að fara á snið við þær. Í frv. segir t. d. svo, að vottorð skipstjóra skuli senda, svo fljótt sem verður við komið, til næstu sóttvarnarnefndar. Sé enginn veikur á skipinu, þá er þessi sending þýðingarlaus, en séu næmir sjúkdómar í því, þá er hætt við að sá, sem kemur með fullan bátinn af fiski í land, láti það vera ógert, að senda skýrslu til sóttvarnarnefndarinnar, um að veikindi hafi verið í því skipi, sem hann fekk fiskinn frá, og þar með baka sjálfum sér sekt; að minsta kosti er sterk freisting til þess að fá vilhalt vottorð, ef í boði eru heilir bátsfarmar af fiski, sem menn verða að fara á mis við, ef heilbrigðisvottorð er ekki í lagi.

Þótt svo kunni að vera, að einstakir menn, máske 10—20 manns við Faxaflóa, hafi hag af viðskiftunum við botnvörpunga, þá er ekki tilvinnandi að stofna öllu landinu í háska fyrir þann hagnað, og verð eg þess vegna að vera mótfallinn frv. þessu.

Hannes Hafstein: Eg skal ekki tala neitt um það, að hve miklu leyti það sé nauðsynlegt, að halda uppi ákvæðum sóttvarnarlaganna sjálfra; aðrir h. þm. hafa þegar gert það; en það er nokkuð annað, sem eg vil minnast á. Eg sé ekki betur en að það sé mótsögn í því, að vera að biðja um vernd gegn yfirgangi botnvörpunga, en hlynna þó af annari hálfu að samgöngum við þá. Það mun alment álitið, að hér sé fjandsamlegt afl, sem sjálfsögð skylda og sjálfsagður réttur sé að verjast, og

gera sem máttarminst. Vér vitum að menn þessir hafa stofnað félög, beint í þeim tilgangi að brjóta lög, þeir hafa komið sér upp sameiginlegum tryggingarsjóðum, til að greiða úr sektir þær, sem þeir kunna að verða dæmdir í fyrir lögbrot, og bæta upp halla þann, sem af lögbrotunum leiðir fyrir þá sjálfa. Eg fæ engan veginn séð, að það sé rétt eða heillavænlegt fyrir þjóð vora, að hlúa að sambandi Íslendinga við þessa menn, að hlúa að því, að Íslendingar skoði þá sem vini sína, verndara og matgjafa. Það er ekki óeðlilegt, þótt afleiðingin af því, að vinátta þróast milli Íslendinga og botnvörpunga, leiði til þess, að Íslendingar vísi þeim á fiskimiðin, og gefi þeim bendingar um, hve nær þeim sé óhætt að vera á óleyfilegum stöðum vegna varðskipsins; eg segi að þetta sé ekki óeðlilegt, en skemtilegt er það ekki, né sæmdarauki fyrir þjóðina; og eg þykist vita með vissu, að yfirmönnum á varðskipinu þyki það hálfkynlegt, að þeir skuli vera settir til að verja Íslendinga og hagsmuni þeirra fyrir mönnum, sem landsmenn sjálfir — auðvitað að eins einstakir menn — geri alt til að hjálpa og bjarga undan því, að varðskipið fái hendur í hári þeirra.

Þetta eitt fyrir sig væri í sjálfu sér nægilegt til þess, að rétt er að hindra samgöngur þessar, sem eru þjóðinni til vansæmdar, og sjálfsagt einnig til skaða, þegar alls er gætt. Það hefir verið sagt í þessu sambandi, að það væri hart að neita þurfandi mönnum um að leita sér bjargar, en það eru fleiri lög en þessi, sem það gera; það gera lögin um betl, og slík lög eru þó til í öllum siðuðum löndum, verður því þó ekki neitað, að frá sjónarmiði betlaranna er það nokkuð hart, að þeim skuli ekki frjálst að beiðast beininga, hvar sem féfangavon er fyrir þá.

Flutningsmaður (Björn Kristjánsson): Eg get verið stuttorður að þessu sinni, því að enginn h. þingdm., sem enn hafa talað, hefir fært nokkur rök gegn ástæðum mínum fyrir því, að frv. þetta væri nauðsynlegt. Enginn þeirra hefir mótmælt því, sem eg sagði um sóttvarnarvottorðin, og stendur það því óhaggað. H. þm. Vestm. (J. M.) sagði, að eg væri mótfallinn öllum sóttvarnarlögum. Þessi dómur er nokkuð harður, væri hann á rökum bygður, en h. þm. (J. M.) færði eigi ástæður fyrir honum, enda gat hann það ekki, og því má mér liggja hann í léttu rúmi. Eg játa það, að eg er á móti öllum þeim sóttvarnarákvæðum, sem eru á jafn miklum sandi bygð og ákvæðið um sóttvarnarskilyrðið; slík ákvæði eru verri en engin, því þau geta orðið til að blekkja menn, enda komu þau ekki upprunalega inn í sóttvarnarlögin sem sóttvarnarákvæði, þótt þau væru sett þar undir því yfirskyni, heldur til að fyrirbyggja samgöngur og viðskifti við botnvörpunga. Það er því alls eigi rétt að segja, að eg sé móti sóttvörnum í sjálfu sér, þótt eg sé á móti því, að inn í sóttvarnarlög séu sett ákvæði óviðkomandi sóttvörnum. Eg benti á það í fyrri ræðu minni, að sóttvarnarlögin bönnuðu eigi viðskifti við danska botnvörpunga; h. þm. Snæf. (L. H. B.) mótmælti þessu að vísu, en hver sem athugar 4. gr. sóttvarnarlaganna, mun þó hljóta að kannast við, að eg hefi á réttu máli að standa, hvað sem h. þm. (L. H. B.) svo segir um það.

H. þm. Vestm. (J. M.) hélt því fram, að aðalsýkingarhættan stafaði frá botnvörpungum; þetta er að eins staðhæfing h. þm. (J. M.), sem eigi er bygð á neinum fullgildum rökum. Eg veit það, að ætlun manna er, að skarlatssóttin hafi fluzt hingað með botnvörpungum, en fyrir því er engin sönnun, og þótt

svo væri, að þeir hafi flutt hana hingað, þá hefði slíkt alveg eins vel getað orðið, þótt sóttvarnarlögin hefðu verið komin í gildi, tryggingarákvæðin í þeim eru ekki öruggari en það.

Hv. þm. Vestm. (J. M.) sagði, að eg skildi ekkert í sóttvarnarlögunum. Eg skal ekki þrátta við hann um það, en það skal eg segja honum, að eg skil það mæta vel, að grundvöllur þeirra er bygður á sandi, og fram á það hefi eg sýnt, þannig að hv. þm. (J. M.) hefir ekki tekist að hrekja það.

Það liggur í augum uppi, að þegar mönnum er bannað að flytja fisk í land frá botnvörpungum, nema þeir komi með heilbrigðisvottorð frá skipi, þá munu þeir ganga eftir því, og eins og hv. þm. Borgf. (Þ. B.) tók fram, þá hlýtur heilbrigðisvottorðið að vera alveg eins þýðingarmikið, þótt það sé gefið á sjó, eins og þó það sé gefið á landi. Einu mótbárurnar gegn ræðu minni eru þessar, að eg skilji ekki sóttvarnarlögin og að eg vilji ekki sóttvarnarlög, en eg þykist hafa sýnt fram á, hve veigamiklar þessar mótbárur eru, og skal því ekki fjölyrða um þær.

Það var ekki rétt hjá hv. þm. Snæf. (L. H. B.), er hann kvað mig hafa sagt, að Englendingar notuðu ekki sóttvarnarvottorð; eg sagði það ekki, heldur hitt, að þeir heimtuðu þau ekki sjálfir, og það er rétt; hitt er sjálfsagt, að enskir skipstjórar munu búa sig út með sóttvarnarvottorð, þegar þeir sigla til þeirra staða, þar sem þeir vita að þau eru heimtuð.

Þessi smáatriði, sem fundið var að, sem sé, að ekki er tekið fram að senda vottorðið gagngert til sóttvarnarnefndar, og að ákvæðin um sektirnar eru ekki að andmælendanna skapi, þau mætti laga í nefnd. Þar sem hv. þm. S.-Múl. (Ól. Th.) sagði, að 3. og 4. gr. væri þungamiðja laganna og veittu tryggingu, þá er þar, eins og eg tók fram, að eins talað um utanríkisskip. Að því er tollsvik snertir, þá yrðu það Englendingar en ekki Íslendingar, sem snuðaðir yrðu um tollinn, að minsta kosti hefir það verið svo hingað til. Eg finn ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta, en skal að eins óska, að sett verði 5 manna nefnd í málið.

Pétur Jónsson: Eg ætlaði ekki að tala í þessu máli, en af því eg hefi sérstaka ástæðu til að vera á móti þessu frv., ástæðu, sem andmælendur þess hafa ekki tekið fram, skal eg segja nokkur orð. Eg er ekki sannfærður um, að óhugsandi sé að hirða með heiðarlegu móti botnverpingafisk þann, er annars yrði fleygt í sjóinn, án þess að sýkingarhætta þyrfti að stafa af því; en eg sé ekki, að í þessu frv. sé séð fyrir því, að þeim tilgangi verði náð, eða í frv. sé nokkur grundvöllur fyrir þá hugsun, sem fyrir mér vakir í þessu efni. Mér hefir nýlega dottið í hug aðferð til að ná þessum tilgangi, en um hana hirði eg ekki að tala hér, þar sem hún gæti ekki samrýmzt við þetta frv. Eg er heldur ekki sannfærður um, að sóttvarnarlög þau, er samin voru af þinginu í fyrra, sé svo heppileg, að ekki verði ástæða til að breyta þeim áður en langt um líður. En mér virðist ekki kominn tími til að breyta lögum, meðan það hefir ekki sýnt sig, *hvernig* þau reynast í framkvæmdinni. Mér virðist að þingið, ekki síður en einstaklingarnir, verði að gæta sóma sjálfs síns, en það finst mér vansæmd fyrir þingið, að fara nú að fjalla um lög, sem það samþykti í fyrra. Vér höfum enga tryggingu fyrir því, að þingið sé nú vitrara en það var í fyrra, þar sem engin verkleg reynzla er fengin í málinu, er stuðst

verði við, því þótt lesin sé hér upp blaðagrein eftir útlendan mann, þá nægir það tæplega til að sannfæra alþingi. Af þessum ástæðum virðist mér vansæmd að því fyrir þingið að fara að breyta lögum, sem varla eru komin í framkvæmd enn.

Þórhallur Bjarnarson: Það var við því að búast, að hv. þm. S.-Múl. (Ól. Th.), sem er eini læknirinn hér í deildinni, og erft hefir sæti aðalmannsins í þessu máli hér innan þings í fyrra, legði á móti þessu frv., en gagnvart honum og öðrum mótmælendum frv. verð eg að halda fram þeirri setningu, að maður á ekki með lögum að vera að banna það, sem ómögulegt er að hindra, marg viðurkent af öllum, sem það þekkja, að sóttvarnarákvæðin komast ekki til framkvæmda. Sízt á slíkt bann við, er það hefir eignatjón í för með sér, þó ekki sé nema fyrir nokkurn hluta þjóðarinnar.

Hv. 2. þm. Eyf. (H. H.) tók það fram, að ekki mætti gera neitt það, er styddi að vináttu milli landsmanna og botnverpinga, sérstaklega vegna varðgæzluskipsins danska; en mér er spurn: Eigum við þá að vera strangari en fulltrúi þessa danska eftirlits, kommandör Hammer, sem svo viturlega og sanngjarnlega hefir um þetta ritað? Mér virðist að þingið þurfi eigi að vera harðara í kröfum en hann. Og eg treysti því, að fiskiveiðanefndin taki til íhugunar vandlega hinar þýðingarmiklu bendingar hans. Hv. 2. þm. Eyf. (H. H.) viðhafði orð, sem voru alls óviðeigandi og særandi, um viðskifti landsmanna við botnverpinga, þar sem hann nefndi þau »betl«, en eg get ekki álitið það »betl«, þó af botnverpingum sé tekinn fiskurinn, sem þeir eigi nýta, og meira og minna er látið fyrir, og þó að það sé tóbak og »whisky«. Þau viðskifti eru til stórhagræðis og krónurnar, sem koma frá botnvörpungum fyrir tóbak og whisky, eða hvað það nú er, eru eins góðar og aðrar. Hér á við orð rómverska keisarans: »Non olet«. Mér dettur í hug, að einu sinni var sú öldin, að það var lagabrot á hverjum fingri að hafa viðskifti við útlenda fiskimenn hér við land, bæði Þjóðverja og Englendinga, sem verzluðu hér í forboði konungs, en landsmenn höfðu af þeim viðskiftum stórhag, og nú ámælir þeim enginn fyrir það.

Hv. þm. S.-Þing. (P. J.) tók í sama streng og aðrir, og sýndist einsætt að fella málið. En það er þó víst, að þetta er mál, sem hefir þýðingu fyrir fjölmennar sveitir hér við Faxaflóa, (*Lárus H. Bjarnason*: Hreppapólitík!) og þó málinu sé lofað að ganga til nefndar, svo það verði íhugað, þá hefir því ekki verið gefið fullnaðaratkvæði fyrir það.

Lárus H. Bjarnason: Eg tók eftir því, að hv. þm. Borgf. (Þ. B.) byrjaði ræðu sína með því, að það sem landsmenn bæru frá borði hjá botnvörpungum færi minkandi. (*Þórhallur Bjarnarson*: Eg sagðist hafa álitið það í fyrra). En eftir því ætti nú að vera minni ástæða en áður til þess að leysa botnvörpunga undan gildandi lögum, arðsins vegna. Þm. sagði líka, að Akranesbúar hefðu engin mið, og ætti því að leyfa þeim að róa til botnvörpunga. En mér virðist réttara að styðja þá til að sækja fiskinn út á djúpmið, með því að styrkja þá til að koma sér upp þilskipum, mótorbátum o. s. frv. (*Þórhallur Bjarnarson*: Þá vantar höfn). Hv. fim. (B. Kr.) og eins hv. þm. V.Sk. (G. G.), vildu leggja áherzlu á æru og samvizkuyfirlýsing skipstjóranna, en það stendur ekki á sama, hverjum er gefið þetta vottorð, það stendur ekki á sama, hvort það er ómentaður alþýðumaður, eða mentaður

embættismaður, sem tekur við því. Það mætti eflaust finna formenn, sem ekki bæru skyn á þau vottorð, sem þeim væru fengin. Skipstjóri gæti ef til vill rifið örk upp úr enskum þingtíðindum og látið það gilda sem vottorð. Að ákvæðin um sektirnar eru ófullnægjandi, hefi eg áður tekið fram. Hv. þm. Borgf. (Þ. B.) sagði að fara mætti þá leið, að leyfa að fara út í þau skip, er sýnt hefðu heilbrigðisvottorð hér; en gætu þau ekki hafa haft mök við önnur skip, eftir að vottorðið var gefið, og hver væri þá tryggingin? Hv. flm. hafði það á móti sóttvarnarlögunum, að þau kostuðu landið stórfé. En hefir þm. þá ekki lesið sóttvarnarlögin? Þau kosta landið ekki annað en sóttvarnarhúsin og sóttvarnarhúsin voru lögskipuð 1875. Þm. sagði enn fremur, að með 4. gr. væri að eins bannað að fara í utanríkisskip, en eg þóttist gera grein fyrir því áður, að líka er bannað að fara í dönsk skip, þar sem dönsk skip falla undir »aðkomuskip« í 1. gr., og þá óleyfilegt samkvæmt 7. gr. að hafa nokkur mök við þau, fyr en heilbrigðisvottorð hefir verið afhent.

Hv. þm. Borgf. sagði í seinni ræðu sinni, að fyrir sér hefði vakað, að það ætti að leyfa, sem ekki væri unt að hindra. En því verð eg að svara svo, að reynsla um, að ekki sé hægt að hindra mök Íslendinga við botnverpinga, sé ekki fengin enn á þessum 12½ degi, sem lögin hafa verið í gildi. Að því er Akranes snertir, þá er þar hreppstjóri og læknir, og eg hefi heyrt, að þm. hefði í vösunum frv., er færi fram á, að Akranes yrði kaupstaður, svo að væntanlega þarf ekki að óttast, að lögunum verði ekki framfylgt þar.

Annars vildi eg óska, að þm. Borgf. hefði sóma af að flytja þetta frv. og að það kæmi honum ekki í koll seinna.

Jón Magnússon: Eg sagði, að hv. flm. hefði sýnt það, að hann ekki skildi sóttvarnarlögin. Það hefir hann og enn sýnt, er hann er að tala um, að það sé þýðingarlaust fyrir oss að vera að heimta heilbrigðisvottorð af skipum, því að stórþjóðirnar geri það ekki. Þetta kemur af því, að stórþjóðirnar standa í ritsímasambandi hvor við aðra, og fá því vitneskju um það jafn skjótt, er farsóttir koma upp einhverstaðar í öðrum löndum. Þegar við höfum fengið ritsímasambandið við útlönd, þá þurfum við ekki á heilbrigðisvottorðum að halda.

Hv. þm. Borgf. taldi óvíst að sóttvarnarlögin kæmu að haldi, og benti á, að þær sóttvarnir, er teknar hefðu verið upp samkvæmt lögunum frá 1896, til að varna skarlatssóttinni útbreiðslu, hefðu ekki reynst nægilegar. Það er að vísu satt, að ekki tókst að stemma stigu fyrir sótt þessari með vörnum þeim, er upp voru teknar, en hitt mun óhætt að fullyrða, að sú sótt hefði orðið helmingi verri, ef þær sóttvarnir hefðu ekki verið; með þeim var einmitt brotinn oddurinn af henni. Það gæti verið ástæða til að láta dönsk botnvörpuskip sæta sömu kjörum og utanríkisskip, ef þau færu að fiska hér, en nú sem stendur gera þau það ekki. (*Lárus H. Bjarnason*: Þau falla undir »aðkomuskip«). Er sá tími kemur, að dönsk botnvörpuskip fara að fiska hér við landið, þá er tími til að athuga þetta atriði, sem réttilega er bent á af hv. flm. Eg mótmæli því, sem hv. flm. hélt fram, að fyrra ákvæði 4. gr. hafi ekki verið sett vegna sóttvarna, það var einmitt sett þeirra vegna. Um annað var ekki ástæða til að hugsa í sambandi við sóttvarnir. Ákvæðið var

bygt á því, að nauðsyn bæri til að fá sérstaka vörn gegn sérstakri hættu, þeirri sérstöku hættu, er af því stafar, að botnvörpuskipin eru stöðugt á ferð milli útlanda og Íslands, og hafa daglega náin mök við landsmenn meðan þau dvelja hér við landið. Það er og augljóst, að hættan á því, að næmir sjúkdómar berist til landsins, er afarmikil, ef ekkert er reynt til að stemma stigu fyrir því, að landsmenn hafi samgöngur við botnvörpunga eftirlitslaust.

Hannes Hafstein: Eg var því miður ekki viðstaddur, þegar hv. þm. Borgf. (Þ. B.) byrjaði að tala, en eg kom inn í því hann sagði, að eg hefði sagt, að vegna varðgæzluskipsins danska mætti ekki gera neitt það, er styddi að vináttu milli landsmanna og botnverpinga. Eg sagði ekki, að ekki mætti gera það vegna varðgæzluskipsins, heldur vegna þeirra hagsmuna, sem danska varðgæzluskipið er sett til að gæta, þar sem það á að verja landsmenn gegn yfirgangi útlendra fiskimanna. Vegna þessara hagsmuna álít eg ekki rétt, að styðja að vináttu landsmanna við botnvörpunga, eins og eg þegar hefi tekið fram og ekki þarf að endurtaka. Þm. sagði, að sér hefði fundist það særandi að kalla viðskifti landsmanna við botnvörpunga »betl«. Ef til vill væri það réttara, að nefna þau sníkjur. Eg skal að vísu ekki segja, nema sumir Íslendingar kunni að borga eitthvað fyrir fisk þann, er þeir fá hjá botnvörpungum, eða geri þeim einhverja greiða til að verða aðnjótandi örlætis þeirra. Þannig hefir mér verið sagt, að sumir vikju þeim whisky-flösku, brennivínsflösku eða öðru slíku fyrir fullan bát af fiski. Sé þetta ekki sníkjur, þá er það þó í öllu falli ólögleg brennivínssala, sem eg veit ekki hvort hinni hv. þd. virðist ástæða til að styðja.

Eg heyri suma hv. þgdm. tala um, að hér sé um verulega hagsmuni að ræða, og má vera, að fiskur sá, sem sníktur var út úr botnverpingum fyrir nokkrum árum, hafi verið nokkurs virði. En nú er sagt að þetta sé orðið breytt, og að þeir hirði nú allan bezta fiskinn sjálfir, og láti landann naumast hafa annað en marinn smáfisk og þorskhausa.

Mér finst veruleg minkun í því, að verða að hugsa mér landa mína mænandi vonaraugum eftir ruðum og affalli frá þessum útlendu yfirgangsseggjum, sem sumir hverjir ekki svífast manndrápa og hryðjuverka, er þeim býður svo við að horfa, sem dæmin sanna.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg þakka hæstv. landsh. fyrir skýringu þá, er hann gaf á 7. gr. sóttvarnarlaganna. Með þeirri skýringu, að róa megi út að skipum úr landi og sækja skipstjórann, verður mögulegt að framkvæma fyrirmæli þessarar greinar í Vík í Mýrdal. En eins og greinin er orðuð í lögunum, var hún óframkvæmanleg. Að því er þetta frv. snertir, þá álít eg að sjálfsagt sé fyrir oss og nauðsynlegt, að haga löggjöfinni þannig, að landið geti haft sem mestan hag af fiskiveiðum botnvörpunga, auðvitað leyfilegum og réttmætum. Vér getum hvort sem er ekki bygt þeim út, eða rekið þá burt úr hafinu kringum landið. Að þessu leyti er eg alveg samdóma því, sem tekið er fram í grein kommandör Hammers í »Ísafold«. Þetta frv. stefnir nú að því, að gera landsmönnum mögulegt að hafa viðskifti við botnvörpunga. En hvort þessi vegur er heppilegastur, skal eg ekkert um segja, eg er þar nokkuð á annari skoðun, eins og öllum er kunnugt. En þar sem þessi viðskifti hafa verið kölluð »sníkjur«, þá má vera að þau séu það sumstaðar; en eg veit, að

í mínu héraði, í Mýrdalnum sérstaklega, hafa menn haft töluverð viðskifti við botnvörpunga og er mér óhætt að fullyrða, að ekki hefir farið fram nein óleyfileg vínsala né sníkjur. Landsmenn hafa selt sauðakjöt og smjör (*Hannes Hafstein*: Farið í orðlof sitt!!), farið með þetta á opnum bátum, fengið það vel borgað og flutt fisk í land. En þetta kalla eg engar sníkjur og vil eg alvarlega bera þau ummæli af mönnum þar. Því bregður hér fyrir í dómum manna, sem er svo altítt. Þekki menn að eins lítinn blett af landinu, dæma menn alt landið eftir honum. Það lítur oft út fyrir, að mönnum finnist Reykjavík og Faxaflóahéruðin vera landið alt.

Það verður án efa erfitt að koma fram heppilegri breyting á þessari lög gjöf í þá átt, að landið geti notið hagsmuna af botnvörpuveiðunum, en þetta er þó bráðnauðsynlegt. Enn þá er lítið á þetta mál með svo miklum ofsa og æsing, að það er lítt mögulegt að koma að skynsamlegum rökum. Að nefna þetta mál er eins og að veifa rauðri dulu að mannýgu nauti. Eg furða mig ekki á því, þótt hv. 2. þm. Eyf. (H. H.) liggi illa orð til botnvörpunga, því viðskifti þeirra hafa ekki verið vel fallin til að vekja hlýjan hug. En annars er bezt að taka þetta mál rólega, íhuga það með stillingu, og gæta þess, svo í þessu máli sem öðrum, hvað heppilegast verður fyrir peningahag þjóðarinnar og velmegun landsins. (*Lárus H. Bjarnason*: Já, heilsan er einn þáttur í velmegun lands og þjóðar).

ATKV.GR.: Frv. felt frá 2. umr. með 14 : 5 atkv.

Fiskiveiðamál.

TILLAGA til þingsályktunar um fiskiveiðamál; ein umr. 13. júlí. (C. bls. 199).

Flutningsm. (Hannes Hafstein): Við flutnm. höfum komið okkur saman um að flytja þessa tillögu, þar eð okkur þótti vel við eiga, úr því búið var að setja nefnd til að athuga annan aðalatvinnuveg landsins, landbúnaðinn, að þá væri hinum aðalatvinnuvegi landsins, fiskiveiðunum, sýnd sömu skil, og einnig sett nefnd til að athuga og gjöra tillögu um það, er að þeim lýtur. Það má auðvitað ekki búast við því, að nefndin geti gripið yfir öll þau miklu og mikilsvarðandi mál í einu, sem snerta þenna atvinnuveg, en sumt af því, sem til nefndar þessarar mundi taka, er þó þess eðlis, að því getur ekki orðið hrundið fram þegar á þessu þingi.

Eitt aðalstarf nefndarinnar í ár mundi verða að koma sér saman við fjárlaganefndina, um fjárveitingar og lán til hagsmuna fyrir fiskiveiðarnar. Hingað til hafa verið veitt lán til þilskipakaupa, en þau lán hafa engum skilyrðum verið bundin, og ekkert eftirlit verið haft með, að fyrir þau væru keypt ný og góð skip. Það ætti að setja sem skilyrði fyrir slíkum lánum, að þeim væri varið annaðhvort til að kaupa ný og vönduð erlend skip, eða þá til að byggja fyrir ný skip. Það er einungis til tjóns að styrkja kaup á úreltum, gömlum og hálffúnum útlendum skipum.

Svo er það annað, sem nefndin ætti að taka til rækilegrar íhugunar. Mér finst gersamlega skorta alt eftirlit með að skipin séu þolanlega úr garði gerð þegar þau leggja úr. Eftirlit með þessu ætti jafnan að fara fram áður en skipshöfnin væri lögskráð. Það er hreinasta

guðs mildi, að ekki hafa orðið meiri slys en orðið hafa, eins hörmulega og sum þessi skip að sögn hafa verið til reika, þegar í byrjun veiðitímans. Eg vona líka að þingið tæki vel lögum, er færu í þessa átt, og ætti það að verða sem fyrst, svo að þingið eigi ekki á hættu, að gárungarnir snúi upp á það vísu einni, sem margir þekkja, og segðu: »Það hefir friðað fugl og dýr, en friðlaust lætur mannlífið«. —

Þá má ekki heldur gleyma því, að geta geymt skipanna vel, og veitt þeim nauðsynlegar viðgerðir. Það liggur nú fyrir þinginu vel undirbúin beiðni um styrk til að koma upp skipakví á Norðurlandi, og ætti það mál að geta fengið framgang nú þegar á þessu þingi. Auðvitað þyrfti einnig að koma upp slíkum skipakvíum bæði á Suður- og Vesturlandi, en þá er fyrst að snúa sér að því, að undirbúa málið sem bezt.

Eg skal enn fremur taka það fram til athugunar, að þá þyrfti að styðja að því, að koma upp bátaábyrgðarfélögum fyrir opin skip. Það er tilfinnanlegur galli, að slík ábyrgðarfélög skuli ekki vera almenn; eg þekki að eins eitt slíkt félag og það er við Ísafjarðardjúp. (*Rödd*: Þau eru komin á fleiri stöðum). Svo kann að vera, en eg veit að þau eiga eða hljóta að eiga erfitt uppdráttar, og það gæti verið ástæða fyrir þingið að rétta þessari viðleitni hjálparhönd, t. d. með því að lögtaka samþyktarlög um ábyrgðarfélög fyrir báta, svipað og fyrir nautaábyrgðarfélög, þannig, að þegar meiri hluti báteigenda í einhverju sveitarfélagi vildi stofna slíkt ábyrgðarfélag, þá skyldi minni hlutinn vera skyldur til að ganga líka í félagið með sína báta.

Enn fremur væri ástæða til að athuga, hvort ekki væri vert að styðja menn til að eignast hreyfivélar (mótora) í báta. Að vísu er það ekki þrautreynt enn, hvernig slíkar vélar gefast, en þær hafa þó víða verið reyndar, og fyrir vestan hafa þær reynst vel og hentugar.

Meðal þeirra mála, sem taka verður fyrir þegar á þessu þingi, og sem liggja undir verksvið væntanlegrar fiskiveiðanefndar, er *hvalamálið*. Eins og kunnugt er, er það áhugamál mjög margra manna, sérstaklega á Austurlandi og Norðurlandi, að takmarka hvalveiðarnar hér við land sem allra mest, helzt jafnvel banna þær alveg, af því að það er sannfæring þeirra, að þær séu hættulegar fyrir fiskiveiðar landsins, sérstaklega síldveiðina. —

Þetta ætti væntanleg nefnd að taka til sem rækilegastrar íhugunar, og koma fram með þær tillögur, sem miða mættu að því, að verða við óskum almennings. Að öðru leyti skal eg ekki fjölyrða um málið að þessu sinni, en skýrskota til þess, sem um það hefir verið ritað í blöðunum.

Eg skal svo að endingu leyfa mér að stinga upp á, að nefndin verði skipuð 5 mönnum.

ATKV.GR.: Tillagan samþ. í einu hljóði.

Uppástunga um 5 manna nefnd sþ. í einu hljóði.

Að viðhafðri hlutfallskosningu; hlutu þessir sæti í nefndinni,

Björn Kristjánsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Jóhannes Ólafsson,
Skúli Thoroddsen,
Ólafur Thorlacius.

Lífsábyrgð fyrir sjómenn.

FRUMVARP til laga um lífsábyrgð fyrir sjómenn, er stunda fiskiveiðar á

þilskipum; 1. umr. 14. ágúst. (C. bls. 625).

Hannes Þorsteinsson: Frumv. þetta er til okkar komið frá háttv. Ed., og eg hygg að naumast sé ástæða til að setja nefnd í það hér. Frumv. er í sjálfu sér gott og gagnlegt. Það er nauðsynlegt að líf sjómanna sé trygt, vegna þeirrar lífshættu, sem þeir stöðugt eru í, og erfitt er að fá þá trygða í útlendum lífsábyrgðarfélögum nema fyrir mjög hátt iðgjald. Þess vegna væri það nauðsynlegt, að mynda sjóð til að tryggja líf sjómanna; það sem farið er fram á, er ekki stórt, að eins 3 kr. fyrir allan vertíðartímann, 1,50 kr. fyrir vorvertíðina og 1,50 kr. fyrir vetrarvertíðina, en auk þess á útgerðarmaður að greiða helming til móts við skipverjana alla. Auðvitað er það talsverð kvöð, en eg álít að hún sé í sjálfu sér réttlát. Og móti þessu gjaldi er ákveðið, að ekkjan eða aðstandendur hins látna fái 100 kr. á ári í 4 ár. Eg hygg að þetta gjald nægi, svo að sjóðurinn geti borið sig. Reyndar er farið fram á, að landssjóður leggi fram það, er á kann að vanta í bili, alt að 15,000 kr., og fái það svo endurgoldið er hagur sjóðsins batnar, en varla mundi þurfa til þess að taka, að landssjóður þyrfti að hlaupa undir bagga, nema stór óhöpp bæru að höndum á fyrstu árum sjóðsins. Þetta gæti orðið undirstaða til þess, að hér kæmi upp innlent lífsábyrgðarfélag, sem er engu ónauðsynlegra en innlent brunabótafélag, og miklu áhættuminna. Eg álít því, að frumv. þetta sé gott og gagnlegt, og gef því mín beztu meðmæli. Vona eg að það gangi greiðlega gegnum deildina.

Árni Jónsson: Eg vil að eins stinga upp á því, að málinu sé vísað til fiskiveiðanefndarinnar.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 17 samhlj. atkv.

Málinu vísað til fiskiveiðanefndarinnar með 17 samhlj. atkv.

Önnur umr. 19. ágúst. (C. bls. 625; n. 661; breyt.till. 680).

Í byrjun fundar var útbýtt br.till. við þetta frumv. á þgskj. 558, og bar forseti það undir deildina, hvort hún mætti komast að, og var það samþ.

Framsögum. (Skúli Thoroddsen): Þegar þetta frumv. kom frá h. Ed., var því vísað til fiskiveiðanefndarinnar. Þessari nefnd hefði verið kærast að breyta svo frumv. þessu, að það næði einnig til sjómanna, er stunda fiskiveiðar á opnum skipum, en vegna þess, að tíminn er orðinn svo naumur, þar sem orðið er áliðið á þingtímann, þá gekk hún að því vísu, að málið næði eigi fram að ganga á þessu þingi, ef gjörðar væru svo umfangsmiklar breytingar á frumv., og kaus því heldur að láta líftrygging sjómanna á opnum bátum bíða.

Þótt hér sé ekki gert ráð fyrir miklum styrk, að eins 100 kr. á ári um næstu 4 ár, til nánustu vandamanna þeirra, er drukna af þilskipum, þá getur sjóður þessi þó orðið öflugur með tímanum, og mætti þá breyta lögum þessum í þá átt, að tryggingin yrði hærri, en þessi lög gera ráð fyrir. Nokkrar breytingar hefir nefndin leyft sér að leggja til, að gjörðar verði á frumv., og skal eg fara um þær fáum orðum. Viðvíkjandi 1. breyt.till. nefndarinnar, þá þótti henni rétt að taka það fram, hvenær eindagi gjaldsins skyldi vera, því að það er ekki tekið fram í frumv., en nefndin vill, að það sé ákveðið, að gjaldið sé greitt um leið og lögskráning fer fram. Sömuleiðis þótti henni rétt að taka fram, hvenær

lögskráningarstjóri eða sýslumaður ætti að standa skil á gjaldinu, og því setti nefndin, að hann skyldi standa vátryggingarsjóði skil á gjaldinu fyrir lok septembermánaðar ár hvert. Nefndin áleit það umsvifaminna fyrir sýslumanninn, heldur en að senda féð með pósti í hvert skifti, er lögskráning hefir fram farið, og þótti nægja, að lögskráningarstjóri gerði reikningsskil einu sinni á ári; og að hún ákvað reikningsskapartímann í septembermánuði var af því, að eftir þann tíma koma lögskráningar mjög sjaldan fyrir.

2. aðalbreyt.till. er við 4. gr. frumv., að í stað þess að frumv. gerir ráð fyrir, að í stjórn vátryggingarfélagsins skuli vera 2 menn, kosnir af fjölmennasta útgerðarfélagi landsins, og þriðji maðurinn kosinn af fjölmennasta hásetafélaginu, þá vill nefndin, að 1 maður sé kosinn af hvoru þessara félaga, en landsstjórnin útnefni hinn þriðja. Með þessu fyrirkomulagi álítur nefndin, að meiri trygging sé fengin fyrir því, að í stjórninni sitji þó að minsta kosti einn vel hæfur maður, því að ekki er að vita, hvernig kosningarnar í félögunum kunna stundum að fara; þær geta auðveldlega mistekist; en nefndin gerir ráð fyrir, að stjórn landsins útnefni ekki aðra en vel færa menn, til þess að eiga þar sæti.

3. breyt.till. nefndarinnar er fólgin í því, að breyta þeim ákvæðum frumv., að ef engir vandamenn sjódruknaðs manns eru til, þá greiðist árgjaldið þeim, sem maðurinn hefir »ákveðið fyrir skráningarstjóra«, eða í lögmætri erfðaskrá, að þess skuli njóta. Hér þótti nefndinni helzt til mikið vald lagt í höndurnar á lögskráningarstjóra, að það skyldi vera gilt, þótt maðurinn gerði lögskráningarstjóra að eins aðvart um, að hann vildi, að gjaldið gengi til þessa og þessa, án þess fylgt væri reglum þeim, er um arfleiðsluskrár gilda. Þetta áleit nefndin ekki nógu tryggilega um búið, og þótt því réttara, að það væri beint ákveðið með löglegri erfðaskrá, ef gjaldið ætti eigi að renna í vátryggingarsjóðinn, þegar enginn þeirra vandamanna, er lögin nefna, er til.

Þá hefir nefndin farið fram á það, að af gjaldinu fái lögskráningarstjóri 2% í innheitulaun. Það er talsverð fyrirhöfn að búa til skrá yfir alla þá, sem á þilskipum eru, auk innheimtu og reikningsskila, og virðist því ekki ósanngjarnt, að lögskráningarstjórar njóti þessara innheimtulauna.

Að því er snertir breyt.till. frá háttv. þm. Rvk. (Tr. G.), þá ímynda eg mér að nefndin hafi ekkert á móti henni. Ætla eg svo, að ekki þurfi að fara fleiri orðum um þetta frumv., og vona eg, að háttv. deild fallist á það, ásamt breyt.till.

Tryggvi Gunnarsson: Breyt.til. sú, sem eg hefi komið fram með á þgskj. 558, er við 5. gr. frumv., og fer hún fram á það, að orðin í fyrri málsgrein: »er á hans vegum voru, eða höfðu framfæri sitt hjá honum«, falli burt. Eg áleit, að þessi orð gætu komið illa við, og orðið óvinsæl, vegna þess, að allur fjöldi þeirra manna, sem sjómensku stunda á þilskipum, eru vinnumenn eða lausamenn, sem hvorki eiga konu né börn, eða hafa foreldra eða systkini á *framfæri* sínu. En eftir orðum greinarinnar ætti ábyrgðargjald þess, sem druknar, að ganga í ábyrgðarsjóðinn, þegar hann hefir engan af sínum nánustu á *framfæri* sínu, og er þá hætt við, að margir mundu ófúsir á að greiða vátryggingargjaldið; en ef hann ætti víst að lífeyrinn gengi til ættmanna hans eða vandafólks, þá

mundi maðurinn fúsari á að greiða það. Af þessum ástæðum var það aðallega, sem eg kom fram með þessa till., og álít eg nauðsynlegt að hún verði samþ. H. framsm. (Sk. Th.) tók annars fram það, sem nauðsynlegt var, svo eg finn ekki ástæðu til að gera það frekar, og hefi svo ekki fleiru við að bæta, en vona að breyt.till. á þgskj. 558 verði samþ.

Árni Jónsson: Það var að eins lítið atriði, sem eg vildi vekja athygli á. Ef deildin samþ. breyt.till. h. þm. Rvk. (Tr. G.) á þgskj. 558, þá vildi eg benda á, hvort það væri óráðlegt að taka burt orðið »systkina«. Mér finst eðlilegra, að iðgjaldið sé látið að eins ná til þeirra, sem framtærsluskyldan hvílir á upp og niður, en það er til foreldra og barna en ekki til systkina. Mér virðist það mætti eiga vel við, að láta þetta iðgjald falla saman við framfærsluskylduna. Eg held því, að það væri ekki svo fjarri að fella þetta a-minsta orð í burt. Eg er nú reyndar ekki nógu vel kunnugur málinu, en eg álít, að vel megi sleppa þessu, því að systkini standa ekki ætíð í svo nánu sambandi hvort við annað, að það geti raskað tilgangi frumv, þótt þau væri feld úr því.

Jón Magnússon: Það er dálítið atriði, sem eg vildi benda hinni háttv. nefnd á viðvíkjandi 1. breyt.till. hennar við 3. gr. Nefndin vill að gjaldið sé greitt þegar lögskráningin fer fram, en í 3. gr. frumv. á undan, sem nefndin hefir ekki farið fram á að breyta, stendur, að hver sjómaður skuli greiða »gjald, er nemur 15 a. fyrir hverja viku vertíðar, sem hann *er* á skipi«. Þessu er örðugt að koma saman, því að fyrirfram veit enginn, hve margar vikur hann verður á skipinu. Umgetin breyting háttv. nefndar er til stórra bóta og alveg nauðsynleg, og ætti því að breyta hinu síðarnefnda atriði í þá átt, að gjaldið skuli greiða »fyrir hverja viku vertíðar, sem hann er *ráðinn* fyrir á skipinu«. Milliþinganefndin í fátækramálinu hefir haft á prjónunum frumv., sem fer í líka átt, sem þetta, en frá því er ekki gengið til fullnustu. Þetta mál hefði máske mátt bíða, þangað til hún hefir lokið störfum sínum, einkum þegar til þess er litið, að styrkur verður eigi veittur eftir frv. nema í 4 ár, því að það er auðsær galli á frumv. Annars stendur málið, eins og háttv. framsm. hefir tekið fram, til bóta síðar meir, bæði að þessu og öðru leyti.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Að því er snertir aths. h. þm. Vestm. (J. M.), þá hefir nefndin tekið eftir því, að þetta ákvæði frumv. er ekki sem nákvæmast orðað, og mun hún því koma fram með breyt.till. um þetta til 3. umr. málsins. Nefndin ætlast til þess, að gjaldið sé bundið við þann tíma, sem sjómaðurinn er lögskráður fyrir, því að við annað er ekki auðið að miða, þegar gjaldið á að greiðast, nefnilega þegar lögskráningin fer fram. En eins og ákvæðið nú er orðað: »þann tíma, sem hann *er* á skipinu«, mætti máske ætla, að sjómaðurinn ætti að fá tiltölulega endurgoldið, ef hann, af einhverjum ástæðum yrði skemur á skipinu en áformað var; en þetta myndi gera alla reikningsfærsluna fyrirhafnarmeiri, og því er það tryggara, að hafa ákvæðið skýrara.

Viðvíkjandi því, sem háttv. þm. N.-Þing. (Á. J.) tók fram, þá fanst nefndinni eðlilegast, að láta systkini hins sjódruknaða manns verða þessa gjalds aðnjótandi, ef hann á hvorki börn eða foreldra, þó að engin bein framfærsluskylda hvíldi á mönnum gagnvart systkinum. Nefndin taldi og vafalaust, að

gjald þetta mundi greiðast með ljúfara geði, ef sjómaðurinn ætti það víst, að þeir, sem honum eru vandabundnastir, ættu að nppskera ávextina, ef illa fer, og býst eg því við því, að nefndin muni verða á móti því, að fella þetta ákvæði burtu.

ATKV.GR.: 1. gr. frumv. samþ. í einu hlj.

2. gr. frumv. samþ. í einu hlj.

1. breyt.till. á þgskj. 525, við 3. gr., samþ. í einu hlj.

2. breyt.till. á þgskj. 525, við 3. gr., samþ. án atkv.gr.

3. gr. frumv., þannig breytt, samþ. í einu hlj.

3. breyt.till. á þgskj. 525, við 4. gr., samþ. í einu hlj.

4. gr. frumv., þannig breytt, samþ. í einu hlj.

Breyt.till. 558. við 5 gr., samþ. með 19 samhlj. atkv.

4. breyt.till. á þgskj. 525, við 5. gr., samþ. í einu hlj.

5. gr. frumv., þannig breytt, samþ. í einu hlj.

6. gr. frumv. samþ. í einu hlj.

5. breyt.till. á þgskj. 525, við 7. gr., samþ. í einu hlj.

7. gr. frumv. þannig breytt., samþ. í einu hlj.

8. gr. frumv., samþ. í einu hlj.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hlj.

Þriðja umr. 21. ágúst. (C. bls. 687; 722).

ATKV.GR.: Breyt.till. á þgskj. 574, við 3. gr. frumv., samþ. í einu hlj.

Frumv. í heild sinni, með áorðinni breytingu, samþ. í einu hlj. og endursendist Ed.

Eftirlit með þilskipum.

FRUMVARP til laga um eftirlit með þilskipum, sem notuð eru til fiskiveiða eða flutninga, 1. umr., 27. júlí. (C. bls. 351).

Jóhannes Ólafsson: Eins og h. þingdeildarm. sjá, er frv. þetta komið frá nefndinni í fiskiveiðamálinu, og skal eg fyrir hennar hönd leyfa mér að fara fáum orðum um það.

Tilgangur frumv. þessa er sá, að tryggja líf sjómanna þeirra, sem á þilskipum erum. Því miður er því svo farið, að mörg af fiskiskipum vorum, að minsta kosti af þeim, sem ekki eru vátrygð innanlands, eru svo léleg, að það er beinn lífsháski að stunda fiskiveiðar á þeim, eigi sízt á vetrardag.— Vér höfum dæmi til þess, að fiskiskip hefir beinlínis liðast í sundur út í sjó, og það ekki í vondu veðri. Það er því nauðsynlegt, að reyna að fyrirbyggja að slíkt geti komið fyrir, og í því skyni er frv. þetta borið fram.

Við þessa umræðu má eigi fara út í einstök atriði, og geymi eg það til 2. umr., en óska að eins, að hin háttv. deild taki málinu vel.

Jón Magnússon: Það er ekki ástæða til annars en að taka þessu frv. vel, því að það virðist vera yfirleitt gott og nýtilegt. Að eins vil eg vekja athygli háttv. nefndar á einu atriði í frv., sem mér sýnist dálítið ísjárvert. — Í 2. gr. frumv. stendur, að rétt sé, að útgerðarmaður sendi lögskráningarstjóra eða umboðsmanni hans, í síðasta lagi fyrir lok janúarmánaðar ár hvert, skriflega tilkynningu um, hvaða þilskip hann ætli að nota til fiskiveiða eða vöruflutninga á því ári. Ef það er meiningin með orðum þessum, að sé eigi búið að senda tilkynninguna fyrir lok janúarmánaðar, þá megi ekki láta skipið ganga til fiskiveiða né vöruflutn-

inga á því ári, þá þarf að minni hyggju að laga þetta.

Hannes Hafstein: Eg er háttv. nefnd í fiskiveiðamálinu þakklátur fyrir, að hún hefir tekið til greina bendingar þær, sem fram komu, þegar rædd var tillagan um skipun fiskiveiðanefndarinnar, sérstaklega bendingu þá, er laut að því efni, sem þetta frv. hljóðar um. — Eins og eg þá tók fram, þá álít eg mjög nauðsynlegt að setja lög um þetta efni, og tel eg frumv. þetta yfir höfuð gott og vel samið; þó verð eg að taka undir með h. þm. Vestm. (J. M.) um, að það muni þurfa nokkurra umbóta og breytingar við. Þannig tel eg það miður heppilegt, að útgerðarmenn skipa skuli þurfa að tilkynna lögskráningarstjóra svo og svo löngu fyrirfram, að þeir ætli að nota eitthvert skip á árinu til fiskiveiða eða vöruflutninga. og lögskráningarstjóri svo að gera skoðunarmönnunum aðvart um það, að skoða skipið.

Hitt mun reynast umsvifaminna og hagkvæmara, að útgerðarmaðurinn þurfi ekki annað, en að snúa sér beint til hinna lögskipuðu skoðunarmanna um að skoða skipið, og að hann svo færi lögskráningarstjóra vottorð það, er þeir gefa, eftir að þeir hafa skoðað það. — Eigin hagur útgerðarmannsins á að vera trygging fyrir, að hann láti skoðunargerðina fara fram í tíma.

Jóhannes Ólafsson: Þessar aðfinslur hefðu átt betur við við 2. umr. málsins. (*Jón Magnússon*: Þá var það orðið helzt til seint). En eg skal geta þess, að það var eftir bendingu h. þm. Rvík. (Tr. G.), að vér settum ákvæðið um skoðunargerðina á þann veg, sem það er í frumv. Vér lítum svo á, að það væri of seint fyrir útgerðarmanninn, að láta þá fyrst skoða skip sitt, er á að fara að nota það. Sumir vildu láta skoðunargerðina fara fram þrem mánuðum áður en skipið legði út, en niðurstaðan varð þó sú, að binda hana við það, að hún færi eigi síðar fram, en fyrir lok janúarmánaðar.

Eigi að síður mun nefndin taka til íhugunar bendingar þær, sem fram hafa komið nú við umræðuna.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 29. júlí. (C. bls. 351, 397).

Jóhannes Ólafsson: Eg hefi litlu við þetta mál að bæta, því að undirtektirnar hafa verið svo góðar. Hinn h. þm. Rvík. (Tr. G.) áleit ekki rétt, að umboðsmanni væru sendar skýrslurnar, og einmitt vegna þess er þessi breyt.till. komin fram á þskj. 242. — Á henni er ætlast til, að orðin: »fyrir lok janúarmánaðar ár hvert« falli burt. H. þm. Rvík. (Tr. G.) taldi það nauðsynlegt fyrir skipaútgerðarfélagið við Faxaflóa, að skipin væru skoðuð að haustinu, svo að hægt væri að gefa upplýsingar um skipin, til þess að þau yrðu tekin í »assúrance« næsta ár, og skoðunarmenn gætu sagt hvað þyrfti að gera við skipin.

Vegna þess var þessi breyt.till. gerð. Eg hélt nú reyndar, að það væri óþarfi, því að útgerðarmenn mundu geta aflað sér skoðunar á skipunum fyrir því, svo að þau gætu gengið til fiskiveiða næsta sumar, því að það er aðallega í þágu útgerðarmanna sjálfra, að skipin yrðu skoðuð nógu tímanlega. En vér, sem í nefndinni erum, höfum orðið sammála í þessu efni, og höfum svo sett þetta ákvæði í breyt.till., sem nefndin hefir komið fram með á þingskjali 242. — Hins vegar var það ekki ljóst, hvort útgerðarmaður ætti heldur að fá menn

til að skoða skipin eða snúa sér beint til lögskráningarstjóra eða umboðsmanns hans. Nefndin áleit það heppilegra, að snúa sér í þessu efni beint til lögskráningarstjóra, því að þá væri síður hætt við, að skoðunin yrði vanrækt. En hvort svo er eða ekki, mun nefndin ekki gera að kappsmáli.

Eg segi fyrir mitt leyti, að eg hefði eins vel getað fallist á, að útgerðarmaður hefði snúið sér beint til hinna lögskipuðu skoðunarmanna, og eg hefi jafnvel heyrt af einum háttv. þingm., að það mundi vera heppilegra, og eg er ekkert á móti því, mætti líka gera breyt.till. í þá átt síðar, þó hún komist ekki nú að, eg skal að minsta kosti ekkert hafa á móti því.

Hannes Hafstein: Eg er nefndinni þakklátur fyrir, að hún hefir viljað taka til greina bending mína við 1. umr., en eg sé ekki, að breyt.till. á þskj. 242 nái tilgangi sínum. Ef feld eru burt orðin: »í síðasta lagi fyrir lok janúarmánaðar«, þá verða enn þá óljósari og óhentugri ákvæðin um, að útgerðarmaður skuli tilkynna lögskráningarstjóra hvaða skip hann ætli að nota »á því ári«.

Ef á annað borð á að skylda menn til að segja fyrirfram fyrir heilt ár, hver skip þeir ætli að nota á ári því, er í hönd fer, verður auðvitað að setja einhvern frest eða einhver síðustu forvöð fyrir tilkynningunni. En eg get ekki skilið, að það sé heppilegt, að skylda menn til þess að ákvarða sig löngu fyrirfram um það, hvaða skip þeir ætli að nota eða til hvers, og tel eg miklu umsvifaminna, að menn þurfi ekki að fara krókaleið gegnum skrifstofu lögskráningarstjóra, heldur geti snúið sér beint til skoðunarmanna, þegar þeir vilji fá skip skoðað. — Fleira álít eg athugavert við frumv., og vil eg t. d. tilnefna síðustu málsgrein 2. gr., þar er ákvæði um, að lögskráningarstjóri megi ekki fela neinum fram kvæmd þeirra starfa, sem lög þessi leggja honum á herðar, er sjálfur sé útgerðarmaður eða veiti þilskipaútgerð forstöðu.

Nú sé eg ekki, að lögskráningarstjóra sé lögð önnur störf á hendur með lögunum, en að útnefna skoðunarmenn, fyrirskipa skoðanir, og taka móti skoðunargerðum. Hið fyrstnefnda á hann að sjálfsögðu jafnan að gera sjálfur, eða þá sá maður, er settur kann að vera til að þjóna embætti hans í fjarveru eða því um líku, en hin síðarnefndu störf verður hann að fela hreppstjórum eða umboðsmönnum sínum, þar sem hann eigi er viðstaddur sjálfur, og eg sé ekki neina ástæðu til, eða einu sinni fært, að banna þessum mönnum, að fást nokkuð við þilskipaútveg.

Eg bjóst við, að nefndin mundi koma með víðtækari breyt.till. en hún hefir gert, og því kom eg ekki með br.till. við þessa umræðu, en við 3. umr. mun eg leyfa mér að koma með tillögu í þá átt, að 2. gr. frumv. orðist á annan hátt en hér er gert.

Tryggvi Gunnarsson: Það hefir nokkuð verið talað um breyt.till. á þskj. 242, og skal eg í sambandi við hana gefa upplýsingar frá »Skipaabyrgðarfélaginu við Faxaflóa«. Í því félagi var fyrst ákveðið, að skoða skyldi skipin í janúarmánuði, en það reyndist óhentugt, og var því ákveðið, að skoðunin skyldi fara fram í lok októbermánaðar ár hvert. Þegar það kom fram við skoðunina, að mikið þurfti að gera við skipin, þá var nauðsynlegt að hafa tíma fyrir sér, til að panta efni í það, sem gera þurfti, svo það gæti komið með síðustu ársferð póstskipsins. Áður en það var gert, kom það fyrir, að skipin urðu að sitja eftir, þegar hin skipin fóru, út af því að efnið til við-

gerðarinnar kom ekki í tæka tíð. — Eg álít því, að það sé of seint, að setja takmarkið fyrir skoðunargerðinni í janúarmánuði, eins og gert er í breyt.till.; hentugast væri, að hún færi fram í október.

Að sönnu hefi eg skrifað undir nefndarálitið í þessu máli, en vegna annríkis míns í fjárlaganefndinni gat eg stundum ekki komið á fundi nefndarinnar, og er því sumt öðruvísi í frumv., en eg hefði óskað.

Eg býst við, að sumir skipaeigendur verði eigi ánægðir með ákvæðin í 1. gr. um bátana, þar sem farið er fram á, að hvert skip hafi svo stóra báta, að hann eða þeir geti bjargað í land 20 til 24 mönnum, ef skipinu hlekkist á. — Auðvitað er þetta rétt og sjálfsagt, en samt hygg eg, að það veki óánægju sumra útgerðarmanna, sem þykir það hindra aflabrögð, að flytja stóra báta á þilfari.

Breyt.till., sem hér liggur fyrir, er ekki til bóta, heldur til skemdar, og vil eg ráða til þess, að hún sé feld.

ATKV.GR.: 1. gr. frv. samþ. með 19 shlj. atkv.

Breyt.till. á þskj. 242, við 2. gr., feld með 11 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Arni Jónsson,	Björn Bjarnarson,
Jón Magnússon,	Hannes Hafstein,
Björn Kristjánsson,	Herm. Jónasson,
Eggert Pálsson,	Lárus H. Bjarnas.,
Einar Þórðarson,	Magnús Andrésson,
Guðl. Guðmundsson,	Magnús Stephensen,
Hannes Þorsteinss.,	Ólafur Briem,
Jóh. Jóhannesson,	Pétur Jónsson,
Jóh. Ólafsson,	Stefán Stefánsson,
Ólafur Ólafsson,	Tr. Gunnarsson.
Skúli Thoroddsen.	Þórh. Bjarnarson.

2. gr. frv., óbreytt, sþ. með 14 : 1 atkv.

3. gr. frv. sþ. í e. hlj.

4. gr. frv. sþ. m. 21 shlj. atkv.

5. gr. frv. sþ. m. 19 shlj. atkv.

6. gr. frv. sþ. m. 20 shlj. atkv.

7. gr. frv. sþ. m. 21 shlj. atkv.

8. gr. frv. sþ. m. 21 shlj. atkv.

9. gr. frv. sþ. m. 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Þriðja umr., 31. júlí. (C. bls. 351, 400).

Hannes Hafstein: Brt.. á þskj. 253, sem eg og aðrir 4 h. þingd.m. höfum leyft okkur að koma fram með, er í samræmi við það, sem kom fram í umræðunum við síðustu meðferð málsins hér í deildinni, og miðar að því, að gera skoðunargerðina á þilskipum vafningsminni, og stytta útgerðarmanni leiðina, þannig, að hann, í stað þess, eftir því, sem í frumv. er fyrirskipað, þurfi að ákvarða sig löngu fyrirfram um það, hvort hann ætli að halda úti skipi eða ekki, og svo tilkynna það skráningarstjóra, sem síðan útnefndi skoðunarmennina, þá geti hann strax snúið sér skriflega til eins manns, hins lögskipaða skoðunarmanns á þeim stað, er skipið á að leggja út frá, sem svo sjái um, að skoðunin fari fram tafarlaust, og tilkynni það síðan skráningarstjóra með því að senda honum skýrslu um skoðunina.

Síðari málsgrein 2. greinar frumv.: »Nú framkvæmir lögskráningarstjóri eigi sjálfur þau störf, er lög þessi leggja honum á herðar, og má hann þá ekki fela neinum framkvæmd þeirra, er sjálfur er útgerðarmaður eða veitir þilskipaútgerð forstöðu«, höfum við flutningsmenn breyt.till. ekki getað séð neina ástæðu til að taka upp, vegna þess, að okkur hefir virzt hún vera algerlega óþörf.

Þau einu störf, sem á lögskráningarstjóra hvíla, og sem til tals getur komið að hann láti aðra framkvæma, t. d. að taka á móti tilkynningu skoðunarmannanna, eru þannig vaxin, að það má alveg gilda einu, hver störf þessi framkvæmir.

Eg skal í því sambandi taka það sérstaklega fram, að hvað útnefningu á skoðunarmönnum snertir, þá er það alveg ljóst, að það er verk, sem hvílir persónulega á sýslumönnunum, sem skráningarstjórum, og sem þess vegna ekki getur komið til tals, að þeir geti falið umboðsmönnum á hendur að framkvæma fyrir sína hönd.

Jóhannes Ólafsson: Nefndin í fiskiveiðamálinu hefir tekið breyt.till. á þskj. 253 til meðferðar, og álítur hana vera heldur til bóta en ekki, og ræður því háttv. deild til þess að samþykkja hana.

ATKV.GR.: 1. breyt.till. á 253, við 2. gr. frumv., samþ. með 20 samhlj. atkv.

2. brt. á 253, við 3. gr. frv., samþ. með 21 shlj. atkv.

Frumv. í heild sinni, með áorðinni breytingu, samþ. með 21 samhlj. atkv., og verður sent Ed.

Ein umr., 17. ágúst. (C. bls. 622, 639).

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni samþykt í einu hljóði, og verður afgreitt til landshöfðingja, sem *lög frá alþingi*.

Síldveiði.

FRUMVARP til laga um ýmisleg atriði, er snerta síldveiði; 1. umr. 30. júlí. (C. bls 377).

Flutningsmaður (Hannes Hafstein): Frv. þetta er flutt hér inn á þing af okkur flutningsmönnum, mér og h. 2. þm. Skagf. (St. St.) eftir ósk fjöldamargra manna á Norður- og Austurlandi, sem reka síldveiðar. Tilgangurinn með frv. er sá sami og með lögunum frá í fyrra, um bann gegn útflutningi brúkaðra síldarnóta, sem fluttar hafa verið inn frá öðrum ríkjum, sem því miður er alt af hægt að fara kringum, nefnilega sá, að koma í veg fyrir að útlendingar, sem engan rétt hafa til að stunda hér veiði í landhelgi, þyrpist hópum saman hingað til fjarðanna, þegar síldarfregnir berast til útlanda, fylli fjörðu og víkur, og fari svo af landi brott með allan aflann, er veiðin er úti, sem oftast varir ekki nema stutta stund, í hæsta lagi 1—2 mánuði í senn, án þess einu sinni að í þá verði náð, til þess að leggja á þá neitt af þeim sköttum og skyldum, sem bæri að borga af svo arðvænni atvinnugrein; þetta verður vanalega á þann hátt, að þegar þessir útlendingar koma hingað, þá selja þeir öll veiðiáhöldin, að nafninu til, einhverjum innlendum »lepp«, og er veiðin svo rekin í hans nafni, meðan hún stendur yfir, en þegar veiðitíminn er úti, þá kaupa þeir aftur þessa eign sína, veiðarfærin og afla, sem auðvitað aldrei hafa úr þeirra höndum gengið, og sigla svo burt með alt saman. Þessir landar, sem notaðir eru sem leppar, eru oft svo efnum búnir, að beinlínis hlægilegt væri að leggja á þá þau útsvör, sem atvinnurekstri þessum hæfði, enda ekkert af þeim að hafa, þegar útlendingarnir eru farnir burt með veiðarfæri og afla, og auk þess eiga þeir sjaldnast heima í þeim sveitum, þar sem veiðin er stunduð.

Ein af brellunum til þess að fara í kringum lögin er sú, að taka á leigu íslenzk fiskiskip, og hafa þau í sam-

floti eða tengslum við hin útlendu gufuskip, til þess að hafa skúturnar að »lepp« fyrir þeirri síldarverkun, sem fer fram í hinum útlendu skipum í landhelgi. Það er tilgangur 1. gr. í frv. að koma í veg fyrir þetta. En um leið og komið er í veg fyrir ótilhlýðilegan »leppskap«, vinst væntanlega það, að þeir útlendingar sem vilja stunda veiði hér við land, taka sér fast aðsetur, og reka hér löglega atvinnu og borga löglegar kvaðir til landsþarfa.

Eg get auðvitað búist við því, að sumum kunni að þykja sum ákvæði frumv. nokkuð hörð, t. d. að þeir, sem leigja skip eður lána til síldarsöltunar, eða annarar síldarverkunar í landhelgi, skuli bera ábyrgð á því, að það sé eigi notað til málamynda til úthalds fyrir útlenda menn, en bæði er þess að gæta, að við gátum engan annan heppilegri veg fundið, sem nokkur von væri til að kæmi að liði, og auk þess eru þessi ákvæði þannig orðuð, að engin hætta er fyrir því, að einstakir menn verði beittir neinu gjörræði þeirra vegna, því að sönnunarskyldan fyrir því, að hinn rétti eigandi síldarúthaldsins, sem skipið hefir verið leigt eða léð, hafi eigi löglegan rétt til síldveiði í landhelgi, hlýtur vitanlega að liggja á hinu opinbera.

Til þess að koma í veg fyrir misklíð og óþarfa málarekstur höfum við flm. stungið upp á því, að skipa sérstaka umsjónarmenn til þess að skera úr því í hverju einstöku ágreiningstilfelli, um það, hvernig fylgja eigi fyrirmælum gildandi laga um síldveiði og upsaveiði með nót. Það getur verið, að sumum kunni að þykja þessi ákvæði einnig athugaverð, en við höfum þó reynt að haga þessu þannig, að með þessu sé umsjónarmönnunum ekki gefið neitt sérstakt úrskurðarvald, sem kæmi í bága við almennar réttarfarsreglur, heldur sé hverjum í sjálfsvald sett, hvort hann vill hlíta úrskurði þeim, eða ekki. Að eins er það aðhald sett, að ef einhver vill ekki hlýða úrskurðinum, og það síðar sannast með lagadómi, að úrskurðurinn hafi verið lögmætur, þá leiði þar af sérstaka ábyrgð fyrir þann, er ekki vildi hlýða.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um málið að sinni, en mun, að loknum umræðum um það, gera það að tillögu minni, að sett verði 3 manna nefnd í málið.

ATKVGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Tillagan um að vísa málinu til fiskiveiðanefndarinnar feld með 13 gegn 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Árni Jónsson,	Björn Bjarnarson,
Jón Magnússon,	Björn Kristjánsson,
Eggert Pálsson,	Einar Þórðarson,
Guðl. Guðmundsson,	Hannes Hafstein,
Hannes Þorsteinss.,	Herm. Jónasson,
Lárus H. Bjarnason,	Jóh. Jóhannesson,
Magnús Andrésson,	Jóhannes Ólafsson,
Magnús Stephensen,	Ólafur Briem,
Pétur Jónsson,	Ólafur Ólafsson,
Tryggvi Gunnarss.	Ólafur Thorlacius,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,
	Þórh. Bjarnarson.

3 manna nefnd sþ. með 16 atkv., og kosnir:

Hannes Hafstein með 19 atkv.
Jóh. Jóhannesson með 15 —
Stefán Stefánsson með 12 —

Forseti: Eg skal geta þess, í tilefni af því, að tveir af atkvæðaseðlunum til þessarar nefndarkosningar báru nafn forseta, að eg álít ekki vera heimild fyrir því, að forseti geti átt sæti í almennum nefndum, því eg álít það koma í bága við meginregluna í upphafi 5. gr. þingskapanna. Eg álít því

þessa kosningaseðla ógilda, sem nafn forseta stendur á.

Onnur umr. 11. ágúst (C. bls.377; n. 547).

Framsögumuður (Hannes Hafstein): Eg sé að mjög er orðið áliðið tímann, enda skal og vera stuttorður, og þá heldur bíða þess, að mótbárur komi fram.

Nefnd sú, er skipuð var í þetta mál, hefir rannsakað frv. svo vel og vandlega, sem hún hafði bezt vit á, og hefir hún komist að þeirri niðurstöðu, að ráða h. deild til að samþykkja það með fáeinum breytingum, er taldar eru á þgskj. 418. Brytingar þessar eru aðallega formbreytingar, en síður efnisbreytingar.

Tilgangur frv. er að koma í veg fyrir, að farið sé í kringum núgildandi lög um síldveiði í landhelgi. Þetta hefir verið gert með ýmsu móti, eins og bent er á í nefndarálitinu, og skal eg ekki endurtaka það hér, því að eg veit, að h. þingm. hafa kynt sér það; og hins vegar sýna orð og tillögur frv. gjörla, hvernig hugsað er að koma í veg fyrir þetta atferli.

Í 2.gr. er varhugaverðasta ákvæði frv. Þar er mælt svo fyrir, að maður, er ljær eða leigir öðrum skip til síldarsöltunar eða annarar síldarverkunar í landhelgi, geti orðið sekur, þótt hann hafi að engu öðru leyti brotið á móti lögum þessum, ef hann að eins hefir vanrækt að kynna sér til hlítar, við hvern hann samdi. Þar stendur: » — — verður þá eigandi sekur eftir lögum þessum, ef það sannast, að réttur eigandi síldarúthalds þess, er síldarinnar aflaði, hefir eigi löglegan rétt til síldveiði í landhelgi«. En eg álít þó þetta ákvæði nauðsynlegt til þess, að tilgangi þessara laga verði náð, og það kemur ekki í bága við almennar grundvallarreglur laga, svo að þess vegna getur það staðist.

Aðrar breytingar, er nefndin hefir gert við frv., fara aðallega í þá átt, að skýra ákvæði þess.

Hin helzta af þessum breytingum er við 3. gr., viðvíkjandi eftirlitsmönnum þeim, er lögin ætlast til að skipaðir verði á hverjum firði, til þess að koma í veg fyrir þrætur manna á milli út af veiðinni. Nefndin hefir gert ráð fyrir, að þessir eftirlitsmenn kveði upp úrskurði í þeim deilum, er verða kunna, þó þannig, að hver, sem ekki vill hlíta úrskurðinum, megi bíða, þar til mál er höfðað og dómsúrskurður fenginn um ágreinigsatriðið;en þá sé hann líka skyldur til að borga málskostnað og annan skaða, er af biðinni hlýzt, svo framarlega sem úrskurður eftirlitsmanna reynist lögmætur að lagadómi. Þetta ákvæði er til tryggingar því, að menn veki ekki ónauðsynlegar þrætur.

Skal eg svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál að sinni; vona eg að hin h. deild taki því sem bezt.

ATKV.GR. 1. gr. frv. sþ. í e. hlj.

1. brt. á þgskj. 418, við 2. gr., sþ. í e. hlj.

2. gr. frv., þannig breytt, sþ. í e. hlj.

2. brt. á þgskj. 418, við 3. gr., sþ. í e. hlj.

3. gr. frv., þannig breytt, sþ. í e. hlj.

3. brt. á þingskj. 418, við 4. gr., sþ. án atkvgr.

4. brt. á þingskj. 418, við 4. gr., sþ. með 19 samhlj. atkv.

5. brt. á þingskj. 418, við 4. gr., sþ. með 19 shlj. atkv.

4. gr. frv., þannig breytt, samþ. í e. hlj.

5. gr. frv. sþ. með 20 shlj. atkv.

6.—7. gr. frv. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr. 13. ágúst (C. bls.612).

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni samþ. í e. hlj., og verður afgreitt til Ed.

Ein umr. 25. ágúst. (C. 773, n.779).

Framsögumaður (Hannes Hafstein): Eg leyfi mér að vísa til nefndarálitsins, er leggur til að frv. sé samþykt óbreytt, eins og það kemur frá h. Ed. Breytingar þær, sem sú deild hefir gert, eru óverulegar og fremur til bóta.

ATKVGR. Frv. í heild sinni sþ. í e. hlj., og verður afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Friðun hvala.

FRUMVARP til laga um breyting á 1. gr. í lögum 19. febr. 1886, um friðun hvala; 1. umr. 29. júlí. (C. bls. 373).

Flutningsmaður (Hannes Hafstein): Þetta frumv. er borið fram í samræmi við það, er fram var tekið þegar frumv. um aukið útflutningsgjald af hvalafurðum var hér til umr., og miðar að eins að því, að breyta 1. gr. laga 19. febr. 1886 og lögum frá 15. jan. 1892 þannig, að friðunartími hvala í landhelgi nái árið um kring. Frumvarpið er 1. gr. í lögunum frá 1886, óbreytt að öðru leyti en þessu, og svo því, að við flutningsmenn fellum úr hið almenna ákvæði um, að allir tannhvalir skyldu vera undanteknir friðuninni; við höfðum sérstaklega fyrir augum »búrann« (»Kaskelotten«), sem stundum er veiddur af hvalveiðamönnum hér, en annars mun hann vera mjög sjaldgæfur, svo þessi litla breyting gerir væntanlega lítið til eða frá. Að öðru leyti sé eg ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta mál, meðan það engum mótbárum sætir, en leyfi mér að vænta, að það fái að ganga sinn gang gegn um h. deild.

Jóhannes Jóhannesson: Eg hefi gerst meðflutningsmaður þessa frv., ekki af því að eg álíti, að það gangi nógu langt, heldur hins vegar af því, að mér sýnist það vera spor í áttina. Hin síðari árin hafa hvalveiðar Norðmanna hér við land og hið gengdarlausa hvaladráp þeirra vakið hina mestu eftirtekt, einkanlega við sjávarsíðuna norðan- og austanlands, og um þessar mundir er óhætt að fullyrða, að það er ekkert mál, sem allir þeir, er síldveiðar og fiskveiðar stunda, telja annað eins velferðarmál fyrir sig, eins og takmörkun hvaladrápsins. Þeir, sem síldveiðar og sjávarútveg stunda, eru sannfærðir um það, að því meira sem hvölunum fækkar hér við land, því minni líkur séu til þess, að atvinnuvegur þeirra geti svarað kostnaði og kenna hvaladrápinu um það síldar- og fiskileysi, er hefir þjakað Austfirðinga svo mjög þessi síðustu ár. Það er hryggilegt til þess að hugsa, að útlendingar þeir, sem í raun og veru eiga hvalveiðastöðvarnar hér á landi og reka þá lang arðvænlegustu atvinnu, sem hægt er að hugsa sér hér, skuli eigi einasta taka mestallan þann gróða, sem henni er samfara, og flytja hann til annara ríkja, heldur og á fáum árum gjöreyða svo hvalnum hér við land, að þess er engin von, að eftirkomendur vorir geti haft arð af þessari atvinnu, þótt þeir vonandi verði þess megnugir að stunda hana, og hún, rekin á skynsamlegan hátt, geti gefið góðan arð um langan tíma.

Þá er það og eitt atriði enn, sem gerir það að verkum, að mönnum blöskrar þetta gengdarlausa hvaladráp, sem

á örfáum árum hlýtur að gjöreyða öllum hval hér við land, og það er það, að hvalrekar hafa verið mjög tíðir hér frá fyrstu tímum, þangað til nú síðustu árin, og oft í ísárum, þegar aðflutningar til landsins hafa hindrast, hafa bjargað heilum sveitum frá hungursneyð og dauða, og auðgað margan mann. Ef hvaladrápið verður eigi takmarkað að miklum mun, liggur í augum uppi, að hvalrekar hætta alveg að bjarga mönnum frá hallæri, og einkennilegt er það, að þótt ís lægi hér við landd veturinn 1901--1902, rak ekki einn einasta hval.

Á þessu síðasta ári hafa því ýmsir fundir verið haldnir á Norður- og Austurlandi, og á þeim öllum verið krafizt, að hvaladrápið verði takmarkað sem mest, eða bannað með öllu. Hafa þar verið samþyktar áskorauir til alþingis að samþykkja lög um þetta efni. Fundur, sem haldinn var á Seyðisfirði í febrúar síðast liðnum, vildi nú fara aðra leið og snúa sér til stjórnarinnar og biðja hana að taka málið í sínar hend ur og undirbúa það undir þetta þing. Þótti fundinum þessi leiðin miklu vænlegri til árangurs, þar sem málið yrði miklu betur undirbúið frá stjórnarinnar hendi en frá þingmönnum, stjórnarfrv. líklegra að ná fylgi þingsins en þingmannafrv., og loks vissa fyrir því, að stjórnarfrumvarpið hlyti staðfestingu konungs, ef það yrði samþykt af þinginu, þar sem að vel gæti farið svo, að þeir gallar yrðu á þingmannafrumvarpi, að stjórnin sæi sér ekki fært að ráða til, að það hlyti staðfestingu konungs, þótt hún væri málinu hlynt. Hins vegar var það skoðun fundarins, að málið þyldi enga bið, og að af því gæti hlotist óbætanlegt tjón, ef ekkert væri að gert á þessu þingi.

Þessi fundarsamþykt var síðan send hæstv. landshöfðingja áleiðis til stjórnarinnar. Leitaði hann álits Bjarna kennara Sæmundssonar um málið, og komst að þeirri niðurstöðu í tillögum sínum til stjórnarinnar, að ráða frá því, að hún tæki málið í sína hönd, af því að það væri ósannað, að hvalir hefðu áhrif á síldar- og fiskigöngur landsmönnum í hag, og svo af því, að hreyfingin gegn hvalamönnum væri að eins í 4 sýslum landsins. Niðurstaðan er því orðin sú, að stjórnin hefir ekkert gert. Eg verð nú að láta í ljós það álit mitt, að það hafi verið stórbagalegt fyrir landið að hæstv. landsh. skyldi komast að þessari niðurstöðu, og eg er sannfærður um, að þeir verða fleiri en eg, sem verða óánægðir þegar það vitnast, hverjar tillögur hans hafa verið, og að þær réðu úrslitum málsins. Það kann nú að vísu að vera satt, að það sé ekki *vísindalega* sannað, að hvalir hafi áhrif á síldar- og fiskveiðar landsmönnum í hag, en reynsla sjómanna bendir ótvíræðlega í þá átt, og þeir eru þess fulltrúa, og þeir eiga meiri heimtingu á að tekið sé tillit til velferðar þeirra en nokkrir útlendir auðkýfingar. Eins vona eg að hæstv. lh. sannfærist um það á þessu þingi, að það verða fleiri en þingmennirnir norðan og austan, sem bera þetta mál fyrir brjóstinu. Úr því að stjórnin tók nú ekki hvalafriðunarmálið í sína hönd, hafði eg búist við því, að fiskiveiðanefndin mundi gera það, og það var fyrst þegar það var auðsætt, að hún ætlaði ekkert að gera í þessa átt, að samflutningsmaður minn og eg hleyptum þessu frumvarpi af stokkunum, þótt við værum vissir um, að það gangi ekki nógu langt í friðunaráttina, en við þorðum ekki að ganga lengra, vegna ónógs undirbúnings, og þess, að við óttuðumst, að það myndi verða málinu til falls í þinginu, sérstaklega þegar þess er gætt, hve liðið er á þing.

tímann. Frumvarpið er spor í áttina, og eg vona að þingið taki því vel.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 20 atkv.

Önnur umr. 31. júlí (C. bls. 373).

ATKV.GR.: 1. gr. frv. samþ. með 17 shlj. atkv.

2. gr. frv. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Þriðja umr. 3. ágúst. (C. bls.373).

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni sþ. með 15 shlj. atkv., og sendist Ed.

Ein umr. 18. ágúst, (C. bls. 644).

Flutningsmaður (Hannes Hafstein): Breyting sú, sem h. Ed. hefir gert á frv. þessu, er aðallega fólgin í því, að taka upp óbreytt ákvæði laganna 19. febr. 1886, að því er þá hvali snertir, sem eru undanþegnir friðuninni í landhelgi. Við flutningsmenn höfum álitið nóg að undantaka smáhveli eins og hnýsur, marsvín o. s. frv., því að þeir hvalir eru það, sem Íslendingar aðallega skjóta. Aftur þótti okkur óþarfi að undantaka hval eins og búra, og álitum ekki ástæðu til áð gera hann ófriðhelgan. En það er hvorttveggja, að hvalategund þessi er mjög sjaldgæf hér, því hún á eiginlega heima í suðrænni höfum, og sést hér að eins endrum og sinnum, enda er þetta atriði ekkert kappsmál. Fyrst nú hin háttv. Ed. hefir viljað breyta þessu aftur, þá viljum við flutningsmenn ekki gera það að ágreiningsefni, eða fara að flækja frv. milli deilda út úr svona óverulegu atriði, og leggjum við því til, að háttv. Nd. samþykki frumv., eins og það kom frá h. Ed.

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni samþ. með 20 shlj. atkv., og verður afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Strandgæzlubátur.

TILLAGA til þingsályktunar um sérstakan strandgæzlubát á Faxaflóa. Ein umr. 16. júlí, (C. bls. 200).

Björn Kristjánsson: Eg vildi segja nokkur orð, enda þótt það sé óþarfi að mæla með þessari tillögu, þar sem hún mælir bezt með sér sjálf. Tillögur sama efnis hafa verið samþyktar tvisvar áður hér á þinginu, meðan hægrimannastjórnin sat að völdum, og var eðlilegt, að það bæri engan árangur þá. En nú eru stjórnarskifti orðin í Danmörku, og sú stjórn, sem nú situr að völdum, mun hafa meiri áhrif á fjárveitingar þingsins danska en hin hafði. Það er auðsætt, að brýn nauðsyn er á því fyrir menn hér við Faxaflóa að fá betri strandgæzlu en áður, svo þeir geti notað fiskimið sín. Danir hafa samið við Englendinga um fiskiveiðar hér við land, og er þar í 15. og 19. gr. samningsins ákveðið, að botnvörpur megi ekki koma við veiðarfæri manna þó útan landhelgi sé. En þessi samningur getur ekki komið að liði nema strandgæzlan sé í lagi. Eg býst nú líka við að þessi bátur gæti fengist nú, þegar Færeyingar hafa fengið strandgæzlubát. En hann þyrfti að vera bygður líkt og botnvörpuskip, því það er óheppilegt að hafa stór skip, er þekkjast á löngu færi, og yrði árangurinn betri með litlu skipi, er líktist botnvörpuskipum.

Eg vona að hv. deild taki tillögunni vel og samþykki hana.

ATKV.GR.: Tillagan sþ. með 17

samhlj. atkv. og verður afgreidd til landsh.

Verzlunarlóð Reykjavíkur.

FRUMVARP til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar í Reykjavík. 1. umr. 10. júlí. (C. bls. 196).

Flutningsmaður (Tryggvi Gunnarsson): Eg vona að hinni hv. deild þyki eðlilegt, þótt farið sé fram á að stækkuð sé verzlunarlóð Reykjavíkur, þar sem bæði húsum og mönnum hefir fjölgað um helming á síðustu 10 árum. Eg vona að frv. fái góðan byr hjá hv. deild, það er einstaks eðlis og getur ekki verið neinum út um landið til skaða, en mörgum bæjarbúum til gagns. Þau hús, er standa utan takmarka verzlunarlóðarinnar, eru minna virði en þau, er standa innan þeirra, og eigendum húsanna fyrir utan verzlunarlóðina er skaði að því að mega eigi verzla í þeim. Það er eðlilegt, að mörgum af hinum hv. þingmönnum séu ókunn hin núverandi takmörk verzlunarlóðar bæjarins, og var það því ætlan mín að setja þau mörk, sem nefnd eru í frv., á hið nýja kort yfir bæinn, en þá reyndist það of lítið til þess. Bæjarstjórnin hefir á tveim fundum rætt þetta mál og orðið ásátt um, að bezt hentaði fyrir bæinn, að takmörk verzlunarlóðarinnar væru sett eins og hér er farið fram á.

Eg sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta efni að svo stöddu, fyr en mótmæli koma, og óska þess, að málið fái að ganga til 2. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr. 22. júlí. (C. bls. 196; 261).

Olafur Ólafsson: Eg hefi komið fram með brt. við frv. það, sem hér liggur fyrir. — Aðalbrt. fer í þá átt, að stækka enn þá meira verzlunarlóðina í Reykjavík, heldur en farið er fram á í frv. — Eftir þeim takmörkum, sem eru á verzlunarlóðinni í frv., á þgskj. 42, þá verður nfl. eftir að sunnanverðu, milli Reykjavíkur og Skerjafjarðar, bygð ræma, sem ekki verður innan takmarka verzlunarlóðarinnar. — Þeir menn, sem búa á þessum jörðum, hafa látið það í ljós, að þeir vildu fara þess á leit við þingið, að takmörk verzlunarlóðarinnar væru færð þannig út, að þeir yrðu innan þeirra takmarka; með öðrum orðum, að takmarkalínunni að austanverðu verði haldið áfram frá Grænuborg suður til Skerjafjarðar, er verður þá suðurtakmark; en að vestanverðu ráði landamerkjalína milli Reykjavíkurbæjar og Seltjarnarneshrepps norður í Grandabót, með öðrum orðum, að mörkin milli hreppsins og bæjarins séu líka takmörk kaupstaðarlóðarinnar þeim megin. Mér hefir verið bent á það af kunnugum manni, að það væri heppilegra, að orða brtill. öðruvísi; eins og hún er orðuð, er það nokkuð óákveðið, og þyrfti að vera orðað svo, að vesturtakmörkin séu lína sunnan frá Skerjafirði á takmörkum hrepps og bæjar norður í sjó.

Eg skal geta þess, að eg hefi ekki fundið upp á því sjálfur að koma með þessa tillögu. Eg hefi hér milli handanna skjal, sem hefir verið lagt fram á lestrarsalinn, frá bændum á Grímsstöðum og Görðunum, þar sem farið er fram á þetta. Það voru sérstök atvik sem lágu til þess, að eg gerðist flutningsmaður að þessu; eg heyrði það á þeim, sem fóru þess á leit, að þeir báru fullkomið traust til þess, að hv. þm. þeirra mundi verða þessu fylgj-

andi. Mér finst öll sanngirni mæla með, úr því þeir eru borgarar kaupstaðarins, að þeir fái að njóta hinna sömu hlunninda eins og aðrir borgarar. Eg kann ekki við að vera að skilja eftir þessa ræmu suður með sjónum. Því hefir verið spáð, að á komandi tíma muni aðalhöfn Reykjavíkur verða að sunnanverðu, við Skerjafjörðinn, einmitt við þessa ræmu. (*Þórhallur Bjarnarson*: Austar, innar). Kann að vera, en á sama stað; hún kann að ná lengra inn á við og út á við, þegar Reykjavík er orðin svo stór, að hún nær inn að Elliðaám og fremst fram á Nes, eins og þeir menn hugsa sér, sem bjartastar hafa fyrir sér framtíðarhugsjónirnar í þessu efni. En það, að bent hefir verið á, að höfnin mundi verða þarna megin, þykir mér vera sterk ástæða til að þessir menn fái þessa beiðni sína. Sé neitað um þetta nú, þá er eg alveg sannfærður um, að á næsta þingi kemur beiðni um að verzlunarlóðin verði færð svona út, og eg tel engan efa á, að það verði gert þá. Á þinginu 1891 var einmitt rætt um þessa stækkun verzlunarlóðarinnar; ónefndur þingmaður, sem þá átti sæti hér í deildinni, en ekki nú, hreifði þá andmælum gegn því og sá ýms ljón á veginum, sem honum þóttu ósigrandi, til að fara þessa braut. — En hvað skeður? Nú er farið fram á hið sama; og nú sér enginn maður nein ljón á veginum; nú er það talið sjálfsagt.

Hví eigum við ekki að stíga þetta spor núna? Hví ekki að uppfylla þessar kröfur, þegar við sjáum það í hendi okkar, að það verður gert innan skamms tíma; það er einungis tímaspursmál, og í mínum augum er það eðlilegast að uppfylla kröfurnar strax nú, þegar verzlunarlóðin verður stækkuð á annað borð.

Eg veit það, að þeir sem hafa á móti þessu, þeir hafa ýmsar ástæður fram að bera, og sumar þeirra að mörgu leyti eðlilegar. Því mun verða borið við, að þetta sé kostnaðarauki fyrir bæinn til gatna og ljóskera. Nú, látum svo vera; en mér finst að þessir menn þarna suður frá, sem bera skatt og skyldur með öðrum bæjarbúum, eigi að njóta sömu hlunninda. Eg vil ekki láta réttarmissi vera fólginn í því, hvar maðurinn á heimili, hvort við þessa ströndina eða hina; eg vil láta þá, sem bera jafnar byrðar, hafa sömu réttindi.

Eitt af því, sem þessir menn byggja kröfur sínar á, er það, að lóðir þeirra muni hækka í verði. Og hví ekki það? Hví ætti að halda lóðum þessara manna í lægra verði en annara, sem af hendingu eiga lóðir á öðrum stað? Hví skyldi ekki útvegsbóndinn í Görðunum mega njóta sömu réttinda með skip sitt og útveg sinn, eins og þeir menn, sem heima eiga á Seli og hjá Rauðará, eða yfir höfuð eins og þeir menn, sem af hendingu búa innan þeirra takmarka, sem farið er fram á í frv.

Það er eitt einkennilegt við oss Íslendinga. Þegar við erum að heimta frelsi vort af öðrum, þá höfum við vanalega munað eftir að setja þær kröfur nógu hátt; en þegar við erum að skamta frelsið hver öðrum, þá erum við ekki æfinlega svo ríflr á roðunum, heldur skömtum þá úr hnefa; og svo finst mér vera gert, að því er snertir stækkun verzlunarlóðarinnar, mér finst hún vera skömtuð úr hnefa. Eg vona að eg meiði ekki bæjarstjórn Reykjavíkur — eg sé góða parta hennar hér á móti mér — þó eg segi þetta; eg segi það ekki fremur til hennar, en almennt; mér hefir oft fundist þessi stefna vera ríkjandi bæði utanþings og innan, að þegar við erum að skamta hver

öðrum frelsið, þá erum við mjög smátækir.

Eg býst við mótmælum gegn tillögu minni; eg er farinn að sjá það á hv. þm. Borgf.; en eg er sannfærður um, að hann muni tala skynsamlega og hógvært, eins og hann á vanda til. Líka býst eg við að hv. þm. Rvk. (Tr. G.) láti til sín heyra; hann er tvöfaldur í roðinu, þar sem hann er bæði þm. Rvk. og í bæjarstjórninni; en eg vænti þess af honum, af því hann er þm. Rvk., að hann líti á mál þetta ekki einungis frá sparnaðarhugsjón bæjarstjórnarinnar, heldur líka frá sjónarmiði kjósenda sinna, þeirra er búa suður við Skerjafjörð; og þeir vænta þess þar suður frá líka.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta að sinni, fyr en eg heyri að minsta kosti undirtektir deildarinnar um þetta mál.

Flutningsmaður (Tryggvi Gunnarsson): Háttv. 2. þm. Árn. (Ól. Ól.) bjóst við því, að eg mundi geta verið með þessari breyt.till., sem hann hefir komið fram með, af þeirri ástæðu, að eg sé þm. fyrir þá menn, sem hafa óskað þessarar breytingar. En því miður get eg það ekki, þó eg sé tvöfaldur í roðinu, eins og hann komst að orði, því að bæði flyt eg mál þetta fram hér á þingi eftir áskorun bæjarstjórnarinnar, og svo er það líka mín sannfæring, að það sé ekki gagnlegt. Hann hélt því að mér, að eg sem þm. ætti að líta á málið frá sjónarmiði þeirra kjósenda minna, er breytingarinnar óska; en því verð eg að svara, að eg á ekki að fara eftir ósk fáeinna manna, ef það er í móti vilja og áliti fjöldans af kjósendum. Mér finst það, sem breyt.till. fer fram á, bæði þýðingarlaust og óhentugt; þýðingarlaust ef það verður ekki notað, en ef það verður notað, þá verður miklu erfiðara og kostnaðarsamara með eftirlit lögreglunnar hér í bænum. Eins og allir vita, hefir bæjarfógetinn ærið mikið starf, svo ekki er á það bætandi, og svo mundi þetta hljóta að hafa nokkurn kostnað í för með sér fyrir bæinn; svo að þegar á alt er litið mundi það verða óheppilegra fyrir fjöldann, þó einir 2 eða 3 menn þar suður frá kynnu að hafa gagn af því, Eg verð því bæði sem bæjarstjórnarmaður og þm. að verða á móti þessu.

Það var eitt, sem flutningsm. breyt.-till. sagði áðan, og sem kann að geta vilt ókunnuga hér í deildinni, það, að með tímanum muni verzlunin flytjast að Skerjafirði; en það eru engin meðmæli með breyt.till.; því á svæði því, sem hér er um að ræða, verður aldrei höfn; það er fyrir vestan Skildinganes; en sá staður, sem áður hefir verið talað um fyrir skipabryggju, er fyrir suðaustan Skildinganes. En þarna verður aldrei höfn né uppskipun, svo að því leyti er það þýðingarlaust, sem flutnm. tók fram um þetta efni, til stuðnings breyt.till. sinni. (*Ólafur Ólafsson*: Nei, nei, nei!) Flutnm. breyt.till. hélt að eg mundi færa til mótmæla gegn henni aukinn kostnað við ljósker og götur; það er sjálfsagt, að það væri nokkur kostnaður, en á það væri ekki litið, ef það væri álitið nokkurt gagn fyrir dáltinn part af bæjarbúum. En þeir menn, sem búa á þessu svæði, eru mjög efnalitlir menn, það er kannske einn einasti maður, sem mundi hafa gagn af þessu sem stendur, og sem eg veit að hefir óskað þessa, því hann hefir talað við mig um það. En eg þykist vita, að h. þingd. vilji byggja meira á því, sem bæjarstjórnin hefir rætt og yfirvegað, heldur en þó einn einasti maður fái einn einasta mann til að flytja þetta inn á þing.

Eg álít sjálfsagt að málinu verði vísað til 3. umr.

Ólafur Ólafsson: Eg þarf ekki að svara mörgum orðum háttv. þm. Rvk., vegna þess, að mótbárur hans móti þessari breyt.till. voru svo veigalitlar, að eg get ómögulega álitið, að þær ráði þeim úrslitum, að breyt.till. verði feld. Hann lagði áherzlu á það, að ef kaupstaðarlóðin næði svona langt, þá yrði eftirlitið örðugra. En eg get ekki gjört mikið úr þessari mótbáru. Mér sýnist það vera bæði góður vegur og ekki tiltakanlega langur héðan úr Reykjavík og suður að Görðunum. Eg veit, að þegar um það hefir verið að ræða, að leggja ný skylduverk á bak hreppsnefndum, þá hefir annað eins ekki verið talið eftir hreppsnefnd eða oddvita. — Eg skal játa það, að bæjarfógeti hér í Reykjavík hefir fjarskalega mikið að gjöra, og ef til vill meira en hæfilegt er að leggja á einn mann; en fyrir þá sök get eg ekki fallist á, að það sé réttmæt ástæða móti þessari tillögu. Ef störfin eru orðin svo mikil á herðum þessa manns, að hann geti ekki leyst þau af hendi, þá á að gjöra þá breytingu, að létta störfunum af honum, en stækkun verzlunarlóðarinnar á ekki að líða við það; enda get eg ekki séð, að þetta yrði stór ábætir á störf bæjarfógeta, að minsta kosti nú fyrsta kastið.

Önnur ástæða, sem háttv. þm. Rvk. (Tr. G.) bar fram móti breyt.till., var sú, að sú höfn, sem kapt. Hammer hefir spáð að verði við Skerjafjörð, muni verða innar en á því svæði, sem nú er farið fram á að bætt sé við kaupstaðarlóðina. Þetta verður líka, en það sannar ekkert, vegna þess, að á sama tíma sem aðalhöfn bæjarins er orðin að sunnanverðu, þá hlýtur verzlunarmagn bæjarins að flytjast suður að firði; og eg ímynda mér að það mundi alveg eins taka yfir þetta svæði. Afleiðingin verður sú, að þessi spilda, sem hér er um að ræða, hún hlýtur þá að verða innan takmarka verzlunarlóðarinnar.

Þriðja ástæðan, sem hann bar fram móti breyt.till., var sú, að það væru fátækir menn þarna suður frá. Hún þótti mér satt að segja leiðinlegust. Eg vil aldrei miða réttindi manna við ríkidæmi eða fátækt; heldur álít að allir eigi að vera jafnir gagnvart lögunum, og að eins beri á það að líta, hvað rétt sé í sjálfu sér. Svo er og með það, sem hér er farið fram á; annaðhvort er það sanngjarnt eða sanngjart ekki, réttlátt eða réttlátt ekki, skynsamt eða skynsamt ekki. Það má kannske segja, að það sé ein ástæða frekar að gjöra það, ef þar er sterkur útvegsbóndi, sem hefir talsvert auðmagn, en réttarskerðing eða réttaraukning álít eg að eigi ekki að miðast við efnahag manna.

Það sé fjarri mér, að leggja nokkurt misjafnt orð á bæjarstjórn Reykjavíkur; en eg álít, að í bæjarstjórn Reykjavíkur sé, eins og í hverri annari »Institution«, menn, sem geti missýnst; og í almæli er það hér í bæ — að bæjarstjórninni ólastaðri — að henni geti missýnst; eg skal ekkert segja um, hvort það er rétt eða ekki. Eg get fjarska vel sett mig í spor hennar; hún verður náttúrlega að hafa fyrir augum sparnað á fé bæjarins, og þó hér sé ekki um stór útgjöld að ræða, þá mundu einhver smáútgjöld aukast við það.

Ástæður þær, er háttv. þm. Rvk. (Tr. G.) bar fram, eru ekki svo lagaðar í mínum augum — og eg vona ekki í augum annara þm. —, að það sé ástæða til að fella breyt.till. — Hann sagði, að um þetta hefði ekki beðið meiri hluti kjósenda. En það er varla

von, að meiri hluti kjósenda biðji um það, enda ekki tími til þess, að það gæti komist í kring. Eg skal skjóta því fram, að gefnu tilefni, að þeir menn, sem komu með þetta skjal, og skrifuðu undir það, létu þess getið, að að Seltirningar mundu vera þessu mjög hlyntir. Þeir eru að vísu ekki kjósendur hér, en þeir eru íslenzkir borgarar, sem maður verður að taka tillit til, og þeir eru þó kjósendur einhverra þm. (*Tryggvi Gunnarsson*: Þetta er ekkert gagn fyrir þá). Eg álít ekki mitt, og einskis þm. hér í salnum, að vera fjárhaldsmaður þeirra, en þeir hafa leyfi til að hafa sína meiningu og álit, hvað sér sé hagfelt og hvað sér sé ekki hagfelt. — Við vitum ekkert um, hvernig meiri hluti kjósenda í Reykjavík mundi líta á þetta mál; við vitum, hvernig bæjarstjórnin lítur á það, en hún er alt annað en meiri hluti kjósenda hér í bæ.

Eg er samþykkur því, sem þm. sagði síðast, að það sé heppilegt að vísa þessu máli til nefndar (*Tryggvi Gunnarsson*: Nei). Var það misskilningur. Það fórst fyrir um daginn, en það var meining mín að þessu máli væri vísað til nefndar.

(Þórhallur Bjarnarson): Það er að eins örstutt bending, er eg vildi koma fram með, og er hún sú, að bæjarstjórnin hefir enn eigi haft tækifæri til að ræða þetta atriði. Þrátt fyrir það, að málið hafði verið lengi á leiðinni hjá bæjarstjórninni, verið athugað af nefnd, og af því sagt í blöðunum, þá heyrðust þó engar raddir þarna sunnan að í þessa átt um útfærslu verzlunarlóðarinnar. Nú verður fundur innan skamms í bæjarstjórninni; þá getur hún fengið tækifæri til að athuga þetta er breyt.till. á þgskj. 161 fer fram á. Telji bæjarstjórnin útfærsluna meinlausa eða finni jafnvel ástæðu til að mæla með henni, er alt af hægt að laga frumv. í þá átt í efri deild. Mæli bæjarstjórnin hins vegar á móti þessari stækkun, þá álít eg ekki rétt að þingið samþ. hana. Þess vegna tel eg það ráðlegast fyrir hina háttv. deild, að láta frumv. halda sér að svo stöddu, og lofa bæjarstjórninni að athuga þetta efni.

Ólafur Ólafsson: Við leiðbeining háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) hefi eg ekkert að athuga annað en það, að fyrir síðasta bæjarstjórnarfund átti eg tal við háttv. þm. Rvk. (Tr. G.), og kvaðst hann þá mundu bera þetta atriði undir bæjarstjórnina; hélt eg satt að segja að hann hefði gert það.

Annars vildi eg leyfa mér að stinga upp á, að nefnd verði skipuð í málið.

Flutningsmaður (Tryggvi Gunnarsson): Eg vildi að eins leyfa mér að gera þá athugasemd við ummæli háttv. 2. þm. Árn. (Ól. Ól.), að eg hefi hvorki lofað honum né öðrum, að bera þetta atriði upp á bæjarstjórnarfundi. Háttv. þm. hefir misskilið mig. Eg vísaði viðkomandi manni til bæjarfógetans, og sagði að hann gæti átt um það við bæjarfógetann, hvort hann vildi bera þetta atriði upp eða ekki á bæjarstjórnarfundi.

Háttv. sami þm. kvað mig fara eftir því, hvort menn væru ríkir eða fátækir, er um veitingu einhverra réttinda væri að ræða. Einnig í því atriði hefir hann misskilið mig. Eg lít jafnt til fátækra sem ríkra. Hitt mintist eg á, að enginn þeirra, er á umræddu svæði býr, gæti fyrir fátæktar sakir notað sér þau réttindi, er breyt.till. fer fram á að veitt skuli, að einum einasta manni undanskildum. Háttv. þm. talaði drjúgan um jafnréttistilfinning sína. En eg fæ ekki betur séð, en að held-

ur hallist á fyrir honum sjálfum um réttlætið. Fyrir austan miðbæinn er eins stór spilda eins og þetta svæði fyrir vestan bæinn, sem hann vill löggilda, og sem alveg eins mætti láta lenda innan takmarka verzlunarlóðarinnar. Því þá ekki að veita þeim mönnum, er þar búa, sömu réttindi? (*Ólafur Ólafsson*: Þeir hafa ekki beðið um það!). Þarf að knýja fram réttlætistilfinninguna hjá þm? Mér finst réttlætistilfinningin eiga að koma fram af sjálfu sér. Hluturinn er, að ákafi háttv. þm. um þetta mál mun ekki vera sprottinn af tómri réttlætistilfinningu, heldur af fylgi við einstakan mann.

Í rauninni finst mér það blátt áfram kátlegt, að vilja löggilda þetta kögur fram með Skerjafirði, sem er tómir flóar og mýrar; þar verður hvort eð er aldrei nein höfn framundan.

Eg vona því að frumv. verði látið ganga óbreytt til 3. umr., þótt ekki sé af annari ástæðu en þeirri, er háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) tók fram, að þetta viðbótaratriði hefir enn eigi verið rætt á bæjarstjórnarfundi. Reyndar þykist eg vita, að það fái þar ekki mikinn byr, því að eg hefi talað við marga úr bæjarstjórninni um þetta, og hafa flestir álitið það þýðingarlaust, og einungis til erfiðisauka og kostnaðar fyrir bæinn.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þgskj. 161 feld með 12 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Bjarnarson,	Árni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Jón Magnússon,
Guðl. Guðmundsson,	Eggert Pálsson,
Lárus H. Bjarnas.,	Einar Þórðarson,
Magnús Andrésson,	Hannes Hafstein,
Ólafur Briem,	Hannes Þorsteinss.,
Ólafur Ólafsson,	Herm. Jónasson,
Skúli Thoroddsen,	Jóh. Jóhannesson,
Stefán Stefánsson.	Jóh. Ólafsson,
	Magnús Stephensen,
	Tr. Gunnarsson,
	Þórh. Bjarnarson.

Olafur Thorlacius og Pétur Jónsson voru eigi á fundi.

Breyt.till. á þgskj. 115 feld, að viðhöfðu nafnakalli, með 13 : 8 atkv., og sögðu

já:	*nei*:
Björn Bjarnarson,	Árni Jónsson,
Guðl. Guðmundss.,	Jón Magnússon,
Lárus H. Bjarnason,	Björn Kristjánsson,
Magnús Andrésson,	Eggert Pálsson,
Ólafur Briem,	Einar Þórðarson,
Ólafur Ólafsson,	Hannes Hafstein,
Skúli Thoroddsen,	Hannes Þorsteinss.,
Stefán Stefánsson,	Herm. Jónasson,
	Jóh. Jóhannesson,
	Jóh. Ólafsson,
	Magnús Stephensen,
	Tryggvi Gunnarss,
	Þórh. Bjarnarson.

Frv.gr. óbreytt sþ. með 19 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin álitin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hlj.

Þriðja umr. 24. júlí, (C. bls. 196).

Flutningsmaður (Tr. Gunnarss.): Þar sem að engin brtl. liggur fyrir um frv. þetta, og þar sem meginþorri atkvæða var með því að láta það ganga til 3. umr., þá sé eg ekki ástæðu til að tala um málið nú, en óska að eins að frv. verði samþykt við þessa 3. umr.

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni sþ. með 19 shlj. atkv., og verður sent h. Ed.

Lóðasala í Reykjavík.

FRUMVARP til laga um heimild til lóðasölu fyrir Reykjavíkurkaupstað. 1. umr. 10. júlí. (C. bls. 196).

Flutningsmaður (Tryggvi Gunnarsson): Árin 1786 og 1792 var jörðin Reykjavík með konungsbréfum gefin til kaupstaðarlóðar, með þeim umælum, að bæjarbúar gætu fengið útmældar ókeypis lóðir; hefir það því alt af verið venja, að mönnum hafa verið gefnar lóðirnar.

Eg hefi um undanfarin ár verið þessu mótfallinn og var það áhugamál mitt, að fá slíkri venju breytt, bæði af því, að bærinn getur haft töluverðar tekjur af að selja lóðirnar, og vegna þess að gjafaaðferð þessi getur leitt til þess, að menn verði fúsari til að selja bú sín og flytja úr sveitunum, þegar þeir geta fengið gefins lóðarbletti og fleiri hlunnindi í Reykjavík; en það er sannarlega ekki heppilegt, að ginna sveitabændurnar til að flytja frá sveitunum í kaupstaðina. Þessari breytingu hefi eg í mörg ár ekki getað fengið framgengt, en nú er bæjarstjórnin þó loksins komin á þá skoðun, að rétt sé nú að byrja að selja lóðirnar. Að vísu hefir breytingin ekki eins mikla þýðingu nú, eins og hún mundi hafa haft fyrir 3—4 árum, með því að á þessum árum er búið að gefa lóðir undir hús og mæla út til túnræktunar mestan hluta bæjarlóðarinnar, sem hentugur er til þess, og svo er vonandi, að byggingarfýsn hér í Reykjavík fari að minka. En betra er seint en aldrei. Vil eg því eindregið mæla með að frv. sé samþykt og nái fram að ganga sem greiðast.

Eg vona að menn séu því samþykkir, að ekki sé nein ástæða til þess að hvetja fólk ofan úr sveitum til bæjarins með því að gefa þeim lóðir. Miklu meiri ástæða virðist vera til þess, að reyna að hefta strauminn úr sveitunum og herða á þeim strengnum, sem bindur menn við þær.

Að svo mæltu óska eg að málið verði látið ganga til 2. umr.

Ólafur Ólafsson: Eg skal játa það, að eg hefi ekki nákvæmlega sett mig inn í þetta frv., meðal annars vegna þess, að eg hugsaði, að hjá því yrði ekki komist, að setja nefnd í öll þessi mál, er snerta Reykjavík. Þau eru sjálfsagt öll nauðsynjamál, en jafnframt svo áríðandi, ekki einungis fyrir bæinn sjálfan, að þau eru þess verð, að þau séu athuguð í nefnd. Eg hafði þess vegna búist við, að undanfarandi mál yrði sett í nefnd, en sú von brást, og þess vegna vil eg leyfa mér að verða til að stinga upp á, að sett verði 5 manna nefnd í þetta mál.

Flutningsmaður (Tryggvi Gunnarsson): Að vísu hefi eg ekkert á móti því, að sett sé nefnd í þetta mál, en hins vegar liggur málið svo skýrt og ljóst fyrir, að nefndarskipun sýnist vera með öllu óþörf. Hér er einungis um það eitt að ræða, hvort bærinn eigi að halda átram að gefa öll byggingarstæði, eða fá leyfi til að selja þau. Eg ímynda mér, að allir Reykjavíkurbúar mundu verða því hlyntir að drýgja dálítið bæjarsjóðinn; hér í bænum er svo fjölda margt, sem þarf að lagfæra, en vantar peninga til, auk þess sem þetta gæti jafnframt orðið til þess, að draga dálítið úr straumnum af fólkinu úr sveitunum, eins og eg hefi áður minst á.

Ólafur Ólafsson: Eg álít bæði þetta mál, og öll þessi 3 mál, sem þm. Rvk. (Tr. G.) hefir á prjónunum í dag, miklu stórvaxnari, en þau í fyrsta áliti kunna að virðast, og það er eingöngu þess vegna, að eg vil setja þau í nefnd, en alls ekki af því að eg vilji

þeim illa, heldur einmitt gagnstætt. En það er með þessi mál, sem önnur fleiri, að þau hafa tvær hliðar; snýr önnur þeirra að Reykjavík, en hin, ekki að Árnes- eða Rangárvallasýslu einni, heldur öllu landinu í heild sinni. Það er sýnilegur tekjuauki fyrir bæjarsjóð að mega selja lóðir, en sá tekjuauki gengur út yfir allt landið, því það eru auðsæ hlunnindi fyrir alla þá, er til bæjarins flytja, að geta fengið ókeypis húsbyggingarstæði. Hitt er og satt, að þessar gjafir verði til kostnaðarauka fyrir bæinn, einkum fyrir þá skuld, að bærinn þenst meira út en æskilegt er; en sú óeðlilega útþensla veldur aftur miklum útgjöldum fyrir bæinn, bæði í bráð og lengd.

Sé það aftur meiningin með þessu frv., sem sumstaðar hefir læðst fram, að það eigi að verða nokkurs konar stífla, til að takmarka fólksstrauminn að bænum, þá getur það ef til vill verið að gabba að sumu leyti, en er óefað íhugavert að hinu leytinu. Allar þess háttar stíflur geta nefnilega orðið til ógagns og falla burtu eftir nokkurn tíma, ef þær ekki styðjast við eðlilegar ástæður, og eru sjálfar heppilegar; en hvort einmitt þessi aðferðin væri heppilegri, til að koma í veg fyrir aðflutningsstrauminn til Reykjavíkur, það hugsa eg geti verið þess vert, að það væri íhugað. Eg fyrir mitt leyti verð að álíta aðrar leiðir fult eins heppilegar. Orð h. framsögum. (Tr. G.) hafa heldur ekki í mínum augum minkað þörfina á nefndinni, og eg verð því að halda fast við mína uppástungu um 5 manna nefnd.

Þórh. Bjarnarson: Eg finn mér skylt að segja örfá orð um þetta mál, vegna þess, að eg á sæti í bæjarstjórn Reykjavíkur, og þó sérstaklega af því, að eg var í þeirri nefnd í bæjarstjórninni, er hafði mál þetta og hin önnur 2 Reykjavíkurmál, sem hér liggja fyrir í dag, til meðferðar.

Eg hafði búist við, að nefnd mundi verða sett í því seinasta af þessum þrem málum, en áleit ekki vera sérstaka þörf á nefnd í þessu máli. Málið er óbrotið og einfalt, hitt var aftur efasamara, hvort nokkur þörf væri á slíkum lögum fyrir bæjarstjórnina, sem heimild fyrir lóðasölu, en sakir þess, að formaður bæjarstjórnarinnar hélt því fram, þá virtist bæjarstjórninni réttast að fara þessa leið, til þess að geta bygt á áreiðanlegri vissu.

Þörfin á slíkri lóðasölu, sem er farið fram á að heimila í frv., hefir verið mjög mikil hin síðari ár, einkum vegna þess, að þurft hefir að leggja svo margar nýjar götur, vegna þess fjölda af nýjum húsum, sem risið hafa upp á síðustu árum. Kostnaður við þessar götulagningar yfirstígur þær tekjur, sem bæjarsjóðurinn hefir haft af aðflytjendunum. Í öðru lagi hefir bryddað töluvert á því, að menn eru farnir að gera sér það að gróðavegi að fá útmældar lóðir hjá bænum, þeir fá þær ókeypis og selja þær svo aftur, enda eftir nokkrar vikur eða mánuði, alldýru verði. Þessar tvær ástæður eru nægar til þess að samþykkja slík lög.

Hvað verðið á þessum bæjarlóðum snertir, þá verður það auðvitað að fara eftir eftirspurninni, og svo eftir því, hvar í bænum lóðirnar liggja. Að lóðir fáist ekki keyptar sanngjörnu verði, á því getur ekki verið nein hætta, því það er líka hagur fyrir bæjarsjóðinn, að koma lóðum sínum út.

Jón Magnússon: Þetta mál er í raun og veru svo einfalt mál, að mér sýnist engin þörf geta verið á að skipa nefnd í það. Hér er ekki um annað að ræða fyrir þingið, en að svara blátt

áfram annaðhvort já eða nei við því, hvort það vilji leyfa bænum að selja lóðir eða ekki. Orsökin til þess að eg stóð upp var annars sú, að mér virtist h. 2. þm. Árn. (Ól. Ól.) skilja þetta frumv. svo, að tilgangur bæjarstjórnarinnar með þessu frv. væri sá, að stemma með því stigu fyrir fólksstrauminn að bænum, en þetta er alls ekki tilgangurinn, heldur hitt, að afla bæjarsjóði tekna.

Það liti líka hálf undarlega út, ef bæjarstjórnin væri að leita ráða til þess að stífla fólksstrauminn að bænum, því það hlýtur yfirleitt að vera til gagns fyrir bæinn, að sem flestir flytji hingað.

Verði sú skoðun samt sem áður ofan á, að nauðsynlegt sé að skipa nefnd í þessi mál, þá mætti eins gera það við 2. umr., ef það sýndi sig, að þau 3 mál, er Reykjavík varða og eru á dagskrá h. deildar í dag, væru svo athugaverð, einhverra hluta vegna, að nauðsyn bæri til að íhuga þau í nefnd.

Guðl. Guðmundsson: Það virðast ætla að vakna talsverðar umræður um þetta mál, þótt eigi sýnist það sérlega stórt. En þegar betur er að gætt, þá er ekki svo undarlegt, þótt það veki umræður, því að á bak við frv. virðist liggja stefnubreyting í lífi Reykjavíkur, stefnubreyting, sem getur haft töluverða þýðingu fyrir framtíð bæjarins, og virðist bæjarstjórnin bindast fyrir henni.

Það er kunnugt, að á 3—4 síðustu árum hefir byggingum í Reykjavík fjölgað stórum, eg vil segja að þeim hafi fjölgað óeðlilega mikið. Fjöldi húsa hefir verið bygður »upp á krít«, og þau barin saman úr lélegu timbri og járni. Þegar þessi vansmíðahús hafa svo verið komin upp, þá hefir veðdeildin hlaupið undir bagga og lánað $^2/_5$ og alt upp að helmingi af virðingarverði húsanna. Á þessari braut hefir verið auðvelt, jafnvel fyrir féleysingja, að reisa hér ótraust hús með lítilli forsjá. Eg þykist sjá, bæði á þessu frumv. og fleiru, að bæjarstjórnin vilji koma húsabyggingum í Reykjavík inn á aðra og skynsamlegri braut, og eg get ekki annað en virt þann tilgang bæjarstjórnarinnar, að vilja sporna nokkuð á móti byggingaræðinu, sem hér virðist hafa gripið svo marga. Eg hefi heyrt það sagt, og það líklega með sönnu, að bærinn muni nú þegar vera orðinn heldur yfirbygður. Fari nú svo, eins og vel getur komið fyrir, að straumurinn til bæjarins teptist, þá má búast við því, að ýms hús mundu tara að standa auð; en margir af húseigendunum eru svo efnum búnir, að þeir megi ekki við því að missa leigu af húsum sínum, og það jafnvel eigi um fremur stuttan tíma. Það mundi því brátt byrja verðhrun á húsum, og svo og svo margir mundu verða að ganga slippir og snauðir frá húsum sínum, eg tala ekki um ef sá atvinnuvegur, sem húsabyggingarnar byggjast svo mjög á, sjávarútvegurinn, brigðist svo sem eitt eða tvö ár.

Eg verð því í raun og veru að vera samþykkur stefnu frv. þessa, og telja hana bygða á heilbrigðum grundvelli og heppilegum.

Eins og kunnugt er, þá hefir bæjarstjórnin í Reykjavík nýlega samþykt byggingarsamþykt, er eigi mun eingöngu miða að því, að hindra eldshættu í bænum, heldur bera ýms ákvæði hennar vott um, að tilgangur hennar sé einnig sá, að takmarka að nokkru byggingaræðið. Bæjarstjórnin og hinn tekniski konsúlent hennar hafa komið sér saman um samþykt þessa. En hvernig fer, fjöldi bæjarbúa rís á móti henni, það vaknar óhugur mikill í bænum, þrátt fyrir það, þótt telja

megi, að samþyktin sé á góðum rökum bygð. Þegar eg lít á þetta, þá get eg búist við að eins fari hér, og að stofnað verði til mótmælafunda gegn frv. Eg man hvílíkt uppþot varð hér í bæ, þegar flutt var inn á þingið frv. um hækkun á lóðargjöldum. Með tilliti til þessa álít eg það heppilegt, að nefnd sé skipuð í málið, svo að þeir, sem ónánægðir kunna að vera með frumv. þetta, geti fengið tækifæri til að snúa sér til hennar með umkvartanir sínar, og fyrir hennar milligöngu til þingsins. En eg álít, að mál þetta sé þó ekki umfangsmeira en svo, að 3 manna nefnd muni nægja, og geri eg það að tillögu minni, að 3. manna nefnd sé skipuð.

Flutningsmaður (Tryggvi Gunnarsson): Eg stend upp til að leiðrétta þá skoðun, er mér virtist koma fram, að bæjarstjórnin hefði samið frv. þetta í því skyni, að bægja mönnum frá því að flytja til Reykjavíkur. Mín skoðun er og hefir verið sú, að bæjarstjórnin hafi hingað til gert alt of lítið í þá átt. Það sem eg talaði um flutning til Reykjavíkur í fyrri ræðu minni, var mín persónulega skoðun, en eg var þar alls eigi að halda fram skoðun bæjarstjórnarinnar. Eins og eg áður tók fram, álít eg fólksstrauminn til Reykjavíkur alt of mikinn og of hraðan. Vér verðum að gæta að því, á hverju þetta aðstreymi byggist. Það byggist næstum eingöngu á þilskipaútvegnum; en eg má fullyrða, að engum hér í deild er kunnugra um það en mér, á hve völtum fæti hann stendur. Eg játa það, að hann er allglæsilegur, á meðan vel fiskast og verð er hátt á fiski; en ef út af ber með annaðhvort þetta eða hvorttveggja, þá sannast það, að útvegurinn ber sig ekki, svo eigendur skipanna geta eigi gert þau út, nema kjör háseta séu rýrð að mun, og hvernig fer þá fyrir sjómannalýðnum hér, sem á atvinnu sína nær eingöngu undir þilskipaútgerðinni. Frá mínu sjónarmiði væri það því alt annað en óttalegt, þótt tilgangur frv. þessa væri sá, að hindra nokkuð aðstreymi fólks til Reykjavíkur, og eg fæ ekki skilið, af hverjum ástæðum h. 2. þm. Árn. (Ól. Ól.), sem er gamall búmaður í sveit, vill vera stuðningsmaður þess, að rýra vinnukraftinn í sveitunum, og efla kaupstaðarlífið. En eins og eg tók fram áðan, er aðaltilgangur bæjarstjórnarinnar með þessu frumv. sá, að útvega bænum tekjur. Húsabyggingarnar hafa í för með sér aukin gjöld fyrir bæjarsjóð; af þeim leiðir, að leggja verður nýja vegi og rennur, og fjölga ljóskerum á götunum; fé til þessa verður bæjarsjóður að leggja, einhverstaðar frá þarf hann að fá það, og sýnist ekkert eðlilegra en það, að þeir, sem kostnaðarins eru valdandi, beri nokkurn verulegan hluta hans.

Eg tek það aftur fram, að eg álít nefnd í máli þessu óskaðlega en óþarfa.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umræðu í e. hlj.

3. manna nefnd samþ. með 13 atkv.

Kosnir voru:

Tryggvi Gunnarsson með 18 atkv.
Ólafur Ólafsson — 13 —
Guðl. Guðmundsson — 12 —

Önnur umr. 22. júlí. (C. bls. 196; n. 275).

Framsögumaður (Tryggvi Gunnarsson): Eg sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frv., með því að það hefir fengið hinar beztu undirtektir hjá hinni háttv. deild. Nefnd sú, er í það var skipuð, hefir í áliti sínu tekið fram alt, er þurfa þótti. Vil eg því ekki lengja umræður með því að taka það

upp aftur. En hreyfi einhver andmælum gegn því, mun eg svara.

ATKV.GR.: 1. gr. sþ. með 20 shlj. atkv.

2. gr. sþ. með 20 shlj. atkv.

3. gr. sþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Þriðja umr., 24. júlí. (C. bls. 196).

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni samþ. með 21 shlj. atkv., og verður sent h. Ed.

Ein umr. 7. ágúst. (C. bls. 469; n. 472).

ATKVGR.: Frv. í heild sinni, óbreytt, sþ. með 22 shlj. atkv., og verður afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi*.

Bæjarstjórn í Reykjavík.

FRUMVARP til viðaukalaga við lög nr. 17, 13. sept. 1901, um breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík. 1. umr. 10. júlí. (C. bls. 199).

Futningsm. (Tryggvi Gunnarsson): Eg býst við, að máli þessu verði vísað til nefndar þeirrar, sem skipuð var í málinu um heimild til lóðasölu fyrir Reykjavíkurkaupstað, og sé því ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um það nú. Eg skal að eins geta þess, að það er álitið nauðsynlegt, að betra eftirlit en hingað til sé haft með byggingum hér í bænum; þessi sama skoðun kom fram í ræðu hv. þm. V.-Sk. (G. G.), þar sem hann var að tala um, að sum hús hér væru mjög illa bygð, og vona eg að hann verði styðjandi að því, að betra skipulag komist á eftirlit með byggingum í bænum. Þetta eftirlit var falið manni, sem mjög litla borgun fekk fyrir það, og gat því eigi mist mikinn tíma til þess, en nú er tilætlunin að fá launaðan mann, til að hafa eftirlit þetta; það sýnist eini vegurinn til þess að það geti orðið nokkurn veginn tryggilegt; er til þess ætlað, að maður þessi sé skipaður af bæjarstjórninni og launaður úr bæjarsjóði.

Eg býst við að máli þessu muni vel tekið, og að óþarft sé að fara fleiri orðum um það að þessu sinni.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Málinu vísað til nefndarinnar í málinu um lóðasöln í Reykjavík með 18 shlj. atkv.

Önnur umr. 22. júlí. (C. bls. 199; n. 274).

Framsögum. (Tryggvi Gunnarsson): Sama er að segja um þetta mál og hið fyrra, að eg sé enga ástæðu til að fjölyrða um það. Það sést á álitsskjali nefndarinnar, að hún hefir verið samdóma bæjarstjórninni, er fól mér að bera frv. þetta fram.

Þess skal getið, að fallið hefir úr 2. málsgr. nefndarálitsins, á eftir orðunum: »byggingarfróða aðstoð«, svolátandi setning: »eða fyrir útmæling á lóðum, er óskað er«. Annars eru lögin í sjálfu sér nægilega glögg.

Ástæðurnar fyrir nauðsyn þess, er frv. fer fram á, hefi eg tekið fram við 1. umr. málsins.

Skúli Thoroddsen: Þegar eg lít á þetta frv. og svo hitt, er samþykt var af deildinni áðan, þá virðist mér heldur mikill kaupmenskuandi kominn í bæjarstjórnina. Mér þykir það dálítið íhugavert, er farið er fram á í þessu frv., að bæjarstjórnin hafi leyfi til að heimta borgun fyrir undanþágur frá

byggingarsamþyktinni eða fyrir útmælingu á lóðum. Litlar skýringar hafa enn komið fram um, hvað þessari ósk veldur, og áður en eg hefi fengið að heyra þær, get eg ekki greitt atkv. með frv.

Framsögum. (Tryggvi Gunnarsson): Eg hefi, ef til vill, orðað það skakt. Þessi borgun á ekki beinlínis að vera fyrir útmælingar, heldur eiga þeir, sem fá útmælt, að borga þá og þá upphæð fyrir eftirlit með byggingunni. Eins og eg gat um við 1. umr., þá hefir eftirlitið hingað til, með því hvernig bygt hefir verið, ekki verið nægilegt. Einn maður hefir haft það á hendi, að gæta að því, að húsin yrðu ekki bygð í skakt horn við götu, og athugaði hann það, þegar byrjað var að byggja, síðan ekki.

Nú er í ráði að setja sérstakan byggingarfulltrúa, er hafi eftirlit með þessu, og verður þá að greiða honum talsverð laun, og virðist þá að réttara sé, að leggja ekki á alla bæjarbúa þau gjöld, heldur að þeir borgi honum, sem húsin byggja og fá leiðbeiningar hans. Í þessu er engin kaupmannsandi, því eg býst við, að gjaldið verði miðað við það, hvernig laun hans verða. Og eg vona, að hv. þm. Ísf. (Sk. Th.) og aðrir hv. þm. verði á sama máli um, að réttara er að hlutaðeigendur standist kostnaðinn, heldur en aðrir, sem ekkert kemur hann við. Að öðru leyti skal eg taka fram, að það er til tryggingar fyrir bæjarbúa, að gjöldin fyrir störf byggingarfulltrúa í þarfir einstakra manna séu ákveðin, svo að hann geti ekki tekið fyrir störf sín of mikið hjá einstökum mönnum.

ATKV.GR.: 1. gr. frv. sþ. með 17 shlj. atkv.

2. gr. frv. sþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Þriðja umr. 24. júlí. (C. bls. 199).

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni sþ. með 21 shlj. atkv. og verður sent Ed.

Bæjarstjórnakosningar.

FRUMVARP til laga um leynilegar hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum. 1. umr. 27. júlí. (C. bls. 348.

Flutningsmaður (Hannes Hafstein): Eg hefi tekið frv. þetta til fósturs af hv. forseta, sem er höfundur þess. Eg get verið honum samdóma um það, að eins og leynilegar kosningar til alþingis eiga að komast á um land alt, þá eigi það einnig vel við, að kosningum til bæjarstjórna í kaupstöðum sé breytt í sömu átt. Um leið og gert er ráð fyrir að innleiða leynilegar kosningar, er og ráðgert að viðhafa hlutfallskosningar, bygðar á sama grundvelli, sem ákvæði laganna frá 22. maí 1890, um viðauka og breyting á þingsköpum alþingis.

Eg skal taka það fram, að frv. mun vera sniðið að mestu leyti eftir frv. til laga um bæjarstjórn í Þórshöfn á Færeyjum, sem Íslandsráðgjafinn Alberti lagði fyrir ríkisþingið í desembermánuði í vetur. Það má því telja það vafalaust, að stjórnin synji málinu ekki staðfestingar, verði það afgreitt sem lög frá þinginu.

Eg skal að endingu taka það fram, að það eru nokkur atriði í frv., sem munu þurfa að orðast nokkru greinilegar; skal eg sérstaklega nefna þar til 8. gr.; í henni er gengið út frá, að

hlutfallskosningar séu kunnar almenningi, en með því að svo er eigi, þurfa ákvæði greinarinnar að vera skýrari. Þessa og aðra smágalla, sem á frv. kunna að vera, má hæglega laga í nefnd, og vil eg því stinga upp á, að 5 manna nefnd sé skipuð í málið.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

3 manna nefnd samþykt og í hana kosnir:

Hannes Hafstein með 18 atkv.
Jóh. Jóhannesson — 17 —
Þórh. Bjarnarson — 16 —

Önnur umr. 11. ágúst. (C. bls. 348; n. 530; brt. 531).

Framsögumaður (Hannes Hafstein): Nefndin, sem hafði þetta mál til meðferðar, hefir athugað það mjög vandlega, og komist að þeirri niðurstöðu, að ráða hv. deild til að samþykkja frv. alveg óbreytt að efni til. Brtill. nefndarinnar eru nálega allar formbreytingar, en þær örfáu, er kalla mætti efnisbreytingar, miða eingöngu til þess, að stefna frv. fái betur notið sín, en raska henni ekki í neinu.

Öll nefndin var samdóma um það, að það ætti vel við að innleiða leynilegar kosningar til bæjarstjórna, um leið og sú aðferð væri tekin upp við kosningar til alþingis. Eins og kunnugt er, þá er oft engu minna kapp lagt á þessar kosningar en alþingiskosningar, og þess vegna alveg eins nauðsynlegt að útiloka frá þeim ótilhlýðileg áhrif á kjósendurna. Eg þykist ekki hér, í þessari deild, þurfa að rökstyðja frekar þessa hlið frumv. En hvað hina hliðina, hlutfallskosningar, snertir, þá stafar nauðsyn þeirra af því, að til bæjarstjórna eru venjulegast kosnir fleiri fulltrúar í einu, en ekki eins og tíðast er til alþingis, og nefndinni fanst engu minni áherzlu verða að leggja á það, að hinir ýmsu flokkar og stéttir í bæjunum ættu fulltrúa í stjórn bæjarins, svo að einn einstakur flokk ur manna ráði ekki lofum og lögum. Sé nefnilega ekki viðhöfð hlutfallskosning, þá hlýtur fjölmennasti flokkurinn að ráða allri fulltrúakosningunni, og það enda þótt hann hefði ekki nema örlitinn meiri hluta fram yfir hvern hinna flokkanna. Nefndin áleit það heppilegast fyrir bæina sjálfa, að þær skoðanir, sem nokkurt fylgi hefðu í bænum, ættu talsmann í bæjarstjórninni. Með þeirri aðferð, sem frv. stingur upp á, er fundinn glöggur og einfaldur vegur til að greiða úr þessu. Yfir höfuð er frv. mjög vel hugsað og vel úr garði gert frá hv. höfundi þess.

Eg vil ekki þreyta menn á að telja upp allar þær smábreytingar, sem nefndin hefir stungið upp á og snerta orðalagið á frv.; það væri heldur enginn hægðarleikur að átta sig á þeim, fyr en búið er að koma þeim í það samband, sem þær eiga að standa í, og frv. liggur fyrir hreinprentað. Aftur á móti skal eg leyfa mér að nefna þær breytingar, sem helzt mætti kalla efnisbreytingar, þótt þær raunar engar raski neitt stefnu frumv.

Á 2. gr. hefir nefndin lagt til að sú breyting sé gerð, að þar sem í frv.-greininni einungis er tiltekið, hvað meðmælendurnir á fulltrúalistunum megi vera fæstir, nefnilega 5, þá sé einnig tiltekið, hvað þeir megi vera flestir. Nefndin leggur til, að tala meðmælenda fari aldrei fram úr 15, í þeim tilgangi, að ekki verði uppvíst um atkvæðagreiðslu fleiri kjósenda en nauðsynlegt er. Væri ekkert hámark sett, þá mætti fara í kringum lögin og binda atkvæði kjósenda fyrirfram, með því að láta þá skrifa undir meðmælendalistana.

A 5. gr. leggur nefndin til að sú efnisbreyting sé gerð, að þegar einhver kjósandi álízt ekki fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt, þá skuli *sá* úr kjörstjórninni, er hann kýs til þess, veita honum fullnægjandi aðstoð, í stað þess að eftir frv.greininni tiltók kjörstjórnin, hver af meðlimum hennar skyldi aðstoða kjósandann, og það gert til þess, að kjósandinn geti tekið þann sér til aðstoðar, sem hann treystir bezt til að hjálpa sér, og til að þegja um það, hvernig hann hafi greitt atkvæði.

Þá hefir nefndin einnig lagt til, að hegningarákvæðinu sé breytt. Eftir frv. varðar brot gegn ákvæðum 6. gr. fangelsi, ekki skemra en 4 vikna einföldu fangelsi, hvernig sem á stendur. Þetta þótti nefndinni hörð ákvæði, og hefir því stungið upp á að stytta það í viku fangelsi, eða sektir ef málsbætur eru, en þær gætu verið á ýmsan hátt, t. d. ef einhver kjósenda af ógáti færi að gefa öðrum ráð meðan á atkvæðagreiðslu stendur, og yrði auðvitað að meta slíkt í hverju einstöku tilfelli fyrir dómstólunum. Brt. við 8. gr. er ekki efnisbreyting, heldur að eins til að gera greinina skýrari, vegna þess að hún er nokkuð torskilin, eins og hún er orðuð í frv.

Til þess að finna út, hve margir eru kosnir af hverjum lista, þarf ekki annað en deila í atkvæðatölu þá, sem fallið hefir á hvern einstakan lista, fyrst með einum, svo með 2, svo 3 o. s. frv., þangað til svo margir eru kosnir af hverjum lista, sem listanum eftir réttu hlutfalli ber, en hvað þeir geta verið margir, það finst með einfaldri þríliðu, og fer eftir réttu hlutfalli milli þeirra atkvæða, er á listann falla, og allra atkvæða, sem greidd hafa verið, þannig að t. d. listi, sem 50 atkvæði hafa fallið á af alls 200 greiddum atkvæðum, hann á $^1/_4$ af fulltrúunum. Eg skal geta þess, að það er ekki rétt, sem stendur í nefndarálitinu í dæminu, sem þar er tekið, að D-listinn fái 1 fulltrúa ef kjósa á 4. Eftir atkvæðatölunum, sem þar eru teknar til dæmis, getur D-listinn engan fulltrúa fengið, ef kjósa á færri en 7. Ætti að kjósa 7 fulltrúa, fengi D-listinn aftur á móti 7. fulltrúann. Röðin yrði þessi, að fyrst væri kominn 1. maður á A-listanum, þá 1. maður á B-listanum, þá 1. maður á C-listanum, þá 2. maður á A-listanum, þá 2. maður á B-listanum, þá 2. á C-listanum, þá 3. maður á A-listanum og loks nr. 7 1. maður á D-listanum.

Ef við tökum annað dæmi og segjum, að greidd hafi verið alls 900 atkvæði, og þar af hafi fallið 320 á A-listann, 280 á B-listann, 160 á C-listann, 140 á D-listann og að fulltrúatalan sé 7, þá verður kosningin þannig: Fyrst er kosinn nr. 1 á A-listanum, þá nr. 1 á B-listanum, þá nr. 1 á C-listanum, nr. 4 verður nr. 2 á A-listanum, nr. 5 og 6 verður nr. 2 á B-listanum og nr. 1 á D-listanum. Nr. 1 á C-listanum og nr. 2 á A-listanum höfðu jafna tölu, en vegna þess að þeir voru báðir kosnir, þá þurfti ekki að velja neitt milli þeirra. Sama er tilfellið með nr. 2 á B-listanum og nr. 1 á D-listanum. 7. fulltrúinn verður nr. 3 á A-listanum.

Eg ímynda mér nú, að flestum hv. þgdm. sé kosningaraðferðin svo ljós, að eg þurfi ekki að þreyta menn frekar á þessum upptalningi.

Eg skal að endingu að eins geta þess, að nefndin mun taka frv. aftur til athugunar milli 2. og 3. umr., þegar búið er að hreinprenta það, og koma þá á ný með brt., ef henni þykir eitthvað við það að athuga, eða ef eitthvað verður skakt leiðrétt.

Jóhannes Jóhannesson: Eg hefi engu að bæta við ræðu hv. frsm. (H. H.) öðru en því, að það hafa slæðst æðimargar prentvillur inn í nefndarálitið og þær sumar hverjar töluvert meinlegar, og skal eg leyfa mér að benda að eins á eina þeirra. Það er prentað í nefndarálitinu: »Er þá *hart*, að fyrst er kosinn einn maður á A-listanum«, en á að vera: Er þá *bert* o. s. frv.« Annars eru mýmargar prentvillur í nefndarálitinu, og er það ekki nýtt hér á þingi í sumar, því jafnvel ekki stjórnarskrárfrv. slapp prentvillulaust frá skrifstofunni. Eg vildi leyfa mér að vekja athygli hins hæstv. forseta á þessu, svo að þess yrði betur gætt eftirleiðis, að vanda prófarkalestur á skrifstofu þingsins.

Forseti: Út af ummælum hins síðasta ræðumanns, skal eg geta þess, að eg hefi oft átt tal við skrifstofustjórann um þetta sama efni, en hefi sannfærst um það, að þótt margt kunni að mega saka skrifstofuna um í þessu efni, þá er það þó líka prentsmiðjan, sem á sök á því, hvað títt hafa komið fyrir prentvillur í þingskjölunum í sumar. Eg hefi sjálfur lesið prófarkir á einu þingskjali nýlega, og í því var að minsta kosti ein leiðrétting ekki tekin til greina í prentsmiðjunni, og eins kann það að hafa verið oftar.

Í tilefni af þessum umræðum skal eg annars taka það fram, að eg vona að þingið, áður en störfum þess lýkur í sumar, geri einhverjar ráðstafanir til, að forsetarnir milli þinga geti leitað fyrir sér um prentun á þingtíðindunum, og gert fullnaðarsamninga þar að lútandi, svo að forsetarnir þurfi eigi, eins og venjulega hefir tíðkast, að gera samninga eftir þingbyrjun.

Skúli Thoroddsen: Eg skal geta þess, að eg er mjög kátur yfir því, að þetta frumv. er komið fram, því það er sannarlega þörf réttarbót; en þó er eitt ákvæði í frumv., sem eg get ekki felt mig við. Það er það ákvæði 5. gr., að kjósandi, sem ekki getur greitt atkv. hjálparlaust, geti krafist aðstoðar kjörstjórnarinnar, eða þess úr kjörstjórninni, sem hann sjálfur tiltekur. Eg sé ekki betur, en að þetta eina ákvæði geri lögin að miklu leyti þýðingarlaus. — Það hagar svo til, þar sem eg er kunnugur, að stærstu atvinnuveitendur ráða oft mestu um það, hverjir kosnir eru. Þeir fara þannig að því, að þeir gera vinnuþiggjendum sínum boð daginn fyrir kosninguna, eða kjörfundardagsmorguninn, og segja við þá: »þenna og þenna ætla eg nú að kjósa, og vænti eg, að þú stuðlir að því með atkvæði þínu, að hann verði kosinn«. Vinnuþiggjandinn veit þá hvað klukkan slær, enda stundum gefið í skyn, að hann missi atvinnuna, ef hann kjósi öðruvísi.

Hvernig mundu nú þessir menn fara að, er þetta frumv. væri orðið að lögum? Jú, þeir mundu segja við vinnuþiggjendur sína: »Heyrðu, góði minn! Eg ætla að kjósa A-listann, og þann sama lista vona eg að þú kjósir; en eins og þú veizt, þá er kosningin leynileg, svo að til þess að eg geti haft hönd í bagga með því, að þú svíkir mig ekki, þá verður þú að biðja þenna eða þenna mann úr kjörstjórninni að hjálpa þér til að kjósa, því að þú sért ekki einfær um það. Þú segir að eins, að þú treystir þér ekki að kjósa, og þá áttu eftir lögunum heimting á því, að fá þann úr kjörstjórninni þér til hjálpar, sem þú tilnefnir«. — Þetta er vegurinn til að gera gagnsemi frv. næsta þýðingarlitla. — Eg er því á þeirri skoðun, að eigi frumv. að ná tilgangi sínum, þá verði að breyta þessu ákvæði, enda fæ eg ekki séð, að það geti stafað nein hætta af því, þótt svo

væri gert. Vitaskuld gæti það komið fyrir, að stöku maður gæti þá ekki neytt kosningarréttar síns; en þeir yrðu sárfáir, því það má óhætt gera ráð fyrir því, að »agítatorarnir« hafi æfingu með sínum mönnum, svo að kjörseðlar flokksmanna þeirra ónýtist ekki fyrir handvömm. Og eg vil segja, að þó svo færi, að stöku seðlar yrði ógildir, eða maður og maður á stangli yrði af því, að geta neytt kosningarréttar síns, þá ber sannarlega heldur að taka þeim afleiðingum, en eiga á hættu, að lögin verði gerð þýðingarlítil, því að eg er í engum vafa um að svo mundi verða, ef þetta ákvæði fengi að standa óbreytt.

Framsögum. (Hannes Hafstein): Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), virðist líta nokkuð svart á ákvæðið í niðurlagi 5. gr. Að því er mér skildist, áleit hann, að það mundi verða mjög alment, að menn segðust ekki sjálfir vera færir um að framkvæma kosninguna eftir þessum lögum, og létu því kjörstjórnina hjálpa sér. Þetta nær engri átt. Ákvæðið nær að eins til þeirra manna, er ekki geta krossað við á lista, af því að þeir eru blindir eða á annan hátt líkamlega fatlaðir, svo að bersýnilegt er um þá, að þeir gætu ekki neytt kosningarréttar síns, nema einhver stýrði hönd þeirra. Að þeir yrðu margir, er kjörstjórnin þannig þyrfti að leiðbeina, finst mér óhugsandi. H. þm. gleymir líka því, að stranglega er bannað að segja frá nokkru, er fram fer í kosningastofunni, og hegning við lögð. Kjörstjórnin bakaði sér því refsingu, ef hún einu sinni segði frá því, hvort hlutaðeigandi hafði fengið hjálp eða ekki. Það er jafnvel bannað að láta nokkuð í ljós um, hvort þessi og þessi kjósandi hafi tekið við kjörseðli, farið inn í kjörherbergið og afhent hann aftur. Agítatorar geta þannig á engan hátt fengið að vita neitt um kosningarnar.

Ef þetta ákvæði væri numið burtu, yrðu þeir, sem blindir eru eða líkamlega fatlaðir, sviftir kosningarrétti sínum. Að ákvæðið yrði misbrúkað, er alls ekki hætt við, enda var það meining nefndarinnar, að koma í veg fyrir alla misbrúkun á því, með þeirri breytingu, er hún hefir stungið upp á, og fólgin er í því, að kjörstjórnin ræður ekki sjálf fyrir, hver hjálpar hlutaðeigandi kjósanda, heldur skuli hann kjósa til þess þann af kjörstjórum, er hann treystir bezt. Hvern hann hefir beðið leiðbeiningar, geta »agítatorar« enga vitneskju fengið um. Eg get því ekki séð neina ástæðu til að fara að nema þetta ákvæði burtu, enda hygg eg, að hræðsla hins háttv. þm. við það eigi einungis rót sína í því, að hann hefir ekki sett sig nógu rækilega inn í málið.

Skúli Thoroddsen: Óþarfi held eg það sé, að bregða mér um það, að eg hafi ekki kynt mér þetta frumv. Eg hefi einmitt athugað það mjög rækilega, og af þeirri athugun minni er aths. mín sprottin. Það stendur ekkert um það í greininni, að eigi geti aðrir krafizt aðstoðar kjörstjórnarinnar en blindir menn, eða þeir, sem fatlaðir eru líkamlega; en það, sem mér og h. framsm. sérstaklega ber á milli, er það, að eg tel ekki eins mikla tryggingu í hegningarákvæðum frumv. sem hann. Til þess að þeim geti orðið beitt, þarf brotið að vera vottfast eða sannanlegt. En það er auðvitað, að sá úr kjörstjórninni, er leiðbeint hefir einhverjum kjósanda, fer ekki að segja frá atvikunum í votta viðurvist, heldur gjörir hann það undir fjögur augu. Vér þekkjum þess dæmin, að þegar ræða er um

kosningar í bæjarstjórn, þá spyrja ekki allir að því, hvort þeir breyti alveg samkvæmt anda og bókstaf laganna, heldur gæta þeir þess að eins, að gjöra ekki neitt, er hægt sé að »taka þá í hnakkann fyrir«, eins og komist er að orði. Þeir eru margir, er svífast ekki að fara eins langt, eins og þeir geta, og gæta þess að eins, að þeiri ekki stofni sér í voða.

Eg verð því að halda fast fram þeirri skoðun minni, að þetta ákvæði beri að fella burtu, eða breyta því að mun, svo framarlega sem lögin eiga að geta náð tilgangi sínum.

Þórhallur Bjarnarson: Það kom til tals í nefndinni, hvort nokkrir agnúar gætu á því verið, að gefa mönnum kost á að fá þessa aðstoð. Ákvæðið er orðrétt útlagt úr dönsku lögunum. Það er gjört með tilliti til þess, að blindir menn og handlama geti neytt kosningarréttar síns. Enn fremur geta hugsast svo skjálfhentir menn, að þeir eigi örðugt eða jafnvel ómögulegt með að krossa við þann staf, er þeir vildu. Nú getur hugsast, að einhver einn úr kjörstjórninni léti sig það miklu skifta, hvern hlutaðeigandi kjósandi kysi, og gæfi sig því fram til hjálpar, í því skyni að hafa áhrif á kjósandann, þó að slíkt sitji sízt á manni í kjörstjórn. En við því hefir nefndin slegið varnagla með þeirri breyt.till. sinni, að kjósandi skuli sjálfur velja leiðbeinanda sinn. Auðvitað þarf það að vera alveg »nótóriskt« eða ómótmælanlegt um kjósandann, að hann væri ekki sjálffær um að setja merki á kjörseðil. Og svo er alténd um blinda menn. Og eg efast ekki um, að þeir háttv. þm., er hafa ímugust á ákvæðinu eins og það nú hljóðar, geti fundið einhvern veg til að gjöra það skýrara, og komið sér saman við nefndina um heppilega breytingu. Vona eg því, að þessi ágreiningur verði ekki frumv. til falls; þó að tíminn sé að vísu orðinn nokkuð naumur, þá er hann þó nægur til þess, að það megi ná fram að ganga á þessu þingi. Eg sem kaupstaðarbúi get ekki annað séð, en að þetta frumv. sé í alla staði vel hugsað, heppilegt og gott. Tel eg það byrjun til, að leynilegar hlutfallskosningar komist á hér á landi, ekki einungis við kosningar til bæjarstjórna, heldur einnig, þótt síðar verði, við kosningar til alþingis, verði, sem eg vona og óska, innan langs tíma veruleg breyting á kjördæmaskifting landsins.

Framsögum. (Hannes Hafstein): Eg skil ekki hvernig háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) getur hugsað sér, að þetta ákvæði mundi hafa svo miklar og illar afleiðingar, þar sem um svo sárfáa menn getur verið að ræða. Jafnvel þótt sá úr kjörstjórninni, er leiðbeininguna veitti, segði manni undir fjögur augu frá því, hvern þessi blindi maður hefði kosið, og jafnvel þótt sá, er hefði skipað honum að kjósa eins og hann vildi, þannig fengi vitneskju um, að hann hefði svikið sig, þá gæti hann aldrei látið uppi, að hann vissi neitt um það, eða að minsta kosti ekki sannað sögu sína með því að vitna til kjörstjórans, án þess að koma honum í klandur. Í *hegningarákvæðunum* liggur einmitt trygging fyrir því, að enginn atkvæðasmali geti eftir á sagt við nokkurn kjósanda: »Þú hefir svikið mig!«

ATKV.GR.: 1. brt. á þgskj. 386, við 1. gr., samþ. án atkv.gr.

1. gr., þannig breytt, samþ. með 18 samhlj. atkv.

2. brt. á þgskj. 386, við 2. gr., samþ. án atkv. gr.

3. brt. á þgskj. 386, við 2. gr., samþ. án atkv. gr.

4. brt. á þgskj. 386, við 2. gr., samþ. með 19 samhlj. atkv.

5. brt. á þgskj. 386, við 2. gr., samþ. án atkv.gr.

6. brt. á þgskj. 386, við 2. gr., samþ. með 20 samhlj. atkv.

7.—11. brt. á þgskj. 386, við 2. gr., samþ. án atkv.gr.

2. gr. frumv., með áorðn. breyt., sþ. í einu hlj.

12.—17. brt. á þgskj. 386, við 3. gr., samþ. án atkvgr.

3. gr. frumv., breytt, sþ. í einu hlj.

18. brt. á þgskj. 386, við 4. gr., sþ. án atkv.gr.

4. gr. frumv., breytt, sþ. í einu hlj.

19. brt. á þgskj. 386, við 5. gr., sþ. með 19 samhlj. atkv.

20.—23. brt. á þgskj. 386, við 5. gr., samþ. án atkv.gr.

24. brt. á þgskj. 386, við 5. gr., sþ. í einu hlj.

25.—27. brt. á þgskj. 386, við 5. gr., samþ. án atkv.gr.

28. brt. á þgskj. 386, við 5. gr., sþ. í einu hlj.

29. brt. á þgskj. 386, við 5. gr., sþ. með 19 samhlj. atkv.

5. gr. frumv., þannig breytt, samþ. með 19 samhlj. atkv.

30.—31. brt. á þgskj. 386, við 6. gr., samþ. án atkv.gr.

32. brt. á þgskj. 386, við 6. gr., sþ. í einu hlj.

6. gr. frumv., þannig breytt, samþ. í einu hlj.

33. brt. á þgskj. 386, við 7. gr., sþ. í einu hlj.

34.—37. brt. á þgskj. 386, við 7. gr., samþ. án atkv.gr.

7. gr. frumv., þannig breytt, samþ. í einu hlj.

38. brt. á þgskj. 386, við 8. gr., sþ. án atkv.gr.

39. brt. á þgskj. 386, við 8. gr., sþ. með 19 samhlj. atkv.

40.—41. brt. á þgskj. 386, við 8. gr., samþ. án atkv.gr.

42. brt. á þgskj. 386, við 8. gr., sþ. í einu hlj.

8. gr. frumv., þannig breytt, samþ. í einu hlj.

9. gr. frumv. samþ. í einu hlj.

10.—11. gr. frv. samþ. í einu hlj.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hlj.

Þriðja umr. 13. ágúst. (C. bls. 608; 627).

Framsögumaður (Hannes Hafstein): Nefndin hefir borið saman þær breytingartillögur, er samþyktar voru við síðustu umræðu við frumvarpið, eins og það liggur fyrir nú, og hefir séð, að inn í það hafa því miður slæðst nokkrar prentvillur. Þessar breyt.till., sem nú liggja fyrir frá nefndinni, eru sumpart til að ráða bót á þessu, því þótt auðvitað hefði mátt lagfæra það í prentuninni, þá fanst nefndinni þó réttast að taka þær með, fyrst hún, hvort sem var, þurfti að koma fram með brt. Sumpart eru brt. aftur til þess, að bæta úr því, sem frv. var ábótavant og ekki var leiðrétt við 2. umr.

Með 6. brt. nefndarinnar á þingskj. 484, við 6. gr, hefir tekist illa enn einu sinni. Þar stendur, að í stað »sem er staddur« komi »sem samkvæmt 6. gr.«, en á að vera: »sem samkvæmt 5. gr. er staddur« þetta verður að leiðrétta í prentuninni eftir 3. umr., og vil eg vekja athygli forseta á þessu, áður en til atkvæða er gengið, svo það geti orðið borið upp eins og það á að vera.

Annars er stungið upp á fleiri breytingum, sem eingöngu má skoða sem orðabreytingar. 1. brt. v. 1. gr., að í stað »bæjarstjórnar« kæmi bæjarstjórna, er þannig eingöngu til að koma samræmi á milli 1. gr. og fyrirsagnar frv.

Það er einnig »formel« breyting, er

stungið er upp á að skifta 3. gr. í tvent, en efnið er þannig lagað, að það fer betur.

Hvað snertir brt. við 5. gr., síðustu málsgrein, þá var það að vísu samhuga álit nefndarinnar, að engin hætta gæti stafað af því að samþykkja þá málsgrein alveg óbreytta, því það gæti ekki komið fyrir nema í svo örfáum tilfellum, að það gæti ómögulega orðið nein brögð að misfellum í þessu tilliti. En jafnvel þótt nefndin sé þessarar skoðunar, og auk þess áliti greinina fullkomlega skýra eins og hún var, þá áleit hún samt vera rétt, í tilefni af umræðunum um þessa grein síðast hér í deild, að útskýra hana enn frekar, til að koma í veg fyrir allan misskilning, og hefir því nefndin lagt til, að greinin sé þannig orðuð, að hver kjósandi, sem tjáir sig ófæran að greiða atkvæði á fyrirskipaðan hátt, skuli færa sérstakar ástæður fyrir því, og að þær ástæður skuli bóka í kjörbókina. Þegar svo er frá þessu gengið, þá sjáum við ekki, að það geti komið til mála, að nokkur geti fengið leyfi til að greiða atkvæði á þenna hátt, nema reglulegar ástæður séu til þess, t. d. kjósandinn sé blindur, handarvana, eða svo líkamlega gallaður á einhvern annan hátt, að hann geti ekki stýrt hendinni til að setja merki á seðlinum við þann lista, sem hann vill kjósa eftir. Að öðru leyti skal eg taka það fram aftur, að þótt sá úr kjörstjórninni, sem kjósandinn kýs sér til aðstoðar, segi frá því, hvernig kjósandinn hefði kosið, þá væri þó ómögulegt að nota það gegn kjósandanum, nema baka um leið kjörstjóranum hegningu þá sem liggur við því að ljósta upp, hvernig einstakir menn hafi greitt atkvæði.

Í 6. gr., 3. málsgrein, er orðið »kosningunni« prentvilla fyrir »kosningastofunni« og tvær síðustu brt. eru einnig til þess að leiðrétta prentvillur. Hvað snertir síðustu brt., þá var hún samþ. við 2. umr., og var prentvilla þá, nú er sama prentvillan enn þá komin óbreytt, og er vonandi það verði í síðasta sinn, þótt lífseig sé.

Skúli Thoroddsen: Af því að eg við 2. umr. vakti máls á einum galla, sem mér þótti vera á frumvarpinu, þá skal eg geta þess, að mér þykir brt. nefndarinnar við þessa gr. frumvarpsins vera til mjög mikilla bóta, og að eg mun því eftir atvikum geta felt mig við greinina þannig breytta. Raunar finst mér þessi tilslökun eða undantekning vera brot á því »princípi« frumvarpsins, að kosningarnar skuli vera fullkomlega leynilegar, þar sem það getur komið fyrir, að kosningin sé ekki fyllilega leynileg í einstökum tilfellum; en hins vegar eru þó með ákvæði þessu, eins og það nú er orðað, þessi tilfelli svo miklu meira takmörkuð en áður, þar sem kjósandanum er gert að skyldu að tilfæra sérstakar ástæður fyrir því, að hann verði að fá hjálp til að geta kosið, og í öðru lagi með því, að það er áskilið, að bóka skuli þessar ástæður í kjörbókina, að ákvæðið virðist nú eigi hættulegt.

Um hitt get eg aftur á móti ekki verið samdóma h. framsm. (H. H.), að full trygging felist í því, að ekki sé leyfilegt að leiða nein vitni um það, hvernig einhver kjósandi hafi kosið. Atvinnuveitendur þurfa alls ekki að hafa neitt vottfast um það, hvern kjósandinn hafi kosið, til að láta hann gjalda kosningarinnar. Þeir segja að eins við kjósandann: »Eg veit þú hefir svikið mig, því þú kaust annan lista en eg sagði þér að gera«. En, sem sagt, eg álít, að eins og ákvæðið nú er orðað, þá geti þetta ekki komið fyrir, nema í svo sárfáum tilfellum, að hættan sé hverfandi, og eg mun því

greiða brt. nefndarinnar atkvæði mitt, enda þótt hitt hefði verið ákjósanlegra, að þau tilfelli hefðu alls ekki getað komið fyrir, að kosningin ekki væri fullkomlega leynileg.

ATKV.GR. 1. brt. á þingskj. 484, við 1. gr., sþ. án atkv.gr.

2. brt. á þgskj. 484, við 2. gr., sþ. án atkv.gr.

3. brt. á þgskj. 484, við 3. gr., sþ. án atkv.gr.

4. brt. á þgskj. 484, við 5. gr., sþ. án atkv.gr.

5. brt. á þingskj. 484, við 5. gr., sþ. án atkv.gr,

6.—10. brt. á þgskj. 484, við 6.—8. gr., sþ. án atkv.gr.

Frumvarpið í heild sinni, þannig breytt, sþ. í e. hlj., og verður sent til h. forseta Ed.

Bæjarstjórn á Ísafirði.

FRUMVARP til laga um breyting á 24. gr. í lögum um bæjarstjórn á Ísafirði frá 8. okt. 1883; 1. umr. 15. júlí (C. bls. 213).

Flutningsmaður (Hannes Hafstein): Þetta frv. er flutt hér inn á þing eftir beiðni og áskorun bæjarstjórnarinnar á Ísafirði, og er sama efnis og frv., er eg bar fram á þinginu 1901, en sem þá sætti sömu meðferð og ýms frv. fleiri, er kaupstaði snertu, að það var felt. Frv. fer fram á það, að breytt sé gjalddaga á bæjargjöldum í kaupstaðnum. Ástæðan fyrir þessari beiðni er sú, að útgjöld bæjarins fara sívaxandi, og eins og gjalddagi er nú, þá verður annaðhvort að vera til í sjóði allmikið fé um áramót, eða bærinn verður að lifa á lánum 3--4 fyrstu mánuði ársins, til þess að standast hin sjálfsögðu útgjöld, þar á meðal mánaðarleg laun til fastra sýslunarmanna kaupstaðarins, kennara, lögreglumanna, o. s. frv., árgjald til prests o. fl., sem ekki getur beðið eftir því, að menn borgi inn gjöld sín einhvern tíma og og einhvern tíma. Það er og mjög svo óheppilegt, að hafa ekki einu sinni heimild til að krefja gjaldendur um neitt, fyr en fyrsti ársfjórðungur er liðinn, úr því að það þó er í lögum, að þeir, sem dvelji í kaupstaðnum eitthvað af fyrsta ársfjórðungi, skuli greiða tiltölulegt gjald; þeir geta verið farnir veg allrar veraldar burtu, áður en auðið er að krefja þá um það, er þeim ber að greiða.

Það hefir verið haft á móti breytingu þessari, að óhagkvæmara væri fyrir fátæka bæjarbúa að borga bæjargjöld í janúarmánuði en í apríl. En við þessu liggja fyrst og fremst þau svör, að það er vissulega ekki sennilegt, að gjaldkeri snúi sér til hinna allra fátækustu fyrst með lögtaki, til þess að ná inn nauðsynlegum tekjum í bæjarsjóðinn; hitt liggur miklu nær, að hann snúi sér fyrst til hinna stærri gjaldenda, kaupmanna og embættismanna og efnaðri manna, sem má vera sama, á hvaða tíma þeir greiða gjald sitt, ef hann þarf í snatri að fá peninga í bæjarsjóðinn. Þeir, sem eiga bágast með að greiða gjaldið, borga svo lítið, að það dregur litlu fyrir bæjarsjóðinn, hvort gengið er að þeim dálítið fyr eða síðar, og því sennilegt, að þeim verði, eftir sem áður, sýnd sama tilhliðrunarsemi, sem að undanförnu. En auk þess eru ástæður manna í þessu tilliti engu lakari á Ísafirði heldur en í öðrum kaupstöðum, t. d. í Reykjavík, og þar hefir gjalddögunum einmitt verið breytt á sama hátt.

Eg held einmitt, að mörgum fátæklingum sé léttara að fá fé til opinberra gjalda á þeim tíma, sem frumvarpið

greinir, heldur en t. d. í aprílmánuði eða seint á ári. Að minsta kosti hefi eg þá reynslu sem fógeti, að fátæklingar, sem seinir hafa orðið fyrir að greiða gjöld sín, hafa einatt komið með þau rétt eftir nýárið, enda heyri eg sagt, að kaupmenn séu þá einna fúsastir á að lána, eftir að ársreikningarnir hafa verið gerðir upp.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Önnur umr. 17. júlí. (C. bls. 213).

ATKV.GR.: Frv. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Þriðja umr. 20. júlí. (C. bls. 213).

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni samþ. með 21 shlj. atkv. og sendist Ed.

Hafnsöguskylda í Ísafjarðarkaupstað.

FRUMVARP til laga um hafnsöguskyldu í Ísafjarðarkaupstað. 1. umr. 23.júlí. (C. bls. 288).

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Eg þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta frv., er eg flyt eftir tilmælum bæjarstjórnarinnar á Ísafirði. Enda þótt skipaferðir séu miklar til Ísafjarðar, þá hagar þó einatt svo til, að skip, er þangað koma, taka eigi hafnsögumann. Samt sem áður verður ekki hjá því komist, að hafa þar hafnsögumann, með því að innsigling er þar vandasöm. En sakir þess að skip, er koma þangað ár eftir ár, svo sem flest verzlunarskip, sigla inn án hafnsögumanns, með því að skipstjórum er orðin leiðin kunn, þá eru tekjur hafnsögumanns mjög litlar. Á hinn bóginn verður hann oft að kosta miklu til, sérstaklega í slæmu veðri, er hann þarf að manna út bát með 4 mönnum, og þá hæpið, að launin hrökkvi, auk heldur meira. Þess vegna hefir hann farið fram á það við bæjarstjórnina, að ráða bót á þessu, og hugkvæmdist henni þá, að skylda mætti til að greiða hafnsögugjald í fyrsta skifti á árinu, er skip komu frá útlöndum.

Eflaust væri heppilegra að orða greinina þannig, að skipin væru ekki skylduð til að nota hafnsögumann, heldur til að greiða hafnsögugjald, hvort sem þau notuðu hann eða ekki. Skal eg geta þess, að eg hefi þegar sent í prentsmiðjuna brt. þessu viðvíkjandi.

Hannes Hafstein: Eg vildi að eins taka það fram, að mér er kunnugt um, að bæjarstjórnin á Ísafirði óskar, að lög í þessa átt fái framgang.

Heppilegra væri að orða ákvæðið svo, að skipin skuli í fyrsta sinn skyld til að greiða hafnsögugjald, hvort sem þau nota hafnsögumann eða ekki, en síðar að eins þegar þau nota hafnsögumann. Væri það í samræmi við hafnsögulög Reykjavíkur. Brt. um þetta atriði má koma að við 2. umr.

Skúli Thoroddsen: Eg gat þess einmitt í framsögu minni, að brt. um þetta atriði væri þegar send í prentsmiðjuna.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr. 25. júlí. (C. 288, 329).

ATKV.GR.: 2. brt. á þgsk. 175, við 1. gr., sþ. með 17 shlj. atkv.

1. gr., þannig breytt, sþ. með 19 shlj. atkv.

2. gr. sþ. með 17 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

1. brt. á 175 sþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Þriðja umr. 28. júlí. (C. bls. 355, 373).

ATKV.GR.: Brt. á þgskj. 218, við 2. gr., sþ. með 17 shlj. atkv.

Frv. í heild sinni sþ. með 19 shlj. atkv. og sendist Ed.

Ein umr. 14. ágúst. (C. bls. 482, 638).

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): H. Ed. hefir gert dálitlar breytingar við þetta frv., og mun það stafa af því, að hún hefir skilið það svo, sem ekki væri um annað hafnsögugjald að ræða í Ísafjarðarkaupstað en um það, er skip greiða, er þau koma í fyrsta sinn á árinu. En það er misskilningur. Meiningin með þessum lögum er einungis sú, að skylda skip til þess, í fyrsta sinn er þau koma á árinu, að greiða hafnsögugjald, hvort heldur þau nota hafnsögumann eða ekki.

Til þess nú að gera frv. sem ljósast, hefi eg leyft mér að koma fram með nokkrar breytingartill. við það, í samráði við háttv. 2. þm. Eyf. (H.H.), sem er manna kunnugastur öllum málavöxtum um þetta efni, með því að hann hefir svo að segja daglega haft það með höndum. Um þessar brt. skal það tekið fram, að til skýringarauka er skotið inn, á eftir 1. málsgrein 1. greinar, svo látandi ákvæði, að komi skip oftar á sama ári, skuli það ekki greiða hafnsögugjald aftur, nema þegar það notar hafnsögumann. Enn fremur er það lagt til, að hafnargjaldkeranum á Ísafirði sé falið að innheimta hafnsögugjald það, er getur um í fyrstu málsgrein 1. gr., ásamt öðrum hafnargjöldum; en að öðru leyti skuli hlutaðeigandi hafnsögumaður innheimta sjálfur gjöld þau, er ræðir um í lögum þessum. Í reglugjörð þeirri, er nú gildir um hafnsögu í Ísafjarðarkaupstað, er gert ráð fyrir, að þar geti verið einn hafnsögumaður eða fleiri. Þess vegna er hér haft orðtakið »hlutaðeigandi hafnsögumaður«.

Skal eg svo ekki fara fleiri orðum um þessar brt., en vona að þær verði samþyktar.

ATKV.GR.: 2. brt. á þingskj. 499, við 1. gr., samþ. í e. hlj.

3. brt. á þingskj. 499, við 1. gr., sþ. án atkv.gr.

4. brt. á þingskj. 499, við 2. gr., sþ. í e. hlj.

5. brt. á þingskj. 499, (ný 3. gr.), sþ. í e. hlj.

6. brt. á þingskj. 499, (3. gr. verði 4. gr.), sþ. án atkvæðagr.

1. brt. á þingskj. 499, við fyrirsögn frv., sþ. án atkv.gr.

Frv. í heild sinni, með áorðnum breyt., sþ. í e. hlj., og verður endursent Ed.

Verzlun og siglingar.

TILLAGA til þingsályktunar um verzlunarmál og siglingar. Ein umr. 25. ágúst. (C. bls. 752).

Flutningsmaður (Pétur Jónsson): Eg ætla að leggja nokkur orð í belg um þessa tillögu og benda á einstök atriði, þó eg sé ekki fær um að tala um alt, sem hún felur í sér.

Við flutningsmenn höfum ekki gert okkur von um neinn stórkostlegan árangur af tillögunni, en búumst þó við að starf stjórnarinnar geti haft verulegan árangur, af því það snertir svo afarstórt atriði fyrir velmegun þjóðarinnar. Það er skoðun mín, að skuldaverzlunin sé stærsta mein þessarar

þjóðar, og eg fyrir mitt leyti hefi þá skoðun, að svo framarlega sem hún hefði ekki átt sér stað, þá væri flest af því, sem nú er mest kvartað um í atvinnuvegum og lífskjörum þjóðarinnar, í betra horfi, og færri, sem yfirgæfu landið nú af óþoli og vantrausti á landinu, ef sú landplága hefði aldrei hér komið. Eg þarf ekki að útlista þetta, sem menn munu vera sammála um. En hitt er spursmál, hvort menn alment hafi áttað sig á, hve víðtæka þýðingu skuldaverzlunin hefir. Þar sem á að koma einhverju í framkvæmd, hljómar stöðugt orðið peningaekla. En það má fullyrða, að peningaeklan kemur að miklu leyti af verzlunarólaginu, en verzlunarólagið í heild sinni stafar nær eingöngu nú af skuldaverzluninni. Það er auðskilið, að það er erfitt og óhagur fyrir kaupmenn, að hafa næga peninga á boðstólum fyrir viðskiftamenn sína, eins og verzlunarhættirnir eru. Í öðru lagi: Nálega allar verzlunarvörur landsins eru, liggur mér við að segja, í fyrirlitningu á útlenda markaðinum, mest fyrir illa verkun og meðferð og jafnvel svik. Á einokunartímanum voru vörurnar betur vandaðar. Skuldaverzlunin veldur einnig því, að vöruvöndunin versnar, vegna þess, að þegar kaupmenn þurfa að innheimta skuldir sínar, neyðast þeir til að taka alt, sem þeir fá, og hlaupa hver í kapp við annan til að fá eitthvað upp í skuldirnar. Það er því aðallega skuldaverzlunin, sem stendur vöruvönduninni fyrir þrifum.

Af skuldaverzluninni sprettur líka léttúð í viðskiftum manna á milli. Menn venjast á að taka út í reikning sinn, án þess að vita neitt um hvernig hann stendur; og ein léttúðin getur af sér aðra. Eitt stærsta meinið er, að atvinnuvegir og tekjur manna hrökkva ekki fyrir útgjöldunum. Það er ekki af því, að tekjurnar aukist ekki eftir vonum, heldur af því, að þarfirnar vaxa svo miklu fljótar, og fjárhagslega íhugunarsemi vantar. Á minni stuttu æfi hefir skift svo mjög í tvö horn um þetta, hve menn lifa yfir efni fram, og það er hin helzta orsök til óþols í mönnum. Því það er ekki gott að þola það, þegar árlegar tekjur hrökkva ekki fyrir útgjöldunum. Það er óhætt að segja, að skuldaverzlunin hefir átt mestan þátt í því, að menn sýna léttúð í peningaviðskiftum, og láta sér liggja í léttu rúmi, þó þeir standi ekki í skilum á réttum tíma. Eg, sem hefi starfað fyrir kaupfélögin, hefi séð hvernig menn, sem eru óspiltir að öðru leyti, hafa haft mjög spiltan hugsunarhátt í verzlunarsökum. Verzlunarástandið er því siðspillandi fyrir þjóðina.

Eg skal ekki orðlengja þetta, en vil að eins benda á það, af því eg hefi haft ástæðu til að athuga það mörgum fremur og berjast á móti því. Auðvitað þarf meira til en aðgerðir löggjafarvaldsins, en það gæti þó orðið bót í máli, ef landsstjórn og löggjöf skærist í leik. Eg er ekki lögfróður, en í okkar löggjöf er ekki svo eg viti neitt, er miði að því að kippa þessu í liðinn. — Hið fyrsta, sem hægt væri að gera, er að innleiða skuldafyrning, sérstaklega á verzlunarskuldum, líkt og tíðkast sumstaðar, að minsta kosti erlendis, í þeim tilgangi, að koma í veg fyrir óholl verzlunarviðskifti. Það er að vísu algengt, að menn borgi útistandandi skuld frá fyrra ári með fyrsta innleggi á næsta ári, taki svo nýtt lán; þannig halda skuldaviðskiftin áfram og með þessu getur skuldaverzlunin farið í kringum fyrningarlagaákvæðin. En yrði skuldafyrning innleidd, þá mundu kaupmenn vara sig, því þeir gætu þá búist við, að viðskiftamennirnir hlypu frá sér þá og þegar, og yrði

því skuldafyrningin til að kenna mönnum að fara varlega út í skuldaverzlun. Þess vegna er enginn vafi á, að lagaákvæði í þessa átt hefðu þýðingu.

Hið annað ákvæði tillögunnar miðar að því, að safnað sé í einn bálk lagaákvæðum um siglingar og verzlun, og þýðir ekki að telja þau upp. Auðvitað er hér ekki átt við víxillög eða þess konar lög. En það mun verða stjórninni ljóst, hvað meint er með þessu.

ATKV.GR.: Tillagan í heild sinni samþ. í e. hlj. og verður afgreidd til landsh.

Vörumerki.

FRUMVARP til laga um vörumerki. 1. umr. 18. júlí. (C. bls. 248).

Guðlaugur Guðmundsson: Eg leyfi mér að stinga upp á, að málinu sé vísað til fimm manna nefndar.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

5 manna nefnd samþ. með 14 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Björn Bjarnarson,	Árni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Jón Magnússon,
Eggert Pálsson,	Hannes Hafstein,
Einar Þórðarson,	Hannes Þorsteinss.,
Guðl. Guðmundsson,	Lárus H. Bjarnason,
Herm. Jónasson,	Magnús Stephensen,
Jóh. Jóhannesson,	Tryggvi Gunnarss.
Magnús Andrésson,	
Ólafur Briem,	
Ólafur Ólafsson,	
Ólafur Thorlacius,	
Pétur Jónsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson.	

Jóhannes Ólafsson og Þórh. Bjarnarson voru fjarverandi.

Kosnir í nefndina með hlutfallskosningu:

Jóhannes Jóhannesson,
Björn Kristjánsson,

og með óbundnum kosningum:

Björn Bjarnarson,
Hannes Hafstein,
Tryggvi Gunnarsson.

Önnur umr. 5. ágúst. (C. bls. 248; n. 423).

Framsögumaður (Jóhannes Jóhannesson): Eins og sjá má á nefndarálitinu á þgskj. 307, sem eg býst við að hv. þgdm. hafi við hendina og hafi lesið, þá hefir nefndin ráðið hv. deild til að samþykkja frv. óbreytt.

Með því að umræðurnar nú eru orðnar svo langar, þá hirði eg eigi um að fara að taka upp ástæður nefndarinnar, en vil að eins óska þess fyrir nefndarinnar hönd, að frv. megi ganga til 3. umr.

ATKV.GR.: 1. gr. sþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. sþ. með 19 shlj. atkv.
3. gr. sþ. með 19 shlj. atkv.
4.—19. gr. sþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.
Vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Þriðja umr. 8. ágúst. (C. bls. 248).

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni sþ. með 17 shlj. atkv., og verður afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi*.

Verzlanaskrár, firma og prókúruumboð.

FRUMVARP til laga um verzlanaskrár, firma og prókúruumboð. 1. umr. 5. ágúst. (C. bls. 426).

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Sþ. að vísa málinu til vörumerkjanefndarinnar með 16 atkv.

Önnur umr. 19. ágúst. (C. bls. 426; n. 662).

Framsögumaður (Jóhannes Jóhannesson): Eins og sjá má af áliti nefndarinnar á þgskj. 527, þá hefir nefndin komist að þeirri niðurstöðu, að ráða háttv. deild til að samþ. frumv. að mestu leyti óbreytt, af ástæðum þeim, sem þar eru til færðar; og þar sem eg hygg, að háttv. þingd. hafi nefndarálitið fyrir sér, þá álít eg óþarft tyrir mig, að fara að taka upp hér ástæður nefndarinnar. — Auk þess eru flestar breyt.till. nefndarinnar að eins orðabreytingar, og svo ljósar, að háttv. þingdm. munu geta áttað sig á þeim án frekari útskýringar. Að eins skal eg geta þess, að 9. breyt.till. á þgskj. 527 v. 22. gr., um að bæta inn í greinina »eða viðauka hennar«, er til þess að koma þessari grein í samræmi við 31. greinina. Orðin hafa sýnilega fallið úr í þýðingunni úr dönsku.

Að ganga í gegnum svo mikið frv. sem þetta er, mundi taka æðilangan tíma, og þar sem hins vegar ekki sýnist vera nein nauðsyn til þess, háttv. þingd. vegna, þá orðlengi eg þetta mál eigi frekar að sinni.

ATKV.GR.: 1. gr. frumv. samþ. í einu hlj.

2.—5. gr. frumv., samþ. í einu hlj.

1. breyt.till. á þgskj. 527, samþ. án atkv.gr.

6. gr. frumv., breytt, sþ. í einu hlj.

7. gr. frumv. samþ. með 21 atkv.

8. gr. frumv. samþ. með 19 atkv.

2—4. breyt.till. á þgskj. 527 samþ. án atkv.gr.

9. gr. frumv. þannig breytt, sþ. með 19 samhlj. atkv.

10.—17. gr. frumv., samþ. með 19 samhlj. atkv.

5.—6. breyt.till. á þgskj. 527 samþ. án atkv.gr.

18. gr. frumv., þannig breytt, samþ. með 19 samhlj. atkv.

7. breyt.till. á þgskj. 527 samþ. með 19 samhlj. atkv.

19. gr., þannig breytt, samþ. með 17 samhlj. atkv.

20. gr. samþ. með 18 samhlj. atkv.

8. breyt.till. á þgskj. 527 samþ. með 18 samhlj. atkv.

21. gr., þannig breytt, samþ. með 18 samhlj. atkv.

9. breyt.till. á þgskj. 527 samþ. með 18 samhlj. atkv.

22. gr., þannig breytt, samþ. með 18 samhlj. atkv.

23.—30. gr. samþ. með 18 samhlj. atkv.

10. og 11. breyt.till. á þgskj. 527 sþ. án atkv.gr.

31. gr., þannig breytt, samþ. með 18 samhlj. atkv.

32.—37. gr. sþ. með 18 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. sþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. í einu hlj.

Þriðja umr. 21. ágúst. (C. bls. 688, 722).

Framsögumaður (Jóhannes Jóhannesson): Breyt.till. þær, sem nefndin hefir leyft sér að koma fram með við þetta frumv., eru á þgskj. 515, og fara aðallega allar í þá átt, að leiðrétta prentvillur, sem hafa slæðst inn í frumv., eins og það var samþ. við 2. umr. Þessar breyt.till. eru engar efnisbreytingar, svo eg þykist ekki þurfa að fara frekari orðum um þær, þar sem þær eru eiginlega áður samþ., um leið og frumv. Nefndin áleit samt rétt að koma með þær, svo þær yrðu formlega samþ. Eg ímynda mér, að ekki sé ástæða til að lesa þær upp, enda

skal eg sleppa því, en vona, að þær verði samþyktar.

ATKV.GR.: 1.—4. breyt.till. á þskj. 575, við 6., 19. og 21. gr. frumv., sþ. án atkv.gr.

Frumv. í heild sinni, með áorðnum breytingum, samþ. í einu hlj. og endursendist Ed.

Áfengisverzlun.

FRUMVARP til laga um breytingar á lögum um verzlun og veitingar áfengra drykkja; 1. umr., 13. júlí. (C. bls. 201).

Flutningsm. (**Þórhallur Bjarnarson**): Það var athugað í fjárlaganefndinni, hvernig árlega gjaldið og leyfisbréfagjaldið fyrir verzlun og veitingar áfengra drykkja fer niður á við, sem tekjugrein fyrir landssjóð, með hverju ári, svo að stjórnin nú treystir sér ekki til að áætla þessa tekjugrein meir en 20 þús. í stað 25—30 þús. Það gæti nú í sjálfu sér verið bezt að hafa engar tekjur úr þessari átt en nefndinni þótti samt eftirsjá að þessum tekjum, þar sem þessir færri leyfishafendur selja vísast eins mikið áfengi og fleiri gjörðu áður. Það hagar víða svo til, að þar sem einn vínkaupmaður er nú, en áður hafa verið tveir, þá selur nú þessi eini jafnmikið áfengi og hinir tveir gjörðu áður. Upp úr þessu tali varð, að tveir úr fjárlaganefndinni tóku sig saman um að flytja þetta frumv., og höfum við flutnm. í því haldið okkur að þeim takmörkum, að tvöfalda alstaðar árgjaldið og gjaldið fyrir leyfisbréfið.

Þetta var önnur ástæðan fyrir okkur flutnm. til að koma með frumv., en hin ástæðan, sem er engu þýðingarminni, er sú, að við því má búast, að vínsala geti orðið tekin upp aftur í kauptúnum, þar sem hún hefir algjörlega lagst niður, og væri það illa farið. Það er ekki nema eðlilegt, að kaupmenn uni því illa, að sjá viðskiftamenn sína fara til vínkaupa, og þá einnig um leið til annara kaupa, í önnur kauptún, og eg veit því einnig til þess, að komið hafa fram óskir í þá átt á nokkrum stöðum á landinu, að veitt væri aftur vínsöluleyfi. Sé það nú vinsæll og mikilsvirtur kaupmaður, sem fer fram á slíkt, þá er ekkert líkara, en hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd mundi veita leyfið. Við höfum dæmin fyrir okkur frá Noregi. Þar var svipuð löggjöf um brennivínssölu lögleidd 1895. Fyrsta árið fækkaði sölustöðunum mest, en fækkunin fór minkandi ár frá ári fram að árinu 1900; það ár risu upp aftur 6 nýir sölustaðir, og enginn lagður niður. Svipað þessu er æði sennilegt að mundi henda okkur, en það hefir þó aldrei verið tilgangur vínsölulaganna, og eg hugsa heldur ekki, að háttv. þm. óski þeirrar breytingar. Bezta meðalið til að koma í veg fyrir þetta, virtist okkur flutnm. einmitt að tvöfalda gjöldin.

Þetta tvent vakti fyrir okkur flm. sem aðalástæðurnar til að koma fram með frumv.. en auðvitað getur frumv. sjálfu verið ábótavant, og getur þá komið til greina að athuga það nánar í nefnd, sem eg í því skyni mun stinga upp á, að loknum umræðum.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. 5 m. nfd. sþ. m. 13. shlj. atkv.

Í nefndina voru kosnir, að viðhafðri hlutfallskosningu:

Hermann Jónasson,
Þórhallur Bjarnarson,
Lárus H. Bjarnason,
Hannes Þorsteinsson,
Ólafur Ólafsson,

Onnur umr. 24. júlí. (C. bls. 201; n. 310).

Framsögum. (Þórhallur Bjarnarson): Það hefir orðið nokkur breyting á frumv. í nefndinni, eins og nefndarálitið sýnir og skýrir frá. Breytingin er sú, að sleppa hækkun á árlega gjaldinu, en hækka að eins leyfisbréfagjaldið. Nefndinni þótti varhugavert, að fara að hækka árlega gjaldið á mönnum, er fengið hafa leyfið til 5 ára, og búist við, að það ætti að standa um þenna ákveðna tíma með sömu skilyrðum. Nefndinni þótti og meira um vert að girða fyrir, að vínsölustöðum fjölgaði. Við flutnm. vildum að vísu fá inn meira ársgjald, en aðaláherzluna lögðum við á, að ekki yrðu veitt ný leyfi eða teknir upp nýir vínsölustaðir, þar sem nu er hætt við að selja vín. Í nefndarálitinu er því ákvæði bætt við, að leyfisbréfagjaldið fyrir veitingar skuli ekki hækkað í þeim kaupstöðum og verzlunarstöðum, er enn selji áfengi. Það getur haft sína þýðingu á verzlunarstöðum, að gestgjafahús megi selja vínföng. Auðvitað vilja áfengisóvinir að útrýmt sé öllu áfengi, en meðan seld eru vínföng í verzlun við hliðina á veitingahúsinu, hefir það minni þýðingu að banna því vínsöluna. — Að því er snertir leyfisbréfagjald fyrir að verzla með áfenga drykki á skipi á löggiltum verzlunarstöðum, kom það til tals hjá okkur flutnm., að hreyfa því, hvort ákvæðin um það gætu ekki heimfærst til strandferðaskipanna, er hafa í stórum stil veitingar á áfengi á höfnum, til stór hneykslis fyrir flesta, er árangurslaust leitast við að stemma stigu fyrir því. Má vera að samgöngumálanefndin hafi samið um það við erindreka »Sameinaða gufuskipafélagsins«, að sú sala skuli leggjast niður; um það veit eg ekki. En eg vildi skjóta því til hæstv. landsh., hvort ákvæðið í gömlu lögunum og 2. gr. þessa frumv. gæti ekki náð til strandferðaskipanna. Yrðu strandferðaskipin að greiða 1200 kr. á hverri höfn, til að mega verzla með áfengi, væri það auðvitað sama sem að banna þeim það. Eg vil og minna á, að það getur enn komið fram við erindreka Sameinaða gufuskipafélagsins, að það er eindreginn vilji þingsins, að áfengissala á höfnum leggist niður.

Landshöfðingi: Út af orðum h. framsm. (Þ. B.) skal eg geta þess, að eg í dag átti tal við erindreka »Sameinaða gufuskipafélagsins«, og spurði eg hann, hvort samgöngumálanefndin hefði ekki minst á þetta atriði, vínveitingarnar á viðkomustöðum strandferðaskipanna. Kvaðst hann ekki minnast þess, að það hefði komið til tals. Eg sagði honum, að það væri eindreginn vilji þingsins, að ekki væru veittir áfengir drykkir á höfnum. Kvað hann það og ósk félagsins, og hefði það bannað öllum matsölumönnum á skipunum að veita mönnum úr landi áfengi, en ekki væri hægt að neita farþegum um vín með mat á höfnum eins og í rúmsjó, þess vegna álít eg, að engin hætta sé á, að brytarnir selji mönnum úr landi vín. En hitt hefi eg heyrt, að það bæri við, að menn kæmu um borð og keyptu sér farseðil til næstu hafnar og drykkju svo, og játa eg, að ekki er gott við það að eiga, ef menn langar svo mikið í drykkinn, að þeir vilja vinna þetta til.

Lárus H. Bjarnason: Eftir ósk háttv. framsm. (Þ. B.) vil eg gjöra þá fyrirspurn til hæstv. landsh. (*Landshöfðingi*: Getur ekki framsm. gjört það sjálfur?). Háttv. þm. mun hafa litið svo á, sem útlegging á orðum h. landsh. væri lagalegs efnis, hvort eigi að skilja orð hans svo, að stjórn Gufuskipafélagsins hafi bannað brytunum að

skenkja farþegunum vín á höfnum, nema með mat. Hættan liggur í því, að brytarnir selja farþegum ótakmarkað vín, og þeir veita aftur mönnum úr landi, en þannig verða standferðaskipin að fljótandi knæpum.

Landshöfðingi: Stjórn gufuskipafélagsins hefir alls ekki bannað brytunum að veita farþegum vín. (*Lárus H. Bjarnason*: Hún hefir altsvo ekkert gjört). Það væri líka sannarlega hart, að mega ekki sýna kunningjum sínum, er úr landi kæmu, þá risnu, að veita þeim eitt glas af víni. Og ómögulegt væri það fyrir brytana, að verða að spyrja í hvert skifti, sem farþegi bæði um eina flösku af portvíni, hvort hann ætlaði að drekka hana alla sjálfur. Eg hefi líka oft farið kringum land, og síðast tvisvar í fyrra, og hefi aldrei orðið var við þetta fylliri á skipunum, sem svo mikið er talað um. Menn drekka öl og vín með mat, það er alt og sumt.

Framsögumaður (Þórh. Bjarnarson): Það voru líkar umræður um þetta sama atriði í fyrra, og mig minnir að hæstv. landsh. viki að því þá, að hart væri að banna vínsölu til farþega við máltíðir, og það get eg kannast við. En verði salan til farþega ótakmörkuð, þá er erfitt við að eiga. Fengi maður aftur því framgengt, að farþegum væri ekki selt vín á höfnum, nema við máltíðir, þá yrði um litla sem enga misbrúkun að ræða úr því. Eg get ekki betur séð, en að þessi strandferðaskip gætu hlýtt landslögum í þessu efni inni á höfnum, eins og hver önnur skip. Þetta var að eins athugasemd, sem mér þótti vænt um að fá fram nú, er erindreki Gufuskipafélagins er hér enn þá. (*Landshöfðingi*: Hann fer í dag kl. 6).

Hannes Hafstein: Það er að eins örstutt athugasemd, út af orðum hv. frsm. (Þ. Bj.) Hann spurði mig, sem formann samgöngumálanefndarinnar, hvort nefndin hefði gert nokkuð í þá átt, að takmarka vínsölu til farþega á póstskipunum, þegar hún samdi við umboðsmann hins Sameinaða gufuskipafélags. Eg get gefið honum það svar, að nefndinni kom alls ekki til hugar að hreyfa neinu slíku. Eg áleit það vera hlutverk þeirrar nefndar, að útvega farþegunum sem bezt kjör og hagkvæmastan aðbúnað, en ekki hitt, að skerða persónulegt frelsi þeirra, svo að ef nefndin hefði nokkuð hlutast til um þetta mál, þá hefði það líklega fremur verið í mótsetta átt við það, sem hv. frsm. ætlast til.

Framsögumaður (Þórh. Bjarnarson): Eg veit ekki hvort eg mætti skjóta því til hæstv. landsh., hvort hann áliti það of langt farið, ef sett væri inn í frv. ákvæði um, að vínsala mætti ekki fara fram á höfnum í strandferðaskipum nema með máltíðum handa farþegum. Ef það væri fært að setja einhver lagatakmörk í þessa átt, þá hygg eg það væri í fullu samræmi við meiri hluta þingsins, þvert ofan í vilja formanns samgöngumálanefndarinnar.

Landshöfðingi: Eg verð að lýsa því yfir, sem minni persónulegu skoðun, að eg er alveg mótfallinn öllum slíkum haftákvæðum. Ef eg er farþegi á þessum skipum og kunningjar mínir koma út á skipið, sem eg er með, þá verð eg að segja, að mér þykir það æðihart, ef eg má ekki bjóða þeim eitt glas af víni. Eg get heldur ekki séð, hvað þingið varðar um þessa hlægilegu viðkvæmni, sem sprottin er af þessum Goodtemplaragorgeir og ákafa hér í bænum, og sem eg vil ekki taka hinn minsta þátt í.

ATKV.GR.: 1. brt. á þgskj. 159, við 1. gr., sþ. með 18 atkv.

2. brt. á þgskj. 159, við 1. gr., sþ. án atkvgr.

1. gr. frv., þannig breytt, sþ. með 16 : 1 atkv.

2. gr. frv., óbreytt, sþ. með 16 shlj. atkv.

3. brt. á þgskj. 159, við 3. gr., sþ. með 17 shlj. atkv.

4. brt. á þgskj. 159, við 3. gr., sþ. án atkvgr.

3. gr. frv., þannig breytt, sþ. með 14 shlj. atkv.

Viðbót við 3. gr. frv. sþ. með 14 shlj. atkv.

4. gr. frv., óbreytt, sþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 15 : 1 atkv.

Þriðja umr. 27. júlí. (C. bls. 347).

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni sþ. með 20 shlj. atkv. og afgreiðist til Ed.

Áfengissala lyfsala.

TILLAGA til þingsályktunar um áfengissölu lyfsala. Ein umr. 24. júlí. (C. bls. 303).

Flutningsmaður (Einar Þórðarson): Eg hefi gerst flutningsmaður till. þessarar, ásamt nokkrum öðrum hv. þgdm., og skal eg leyfa mér að fara um hana fáeinum orðum.

Hér í landi höfum vér ekki lög um það, hver lyf lyfsalar einir megi selja, og í Danmörku er því þannig fyrirkomið, að sundhedskollegíið skipar fyrir um það, og sömuleiðis með hverju verði lyfin skuli seld, og á hvern veg. Þeim er þar skift í þrjá flokka: lyf, sem selja má án læknisforskriftar, lyf, sem selja má 5 sinnum eftir sömu forskrift og lyf, sem að eins má selja einu sinni eftir henni. Hér á landi hafa lyfsalar að mestu leyti farið eftir ákvæðum þeim, sem gilt hafa í Danmörku, en þó hefir landlæknir bannað að selja einstök lyf hér án læknis forsagnar, sem leyft er að selja þannig í Danmörku. Grundvallarreglan er og á að vera sú, að ekki megi selja sterk eiturlyf án læknis forsagnar, — eins og nú á sér stað, — né heldur lyf, sem reynzla er fengin fyrir, að almenningur vanbrúkar. Sem dæmi upp á lyf, sem vanbrúkað getur orðið, og áður var selt án lyfjamiða, skal eg nefna antifebrín. Það er í sjálfu sér saklaust, en svo var það vanbrúkað, að eigi þótti annað fært, en banna sölu þess án lyfjamiða. Aðaltilefni tillögu þessarar er það, að á Seyðisfirði var fyrir skömmu hætt áfengissölu í verzlunum, en þá hófst hún í lyfjabúðinni og atvikaðist það þannig, að læknar gáfu lyfjamiða upp á áfengi. Í sjálfu sér er ekkert við það að athuga; en miðar þessir voru vanbrúkaðir þannig, að þeir gengu mann frá manni, menn geymdu þá eins og sjáaldur auga síns, og fóru hvað eftir annað með sama miðann í lyfjabúðina og fengu út á hann áfengi í hvert sinn.

Sum af lyfjum þeim, sem í tillögunni eru nefnd, hafa hingað til verið seld í lyfjabúðum án læknisfyrirskipunar, en sá sýnist ekki tilgangur laganna um verzlun og veitingar áfengra drykkja frá 11. nóv. 1899, að lyfsalar skuli hafa nokkurt leyfi til að selja nokkurt áfengi nema læknir fyrirskipi það sem lækningalyf.

Til að fyrirbyggja svipaða vanbrúkun og þá, sem eg gat um, höfum vér flutt tillögu þessa, og eg vona að það

verði ekki skoðaður neinn Goodtemplaragorgeir, þótt eg haldi því fram, að hvorki þing né stjórn eigi að stuðla að því, að lyfjabúðir vorar gerist vínsölukrár, og að tillögu þessari muni því verða tekið vel, bæði af þingi og stjórn.

Jóhannes Ólafsson: Eg skal þegar taka það fram, að eg ætla ekki að tala á móti bindindisstefnunni, en þó hlýt eg að vera mótfallinn tillögunni, af því að mér virðist hún ganga of nærri hagsmunum iðnaðarstéttarinnar. Í tillögunni eru talin upp efni, sem iðnaðarmennirnir þurfa að nota við iðn sína, og það fer að verða nokkuð erfitt og umsvifamikið fyrir þá, ef þeir verða að útvega sér lyfjamiða í hvert sinn, sem þeir þurfa að kaupa þau; hér er engin materíalverzlun, sem efni þessi fáist í, vér verðum að gæta þessa.

Vín og öl skoða eg sem áfengi, en efni þau, er hér ræðir um, fremur sem eitur, og að þau heyri því ekki undir áfengislöggjöfina, eins og hv. 2. þm. N.-Múl. (E. Þ.) gaf í skyn.

Eg sé ekki hvernig á að koma að brt. við till. þessa, en eigi hún að ganga fram óbreytt, þá get eg ekki greitt atkvæði með henni.

Flutningsmaður (Einar Þórðarson): Eg skal svara mótbárum hv. þm. (J. Ól.) með því, að eftir núgildandi löggjöf má ekki selja t. d. spíritus án lyfjamiða, svo að breytingin verður þar eigi önnur en sú, að nýjan lyfjamiða þarf að fá, eða endurnýjun á honum, í hvert sinn, sem einhver vill fá í lyfjabúð efni þau, sem nefnd eru í tillögunni. Þá skal eg og benda á það, að lyfsalar hafa sérstaka spíritustegund handa iðnaðarmönnum, svo að tillaga vor verður ekki jafn óhagkvæm fyrir iðnaðarmennina, eins og hv. þm. V.-Ísf. (J. Ól.) áleit.

ATKV.GR.: Tillagan samþ. með 12: 2 atkv. og verður send Ed.

Ósútaðar húðir

TILLAGA til þingsályktunar um að skora á stjórnina að nema úr gildi auglýsing 12. júlí 1902, um bann gegn því, að fluttar séu til Íslands ósútaðar húðir og skinn, nema söltuð sé og hert. Ein umr. 16. júlí. (C. bls. 208).

Flutningsmaður (Björn Kristjánsson): Við flutningsmenn höfum leyft okkur að koma fram með þessa tillögu til þingsályktunar. Á þinginu 1901 voru, eins og kunnugt er, samþykt lög, er heimiluðu stjórninni að banna innflutning á ósútuðum húðum og skinnum, nema söltuð væri eða hert. Þá var það vilji margra þingmanna, að banna innflutning á öllum ósútuðum skinnum yfir höfuð, þrátt fyrir andmæli mín gegn aðflutningsbanninu. Og er eg sá, að við sjálft lá, að það bann mundi ganga í gegn, stakk eg upp á að fara heldur þann milliveg, að leyfa innflutning á söltuðum húðum; leiddi eg rök að því, að innflutningur á söltuðum húðum gæti ekki verið neinni hættu bundinn. En síðan hefir komið fram við notkun þessara söltuðu húða, að þæi eru allsendis óhæfar til skóleðurs, og sem verra er — óbrúkandi til sjóklæða. En skinnbrækur verða sjómenn allir að hafa.

Þetta, að húðirnar reynast óhæfilegar til skóa, liggur í því, að húðir, er í salti hafa legið, verða lausar í sér, svo að, þótt þær séu afvatnaðar og þurkaðar, er ekki hægt að gera þær vatns-

heldar, svo að fólk, sem gengur í skófatnaði úr þeim. er jafnan vott. Sama er að segja um brækurnar; það sem heldur þeim við, er að geta þurkað þær fljótt, og borið á þær milli róðra; en þetta er ekki hægt með þessi skinn, og auk þess ekki hægt að fá nógu þunn söltuð skinn í brækur.

Það sem farið er fram á í tillögunni, er að stjórnin setji önnur tryggingarákvæði en bannið. Það er farið fram á í tillögunni, að stjórnin, í stað þess að banna innflutning á þurrum húðum, setji reglur fyrir innflutningnum, sem girði fyrir sýkingarhættu af húðunum. Stjórnin verður að fá fullvissu fyrir því, að engin sýkingarhætta eigi sér stað, með reglum þeim, er hún setur.

Menn vita nú af reynslunni, að það drepast að meðaltali svo sem 2 til 3 kýr á ári á landinu af miltisbrandi; álít eg því hættuna ekki eins mikla og orð er af gert.. Auk þess er það í fæstum tilfellum sannað, að miltisbrandur hafi drepið gripina. Það er fleira, sem fylgir útlendum húðum, en miltisbrandur. Þær eru oft hreinsaðar með arsenik, þar af tekniska nafnið »Arsenik-kips»; má vera að skepnur drepist stundum af því. Í öllu falli lítur út fyrir að það sé ekki »smittsamt«, þegar að eins ein skepna drepst á heimili. Eg verð að halda því fram, að þar sem reynslan hefir sýnt, að það drepast til jafnaðar að eins svo sem 2 til 3 gripir á ári á öllu landinu, þá sé það rangt, að láta 15 þúsundir manna gjalda þess, með því að setja þau lög, er neyða þá til að brúka óhentugan og óhollan skófatnað, og gera þá úrræðalitla með sjóklæði. Þetta virðist mér nokkuð hart, meðan ekki er meiri hætta á ferð. Sérstaklega þykir mér hart, ef þessi tillaga verður ekki tekin til greina, þar sem ekki er farið fram á að upphefja aðflutningsbannlögin, heldur að skjóta framkvæmd þeirra á frest, og tekið er fram, að girt sé fyrir sýkingarhættuna.

Eg hefi svo ekki frekara að segja, en skal að eins bæta því við, að eg fyrir mitt leyti vil heldur þola að fáeinir gripir drepist á ári, þótt ilt kunni að vera, en að fleiri þúsundir manna veikist í landinu af óhollum skófatnaði; eg met mannslífið og heilsu meira en líf fáeinna húsdýra.

Eggert Pálsson: Það mun óþarft að eyða mörgum orðum að þessari tillögu. Eg vil þó taka fram eitt eða tvö atriði.

Það virðist svo sem h. flutningsm. (B. Kr.) hafi sérstaklega tilhneiging til að breyta lögum, og álíti alla framsókn og fullkomnun í því einu fólgna; hann kom nýlega með frumvarp um að breyta lögum, sem voru að eins 12 daga, nú kemur hann með tillögu um afnám auglýsingar, sem er 12 mánaða gömul, næst líklega með breytingu við lög, sem komin verða á annað ár. Og það sýnir þó, að hann er altaf dálítið að skána. En það er ekki að eins breytingafýsn flutningsmanns, sem er einkennileg, heldur er líka sérstaklega einkennileg afstaða h. flutnm. í máli þessu. Hann var í nefndinni, sem fjallaði um mál þetta á þinginu 1901. Vil eg því með leyfi h. forseta lesa niðurlag nefndarálitsins, sem er þannig:

Nefndin ræður til, að »1. gr. frv. orðist þannig:

Bannað skal að flytja ósútuð skinn eða húðir hingað til lands frá útlöndum, *nema söltuð séu og óhert*«.

Undir þetta nefndarálit hefir skrifað sem formaður Björn Kristjánsson, (*Björn Kristjánss.*: Eg kannast við það). Og eg fyrir mitt leyti felli mig miklu betur við skilning formanns nefndarinnar 1901, og álít hann á miklu betri grundvelli bygðan, heldur en flutningsmanns

þessarar tillögu. En væri nú svo, að formaður nefndarinnar 1901 og flutningsm. þessarar tillögu væri samí maðurinn, sem sennilegast er, þá má sannarlega fara að búast við hinu ólíklegasta af honum sem löggjafa, jafnvel að hann gerist flutningsmaður smjörlíkistolls á næsta þingi.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg get ekki tekið undir með h. 1. þm. Rangv., að því er snertir ástæður hans á móti tillögu þessari. Það væri í sjálfu sér ekkert á móti þessari breytingu, ef fullsýnt væri, að auglýsing stjórnarinnar stofnaði landinu í háska, eða væri til tjóns. Ollu slíku er auðvitað rétt að breyta, hvort sem það er gamalt eða nýtt. Það er þverhöfðaskapur að vilja ekki leiðrétta vitleysur, þó nýlegar séu. En eg verð að taka það fram, að eins og málið liggur fyrir enn, eru alls ekki sönnuð þessi vandræði, sem h. flutningsmaður talaði um. Það er að eins efnishlið málsins, sem eg vil snúa mér að, er ekki hitt, hve nýtt eða gamalt það er, sem hér er farið fram á að breyta; ef ástæða er til að breyta, þá er tillagan jafnréttmæt hvort sem er.

Eg er hins vegar eindregið á þeirri skoðun, að það sé ekki rétt, að fara fram á breyting í þessu efni.

Mál þetta lá fyrir alþingi 1899 og sömuleiðis þinginu 1901, og það vita allir, að hér er að ræða um mikið vandamál, sem hefir mikla þýðingu bæði fyrir sveitabændur, og einnig fyrir kaupstaðarbúa og sjávarbændur. Vitaskuld lít eg á málið nokkuð frá landbændanna hlið, og eg verð að álíta, að sú skoðun á málinu hafi meiri rök fyrir sér en hin, sem h. flutnm. heldur fram.

Það var einmitt flutnm., sem benti á þann milliveg, að flytja mætti saltaðar húðir. Eg er því ekki full kunnugur, hvernig þessi innflutningur á söltuðum húðum hefir tekist; en heyrt hefi eg þó, að bæta megi úr göllunum á þessum húðum, nefnil. að þær eru slepjaðar og ilt að gera þær vatnsheldar, — með því að verka þær á venjulegan íslenzkan hátt, lita þær úr eir, reykja og þurka. Eg álít enga ástæðu til að fara að breyta neinu í þessum lögum, fyr en þetta er fullreynt. Þessi viðbára, að menn kaupi ekki skinnin fyr en þeir ætla að fara að brúka þau, hefir að mínu áliti nauðalitla þýðingu.

Flutningsmaður vildi gera lítið úr þeim skaða, sem hlotist hefði af innflutningi hertra húða. Vitaskuld er það, að ef tölu þeirra gripa, sem drepist hafa síðan þessi innflutningur byrjaði (1865), er deilt með áratölunni, þá verður ekki mikið til jafnaðar á hvert ár. En það er önnur hætta af þessum innflutningi, eins og dýralæknirinn hefir bent á, og hún er sú, að miltisbrandur gæti orðið hér landlæg sótt; og geta allir sveitabændur sett sig inn í það, hvílíkur háski það væri, ef stórgripirnir ættu yfir sér annan eins vogest, eins og bráðafárið er fyrir sauðfénaðinn. Nú er svo á köflum á landinu, að landbúnaðurinn er að snúast meira að stórgriparækt, smjörbúum og mjólkurbúum. Ef miltisbrandur væri orðinn landlægur, þá væri það fullkomið niðurdrep fyrir þessa atvinnugrein. Þetta er sú atvinnugrein, sem t. a. m. Árness- og Rangárvallasýslur byggja helzt framtíðarvonir sínar á. Hér er ekki verið að ræða um 1 eða 2 kýrverð á ári; hér er verið að ræða um framtíð heillar atvinnugreinar.

Vitaskuld er í tillögunni farið fram á, að stjórnin setji önnur tryggingarákvæði, er girði fyrir sýkingarhættu af

innfluttum húðum. Þetta vildum við líka fá 1899, og var í því skyni sett það ákvæði, að sótthreinsun skyldi fara fram á húðunum, áður en leyft væri að selja þær; þannig minnir mig að frv. færi frá þessari deild til Ed. En í Ed. situr, eins og allir vita, landlæknirinn; og gaf hann þá upplýsingu, að sóttnæmið í þessum húðum væri svo lífseigt, að það væri ekki nokkur lífsvegur að eyðileggja það, nema með súblímatvatni, ef eg man rétt; og hann kvað svo að orði, að það væri svo baneitrað, að það væri ekki trúandi öðrum en læknisfróðum mönnum fyrir að fara með það. Eg er ekki sérfróður maður í þessari grein, og verð eg því að trúa því efasemdalaust, sem slíkir menn segja. Getur nú h. flutningsm. ímyndað sér, að það yrði ekki sama sem hreint og beint forboð, ef stjórnin heimtaði, að autoriseraður læknir ætti að desinficera allar þær húðir, sem til landsins koma, áður en mætti selja þær? Eg fæ ekki séð, að stjórnin hefði nokkurn annan veg. Eg tel víst, að hún mundi leita álits læknisfróðra manna, sérstaklega landlæknis; og mundi hún ekki taka á sig þá ábyrgð, að ganga á móti tillögum hans.

Hér er, eins og allir vita, vandamál; það er ilt fyrir landbúnaðinn að eiga þetta á hættu, en líka ilt fyrir sjávarbændurna, að geta ekki fengið skinn. En eitthvað verður úr að ráða, og eg fyrir mitt leyti verð að álíta, að það sé ekki sannað, að vandræðin séu eins mikil eins og flutningsmaður heldur fram, vegna þess, að ekki er búið að reyna til þrautar. H. flutnm. sagði, að mannslíf væri meira vert en gripa. Já, það er satt. En hvað sýnir saga landsins á hallærisárunum? Hún sýnir það, að fyrra árið falla gripirnir, seinna árið drepast mennirnir. Þegar gripastóllinn í sveitunum er dauður, þá fer flest af fólkinu að eiga stutt líf eftir.

Flutningsmaður (Björn Kristjánsson): H. 1. þm. Rangv. (E. P.) vildi hafa það sem ástæðu gegn tillögu minni, að lögin sé svo ný. H.þm. V-Sk. (G. G.) hefir nú svarað þessu. Í annan stað talaði hann um afstöðu mína í máli þessu 1901, og nú álítur hann hana ósamkvæma. En ef hann les það, sem eg talaði í málinu á þingi 1901, getur hann séð, að eg gerði fulla grein fyrir því, af hvaða ástæðu eg hefði skrifað undir nefndarálitið þá, o: af því eg var í minni hluta, en vildi til samkomulags og til að fyrirbyggja algert innflutningsbann, sætta mig við frv., eins og það varð í nefndinni.

H. þm. V-Sk. (G.G.) benti á, að það mundi verða dýrt, ef ætti að taka læknisfróða menn til að sótthreinsa húðirnar. En eg held það væri þó haganlegra fyrir sjómennina, að borga meira fyrir húðirnar vegna eftirlitsins, og geta þá fengið þær húðir, sem þeir geta notað. Eg skal taka til dæmis kálfskinn í brækur; það er ómögulegt að flytja þau inn söltuð.

Sami þingmaður hélt því fram, að það mætti lita skinnin og reykja. Get eg að vísu fallist á það. En aðgætandi er, að þeir, sem skinnin brúka, eru flestir fátækir menn, sem geta ekki beðið eftir verkuninni, en verða að nota skinnin strax. Auk þess læt eg alveg ósagt, að sú verkun dygði; getur verið að hún dygði á skæðaskinni; en eg er hér um bil viss um, að hún dygði ekki á skinnum til sjóklæða; það er full hart á því með innlend skinn, að hægt sé að verka þau svo, að þau verði vatnsheld, og verkist vel, þó þau hafi lengi í reyk hangið.

Eftir að eg nú hefi svo rækilega bent á, hvað í tillögunni felst, vonast

eg eftir, að h. deild fallist á hana; skil eg ekki, hvaða ástæða ætti að vera á móti því. Mér væri kært, ef hægt væri að sýna mér með sennilegum ástæðum, að tillagan sé óþörf eða hættuleg; en eg er hræddur um, að það sé ekki hægt. Eg vona því að h. deild líti með sanngirni á tillöguna og samþykki hana.

Hermann Jónasson: Eg vil leyfa mér að benda háttv. flutningsmanni þessarar tillögu á, að búnaðarhættir í landi voru eru að taka stórkostlegri breytingu, sem eg sé ekki betur en að hljóti að leiða til þess, að það verði alveg nægilegt til af hentugum skinnum í landinu. Búnaðurinn er mjög tekinn að hneigjast í þá átt, að stofna mjólkurbú og auka nautgriparækt; verður þá eðlilega miklu meira af húðum og kálfskinnum. Þá er og farið meira að tíðkast að nota hross til manneldis; haldi það áfram, þá verður miklu meira um hrossskinn. Veit eg að skinn eru víða í lágu verði, og enginn markaður fyrir þau, nema leita til fjarlægra héraða. Kaupmenn hafa ekki hugsað um að vera sér úti um að fá skinnin hjá bændum í landinu, en þótt brotaminna að fá þau frá útlöndum; og tel eg þetta ekki heppilegt. Eg veit af heilum sýslufélögum, þar sem kaupmenn taka ekki skinn í verzlunum, og leiðir eðlilega af því, að þau hrúgast upp sumstaðar og liggja verðlítil. Ef þessi breyting á búnaðarháttunum heldur áfram, sem er nú að byrja, og sýnist ætla að verða framhald af, þá þarf alls ekki að óttast skort á skinnum í landinu, þegar fram líða stundir, heldur er hitt líklegra, að húðir verði meira að segja útflutningsvara. Eg vil að eins leyfa mér að benda h. flutningsm. tillögunnar á það, að ef kaupmenn keyptu húðir af bændum og hefðu þær til útsölu, þá mundi það nægja, ef ekki strax, þá innan skamms.

Flutningsmaður (Björn Kristjánsson): Eg ætla að eins að gera litla athugasemd. Það má vera að sá tími komi, að vér framleiðum nóg skinn í landinu sjálfu, en hann er ekki kominn enn þá, og verður því að gera við því sem er. Árið 1900 var flutt inn sútað og ósútað leður og skinn fyrir 91618 kr. (*St. Stefánsson*: En fyrir hvað mikið var flutt út?) Og meðan svo mikið er flutt inn, álít eg að vér getum ekki fullnægt þörfinni sjálfir. Hér er að eins farið fram á, að bannheimildinni sé skotið á frest, þangað til vér getum verið án þess að flytja inn útlendar húðir, og þarf þá ekki annað en semja nýja þingsályktunartillögu, svo lögin komi í gildi aftur. H. 1. þm. Húnv. sagði, að nóg skinn væru til í landinu og verðið lágt. En eg veit ekki til að verð á húðum sé nokkurstaðar hærra en hér á landi. Meðan svo er, þurfa menn hvorki að kvarta um lágt verð, né heldur þó flutt sé inn útlent skinn.

Skúli Thorddsen: Enda þótt h. meðflutningsm. hafi skýrt málið vel, finn eg ástæðu til að fara um það nokkrum orðum. Eg leit svo á, þegar lögin um ósútaðar húðir voru til meðferðar á þinginu 1901, að það vekti ekki fyrir þinginu, að stjórnin ætti strax að nota þá heimild, sem henni var veitt, heldur heimildin til taks, ef á þyrfti að halda. Eg held að stjórnin hafi misskilið þingið, er hún gaf út auglýsinguna 12. júlí 1902, því það liggur í augum uppi, að ef þingið hefði ætlast til, að heimildinni yrði beitt strax, þá hefði það orðað lögin öðruvísi. En þessi auglýsing bakar mönnum við sjávarsíðuna mjög mikið tjón. Í mínu kjördæmi voru árið 1900 innflutt skinn

fyrir um 8000 kr. og voru það auðvitað mest gamlar húðir; en þegar litið er á verðmuninn á þeim og söltuðum húðum, þá munar það feykilega miklu; með öðrum orðum, hér er lagður hár skattur á sjómenn. Þar sem gamlar húðir kosta í útlöndum að eins um 7 kr. hver, þá kosta söltuðu húðirnar með höfði, hala og öðru drasli, sem er til engra nota, um 20 kr., án þess þær séu þó í raun og veru meira virði en gömlu húðirnar; með öðrum orðum, þær eru meir en 100% dýrari, og er það þungbær skattur, sem með þessu er lagður á sjómennina.

En þá er að líta á, í hvaða skyni þetta er gert. Það á að vera til þess að vernda gegn miltisbrandi; en það þykja stórtíðindi og kemur í öllum blöðum, ef ein belja drepst einhvers staðar úr miltisbruna; svo sjaldgæft er það, og eg verð að halda því fram, að þó einstök tilfelli af miltisbruna komi fyrir, þá sé ekki sannað, að það hafi jafnan stafað af útlendum húðum, og það er ekki sannað, að miltisdrep liggi ekki í landi hér. Þegar menn því eru hræddir um, að miltisdrep kunni að verða landlægt hér, ef innflutningi ósútaðra húða sé haldið áfram, þá er eg hræddur um, að menn vilji leggja helzt til mikið í sölurnar, ekki sízt ef sú raunin yrði á, að miltisdrepið væri þegar orðið hér landlægt.

Hv. þm. V.-Sk. (G. G.) tók það fram, að hann liti á málið frá sjónarmiði landbænda, en það er að líta einhliða á það, og þingmenn verða að líta á málin þannig, að þeir gæti að hag allra stétta. Eg man líka glögt, að þegar verið var að þjarka um þetta mál á þinginu 1901, þá var lögð fult eins mikil áherzla á það, að styrkja innlenda stórgriparækt, og koma innlendum húðum í hátt verð, eins og á hitt, að forðast miltisbrunahættuna; en þar sem innlent leður hefir verið í háu verði, eða í svipuðu verði eins og hinar dönsku söltuðu húðir, þá var eigi ástæða til þess, að reyna að knýja fram verðhækkun á þessa leið, og það því síður, sem innlendar húðir eru enn eigi orðnar verzlunarvara í verzlunarstöðum vorum, því að það er ekki nóg fyrir sjómenn við Ísafjarðardjúp að vita, að hv. þm. V.-Sk. (G. G.) eigi eina húð út í skemmu sinni, sem hann máske gæti mist. Það gæti verið tími til að smella svona löguðu banni á, þegar stórgriparæktin væri komin á hærra stíg; en eins og nú stendur, hafa landbændur sjaldan meira skinn, en þeir þurfa að brúka, og hitt er naumast teljandi, sem þeir geta fargað.

Eins og tillagan til þingsályktunarinnar er orðuð, þá er meiningin sú, að stjórnin setji önnur tryggingarákvæði til að fyrirbyggja sýkingarhættu, og nemi innflutningsbannið því að eins úr gildi, að slík ákvæði komi í staðinn. Hv. þm. V.-Sk. (G. G.) sagði, að stjórnin mundi leita ráða landlæknis, og að hann teldi engin ákvæði fullnægjandi, nema innflutningsbannið. Hvort þetta er skoðun núverandi landlæknis, er mér ókunnugt, en eg vona að stjórnin verði ekki svo grunnhyggin, að leita til hans, né annara mannlækna, heldur snúi sér til dýralæknaráðsins í Khöfn. Mér er líka kunnugt, að stjórnin gaf út auglýsingu, samkvæmt lögum 11. des. 1891, þar sem gefnar voru leiðbeiningar um meðferð á ósútuðum húðum, og var þar tekið fram, að ef húðirnar væru látnar liggja svo og svo lengi í klórkalksuppleysingu, þá gætu þær ekki valdið sjúkdómum. Eftir þessum reglum var í nokkur ár farið stranglega í Ísafjarðarsýslu, enda mun

ekki hafa komið fyrir þar, að þær húðir, sem svo var farið með, yrðu nokkurri skepnu að tjóni.

Eg gæti skilið, að bændur hér í deildinni vildu skrúfa upp verð á húðum, ef þeir hefðu sjálfir eitthvað að selja; en það er ekki nóg að hafa sjálfur fjórðapart eða helming úr húð, sem bóndinn kann að geta mist frá búspörfum sínum, því að slíkar birgðir segja lítið upp í þarfir sjómannanna.

Eins og hv. meðflm. (B. Kr.) tók fram, þá standa lögin frá 1901 óhöggvuð, þó að auglýsingin sé feld úr gildi um tíma. Þegar nautgriparæktin vex svo, að nóg verður hægt að fá af íslenzku leðri, þá er nógur tími til að framkvæma heimildarlögin; en um 10 næstu árin kemst nautgriparæktin því miður varla á svo hátt stig.

Þórhallur Bjarnarson: Eg er eindregið á máli þeirra, sem vilja fella þessa tillögu, og skal eg bæta nokkru við ástæður þær, sem tilfærðar hafa verið. Það er rétt, að miltisbrunatilfellin eru ekki mörg, og hafa því ekki gert mikið efnatjón, en það verður að skoðast sem sérleg mildi, að miltisbruni er ekki orðinn landlægur hér. Árið 1901 skrifaði Magnús dýralæknir bréf til Búnaðarfélagsins, þar sem hann lagði ríka áherzlu á, að gera ákvæðin gegn miltisbrunanum sem allra tryggust, vegna þeirrar hættu, sem væri á því, að miltisbruninn yrði áður en varði innlendur og þá óviðráðanlegur. Eg get tekið í sama streng og hv. 1. þm. Húnv. (H. J.), þar sem hann gerir sér vissa von um framför í nautgriparækt vorri á næstu árum og eykst þá skinnavaran í landinu. Í þessu landi eru menn og mjög svo auðugir af hrossum, þar sem eru 50 hross á hverja 100 menn, en í öðrum löndum er hrossafjöldinn ekki nema $^1/_{10}$—$^1/_5$ hluti til móts við mannfjöldann. Svo vildi eg minna á, að eg skil ekki að menn hér á landi geti ekki notað tréskó miklu meira en gjört er. Við marga vinnu, t. d. jarðabótavinnu og heyinnu úti á túninu, eru tréskór beztu skórnir. Efnið í þá er auðfengið og mætti smíða þá að kostnaðarlausu á heimilunum. Hefi eg sjálfur í æsku gengið á tréskóm, er smíðaðir voru á heimilinu.

Eg legg eindregið með því að fella till., og aðalástæðan hjá mér er að sporna við því, að miltisbruninn verði innlendur sjúkdómur.

ATKV.GR.: Tillagan feld með 18 : 3 atkv.

Löggilding verzlunarstaða.

I. Akrar.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar á Ökrum í Hraunhreppi í Mýrasýslu. 1. umr. 30. júlí. (C. bls. 388).

Flutningsmaður (Magnús Andrésson): Frv. þetta er flutt hér inn á þing samkvæmt almennum óskum íbúanna í vesturhluta Mýrasýslu og austurhluta Snæfellsnessýslu, og liggja hér frammi á lestrarsalnum 3 áskoranir frá íbúunum í tveimur næstliggjandi hreppum, Kolbeinsstaðahreppi og Hraunhreppi.

Ástæðurnar, sem færðar eru fyrir þessari beiðni, eru aðallega þær sömu og þær, sem almennt eru færðar fyrir löggilding verzlunarstaða, nefnilega þær, að það muni létta stórmikið alla aðflutninga fyrir nærliggjandi sveitir. Í þessu einstaka tilfelli mundi löggildingin létta mjög alla aðflutninga fyrir vesturhluta Mýrasýslu, og þrjá austustu hreppana í Snæfellsnessýslu, Miklaholtshrepp, Eyjahrepp og Kolbeins-

staðahrepp. Og kæmi verzlun upp á Ökrum, er sennilegt, að íbúarnir í sveitunum þar í nánd fengju eigi að eins hægari aðdrætti, heldur einnig betri verzlun yfir höfuð, en nú.

Önnur ástæðan er það, að ef löggiltur verzlunarstaður kæmi á Ökrum, þá mundi sú höfn að líkindum verða tekin upp á ferðaáætlanir strandbátanna og á ferðaáætlun Faxaflóagufubátsins, og það mundi gera allar samgöngur þar greiðari, sérstaklega við Reykjavík. Enn er það hin þriðja ástæða, að ef Akrar væru teknir upp á ferðaáætlanir bátanna og fengju þannig tíðar og ákveðnar skipaferðir, mundi það aftur hæna útlendinga að þessum sveitum, vegna ánna og laxveiðarinnar í þeim.

Þetta eru nú aðalástæðurnar fyrir því að löggilda þessa höfn. En þá kemur til athugunar, hvort það sé fært eða hvort þeir annmarkar séu á höfninni, að þess vegna verði að hætta við löggildinguna. Eg fer hér eftir því, sem tekið er fram í bænarskránum, og eftir frásögn kunnugra manna. — Innsiglingin er góð, þráðbein án grynninga og skerja, það er að segja hafskipaleiðin; hitt mega menn ekki láta villa sig, þótt þeir hafi heyrt, að vestur með Mýrunum sé óhrein leið og skerjótt, því það á að eins við um grunnleiðina. Skipalegan er góð í öllum áttum, nema í útsynningi og vestan átt, því þá stendur vindur beint á land. Haldbotn er þar sagður ágætur.

Það hefir oft borið við, að skip hafa komið inn á þessa höfn, og nú hefi eg heyrt að herskipið Bellona hafi t. d. fyrir nokkrum dögum síðan farið þangað.

Það er yfir höfuð, eins og eg áður sagði, sömu ástæður með því að löggilda þessa höfn og aðrar hafnir, er löggiltar hafa verið, nefnilega að gera alla vöruaðflutninga hægari; og því þýðingarmeira er þetta nú orðið, þar sem mannfæðin í sveitunum er orðin svo tilfinnanleg. Hins vegar mæla engar sérlegar ástæður á *móti* því.

Það hefir verið mín stefna í þessum löggildingarmálum, að greiða yfirleitt atkvæði með sérhverju löggildingarfrv., sem fram hefir komið, vegna þess, að eg hefi litið svo á, að það væri meinbægni að hamla því, að verzlunarstaðir risu upp, þar sem skilyrði væru fyrir hendi, að þeir gætu þrifist, en hitt væri reynzlunnar einnar að skera úr, hvaða staðir það væru og að hvaða gagni þeir kæmu. Það er auðvitað, að stundum hafa þessar löggildingar reynzt gagnslausar, en stundum hafa þær aftur haft stórmikla þýðingu, og skal eg þar að eins benda á Borgarnes og þá afarmiklu þýðingu fyrir allan Borgarfjörð, sem löggilding þess staðar hefir haft.

Eg vona loks að hv. deild sýni þessu frv. hin sömu skil og hún hefir sýnt öðrum slíkum frv., og leyfi því að ganga til 2. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr. 1. ágúst. (C. bls. 388).

Flutningsmaður (Magnús Andrésson): Eg hefi engu að bæta við það, sem eg sagði við 1. umr., og skal því að eins óska, að málið gangi til 3. umr.

ATKV.GR.: Frv.gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Þriðja umr. 3. ágúst. (C. bls. 388).

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni sþ. með 18 : 12 atkv. og verður sent Ed.

II. Bolungarvík.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar í Bolungarvík í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu; 1. umr. 13. júlí. (C. bls. 203).

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Eg þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta frv., því eg sé, að öll mál um löggildingar verzlunarstaða fá svo góðar móttökur hjá h. deild.

Eins og kunnugt er, þá er Bolungarvík stærsta verstöð við Ísafjarðardjúp, og líklega stærsta verstöð á öllu landinu, þar sem þaðan ganga oft milli 60 og 70 skipa, og stundum jafnvel fleiri að vorinu. Höfnin er mjög góð, nema í einni einustu átt, hafátt, sem kölluð er, eða þegar vindur stendur af hafi. Haldbotninn er ágætur, enda mun það ekki hafa komið fyrir, að skipi hafi hlekst þar á, og koma þó seglskip þangað þráfaldlega, eins og strandbáturinn »Skálholt« kemur þar einnig.

Íbúar Bolungarvíkur hafa beðið mig um að flytja þetta mál inn á þing. Þeim er það áhugamál, meðal annars vegna þess, að þar eru komnar upp 2—3 sveitaverzlanir, og óska þeir þá, að hverjum verði heimilt að verzla þar, er vill, svo eðlileg samkepni geti risið upp, enda telja þeir löggildinguna einnig skilyrði þess, að Bolungarvík geti tekið eðlilegum framförum í ýmsum greinum.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 17 gegn 3 atkv.

Önnur umr. 15. júlí. (C. bls. 203).

ATKV.GR.: Frv.greinin samþ. með 15 gegn 2 atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 15gegn 2 atkv.

Alþ.tíð. B. 1903.

Þriðja umr. 17. júlí. (C. 203).

ATKV.GR: Frv. sþ. með 16 gegn 2 atkv. og sendist Ed.

III. Gerðaleir.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar við Gerðaleir í Gullbringusýslu; 1. umr. 7. júlí. (C. bls. 190).

Flutningsmaður (Björn Kristjánsson): Eg hefi komið fram með þetta frv. eftir óskum Garðbúa. Það hagar svo til, að á öllu þessu svæði, frá Hafnarfirði og alt til Grindavíkur, er einn löggiltur verzlunarstaður, þar sem föst verzlun er rekin. Aftur á móti hefir á þessum stað, í Gerðum í Garði, í mjörg undanfarin ár verið rekin sveitaverzlun, sem sýnir ljóslega það, að hér er þörf á föstum verzlunarstað. Auðvitað mætti hafa það á móti löggilding þessa staðar, að höfnin sé ekki góð, er hér sé að mestu leyti opið haf, en þar á er þó sú bót, að haldbotn er hér ágætur. Auk þess er þar við að athuga, að það snertir ekki hag landsins eða stjórnarinnar að neinu leyti, þótt löggiltar séu slæmar hafnir; það eina, er landssjóð eða stjórn snertir, er það, að sýslumaður neyðist til að hafa einn umboðsmann á staðnum vegna tollgæzlunnar. (*Landshöfðingi*: Og sóttvarnarmann). Og svo nú orðið sóttvarnarmann. Eg hefi raunar heyrt þm. halda því fram og vera hrædda við að löggilda verzlunarstaði, þar sem höfnin væri ekki því betri, af þeirri ástæðu, að þingið með því bakaði sjálfu sér ábyrgð gagnvart vátryggingarfélögunum, en þetta erhreinn og beinn misskilningur. Vátryggingarfélögin fara alls ekkert eftir því, hvort höfn er

löggilt eða ekki, heldur einungis eftir sjókortinu. Þannig gat eg t. d. fyrir nokkrum árum síðan í Stafangri í Noregi alls ekki fengið skip vátrygt upp til Vesturlandsins nema fyrir aukagjald, en aftur á móti lang lægst gjald til Vopnafjarðar. Eg tek þetta að eins fram gagnvart þeim, sem eru deigir að samþykkja löggildingar vegna þessarar ábyrgðar gagnvart vátryggingarfélögunum. Eg veit einnig til þess, að sumir álíta, að það sé ekki rétt að fjölga verzlunarstöðum yfirleitt, en eg get alls ekki litið sömu augum á þetta; að löggiltir verzlunarstaðir eru óþarflega margir, hefir enga aðra þýðingu en þá, að þeir verða ónotaðir, sem einhverra orsaka vegna eru óhentugir, en rísa aftur upp þar, sem skilyrðin eru fyrir hendi, að þeir geti þrifist og þar eiga þeir einnig að vera. Við Faxaflóa eru nú 5, löggiltir verzlunarstaðir ónotaðir, en eg sé ekki, að það geti gert nokkurn skaða; reynslan ein er fær um að skera til fullnustu úr, hvar þeir eigi að standa. Eg vona h. deild lofi frv. að fara til 2. umr.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 18 gegn 2 atkv.

Önnur umr. 9. júlí (C. bls. 190).

Frumvarpsgreinin samþykt með 13 gegn 3 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 16 gegn 3 atkv.

Þriðja umr. 11. júlí. (C. bls. 190).

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni samþ. með 16 gegn 1 atkv. og sendist til h. Ed.

IV. Grenivík.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar á Grenivík við Eyjafjörð; 1. umr., 28. júlí. (C. bls. 330).

Árni Jónsson: Af því flutnm. er ekki viðstaddur, ætla eg fyrir hans hönd að óska þess, að málið verði látið ganga til 2. umr. Þótt allmargir löggiltir verzlunarstaðir séu við Eyjafjörð, einkum innan til, þá hefir flm. fengið áskorun frá kjósendum sínum um, að beiðast þess, að þessi höfn verði löggilt. Ætla eg, að færa megi eins álitlegar ástæður fyrir því, að löggilda þessa höfn, eins og fyrir löggildingu annara hafna, er samþ. hafa verið hér í deildinni. Þótt Höfðahverfi sé ekki stórt, þá eru þar framtakssamir menn, og efnahagur fremur góður. Útræði er gott frá Grenivíkinni, Hrisey er á firðinum framundan, og eru þar efnamenn margir og sjósókn mikil. Sveitabúar sækja fisk til sjávarins, og mundu jafnframt sækja þangað nauðsynjavörur sínar, ef verzlun væri á Grenivík. Höfnin hygg eg að sé góð, enda koma strandferðabátarnir þar nú iðulega.

Eg vona því, að hin háttv. deild greiði máli þessu góðan veg.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 17 samhlj. atkv.

Önnur umr., 30. júlí. (C. bls 330).

Flutningsm. (Pétur Jónsson): Eg var ekki viðstaddur þegar frumv. þetta var til 1. umr., og gat eg því ekki gert skyldu mína, að flytja málið fyrir deildinni, en því þakklátari er eg háttv. deild fyrir, að hún leyfði frumv. að ganga til 2. umr., og sérstaklega h. þm. N.-Þing. (Á. J.), sem tók málið að sér og flutti. Eg veit hann muni hafa skýrt fyrir deildinni af hvaða ástæðum óskað er eftir löggilding á þessari höfn og skal eg því ekki fara að

lengja umr., með því að endurtaka þær.

ATKV.GR.: Frumv.gr. samþ. með 19 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 samhlj. atkv.

Þriðja umr., 1. ágúst. (C. bls. 330).

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni sþ. með 20 samhlj. atkv. og sendist Ed.

V. Heiði á Langanesi.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar við Heiði á Langanesi í Norður-Þingeyjarsýslu; 1. umr., 10. ágúst. (C. bls. 536).

Flutningsmaður (Árni Jónsson): Eg skal ekki að þessu sinni tala langt mál fyrir frumv. því, er eg hefi leyft mér að flytja. Eg vona, að það, eins og svo mörg önnur svipuð frumv., fái að ganga ljúfa leið í gegnum þessa h. deild, hvað svo sem kann að liggja fyrir því.

Eg skal fúslega kannast við það, að það geti verið dálítið varhugavert, að fjölga mjög mikið löggiltum verzlunarstöðum, bæði vegna tollgæzlunnar, ef að því kæmi, að tollum yrði fjölgað að mun, og eins vegna sóttgæzlunnar með útlenzkum skipum. En hins vegar er það ekki nema eðlileg ósk, þó landsins börn fari fram á, að sem bezt sé greitt fyrir samgöngum þeirra, svo þau eigi sem hægast með að ná til nauðsynja sinna, og að öllu viðskiftalífi manna á meðal sé gert sem greiðast fyrir. Þannig er einnig ástatt með þessa löggildingu, að hún er flutt hér eftir ósk þeirra, sem þar búa, og þótt sveitin sé fámenn og liggi á einu at yztu annesjum þessa lands, Langanesi, þá er þörfin fyrir einstaklinginn ekki minni fyrir það.

Af því að menn mun nú fremur fýsa að ræða um fjárlögin, þá vil eg ljúka máli mínu með þeirri ósk, að frv. fái að ganga til 2. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 16 : 2 atkv.

Önnur umr., 12. ágúst. (C. bls. 536).

Flutningsm. (Árni Jónsson): Það er lítið að segja um þetta litla frumv. Eg tók það fram við 1. umr., að þessi höfn lægi að vísu á afskektum stað, á Langanesi, og þar af leiðir, að svæðið, sem á aðsókn að höfninni, er ekki stórt, eða margir sem þar búa. En eigi að síður hafa þeir, eins og aðrir, sínar óskir og þarfir. Háttv. vinur minn einn benti á, að þessi staður mundi vera uppi á fjöllum, en eg skal taka það fram, að hann liggur við sjó, þó nafnið virðist benda á, að hann liggi upp til landsins. Eg vona, að þetta frumv. fái að minsta kosti að ganga óhindrað gegnum þessa deild.

ATKV.GR.: Frumv. greinin sþ. með 13 : 2 atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 13 : 2 atkv.

Þriðja umr., 14. ágúst. (C. bls. 536).

Skúli Thoroddsen: Eg kynni betur við, áður en frumv. þetta fer frá deildinni, að h. flm. (Á. J.) skýrði frá, hversu fjölment það hérað er, sem mundi sækja til þessa verzlunarstaðar; sömuleiðis hvort þar er útræði og líkindi til að löggilding staðarins stuðlaði að því, að þar kæmi upp fiskiþorp; enn-

fremur hvort nokkur annar verzlunarstaður er þar nálægt. Eg hefi hugsað mér að greiða atkv. með frumv., en vildi þó fyrst vita nokkuð nánar um málavexti.

Flutningsm. (Árni Jónsson): Eg skal fúslega verða við ósk háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.). Fyrstu spurningunni hefi eg þegar áður svarað; eg gat þess sem sé við 1. umr., að hér er ekki um fjölment hérað að ræða, eins og gefur að skilja, þar sem þetta er norðan til á Langanesi. En hins vegar er það eðlilegt, að jafnt þeir, er á útkjálkum búa, vilji hafa sem greiðasta aðflutninga og hægasta aðstöðu um verzlun, sem hinir, er eiga heima í fjölbygðum héruðum.

Annari spurningunni, um útræðið, er líka fljótsvarað. Það er alkunnugt, að fiskisæld er við Langanes, og að því er mér hefir verið sagt, er sérstaklega gott útræði frá þessum bæ, er löggildingatilmælin hljóða um, og fleiri nálægum bæjum, svo að öll líkindi eru til, að þar muni koma upp fiskiþorp.

Til þriðju spurningar háttv. þm. liggja þau svör, að Heiði er ekki langt frá Þórshöfn, að eins nokkru utar á nesi. En þrátt fyrir það er hún, að því er mér er skýrt frá, litlu lakar sett en Þórshöfn, að því er lægi og lendingu snertir. Vegalengdin milli þessara hafna er víst engu minni en milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur.

Enn er þess að gæta, að síðan verzlun kom á Þórshöfn, hefir aukist mjög útræði þaðan; áður var útvegur stundaður bæ frá bæ um þistilfjörð, en nú hefir Þórshöfn dregið útgerðina mjög að sér. Sama hygg eg mundi verða um Heiði.

Annars vona eg, að hin háttv. deild lofi jafnt þessu sem öðrum frv. sama efnis að fara leiðar sinnar, — ef til vill undir öxi háttv. efri deildar.

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni sþ. með 13 : 2 atkv. og verður afgreitt til Ed.

VI. Kálfshamarsvík.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar við Kálfshamarsvík í Vindhælishreppi í Húnavatnssýslu. 1. umr. 16. júlí. (C. bls. 225).

Flutningsm. (Hermann Jónasson): Eg býst ekki við, að mikið þurfi að mæla fram með þessu frv., því að undirtektir deildarinnar undir sams konar frv. hafa verið hinar beztu. Hv. þdmönnum mun eflaust kunnugt, að vík þessi liggur vestan á Skaga. Einnig mun þeim kunnugt, að enda þótt hún lítil sé, þá getur þó eigi betri höfn við Húnaflóa, hvorki austanmegin né fyrir botni hans Í óveðrum leita fiskiskip fremur þangað en á nokkra aðra höfn við Húnaflóa austanverðan og fremur en austur fyrir Skagann. Það hefir verið almenn ósk nærlendis, að vík þessi næði löggilding. Til þess kemur enn, að hvergi í Húnavatnssýslu er jafn gott til útræðis sem þar. Er það algengt að menn víðsvegar að úr sýslunni stunda þar fiskiveiðar haust og öndverðan vetur. Enginn staður í sýslunni er því jafn vel lagiinn til verzlunar milli sjávarbænda og sveitabænda. Það er þess vegna hróplegt ranglæti, að strandferðabátarnir hafa hingað til ekki komið við á Kálfshamarsvík. Það eitt væri nóg ástæða, að gjöra hægri viðskiftin á milli bænda inn í sveitunum og úti á Skaga, svo að þeir, er eiga afla að sækja þangað, geti náð honum með sem minstum kostnaði.

Eg veit að löggilding Selvíkur getur engin áhrif haft á þetta mál. Á milli þeirra staða er langur og erfiður heið-

arvegur. Það má segja, að ekki sé meira samband milli þeirra, en milli Kálfshamarsvíkur og Reykjavíkur. Þótt Selvík yrði löggilt, gæti það því ekki orðið til neins hagnaðar fyrir þá, sem búa vestan á Skaga. Eg er kunnur báðum stöðunum eins og nærri má geta, þar sem eg hefi all-lengi dvalið í Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu, og verð eg að álíta, eftir minni þekkingu, að meiri þýðingu muni hafa að löggilda Kálfshamarsvík en Selvík.

Eg tek það enn fram, að eg tel óþarft að halda langa meðmælingaræðu með þessu frv., því að eftir þeim undirtektum að dæma, sem önnur löggildingafrv. hafa fengið, býst eg við, að þetta nauðsynjamál fái góðan byr gegnum deildina.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 17 : 2 atkv.

Önnur umr. 18. júlí. (C. bls. 225).

ATKV.GR.: Frv.gr. samþ. með 12 : 2 atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 : 2 atkv.

Þriðja umr. 21. júlí. (C. bls. 225).

ATKV.GR. Frv. í heild sinni sþ. með 16 : 2 atkv. og verður sent Ed.

VII. Óspakseyri.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar við Óspakseyri við Bitrufjörð í Strandasýslu. 1. umr. 13. júlí. (C. bls. 203).

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 17 : 3 atkv.

Önnur umr. 15. júlí. (C. bls. 203).

ATKV.GR.: Frv. gr. samþ. með 12 : 2 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 13 : 2 atkv.

Þriðja umr. 17. júlí. (C. bls. 203).

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni samþ. með 13 : 2 atkv. og verður afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

VIII. Selvík.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar við Selvík í Skagafjarðarsýslu; 1. umr. 8. júlí. (C. bls. 193).

Flutningsmaður (Stefán Stefánsson): Af því að eg býst við, að þessi löggilding fái að ganga sömu leið og systur hennar hafa gengið á undan, skal eg ekki fjölyrða um hana að sinni. Það skal einungis tekið fram, að lítið er um góðar hafnir við Skagafjörð. Hinir löggiltu verzlunarstaðir þar eru allir sannnefndar hafnleysur; allir liggja þeir fyrir opnu hafi. En þessi staður, er hér er um að ræða, þessi litla vík má ein heita því nafni, að kallasta höfn, og það góð höfn. Af því að búast má við, að öllum h. deildarmönnum sé ekki vel ljóst, hvar þessi Selvík er, vil eg geta þess, að hún skerst inn í miðjan Skaga. Norðanvert við víkina gengur fram tangi, sem er henni góður varnargarður fyrir norðanveðrum. Að norðaustan við höfnina eru sker eða grynningar, er taka af allan sjógang úr þeirri átt. Hötnin er þannig opin að eins suðaustanmegin. Að Selvík er ekki fyrir löngu orðin löggiltur verzlunarstaður, kemur til af því, að sveitin er fámenn og fátæk; en talsvert áhugamál hefir

þeim verið á seinni árum að fá höfnina löggilta, sérstaklega eftir að maður nokkur, er hafði sezt þar að, keypti borgarabréf og tók að reka verzlun; þykir það einkum nauðsynlegt vegna fiskiveiðanna, með því að sjómönnum yrði þá auðvelt að koma afurðunum af sér. Vil eg svo ekki orðlengja þetta efni að sinni.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 16 gegn 1 atkv.

Önnur umr. 10. júlí. (C. bls. 193).

ATKV.GR.: Frumvarpsgreinin samþ. með 16 gegn 3 atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 15 gegn 3 atkv.

Þriðja umr. 14. júlí. (C. bls. 193).

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni samþ. með 16 gegn 2 atkv. og sendist til h. Ed.

IX. Staðarfell.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar við Staðarfell í Hvammsfirði í Dalasýslu; 1. umr. 7. júlí. (C. bls. 191).

Flutningsmaður (Björn Bjarnarson): Eg vona að eg þurfi ekki að tala mörg orð fyrir þessu frv., einkum þar sem h. deild er nýbúin að samþ. að vísa til 2. umr. samhlj. frv., nefnilega löggildingarfrv. um Gerðaleir, því ekki er síður ástæða til að löggilda Staðarfell en nefnda höfn. Hvammsfjörður er stór og langt að fara alla leið suður um fjörðinn. Hins vegar er höfnin mun betri en við Búðardal, haldbotninn miklu betri og uppskipun auðveldari á hvaða átt sem hann er. Eg vona því að frv. fái að ganga til 2. umr.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 19 gegn 2 atkv.

Önnur umr. 9. júlí (C. bls. 191).

ATKV.GR.: Frumvarpsgreinin samþ. með 15 gegn 3 atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 16 gegn 3 atkv.

Þriðja umr. 11. júlí (C. bls. 191).

ATKV.GR.: Frv. í heild sinni samþ. með 17 gegn 1 atkv. og afgreiðist til Ed.

Leiðréttting á ræðum.

(17. fundur, 20. júlí).

Forseti: Eg hefi orðið þess var, að h. þingdm. eru, flestir hverjir, lítið farnir enn að fást við leiðréttingá ræðum sínum. Vil eg því hér með vekja athygli þeirra á, að ræðurnar verða teknar af lestrarstofunni og sendar í prentsmiðjuna á tilteknum tíma, án tillits til, hvort þær hafa verið leiðréttar eða ekki. Og eftir að þær eru þangað komnar, hafa þingm. engan aðgang að þeim, nema með sérstöku leyfi forstöðumanns prentsmiðjunnar og forsetanna.

Lenging þingtímans.

(35. fundur, 10. ágúst).

Forseti: Með því að hinn lögskipaði þingtími er nú bráðum á enda, en mjög mikilvæg mál, að eg ekki nefni fjárlögin, langt frá því búin, þá skal eg leyfa mér að mælast til þess við hæstv. landsb., að hann lengi þingtím-

ann samkvæmt þeirri heimild, er hann að sjálfsögðu mun hafa til þess.

Landshöfðingi: Samkvæmt þeirri heimild, sem mér er gefin með konungsbréfi dags. 22. maí 1903, skal eg leyfa mér að lengja þingtímann til þess 26. þ. m.

Forseti: H. þingdm. hafa heyrt undirtektir hæstv. landsh., og eg vonast til þess, að þeir hagi sér þar eftir.

Frágangur á handritum.

(36. fundur, 11. ágúst).

Forseti: Í tilefni af þeirri umkvörtun, sem kom fram undir umræðunum í dag, að prentvillur væru fleiri og meiri í þingskjölunum nú á þessu þingi en áður, þá hefi eg síðar rannsakað þetta ítarlegar, og hefi komizt að raun um, að þetta muni mikið stafa af því, að handritin eru eigi vönduð svo sem skyldi, hvorki að skrift né öðrum frágangi; ekki fylgt þeim reglum, sem gefnar eru og heimtaðar, t. d. að skrifa að eins öðru megin á skjal hvert. Væri þessum reglum fylgt og handritin væru betur vönduð en hingað til, þá mundu menn geta sparað sér mikið af slíkum prentvillum, sem nú hafa fyrir komið, og leyfi eg mér að brýna fyrir mönnum, að skrifa einungis öðru megin á hvert skjal, og æskja þess, að þm. vildu vanda sem bezt frágang á skjölum, bæði að skrift og öðru.

Kosning sýslunarmanna.

(46. fundur, 24. ágúst).

Hannes Þorsteinsson kosinn yfirskoðunarmaður landsreikninganna með 11 atkv. Skúli Thoroddsen fekk 10 atkv.

Eiríkur Briem kosinn gæzlustjóri við Landsbankann með 17 atkv.

Björn Jensson kosinn gæzlustjóri við Söfnunarsjóðinn með 21 atkv.

Þinglok í neðri deild.

(48. fundur, 26. ágúst.)

Forseti: Eins og hv. þgdm. er kunnugt, þá get eg ekki sint forsetastörfum lengi eftir að þinginu er slitið, því eg get að eins dvalið hér í bænum fáeina daga; eins er ástatt með hv. varaforseta, sem að öllum líkindum mun fara úr bænum þegar í dag. Eg býst því við, að það væri nauðsynlegt að kjósa varaforseta milli þinga, og vil því biðja hv. þingdeild að ganga nú þegar til kosningar þessa embættismanns þingsins.

Kosinn var þingm. Rvk., *Tryggvi Gunnarsson*, með 11 atkv.

Þá var gjörðabókin upplesin, staðfest og undirskrifuð.

Forseti: Hér með er þá störfum þessarar hv. deildar að þessu sinni lokið.

Þegar vér nú lítum til baka og rifjum upp fyrir oss það verk, sem eftir þetta hv. þing liggur, þá held eg að deildin hafi ekki ástæðu til annars en renna glöðum augum yfir hluttöku sína í því.

Þetta þing er hið fyrsta af þeim þrem þingum, er haldin verða nú í röð, án þess væntanlega nýjar almennar kosningar fari fram. Eins og eðlilegt er, gengur nokkur tími á fyrsta þinginu í það fyrir þingmönnum að kynnast hver öðrum og læra að vinna saman. Að vísu sitja í þessari deild ekki nema 3 nýir þingmenn, en þar sem

nokkur breyting hefir orðið á skipun deildanna, frá því er síðast var, með því að nokkrir þingmenn hafa fluzt úr annari deildinni í hina, þá hefir innbyrðis kunnugleiki hv. deildarmanna ekki getað verið jafn mikill þegar í byrjun þingsins og ef þeir hefðu unnið saman lengi. Engu að síður hefir þó samvinna þingmanna verið hin æskilegasta, og bendir það til þess, að hún framvegis muni verða enn innilegri, og er þess einnig full þörf, því á næsta þingi eigum vér að fá nýja stjórn, er vér allir vonum að verði einlæg framfarastjórn.

Þegar vér lítum á frv. þau, sem farið hafa frá þinginu sem lög frá þess hálfu, þá eru þau að tölunni eins mörg eða enda fleiri en á undanfarandi þingum. Þó er það ekki tala frv., sem aðallega ber að líta á, heldur á hitt, hve miklu varðandi fyrir þjóðina þau eru og gagnsemi þeirra hvers fyrir sig. Af mikilsverðum og þjóðina mest varðandi málum skal eg leyfa mér að tilnefna frv. um ráðstafanir til útrýmingar fjárkláðanum, lang merkilegustu lögin frá þessu þingi. Þar næst vil eg tilnefna lög, sem lengi eru búin að vera á dagskrá þingsins, og sem nú eru komin í það form, að vissa er fyrir því, að þau nái staðfestingu, það eru lögin um leynilegar kosningar til alþingis, og í sambandi við þau vil eg þá geta annara stórmerkilegra laga, frv. til laga um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna. — Hvað mentamálin snertir, þá hefir nú gagnfræðaskólinn á Akureyri verið samþyktur í því formi, sem eg ætla að flestir Norðlingar geti gert sig ánægða með. — Mörg fleiri lög mætti nefna, en eg sleppi því, og skal síðast en ekki sízt nefna stjórnarskrárfrv., sem nú hefir verið endanlega útkljáð á þessu þingi. Í fyrra var grundvöllurinn undir þetta frv. lagður, og þetta þing hefir nú fullgert þá byggingu, er þá var tekið að reisa. Í sambandi við þetta frv. verð eg að geta tveggja annara frv., þessu náskyldra, er bæði hafa verið afgreidd sem lög frá þinginu; það er frv. um hina æðstu umboðsstjórn Íslands og frv. um ráðherraábyrgð. — Um stjórnarskrárfrv. sjálft hefir verið sögð svo mörg og fögur orð, að eg hefi engu þar við að bæta, en læt mér nægja, að taka í þann sama streng, og óska þess, að landinu standi þar af hin mesta heill, enda er það mín fasta sannfæring, að svo muni verða, ef ráðherravald tekst vel, og vér ekki beitum við hann óþarfa mótspyrnu í byrjuninni, því undir góðri byrjun er alt komið.

Hins vegar ber því ekki að neita, að þetta þing hefir ekki borið gæfu til að ljúka við nokkur mjög mikilsvarðandi mál, og vil eg þar til nefna bæði stofnun kennaraskóla og þjóðjarðasöluna. Efalaust hefði þingið lokið báðum þessum málum, ef tíminn hefði verið nægilega langur. Eg veit að margur maður muni telja það mikið óhapp, að þessi mál skyldu ekki bæði vera afgreidd á þessu þingi, og þótt tíminn hafi verið stuttur, eins og eg gat um, og að því leyti hafi átt þátt í þessu, þá verð eg því miður að játa það, að hér er ekki tímanum einum um að kenna, heldur einnig tómlæti nokkurra þingmanna við þessi mál. En það, að tíminn hefir reynzt of stuttur hvað þessi mál snertir, ætti að vera brýn hvöt til þess, að vér færum fram á, að fá þingtímann lengdan og jafnframt settan á öðrum tíma, og hafði eg búizt við, að frv. í þessa átt mundi koma fram, en úr þessu verður væntanlega bætt á næstk. þingum.

Eg hefi ekki enn minzt á það mál,

sem afgreitt er á hverju reglulegu alþingi og sem vér eigum að leggja síðustu hönd á í dag í sameinuðu alþingi, nefnilega fjárlögin. Eg veit það, að margur muni segja, að þar sé ekki á neitt glæsilegt að líta, þar sem gera má ráð fyrir um 400 þús. kr. tekjuhalla, og er það að vísu satt, að færi slíkt að verða venja, og væru fjárveitingarnar óþarfar, en um það geta verið skiftar skoðanir, þá væri það ekkert glæsilegt útlit; en bæði vænti eg þess, að það komi ekki oftar fyrir, og svo treysti eg einnig hinni nýju stjórn, að ráða fram úr þessum vandkvæðum, og varpa áhyggju minni með þetta sem annað á hennar herðar.

Að endingu vil eg þakka hv. þingdeild fyrir þá velvild og það umburðarlyndi, sem hún nú, jafnt sem á undanfarandi þingum, hefir sýnt mér, og með þessum orðum segi eg svo

fundi slitið.